







ÍSLENSK FÉLAGSFRAEÐI





ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

LANDNÁM ALÞJÓÐLEGRAR FRÆDIGREINAR

Ritstjórar

Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson



HÁSKÓLAÚTGÁFAN
Reykjavík 2004

Bókin hlaut styrk frá Menningarsjóði

Öll réttindi áskilin

© Höfundar greina og ritstjórar 2004

Umbrot: Háskólaútgáfan
Prentun: Gutenberg

Meginmál þessarar bókar er sett með 11 punkta Garamond 3
lettri á 13,8 punkta fæti

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljós-
myndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að
hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, ritstjóra og út-
gefanda.

Printed in Iceland

ISBN 9979-54-587-9

EFNISYFIRLIT

Horft um öxl	9
<i>Jóhannes Nordal</i>	
Af akri íslenskrar félagsfræði	17
<i>Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason</i>	

ÞÆTTIR ÚR SÖGU ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

Hugur ræður hálfri sjón: Guðmundur Finnbogason, íslenskur frumkvöðull félagsfræðinnar	31
<i>Jóhann Hauksson</i>	
Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum: Áfangi að stofnun nýrrar deildar	46
<i>Inga Dóra Sigfúsdóttir</i>	
Íslensk félagsfræði: Þjóðfélagsaðstæður við tilurð nýrrar fræðigreinar	72
<i>Þórólfur Þórlindsson</i>	
Fræðigrein skýtur rótum: Áhrif þjóðfélagsafla á þróun íslenskrar félagsfræði	83
<i>Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason</i>	
Með félagsfræði í farteskinu: Nám og störf brautskráðra BA-nemenda í félagsfræði og þjóðfélagsfræði, 1974–2000	96
<i>Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir</i>	
Norræn áhrif í birtingum og tilvitnunum til tímaritsgreina í sextán norrænum félagsfræðideildum	112
<i>Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir</i>	

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

AF RANNSÓKNARSVIÐUM ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

Lýðfræði Íslands 137
Stefán Hrafn Jónsson

Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði 156
Ingi Rúnar Eðvarðsson

Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll ... 183
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

‘Hið vísindalega er pólitískt’:
Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga 200
Þorgerður Einarsdóttir

Velferðarríkið og hin íslenska leið:
Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna 226
Guðný Björk Eydal

Íslenskar fjölmiðlarannsóknir á fertugsaldri 247
Guðbjörg Hildur Kolbeins

Afbrot og önnur frávik: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir ... 266
Jón Gunnar Bernburg

Félagsfræði heilsu og veikinda 288
Sigrún Ólafsdóttir

FRAMTÍÐ ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

Íslensk félagsfræði við upphaf 21. aldar 311
Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson

Nafnaskrá x
Atriðaorðaskrá x

UM HÖFUNDA

Guðbjörg Hildur Kolbeins lauk BS-prófi í fjölmiðlafræði frá Moorhead State University árið 1989, MA-prófi í fjölmiðlafræði við University of Minnesota í Bandaríkjunum árið 1992 og doktorsprófi í fjölmiðlafræði frá University of Wisconsin í Bandaríkjunum árið 2000. Hún er stundakennari við félagsfræðiskor Háskóla Íslands.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1983 og doktorsprófi í félagsfræði frá Lund Universitet í Svíþjóð árið 1993. Hún er félagsfræðingur hjá Vinnueftirliti ríkisins og lektor við Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal lauk BA-prófi í félagsfræði og starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 1986, MSW-prófi í félagsráðgjöf frá Göteborgs Universitet í Svíþjóð árið 1993. Hún er lektor í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands og stundar doktorsnám í félagsfræði við Göteborgs Universitet.

Helgi Gunnlaugsson lauk BA-prófi í félagsfræði við Háskóla Íslands árið 1982, MA-prófi í félagsfræði frá University of Missouri í Bandaríkjunum árið 1985 og doktorsprófi í félagsfræði frá sama háskóla árið 1992. Hann er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Inga Dóra Sigfúsdóttir lauk BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1991, MA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1999 og doktorsprófi í félagsfræði við Pennsylvania State University í Bandaríkjunum árið 2004. Hún starfar sem framkvæmdastjóri rannsóknarmiðstöðvarinnar Rannsóknir og greining.

Ingi Rúnar Eðvarðsson lauk BA-prófi í félagsfræði og uppeldisfræði frá Háskóla Íslands árið 1982 og doktorsprófi í félagsfræði frá Lund Universitet árið 1992. Hann er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.

Jóhann Hauksson lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1982 og hefur stundað framhaldsnám í félagsfræði við Lund Universitet í Svíþjóð. Hann er forstöðumaður Ríkisútvarpsins á Akureyri og dagskrárstjóri Rásar 2.

Jóhannes Nordal lauk BS-prófi í hagfræði frá london School of Economics árið 1950 og doktorsprófi í félagsfræði frá sama skóla árið 1953. Hann er fyrrverandi bankastóri Seðlabanka Íslands.

Jón Gunnar Bernburg lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og doktorsprófi frá State University of New York í Bandaríkjunum árið 2002. Hann er sjálfstætt starfandi rannsóknarmaður og aðjúntkt við félagsfræðiskor Háskóla Íslands.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Kolbrún Ósk Hrafnadóttir lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 2001. Hún stundar MA-nám í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Sigrún Ólafsdóttir lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og MA-prófi í félagsfræði frá Indiana University árið 2002. Hún stundar doktorsnám í félagsfræði við Indiana University í Bandaríkjunum.

Stefán Hrafn Jónsson lauk BA-prófi í sálarfræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og MA-prófi í félagsfræði frá Pennsylvania State University árið 1999. Hann stundar doktorsnám í félagsfræði við Pennsylvania State University og starfar sem ráðgjafi við ParX viðskiptaráðgjöf.

Þorgerður Einarsdóttir lauk Fil. kand. prófi í félagsfræði og sálarfræði frá Göteborgs Universitet í Svíþjóð árið 1982 og doktorsprófi í félagsfræði frá sama háskóla árið 1997. Hún er lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Þóroddur Bjarnason lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1991, MA-prófi í aðferðafræði frá University of Essex árið 1995 og doktorsprófi í félagsfræði frá University of Notre Dame í Bandaríkjunum árið 2000. Hann er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.

Þórólfur Þórlindsson lauk BA-prófi í þjóðfélagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1972, MA-prófi í félagsfræði frá University of Iowa í Bandaríkjunum árið 1974 og doktorsprófi í félagsfræði frá sama háskóla árið 1977. Hann er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

HORFT UM ÖXL

Jóhannes Nordal

Um nýliðin áramót var rétt hálf öld liðin síðan ég lauk doktorsprófi mínu í félagsfræði og hélt heim til Íslands til að taka við stöðu hagfræðings Landsbankans. Vonir sem ég þá bar í brjósti um að geta haldið áfram þeim félagsfræðilegu rannsóknum sem ég hafði lagt nokkurn grunn að í framhaldsnámi mínu urðu brátt að engu í annríki við margvísleg verkefni á sviði efnahagsmála sem áttu eftir að endast mér starfsævina alla. Það kveikti því vissulega í gömlum glæðum þegar ég fékk á þessum tímamótum í hendurnar það safn ritgerða sem hér birtist og var um leið beðinn að rita nokkur formálsorð að bókinni. Þegar til þess er litið að aðeins þrír áratugir eru liðnir síðan kennsla í félagsfræði hófst við Háskóla Íslands, fyrst í smáum stíl og af litlum efnum, er undravert hverjum þroska fræðigreinin hefur tekið hér á landi og hve fjölbreytt viðfangsefni hennar eru orðin. Er þetta reyndar eitt af mörgum dæmum um hinar stórfelldu breytingar sem orðið hafa á fræðasamfélaginu hér á landi á síðustu árum og lýsir sér bæði í stórauðnum fjölda vel menntaðra fræðimanna og aukinni fjölbreytni viðfangsefna. Í stað þess að vísindamenn væru gjarnan litnir hornauga og brjóstvitið oft talið traustara til leiðsagnar en kenningar fræðinganna, eins og þeir voru einatt kallaðir, er nú loks óhætt að segja að fræðileg viðhorf séu orðin viðurkennd við lausn mála á flestum sviðum þjóðlífsins. Þegar ég nú virði fyrir mér þetta fróðlega greinasafn sem dæmi um þá byltingu sem orðið hefur í háskólamenntun og rannsóknum á síðustu tveimur áratugum verður sú spurning ásækinn hversvegna þetta gerðist ekki miklu fyrr. Án þess að ég telji mig hafa fram að færa svar við þessari spurningu hefur hún orðið mér tilefni til að horfa um öxl og velta fyrir mér nokkrum atriðum sem máli hafa skipt varðandi þróun þessara mála á nýliðinni öld.

Mér finnst þá liggja beint við að nema fyrst staðar við árið 1940 vegna þess hve mér er það minnisstætt, auk þess sem enginn vafi leikur á því að það hafi verið eitt afdrifaríkasta ár Íslandssögunnar. Í apríl á því ári rofnaði endanlega samband Íslendinga við Danmörku, þótt formleg lýðveldisstofnun yrði ekki fyrr en nokkrum árum síðar, og aðeins mánuði seinna barst heimsstyrjöldin til Íslands með hernámi Breita sem átti eftir að umbylta öllum efnahag og líf skjörum þjóðarinnar. Þá sögu þarf ekki að rekja nánar hér, en til þess að gera sér betri grein fyrir afleiðingum þeirra umskipta sem heimsstyrjöldin hratt af stað finnst mér upplýsandi að skoða hvar Íslendingar voru á vegi staddir áður en þessi atburðarás hófst og leiða hugann að því hvaða framtíð hefði blasað við þeim ef friður hefði haldist og það sem kalla mætti eðlilegt ástand ríkt áfram í efnahagslífi umheimsins.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Fyrstu fjórir áratugir 20. aldarinnar höfðu verið glæsilegt framfaraskeið í hugum flestra Íslendinga. Efnahagsframfarir nágrannaþjóðanna á 18. og 19. öld höfðu siglt hér að mestu hjá garði og Íslendingar dregist langt aftur úr flestum öðrum þjóðum í verklegri menningu og lífsskjörum. Umskiptin sem hófust fyrir og um aldamótin vöktu því bjartsýni sem var enn óbiluð þrátt fyrir kreppu og höft á fjórða áratugnum, enda litu flestir á þau sem tímabundinn vanda. Ýmislegt gat þó gefið til efni til umhugsunar og jafnvel efasemda um framtíðarhorfur og vil ég hér benda á þrjú atriði sem minni gaumur hefur verið gefinn að en skyldi. Í fyrsta lagi hafði hagvöxtur hér á landi, sem svo til eingöngu var borinn uppi af sjávarútveginum, ekki nægt til að minnka að neinu ráði bilið á milli lífsskjara hér á landi og annars staðar í Norður-Evrópu. Lítil ástæða var auk þess til að búast við skjótum breytingum í átt til fjölbreyttari efnahagsstarfsemi, þar sem samkeppnisstaða landbúnaðar var síst líkleg til að batna og iðnaður var vanþroskaður og miðaði framleiðslu sína aðeins við þröngan heimamarkað.

Einhæfni atvinnustarfseminnar átti vafalaust mikinn þátt í öðrum veikleika íslensks þjóðfélags á þessum tíma, en hann var vanræksla, jafnvel andúð, á æðri menntun. Kom þetta fram í litlum áhuga á að efla menntun til stúdentsprófs og vinna að uppbyggingu Háskólans þrátt fyrir batnandi efnahag. Gamli Menntaskólinn í Reykjavík var eini skólinn sem útskrifaði stúdenta fram undir 1930. Þegar skólinn á Akureyri loks bættist við var um leið takmörkuð tala nýrra nemenda sem teknir voru árlega í Menntaskólann í Reykjavík við um það bil 50. Á fjórða áratugnum var árleg meðaltala nýrra stúdenta á ári aðeins rúmlega sextíu og komst hæst í 91 árið 1940 sem þó var ekki nema um 4% af þeim sem urðu tvítugir á því ári. Á þeim sex árum sem ég var í Menntaskóla, 1937–43, man ég ekki eftir annarri tillögu yfirvalda til eflingar skólans en að flytja hann austur í Skálholt svo að forða mætti okkur frá sollinum í Reykjavík. Ekki hefði það orðið til að auðvelda ungu fólki skólagöngu. Sami hugur var sýndur Háskólanum. Eftir að hann var stofnaður með nokkrum stórhug 1911 átti hann lengst af litlum skilningi að fagna. Hann var fyrst og fremst embættismannaskóli, sem útskrifaði lögfræðinga, lækna og presta, auk þess sem kennd voru íslensk fræði og forspjallsvísindi í heimspekideild. Þar við sat fram til 1940, og þrátt fyrir nokkra fjölgun nemenda fjölgaði prófessorum aðeins úr 10 í 14 á nærri þremur áratugum. Eina dæmið um nýbreytni í námsefni Háskólans á þessu tímabili var skipun Guðmundar Finnbogasonar í stöðu prófessors í hagnýtri sálarfræði árið 1918. Sú dýrð stóð þó ekki lengi því að sex árum síðar var embættið lagt niður í sparnaðar skyni. Það er vissulega tímabært að vekja athygli á brautryðjandastarfi Guðmundar, eins og gert er í þessu riti. Hann var eldhugi sem mætti furðulegu skilningsleysi samtíðarmanna sinna. Að sjálf-sögðu bættu stúdentar sér fábreytni náms hér heima með því að sækja til erlendra háskóla. Þessi hópur var þó fámennur, varla meira en um tveir tugir á ári á fjórða

FORMÁLI

áratugnum, enda var kostnaðurinn flestum þungbær og fáir styrkir í boði. Lítið framboð sérmenntaðs fólks og takmarkaður skilningur á mikilvægi þess setti því svip sinn á þróun vísinda og stöðu þeirra í samfélaginu á þessum tíma.

Þriðja atriðið sem ég vil drepa á og yfirleitt er ekki ofarlega í umræðu um þjóðfélagsþróun síðustu aldar er þáttur fólksfjölgunar. Reyndar finnst mér ég verði að byrja með því að minnst á að hér á landi var fyrir nákvæmlega þremur öldum gert fyrsta fullkomna manntalið í heiminum. Þá voru Íslendingar 50.358 og hafa vafalaust verið fjölmennari fyrr á öldum. Við vitum hins vegar með vissu að þeim fækkaði um þrjú þúsund til viðbótar á 18. öld, en á sama tíma varð umtalsverð fjölgun annars staðar í Norður-Evrópu þótt nákvæmar tölur liggi ekki fyrir. Á 19. öld fer fólki loks að fjölga hér á landi en þó miklu hægar en í öðrum löndum Norður-Evrópu. Þannig dragast Íslendingar ekki eingöngu aftur úr öðrum þjóðum efnahagslega á þessu tímabili heldur ekki síður í mannfjölda. Til dæmis fjölgaði Norðmönnum um 309% frá því fyrsta manntalið var gert þar í landi, árið 1769, og fram til ársins 1940, en Íslendingum hafði þá aðeins fjölgað um 140% frá því sem þeir voru samkvæmt manntalinu 1703.

Samkvæmt kenningum lýðfræðinnar (sbr. grein Stefáns Hrafn Jónssonar í þessu riti) hefur fólksfjölgun síðustu alda átt sér stað með þeim hætti að batnandi lífskjörum hefur fyrst fylgt lækkun dánartíðni sem valdið hefur örri fólksfjölgun. Fyrr eða síðar fylgir þó lækkun fæðingartíðni í kjölfarið uns aftur er komið jafnvægi á og fólksfjölgunin stöðvast eða snýst jafnvel við. Það fer því eftir því hve langur tími liður á milli lækkunar dánar- og fæðingartíðninnar hversu mikil fólksfjölgunin verður á tímabilinu öllu. Í þessu hefur Ísland þó sérstöðu í samanburði við nágrannalöndin. Annars staðar fór að draga úr dánartíðninni þegar á 18. öld og fólksfjölgunin var ör alla 19. öldina, en hér á landi fór dánartíðnin ekki að lækka fyrr en nærri öld síðar og ekki að ráði fyrr en á síðara hluta 19. aldar. Aftur á móti fer fæðingartíðnin að lækka í lok 19. aldarinnar í nágrannalöndunum en strax um tveimur áratugum síðar hér á landi. Þótt fólksfjölgun væri nokkru meiri hér á landi á fyrstu fjórum áratugum 20. aldar en til dæmis í Noregi hrökk það skammt til að jafna þann mikla mun sem orðinn var á fólksfjölgun í löndunum tveimur á undanförnum tveimur öldum.

Minnkandi frjósemi Norður-Evrópuþjóða var farin að vekja vaxandi umræður á fjórða áratug síðustu aldar, en mannfjöldaspár bentu þá til þess að fólksfjöldi mundi ná hámarki eftir tvo til þrjá áratugi og fara síðan minnkandi. Var á þessum árum víða gripið til barnabóta og annarra ráðstafana til að örva fólksfjölgun. Þegar ég hóf nám í Englandi árið 1944 beindist athygli manna mjög að þessum horfum og var á því ári sett á stofn sérstök rannsóknarnefnd (Royal Commission) til þess að rannsaka þróun fólksfjöldans og gera tillögur til úrbóta ef ástæða þætti til.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Mér virtist þá ekki ástæða til að ætla að þróunin yrði með öðrum hætti hér á landi, þó þannig að líklega yrði hámarksfjöldi náð nokkru seinna en í nágrannalöndunum. Þetta benti til þess að Íslendingar yrðu ef til vill ekki orðnir fleiri en rúmlega 150 þús. í lok aldarinnar. Allt fór þetta þó á annan veg en spáð hafði verið. Strax á stríðsárunum fór fæðingartíðni að aukast og fyrstu árin eftir styrjaldarlok varð fólksfjölgun umtalsverð víðast í Evrópu svo að umræður um þessi mál hjöðnuðu um skeið. Hliðstæð þróun átti sér stað hér á landi og í nágrannalöndunum, en þó með því mikilvæga fráviki að fæðingartíðnin jókst mun meira hér á landi en annars staðar og lækkaði seinna svo að fólksfjölgunaráhrifin urðu í heild miklu meiri. Snerist þróunin hér við þegar á árinu 1940 og hækkaði frjósemi kvenna síðan ár frá ári uns hún var áratug seinna orðin nærri 50% meiri en síðustu árin fyrir stríð og svipuð og í upphafi aldarinnar. Hést hún þannig fram á miðjan sjöunda áratuginn, en úr því hefur hún farið jafnt og þétt lækandi. Fróðlegt væri að rækileg rannsókn færi fram á félagslegum orsökum þessa mikla og óvænta fólksfjölgunartímabils, en hér verður aðeins bent á fáein atriði sem máli kunna að skipta.

Með styrjöldinni og hinum geysilegu tekjum sem með henni flæddu inn í þjóðarþætur gerbreyttust hagir Íslendinga á örfáum árum, svo að í stríðslok voru lífsskjör hér á landi orðin með þeim bestu í Evrópu. Viðhorf manna til þróunar atvinnuvega og menntamála breyttust þó furðu lítið næstu tvo áratugi. Stríðsgróðanum var að mestu beint til uppbyggingar sjávarútvegs og áhersla lögð á sjálfsþurftarþúskap með eflingu landbúnaðar og verndaðs iðnaðar. Þessi íhaldssemi í atvinnumálum studdist við víðtæk höft á öll viðskipti við umheiminn sem drógu úr samkeppni og erlendum áhrifum, en hvort tveggja var Þrándur í Götum aukinnar fjölbreytni og nýjunga. Þjóðfélagið virðist þó hafa verið fjölskylduvænt á þann hátt að tryggja bæði góða afkomu og atvinnuöryggi fyrirvinnunnar, þ.e.a.s. heimilisföðursins. Flestar mæður voru heimavinnandi þar sem lítil hvatning eða tækifæri virðist hafa verið fyrir vinnu kvenna utan heimilis, ef dæma má af því að hlutfall kvenna á vinnu- markaði stendur nánast í stað í tvo áratugi 1940–60. Heimilislífið var því enn í öndvegi og þurfti ekki að keppa við utanferðir og fjölbreyttan afþreyingariðnað nútímans. Allt hefur þetta vafalaust stuðlað að því að margir hafa kosið að eiga stærri fjölskyldur en ella.

Íhaldssemi þessa tímabils kom ekki síður fram í áhugaleysi um að efla vísindi og háskólanám. Að vísu fjölgaði útskrifuðum stúdentum upp í um tvö hundruð á ári á fimmta áratugnum með því að troðið var fleiri nemendum í hina gömlu skóla, en síðan stóð tala stúdenta nánast í stað fram yfir 1960. Þrjár nýjar námsleiðir voru teknar upp við Háskólann á stríðsárunum, í viðskiptafræði, tannlækningum og til fyrri hluta prófs í verkfræði, en að öðru leyti hélt kyrrstaða í þróun Háskólans og tölu útskrifaðra stúdenta í hendur.

FORMÁLI

Það er ekki fyrr en kemur fram á sjöunda áratuginn sem verulegar breytingar verða á öllum þessum sviðum. Margar orsakir voru þar að verki, ekki síst breytt efnahagsstefna með afnámi hafta og opnun þjóðfélagsins fyrir erlendri samkeppni og menningaráhrifum. Hér kom hins vegar fleira til og mig langar til þess að beina athyglinni sérstaklega að þeim áhrifum sem hin öra fólksfjölgun, sem hófst á árinu 1940 og lýst er hér á framan, átti eftir að hafa á þróunina hér á landi á síðustu þremur áratugum aldarinnar. Ekki er ástæða til að rekja í einstökum atriðum feril þeirrar fólksfjölgunar sem átti sér stað á síðari helmingi aldarinnar bæði vegna tímabundinnar aukningar frjósemi og lækkandi dánartölu, en skýra og einfalda mynd af þessum ferli má fá með því að skoða þá stökkbreytingu sem verður á stærð árganga nýfæddra barna eftir 1940. Fram undir þetta hafði fjöldi lifandi fæddra breyst merkilega lítið um áratuga skeið og legið nærri 2500 að meðaltali á ári. Síðan hækkaði fæðingatalan mjög ört á fimmta áratugnum og er komin í 4500 að meðaltali árið 1950–70 en lækkar svo lítillega eða í um 4350 síðustu þrjá áratugina þegar frjósemi lækkaði afturi. Áhrif þessarar stökkbreytingar á vinnumarkað og eftirspurn eftir æðri menntun fara svo að koma fram með fullum þunga upp úr 1960 þegar fyrstu stóru árgangarnir komast á tvítugsaldurinn. Fer þá loks að komast skriður á byggingu framhaldsskóla svo að aðgangur verður greiðari að stúdentsmenntun, og nokkru síðar hefst undirbúningur að eflingu Háskólans með stofnun nýrra deilda og fjölbreyttara námi. Líkja mætti þeirri stökkbreytingu sem varð á stærð þeirra árganga sem náðu fullorðins aldri á þessum árum við flóðbylgju sem færðist upp eftir aldursflokkunum, jók eftirspurn eftir námi og frambod á vinnuafli og lækkaði meðalaldur starfandi fólks. Við félagsleg áhrif þessarar bylgju bættist svo að samtímis jókst sókn kvenna bæði til mennta og inn á vinnumarkaðinn hröðum skrefum. Til dæmis um samanlögð áhrif þessara breytinga má nefna að tala vinnandi fólks tvöfaldaðist á síðustu þremur áratugum aldarinnar og að nýútskrifaðir stúdentar voru tíu sinnum fleiri um aldamót en árið 1960.

Mér þótti fróðlegt að lesa það sem Inga Dóra Sigfúsdóttir rekur í grein sinni um aðdraganda og upphaf kennslu í félagsvísindum fyrir og eftir 1970 og þau áhrif sem þrýstingur af hálfu stúdenta átti í þeirri þróun. Átti þessi þrýstingur ekki að einhverju leyti rót sína að rekja til mikillar fjölgunar í röðum námsmanna á þessum árum sem fannst þröngt um sig í hinum gamla embættismannaskóla? En það var einmitt þessi spurning sem var kveikjan að því að ég fór að velta áhrifum fólksfjölgunar fyrir mér í þessum inngangi. Hvað sem svarinu við henni líður er ekki vafi á því að hinir stóru árgangar sem bæst hafa í raðir háskólamenntaðs fólks undanfarna þrjá áratugi hafa, ásamt hinni stóru auknu menntasókn kvenna, verið ein af mikilvægustu forsendum þeirrar grósku sem blasir við í félagsfræði hér á landi og nánast hvarvetna á sviði vísinda og fræða. Fyrir okkur sem komum til starfa í hinu fábreytta og lokaða íslenska samfélagi um miðja síðustu öld eru umskiptin næstum

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ótrúleg, og ekkert bendir til annars en að framundan sé áframhaldandi sókn á öllum sviðum vísinda og mennta. Hinu má þó ekki gleyma að sú bylgja nýrra starfskrafta sem borist hefur inn á vinnumarkaðinn og í háskólana síðustu áratugi fer brátt að fjara út. Miðað við horfur um fæðingartíðni mun meðalaldur þjóðarinnar fara hækkandi á næstu áratugum og hlutfallslega færri ungt fólk koma til starfa. Hvernig best sé að bregðast við þeim vandamálum sem þeirri þróun munu fylgja verður vafalítið meðal þeirra mörgu úrlausnarefna sem félagsvísindamenn framtíðarinnar munu glíma við. Hins vegar er réttast að ég snúi mér að öðru og reki í stuttu máli kynni mín af félagsfræðinni eins og þau urðu um miðja síðustu öld.

Þórólfur Þórlindsson bendir á það í grein sinni um tilurð íslenskrar félagsfræði, sem birt er í þessu riti, að efnistöð flestra þjóðfélagsrannsókna hér á landi hafi framan af verið sagnfræðileg, en skortur á stjórnmála- og félagssögu samtímans ásamt gnógt efniviðar í slíka sögu hafi skapað einstakt tækifæri til rannsókna. Getur þetta vel átt við um viðhorf mín á námsárunum, en áhugi minn beindist snemma að því að kanna þær miklu breytingar sem höfðu orðið á íslensku þjóðfélagi á tiltölulega skömmum tíma og þá um leið hver væru skilyrði frekari framfara. Því mætti ef til vill segja að ég hafi, líkt og margir jafnaldrar mínir, haft tilhneigingu til að leggja það sem nú mundi vera kallað þjóðernislegt mat á val viðfangsefna. Ég valdi mér svo félagsfræði sem hliðargrein við hagfræðinámið við London School of Economics, líklega í von um að þar væri að finna almennar, vísindalegar kenningar um þjóðfélagsþróun, en trúin á að slíkar kenningar væru ekki aðeins mögulegar heldur jafnvel þegar sannaðar lifðu enn góðu lífi en með misgöðum afleiðingum á fyrri hluta aldarinnar.

Þegar ég fór að kynnast félagsfræðinni nánar varð mér fljótlega ljóst að hún var enn í mótun sem akademísk fræðigrein og skiptar skoðanir bæði um viðfangsefni hennar og rannsóknaraðferðir, og kom það sterkt fram í mismunandi áherslum kennaranna. Morris Ginsberg (1889–1970), elsti og leiðandi prófessor deildarinnar, var íhaldssamur í fræðunum og áhugasamari um almennar kenningar en félagsfræðilegar rannsóknir. Hann hafði sérstakt dálæti á ritum fyrirrennara síns við skólan, L.T. Hobhouse (1864–1929), sem sett hafði fram kenningar um þróun þjóðfélagsins til aukins þroska samfara efnahagslegum framförum, skyldar framfaratrú 19. aldarinnar. Yngri kennararnir sóttu frekar fyrirmyndir í Max Weber (1864–1920) og til bandarískra félagsfræðinga, t.d. Talcott Parsons (1902–1979) sem naut mikillar hylli um þessar mundir. David V. Glass (1911–1978) var annar helsti prófessorinn í félagsfræði, en áhugamál hans voru einkum á sviði félagslegra rannsókna og lýðfræði. Átti hann mestan þátt í því að beina mér inn á rannsóknarsvið á vettvangi félagslegrar þróunar á Íslandi.

Um það leyti sem ég var að byrja framhaldsnám var mikill áhugi á samanburðar-rannsóknum á stéttakerfum og félagslegum hreyfanleika og var David Glass, sem

FORMÁLI

Þá var orðinn leiðbeinandi minn, í forustu meðal breskra félagsfræðinga í því verki. Árangur þessa starfs var m.a. greinasafnið, *Social Mobility in Britain*, sem hann ritstýrði og út kom árið 1954. Meðal þeirra fræðimanna sem mest höfðu sinnt rannsóknum á þessu sviði var Theodor Geiger, prófessor í Árósum, en helsta verk hans um þetta efni var *Den danske intelligens fra reformationen til nutiden* sem út kom 1949. Þar kannar hann uppruna menntastéttarinnar í Danmörku á grundvelli upplýsinga úr dönskum æviskrám. Þetta tvennt, rannsóknir á þessu sviði innan London School of Economics og fordæmi Theodors Geiger, réði mestu um að ég hóf að rannsaka félagslegar breytingar á Íslandi og byggði rannsóknina m.a. á gögnum um uppruna manna og þjóðfélagsstöðu sem sótt voru í hin mörgu æviskrárarit sem út höfðu komið hér á landi. Árið 1953 var *The Second World Congress of Sociology* haldið í Liege í Belgíu, þar sem eitt helsta þemað var *Social Stratification and Social Mobility*. Var þar að sjálfsögðu mikið mannval, og kynntist ég þar ýmsum norrænum félagsfræðingum sem ég hafði síðan þó nokkuð samband við, svo sem Stein Rokkan í Osló, Kåre Svalastoga og Henning Friis í Kaupmannahöfn og Torgny Segerstedt í Uppsölum. Theodor Geiger hafði verið formaður undirbúningsnefndar þessa efnisflokks en féll frá áður en þingið var haldið, en ég hafði reyndar hitt hann einu sinni. Á þessu þingi átti ég greinina, *The Recruitment of the Professions in Iceland*, sem prentuð var í þingtíðindunum. Er þar gerð grein fyrir hluta af rannsóknarefni mínu sem varðaði þróun stéttar embættismanna og breytingar á félagslegum uppruna þeirra.

Doktorsprófi mínu lauk ég svo í lok ársins 1953 með ritgerð er nefndist *Changes in Icelandic Social Structure since the End of the Eighteenth Century with Particular Reference to Trends in Social Mobility*. Eins og þessi langi titill gefur til kynna geri ég þar grein fyrir stéttaskiptingu og þjóðfélagsbreytingum á Íslandi frá lokum 18. aldar og allt fram til 1940. Fyrst er þar fjallað um félagslegar breytingar á 18. og 19. öld sem fólu í sér hnignun hinnar gömlu höfðingjastéttar og hægfara minnkun stéttamunar, enda þótt ennþá ríkti stöðnun í efnahagsstarfsemi og búsetu. Þessi aukni jöfnuður greiddi síðan fyrir þeim öru breytingum sem hófust seint á 19. öldinni með uppbyggingu nýrra atvinnuvega og þéttbýlis við sjávarsíðuna. Við þetta losnar um fyrri hömlur á hreyfanleika milli atvinnugreina og þjóðfélagshópa sem dregur úr bilinu milli stétta og lýsir sér meðal annars í minnkandi stéttvísi í makavali. Gögn um hreyfanleika milli stétta eru síðan notuð til að varpa ljósi á gagnvirk áhrif milli breytinga á stöðu manna innan stéttakerfisins og umbyltingar atvinnuveganna.

Þótt mér hafi verið boðið að gefa ritgerðina út í Englandi strax eftir að henni var lokið varð ekkert úr því þar sem mér fannst ég ekki geta gefið mér tíma til þess að undirbúa hana til prentunar á þann hátt sem mér þótti nauðsynlegt. Þetta urðu því endalok rannsókna minna í félagsfræði og er of seint að harma það nú. Áhugi

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

minn á öllu er varðar þróun íslensks þjóðfélags, einkum á síðustu öld, hefur þó aldrei yfirgefið mig, þótt ég hafi í starfi mínu haft betri aðstöðu til að fylgjast með og fjalla um hinar efnahagslegu hliðar hennar en hinar félagslegu. Mér hefur hins vegar orðið æ ljósara að hinum djúpstæðu breytingum sem urðu á íslensku samfélagi á síðustu öld verða ekki gerð viðunandi skil nema jafnmikil áhersla verði lögð á hina félagslegu og lýðfræðilegu þætti eins og á framvindu efnahags- og atvinnu-mála. Hafa rannsóknir Stefáns Ólafssonar reyndar þegar sýnt hve árangursríkt getur verið að skoða þessa þætti og gagnvirk áhrif þeirra í samhengi.

Megináherslan í rannsóknum félagsfræðinga hlýtur þó ætíð að verða á viðfangsefni líðandi stundar þótt lærdómar fortíðar megi aldrei vera langt undan. Og þegar ég nú íhuga þann mikla árangur sem íslensk félagsfræði hefur skilað á síðustu þremur áratugum finnst mér þróttur hennar lýsa sér best í mikilli fjölbreytni og grósku á furðulega mörgum sérsviðum. Mér virðist reyndar að þetta sé svipað og gerst hefur víðast annars staðar síðustu hálfa öld, að áhuginn á kenningarlegri uppbyggingu hefur verið að víkja æ meir fyrir öflugri rannsóknarstarfi á sífellt fleiri sérsviðum. Þótt þetta hafi verið árangursríkt og framfarir í aðferðafræði og glíman við hin margvíslegu vandamál nútímaþjóðfélags hafi styrkt stöðu félagsfræðinnar og áhrif, felur það jafnframt í sér þá hættu að ekki sé nægileg rækt lögð við hinar sameiginlegu undirstöður fræðanna og þá kjölfestu og tengingu milli einstakra sérsviða sem í þeim felast. Við þessum vanda vara ritstjórar þessa rits í síðustu greininni, og vil ég að lokum taka undir skoðanir þeirra um leið og ég óska þess að íslenskum félagsfræðingum auðnist með öflugri rannsóknarstarfi og frjórri samvinnu að leggja áfram drjúgan skerf til eflingar félagsfræðinnar, ekki aðeins hér á landi heldur einnig á alþjóðlegum vettvangi.

Jóhannes Nordal

AF AKRI ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason

Inngangur

Íslensk félagsfræði hefur vaxið og dafnað á síðustu áratugum, og ber hún sterkan svip af íslensku þjóðfélagi og sérkennum þess. Samfélag félagsfræðinga hérlandis er fjölbreytt og krafmikið, en það er tæpast sjálfu sér nógt í fræðilegum skilningi. Þótt margir íslenskir félagsfræðingar stundi rannsóknir á fleiri en einu sviði, eru tiltölulega fáir á hverju rannsóknarsviði greinarinnar. Innan einstakra rannsóknarsviða starfa þeir einnig oft í nánnum tengslum við fræðimenn annarra háskólagreina. Sérhæfing íslenskra félagsfræðinga er því tiltölulega lítil, jafnframt því sem fjölfræðilegar áherslur þeirra eru sterkari en víðast hvar annars staðar. Alþjóðleg tengsl íslenskrar félagsfræði eru ennfremur sterk og byggja þau á námi íslenskra félagsfræðinga við erlenda háskóla og þátttöku þeirra í alþjóðlegum ráðstefnum og fjölþjóðlegu rannsóknarsamstarfi.

Örar þjóðfélagsbreytingar á 20. öld og afleiðingar þeirra voru félagsfræðingum einkar hugleiknar á upphafsárum greinarinnar hér á landi og gætir þeirra áhrifa að vissu marki enn í efnistöðum þeirra. Að þessu leyti svipar sögu íslenskrar félagsfræði til fyrstu áratuga greinarinnar á meginlandi Evrópu. Sá er þó munur á að iðnvæðing Íslands jafnt sem þróun félagsfræðinnar hér á landi fylgdu að nokkru leyti aldargamalli evrópskri slóð. Umbylting íslensks samfélags á 20. öld var hraðari og að sumu leyti átakaminni en umbyltingin á meginlandi Evrópu á 19. öldinni. Ólíkt flestum öðrum vestrænum löndum byggðist iðnbylting Íslands á vélvæðingu frumframleiðslunnar fremur en framleiðslu iðnvarnings, og mótaði sjávarútvegurinn íslenska þjóðfélags- og byggðapróun á 20. öld. Raunar má færa að því rök að iðnvæðing sjávarútvegsins hafi brúað bilið milli sjálfsþurftarbúskapar 19. aldar og þjónustusamfélags þeirrar tuttugustu, og iðnaðarsamfélagið hafi því aldrei náð sömu fótfestu hér á landi og í upprunalöndum félagsfræðinnar.

Fyrstu íslensku félagsfræðingarnir hlutu menntun sína í löndum þar sem nútímavæðingin átti sér langa sögu og aðferðir og kenningar félagsfræðinnar stóðu á gömlum merg. Þegar heim var komið beið þeirra það erfiða verk að kortleggja hið nýja íslenska samfélag og aðlaga erlenda félagsfræði íslenskum aðstæðum. Þessu starfi var stundum tekið af ákveðinni tortryggni og jafnvel háði af íslenskum almenningi, en afrakstur þess er hin öfluga íslenska félagsfræði samtímans.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Skil fræðilegrar orðræðu og almennra dægurmála hafa alla tíð verið minni hér á landi en víðast hvar annars staðar. Þannig hafa hagnýtar rannsóknir til dæmis gegnt stóru hlutverki í íslensku samfélagi félagsfræðinga. Svigrúm til fræðilegra rannsókna hefur einnig verið nokkuð takmarkaðra, þar sem félagsfræðingar í háskólastöðum hafa lengst af verið fáir og rannsóknarsjóðir fremur veikburða. Félagsfræðingar hafa því ekki alltaf haft gott næði til fræðilegra vangaveltna í eigin fíla-beinsturni – en samskipti þeirra við almenning, stefnumótendur og fræðimenn annarra sviða hafa verið eftir því líflegri.

Eins og fram kemur í þessu safnríti virðast sérstakar aðstæður íslenskrar félagsfræði síður en svo hafa staðið vexti hennar fyrir þrífum. Á síðustu þremur áratugum hefur félagsfræðingum við íslenska háskóla fjölgað úr einum kennara við námsbraut í þjóðfélagsfræði í fjórtán kennara við átta deildir innan fjögurra háskóla. Um fjögur hundruð Íslendingar hafa lokið BA-prófi í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði og hátt í hundruð félagsfræðingar hafa lokið meistara- eða doktorsnámi í greininni. Félagsfræðingar hafa einnig tekið virkan þátt í íslenskri þjóðmálaumræðu og sjónarhorn félagsfræðinnar hefur því áunnið sér tiltölulega traustan sess í þjóðarsálinni. Á alþjóðlegum vettvangi hafa verk íslenskra félagsfræðinga birst í flestum helstu sérfræðitímaritum og áhrif þeirra standast fyllilega samanburð við fræðileg áhrif félagsfræðinga á hinum Norðurlöndunum.

Félagsfræðinni bjóðast nú ýmis ný sóknarfæri sem styrkt gætu stöðu greinarinnar enn frekar á nýrri öld. Íslenskt háskólasamfélag hefur tekið hamskiptum á undanförunum árum, stofnunum þess hefur fjölgað, hlutfallslegt vægi þeirra breyst og starfsemin orðið fjölbreyttari. Á sama tíma hefur skipulagi náms á framhaldsskólastigi verið breytt og rótgróin tengsl framhaldsskóla og háskóla hafa raskast. Hlutdeild félagsfræðinnar í íslenskum menntamálum hefur vaxið mjög á síðustu árum og enn kann að vera talsvert svigrúm til frekari landvinninga á þessu sviði. Alþjóðleg tengsl íslenska háskólasamfélagsins hafa ennfremur styrkst til muna með aukinni sókn í evrópska rannsóknarsjóði, meira vægi fjölþjóðlegra samvinnuverkefna og formlegum tengslum framhaldsnáms á Íslandi við erlendar háskóladeildir.

Á þessum umbrotatímum er nauðsynlegt að gætt sé að stöðu íslensku félagsfræðinnar og vaxtarmöguleikum hennar á komandi árum. Í þessu safnríti er fjallað um sögu greinarinnar hérlandis, nokkur helstu rannsóknarsvið hennar eru reifuð og hugað að ýmsum framtíðarverkefnum íslenskra félagsfræðinga. Það er til marks um öran vöxt félagsfræðinnar að þessum þáttum verða ekki gerð tæmandi skil í einni bók. Ástæða væri til þess að þetta rit yrði fyrsta bindið í ritröð um íslenska félagsfræði, en tíminn mun leiða í ljós hvort grundvöllur sé fyrir slíku.

AF AKRÍ ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

Þættir úr sögu íslenskrar félagsfræði

Saga íslenskrar félagsfræði hefur enn ekki verið rituð, en í fyrri hluta þessarar bókar eru nokkur meginstef þeirrar sögu rakin. Þær sex ritgerðir sem hér hefur verið safnað saman hafa birst áður á ýmsum vettvangi. Fjórar þeirra birtust á ensku í norræna tímaritinu *Acta Sociologica* á tuttugu ára tímabili, og eru þær gefnar hér út að nýju í íslenskri þýðingu. Hinar ritgerðirnar eru byggðar á verkum sem áður hafa birst á íslensku. Önnur þeirra er stytt útgáfa greinar sem birtist í tímaritinu *Íslensk félagsrit*, en hin er stytt útgáfa námsritgerðar til BA-prófs við Háskóla Íslands. Þessar sex ritgerðir eru að mörgu leyti ólíkar og bera þess glögg merki að vera skrifaðar á mismunandi tímum fyrir ólíka hópa lesenda. Saman mynda þær þó sterka heild og draga upp tiltölulega skýra mynd af sögu greinarinnar á 20. öld.

Í ritgerð sinni *Hugur ræður hálfri sjón* rekur Jóhann Hauksson upphaf íslenskrar félagsfræði til doktorsritgerðar Guðmundar Finnbogasonar við Kaupmannahafnarháskóla árið 1911. Doktorsritgerð Guðmundar var á mörkum félagsfræði, sálarfræði og heimspeki, og setur hann þar fram kenningu sína um *Samúðarskilninginn*. Jóhann lýsir helstu þáttum þessarar kenningar, sem hann telur standa fyllilega jafnfætis verkum samtímamanna Guðmundar á þessu sviði. Jóhann ræðir einnig frönsk, þýsk og bandarísk áhrif fræðimanna á borð við Bergson, Simmel, James og hugsanlega Mead á verk Guðmundar, og áhrif kenningarinnar um samúðarskilninginn á svissneska fræðmanninn Jean Piaget. Jóhann veltir upp þeirri spurningu hvað orðið hefði um lærdóm Guðmundar og greiningu hans á samúðarskilningnum hefðu fræði hans ekki einskoraðast við tungu afskekktar eyþjóðar. Á Íslandi var Guðmundur einnig ötull talsmaður hins félagsfræðilega sjónarhorns. Þar má meðal annars nefna verk hans á sviði vinnufélagsfræði (1915, 1917), greiningu hans á íslenskri félagsgerð og menningu að fornu og nýju ([1933] 1971) og íslenska þýðingu hans á inngangsbók í félagsfræði (Rumney, [1938] 1941). Þrátt fyrir brautryðjendastarf Guðmundar varð þó löng bið á því að félagsfræðin festi rætur á Íslandi.

Í ritgerð sinni um *Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum* fjallar Inga Dóra Sigfúsdóttir um sögu félagsfræðinnar í íslensku háskólasamfélagi frá því fyrstu drög að námsbraut í þjóðfélagsfræði voru lögð árið 1965 til stofnunar félagsvísindadeildar árið 1976. Hún telur að upphaf kennslu í þjóðfélagsfræðum megi rekja til margvíslegra þátta. Mikill áhugi hafi verið á slíkri kennslu innan háskólans, ekki síst af hálfu Ármanns Snævarr, þáverandi háskólarektors. Þar réði nokkru sívaxandi fjöldi stúdenta sem sóttist eftir háskólamenntun og tregða hefðbundinna deilda háskólans til að taka við fleiri nemendum. Einnig hafi þörf fyrir menntaða félagsráðgjafa ýtt undir umræðu um kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum. Loks telur Inga Dóra pólitískan þrýsting stúdenta hafa haft mikil áhrif í þessu máli. Undir lok sjöunda áratugarins hafi sumir stúdentar raunar fyrst og fremst haft áhuga á

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þjóðfélagsfræði sem hugsanlegu vopni til róttækra þjóðfélagsbreytinga, en margir þeirra hafi þó einungis haft fræðilegan áhuga á félagsfræði sem vísindagrein. Deilur um staðsetningu námsins innan háskólans töfðu framgang málsins um hríð, en höggvið var á þann hnút með stofnun sérstakrar námsbrautar árið 1970. Sjálfstæði námsbrautarinnar jókst fljótt, og sex árum síðar var félagsvísindadeild stofnuð.

Þórólfur Þórlindsson var meðal þeirra stúdenta sem unnu að undirbúningi náms í félagsfræði við Háskóla Íslands undir lok sjöunda áratugarins. Hann var einn fyrsti nemandinn sem útskrifaðist frá námsbrautinni og við stofnun félagsvísindadeildar árið 1976 varð hann annar tveggja félagsfræðikennara deildarinnar. Sex árum síðar ritaði Þórólfur yfirlitsgrein um íslenska félagsfræði sem birtist í *Acta Sociologica* árið 1982. Í þessari grein, sem hér birtist í íslenskri þýðingu undir heitinu *Íslensk félagsfræði: Þjóðfélagsaðstæður við tilurð nýrrar fræðigreinar*, lítur Þórólfur yfir nýfarinn veg og metur stöðu og framtíð hinnar nýju fræðigreinar. Hann telur fyrstu skref greinarinnar bera ríkjandi þjóðfélagsaðstæðum glögg merki, einkum kröfum íslenskrar þjóðernishyggju, hraðri iðnvæðingu á öndverðri öldinni og þeim skorðum sem fámenni þjóðarinnar hafi sett fræðistarfi. Fyrstu rannsóknir íslenskra félagsfræðinga hafi mótast af íslenskum hefðum annálaritunar og staðreyndasöfnunar og óljóst hvert greinin stefndi í kenningalegu og aðferðafræðilegu tilliti. Framtíð greinarinnar áleit Þórólfur velta á því hvernig til tækist við uppbyggingu hins fræðilega samfélags, rannsóknir sem varpi ljósi á brýn þjóðfélagsleg úrlausnarefni, hagnýtingu félagsfræðilegra rannsókna við stefnumótun og þann sess sem félagsfræðin gæti áunnið sér í íslenskri þjóðmálaumræðu.

Tólf árum síðar gerðu Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason úttekt á stöðu félagsfræðinnar á Íslandi. Í greininni, sem birtist í tímaritinu *Acta Sociologica* árið 1994 og hér kemur fram á sjónarsviðið í íslenskri þýðingu undir heitinu *Fræðigrein skýtur rótum*, telja höfundar íslenska félagsfræði hafa sigrast á þeim byrjunarerfiðleikum sem Þórólfur lýsti árið 1982. Félagsfræðilega menntuðu fólki hafi fjölgað mjög og það haslað sér völl á opinberum vettvangi fjölmiðla, stjórnmála og stjórnsýslu. Menntun íslenskra félagsfræðinga hafi einnig eflst til muna, grunnur hafi verið lagður að meistaranámi við Háskóla Íslands, og fjöldi félagsfræðinga snúið heim frá námi erlendis með margvíslega kenningarlega og aðferðafræðilega þekkingu austan að hafi og vestan. Félagsfræðilegar rannsóknir hafi einnig slitið barnskónum og benda höfundar á að árið 1994 hafi tveimur öflugum rannsóknastofnunum á sviði félagsvísinda verið stýrt af félagsfræðingum. Þeim virðast rannsóknir félagsfræðinga hafa beinst mjög að vandamálum tengdum hröðum samfélagsbreytingum, svo sem óstöðugleika í efnahagslífi, félagslegum vandamálum og óvissu í menningarþróun. Þeir telja félagsfræðina vera orðna fasta í sessi í íslensku háskóla-samfélagi og íslensku þjóðfélagi, en benda þó á að greinin hafi enn ekki öðlast þann innri styrk sem Þórólfur Þórlindsson sá fyrir sér árið 1982.

AF AKRÍ ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

Á síðustu þremur áratugum 20. aldar luku á fjórða hundrað nemendur námi í félagsfræði frá Háskóla Íslands. Í kaflanum *Með félagsfræði í farteskinu* rekur Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir nokkrar helstu niðurstöður BA-rannsóknar sinnar á námi og störfum þessara nemenda árið 2001. Þar kemur fram að næstum tveir af hverjum þremur brautskráðum BA-félagsfræðingum hafi lokið frekara námi af einhverju tagi, og var hlutfall karla og kvenna þar svipað – þótt karlar hafi raunar verið mun líklegri til að hafa lokið doktorsnámi. Brautskráðir félagsfræðingar voru almennt ánægðir með nám sitt í félagsfræði og töldu það hafa veitt sér traustan grunn í atvinnulífínu. Atvinnuþátttaka þeirra var mjög mikil og enginn þessara félagsfræðinga reyndist vera atvinnulaus. Störf þeirra voru margvísleg, en mikill meirihluti þeirra starfaði við rannsóknir, kennslu eða þjónustu af ýmsu tagi. Kolbrún kemst að þeirri niðurstöðu að félagsfræðingar standi vel að vígi í samanburði við annað háskólamenntað fólk á Íslandi.

Í ritgerðinni *Norræn ábrif í birtingum og tilvitnunum til tímaritsgreina* líta Þóróddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir til stöðu félagsfræðinnar í norrænu ljósi. Þar kemur fram að norrænir félagsfræðingar hafa verið afkastamiklir á vettvangi alþjóðlegra félagsfræðitímarita og verk þeirra hafa haft talsverð áhrif í alþjóðlegri félagsfræði. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að megineinkenni norrænnar félagsfræði sé fjölbreytileiki hennar og því sé villandi að skilgreina hana með einsleitum hætti. Þar kemur einnig fram að íslenskir félagsfræðingar standa tiltölulega vel í samanburði við kollega sína á hinum Norðurlöndunum. Afköst þeirra eru svipuð og annars staðar á Norðurlöndum, og fjöldi tilvitnana til verka þeirra á alþjóðlegum vettvangi er vel yfir norrænu meðallagi.

Af rannsóknarsviðum íslenskrar félagsfræði

Í síðari hluta bókarinnar er fjallað um nokkur helstu rannsóknarsvið íslenskrar félagsfræði frá sjónarhóli yngri kynslóðar íslenskra félagsfræðinga. Fimm þeirra höfunda sem leitað var til luku doktorsnámi í félagsfræði á árunum 1992–2002, og hinir þrír lögðu enn stund á doktorsnám í greininni. Hvað efnissvið varðar var ritstjórum nokkur vandi á höndum, þar sem svið félagsfræðinnar eru mörg og erfitt að gera upp á milli þeirra. Sviðin tengjast einnig með margvíslegum hætti og oft er erfitt að ákvarða mörk einstakra sviða. Almenn var lögð áhersla á svið þar sem fleiri en einn fræðimaður hafa verið afkastamiklir á liðnum árum, en þó varð að velja milli margra fjörmikilla sviða. Að lokum urðu átta svið fyrir valinu; lýðfræði, kynjafræði, fjölmiðlafræði, afbrotafræði og félagsfræði atvinnulífs, sjávarútvegs, heilsufars og velferðarmála, en eflaust verða seint allir á eitt sáttir um þær málalyktir.

Meðal annarra sviða sem full ástæða hefur verið til að fjalla um í þessu safnriti má til dæmis nefna *borgarfræði* (t.d. Hildur Kristjánsdóttir, 2003; Ingi Valur

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, 1981; Jón Rúnar Sveinsson, 2000, 2002; Stefán Ólafsson, 2001a, 2001b), *trúarbragðafélagsfræði* (t.d. Björn Björnsson og Pétur Pétursson, 1990; Pétur Pétursson, 1983, 1988; Þóroddur Bjarnason, 1998), *þekkingarfélagsfræði* (t.d. Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 2000; Stefán Baldursson og Þórólfur Þórlindsson, 1990; Þórólfur Þórlindsson, 1983; Wolfgang Edelstein, 1988), *félagsfræði æskulýðs* (t.d. Gestur Guðmundsson, 1992; Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, 1987; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1994, 2000) og *félagsfræði efnahags- og stjórnmála* (t.d. Auður Styrkársdóttir, 1994; Hermann Óskarsson, 1996, 1997, 2003; Ívar Jónsson, 1993, 1995, 1999; Stefán Ólafsson, 1998; Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir, 2001; Örn D. Jónsson, 1992) – svo fátt eitt sé nefnt. Ljóst má vera að úr nógu efni væri að velja í fjölda binda til viðbótar því sem hér kemur fyrir almennings sjónir.

Í ritgerð sinni um *Lýðfræði Íslands* lýsir Stefán Hrafn Jónsson sérkennum og aðferðafræði lýðfræðinnar og tengslum hennar við félagsfræðina í alþjóðlegu vísindastarfi. Jafnframt veitir hann yfirlit um helstu lýðfræðirannsóknir Íslendinga og dregur upp mynd af íslenskri lýðfræði sem sérstöku fjölfræðisviði. Stefán telur lýðfræði Íslands skiptast í þrjá meginþætti sem tengist tiltölulega lítið innbyrðis. Í fyrsta lagi sé löng hefð fyrir söfnun lýðfræðilegra upplýsinga, og hafi sérfræðingar við Hagstofu Íslands gegnt þar lykilhlutverki. Í öðru lagi sé sterk sagnfræðileg hefð sem fjalli um breytingar á fjölskylduháttum og félagsgerð á liðnum árum í ljósi mannfjöldaþróunar. Að lokum hafi búferlaflutningar landsmanna verið talsvert rannsakaðir frá hagfræðilegu og landfræðilegu sjónarmiði. Stefán ræðir helstu rannsóknir á þessum þremur megin sviðum íslenskrar lýðfræði og möguleika félagsfræðinnar til að tengja þá með þeim hætti sem orðið geti lýðfræðinni til framdráttar á alþjóðlegum vettvangi.

Í næsta kafla fjallar Ingi Rúnar Eðvarðsson um *Uppruna og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði*. Hann rekur sögu hennar frá Marx, Weber og Durkheim til vorra daga og fjallar um undirsvið hennar í alþjóðlegu ljósi. Jafnframt veitir hann ítarlegt yfirlit um þær íslensku rannsóknir sem gerðar hafa verið innan atvinnulífsfélagsfræðinnar, svo sem rannsóknir á atvinnuþátttöku og skiptingu starfsgreina, starfsmenntun, mannlegum tengslum og atferli á vinnustað, kynferðislegri áreitni, vinnuviðhorfum og menningu, tækniþróun, sveigjanleika í rekstri fyrirtækja, atvinnulýðræði og hagsmunasamtökum á vinnumarkaði. Þá ræðir Ingi Rúnar stöðu og framtíð íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði, en hann telur brýnt að efla rannsóknir á þessu sviði á tímum aukinnar hnattvæðingar og sífelldra breytinga tækni og atvinnulífs.

Í alþjóðlegu ljósi mætti líta á félagsfræði sjávarútvegs sem undirþátt félagsfræði atvinnulífs eða hagkerfis. Sjávarútvegurinn skipar hins vegar slíkan sess í íslensku þjóðfélagi að líta verður á rannsóknir á því sviði sem einn meginþátt

AF AKRÍ ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

íslenskrar félagsfræði. Í kafla sínum um *Íslenskan sjávarútveg við aldamót* fjallar Guðbjörg Linda Rafnsdóttir um íslenskan sjávarútveg frá félagsfræðilegum sjónarhóli. Þótt sjávarútvegur skipi veglegan sess í íslensku hagkerfi og íslenskri þjóðernisvitund bendir Guðbjörg Linda á ýmsar mótsagnir í ímynd hans. Á tyllidögum sé mikið gert með hetjur hafsins, og sjómenn og fiskverkafólk leggi mikla áherslu á mikilvægi starfa sinna fyrir íslenskt þjóðfélag. Á sama tíma hvetji þau börn sín þó ekki til að leggja fyrir sig störf í sjávarútvegi, og erlent starfsfólk gegni sífellt þýðingarmeira hlutverki í fiskvinnslunni. Skipstjórnarnir tróni enn efstir í virðingarstiga sjávarþorpanna, en með kvótakerfinu byggist aflasæld að verulegu leyti á kvótæign útgerðarinnar. Þá bendir Guðbjörg Linda á þá þversögn að þótt framfarir í sjávarútvegi hafi bætt ýmsa þætti vinnuumhverfisins, hafi bæði andlegt og félagslegt álag fiskvinnslufólks aukist mjög. Loks sé þess að gæta að kynjabundnar staðalmyndir séu óvíða eins áberandi og í sjávarútvegi og þar njóti störf karla almennt meiri virðingar en störf kvenna. Þetta hefur alvarleg áhrif á starfs-skilyrði kvenna og framtíðarhorfur íslensks sjávarútvegs.

Þorgerður Einarsdóttir fjallar í kafla sínum um *Femínisma sem fræðikenningu andófs og breytinga*. Hún lýsir því hvernig baráttuhreyfing kvenna og fræðimennska hafi kallast á og hvernig hið persónulega sé innblástur að pólitískri baráttu og fræðastarfi. Kvennafræðin á sér langa sögu sem tengist mjög sjónarmiðum og kenningum kvenréttindabaráttu 19. aldar. Þar var höfuðáhersla lögð á lagaleg og borgaraleg réttindi kvenna, svo sem kosningarétt, kjörgengi og rétt til atvinnu og menntunar. Síðan hafi kynjafræði leyst kvennafræði af hólmi og fjölfræðilegur femínismi af ýmsum gerðum tekið við af kvenréttindabaráttu. Þorgerður telur fræðilegan femínisma og femíníska baráttuhreyfingu standa styrkum stöðum í íslensku samfélagi, enda styðji þessir tveir þættir hinnar femínísku hreyfingar hvor annan að verulegu leyti. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum standi fyrir umfangsmikilli starfsemi og hafi meðal annars haldið viðamiklar ráðstefnur í kvenna- og kynjafræðum. Jafnframt starfi Rannsóknastofan í nánnum tengslum við námsbraut í kynjafræðum sem sé í örum vexti við Háskóla Íslands.

Í umfjöllun sinni um *Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna* rekur Guðný Björk Eydal helstu kenningar um þróun velferðarkerfa í ljósi hins íslenska velferðarkerfis. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að framlag félagsfræðinnar til rannsókna á fjölskyldu- og velferðarmálum sé umtalsvert, bæði hvað varðar þekkingu og greiningu á hinu íslenska velferðarkerfi og alþjóðlegan samanburð slíkra kerfa. Fram kemur að íslenska velferðarkerfið hafi ákveðin sérkenni sem greini það frá hinu norræna velferðarkerfi. Íslendingar verji lægri hluta þjóðartekna til velferðarútgjalda en önnur Norðurlönd og velferðarúrræði hafi verið takmarkaðri. Guðný bendir á að „hin íslenska leið“ hafi enn sem komið er hlotið takmarkaða athygli alþjóðasamfélagsins, en telur aðrar þjóðir geta margt af henni lært.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Í umfjöllun sinni um *Íslenskar fjölmiðlarannsóknir á fertugsaldri* fjallar Guðbjörg Hildur Kolbeins um sögu nútíma fjölmiðlafræði og íslenskar rannsóknir á því sviði. Hún telur fjölmiðlafræðina vera fjölfræðilega í eðli sínu, enda byggji greinin jöfnum höndum á sjónarhorni félagsfræðinnar, sálarfræðinnar og stjórnmálafræðinnar. Þó sé ákveðinn munur á bandarískum fjölmiðlafræðingum sem oft nálgast viðfangsefnið út frá sjónarhóli félagssálfræðinnar og evrópskum fjölmiðlafræðingum sem hafi tilhneigingu til að vera mun heimspekilegri og pólitískari í afstöðu sinni. Þetta sé þó ekki einhlítt, og raunar hafi feður fjölmiðlafræðinnar í Bandaríkjunum verið evrópskir að uppruna. Hún bendir einnig á að undanfarna áratugi hafi verið sterk tilhneiging til hagnýtrar tengingar fjölmiðlafræðinnar, og blaðamennska og fjölmiðlafræði eða boðskiptafræði séu oft kennd í einni deild. Á Íslandi telur Guðbjörg Hildur að fjölmiðlafræðin hafi fyrst og fremst beinst að einum undirþætti fjölmiðlafræðinnar – rannsóknum á fjölmiðlanotkun ungmenna og áhrifum hennar á heimsmynd þeirra og hegðunarmynstur. Hún telur mikilvægt að sjónum verði beint að fleiri sviðum á komandi árum, svo sem fjölmiðlum og valdi, innihaldsgreiningu fjölmiðlaefnis, áhrifum eignarhalds á fréttaflutning og áhrifum netnotkunar á nýja og gamla miðla.

Jón Gunnar Bernburg fjallar í kafla sínum um *Afbrot og önnur frávik* í félagsfræðilegu ljósi. Jón Gunnar ræðir helstu skilgreiningar á viðfangsefnum afbrotafræðinnar og hvernig þær geti af sér ólíkar nálganir á afbrot og frávik. Þannig leiti sumir afbrotafræðingar til dæmis skýringa á breyttri tíðni frávíkshegðunar með hjálp öflugra tölfræðiaðferða en aðrir leggi áherslu á þau félagslegu og pólitísku ferli sem leiði til breytinga á refsilögum og viðmiðum samfélagsins. Íslenskar rannsóknir á sviði afbrota og annarra frávika eru fjölbreytilegar, og fjallar Jón Gunnar meðal annars um rannsóknir íslenskra félagsfræðinga á táknrænni löggjöf, viðhorfum almennings til afbrota og refsinga, afdrifum brotamanna í réttarkerfinu, ofbeldishegðun og víamefnaneyslu á Íslandi. Hann telur íslenska fræðimenn á þessu sviði hafa kappkostað að grundvalla rannsóknir sínar á traustum kenningarlegum grunni og flest teikn bendi til þess að rannsóknir á þessu sviði muni eflast enn frekar á komandi árum.

Í ritgerð sinni um *Félagsfræði heilsu og veikinda* fjallar Sigrún Ólafsdóttir loks um þá undirgrein félagsfræðinnar sem beinir sjónum að hugmyndum samfélaga um heilbrigði og veikindi, skipulagi heilbrigðiskerfa og viðbrögðum einstaklinga við veikindum. Hún veitir yfirlit um helstu rannsóknarefni heilsufélagsfræðinnar, svo sem samfélagsleg áhrif á heilsufar, félagslega sköpun veikinda, notkun á heilbrigðisþjónustu og skipulagningu heilbrigðisstétta. Hún bendir á þá staðreynd að Íslendingar séu á meðal þeirra þjóða sem hvað best standa í alþjóðlegum samanburði á heilsufari, enda séu lífsskjör hér með besta móti, velferðarkerfið tiltölulega öflugt og félagslegt jafnrétti tiltölulega mikið í samanburði við aðrar þjóðir. Sigrún

AF AKRI ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI

telur að þau sérsvið heilsufélagsfræðinnar sem hlotið hafa hvað mesta athygli á Íslandi tengist félagslegum orsökum sjúkdóma og notkun á heilbrigðisþjónustu, en þó megi finna rannsóknir sem tilheyra öðrum sviðum hennar. Þar má til dæmis nefna rannsóknir á reynslu kvenna af meðgöngu, breytingum á einokunaraðstöðu lyfjafræðinga, áfengis- og vímuefnaneyslu unglunga og sjálfsvígum og sjálfsvígstíraunum mismunandi aldurshópa. Sigrún telur þjóðfélagsaðstæður og viðhorf samtímans kalla á breytta hugsun um samband heilbrigðis, veikinda og samfélags og heilsufélagsfræðinga bíði því margvísleg brýn verkefni á næstu árum.

Að lokum fjalla ritstjórar þessa verks um *Íslenska félagsfræði við upphaf 21. aldar*. Í þessum kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður er varða þróun og stöðu íslenskrar félagsfræði og rýnt í framtíðarhorfur greinarinnar. Sjónum er sérstaklega beint að þeirri þversögn að tengsl íslenskrar félagsfræði við almenning og stefnumótendur, erlenda félagsfræðinga og innlenda fræðimenn af öðrum sviðum séu sterk en innviðir greinarinnar hér á landi tiltölulega veikir. Félagsfræðingar séu dreifðir um háskólasamfélagið, tengsl milli mismunandi starfshópa séu takmörkuð og fjölbreytileg rannsóknarefnin ýti undir sundrunu greinarinnar. Höfundar telja þetta endurspegla ákveðinn vanda félagsfræðinnar á alþjóðavísu og telja samfélag félagsfræðinga á Íslandi vera með þeim hætti að þeir geti verið í fararbroddi samþættingar félagsfræðinnar á næstu árum.





ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI




HEIMILDIR

- Auður Styrkárdsdóttir. 1994. *Barátta um vald: Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908–1922*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Björn Björnsson og Pétur Pétursson. 1990. *Trúarlíf Íslendinga: Félagsfræðileg könnun*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Gestur Guðmundsson. 1992. *Ungdomskultur som overgang til lønarbejde*. København: Forlaget Sociologi.
- Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir. 1987. '68 – hugarflug úr viðjum vanans. Reykjavík: Tákn.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2004. „Íslenskar fjölmiðlafrannsóknir á fertugsaldri.“ *Birtist í þessu riti*.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2004. „Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll.“ *Birtist í þessu riti*.
- Guðmundur Finnbogason. 1911. *Den sympatiske førstaaelse*. København: Gyldendalske Boghandel/Nordisk Forlag.
- Guðmundur Finnbogason. 1915. *Vit og strit*. Reykjavík.
- Guðmundur Finnbogason. 1917. *Vinnan*. Reykjavík.
- Guðmundur Finnbogason. [1933] 1971. *Íslendingar – Nokkur drög að þjóðalýsingu*. Reykjavík: AB.
- Guðný Björk Eydal. 2004. „Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsóknna.“ *Birtist í þessu riti*.
- Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason. [1994] 2004. „Establishing a discipline: The impact of society on the development of Icelandic sociology.“ *Acta Sociologica*, 37, 303–312. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Fræðigreinin skýtur rótum: Áhrif þjóðfélagsafla á þróun íslenskrar félagsfræði.“
- Hermann Óskarsson. 1996. *En klasstruktur uppkomst och utveckling: Akureyri 1860 till 1940*. Göteborg: Sociologiska institutionen vid Göteborgs universitet.
- Hermann Óskarsson. 1997. „Stéttaskipting á Akureyri frá 1860–1940.“ *Súlu*, 24, 30–77.
- Hermann Óskarsson. 2003. „Þróun íbúa, atvinnulífs og stjórnmála á Akureyri eftir 1940.“ *Súlu*, 29, 126–142.
- Hildur Kristjánsdóttir. 2003. *Afbrot í Reykjavík: Samanburður á tðni tilkynnta afbrota í Reykjavík, Norðurlandaborgum, enskum og bandarískum borgum*. Reykjavík: Borgarfræðasetur
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þóroldur Þórlindsson. 2000. *Grunnvísindi á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarráð Íslands og Menntamálaráðuneytið.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir. [1997] 2004. „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum: Áfangi að stofnun nýrrar deildar.“ *Íslensk félagsrit*, 7–9, 3–43. *Birtist í þessu riti* í styttri útgáfu.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2004. „Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði.“ *Birtist í þessu riti*.
- Ingi Valur Jóhannesson og Jón Rúnar Sveinsson. 1981. „Housing in Iceland: Inflation helps those who help themselves.“ *Acta Sociologica*, 24, 223–237.
- ISA. 2004. *Research Committees*. International Sociological Association: <http://www.ucm.es/info/isa/rc.htm>.
- Ívar Jónsson. 1993. „Regimes of accumulation, microeconomies and hegemonic politics.“ *Capital & Class*, 50, 49–97.
- Ívar Jónsson. 1995. *West-Nordic Countries in Crisis: Neo-Structuralism, Collective Entrepreneurship and Microsocieties Facing Global Systems of Innovation*. København: Nyt fra Samfundsvidenskaberne.
- Ívar Jónsson. 1999. „Development, learning-processes and institutionalized racism.“ *Ethnic and Racial Studies*, 22, 113–135.
- Jóhann Hauksson. [2000] 2004. „Mentality is Half of Perception: Guðmundur Finnbogason – Icelandic Pioneer in Sociology.“ *Acta Sociologica*, 43, 307–315. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Hugur ræður hálfri sjón: Guðmundur Finnbogason, íslenskur frumkvöðull félagsfræðinnar.“
- Jón Gunnar Bernburg. 2004. „Afbrot og önnur frávík: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir.“ *Birtist í þessu riti*.
- Jón Rúnar Sveinsson. 2000. *Society, Urbanity and Housing in Iceland*. Gävle: Meyers.


AF AKRÍ ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI





- Jón Rúnar Sveinsson. 2002. *Húsnæðismál í Reykjavík, 1991–2000*. Reykjavík: Borgarfræðasetur.
- Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir. 2001. *Með félagsfræði í farteskinu*. BA-ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands.
- Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir. 2004. „Með félagsfræði í farteskinu: Nám og störf brautskráðra BA-nemenda í félagsfræði og þjóðfélagsfræði, 1974–2000.“ *Birtist í þessu riti*.
- Pétur Pétursson. 1983. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland, 1983–1930*. Helsingborg: Bokförlaget Plus Ultra.
- Pétur Pétursson. 1988. „The relevance of secularization in Iceland.“ *Social Compass*, 35, 107–124.
- Rumney, Jay. [1938] 1941. *The Science of Society: An Introduction to Sociology*. London: Duckworth. Bókin kom út í íslenskri þýðingu Guðmundar Finnbogasonar árið 1941 undir heitinu *Um Mannfélagsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Sigrún Ólafsdóttir. 2004. „Félagsfræði heilsu og veikinda.“ *Birtist í þessu riti*.
- Stefán Baldursson og Þórólfur Þórlindsson. 1990. „Stjórnspeki og miðaldaháskólar.“ *Skírnir*, 1990, 158–171.
- Stefán Hrafn Jónsson. 2004. „Lýðfræði Íslands.“ *Birtist í þessu riti*.
- Stefán Ólafsson. 1998. *Hugarfar og bagvöxtur: menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 2001a. *Borgaralýðræði og borgarskipulag*. Reykjavík: Borgarfræðasetur.
- Stefán Ólafsson. 2001b. *Þekkingarþorp: Aflstöðvar þekkingarbagkerfisins*. Reykjavík: Borgarfræðasetur.
- Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir. 2001. *Konur, flokkar og framboð*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Wolfgang Edelstein. 1988. *Skóli, nám, samfélag*. Reykjavík: Íðunn.
- Þorgerður Einarisdóttir. 2004. „Hið vísindalega er pólitískt: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga.“ *Birtist í þessu riti*.
- Þóroddur Bjarnason. 1998. „Parents, religion and perceived social coherence: A Durkheimian framework of adolescent anomie.“ *Journal for the Scientific Study of Religion*, 37, 743–755.
- Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. 2004. „Íslensk félagsfræði við upphaf 21. aldar.“ *Birtist í þessu riti*.
- Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. [2002] 2004. „Nordic impact: Article productivity and citation patterns in sixteen nordic sociology departments.“ *Acta Sociologica*, 45, 253–267. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Norræn áhrif í birtingum og tilvitnunum til tímaritsgreina í sextán norrænum félagsfræðideildum.“
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1993. *Tómstundir íslenskra ungmenna vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson. 1983. „Social organization and cognition.“ *Human Development*, 26, 289–307.
- Þórólfur Þórlindsson. [1982] 2004. „Icelandic Sociology: National Conditions and the Emergence of a new discipline.“ *Acta Sociologica*, 25(suppl.), 79–89. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Íslensk félagsfræði: Þjóðfélagsaðstæður við tilurð nýrrar fræðigreinar.“
- Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2000. *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga*. Reykjavík: Æskan.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 1994. *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Örn D. Jónsson. 1992. „Samkeppnisstaða Íslands og nýsköpunarmöguleikar komandi ára. Í Menntun og atvinnulíf. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.





ÞÆTTIR ÚR SÖGU ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRAEÐI





HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN: GUÐMUNDUR FINNBOGASON, ÍSLENSKUR FRUMKVÖÐULL FÉLAGSFRÆÐINNAR (2000)

Jóhann Hauksson

Dr. Guðmundur Finnbogason (1873–1944) bar hugmyndastraum félagsfræðinnar til Íslands í byrjun 20. aldar, sextíu árum áður en fræðigreinin festi rætur í Háskóla Íslands. Guðmundur kom heim frá námi í útlöndum í upphafi tuttugustu aldar, undir sterkum áhrifum frá Henri Bergson, William James og pragmatismannum. Hann lagði áherslu á mikilvægi eftirberma við að öðlast skilning á sálarlífi annarra, og líta má á verk hans sem fyrirboða þeirrar stefnu í félagsálfræði sem fjallar um táknbundin samskipti (symbolic interactionism). Doktorsritgerð hans (1911) um samúðarskilning var skrifuð á dönsku og þýdd nokkru síðar á frönsku. Franska þýðingin vakti athygli Jeans Piaget, og urðu kenningar Guðmundar um eftirbermur honum að umtalsefni.

Þessi grein birtist upphaflega í enskri þýðingu Jóhanns Haukssonar og Philips Vogler í sérriti *Acta Sociologica* (43, 307–315) um frumkvöðla norrænnar félagsfræði árið 2000 undir heitinu *Mentality is Half of Perception: Guðmundur Finnbogason – Icelandic Pioneer in Sociology*. Greinin birtist hér í fyrsta sinn á íslensku.

Inngangur

Hér er ætlunin að gera grein fyrir einum helsta lærdómsmanni Íslendinga á fyrri hluta aldarinnar, dr. Guðmundi Finnbogasyni (1873–1944), og helstu ritverkum sem eftir hann liggja frá fyrstu áratugum aldarinnar. Guðmundur kom óvenju víða við í ritum sínum og með nokkrum rétti mætti kalla hann síðasta alfræðing íslensku þjóðarinnar. Bókmenntir, stjórnmál, heimspeki, félagsfræði, sálarfræði, menning, verkmenning, saga, siðfræði, skipulagsmál, fagurfræði, uppeldis- og kennslumál, málhreinsun, orðasmíð, vinnuvísindi, myndlist, tónlist, kveðskapur; um allt þetta fjallaði Guðmundur og meira til. Hann lagði sig eftir því að varðveita menningararfleifð Íslendinga í Vesturheimi, hann ritaði greinar um andlitsfarða kvenna og bölv og ragn svo enn sé nokkuð nefnt. Hér er þess ekki kostur að gera fræðistörfum hans tæmandi skil, heldur verður látið nægja að draga fram meginstef og vitna til þeirra rita sem frekast geta talist framlag hans til félagsfræði og félagsálfræði.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Árið 1911 varði Guðmundur Finnbogason doktorsritgerð sína við Kaupmannahafnarháskóla. Hún bar titilinn *Den Sympatiske Førstaaelse*, eða „Samúðarskilningurinn“. Ári síðar gaf hann út gagnmerka bók, *Hugur og heimur*, sem að verulegu leyti byggist á fyrirlestrum sem hann hafði flutt í Reykjavík veturinn áður. Í doktorsritgerðinni, í fyrirlestrunum og loks í *Huga og heimi* skýrði hinn nýbakaði doktor fræðileg hugðarefni sín og viðfangsefni síðustu ára, og boðaði í ýmsum efnum nýjan skilning og ný viðmið sem hann hafði kynnst í námi sínu erlendis. Hann hafði víða farið, til Þýskalands og Frakklands, en þar sótti hann meðal annars fyrirlestra hins víðþekkta heimspekings og rithöfundar, Henris Bergson. Guðmundur (1912, bls. 119–137) gerir grein fyrir kenningu Bergsons um samband meðvitundar og líkama í *Huga og heimi*, en nokkrum árum áður hafði hann þýtt ritgerð eftir Bergson um listir, og birtist hún í *Skírni* árið 1906. Bergson var tvímælalaust annar þeirra tveggja heimspekktra samtíðarmanna Guðmundar á sviði heimspeki og sálarfræði sem mest áhrif höfðu á fræðilega afstöðu hans. Hinn var Bandaríkja- maðurinn William James, sem ásamt C.S. Peirce var einn helsti frumkvöðull þeirrar stefnu í heimspeki og sálarfræði sem pragmatismi nefnist.

Eitt af því sem einkennir pragmatisma er óvenjulegt viðhorf til sannleika. Árið 1912 þýddi Guðmundur yfir á íslensku fræga ritgerð eftir William James (1912, bls. 151–170). James segir þar á einum stað, að sannleiki hugmyndar sé ekki fastur eiginleiki, fölginn í henni sjálfri. Hugmynd verði sönn þegar atvikin færa smám saman sönnur á hana. Sannleiki sé því í raun réttari það atvik eða sá atburður sem sannar hugmyndina, sannfærir um sannleika hennar. Gildi hugmyndar er því fölgandi í notagildi hennar. Síðar segir James: „Hið sanna er í stuttu máli ekki annað en hagkvæmur hugsunarháttur alveg eins og hið rétta er ekki annað en hagkvæmur lífærisháttur.“ Þetta viðhorf til sannleika gerir Guðmundur Finnbogason að sínu í *Huga og heimi*. Guðmundur gerði grein fyrir viðfangsefni og sjónarhætti sínum í fyrsta fyrirlestrinum í bókinni:

En um leið og oss verður ljóst hvers eðlis sú þekking er, sem náttúruvísindin veita oss, mun sú spurning vakna, hvort vér höfum enga aðra þekkingu, og hvort allur skilningur sé sama eðlis. Hvernig er t.d. varið skilningi vorum á sálarlífi annarra manna? Ber hann sömu einkenni og skilningur sá sem náttúruvísindin veita oss; hjálpar hann oss til að sjá breytni manna fyrir og gefur oss þannig vald yfir þeim? Á því er enginn efi, að mikið af þekkingu vorri á öðrum mönnum, mikið af því sem vér köllum skilning á sálarlífi þeirra, er þessa eðlis. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 17).

Þarna kemur Guðmundur strax í upphafi fyrirlestra sinna að höfuðviðfangsefninu í doktorsritgerðinni um samúðarskilninginn. Hvernig er skilningi okkar á sálarlífi annarra háttað? Viðfangsefnið er hvorki lítið né einfalt, en við höfum tæki til

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

Þess að takast á við vandann – við höfum tungumálið og hugtökin. Er það ekki einmitt tungumálið sem fyrst og fremst gerir okkur kleift að skilja hvert annað? Um hugtökin segir Guðmundur:

Ég veit ekki með vissu hver myndað hefir orðið hugtak, en það er vel gert og viturlega. Það er sniðið eftir orðinu handtak. Eins og hvert handtak verður að eiga við þann hlut sem gripinn er, vera eins og mót, sem hluturinn fellur í, þannig verður hvert hugtak að vera sniðið eftir þeim hlut eða þeirri hugmynd sem það á við. Eins og sama handtak getur átt við marga hluti, sem eru eins að lögun, þó úr ólíku efni séu, t.d. þrjár pennastengur, sem eru eins lagaðar, þó ein sé úr beini, önnur úr kork, þriðja úr eik, eins getur sama hugtak átt við mismunandi hluti, ef þeir eru eins að einhverju leyti. Hugtakið sem táknað er með orðinu „pennastöng“, á við allar þær stengur sem hafðar eru til að festa penna í og skrifa með. Hugurinn tekur þær allar sama taki að þessu leyti. ... Hugtökin eru þannig horf hugarins við hlutunum. Alt það á sér greiðan aðgang að huga vorum, er hann kann tök á í hvert skiptið. Hitt fer löngum fyrir ofan garð og neðan. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 29).

Þarna gætir augljóslega pragmatismans. Einn og sami hluturinn getur haft margvíslega merkingu eftir tilefnum og þörfum. Guðmundur orðar það svo að hugtökin sýni tiltekið horf við hlutunum.

Reynum þessu næst að gera okkur grein fyrir áhrifum franska heimspekingsins Henris Bergson á fræðilega afstöðu Guðmundar. Eins og áður segir gerði Guðmundur stuttlega grein fyrir kenningu Bergsons um samband meðvitundarinnar við líkamann í einum fyrirlestra sinna árið 1911. Hann gat þess í upphafi máls, að þetta hefði ætíð verið eitt allra erfiðasta viðfangsefni mannshugans:

En hvar er nú meðvitund mín um þessa mynd [af salnum], meðan ég horfi á hana? Er hún ef til vill í höfðinu á mér? Ég svara að eins fyrir mig og svarið er þetta: Að svo miklu leyti sem meðvitund mín um þessa mynd er skynjan, þá get ég ekki greint hana frá myndinni sjálfri. Það tvent fellur í þessu tilfelli alveg saman. Nú flyt ég mig til, og þá breytist myndin, þó alt í salnum sé hreyfingarlaust nema ég. Allir hlutar myndarinnar breytast í senn, ef ég hreyfi mig. Ég sé þá t.d. óskýrara, þegar ég færist fjær. Eina breytingin sem hefir orðið hér inni var sú, að sá partur heildarinnar sem ég kalla líkama minn, breytti afstöðu sinni við hina partana, og þar með breyttist þó öll myndin. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 121).

Bergson var greinilega einnig hallur undir pragmatisma að hætti James í þeirri trú að þótt maðurinn ætti í sjálfu sér að geta skynjað allan veruleikann í senn með skynfærum sínum, þá velur hann úr það eitt sem gagnlegt reynist eða hagfellt, t.d. það sem getur orðið lífinu til framdráttar. Þannig er um að ræða úrval þess sem

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

skynjanlegt er og þannig er maðurinn með athöfnum sínum virkur í sköpun veruleika síns. Hann tekur ekki á einfaldan hátt við umhverfinu með því að ljúka upp augum, eyrum og öðrum skynfærum. Við tókum eftir því að Bergson hafði kenningu um samband meðvitundarinnar við líkamann. Hér er hins vegar rætt um samband einstaklingsins og veruleikans utan hans. Bergson leit þannig á, að hlutir í ytri veröld endurspegluðu ósköp einfaldlega möguleika eða getu mannsins til þess að skynja þá. Skynfærin eru með tilteknum hætti úr garði gerð, og hlutirnir endurspeгла eiginleika skynfæranna. „Hlutirnir umhverfis líkama minn endurspeгла mögulega verkan líkama míns á þá,“ segir Bergson ([1896] 1913, bls 5) í riti sínu um *Efnið og minnið*, en þar fjallar hann um samband líkama og sálar.

Afstaða Bergsons er nánast sú, að við skynjum hlutina eins og okkur hentar, þ.e. á þann hátt sem reynist hagkvæmur í bráð og lengd. Þetta sjónarmið Bergsons hefur reynst þekkingarfræði 20. aldar afar afdrifaríkt. Þannig sótti til dæmis ekki ómerkari fræðimaður en Jean Piaget þessa hugmynd í smíðju Bergsons. Reyndar var það svo, að Piaget lagði ungur stund á líffræði og dýrafræði, en kynni hans af kenningum Bergsons urðu til þess að hann sneri sér að grundvallarspurningum um það, hvernig einstaklingurinn aflar sér þekkingar frá fyrstu tíð. Hér er vert að kanna afstöðu Guðmundar til sambandsins milli einstaklingsins og veruleikans:

Vér erum ekki að spyrja um hvað þeir eða þeir telji veruleika, heldur hvað veruleikinn sé, hvað hann sé í sjálfu sér, hvað sem Pétur og Páll svo hugsa um hann. Í flestum mönnum er rótgróin þessi skoðun, að hið eina nauðsynlega og sáluhjálplega væri það að þekkja hlutina eins og þeir eru, óháðir allri mannlegri skynjan. Ég fyrir mitt leyti hefi aldrei skilið þennan hugsunarhátt, og ég sé ekki betur en að það komi oss ekkert við, hvernig hlutirnir eru í sjálfu sér, ef það er um alla eilífu útilokað að vér getum reynt þá eins og þeir eru. Það sem oss kemur við, er hvernig þeir reynast oss og öllum mönnum í bráð og lengd... Nei, sá veruleiki sem aldrei með neinum hætti getur orðið þáttur af meðvitund nokkurrar lifandi sálar, kemur oss ekkert við. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 148).

Í doktorsritgerð sinni ver Guðmundur það sjónarmið að eftirhermur, hneigðin til að herma eða líkja eftir hátterni annarra, svo sem látbragði þeirra eða svipbrigðum, sé lykillinn að því að skilja sálarlíf annarra. Það er tækið sem brúar bilið milli manna og gerir að verkum að þeir lifa ekki hver í sinni einkaveröld:

Þegar vér virðum vel fyrir oss form hluta eða hreyfingar þeirra, eða hlustum með óskiftri athygli á hljóð, þá vaknar löngum hjá oss hneigð til að líkja eftir því sem vér sjáum eða heyrum, líkja eftir því með vöðvahreyfingum sem verða í líkömum vorum. Að þetta er svo ef vér t.d. virðum skrifaðan staf fyrir oss með óslitinni at-

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

hygli, er hægt að sanna með tiltölulega einföldum tilraunum, sem sýna, að höndin hreyfist ósjálfrátt ögn til að eftirmynda stafinn. En ef vér þannig höfum hneigð til að líkja eftir slíkum dráttum, þá má búast við að hneigðin sé ekki minni til þess að líkja eftir þeim formum og hreyfingum, sem líkjast því sem á sér stað hjá oss sjálfum og vér ættum því að finna hjá mönnum ósjálfráða hneigð til að líkja eftir látbragði og hreyfingum, svip og stellingum annarra manna, og þá jafnframt eftir þeim hljóðum sem þeir gefa frá sér. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 171).

Þetta skýrir Guðmundur svo með margvíslegu móti:

En hvernig er því nú varið, þegar vér þykjumst skilja sálarlíf annarra af svipbrigðum þeirra, eða af „tóninum“ sem þeir tala í? Er gleðin, sem vér verðum áskynja um af brosinu, eitthvað sem liggur fyrir utan brosið sjálft og greina má frá því, eða er angistin, sem angistaróp annars manns gefur oss vitneskju um, fyrir áheyrandann aðgreinanlegt frá ópinu sjálfu? Ég get aðeins svarað fyrir sjálfan mig, en reyndar býst ég við að öðrum sé líkt farið og mér í þessu efni. Ég heyri angistina í angistarópinu, ég sé gleðina í brosinu. Þar sem allir þeir hlutir sem angistarópið eða brosið eiga við eru aðgreinanlegir frá því, hafa tilveru sína annarstaðar, þá er sálarástandið sem það veitir oss vitneskju um oss gefið í því sjálfu og óaðgreinanlegt frá því í, í sama skilningi og tónhæðin er óaðgreinanleg frá tóninum sjálfum. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 209).

Hugur ræður hálfri sjón

„Lífið er allt ýmist eftirlíking eða nýbreytni, eða hvorttveggja í senn og er það tíðast. Sá sem líkir eftir öðrum verður sjaldan alveg eins, heldur annað hvort betri eða verri en fyrirmyndin.“ Þannig kemst Guðmundur Finnbogason (1917, bls. 17) að orði í riti sínu *Vinnunni*, en meginefni þess sótti hann í fyrirlestra sem hann hafði flutt veturinn áður við Háskóla Íslands. Í einum fyrirlestranna hafði hann reynt að varpa ljósi á kappsemi og hvernig mönnum hleypur kapp í kinn. Umræða Guðmundar um kappið sýnir á kjarnyrktan hátt hversu mjög hann leitaði félagsfræðilegra og félagssálfræðilegra skýringa á mannlegu hátterni. Með gildum rökum má segja að Guðmundur Finnbogason hafi verið fyrsti eiginlegi félagsfræðingurinn hér á landi, eins og leitast verður við að sýna fram á hér á eftir.

Bandaríkjamaðurinn Norman Triplett hafði átján árum áður gert það sem margir telja vera fyrstu félagssálfræðilegu tilraunina. Hún fólst í því að festa handsnúna hjólsveif við endann á tveggja metra löngu skafti. Á hinn endann festi hann annað hjól eða blökk. Milli þessara tveggja hjóla strengdi hann þráð sem hægt var að snúa líkt og færibaldi þegar sveifinni var snúið. Með því að festa litla veifu á þráðinn mátti fylgjast með því hvernig hún fór hring eftir hring þegar sveifinni var snúið. Þar sem skaftið var tveggja metra langt fór merkið á þráðinum fjóra metra frá því það lagði af stað frá sveifarhjólinu þar til það kom aftur að upphafspunkti.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Triplett gerði tilraun með að láta tvo og tvo keppa hlið við hlið um það hver fljótastur væri að snúa merkinu á þræðinum og fá það aftur í höfn. Triplett kveðst hafa gert tilraunina á 225 einstaklingum á öllum aldri, en af ókunnum ástæðum gerir hann aðeins grein fyrir niðurstöðu hjá um fjörutíu börnum og ungmennum á aldrinum átta til sautján ára¹.

Í sem skemmstu máli var niðurstaðan sú, að 20 barnanna sneru hjólinu hraðar en ella þegar einhver atti kappi við þau. Tíu sneru hjólinu hægar í kappi við annan. Í þriðja hópnum voru börn og ungmenni sem hvorki hertu né hægðu á snúningi sveifarinnar þegar þeim var veitt keppni.

Ekki verður í fljótu bragði séð að þessar niðurstöður styðji á einhlítan hátt tilgátu Triplettis um hvetjandi áhrif samkeppninnar. Triplett dró engu að síður þá ályktun að börnin sem hægðu á sér gerðu það fyrir einskonar ofuráhrif frá keppinauti. Nærvera hans leysti úr læðingi of sterkt viðbragð eða of mikla spennu sem yrði þessum tiltekna hópi barna og ungmenna fótakefli í keppni. Loks ályktaði Triplett sem svo að hópurinn sem hvorki sýndi betri né verri árangur þegar honum var veitt keppni hefði þegar í upphafi náð sínum besta árangri og þar við sæti. Taka mætti niðurstöður Triplettis saman á eftirfarandi hátt: Almennt nær einstaklingur betri árangri og vinnur meiri afrek þegar att er kappi við hann en þegar hann reynir sig einn. Þó geta áhrifin af nærveru keppinautar orðið of sterk, með þeim afleiðingum að árangurinn versnar.

Því skyldi nú vera sagt frá fyrstu félagssálfræðilegu tilrauninni í umfjöllun um verk Guðmundar Finnbogasonar á sviði vinnuvísinda? Eins og áður hefur verið vikið að, gerði Triplett tilraun sína skömmu áður en 20. öldin gekk í garð. Guðmundur kynnist vinnuvísindunum um tíu árum síðar og leitadist við að halda þeim á lofti á Íslandi. Einn tilgangur þeirra vísinda er að finna leiðir til þess að auka hagkvæmni í störfum manna, ná auknum afköstum, sem að sínu leyti getur leitt til hærri launa. Þessi vísindi voru vísir að því sem síðar varð að nútímalegum stjórnunarfræðum². Hér verður ekki staldrað við vinnuvísindin sjálf heldur ákveðna ráðgátu sem fram kemur í tilraun Triplettis og verki Guðmundar: Hvers vegna leggja menn sig betur fram á sundi, hlaupi eða í hverju sem er, ef þeir keppa við einhvern að markinu, heldur en þegar þeir keppa einir?

Guðmundur leitar fyrst svara við þessari spurningu í doktorsritgerð sinni um samúðarskilninginn árið 1911, en grunnhugmyndin kemur þó einnig fyrir í síðari rit-

¹ Hér er stuðst við lýsingar Johans Asplunds á tilraun Triplettis í *Det sociala livets elementära former* sem út kom 1987.

² Guðmundur Finnbogason kynnti sér bandarísk vinnuvísindi og Taylorismann á fyrsta og öðrum tug 20. aldarinnar og reyndi árangurslítið að innleiða nýjar aðferðir til þess að auka afköst í landbúnaði og fiskvinnslu á Íslandi.

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

um hans. Í einum fyrirlestranna í *Vinnunni* frá 1917 fjallar Guðmundur um eftirlíkingu og kapp:

Það er kunnugt, að hestar eru fljótari að taka sprettinn, ná meiri flýti og halda honum betur í kappreið en einreið. Keppinauturinn magnar kappið í hestinum. Vér getum varla gert ráð fyrir því að hesturinn hafi ljósa hugmynd um hlutverkið, að komast sem lengst á sem stystum tíma. Hitt mun nær sanni, að eftirlíking og kapp sé hjá hestinum óaðgreint. Hann sér keppinautinn, eða heyrir fótatakið, eða hvorttveggja, og það stælir vöðvana ósjálfrátt til hlaupsins. En menn leggja sig líka betur fram á sundi, hlaupi eða í hverju sem er, ef þeir keppa saman að markinu, heldur en þegar þeir keppa einir. Það mun koma af því, að sá sem keppir einn, hann finnur að vísu hvað áreynslunni líður, en síður hvað tímanum líður. Sá sem sér keppinautinn við hlið sér, hefir hann fyrir einskonar úr á leiðinni, og þegar keppinauturinn er að komast fram úr þá er það hinum bending um hvað takast má og herðir á áreynslunni. Hins vegar getur kappið líka magnast við að sjá kappið í svip og hreyfingum keppinautsins, því að það vekur hneigð til eftirlíkingar og þar með skapið sem slíkum svip og hreyfingarhætti fylgir. En að því slepptu, held ég að vél sem hreyfðist sjálf rétt á undan sundmanninum eða hlauparanum, með þeim hraða sem hann gæti mestum náð, væri honum nokkurn veginn jafngóður keppinautur og lifandi maður ... En hvernig stendur á því, að kappið verður að jafnaði meira, þegar keppinautarnir hafa sinn hvort félag eða sinn hvora þjóð að baki sér, og því magnaðra sem þessar heildir eru fjölmennari og áhuginn meiri hjá hverjum einstakling þeirra? Það mun koma af því, að kappið sem kappinn mætir í svip, fasi, orðum og gerðum félaga sinna magnar kappið í honum sjálfum, fyrir ósjálfráða eftirlíkingu. Af þeirri orsök verða allar gedshræringar því sterkari sem múgurinn sem þær lifa í er stærri. Vér segjum að það sé kapp í áhorfendum við kappleik, þó þeir taki engan verklegan þátt í kapprauninni, og ef vér förum að athuga hvers eðlis það kapp er, þá sjáum vér, að það er hugmyndin um hlutverkið, sem æsir þá upp engu síður en kappana sjálfa. Áhorfendurnir fylgja hverri hreyfingu kappans með athygli, teygja sig ef til vill ósjálfrátt í áttina að markinu, eftir því sem hlauparinn eða kappreiðarmaðurinn nálgast það, og sé kappraunin glíma, má stundum sjá áhorfendur bera fætuna ósjálfrátt til líkt og þeir væru í glímunni sjálfir. (Guðmundur Finnbogason, 1917, bls. 71).

Guðmundur heldur hér fram mikilvægu atriði um kappið: Að hver sá sem keppir við einhvern standi sig betur og nái betri árangri en ella. Keppinautur hefur hvetjandi áhrif, hann espar, hann magnar kapp þegar hann hleypur skrefi fram. Keppinauturinn verkar því sem gangráður. Þetta er um margt merkilegt og forvitnilegt fyrirbæri, ekki síst fyrir þær sakir, að enn hefur engin endanleg og tæm- andi skýring fengist á því hvers vegna þessu er svona háttað; að í samfélagi – eða segjum samkeppni – tveggja eða fleiri á keppnisbrautinni sýna menn betri árangur en væru þeir að keppa hver og einn fyrir sig.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þegar Triplett gerði tilraun sína og komst að því að árangur manna væri betri þegar þeir etja kappi við annan, eða í nærveru annars, var sem niðurstaða hans væri á vissan hátt ófullnægjandi. Veitir keppinauturinn, eins og í tilrauninni, eitthvert áreiti sem hvetur til meiri afkasta? Hvert er keppikeflið og hver er hvatin? Hér virðast líffræðilegar, sálfræðilegar og félagsfræðilegar skýringar koma til álita. Þegar litið er til þess sem Guðmundur hefur að segja um hneigðina til að líkja eftir, herma eftir, má ætla að skýringarnar liggi á mörkum félagsfræði og sálarfræði. Menn nema gedshræringar annarra með því að herma eða líkja eftir athöfnum þeirra við hinar eða þessar aðstæður. Þannig fæst þeirra ged og þeirra horf við tilverunni, eins og Guðmundur hefði orðað það. Þetta er uppspretta samúðarskilningsins; með eftirlíkingu taka athafnir annarra að læsa sig um sjálfan mann, hefði Guðmundur sagt.

Þetta er vitanlega félagssálfræðileg skýring. Í *Vinnunni segir* Guðmundur á einum stað (1917, bls. 72): „Hins vegar getur kappið líka magnast við að sjá kappið í svip og hreyfingum keppinautar, því að það vekur hneigð til eftirlíkingar og þar með skapið sem slíkum svip og hreyfingarhætti fylgir.“ Hér er hermihneigðin sjálf þó óútskýrð, en ekki er svigrúm til að fjalla um þann vanda hér.

Allt felur þetta í sér sögu hugmynda; hvernig hugmyndir fæðast, dafna, lykja sig um gervallan hugmyndaheiminn, verða hluti heimsmyndar og visna loks ef þær standast ekki afl sífelfldrar þekkingarleitar. Triplett benti einfaldlega á að í félagi við aðra íþróttamenn, með keppinauta sér við hlið, sýna menn venjulega betri árangur en þegar þeir reyna sig í einrúmi. Þetta gera menn án þess að vita hverju það sætir.

Látum þetta nægja um Triplett-tilraunina. Tilraunin var mikilvæg því hún markaði upphaf nýrra vinnubragða innan mannvísindanna. Ekki varð lengur fram hjá því horft að maðurinn væri félagsvera og skýringar á mannlegu hátterni gátu ekki lengur verið einvörðungu sálfræðilegar án framlags frá félagsfræðinni. Skýringarnar urðu að taka mið af samlífi manna, ekki aðeins venjum einstaklinga eða einstaklingsæðli mannsins.

Eftirherma og samskipti

Getur verið að sjálfsvitund mannsins hafi orðið til á árdögum mannlífs á jörðu, og að mannum hafi stig af stigi tekist að binda og meðhöndla veruleikann í krafti tungumálsins og stíga með þeim hætti fæti sínum út úr augnablikinu? Bandaríski félagsfræðingurinn George Herbert Mead, samtíðarmaður Guðmundar Finnbogasonar, var með afbrigðum róttækur og frumlegur um þessi atriði (Mead, 1972; sjá einnig Joas, 1985). Hann sló því föstu að táknbundin samskipti manna væru hvorki meira né minna en óhjákvæmileg forsenda sjálfsvitundar, í það minnsta þegar slík samskipti væru samofin tungumáli og hugtökum. Hér skal haft í huga að Guð-

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

mundur Finnbogason líkti hugtökum við handtök: „Eins og hvert handtak verður að eiga við þann hlut sem gripinn er, vera eins og mót, sem hluturinn fellur í, þannig verður hvert hugtak að vera sniðið eftir þeim hlut eða þeirri hugmynd sem það á við.“

Mead hélt því með öðrum orðum fram að tilurð sjálfsvitundar á þróunarbraut mannkynsins væri órjúfanlega tengd því að maðurinn hefði með táknkerfi tungumálsins komið sér upp tæki, eða tækni, til að meðhöndla veruleikann. Í krafti þess er mannum kleift að setja sér fyrir sjónir eigin gjörðir og viðbrögð annarra við þeim áður en til þeirra er gripið. Vera má að í upphafi mannlífs á jörðu hafi samskiptin eða boðskiptin innan hópsins verið einföld svipbrigði, hreyfingar og hljóð sem gegndu því hlutverki að liðka fyrir verkaskiptingu og samskiptum sem miðuðu að viðhaldi lífsins. Þetta er áhugaverð kenning og í ljósi hennar virðist rökrétt að ætla, að maðurinn sé því aðeins í stakk búinn til að meta eigin athafnir á hlutlægan hátt að honum sé kleift að sjá og meta sjálfan sig frá sjónarmiði annarra. Þetta er lykilatriði í kenningu Meads um sjálfsvitundina, og um það notaði hann hugtakið „role-taking“, að setja sig í annarra spor.

Hvernig setjum við okkur í spor annarra? Við skulum byrja á því að líta á hvað Guðmundur Finnbogason hafði um áþekka hluti að segja í ritinu *Hugur og heimur* frá árinu 1912:

Ég hélt því fram, að svipbrigði, líkamsburðir og allt látæði annarra manna gæti bergmálað í oss, er vér virðum það fyrir oss með óskiftri athygli, og að af þessu bergmáli, þessari ósjálfráðu eftirlíkingu eða hneigð til hennar, stafaði skilningur vor á sálarástandi annarra manna, vér gætum fundið svip annarra læsa sig um andlitið á sjálfum oss og orðið þess varir hvernig þeirra skap um leið kæmi í oss. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 262).

Þar með virðist opin leið til að gera sérkennileik annarra manna innlífan sér, því takist einhverjum að líkja eftir svip, líkamsburði, hreyfingum og athöfnum annars manns, öllu hans ytra gerfi, þá „stillist“ hann á sama hátt eins og hinn gagnvart hlutunum, og getur því að nokkru leyti fengið sömu sjón og sama geð á þeim eins og hann. (Guðmundur Finnbogason, 1912, bls. 250).

Hugtakið stilling, sem Guðmundur notar þarna, virðist sambærilegt hugtaki Meads um það að setja sig í annarra spor. Guðmundur er þó einkum að segja lesandanum hvernig allt skap manna, sálarástand og horf við hlutunum getur litast af skapi og ástandi annars manns, líki maður eða hermi eftir honum. Mead gerir sér meiri mat úr þessari sömu grunnhugmynd þegar hann segir að sérhver maður setji sig óhjákvæmilega í spor annarra þegar hann á samskipti við aðra með tungumáli.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Tungumálið er sneisafullt af mannlegum athöfnum, handtökum í hugtökum. Tungumálið gerir mennina framsýna; í krafti þess er manninum gerlegt að sjá, meta og áætla hið innra með sér, áður en hann svo að segja leysir athafnir úr læðingi á ytri og sýnilegan hátt. Hér er höfuðnaðsyn að skilja að tungumálið er sameiginlegt öllum sem það tala. Menn lifa í sameiginlegum merkingarheimi tákanna og er tungumálið þannig brú manna á milli. Þeim sem náð hefur valdi á tungumálinu verður þannig kleift að meta athafnir sínar frá sjónarhóli annarra.

Sem pragmatistar hefðu Mead og Guðmundur örugglega báðir orðið fljótir til að viðurkenna að *notkun* tungumálsins er það sem máli skiptir. Tunguna er ekki hægt að nota hvernig sem er, því sá sem fer einkabrautir í þeim efnum á það á hættu að slitna úr merkingarbærum samskiptum við aðra menn. Sem dæmi má taka margslungna, en þó hlutlæga merkingu hugtaksins „spark“ í samskiptum manna. Í fyrstu má vera að barnið sparki blint og óheft. Sparkið getur þó ekki verið siðlaust, því það stendur enn utan við siðakerfi manna. Um leið og barnið hefur lært hugtakið „spark“ og vinnur með það í vitund sinni, áttar það sig á því að spark getur valdið öðrum sársauka, spark getur verið siðlaust eða réttlætanlegt, að það er annað að sparka í bolta eftir leikreglum en að sparka í mann út á götu, og svo framvegis. Þegar barninu verður þetta ljóst, getur það aldrei framar sparkað í tómarúmi. Spark er orðið hugtak sem sveigir sig að ólíkum aðstæðum, það er orðið merkingarþætt, hlutlægt og umhugsunarvert, eins og verða vill í árangursríkum samskiptum manna.

Í verkum sínum í byrjun aldarinnar fór Guðmundur Finnbogason því ótrúlega nærri frægri kenningu Meads og Chicago-skólans um félagslegan uppruna sjálfsvitundarinnar. Af texta *Huga og heims* (1912) má ráða, að í huga Guðmundar sé náð samband milli athafna og orða. Verkin tala og orðin ljá verkunum merkingu. Eftirtektarvert er hversu þunga áherslu Guðmundur leggur á að með því að líkja eftir athöfnum annarra, svipbrigðum og látæði, opnast leið til þess að „gera sérkennileik annarra innlífan sér“, eins og hann orðar það. Maður stillist þá á sama hátt eins og hinn gagnvart hlutunum. Með þessu leitast Guðmundur við að skýra hvernig skilningi okkar á geðshræringum og ástandi annarra er háttað. Lengra virðist hann þó ekki fara, þótt kenningin renni að mörgu leyti í sama farvegi og kenning Meads. Ólíkt Mead notar Guðmundur sér ekki þá hugmynd að samskipti séu gagnhverf og opni leið til þess að vega og meta sjálfan sig frá sjónarhóli annarra. Með því að líkja eftir öðrum, leika aðra, þróa háttalagið áfram, ná haldi á athöfnum og binda þær í hugtök eftir hentugleikum kviknar líka sjálfsvitundin hægt og bítandi frá barnæsku og endurspeglar félagslega verund mannsins.

Guðmundur Finnbogason dregur aldrei sjálft tungumálið inn á svið athugana sinna á sama hátt og Mead. Hann gefur því ekkert sérstakt hlutverk í röksemdafærslum sínum um samúðarskilninginn, að öðru leyti en því að hann álitur að mað-

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

urinn öðlist skilning á geðshræringum annarra með því að herma eftir hátterni annarra, þar með töldum hljóðum þeirra. Ekki verður ráðið af verkum Guðmundar Finnbogasonar hvort hann þekkti til verka Meads eða annarra félagsfræðinga í Chicago. Þó er alls ekki loku fyrir það skotið að Guðmundur hafi kynnst verkum hans eða annarra sem aðhylltust grundvallarkenningar Chicago-skólans þegar hann fór til Bandaríkjanna 1916 og heimsótti þar marga háskóla, meðal annars háskólann í Chicago.

Hér gætum við lagt hugmyndasögulega lykkju á leið okkar. Guðmundur þekkti nefnilega einnig til verka Georgs Simmel. Simmel, sem fæddur var árið 1858 og dó árið 1918, var einn af frumkvöðlum félagsfræðinnar í Þýskalandi og kenndi lengst af við Berlínarháskóla. Starfsferill Simmels við Berlínarháskóla var sérkennilegur, því þótt hann væri vinsæll fyrirlesari, gegndi hann lengst af ólaunaðri aðstoðarkennarastöðu við skólann, þar sem hann kenndi í um þrjátíu ár. Það var ekki fyrr en fjórum árum fyrir dauða sinn sem hann hlaut prófessorsstöðu í Strassburg.

Simmel (1981) studdi kenningar sínar ekki vísindalegum rökum í jafn ríkum mæli og samtímamenn hans sem einnig fengust við félagsfræðileg viðfangsefni, en naut þó viðurkenningar sem mikill hugsuður búinn leiftrandi innsæi. Hann var tengdur Suðvestur-þýska skólanum svonefnda, þeim fræðimönnum sem fetuðu í fótspor heimspekingsins Immanuel Kant, hins velþekkta stórveldis í heimspeki síðari tíma. Til þessa hóps heyrdi meðal annarra Rickert, Lask og sálfræðingurinn Münsterberg, sá er Guðmundur Finnbogason vitnaði stundum til í fyrri ritum sínum og síðar varð prófessor við Harvardháskóla í Bandaríkjunum. Georg Simmel hafði á ýmsa lund sterk áhrif á Chicago-hreyfinguna vestanhafs í félagsfræði, en fyrrnefndur nafni hans, George Herbert Mead, tilheyrði þeim skóla.

Simmel hafði fyrst og fremst áhuga á samlífsformi manna eða formi félagslegra samskipta, því innihald samskipta gæti verið afar mismunandi þótt form þeirra sé hið sama. Þannig leiddi athugun á heimavistarskóla til dæmis í ljós að árekstrar voru miklu tíðari meðal nemenda sem voru þrír saman á herbergi en þeirra sem voru ýmist tveir eða fjórir á herbergi. Á þriggja manna vistinni báru nemendurnir að oft mynduðu tveir bandalag gegn þeim þriðja; héldu honum úti í kuldanum ef svo má segja. Þetta gerðist hins vegar sjaldan þar sem tveir eða fjórir bjuggu saman á herbergjum. Simmel telur að þarna sé um að ræða ákveðið form samskipta sem einkenni þriggja manna hópa, en samskipti innan þeirra séu óstöðug óháð innihaldi þeirra, þ.e.a.s. óháð því sem um er að vera innan hópsins. Simmel var auk þess einn þeirra sem taldi samskiptin milli einstaklinga vera burðarás mannlegs samfélags. Slík samskipti taka á sig mismunandi form; nefna má ríki, kirkju, fjölskyldu, hagsmunasamtök og íþróttafélög, en innan þeirra allra rennur hátterni manna í ákveðnum farvegi. En samskiptin hafa líka aðra ásýnd.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Einn er afbrýðisamur út í annan, fólk skrifast á eða snæðir saman kvöldverð að því er virðist óháð ólíkum hagsmunum, og slík samskipti augliti til auglitis geta verið ánægjuleg eður ei.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt um Georg Simmel er einkar athyglisvert að Guðmundur Finnbogason skyldi þýða og endursegja kafla úr *Soziologie*, riti Simmels um félagsfræði. Þýðingin birtist í tímaritinu *Skírni* árið 1912 og ber heitið *Skynfærin og samlífið*. Athygli vekur að þessi grein birtist hér á landi aðeins tíu árum eftir að G.H. Mead hafði birt gagnrýni um eitt helsta rit Simmels, *Heimspæki peninganna* (Philosophy of Money), í tímariti vestanhafs um pólitíska hagfræði.

Af framansögðu má ljóst vera að grundvallarafstöðu Guðmundar Finnbogasonar svipar í fræðilegu tilliti afar mikið til samskiptafræðinnar (interactionism) sem Chicago-skólinn hóf til vegs og virðingar. Líkt og Guðmundur, var helsti forvígismaður Chicagostefnunnar, George Herbert Mead, undir áhrifum þróunarhyggjunnar og pragmatismans, og báðir þekktu þeir vel kenningar Bandaríkjamannsins Williams James, helsta talsmanns pragmatismans. Einnig voru þeir báðir undir áhrifum franska heimspekingsins Henris Bergson, þótt Mead hefði sitt hvað við kenningar bæði James og Bergsons að athuga. Eins og hér hefur verið sýnt fram á, þekktu loks bæði Guðmundur og Mead rit Simmels og skrifuðu um þau á svipuðum tíma í upphafi 20. aldarinnar. Af þessum vitnisburði að dæma var Guðmundur Finnbogason í byrjun aldarinnar nátengdur þeirri nýmörkuðu stefnu í félagsfræði sem átti eftir að verða áhrifarík uppspretta fræðistarfs og rannsókna í félagsvísindum allt til þessa dags.

Spyrja mætti hvers vegna arfurinn frá Guðmundi Finnbogasyni barst íslenskum félagsvísindamönnum ekki beint frá honum sjálfum. Þeir hafa tileinkað sér margar hugmynda hans og ýmsar rannsóknir sem á þeim byggja, bæði frá Chicago-skólanum í félagsfræði og frá meginlandi Evrópu, þ.e. kenningum Jeans Piaget um þróun vitsmunalífsins. Þannig höfum við hlaupið yfir Guðmund Finnbogason, en flutt hugmyndirnar inn, án þess beinlínis að átta okkur á framlagi hans. Árið 1912 var doktorsritgerð Guðmundar Finnbogasonar þýdd á frönsku, en árið 1951 sagði Jean Piaget, einn þekktasti þróunarsálfræðingur 20. aldar:

G. Finnbogason (*L'intelligence sympathique*) reyndi að flokka eftirhermur sem skynjun, en skynjunina taldi hann vera aflvaka sem fæli í sér hneigð til þess að endurskapa hinn skynjaða hlut. H. Delacroix þróaði þessa tilgátu frekar í skarplegri greiningu sinni, en hugmyndaauði þeirrar greiningar eigum við margt að þakka. (Piaget, 1951, bls. 79).

Það er auðsætt að Piaget þekkti kenningar Guðmundar vel, og margt er sameiginlegt kenningum þeirra beggja. Báðir leggja þeir ríka áherslu á gildi þess verklega og að athöfnin sé grundvöllur þekkingar. Í skóla- og menntamálum leggja þeir

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

báðir áherslu á nauðsyn þess að efla verklega kennslu, því bókleg kennsla sé ekki nægileg til þess að temja ungu fólki vísindalegar aðferðir og rannsóknaranda. Það er einnig ljóst að Piaget og Guðmundur byggja báðir á sameiginlegum arfi pragmatismans og kenningum Bergsons, og báðir halda þeir á lofti ákveðinni þróunarhyggju í anda Darwins.

Sú félagsfræði sem Guðmundur Finnbogason boðaði er margþætt. Hann setur fram allflokna kenningu um gerð samfélagsins og eðli mannlegra samskipta. Hugmyndir hans byggja á samúðarskilningnum sem grundvelli félagslegra samskipta. Guðmundur gengur út frá því að látbragð okkar og boðskipti eigi sér eiginlegar rætur í gerð mannsins sem lífveru. Samúðarskilningurinn hvílir á hæfileika okkar til þess að finna til með öðru fólki, túlka svipbrigði og látbragð. Þessi hæfileiki er erfður, hann er hluti mannverunnar og þróunar lífsins á jörðinni, og tilurð mannlegra samskipta er samofin þessum hæfileika. Guðmundi er mjög hugleikið að sýna hvernig þessi samúðarskilningur verður grundvöllur mannlegra samskipta. Hann fjallar hér afskaplega lítið um tungumálið, þótt honum sé það hugleikið í öðru samhengi. Hins vegar gefur hann sér að tungumálið sé burðarás mannlegra samskipta. Þótt Guðmundur myndi fyrstur viðurkenna að við sjáum hlutina í ljósi hugtakanna sem við notum, leitast hann fyrst og fremst við að sýna fram á að tungumálið og hugtökin hvíli á boðskiptum án orða³.

Það er ljóst hvar Guðmundur Finnbogason á heima meðal forvígismanna félagsfræði samtímans – hann tilheyrir Chicago-skólanum í félagsfræði. Það er einnig ljóst að hann var að mörgu leyti langt á undan sinni samtíð í íslenskri og norrænni félagsfræði og félagsálfræði, sem og á sviði iðnaðarfélagsfræðinnar.

Niðurlag

Árið 1933 kom út mikið rit eftir Guðmund Finnbogason sem bar heitið *Íslendingar – Nokkur drög að þjóðalýsingu*. Þar er að finna einna heildstæðustu tilraun hans til þess að beita félagsfræðilegri, sálfræðilegri og sögulegri greiningu á eðli Íslendinga. Í ritinu, sem aðeins hefur birst á móðurmálinu, leitast Guðmundur við að lýsa sérkennum Íslendinga, menningu þeirra og mikilvægi íslenskrar tungu. Í bókinni setur hann fram kenningu um einkenni íslenskrar félagsgerðar að fornu og nýju, og skoðar íslenskt samfélag í senn frá sjónarhorni félagsgerðarinnar og samskipta manna á meðal. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að íslensk þjóð einkennist af mikilli einstaklingshyggju, þar sem orðstír, sjálfsvirðing og heiður skipti höfuðmáli og einstaklingar séu fremur metnir af verkum sínum en stéttarstöðu. Þetta telur hann

³ Um fræðilega afstöðu Guðmundar Finnbogasonar fjallar dr. Þórólfur Þórlindsson í bókinni *Hugur ræður hálfri sjón* (1997). Efniviður textans er að nokkru sóttur í smiðju Þórólfs svo og umfjöllunin í niðurlaginu um bókina *Íslendingar*.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

að sé að vonum ólíkt niðurstöðu hliðstæðra athugana á hinum Norðurlöndunum, þar sem stéttar- og virðingarstaða sé talin hafa afgerandi þýðingu.

Það er auðvitað útilokað að vita með vissu hvað orðið hefði um lærdóm Guðmundar Finnbogasonar og greiningu hans á samúðarskilningnum, hefðu fræði hans ekki einskorðast við tungu lítillar þjóðar í miðju Norður-Atlantshafi. Jafnvel meðal samlanda Guðmundar hafa verk hans ekki verið mikils metin, ef frá eru talin nýyrðasmíði hans til varðveislu íslenskrar tungu og einstakt framlag hans til undirbúnings lagasetningar um alþýðufræðslu á Íslandi í byrjun 20. aldar. Djúpstæður áhugi Íslendinga á þjóðlegum fræðum hefur að vísu haldið lífi í ýmsum ritgerðum og ritum Guðmundar sem minna gildi hafa fyrir félagsfræðinga. Árið 1997 kom þó út safnritið *Hugur ræður hálfri sjón* (Jóhann Hauksson, 1997), en þar leitast höfundar við að endurreisa Guðmund Finnbogason sem einn helsta frumherja félagsvísinda á Íslandi.

ABSTRACT IN ENGLISH

The current of sociological thought was brought to Iceland from overseas by Guðmundur Finnbogason (1873–1944) at the beginning of the 20th century. That was a full 60 years before sociology entered the curriculum of the University of Iceland. When Finnbogason returned home from his studies abroad soon after 1900, he was influenced strongly by Henri Bergson, William James and pragmatism, and was focusing on the importance of imitation in comprehending the inner minds of other people. What is remarkable nowadays is that these focal points sound like a prologue to the school of symbolic interactionism. His doctoral dissertation on sympathetic comprehension (1911) was written in Danish and subsequently translated into French. The French translation attracted the attention of Jean Piaget, who noted Finnbogason's theories on imitation.

HUGUR RÆÐUR HÁLFRI SJÓN

HEIMILDIR

- Asplund, Johan. 1987. *Det sociala livets elementära former*. Göteborg: Korpen.
- Bergson, Henri. 1913. *Materia och minne – En undersökning av kroppens förhållande til själen*. Stockholm: Wahlström & Widstrand.
- Guðmundur Finnbogason. 1911. *Den Sympatiske Førstaaelse*. København: Gyldendalske Boghandel/Nordisk Forlag.
- Guðmundur Finnbogason. 1912. *Hugur og heimur*. Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar.
- Guðmundur Finnbogason. 1915. *Vit og strit*. Reykjavík.
- Guðmundur Finnbogason. 1917. *Vinnan*. Reykjavík.
- Guðmundur Finnbogason. [1933] 1971. *Íslendingar – Nokkur drög að þjóðalýsingu*. Reykjavík: AB.
- Jóhann Hauksson (ritstj.). 1997. *Hugur ræður hálfri sjón*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- James, William. 1912. „Sannleikur.“ Í *Skírni*. Reykjavík.
- Joas, Hans. 1985. *G.H. Mead – A Contemporary Re-examination of his Thought*. Cambridge: Polity Press.
- Mead, George H. 1972. *Movements of Thought in the Nineteenth Century*. Chicago & London: University of Chicago Press.
- Piaget, Jean. 1972. *Play, Dreams and Imitation in Childhood*. London: Routledge & Kegan Paul.
- Simmel, Georg. 1981. *Hur är samhället möjligt?* Göteborg: Korpen.

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM: ÁFANGI AÐ STOFNUN NÝRRAR DEILDAR (1997)

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Félagsvísindadeild er yngsta deild Háskóla Íslands og var formlega stofnuð 15. september 1976. Við stofnun hennar fluttust þrjár greinar í hina nýju deild sem áður höfðu verið kenndar í heimspekideild: Sálfræði, uppeldis- og kennslufræði og bókasafnsfræði. Félagsfræði, stjórnmálafræði og mannfræði höfðu áður myndað sérstaka námsbraut sem stofnuð var 1970 og kölluð námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Stofnun þessarar námsbrautar og starf hennar réði úrslitum um það að ný deild, félagsvísindadeild, var stofnuð. Við stofnun deildarinnar var námsbrautin lögð niður. Saga bókasafnsfræði, uppeldisfræði og sálarfræði tilheyra sögu heimspekideildar fram að stofnun félagsvísindadeildar. Um sögu námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum hefur ekki verið fjallað áður. Þeirri sögu fram að stofnun félagsvísindadeildar eru gerð skil í þessari grein.

Þessi kafli er styttr útgáfa greinar sem birtist upphaflega í *Íslenskum félagsritum* (7–9, bls. 3–43) árið 1997.

Inngangur

Segja má að upphaf kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands hafi átt sér þrjár rætur. Í fyrsta lagi ríkti áhugi innan Háskólans, ekki síst hjá þáverandi rektor, Ármanni Snævarr, en kennsla í þjóðfélagsfræðum var eitt af fjórum stefnumiðum sem hann einsetti sér að ná á starfstíma sínum (Ármann Snævarr, 1996). Í öðru lagi vó þörf fyrir menntaða félagsráðgjafa þungt í að ýta af stað umræðu um kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum. Félagsleg þjónusta sem verið var að skipuleggja í höfuðborginni á sjöunda áratugnum kallaði á sérmenntað fólk á þessu sviði. Þá kröfðust stúdentar nýrra tækifæra til náms, þar á meðal kennslu í þjóðfélagsfræðum. Stór hópur gerði þessa kröfu á grundvelli vísindahyggju og fræðilegs áhuga. Hluti þeirra hafði þó ekki áhuga á vísindalegu gildi þjóðfélagsfræða eingöngu heldur leit fyrst og fremst á þau sem tæki til að bylta þjóðfélaginu – leið til að ná fram hugsjónum '68 kynslóðarinnar. Það var ekki síst barátta stúdenta sem leiddi til þess undir lokin að Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra ákvað að hefja skyldi kennslu í félagsvísindum við Háskóla Íslands (Gylfi Þ. Gíslason, 1996).

Þrátt fyrir sterka málsvara leið nær áratugur frá því að umræður hófust um nauðsyn þess að hefja kennslu í félagsvísindagreinum innan Háskólans þar til námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum tók til starfa og hálfur annar áratugur

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

uns félagsvísindadeild var stofnuð. Margar nefndir höfðu þá skilað álitinu og allar komist að niðurstöðu um að brýnt væri að hefja kennslu í umræddum greinum. Innan Háskólans voru skoðanir skiptar. Margir kennarar töldu það ekki hagsmuni sína að fjölga námstilboðum en vildu þess í stað að aukið fé rynni til greina sem þegar voru kenndar við skólann. Þessar óskir virðast stundum hafa breyst í harða andstöðu gegn nýjum greinum innan skólans. Þá ríktu greinilega efasemdir um ágæti greinanna. Þær voru framandi og höfðu ekki sannað tilverurétt sinn í íslensku þjóðfélagi. Ekki síst ríkti andstaða gegn því að taka upp kennslu í stjórnmálafræði en það virðist hafa verið nokkuð útbreidd skoðun meðal háskólakennara að ekki væri hægt að kenna stjórnmálafræði á hlutlægan hátt (Ólafur Björnsson, 1970). Loks vó skortur á menntuðu fólki til að sinna kennslu á þessu sviði þungt.

Krafa um nýjar námsgreinar við háskóla sprettur ekki af engu. Á sjöunda áratugnum áttu sér stað umfangsmiklar breytingar á íslensku þjóðfélagi. Stúdentum við Háskóla Íslands fjölgaði mikið samfara auknum áhuga á félagslegum og stjórnmálalegum viðfangsefnum (Haraldur Ólafsson, 1996a). Skólaárið 1960–61 voru 790 nemendur skráðir til náms við Háskóla Íslands. Tíu árum síðar hafði fjöldi nemenda tvöfaldast og var þá kominn upp í 1.533 nemendur (Þórir Einarsson, 1992). Á sama tíma jukust framlög til menntamála verulega¹. Hér var um að ræða svipaða þróun og þegar hafði orðið víða í Evrópu samfara almennum efnahagslegum og þjóðfélagslegum breytingum.

Haustið 1966 skipaði Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, háskólanefnd sem ætlað var að fjalla um þróun Háskóla Íslands næstu 20 árin og gera tillögur um framtíðarskipan skólans. Nefndin skilaði álitinu árið 1969. Að baki starfi nefndarinnar lágu í fyrsta lagi hugmyndir um nauðsyn þess að fjölga greinum við Háskólann, ekki síst til að afstýra miklum straumi stúdenta í greinar sem þegar voru kenndar við skólann. Í öðru lagi var talið að bjóða þyrfti upp á stuttar námsbrautir. Í þriðja lagi var áhersla lögð á að stúdentar ættu möguleika á hagnýtri sérhæfingu. Þessar hugmyndir lágu einnig að baki umræðu um þörf fyrir nám í almennum þjóðfélagsfræðum (Helgi Skúli Kjartansson, 1997).

Í skýrslu háskólanefndarinnar er orsök stúdenta fjölgunar á sjöunda áratugnum talin vera sú að á áratugunum 1960–1980 varð mikil fjölgun fólks á aldrinum 16–24 ára. Meiri áhrif hafði þó að stærra hlutfall þeirra sem voru á þessum aldri sóttist nú eftir menntun (Háskólanefnd, 1969b). Tækniþróun á þessum tíma gerði

¹ Árið 1961 voru útgjöld til rekstrar Háskóla Íslands á fjárlögum ríflega 100 milljónir króna, sé miðað við fast verðlag. Tíu árum síðar var um 341 milljón króna varið til rekstrar skólans. Svipaða sögu er að segja af lánum til íslenskra námsmanna. Í upphafi áratugarins var ríflega 73,8 milljónum króna varið til þeirra á fjárlögum. Tíu árum síðar fengu íslenskir námsmenn 331 milljón í lán og styrki (Tölur um menntamálaútgjöld hins opinbera og skólahald 1946–1971. Efnahagsstofnunin og menntamálaráðuneytið, óútg. Skýrsla, dags. Maí 1971).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Það að verkum að atvinnuhorfur þeirra, sem ekki höfðu hlotið annaðhvort sérmenntun eða margra ára almenna menntun fóru versnandi. Háskólamenntað fólk, hér á landi og annars staðar í Evrópu, hafði fram að þessu að mestu starfað á þröngu sviði við embættisstörf, kennslu og rannsóknir á vegum hins opinbera og við sjálfstæð þjónustustörf. Fáir höfðu starfað í fyrirtækjum, hvort sem var í úrvinnslugreinum eða þjónustu, einkum utan Reykjavíkursvæðisins (Háskólanefnd, 1969b). Þá er þess að minnast að árið 1967 hrundi síldarstofninn við Ísland og í kjölfarið varð veruleg kreppa sem leiddi til þess að ungt fólk velti fyrir sér nýjum atvinnutækifærum, oft í tengslum við langskólanám.

Margir skynjuðu þessa nýju strauma sem kröfu um að breyta yrði Háskólanum úr embættismannaskóla í vísindasetur (Þórir Kr. Þórðarson, 1986). Stúdentar voru þar áberandi. Þeir töldu Háskólann gamaldags og kröfðust tækifæra til að nema nýjar greinar, félagsvísindi og raunvísindi. Á stúdentapiingi, sem haldið var í Háskólanum haustið 1969, var rætt um að Háskóli Íslands væri of samtvinnnaður óbreyttu ástandi íslensks þjóðfélags til að geta gegnt því hlutverki háskóla sem mikilverðast væri, en það væri að móta þjóðfélag framtíðarinnar. Háskóli Íslands væri embættismannaskóli og það leiddi af sér að vísindalegum grundvelli hans væri ábótavant (Nýjar námsleiðir við HÍ, 1969).

Nú urðu þær raddir háværarar sem töldu að nauðsynlegt væri að fanga þær þjóðfélagsbreytingar sem voru að eiga sér stað, skilja þær og hugsanlega stýra (Þórólfur Þórlindsson, 1982). Þannig var fjölmiðlum tíðrætt um vandamál tengd þéttbýlismyndun:

Með örum vexti Reykjavíkurborgar hafa ýmis félagsleg vandamál, sem fremur fylgja þéttbýli en fámenni, orðið viðtækari, og krefjast nýrra vinnubragða og breyttra sjónarmiða í grundvallaratriðum. Einn þáttur þessara vandamála og ef til vill sá þýðingarmesti snýr að borgaræskunni, sem óhjákvæmilega elst upp við ólíkar aðstæður þeim, sem jafnaldrar hennar fyrir einum mannsaldri áttu við að búa. Annar þáttur snýr að börnum, sem búa við erfiðar heimilisaðstæður og er af þeim sökum sú hætta búin að verða fyrir varanlegu sálarlegu tjóni, sem markar allt líf þeirra, ef ekki er að gert. Og enn einn þáttur hinna félagslegu vandamála höfuðborgarsvæðisins er hlutskipti hinna fullorðnu, sem af einhverjum ástæðum eiga við erfiðleika að etja, vegna áfengisneyslu, veikinda eða af öðrum ástæðum. (Breyttir tímar, 1968, bls. 3).

Í áliti sem þjóðfélagsfræðinefnd skilaði í mars 1970 koma viðbrögð við þessum aðstæðum skýrt fram. Þar segir:

Hin öra þjóðfélagsþróun, sem orðið hefur síðustu áratugi og naumast mun verða hægari í náninni framtíð veldur því, að einstaklingar, aðrir einkaaðilar og ekki síst opinberir aðilar verða sífellt að bregðast við nýjum samfélagslegum vandamálum.

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

Getur það þá haft ómetanlega hagnýta þýðingu, að sem best sé þekkt eðli samfélagsins og þeirra breytinga, er á því verða (Þjóðfélagsfræðinefnd Háskóla Íslands, 1970, bls. 4).

Tilgangurinn með því að koma á námi í félagsvísindum var því ekki síst hagnýtur, að leysa vanda einstaklinga og fjölskyldna í breyttum heimi. Fleira kom þó til. Talið var að rannsóknir á íslensku þjóðfélagi gætu aukið við alþjóðlegan þekkingarforða þjóðfélagsfræða og mikils virði væri að fá íslenskar samfélagsathuganir sem lið í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum. Talið var að á Íslandi væri aðstaða til að gera athuganir sem erfiðara væri að fást við annars staðar.

Háskólinn á með kennslu sinni að auðvelda Íslendingum að afla sér þeirrar menntunar, er þarf, til að unnið verði að slíkum rannsóknum. Hann á einnig að skapa starfsaðstöðu hæfum vísindamönnum á sviði þjóðfélagsfræða, sem auk kennslu sinni rannsóknum, og hann á að laða til sín stúdenta, sem geta í námi sínum lagt nokkuð af mörkum til félagslegra rannsókna (Þjóðfélagsfræðinefnd Háskóla Íslands, 1970, bls. 5).

Að baki þessarar þróunar bjó sú hugmynd að samkeppni þjóða mótaðist af kunnáttu og hæfileikum til skapa nýja þekkingu. Öflugt menntakerfi og hæft rannsóknarfólk voru í æ ríkari mæli talin ein helsta auðlind hverrar þjóðar.

Rök fyrir stofnun námsbrautar

Ármann Snævarr var rektor Háskóla Íslands á sjöunda áratug aldarinnar þegar grunnur var lagður að kennslu í félagsvísindum. Deildir Háskólans voru á þessum tíma sex: Guðfræðideild, lagadeild, læknadeild, viðskiptafræðideild, heimspeki-deild og verkfræðideild. Ármann hafði sérstakan áhuga á félagsfræði sem hann hafði kynnt sér þegar hann stundaði nám í lögfræði. Hann segir það hafa runnið sér til rifja þegar hann kom að utan úr háskólanámi árið 1948 hvernig búið var að kennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands. „Rannsóknaraðstaða var engin, bóka-kostur lítill og fáar greinar kenndar við skólann. Þetta var óviðunandi ástand, sem ég einsetti mér að bæta þegar ég tók við rektorsembætti“ (Ármann Snævarr, 1996).

Markmið Ármanns voru fjögur. Í fyrsta lagi að efla raunvísindi, í öðru lagi að efla félagsvísindi, í þriðja lagi að bæta bóka-kost í öllum greinum skólans og í fjórða lagi að auka rannsóknarstarfsemi við skólann. Ármann flutti tillögu í háskólaráði sumar-ið 1965 um að skipuð yrði nefnd er kanna skyldi möguleikana á því að tekin yrði upp kennsla í þjóðfélagsfræðigreinum við Háskólann. Háskólaráð samþykkti tillöguna og félagsfræðinefndin var skipuð. Nefndin var sú fyrsta af fjórum sem lögðu grunninn að kennslu í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Hver nefnd tók mið af störfum fyrri nefnda enda þótt hugmyndir þeirra um kennslu og tillögur væru um margt ólíkar. Í

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

nefndum þessum áttu sæti fulltrúar úr ýmsum deildum Háskólans: Viðskiptadeild, lagadeild, heimspekideild og guðfræðideild. Enginn nefndarmanna hafði útskrifast úr félagsvísindum, en þó höfðu Björn Björnsson prófessor í guðfræði og Jónatan Þór-mundsson, prófessor við lagadeild, lokið hluta náms síns í félagsvísindum. Þá voru erlendir ráðgjafar nefndanna starfandi félagsvísindamenn. Þeir voru: T.E. Chester, prófessor við Háskólann í Manchester, Richard F. Tomasson, prófessor við Háskólann í Nýju Mexíkó og Frederick Bredahl-Petersen, M.A. frá Edinborgarháskóla. Þá kom Alfred McClung Lee, prófessor í félagsvísindum við Brooklyn College of the City University of New York, að starfinu.

Félagsfræðinefndin skilaði tillögum í febrúar 1968. Í henni áttu sæti Halldór Halldórsson prófessor í íslensku sem var formaður, Þórir Kr. Þórðarson prófessor í guðfræði sem var varaformaður, Guðlaugur Þorvaldsson prófessor í viðskiptafræði og Magnús Þ. Torfason prófessor við lagadeild. Nefndin gerði skýran greinarmun á hagnýtum fræðum annars vegar, það er félagsráðgjöf (social work) og félagssýslu (social administration), og á fræðilegri félagsfræði (sociology) hins vegar. Í athuga-sem-dum og skýringum við tillögur félagsfræðinefndar kemur fram að hún hafi orð-ið vör við mikinn áhuga á því að komið yrði á kennslu í félagsráðgjöf í sambandi við kennslu í fræðilegri félagsfræði: „Fullyrtu kunnugir, að mikill skortur væri í þjóðfélaginu á menntuðum félagsráðgjöfum“ (Félagsfræðinefnd, 1968, bls. 7).

Nefndin ræddi rækilega hvort námið skyldi eingöngu vera fræðilegt, eingöngu hagnýtt eða farið skyldi bil beggja. Hún skoðaði hvernig námi væri háttað erlend-is og komst að raun um að á Norðurlöndum var félagsráðgjöf kennd sem starfsnám í fagskólum en í Bretlandi og Bandaríkjunum var víðast um að ræða háskólanám. Erlendir sérfræðingar nefndarinnar, T.E. Chester prófessor og dr. Alfred McClung Lee, gerðu báðir ráð fyrir að félagsráðgjöf kæmi inn í skólann með námi í þjóðfé-lagsfræðum en lögðu misþunga áherslu á vægi fræðilegs og hagnýts þáttar náms-ins. Chester lagði ríka áherslu á hagnýt fræði, ekki síst á að mennta fólk í félags-vísindum sem forstöðufólk á sjúkrahúsum. Chester lagði til að komið yrði á eins til tveggja ára námi í félagsráðgjöf og náminu skipt í þrennt: Félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf. Nefndarmönnum fannst þetta of litlar kröfur í félagsráðgjafanámi og í of mikið ráðist að ætla að skipta náminu í þrennt.

Á fundi sem haldinn var með prófessor Chester og háskólarektor 30. septemb-er 1966 benti Chester á að um 20% af þjóðartekjum Bretlands væri varið til félags-legrar þjónustu. Hann lýsti því hvernig háskólar í Bretlandi höguðu menntun fólks til þessarar þjónustu og gat um rannsóknir skólanna þar að lútandi. Chester lagði áherslu á að kennslustundir í fyrirhuguðu námi hér yrðu sem fæstar, kennsla sem persónulegust og heimavinna sem mest. Markmið námsgreinarinnar ætti að vera að skilja mannlega hegðun. Niðurstöður fundarins voru þær að stefnt skyldi að því að koma á þriggja ára námi við Háskólann. Aðrar deildir áttu að geta fært sér í nyt

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

inngangskennslu fyrsta árs í náminu. Tekið var fram að ekki skyldi byrjað á „röngum enda“, það er lítt fræðilegum námskeiðum fyrir félagsmálastarfsfólk (Félagsfræðinefnd, 1968).

Síðasta atriðið í niðurstöðum fundarins vekur athygli, miðað við þá áherslu sem prófessor Chester lagði á hagnýt fræði. Ármann Snævarr segir það hafa verið runnið undan sínum rifjum. Hann taldi nauðsynlegt að leggja áherslu á hvort tveggja í senn, fræðilegt nám og hagnýtt.

Ég taldi í senn óráðlegt og ógerlegt að kenna félagsráðgjöf án þess að veita fólki menntun í grunngreinum félagsvísinda. Reyndar var talsverður skoðanamunur um þetta atriði en ég fékk stuðning frá mörgum mætum mönnum. Meðal annars studdi Jóhannes Nordal sjónarmið mín en hann er félagsfræðingur, þótt hann hafi síðar farið út í hagfræði (Ármann Snævarr, 1996).

Dr. Alfred McClung Lee lagði meiri áherslu á hinn fræðilega þátt námsins. Hann sagði mun á fræðilegri og hagnýtri félagsfræði vera minni í Bandaríkjunum en í Englandi. Mikið valfrelsi væri um námskeið innan einstakra fræðigreina, þótt vitanlega hefði hver stúdent tiltekna aðalgrein. Sérhæfingin hæfist ekki að ráði fyrir en að loknu BA-prófi.

Í tillögum nefndarinnar var leitast við að taka tillit til tillagna beggja erlendu sérfræðinganna: Nefndin mælti með því að við Háskóla Íslands yrði hafin kennsla í fræðilegri félagsfræði og félagssýslu. Hún mælti jafnframt með því, að kennsla í félagssýslu yrði einnig menntun til félagsráðgjafastarfs. Nefndin gerði ráð fyrir að samhliða fræðilegu námi yrðu gerðar kröfur um hagnýta vinnu á stofnunum og í fyrirtækjum. Frá upphafi voru rökin fyrir stofnun deildarinnar þannig bæði af hagnýtum og fræðilegum toga. Félagsfræðinefndin lagði til að ráðinn yrði erlendur prófessor til að skipuleggja nám og námsefni, félagsfræði og félagssýslu, frá grunni. Þá gerði nefndin ráð fyrir að auk eins prófessors yrði nauðsynlegt að ráða þrjá lektora og aukakennara (Félagsfræðinefnd, 1968).

Háskólaráð kvaðst í meginatriðum sammála tillögu nefndarinnar um tilhögun kennslu og áætlun hennar um starfslið. Ráðið lýsti ánægju sinni með álitserð og tillögu nefndarinnar og fól rektor að vinna að því að fjárveitingar yrðu tryggðar til að hefja kennsluna (Fundargerð háskólaráðs, 1968). Veturinn 1968–69 boðaði rektor til funda með fulltrúum allra deilda Háskólans til að ræða nýjar námsleiðir og námsgreinar við skólann. Þá kvaddi hann saman sérfræðinga til viðræðna um ákveðna þætti þeirra og þrýsti á um aukið fé frá yfirvöldum til að unnt yrði að hefja kennslu í umræddum greinum. Í bréfum sem rektor sendi menntamálaráðherra vegna málsins eru tilgreind ýmis rök fyrir því að koma þurfi á námi í þjóðfélagsfræðum við Háskólann, meðal annars þau „að lagadeild og viðskiptadeild yfirfyllist

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

gersamlega; ef ekkert ...verði að gert til að auka menntunarleiðir á sviði félagsvísinda“. Þá segir rektor skaðlegt hve fáir kostir stúdenta séu hér til náms í þjóðfélagsfræðigreinum. Aðstreymið að grein eins og lögfræði verði því óeðlilega mikið (Gylfi Þ. Gíslason, 1969b). Rúmt ár leið frá því að háskólaráð samþykkti tillögur félagsfræðinefndar þangað til skriður komst á málið á ný.

Hreyfiafl stúdenta

Sumarið 1969 markaði þáttaskil í umræðum um kennslu í þjóðfélagsfræðum. Í júní það ár sendi Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra bréf til Háskólanefndar² þar sem hann óskaði eftir því að nefndin kannaði sérstaklega hugmyndir um þrjár nýjar námsleiðir innan Háskólans, félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf. Í bréfinu segir:

Menntamálaráðherra hefur skýrt ríkisstjórn frá því, að hann telji mjög æskilegt að þegar í haust verði nýjum stúdentum við Háskólann veittur kostur á einni eða fleiri nýjum námsbrautum, þar eð fyrirsjáanlegt er að nú í haust mun stúdentum við Háskólann fjölga meir en nokkru sinni fyrr, auk þess að til athugunar er að gera auknar kröfur til inngöngu í læknadeild, svo að stúdentar, sem að öllu óbreyttu hefðu hafið þar nám, munu nú svipast um eftir öðrum námsleiðum (Gylfi Þ. Gíslason og Birgir Thorlacius, 1969).

Í framhaldi af bréfi Gylfa skipuðu Jónas Haralz, forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar og formaður Háskólanefndar, og Ármann Snævarr rektor sömu aðila og setið höfðu í félagsfræðinefndinni að viðbættum Birni Björnssyni prófessor í guðfræði til að kanna möguleika á að koma á námi í þjóðfélagsfræðum.

Nefndin endurskoðaði álit fyrri félagsfræðinefndar og fór yfir hugmyndir Háskólanefndar frá því um sumarið en þær gerðu ráð fyrir að kennsla yrði að mestu fólgin í tengingu kennslugreina í viðskiptadeild og lagadeild að viðbættum fyrirlestraflokkum í sérgreinum félagsfræði (Háskólanefnd, 1969a). Það var einróma álit nefndarmanna að lengri tíma þyrfti til vandaðs undirbúnings að kennslu í þjóðfélagsfræðum en svo að kennsla gæti hafist þá um haustið. Talið var nauðsynlegt að afla frekari gagna frá útlöndum, einkum frá Norðurlöndum og Bretlandi. Ekki síst var það talið nauðsynlegt þar sem nokkurs skoðanamunar hefði gætt á meðal þeirra erlendu sérfræðinga, sem kallaðir hefðu verið til ráðuneytis um markmið og leiðir í kennslunni. Þá var margt enn talið vera á huldu varðandi skipulag námsins. Til dæmis hefði ekki verið ákveðið hvaða námsgreinum í viðskiptadeild og lagadeild námið ætti að tengjast eða hvernig það skyldi gert.

² Háskólanefnd var skipuð 24. september 1966 að ósk háskólaráðs til að semja áætlun um þróun Háskóla Íslands á næstu tuttugu árum. Nefndin starfaði fram til hausts 1969.

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

Nefndin taldi að stefna bæri að því að kennsla í almennum þjóðfélagsfræðum hæfist haustið 1970 og skyldi skipulagningu námsins lokið fyrir miðjan mars 1970. Talið var rétt að láta kennslu í félagsráðgjöf bíða þar til reynsla væri fengin af kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum. Tryggja yrði að fjárveitingavaldið lýsti sig reiðubúið til þess að verja fé til undirbúnings kennslu félagsvísinda (Álit sérnefndar Háskólanefndar, ódagsett). Björn Björnsson (1996) telur ástæðu þess að nefndin lagði til að námi í félagsráðgjöf yrði frestað hafa verið þá að erfiðara hefði verið að koma á hagnýtu námi en fræðilegu.

Þorbjörn Broddason, fyrsti lektor í félagsfræði við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum og síðar prófessor við félagsvísindadeild, segir stúdenta einnig hafa haft mikil áhrif: „Nemendur vildu fræðilegt nám, ekki hagnýtt. Þeir vildu félagsvísindi, ekki félagsráðgjöf. Ef við lítum yfir forsprakkana þá voru þeir ekki tilvonandi félagsráðgjafar. Hæst bar kröfu um nám í félagsfræði“ (Þorbjörn Broddason, 1996). Þorbjörn segir að auk þessa hafi það skipt máli að nám í félagsráðgjöf hefði verið mun dýrara en fræðilega námið: „Ráðandi menn hafa því eflaust séð þarna ódýra leið til að létta af sér þrýstingi og jafnframt litið á félagsfræðina sem góðan undirbúning undir annað.“

Stúdentar héldu uppi öflugri baráttu frá því snemma vors fram á haust 1969. Sveinn Rúnar Hauksson, síðar læknir, sem var forystumaður í stúdentapólitíkinni segir opnun námsleiða í þjóðfélagsfræðum hafa verið eitt fyrirferðarmesta málið þetta sumar ásamt baráttu gegn fjöldatakmörkunum í læknaeild. Sveinn Rúnar segir:

Okkur vantaði áþreifanlega þrýstihóp og fórum því að leita að fólki. Ég frétti að í Kennaraskólanum væri hópur nýstúdenta sem hefði mikinn áhuga á þessu og hringdi í Þórólf Þórlindsson, sem hitti mig á fundi niðri á Fríkirkjuvegi. Það var mjög mikilvægt fyrir okkur að fá það staðfest að þarna væri hópur sem hefði einlægan áhuga á þessu námi. Það átti eftir að sýna sig seinna að það skipti verulegu máli (Sveinn Rúnar Hauksson, 1997).

Í lok ágúst boðuðu Stúdentaráð og Samband íslenskra námsmanna erlendis til fundar í Norræna húsinu. Tilgangurinn var að knýja á um kennslu í þjóðfélagsfræðum þá um haustið. Þórólfur Þórlindsson, síðar prófessor í félagsfræði, var einn af forkólfunum í baráttu stúdenta fyrir að koma á námi í þjóðfélagsfræðum. Hann segir um aðdragandann að fundinum í Norræna húsinu:

Um sumarið hafði ég fengið sterkar vísbendingar frá háskólamönnum, þar á meðal frá rektor, um að illa liti út með að nám í þjóðfélagsgreinum gæti hafist þá um haustið. Reyndar voru skilaboðin sem ég fékk víða að á þá leið að ekkert benti til þess að slíkt nám yrði tekið upp næstu misserin. Þegar þetta fréttist hertum við

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

sóknina, í góðri samvinnu við forystumenn stúdenta, bæði stúdentafélögin og stúdentaráð. Megináherslu lögðum við á að efnt yrði til fundar svo að hægt yrði að knýja fram opinbera umræðu um málið (Þórólfur Þórlindsson, 1997).

Gísli Pálsson, síðar prófessor í mannfræði, segir fundinn hafa markað þáttaskil. „Það var mikil gerjun þetta sumar. ... Fundurinn sýndi fram á hversu margir höfðu áhuga á að nema þjóðfélagsfræði en hópurinn hafði fram að þessu verið dreifður. Þarna voru fullyrðingar um þörfina fyrir námið staðfestar og hjólin hófu að snúast“ (Gísli Pálsson, 1997).

Stúdentar fólu Þórólfi Þórlindssyni og Geir Viðari Vilhjálmssyni læknanema að undirbúa tillögur að stofnun námsins sem leggja átti fyrir fundinn. Þórólfur segir að tillögur þeirra Geirs Viðars hafi falist í því að í stað þess að kenna félagsfræði og félagssýslu yrði tekin upp kennsla í almennum þjóðfélagsfræðum með félagsfræði og sálfræði sem aðalgreinar auk þess sem kennsla í ýmsum stoðgreinum, til dæmis tölfræði og aðferðafræði, yrði eflað. Hann segir þá hafa verið sammála um að námið ætti fyrst og fremst að vera vísindalegt: „Við vorum ekki að ræða pólitíska byltingu heldur kappkostuðum við að setja fram hugmyndir um traust, fræðilegt nám“ (Þórólfur Þórlindsson, 1997). Fyrirmynd að námi í almennum þjóðfélagsfræðum var að sögn Þórólfs sótt til Harvard, í deildina um mannleg samskipti (human relations), sem félagsfræðingurinn Talcott Parsons fór fyrir á sínum tíma.

Í fréttatilkynningu frá Stúdentaráði og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis sem birt var í Morgunblaðinu var greint frá því að um 80 manns hefðu setið fundinn, þar á meðal margt háskólamenntaðra manna og innlendir og erlendir sérfræðingar og framhaldsnemendur í hinum og þessum greinum þjóðfélagsfræða. Þá sagði í fréttinni að flestir fundarmenn hefðu verið sammála um mikilvægi þess að koma á nýjum námsleiðum við Háskóla Íslands sem fyrst og að almenn þjóðfélagsfræði væru hin ákjósanlegasta búbót fyrir hinn fábreytta Háskóla Íslands (Fréttatilkynning frá SHÍ og SÍNE, 1969).

Þórólfur segir að deilur á milli stúdenta hafi nánast verið búnar að gera vonir um námið að engu:

Við kynntum hugmyndir okkar á fundinum en þangað voru mættir stúdentar og allmargir háskólakennarar. Þar voru einnig Þorbjörn Broddason félagsfræðingur, Pétur Guðjónsson B.A. frá Harvard og Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá stundaði nám í stjórnmálafræði í Bretlandi. Þá var Jónas Haralz formaður Háskólanefndar mættur. Sá síðastnefndi fór á kostum og gagnrýndi margt í tillögum okkar. Afar fáir studdu tillögurnar en meðal þeirra voru Pétur Guðjónsson og Ólafur Ragnar Grímsson, sem báðir töldu rétt að hefja námið og láta reyna á hvernig gengi. Svo fór að umræður þróuðust á mjög neikvæðan hátt. Nokkrir stúdentar stóðu upp og fóru að tala um byltingu og í kjölfarið hófust deilur milli Sveins Rúnars Hauks-

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

sonar læknanema og mín auk nokkurra annarra. Ég taldi að námið ætti að vera fræðilegt. Sveinn Rúnar vildi bylta Háskólanum. Því er ekki að leyna að þarna hallaði verulega á okkur stúdenta, einkum eftir að deilurnar komu upp (Þórólfur Þórlindsson, 1997).

Þegar alllangt var liðið á fundinn stóð Jóhann Hannesson, þáverandi rektor Menntaskólans á Laugarvatni, upp og flutti stutta, gagnorða ræðu. Inntak hennar var að stór hópur stúdenta krefðist þess að fá að læra félagsgreinar, greinar sem kenndar væru í öllum háskólum í nágrannalöndunum og því ætti að bregðast við þeim kröfum. Háskóli Íslands var einmitt á þessum tíma eini háskóli á Norðurlöndunum sem ekki veitti kennslu í þjóðfélagsfræðum (Ármann Snævarr, 1969). Jóhanni var andmælt og bent á að sá hópur sem vildi námið væri hvorki stór né samstæður. Þvert á móti væri mikill ágreiningur meðal stúdenta um hvað þeir vildu læra. Því væri rétt að blása fyrirætlanir af og sjá hverju fram myndi vinda. Þórólfur segir um þetta:

Ég vakti athygli fundarins á því að ef málið snerist um það hve stór hópur stúdenta vildi hefja nám í almennum þjóðfélagsfræðum væri rétt að gera könnun og vinna út frá niðurstöðum hennar. Tillaga um þetta var samþykkt (Þórólfur Þórlindsson, 1997).

Í fréttatilkynningu SHÍ og SÍNE, sem send var fjölmiðlum eftir fundinn, segir að á fundinum hafi jafnframt verið rætt um að með því að nýta kennslu þá sem þegar væri völ á við Háskólann í ýmsum þessara greina væri hægt að fullnægja allt að helmingi kennsluþarfa þessarar nýju námsleiðar. Talið var að bæta þyrfti við fjórum til sex stundakennurum í þeim greinum sem ekki væru kenndar í Háskólanum. Auk þess var talið nauðsynlegt að ráða erlendan sérfræðing í félagsfræðum til þess að kenna fagið og hafa yfirumsjón með þróun hinnar nýju deildar. Richard Tomasson, prófessor við Háskólann í Nýju Mexíkó, hafði lýst yfir áhuga á að sinna hlutverkinu veturinn 1970–71, sem Fulbrightstyrkþegi. Tomasson, sem sat fundinn, sagði ekkert vera því til fyrirstöðu að hefja kennslu í almennum félagsfræðum strax þannig að þeir sem hæfu nám gætu lokið BA-prófi á þremur árum. Meirihluti fundarmanna taldi að hefja bæri kennslu strax, jafnvel þótt ekki væri hægt að veita fullgilda kennslu fyrsta árið. „... allt væri að vinna, bæði reynslu og tíma, en engu að tapa enda tilkostnaður mjög lítill“ (Fréttatilkynning frá SHÍ og SÍNE, 1969).

Kennsla hefst haustið 1969

Á næsta háskólaráðsfundi sem haldinn var tveimur dögum eftir fundinn í Norræna húsinu flutti Ármann svohljóðandi ályktunartillögu:

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Háskólaráð hefur rætt bréf Háskólanefndar frá 28. ágúst s.l. og bréf menntamálaráðuneytisins frá sama degi varðandi nýjar námleiðir við Háskólann. ... Háskólaráð fellst í megindráttum á þá stefnu, að kennsla í þessum greinum hefjist haustið 1970 ... Varðandi næsta háskólaár telur Háskólaráð miklu varða að könnun fari fram á því hve margir stúdentar óski að hefja nám í almennum þjóðfélagsfræðum. ... Háskólaráð samþykkir að stofnuð verði 5 manna nefnd og séu þrír þeirra tilnefndir af háskólaráði og tveir af Stúdentaráði háskólans, og hafi nefndin það verkefni að undirbúa kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, er hefjast skal haustið 1974, svo og hafa yfirumsjón með könnun þeirri, er að framan greinir (Fundargerð háskólaráðs, 1969).

Tillagan var samþykkt. Þriðja nefndin um nám í félagsvísindum, þjóðfélagsfræðinefndin, var því skipuð eftir fundinn. Í nefndinni voru Björn Björnsson, sem var formaður, Guðlaugur Þorvaldsson og Jónatan Þórmundsson, kjörnir af háskólaráði, og Helgi Skúli Kjartansson og Pétur Guðjónsson, kjörnir af Stúdentaráði (Árman Snævarr, 1969). Pétur fór utan til náms um haustið og tók Haraldur Ólafsson, síðar prófessor í mannfræði, sæti hans í nefndinni. Þá sótti Þórólfur Þórlindsson fundi nefndarinnar frá miðju hausti. Fastur ráðunautur nefndarinnar var Fredrick Bredahl-Petersen, mannfræðingur.

Háskólaráð fól þjóðfélagsfræðinefnd að leiðbeina stúdentum sem hefðu hug á námi í almennum þjóðfélagsfræðum um hvaða greinar þeir ættu að sækja í skólanum þá um veturna, svo að það kæmi að sem bestum notum síðar í námi þeirra. Í þeim tilgangi og til að kanna hve margir stúdentar hefðu hug á að stunda nám í þjóðfélagsfræðum auglýsti nefndin eftir viðtölum við áhugamenn um námið. Alls komu 34 stúdentar til viðtals. Sextán þeirra lýstu yfir áhuga á að leggja stund á þjóðfélagsfræði sem aðalnámsgrein við Háskólann en sjö til viðbótar kváðust hafa hug á þjóðfélagsfræði sem aukagrein (Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 1969).

Í álitgerð nefndarinnar eru þessar niðurstöður túlkaðar sem ótvíræður vilji allmargra stúdenta til þess að hefja þegar nám í nokkrum greinum sem við yrði komið að kenna skólaárið 1969–70 og koma myndu að notum síðar í námi í almennum þjóðfélagsfræðum (Þjóðfélagsfræðinefnd Háskóla Íslands, 1970). Í ljós kom að nemendur höfðu langmestan áhuga á félagsfræði, félagssálfræði og almennri sálfræði. Einnig kom fram talsverður áhugi á nútímasögu og nokkur áhugi á afbrotafræði. Hins vegar sýndu nemendur hagfræði, tölfræði, lögfræði og stjórnvísindum lítinn áhuga. Skýringuna töldu nefndarmenn vera þekkingarskort nemenda á almennum þjóðfélagsfræðum. Fram hafði komið þegar nemendur voru spurðir hvaða greinar þeir álitu heyra til almennum þjóðfélagsfræðum að fæstir töldu hagfræði til fræðanna. „Verða svör þeirra þess vegna að miklu leyti tilfinningalegs eðlis, það er hagfræði og stjórnvísindi eru jú ljót orð meðal þorra almennings, sérstaklega þó

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

kvenfólks, en það er í meirihluta þeirra, sem hugsanlega verða með í vetur," segir í greinargerð nefndarinnar. „Á sama hátt má segja, að hinn mikli áhugi á félagsfræði og sálarfræði sé sprottinn undan rótum hins rómantíska bjarma, sem þessi fræði hafa sent frá sér upp á síðkastið“ (Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, 1969).

Eftir að þessar niðurstöður lágu fyrir, lagði þjóðfélagsfræðinefnd til að stúdentum, sem hygðust nema almenn þjóðfélagsfræði sem aðalgrein, yrði gefinn kostur á að setjast í Háskólann að hausti. Öðrum, sem hugðust nema almenn þjóðfélagsfræði sem aukagrein eða hluta af BA-námi með öðrum greinum, yrði ráðlagt að nota veturinn 1969–70 til náms í aðalgrein eða öðrum greinum til BA-prófs.

Nefndin mælti með því að komið yrði á námskeiðum í tölfræði, almennri þjóðhagfræði, sálfræði, afbrotufræði og undirstöðubáttum félagsfræði eða félagsmannfræði. Námskeiðin yrðu á vegum viðskiptadeildar, heimspekideildar og lagadeildar, öll í samráði við þjóðfélagsfræðinefnd en nemendur sem ekki voru þegar skráðir til náms við Háskóla Íslands skyldu innritast í heimspekideild. Því var beint til viðkomandi deildar að umræddir stúdentar yrðu eftir föngum látnir njóta náms síns um veturinn og tillit yrði tekið til sérþarfa þeirra næstu ár. Þetta gekk þó ekki snurðulaust. Verulegan þrýsting þurfti, bæði frá stúdentum og menntamálaráðherra, til að koma kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum af stað. Þá skapaði það nokkurn vanda við framgang málsins að í september sama ár hafði Ármann Snævarr hætt sem rektor. Stuðnings hans naut því ekki lengur við í sama mæli og áður.

Í samræmi við tillögur þjóðfélagsfræðinefndar var hafin kennsla í tölfræði og þjóðhagfræði haustið 1969 og vorið 1970 voru haldin námskeið í sálarfræði, afbrotufræði og félagslegri mannfræði. Kennslu í þjóðhagfræði annaðist Ólafur Björnsson, prófessor í hagfræði, en Guðmundur Guðmundsson, cand. act. kenndi tölfræði. Sigurjón Björnsson, síðar prófessor, kenndi sálfræði, Jónatan Þórmundsson, þáverandi lektor, afbrotufræði og Fredrick Bredahl-Petersen annaðist kennslu í félagslegri mannfræði. Um 25 stúdentar sóttu þessi námskeið. Sama vetur voru haldnir fyrirlestrar til kynningar á nokkrum greinum almennra þjóðfélagsfræða: Mannfélagsfræði, stjórnmálafræði, sálfræði, hagfélagsfræði og félagsráðgjöf. Þessir fyrirlestrar voru opnir almenningi og var þátttaka góð (Þjóðfélagsfræðinefnd Háskóla Íslands, 1970).

Athygli vekur að þær tvær greinar sem byrjað var að kenna haustið 1969 voru einmitt þær sem stúdentar höfðu minnstan áhuga á að læra samkvæmt könnuninni sem þjóðfélagsfræðinefnd hafði gert. Vera kann að skýringin sé nærtæk og fólgin í því að þessar greinar voru þegar kenndar í skólanum. Guðmundur Guðmundsson sem kenndi tölfræði kenndi hliðstætt námskeið í viðskiptadeild. Sama má segja um kennslu Ólafs Björnssonar í viðskiptadeild. Þeir voru tilbúnir að hefja kennslu í þessum greinum á haustönn. „Hitt er svo annað mál að það vakti tortryggni með-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

al stúdenta að kennsla skyldi hafin í þessum greinum en ekki öðrum sem þeir höfðu mestan áhuga á," segir Þórólfur Þórlindsson (1997). Hann segir að margir stúdentar hafi talið að með þessu ætti að fæla þá frá því að halda áfram að berjast fyrir kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum:

Eitt er víst að það kostaði heilmikla vinnu að fá nemendur til að sækja tíma í umræddum fögum allt haustmisseri. Það lá hins vegar ljóst fyrir að ef aðsókn nemenda í þessi námskeið yrði dræm hefði það verið túlkað sem áhugaleysi á að halda náminu áfram. Það skipti því miklu máli að fá nemendur til að mæta. Til þess að halda þrýstingi á yfirvöldin áfram dugði ekki minna en að tryggja að stofa 104 í Árnagarði væri full af fólki. Strax í október fór nemendum hins vegar að fækka ískyggilega. Við gripum því til þess ráðs að smala nemendum úr öðrum greinum sem kenndar voru í húsinu inn í tímana. Margir þeirra sýndu málinu ótrúlegan stuðning. Ekki síst minnst ég með þakklæti hóps læknanema sem lásu í Árnagarði. Þeir létu sig hafa það að skjótast í tíma í tölfræði og þjóðhagfræði þegar mikið lá við (Þórólfur Þórlindsson, 1997).

Skipulag nýrrar námsbrautar

Stúdentar voru á þessum tíma að skapa sér annan og mikilvægari sess en þeir höfðu áður haft í umræðu um þjóðfélagsmál. Nýir menningarstraumar voru að berast frá meginlandi Evrópu, lífsstíll sem einkenndist af andófi gegn hefðbundnum gildum og pólitískri róttækni. Um þetta segir Jónatan Þórmundsson, prófessor í lögfræði:

Tímarnir voru að breytast ... Í Frakklandi voru mestu lætin '69 og sumarið '69 var oft kallað „hitasumarið“ hér á landi. Þá var meðal annars haldinn þessi frægi fundur í Norræna húsinu þar sem Sveinn Rúnar Hauksson og Geir Vilhjálmsson settu menntamálaráðherra nánast á sakabekk. Sveinn Rúnar krafðist þess til að mynda að ráðherrann ræki út úr sér tunguna til að vita hvort ekki væri svartur blettur á henni (Jónatan Þórmundsson, 1997).

Gylfi Þ. Gíslason (1996) segir að meðal stúdenta hafi ríkt uppreisnarandi og nefnir dæmi um að oftast en einu sinni hafi það komið fyrir, þegar hann var á leið í sumarfrí með fjölskyldu sinni, að sendisveit stúdenta elti hann með kröfuspjöld niður að bryggju, reyndar einu sinni á tveimur rútum til Keflavíkur: „Eitt sinn, þegar ég var að koma úr siglingu með fragtskipi Eimskips, tóku stúdentar á móti mér á bakkanum til að afhenda kröfur.“ Stúdentar voru við þetta tilefni ekki síst að mótmæla ráðgerðri takmörkun að læknadeild en einnig til að knýja á um nýjar námsleiðir við skólann.

Gylfi (1969a) sagði við þetta tækifæri að hann hefði lagt fyrir nefndina, sem hann skipaði fyrir brottför sína, að athuga einkum þrjár nýjar námsleiðir í Háskól-

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

anum: Félagsfræði (með hliðsjón af félagsfræðikennslu Háskólans í Stokkhólmi), þriggja ára tæknifræðináms og stjórnunarfræði í viðskiptadeild. Vonir stæðu til að hægt yrði að hefja félagsfræðinámið að hausti, enda hefði hann mælt svo fyrir við nefndina, að hún skilaði álitinu sínu áður en gengið yrði frá fjárlögum, þannig að tryggt yrði að ekki stæði á fjárveitingum. Yrði erlendur kennari væntanlega ráðinn til að veita deildinni forstöðu og leggja drög að skipulagi hennar. Ekki taldi ráðherra að of naumur tími væri til stefnu í málinu, enda hefði það verið í könnun undanfarin 2–3 ár, og kennarar fyrir hendi.

Í byrjun júlí 1970 skipaði Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra nefnd til að semja drög að reglugerð um nám í þjóðfélagsfræðum. Nefndarskipunin kom í kjölfar þess að deildir Háskólans voru ekki tilbúnar að taka við náminu í þeirri mynd sem þjóðfélagsfræðinefnd og fyrri nefndir höfðu lagt til. Í bréfi menntamálaráðuneytisins segir að það sé „enn sem fyrr eindregin fyrirætlun ráðuneytisins, að fastri skipan verði komið á kennslu í þjóðfélagsfræðum við H.Í. frá hausti komanda ... og innritun stúdenta til þess náms sé þegar hafin“ (Menntamálaráðuneytið, 1970). Gylfi (1969b) segir um nefndarskipunina: „Satt að segja var ég að láta undan stúdentunum, til að lægja öldurnar sem voru meðal þeirra.“

Í nefndinni áttu sæti Ólafur Björnsson prófessor, tilnefndur af viðskiptadeild, Þórir Kr. Þórðarson prófessor, tilnefndur af guðfræðideild, Magnús Þ. Torfason prófessor, tilnefndur af lagadeild, Jón Sigurðsson, síðar ráðherra, þáverandi hagrannsóknarstjóri Efnahagsstofnunar sem var formaður nefndarinnar og skipaður af ráðuneytinu, og Þórólfur Þórlindsson, fulltrúi stúdenta í þjóðfélagsfræðum (Nefnd til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, 1970a). Þá sóttu Guðmundur K. Magnússon og Guðlaugur Þorvaldsson, prófessorar í viðskipta- og hagfræðideild, Jónatan Þórmondsson, prófessor í lagadeild og Björn Bjarnason, fulltrúi stúdenta, nokkra fundi nefndarinnar.

Þórólfur Þórlindsson segir að á fyrsta fundi nefndarinnar hafi komið í ljós að fulltrúar Háskólans í nefndinni, aðrir en fulltrúi stúdenta, hafi verið búnir að koma sér saman um að námið yrði tekið upp í viðskiptadeild. Hins vegar yrðu að svo komnu ekki kenndar aðrar greinar almennra þjóðfélagsfræða en félagsfræði og félagssýsla. Hann segist hafa talið það óviðunandi lausn fyrir stúdentana og bent á að þeir vildu læra félagsfræði, sálarfræði og stjórnmálafræði sem aðalgreinar, ekki félagsfræði sem aukagrein með viðskiptafræði eða hagfræði í viðskiptadeild. „Það þarf ekki að orðlengja það að um þetta hófust miklar rökræður og deilur og nefndin fór í gegnum margar tillögur á þeim stutta tíma sem hún starfaði“ (Þórólfur Þórlindsson, 1997).

Hann segir að fyrsta krafa stúdenta hafi verið sú að komið yrði upp sjálfstæðri deild þar sem greinar í almennri þjóðfélagsfræði yrðu kenndar. Þessari tillögu var

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

alfarið hafnað af hálfu annarra nefndarmanna sem sögðu ekki vera vilja fyrir því innan Háskólans að bæta við greinum. Auk þess yrði það að vera ljóst áður en ráðist væri í það, að völ væri á hæfum kennurum, þar á meðal kennurum með prófessorshæfi í þessum greinum. Til vara var lagt til að aðalgreinarnar tvær yrðu teknar upp sem fullgildar aðalgreinar innan heimspekideildar en mannfræði yrði auka-grein. Þórólfur (1997) segir: „Þetta gerði ég sem fulltrúi stúdenta, þótt ég vissi mæta vel að heimspekideild myndi hafna slíku.“ Málið var því komið í sjálfheldu og um mitt sumar leit út fyrir að hætt yrði við öll áform um að taka upp kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum að sinni. Í framhaldi kom tillaga um að breyta skipulaginu þannig að tekin yrði upp kennsla í heimspeki, tölfraði og félagsfræði og þessar greinar mynduðu sjálfstæða einingu innan heimspekideildar. Þessi tillaga var reyndar til umræðu í nefndinni um tíma. Síðar reyndist ekki vera stuðningur við hana.

Björn Bjarnason, varafulltrúi stúdenta í nefndinni, segist vart geta hugsað þá hugsun til enda að námið hefði verið sett inn í heimspekideild milli dönskunnar og frönskunnar. „Þá hefði verið svo langt upp í stjórnunina að þetta hefði eflaust dáið. Þeir höfðu engan áhuga. Við hefðum engan prófessor fengið og þeir tveir stúdentar sem sátu í deildarráði hefðu eflaust ekki komið úr þjóðfélagsfræðunum“ (Björn Bjarnason, 1996). Björn segir að Þórólfur Þórlindsson, fulltrúi stúdenta, hafi barist gegn þessu til að knýja á um að stofnuð yrði séreining um námið: „Reyndar sá hann til þess að við værum alltaf munaðarlaus, til að tryggja þetta. Hann gekk svo langt að hann pantaði yfirlýsingu frá stjórn viðskiptafræðinema um að hún vildi okkur ekki inn“ (Björn Bjarnason, 1996).

Þórólfur segir að sumarið 1970 hafi stúdentar verið farnir að ókyrrast verulega og útlit verið dökkt um að nokkuð yrði úr náminu. Hann hafi þá farið á fund menntamálaráðherra og lýst áhyggjum vegna stöðu málsins: „Framhaldið af viðræðum mínum og Gylfa var það að við Jón Sigurðsson hittumst á tveggja manna fundi“ (Þórólfur Þórlindsson, 1997). Þeir Þórólfur og Jón ákváðu að leggja til við nefndina að komið yrði upp sérstakri námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum.

Jón Sigurðsson segir að sér hafi fljótlega orðið ljóst að hvorki kæmi til greina að hefja nám í þjóðfélagsfræðum innan deildanna sem fyrir voru né væri af hagkvæmniástæðum unnt að stofna nýja deild með svo skömmum fyrirvara. Hann segist því hafa beitt sér fyrir því að fundin yrði önnur lausn, sem allir gætu sætt sig við. „Niðurstaðan varð því sú að við lögðum til að stofnuð yrði sjálfstæð námsbraut. Enda þótt menn hafi dregið í efa að hún væri lagalega fær og félli illa að stjórnsýslu Háskólans beitti ég mér fyrir því að hún yrði að veruleika. Menntamálaráðherra brást svo skjótt við og tók ákvörðun um að hefja nám í „almennum þjóðfélagsfræðum“ (Jón Sigurðsson, 1997). Jón segir að með þessu hafi engan veginn verið tekin afstaða gegn því að þjóðfélagsfræðanámið yrði síðar sjálfstæð deild í Há-

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

skólanum. Litið hafi verið á námsbrautina sem vísi að sjálfstæðri deild.

Nefndin lagði til „að um þjóðfélagsfræðinámið yrði mynduð sjálfstæð eining, námsbraut, við Háskólann, sem byggðist á samstarfi háskóladeilda, bæði að því er varðar kennslu og yfirstjórn“ (Nefnd til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, 1970a). Voru tillögur þessar lagðar fyrir háskólaráð og 3. september 1970 var fyrsta námsbrautarstjórnin skipuð í samræmi við bráðabirgðalög sem gefin voru út sama dag.

Í lokabréfi sem nefndin sendi menntamálaráðuneytinu um miðjan september 1970 er bent á að heppilegast sé að fyrst um sinn verði megináhersla lögð á félagsfræði sem aðalgrein til BA-prófs í almennum þjóðfélagsfræðum. Þegar að því komi að gefa kost á öðrum aðalgreinum virðist nefndinni að hagfræði komi ekki síður til greina en stjórnmálafræði. Loks segir að auk þeirra aukagreina, sem nefndar séu í tillögum þjóðfélagsfræðinefndar Háskólans, telji nefndin að heimspeki og stærðfræði komi mjög til álita sem aukagreinar til þjóðfélagsfræðaprófs (Nefnd til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, 1970b).

Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum tók til starfa haustið 1970 og reglugerð um hana var gefin út 7. apríl 1971. Gylfi Þ. Gíslason segir um stofnun hennar:

Það ríkti satt að segja hálfgerð ringulreið um tíma. Mismunandi skoðanir voru uppi innan Háskólans um hvað bæri að leggja áherslu á í hinni nýju námsbraut og meðal stúdenta logaði allt í deilum, svo að ég ákvað að höggva á hnútinn og stofna námsbrautina með reglugerðinni. Mér var fullljóst að lagalega var sú ákvörðun á mörkunum en málið var gott svo ég hikaði ekki (Gylfi Þ. Gíslason, 1996).

Starfsmenn námsbrautarinnar voru í upphafi tveir innlendir fastráðnir kennarar og einn erlendur gistiprófessor: Þorbjörn Broddason, Ólafur Ragnar Grímsson, síðar prófessor í stjórnmálafræði og núverandi forseti Íslands, og Plambeck, prófessor í félagsfræði frá Háskólanum í Oregon-fylki. Haustið 1971 bættist Haraldur Ólafsson við. Stundakennarar voru nokkrir fyrstu árin, bæði innlendir og erlendir.

Tvær aðalgreinar voru kenndar við námsbrautina í upphafi, félagsfræði og stjórnmálafræði, en aukagreinar voru hagfræði, sálfræði og tölfræði. Námskeið í skyldukjarna hvorrar aðalgreinar um sig voru sameiginleg öllum stúdentum í þeirri grein. Til BA-prófs skyldi ljúka 90 einingum, þar af var tiltekinn fjöldi, allt að 30 einingar, í undirbúningsnámskeiðum, tiltekinn lágmarksfjöldi í einni grein, aðalgrein, og tiltekinn lágmarksfjöldi á kjörsviði aðalgreinar. Einingum umfram það skyldi verja í frjálst kjörnám. Stúdentum var skylt að ljúka undirbúningsnámskeiðum í félagsfræði, stjórnmálafræði, sálfræði, hagfræði og tölfræði.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Í skyldukjarna félagsfræðinema voru grundvallaratriði félagsfræði, kenningar og rannsóknaraðferðir, samfélagsskipan Íslands og Norðurlanda og lauk kjarnanum með sjálfstæðri rannsóknarskýrslu eða ritgerð. Sem kjörsvið í félagsfræði komu til greina stjórn málafræði, sálfræði, opinber stjórnsýsla eða sakfræði. Í skyldukjarna stjórn málafræðinema voru almenn stjórn málafræði, stjórn málakerfi og samanburður þeirra ásamt fleira. Sem kjörsvið komu til greina stjórn málasaga, stjórn málalíf, alþjóðastjórn málmál, opinber stjórnsýsla, félagsfræði og hagfræði. Stúdent skyldi hafa lokið undirbúningsnámskeiðum innan þriggja missera frá skráningu (Reglugerð um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, 1971).

Fyrstu ár námsbrautarinnar

Stjórnsýsluleg staða námsbrautarinnar innan Háskólans var nýmæli: Hún hafði sjálfstæði í innri málum og skipaði að því leyti sama sess og venjulegar deildir Háskólans. Námsbrautin tengdist viðskiptadeild á þann hátt að tekið var fram í reglugerð að formaður námsbrautarstjórnar skyldi kosinn úr hópi prófessora deildarinnar. Stjórn hennar var skipuð föstum kennurum námsbrautarinnar, fulltrúum stúdenta, tveimur fulltrúum sem háskólaráð kaus og einum sem forseti viðskiptadeildar valdi, og var hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Ólafur Björnsson prófessor var fyrsti formaður námsbrautarstjórnar en síðar Guðmundur K. Magnússon prófessor. Aðrir sem sæti áttu í stjórninni voru Jónatan Þórmundsson og Björn Björnsson, tilnefndir af háskólaráði, og Þórólfur Þórlindsson og Björn Bjarnason, tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Stjórn námsbrautarinnar gegndi sama hlutverki og stjórnir deilda. Meðal annars skipulagði hún kennslu, gerði fjárlagatillögur, var aðili að veitingu embætta og kvað upp úrskurði í ýmsum málefnum nemenda. Staða námsbrautarinnar var hins vegar frábrugðin stöðu deildanna þar sem hún hafði aðeins takmarkaða aðild að æðri stjórnsýslu Háskólans. Formaður stjórnar námsbrautarinnar átti ekki sæti í háskólaráði en var boðaður á fundi þess þegar fjalla skyldi um málefni hennar (Reglugerð um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, 1971; Árbók Háskóla Íslands, 1973–1976).

Ólafur Ragnar Grímsson, annar tveggja fyrstu lektora námsbrautar í stjórn málafræði, segir námsbrautina hafa verið bastarð í stjórnkerfi Háskólans: „við vorum til hliðar, höfðum ekki aðgang að neinni deild beint og áttum ekki fulltrúa í háskólaráði“ (Ólafur Ragnar Grímsson, 1996). Húsnæðisekla, starfsmannahald, skipulagning náms, áætlanir um stofnun deildar og stjórnsýsluleg staða námsbrautarinnar er meðal þess helsta sem rætt var á fundum námsbrautarstjórnar fyrstu árin. Einnig var rætt um erfiðleika við að fá heimspekideild til að meta nám-ið við námsbrautina.

Kennsla hófst nær fyrirvaralaust. Þrír kennarar stóðu frammi fyrir því að þurfa

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

að skipuleggja námskeið og kennslu jafnharðan, samhliða því að skipuleggja næsta ár á eftir og útvega fleiri kennara til starfa. Ólafur Ragnar Grímsson segir:

Við Þorbjörn [Brodðason] vorum ráðnir með viku eða hálfsmánaðar fyrirvara haustið 1970 til að byrja að kenna auk eins bandaríks Fulbright-prófessors. Allt í einu stóðum við því frammi fyrir fullum sal af nemendum, með enga aðstöðu, ekki neitt. Þannig var þetta fyrstu árin. Síðan urðum við að þrjóna hingað erlenda fyrirlesara eftir kunningskap og tengslum úti í heimi (Ólafur Ragnar Grímsson, 1996).

Hann segir þetta hafa tekist þar sem kennarar námsbrautarinnar hafi strax tekið þá ákvörðun að helga sig þróun kennslunnar fyrstu árin:

Það er óvenjuleg ákvörðun fyrir háskólakennara að láta vísindastörfin sitja á hak-anum. Ef við hefðum hins vegar ekki gert það, heldur varið allt að 50% af tíma okkar í rannsóknir, eins og margir háskólakennarar gera af fræðilegum metnaði, hefði þetta aldrei verið hægt. Fyrstu árin voru verkefni alltaf tvöföld. Það þurfti að skipuleggja fyrsta árið og kenna það um leið og samhliða skipuleggja annað árið, þá það þriðja. Við bættist að nemendahópurinn var stór, alls 120 nemendur fyrsta árið (Ólafur Ragnar Grímsson, 1996).

Í upphafi voru settar mjög strangar reglur um upptöku prófa í námsbrautinni. Félli stúdent oftast en tvisvar í prófi í sömu grein datt hann út úr náminu. Þetta varð eilíft átakaefni. Stúdentum fannst kröfurnar oft strangar og fall of mikið. Þetta spurðist út og kann að vera hluti skýringar á því að nýskráðum nemendum fækk-aði mikið fyrstu árin sem námsbrautin starfaði, úr 63 skólaárið 1971–72 niður í 18 skólaárið 1975–76 (Þórir Einarsson, 1992).

Fleiri skýringar koma til. Námsbrautin hafði á sér sterkan „vinstri stimpil“, ekki síst vegna þess að þrír af fjórum kennurum hennar voru áberandi í íslenski vinstri-pólitík. „Þetta fældi hugsanlega frá stúdenta sem áhuga höfðu á náminu, námsins vegna, með störf og ef til vill starfsframa í huga,“ segir Svanur Kristjánsson, prófess-or, sem skipaður var lektor í stjórnmálafræði við námsbrautina haustið 1974. Annar hópur stúdenta, byltingarsinnar, datt út úr náminu fyrstu árin, að sögn Svans. „Við höldum uppi „standard“. Öll áhersla var lögð á að tryggja gæði námsins. Þetti olli ef-laust einhverjum stúdentum vonbrigðum, stúdentum sem ætluðu sér að gera bylt-ingu en voru, þegar í námið var komið, látnir læra og standast strangar kröfur í töl-fræði. Það fór ekki vel saman að þeirra mati“ (Svanur Kristjánsson, 1997).

Þorbjörn Broddason segir þátt stúdenta í skipulagningu námsins fyrstu árin hafa verið mikinn:

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Skýringin á því að við komumst á loft var feikilega góður nemendahópur, fólk með brennandi áhuga á að koma af stað félagsvísindum á Íslandi. Margir voru komnir aðeins yfir tvítugt, þjuggu yfir starfsreynslu og höfðu hugsað heilmikið um hvað þeir vildu gera og hvert þeir stefndu. Við gerðum auðvitað okkar besta en það hefði dugað skammt ef þessi góði hópur hefði ekki komið til. Við berum sérstakar tilfinningar til nemendahópanna sem sórtu námið fyrsta og annað árið. Við urðum auðvitað fyrir gagnrýni, þetta var ekki dans á rósum, og mér dettur ekki í hug að halda því fram að þetta hafi verið besta kennsla í heimi en það er hægt að komast langt með góðum vilja og jákvæðum anda (Þorbjörn Broddason, 1996).

Fyrstu starfsárin hafði námsbrautin ekkert húsnæði til eigin afnota, aðeins aðgang að almennum kennslustofum til fyrirlestrahalds. Mikilvægir þættir í starfsemi námsbrautarinnar, til dæmis rannsóknir, kennsluundirbúningur og að nokkru leyti leiðbeiningar til nemenda, urðu að fara fram á heimilum kennara; kaffistofur í kjallara aðalbyggingar Háskólans og í Norræna húsinu voru einu tiltæku viðtalsherbergi nemenda og kennara. Haustið 1972 fengu tveir kennarar námsbrautarinnar vinnuherbergi í gömlu lofskeytastöðinni við Suðurgötu og þriðji kennarinn gat notað herbergi nemenda í Félagsstofnun stúdenta (Árbók Háskóla Íslands, 1973–1976).

Í janúar 1973 fékk námsbrautin til umráða hluta hússins að Sóleyjargötu 1, þar sem mest öll starfsemi fór fram næstu árin. Allir fastráðnir kennarar höfðu þar vinnuherbergi; kennsla smærri hópa, umræðutímar og verklegar æfingar fóru að jafnaði einnig fram í þessum herbergjum. Í kjallara hússins voru tvö herbergi fyrir hópvinnu nemenda og jafnframt var kennt í þeim. Fyrirlestrar í fjölmennari námskeiðum voru áfram haldnir í aðalbyggingu Háskólans, í Árnagarði og í fyrirlestrastofu gömlu Lofskeytastöðvarinnar.

Af fundargerðum námsbrautarstjórnar má greina að húsnæðismálin hafa verið einn helsti vandi kennara og nemenda fyrstu árin. Við stofnun félagsvísindadeildar haustið 1976 lýsti deildarforseti ástandi húsnæðismála með eftirfarandi hætti:

Þegar að þeim kapítula kemur, vefst mér tunga um tönn, því allt er það mál flókið. Kennarar í þjóðfélagsfræðum hafa bækistöð á Sóleyjargötu 1, en kennslustofur þeirra eru í Árnagarði, Lögbergi og ef til vill víðar. Sálfræðikennarar búa á Smyrilsvegi 22, nemendur þeirra hafa lesastöðu í húsi verkfræði- og raunvísindadeildar við Hjarðarhaga, en kennsla fer fram í Árnagarði og Lögbergi. Annar kennarinn í uppeldisfræði hefur skrifstofu í Árnagarði, en hinn er að öllum líkindum vegalaus sem stendur. Kennsla þeirra fer fram í Árnagarði og Lögbergi. Vandratað er til kennarans í bókasafnsfræði, en leita mætti að honum í turnstofu einni í aðalbyggingu ofanvert við hátíðasal. Þá er ekki á þessari stundu vitað, hvar skrifstofa deildarinnar verður né hvernig hún verður mönnuð (Sigurjón Björnsson, 1976).

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

Þorbjörn Broddason segir um þetta:

Í upphafi vorum við verr settir en Húsavíkur-Jón þegar hann byrjaði með sitt nýja helvíti og andskotinn gerði hann út með hálfa taðflögu. Við vorum bókstaflega ekki með neitt. Helsta skýringin á því að við Ólafur Ragnar létum hafa okkur út í þetta er sennilega sú að við vorum báðir nógu ungir og fíflðjarfir (Þorbjörn Broddason, 1996).

Ólafur Ragnar tekur í sama streng. Hann segir aðstöðuna hafa verið afar bágborna eða réttara sagt enga og lýsir verkefninu sem ofurmannlega ævintýralegri djörfung.

Auk þess að skipuleggja námið frá grunni þurftum við að þýða öll hugtök í félagsfræði og stjórnmálafræði. Síðan þurfti að útvega erlenda fyrirlesara en smám saman jókst hlutfall íslenskra kennara. Þá hvíldi alltaf yfir efinn um hvort þetta myndi ganga hjá okkur en þetta tókst þrátt fyrir að við hefðum enga aðstöðu í skólanum fyrstu árin. Þegar litið er til baka jaðrar þetta við fíflðirfsku (Ólafur Ragnar Grímsson, 1996).

Ólafur Ragnar segir verkefni fyrstu áranna ekki síst hafa verið fólgið í að upplýsa almenning um gildi félagsvísinda. Hugmyndir um félagsvísindi í þjóðfélaginu hafi verið mjög ruglingslegar og margir átt erfitt með að skilja hvernig hægt væri að fjalla fræðilega um stjórnmál, fjölskylduna og vinnuna: „Þetta var eðlilega framandi hugsun.“ Hann bætir við:

Mikill hluti nemenda fór í nám á öldu róttækni-hugmynda þar sem þessi fræði áttu að vera byltingartæki í samfélaginu. Við lentum því oft á milli tannanna á fólki, sérstaklega ég með stjórnmálafræðina. Ekki síst gerðist það vegna þess að ég gætti þess alltaf að halda uppi mjög hörðum fræðilegum aga og felldi þá miskunnarlaust sem skiluðu mér úrlausnum sem voru frekar byggðar á pólitískum skoðunum en þekkingu á fræðunum (Ólafur Ragnar Grímsson, 1996).

Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum varð vettvangur fyrir þá menningarstrauma sem bárust frá meginlandi Evrópu. Jónatan Þórmundsson segir:

Það var mjög skemmtilegt að kenna afbrotafræði við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Þarna var öðruvísi fólk en í lagadeildinni. Þarna ríkti róttæknisandi. Til að nefna dæmi stóð eitt sinn ungur maður upp í tíma hjá mér og spurði hvort ekki mætti fara að tala dálítið um Víetnam (Jónatan Þórmundsson, 1997).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Stúdentahópurinn var þó greinilega ekki einsleitur: „Þarna voru þeir sem ætluðu að bjarga heiminum, helst með byltingu. Litríkir karakterar, sem létu mjög til sín taka í tímum. Það skarst þó aldrei í odda en umræður í tímum voru með töluvert öðrum hætti en síðar gerðist. Það var að vísu hyldjúp gjá innan nemendahópsins“ (Þorbjörn Broddason, 1996). Hluti hópsins vildi, að hans sögn, læra félagsfræði sem hagnýtt tæki í þágu þjóðfélagsbyltingar en aðrir vegna fræðanna sjálfra.

Stofnun félagsvísindadeildar

Á fundi námsbrautarstjórnar 26. ágúst 1971 hreyfði Ólafur Ragnar Grímsson þeirri hugmynd að námsbrautinni yrði breytt í deild. Hann benti á að vegna stúdenta fjöldans væri þetta orðin brýnni nauðsyn en búist hefði verið við í upphafi (Fundargerðabók stjórnar námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, 1970–1976, 26. ágúst 1971). Ólafur Ragnar leitaði álits stjórnarinnar á því hvort ekki bæri að stofna nefnd til að koma málinu á rekspöl. Ólafur Björnsson taldi að ætíð hefði verið litið á núverandi ástand sem bráðabirgðaástand og lýsti samþykki við hugmyndina. Hann taldi þó ekki tímabært að kjósa slíka nefnd en lagði til að fyrsta skrefið yrði að ræða málið við rektor. Jónatan Þórmundsson sagðist telja þetta tímabært. Hann minnti hins vegar á að andstöðu hefði gætt gegn því að námsbrautin fengi sjálfstæði. Vegna túlkunar á lögum og reglugerð hefði hún notið meira sjálfstæðis en búist hefði verið við. Hann taldi að ekki yrði unnt að framfylgja lagaákvæðum um fjölda prófessora á næstunni og því myndi dragast að hægt yrði að breyta námsbrautinni í deild. Hann taldi einnig að andstaða gegn námsbrautinni væri nokkur og hún gæti aukist ef vakið yrði máls á deildarstofnun á næstunni. Hins vegar væri rétt að fara fram á að formaður námsbrautarirmar fengi fast sæti í háskólaráði.

Sigurjón Björnsson, prófessor í sálfræði, segir að veturinn 1974–75 hafi háskóla- rektor komið að máli við sig og kveðið mikinn áhuga vera á því innan námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum að stofnuð yrði ný deild úr námsbrautinni: „Hann sagðist vera þeirrar skoðunar að ókleift væri að stofna deild nema fleiri greinar kæmu þar inn og spurði hvort ég væri tilbúinn að fara þar inn með sálfræðina“ (Sigurjón Björnsson, 1996). Sigurjón segist hafa svarað því til að hann væri ekkert áfjádur í að fara úr heimspekideild en hann var þar deildarforseti á þessum tíma. Að lokum hafi hann þó fallist á það, ekki síst þar sem hann hafi haft mikinn áhuga á að tengja rannsóknir í sálfræði og félagsfræði í þeirri von að upp gæti sprottið frjór, sameiginlegur vettvangur fyrir félagsfræði, uppeldisfræði og sálarfræði, sem gera myndi þessum greinum kleift að svara veigamiklum spurningum um þjóðfélagið sem hver og ein út af fyrir sig ætti erfiðara með að veita svör við. „Þegar til kom virtist ekki sérstakur áhugi á þessu innan deildarinnar, nema hjá mér og Þórólfi Þórlindssyni. Greinarnar virtust hver og ein vilja búa að sínu,“ segir Sigurjón (1996).

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

Hinn 6. janúar 1975 skipaði Guðlaugur Þorvaldsson, þáverandi háskólarektor, nefnd sem ætlað var að kanna hvort stofna skyldi nýja deild við Háskóla Íslands, sem næði yfir þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, félagsráðgjöf og ef til vill fleiri greinar. Formaður nefndarinnar var Sigurjón Björnsson. Aðrir nefndarmenn voru Andri Ísaksson, Elísabet Karlsdóttir, Gaukur Jörundsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Smári Geirsson og Þorbjörn Broddason.

Nefndin skilaði álit 17. janúar 1975 og var sammála um að stofna skyldi nýja deild við Háskólann þar sem kenndar yrðu sömu greinar og nefndar voru í samþykkt háskólaráðs frá 3. október árinu áður. Færði nefndin meðal annars þau rök fyrir máli sínu að þessar greinar væru fræðilega skyldar og beittu svipuðum rannsóknaraðferðum. Samvinna þessara greina innan einnar og sömu deildar gæti haft í för með sér sparnað og hagræðingu. Þá benti nefndin á að slík deild væri heppileg stjórnsýslueining þar sem auðvelt væri að koma nýjum greinum fyrir. Loks var talið að hin nýja deild myndi auðvelda stúdentum samval greina úr þessum fræðum (Nefndarálit um stofnun félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, 1975).

Álitid var sent til umsagnar heimspekideildar, lagadeildar, viðskiptadeildar, læknadeildar, námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum og menntamálanefndar Stúdentaráðs. Að undanskilinni læknadeild, sem óskaði ekki eftir að tjá sig um málið, lýstu umsagnaraðilar yfir stuðningi við stofnun deildarinnar. Ólafur Ragnar Grímsson (1996) segir: „Stofnun félagsvísindadeildar var með ákveðnum hætti staðfesting á því að okkur hafði tekist þetta. Það hefði aldrei verið samþykkt að steypa þjóðfélagsfræðinni inn í nýja deild, nema af því við vorum búin að sanna tilvist okkar í háskólasamfélaginu með mjög afgerandi hætti.“

Við stofnun deildarinnar bættust þrjár greinar við þær tvær sem kenndar höfðu verið við námsbraut í þjóðfélagsfræðum. Sálfræði hafði verið kennd sem hluti forspjallsvísinda frá stofnun Háskólans árið 1911. Á árunum 1918–24 gegndi dr. Guðmundur Finnbogason þar að auki prófessorsembætti í hagnýtri sálfræði, en sú staða var lögð niður vegna skorts á fjárveitingu. Það var ekki fyrr en haustið 1971 að kennsla hófst aftur í sálfræði utan forspjallsvísinda. Þá var Sigurjón Björnsson skipaður prófessor í greininni og kennsla hófst til BA-prófs við heimspekideild.

Bókasafnsfræði hafði verið kennd sem BA-grein í heimspekideild frá árinu 1956. [...] Uppeldisfræði var ein þeirra aðalgreina sem kenndar voru við félagsvísindadeild frá stofnun deildarinnar. Kennsla í uppeldis- og kennslufræðum við Háskóla Íslands hafði reyndar hafist á vegum heimspekideildar á háskólaárinu 1951–52. Það nám var ætlað stúdentum sem stunduðu nám við skólann í ýmsum kennslugreinum gagnfræða- og menntaskóla til undirbúnings kennarastarfi (Haraldur Ólafsson, 1996).

Í mars 1976 lagði Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, frumvarp um málið fyrir Alþingi og 13. maí var samþykkt breyting á lögum um

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Háskóla Íslands þar sem stofnuð var félagsvísindadeild við Háskóla Íslands. Litlar sem engar umræður urðu um málið á Alþingi og um haustið tók deildin til starfa. Sigurjón Björnsson, prófessor í sálfræði var kosinn fyrsti forseti deildarinnar til tveggja ára á fyrsta deildarfundinum hennar 15. september 1976. Ólafur Ragnar Grímsson var á sama fundi kosinn varadeildarforseti (Fundargerðarbók stjórnar námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, 1970–1976).

Fimm greinar voru kenndar sem aðalgreinar til BA-prófs við stofnun félagsvísindadeildar: Bókasafnsfræði, félagsfræði, sálarfræði, stjórn málafræði og uppeldisfræði. Uppeldisfræði var einnig kennd til kennsluréttinda. Þá voru kenndar nokkrar aukagreinar eins og mannfræði og ýmis námskeið í stöðgreinum fyrrnefndra greina, til dæmis tölfræði. Á fundi sumarið 1976 ákváðu kennarar við væntanlega félagsvísindadeild að ekki væri tímabært að hefja kennslu í félagsráðgjöf að sinni. Líklegt var þó talið að einhver kennsla gæti hafist í greininni og ef til vill í fjölmiðlun á næstu árum.

Við stofnun félagsvísindadeildar voru fastráðnir kennarar alls níu talsins. Þeir voru Andri Ísaksson prófessor í uppeldisfræði, Ólafur Ragnar Grímsson prófessor í stjórn málafræði, Sigurjón Björnsson prófessor í sálarfræði, Erlendur Haraldsson lektor í sálarfræði, Guðný Guðbjörnsdóttir lektor í uppeldisfræði, Haraldur Ólafsson lektor í mannfræði, Magnús Kristjánsson lektor í sálarfræði, Svanur Kristjánsson lektor í stjórn málafræði og Þorbjörn Broddason lektor í félagsfræði, auk Sigrúnar Klöru Hannesdóttur lektors í bókasafnsfræði og Þórólfs Þórindssonar gisti-lektors í félagsfræði.

Haraldur Ólafsson, fyrsti lektor í mannfræði við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, segir um stofnun deildarinnar:

Við uppbyggingu námsins studdumst við aðallega við eigin reynslu. Það var heppilegt að kennararnir komu úr ýmsum áttum og höfðu kynnst öllu námsformi; frá Norðurlöndum, Englandi, Bandaríkjunum, Frakklandi og Þýskalandi. Þegar deildin var stofnuð var því allmikil fjölbreytni í kennaravali. Það var ekki fordæmi frá einu landi eða einum háskóla sem stýrði þróuninni. Þessi fjölbreytni hafði að mínu mati mjög mikið að segja um það hve vel þetta hefur tekist. Okkur var líka styrkur í því að við fengum mjög góða nemendur í upphafi (Haraldur Ólafsson, 1996).

Lokaorð

Hér að framan hefur verið rakin aðdragandi að stofnun námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum og félagsvísindadeildar. Saga deildarinnar sjálfrar frá 1976 er enn óskráð. Frumkvæðið að því að hefja kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands kom bæði innan úr Háskólanum, frá háskólamönnum sjálfum og frá fólki utan skólans sem hafði áhuga eða hagsmuni af því að efla þetta fræðasvið. Sagan um

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

upphaf og tilkomu námsbrautar í þjóðfélagsfræðum snýst um baráttu fyrir tilveru-
rétti nýrra sjónarmiða. Á yfirborðinu virtist sem umræða um hvaða greinar ætti að
kenna og hvernig ætti að kenna þær hefði verið ráðandi. Nefndir komu sífellt með
nýjar tillögur og hugmyndir sem fengu góðar undirtektir án þess að nokkuð örlaði
á framkvæmdum. Þetta skýrist að nokkru af því, að baki hinna opinberu nefnda-
sögu lágu átök um það hvort yfirleitt ætti að kenna félagsfræði, stjórnmálafræði og
sálarfræði sem sjálfstæðar greinar. Þá greindi kennara innan Háskólans á um hvern-
ig útfæra ætti námið og hvar í Háskólanum kennslan ætti að fara fram. Eflaust hafa
ýmis önnur sjónarmið komið fram. Þeim sem störfuðu innan skólans þótti staðan
þröng og vildu frekar nýta fjármagn í nám sem þegar var kennt við skólann en að
verja fé í að koma nýju námi á laggirnar. Síðast en ekki síst gætti efasemda hjá
ýmsum um að viðfangsefni hinna nýju greina væri hægt að kenna á hlutlægan hátt.
Einkum átti þetta við um stjórnmálafræðina.

Hver svo sem skýringin var liggur ljóst fyrir að þegar á átti að herða var þjóð-
félagsfræðunum úthýst úr skólanum. Þær deildir sem rætt hafði verið um að tækju
námið upp vísuðu hver á aðra og neituðu bæði að taka við náminu öllu eða hluta
þess. Valdakerfi æðri menntunar, sem einkennist af óljósri verkaskiptingu og vald-
sviði ráðuneytis og háskólayfirvalda, rektors og háskólaráðs, samfara miklu sjálf-
stæði deilda og greina er sennilega ekki vel fallið til að hrinda í framkvæmd nýjum
hugmyndum. Í slíku kerfi þarf oft ekki nema nokkra prófessora til að stöðva fram-
gang nýs náms. Það má ef til vill segja að sögulegar tilviljanir og þrautseigja nokk-
urra einstaklinga hafi leitt til þess í þessu tilviki að stofnuð var námsbraut í al-
mennum þjóðfélagsfræðum og síðar félagsvísindadeild. Sagan hefði væntanlega
orðið önnur ef þjóðfélagsgreinunum hefði verið dreift á háskóladeildir með öðrum
hætti í nánnum tengslum við þau fræðasvið sem fyrir voru við Háskólann. Sam-
kvæmt upplýsingum Nemendaskrár Háskóla Íslands er félagsvísindadeild nú
næstfjölmennasta deild Háskóla Íslands með 1.152 nemendur af 5.814 nemendum
sem skráðir eru skólaárið 1996–97 en það jafngildir 20% af heildarnemendafjölda
skólans.

ABSTRACT IN ENGLISH

In 1970, the University of Iceland established a program of study in sociology, polit-
ical science and anthropology. This program of study was instrumental in the esta-
blishment of the Department of Social Sciences on September 15th 1976, when
psychology, education and library science, previously taught in the Department of
the Liberal Arts, were also moved to the new department. This article reviews the
brief history of the joint program in sociology, political science and anthropology.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

Álit heimspekideildar. 2. júní 1970.

Álit sérnefndar Háskólanefndar. Ódagsett bréf.

Árbók Háskóla Íslands: Háskólaárin 1973–1976. 1978. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ármann Snævarr. 2. september 1969. *Bréf.*

Ármann Snævarr. 1996. *Munnleg heimild,* 12. nóvember 1996.

Björn Bjarnason. 1996. *Munnleg heimild,* 15. nóvember 1996.

Björn Björnsson. 1996. *Munnleg heimild,* 4. nóvember 1996.

„Breyttir tímar.“ 1968. *Morgunblaðið,* 20. júlí, 1968, bls. 3.

Bréf Háskólaráðs. 25. júní 1970.

Bréf viðskiptadeildar. 30. júní 1970. *Bréf til Ármanns Snævarrs rektors.*

Efnahagsstofnunin og menntamálaráðuneytið. 1971. Tölur um menntamálaútgjöld hins opinbera og skólahald 1946–1971. Óútg. skýrsla, dags. maí 1971.

Félagsfræðinefnd. 1968. *Greinargerð og tillögur Félagsfræðinefndar,* dags. 23. febrúar 1968.

Fréttatilkynning frá SHÍ og SÍNE. 1969. *Morgunblaðið,* 9. september, 1969, bls. 21.

Fundargerðarbók stjórnar námsbrautar í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands. 1970–1976.

Fundargerð háskólaráðs. 21. mars 1968.

Fundargerð háskólaráðs. 29. ágúst 1969. Ályktunartillaga Ármanns Snævarrs rektors.

Fundargerð háskólaráðs. 1974a, 19. september.

Fundargerð háskólaráðs. 1974b, 3. október.

Fundargerð háskólaráðs. 27. febrúar 1975.

Gísli Pálsson. 1997. *Munnleg heimild,* 13. janúar 1997.

Gylfi Þ. Gíslason. 1969a. „Beiti mér fyrir endurskoðun innritunarreglnanna.“ *Morgunblaðið,* 2. ágúst 1969, bls. 23–24.

Gylfi Þ. Gíslason. 1969b. *Bréf til Ármanns Snævarrs rektors,* dags. 14. apríl 1969.

Gylfi Þ. Gíslason. 1996. *Munnleg heimild,* 11. nóvember 1996.

Gylfi Þ. Gíslason og Birgir Thorlacius. *Bréf til Háskólanefndar,* dags. 16. júní 1969.

Haraldur Ólafsson. 1996. *Erindi flutt á 20 ára afmæli Félagsvísindadeildar.* Reykjavík, september 1996.

Háskólanefnd. 1969a, 9. júlí. *Bréf til Ármanns Snævarrs rektors.*

Háskólanefnd. 1969b, september. *Efling Háskóla Íslands.* Reykjavík: Háskóli Íslands.

„Háskólinn og nýir tímar.“ 1967. *Morgunblaðið,* 8. september 1967, bls. 16.

Helgi Skúli Kjartansson. 1997. *Munnleg heimild,* 5. febrúar 1997.

Jón Sigurðsson. 1997. *Munnleg heimild,* 18. febrúar 1997.

Jónatan Þórmundsson. 1997. *Munnleg heimild,* 13. febrúar 1997.

Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum. 15. september 1969. Greinargerð.

Menntamálaráðuneytið. 28. ágúst 1969. *Bréf til Háskólanefndar.*

Menntamálaráðuneytið. 6. júlí 1970. *Bréf.*

Nefndarálit um stofnun félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. 17. janúar 1975.

Nefnd heimspekideildar um stöðu þjóðfélags- og stjórnmálafræða í Háskóla Íslands. 25. maí 1970.

Bréf til forseta heimspekideildar.

Nefnd til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands. 1970a, 17. júlí. *Bréf.*

Nefnd til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands. 1970b, 17. september. *Bréf.*

„Bréf til menntamálaráðuneytisins: Nýjar námsleiðir við HÍ.“ 1969. *Morgunblaðið,* 21. september 1969, bls. 13.

Ólafur Björnsson. 19. júní 1970. *Umsögn um tillögur og álitsgerð þjóðfélagsfræðinefndar.*

Ólafur Ragnar Grímsson. 1996. *Munnleg heimild,* 30. október 1996.

Reglugerð um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum nr. 72/1971.

NÁMSBRAUT Í ALMENNUM ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐUM

- Sigurjón Björnsson. 1976. *Erindi flutt við stofnun Félagsvísindadeildar*, Reykjavík, 15. september 1976.
- Sigurjón Björnsson. 1996. *Munnleg heimild*, 22. nóvember 1996.
- „Stúdentaóeirðir.“ 1968. *Morgunblaðið*, 5. nóvember 1968, bls.15–20.
- Svanur Kristjánsson. 1997. *Munnleg heimild*, 16. apríl 1997.
- Sveinn Rúnar Hauksson. 1997. *Munnleg heimild*, 19. febrúar 1997.
- Umsögn lagadeildar um tillögur um kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum*. 25. júní 1970.
- Umsögn um tillögur um kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum*. 25. júní 1970.
- „Vilja nýja deild í þjóðfélagsfræðum.“ 1970. *Morgunblaðið*, 21. júlí 1970, bls. 12–19.
- Þorbjörn Broddason. 1996. *Munnleg heimild*, 18. nóvember 1996.
- Þjóðfélagsfræðinefnd Háskóla Íslands. 1970. *Tillögur og álitssgerð*. Mars 1970.
- Þórir Einarsson. 1992. *Staðtölur Háskóla Íslands: 1. hefti nemendur 1911–1991*. Reykjavík (handrit).
- Staðtölur Háskóla Íslands, 1. hefti: Nemendur 1911–199~*. Reykjavík: Handrit.
- Þórir Kr. Þórðarson. 1986. „Frá embættismannaskóla til vísindaseturs.“ *Tímarit Háskóla Íslands*, 1986, 11–14.
- Þórólfur Þórlindsson. 1982. „Icelandic sociology: National conditions and the emergence of a new discipline.“ *Acta Sociologica*, 25, 79–89.
- Þórólfur Þórlindsson. 1997. *Munnleg heimild*, 4. janúar 1997.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI: ÞJÓÐFÉLAGSAÐSTÆÐUR VIÐ TILURÐ NÝRRAR FRÆÐIGREINAR

Þórólfur Þórlindsson

Í þessari grein er fjallað um tilurð félagsfræðinnar sem íslenskrar fræðigreinar og þróun hennar við íslenskar aðstæður. Sérstök áhersla er lögð á (a) skipulag íslenska menntakerfisins, (b) hugtakabindingu félagsfræðinnar og (c) stöðu félagsfræðinnar meðal annarra fræðigreina við Háskóla Íslands. Einnig eru metin áhrif þjóðfélagsþátta á borð við þjóðernishyggju, hraða iðnvæðingu og fámenni þjóðarinnar á skilgreiningu og þróun íslenskrar félagsfræði.

Þessi grein birtist upphaflega í *Acta Sociologica* (25, Suppl. 79–89) árið 1982 undir heitinu *Icelandic Sociology: National Conditions and the Emergence of a New Discipline*. Þóroddur Bjarnason og Álfgeir Logi Kristjánsson þýddu.

Inngangur

Vísindin eru að sögn óháð landamærum þjóðríkja, en þar með er ekki öll sagan sögð. Sem fræðigrein hefur félagsfræðin þróast við ákveðnar aðstæður og hún gegnir tilteknum félagslegum hlutverkum. Færa má að því rök að þjóðernishyggja, pólitískir hagsmunir og félagsgerð einstakra samfélaga hafi mótað farveg félagsfræðinnar og stýrt vexti hennar með ýmsum hætti (Mazur, 1963; Szczepanski, 1969; Bourdieu og Passeron, 1967).

Líta má á upphaf félagsfræðinnar á Íslandi sem dæmi um vöxt fræðigreinar innan landamæra tiltekins þjóðríkis. Hér verður hvorki gefið yfirlit um íslenska félagsfræði samtímans né heldur verða helstu viðburðir í sögu hennar raktir í smáatriðum. Þess í stað verður viðgangur félagsfræðinnar sem íslenskrar fræðigreinar skoðaður í ljósi þeirra þjóðfélagsaðstæðna sem mótuðu tilurð hennar og þróun.

Greining á vexti félagsfræðinnar í öðrum löndum bendir til þess að skilyrði við tilurð hennar, afskipti stjórnvalda, skipulag rannsóknarstarfs og aðferðafræðilegar hefðir séu meðal þeirra þátta sem mótað hafa félagsfræði einstakra landa (Þórólfur Þórlindsson og Wieting, 1980; Wieting, 1976). Áhersla verður lögð á þessa þætti í eftirfarandi greiningu íslenskrar félagsfræði.

Aðstæður við upphaf greinarinnar

Þótt Íslendingar hafi allt frá þjóðveldisöld haft mjög ákveðnar skoðanir á félagslegum, pólitískum og efnahagslegum málefnum, byggði landnám félagsfræðinnar og

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

annarra félagsvísinda ekki á rótgrónum íslenskum hefðum. Fáein félagsfræðileg verk birtust á fimmta og sjötta áratugnum, en það var ekki fyrir en undir lok sjöunda áratugarins sem félagsfræðin sem slík kom fram á sjónarsviðið. Árið 1941 kynnti Guðmundur Finnbogason félagsfræðina fyrir Íslendingum með útgáfu þýðingar sinnar á *An Introduction to Sociology* eftir J. Rumney undir heitinu *Mannfélagsfræði*. Árið 1953 lauk Jóhannes Nordal doktorsnámi í félagsfræði fyrstur Íslendinga frá London School of Economics, en í stað þess að leggja stund á félagsfræði að ævistarfi gerðist hann bankastjóri Seðlabanka Íslands. Grundvöllur fyrir stofnanabindingu félagsfræðinnar skapaðist ekki fyrir en með vexti háskólamenntunar á Íslandi á sjöunda áratugnum. Loftur Guttormsson mun hafa kennt fyrsta námskeiðið í félagsfræði á Íslandi við Kennaraskóla Íslands veturinn 1968–1969. Félagsfræðin tók þó ekki að dafna sem sjálfstæð fræðigrein á Íslandi fyrir en henni var fundinn staður við Háskóla Íslands árið 1970. Hér verður áhersla því lögð á viðgang greinarinnar innan Háskólans.

Þjóðernishyggja, fámenni þjóðarinnar, hröð iðnvæðing og hagvöxtur hafa markað félagsfræðina líkt og flest annað í íslensku samfélagi. Merki þjóðernishyggjunnar má sjá á nánast öllum sviðum íslenskrar menningar, stjórnmála og félagsgerðar (Tomasson, 1980). Ísland hefur vitaskuld ætíð verið smáríki og Íslendingar hafa því alla tíð þurft að berjast við að halda þeirri sjálfstæðu sjálfsmynd sem er grundvöllur sjálfstæðisstefnu þeirra. Þessa þjóðernisstefnu má meðal annars sjá í leitinni að íslenskum félagsfræðihugtökum. Til þess er ætlast að tungumál félagsfræðinnar sé alþýðlegt og við íslenskun félagsfræðilegs orðaforða verður því að leita að nothæfu hugtaki eða efniviði í slíkt hugtak í daglegu máli þjóðarinnar. Tungurætur íslenskrar félagsfræði ættu að liggja í gerningamáli sjómanna og bænda, og eins og annað daglegt mál ætti tungutak félagsfræðinnar að vera gagnsætt og hlutlægt fremur en huglægt og greinandi. Engin tæknileg tökuorð ættu að fyrirfinnast í íslensku máli. Aðra birtingarmynd íslenskrar þjóðernishyggju er að finna í tilhneigingu Íslendinga til að aðhyllast hugmyndir sem leggja áherslu á sérstöðu þeirra en hafna þeim hugmyndum sem bera bríður á slíka sérstöðu. Niðurstöður rannsókna sem bera bríður á helstu sagnir íslensks þjóðernis eru líklegar til að mæta almennri hneykslun. Því kann að vera talsverður þrýstingur á íslenskum félagsvísindamönnum að leggja stund á rannsóknir sem styðja þjóðleg gildi og forðast niðurstöður sem stríða gegn slíkum gildum.

Fámenni þjóðarinnar (224.000 íbúar) er annar mikilvægur þáttur íslenskrar félagsgerðar. Félagsfræðingar sem ná vilja til íslenskra tilheyrenda verða að taka þátt í almennum þjóðfélagsumræðum, því engar forsendur eru fyrir einangruðum fræðasamfélögum. Í íslensku þjóðfélagi er oft brugðist hart við niðurstöðum félagsfræðilegra rannsókna og félagsfræðingar verða að hafa fast land undir fótum þegar þeir standa andspænis öflugum pólitískum hagsmunum, áhrifamiklum hagsmunahópum eða hæðnu almenningsáliti. Íslenskir félagsfræðingar eiga því illa efni á því

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

að láta hugann reika á opinberum vettvangi. Í ljósi íslenskrar þjóðernishyggju og fámennis þjóðarinnar má velta því fyrir sér hvort íslenskir félagsfræðingar séu undir meiri þrýstingi að standa vörð um þjóðleg gildi en starfssystkini þeirra í öðrum löndum sem njóta frelsis stærri fræðasamfélaga og meiri aðskilnaðar frá almenningi. Loks hefur hröð iðnvæðing og nauðsyn kerfisbundinna félagslegra upplýsinga haft áhrif á upphaf félagsfræðinnar á Íslandi. Af áherslu á nám í félagsráðgjöf og stjórnsýslu að dæma voru þessir þættir hafðir í huga frá upphafi félagsfræðinnar á Íslandi.

Þessi einkenni íslensks þjóðfélags höfðu áhrif á sögu greinarinnar frá upphafi (1965–75), og gætir áhrifa þeirra meðal annars í (1) myndun fjögurra mikilvægra nefnda og vali á ráðgjöfum þeirra, (2) skipulagi íslenska menntakerfisins (eins og það birtist í rökstuðningi fyrir félagsvísindanámi við Háskólann) og (3) skilgreiningum á hinn nýju fræðigrein og hugtökum hennar.

Háskólanefndirnar

Þær frumhugmyndir sem áttu eftir að móta íslenska félagsfræði voru settar fram af röð fjögurra háskólanefnda. Í þessum nefndum áttu sæti prófessorar úr ýmsum deildum Háskóla Íslands (viðskipta- og hagfræðideild, heimspekideild og guðfræðideild). Engir félagsfræðingar voru í nefndinni þótt sumir nefndarmenn hafi þekkt til á ákveðnum sviðum félagsvísindanna. Nefndirnar leituðu því ráða hjá menntuðum félagsfræðingum. Helstu ráðgjafar nefndanna voru prófessorarnir T.E. Chester við Háskólann í Manchester, Richard F. Tomasson við Háskóla Nýju Mexíkó og Fredrik Bredahl-Peterson við Edinborgarháskóla, en sá síðastnefndi stundaði um þær mundir rannsóknir á Íslandi. Jafnframt var í einhverjum mæli leitað til Alfreds Lee, prófessors í félagsfræði við Borgarháskóla New York (CUNY) í Brooklyn. Að teknu tilliti til menntunar og bakgrunns nefndarmanna og ráðgjafa þeirra er því ljóst að íslensk félagsfræði mótaðist í fyrstu af engilsaxneskum (einkum breskum) hugmyndum. Áhrif frá hinum Norðurlöndunum voru hins vegar lítil. Eigi íslensk félagsfræði sér uppruna í tilteknum háskóla stendur valið einkum milli háskólanna í Manchester og Edinborg.

Skipulag íslenska menntakerfisins

Röksemdafærslan fyrir stofnanabindingu félagsfræðinnar og skilgreiningu hennar meðal hefðbundinna íslenskra fræðigreina mótaðist af skipulagi íslenska menntakerfisins, einkum áherslu þess á starfsþjálfun sem megintilgang háskólamenntunar. Eins og Richard Tomasson hefur bent á:

Háskóli Íslands er norrænn háskóli að skipulagi og gildismati. Áhersla er þar lögð á (a) að háskólagreinar séu skipulagðar með tilliti til atvinnumöguleika nemenda

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

og þarfa þjóðfélagsins, og (b) að menntun á tilteknu sviði sé samfelld og valnáms-
skeið séu sem fæst (Tomasson, 1969, bls. 1).

Háskóli Íslands hefur áratugum saman byggt á hefðbundnum deildum í guð-
fræði, lögfræði, læknisfræði og tungumálum, ásamt smærri en vaxandi deildum í
verkfræði, náttúrufræði og viðskipta- og hagfræði. Áhugi á starfstengdu félagsvís-
indanámi í félagsráðgjöf, stjórnsýslu og kennslufræði var mjög í samræmi við þessa
hefð.

Frá upphafi voru bæði hagnýt og fræðileg rök færð fyrir því að stofna til náms
í félagsfræði. Tvær fyrstu nefndirnar sem unnu að því að skipuleggja nám í félags-
vísindum gerðu skýran greinarmun á hagnýtu félagsvísindanámi á borð við félags-
ráðgjöf og stjórnsýslu annars vegar og fræðilegri félagsfræði hins vegar. Í skýrslu
þeirra var lögð áhersla á nauðsyn þess að nám í félagsvísindum byggðist bæði á
hagnýtum og kenningalegum þáttum. Það var þó yfirlýst markmið nefndanna að
fræðileg félagsfræði yrði þungamiðja námsins. Þessar áherslur breyttust síðar í átt
til almenns náms í þjóðfélagsfræðum sem byggði á félagsfræði, mannfræði, stjórn-
málafræði, hagfræði og sálarfræði. Þetta skipulag var rökstutt með því að nauðsyn-
legt væri að hlúa að rannsóknarstarfi sem aukið gæti skilning á íslensku þjóðfélagi
og mikilvægi sérmenntunar kennara. Rökin fyrir mikilvægi rannsókna byggðust
þó ekki á fræðilegum áhuga á eðli mannlegrar hegðunar, heldur á hagnýtu gildi
kerfisbundinnar þekkingar á félagslegum veruleika (Tillögur og álitsgerð þjóðfé-
lagsfræðinefndar, 1970, bls. 5).

Verkaskipting félagsvísindagreina á Íslandi: Staða félagsfræðinnar

Þótt íslensk félagsfræði hafi sprottið innan Háskóla Íslands, átti hún sér ekki
sterkar rætur í hinu íslenska fræðasamfélagi. Eins og Ólafur Ragnar Grímsson
hefur bent á:

Með stofnun námsbrautar í þjóðfélagsfræði haustið 1970 var íslenskum nemend-
um gert kleift að stunda nám til BA-prófs í stjórnmálafræði og félagsfræði. Þess-
ar greinar voru þó rótlausar með öllu í íslensku þjóðfélagi og áttu sér ekki einu
sinni viðurkennd heiti á íslenskri tungu (Ólafur Ragnar Grímsson, 1977).

Innan undirbúningsnefnda um nám í félagsvísindum varð talsverð umræða um
stöðu félagsfræðinnar innan hefðbundins ramma háskólans og tengsl hennar við
aðrar fræðigreinar, og átti sú umræða eftir að hafa talsverð áhrif á fyrstu skilgrein-
ingu greinarinnar. Þrír þættir voru þar mikilvægastir; tengsl félagsvísindanna við
rótgrónar deildir háskólans, tengsl og verkaskipting milli einstakra greina félags-
vísindanna og sú nýyrðasmíði sem fylgdi stofnun íslenskra félagsvísinda.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Tengsl fyrirhugaðs félagsvísindanáms við hefðbundnar greinar Háskóla Íslands varð undirbúningsnefndunum nokkurt umhugsunarefni. Merki þessa má meðal annars sjá í umræðum nefndarmanna um tilhögun námsins. Fyrsta undirbúningsnefndin lagði til að námið yrði innan viðskipta- og hagfræðideildar, en benti þó á að það gæti einnig fallið innan heimspekideildar. Umræðan um hvort námið ætti betur heima innan heimspekideildar eða viðskipta- og hagfræðideildar stóð langt fram á vor árið 1970, og var sú umræða orðin æði hvöss undir lokin. Líklega réði þrýstingur frá nemendum mestu um að námið fékk að lokum sjálfstæða stöðu innan stjórnsýslu Háskólans.

Íslenskun félagsvísindalegra hugtaka var meðal mikilvægustu verkefna sem í hönd fóru. Löng hefð er fyrir því á Íslandi að þýða öll vísindahugtök á íslensku fremur en tileinka sér hugtök af enskri rót. Smíði nýyrða í stað alþjóðlegra hugtaka félagsvísindanna var forsenda framgangs félagsvísindanna á Íslandi og hafði jafnframt djúptæk áhrif á skilgreiningu hins félagslega veruleika. Þótt Ísland bjóði upp á kjöraðstæður til rannsókna á hlutverki tungumáls í þróun þjóðlegra félagsvísinda verður hér aðeins fjallað um þau heiti sem einstökum félagsvísindum voru valin og áhrif þeirra á verkaskiptingu greinanna og umfang félagsfræðinnar.

Þegar hornsteinn íslenskrar félagsfræði var lagður undir lok sjöunda áratugarins höfðu flestar greinar félagsvísindanna hlotið íslensk heiti, og nýyrðin *hagfræði* í stað „economics“, *sálarfræði* í stað „psychology“, og *stjórn málafræði* í stað „political science“ höfðu unnið sér þokkalega traustan sess í íslensku máli. Í einni fyrstu íslenskun félagsfræðilegs efnis notaði Guðmundur Finnboðason orðið *mannfélagsfræði* yfir enska hugtakið „sociology“ (Rumney, 1941). Þetta hugtak virðist þó aldrei hafa náð fótfestu í málinu. Fyrsta undirbúningsnefnd félagsvísindanáms við Háskóla Íslands notaði hugtakið *félagsfræði* og hefur það verið notað upp frá því. Hugtakið „anthropology“ var í skýrslu þriðju nefndarinnar þýtt sem *mannfræði* og „social anthropology“ sem *félagsleg mannfræði*.

Í upphafi var „social science“ þýtt sem *félagsvísindi*, en síðar var hugtakið *almenn þjóðfélagsfræði* einnig notað. Hugtökin *félagsvísindi* og *almenn þjóðfélagsfræði* voru bæði notuð í skýrslu þriðju undirbúningsnefndarinnar. Áherslumunur þessara hugtaka hefur haft nokkur áhrif á hugtakabindingu félagsfræðinnar á Íslandi og tengsl hennar við aðrar greinar. Hugtakið *þjóðfélagsfræði* leggur mun meiri áherslu á mikilvægi samfélagsins en hugtakið *félagsvísindi*. Greinar á borð við sálarfræði sem fjalla um félagslega hlið mannlegrar hegðunar fremur en mannlegt samfélag hafa því frá upphafi fallið utan þjóðfélagsfræðinnar. Þessi útilokun sálarfræði og skyldra greina kann að hafa leitt til aðgreiningar hugtakanna *almenn þjóðfélagsfræði* og *félagsvísindi* á árunum eftir 1970. Með tímanum var hugtakið þjóðfélagsfræði í æ ríkari mæli notað sem samheiti um stjórnmálafræði, félagsfræði og mannfræði, líkt og um eina fræðigrein væri að ræða. Þessi þróun var eflaust afleiðing náins

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

samstarfs milli stjórnmálafræði, félagsfræði og mannfræði á fyrstu árum náms í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Þessi þróun hefði samt vart átt sér stað án þess áherslumunar sem gerði *félagsvísindi* að almennara hugtaki en *þjóðfélagsfræði*. Þessar íslensku skilgreiningar munu vera einsdæmi í heiminum og höfðu þær mikilvæg áhrif á skilgreiningu og fyrstu skref íslenskrar félagsfræði. Með þeim var stofnað til þjóðfélagsfræði með stjórnsýslulega stöðu innan Háskóla Íslands sem um eina fræðigrein væri að ræða. Þetta hefur einnig gefið kost á stofnun *Félags þjóðfélagsfræðinga* með aðild þeirra sem lokið hafa námi í félagsfræði, stjórnmálafræði eða mannfræði.

Upphaf félagsfræðinnar á Íslandi sýnir hversu mikilvæg hugtök eru nýrri fræðigrein. Val á hugtökum og skilgreining á merkingu þeirra reyndist lykilatriði við mótun greinarinnar. Haldbærar upplýsingar um íslenska nýyrðasmíð gefa kost á nákvæmri athugun á áhrifum þessa þáttar. Þetta viðfangsefni er áhugavert í sjálfu sér og býður upp á frjótt kenningarlegt sjónarhorn á stofnanamyndun, enda er félagsfræðin sem fræðasvið dæmi um félagslega stofnun. Talsvert hefur verið fjallað um áhrif orðræðu á stofnanamyndun (til dæmis Cohen, 1978; McGee, 1980; Overington, 1977; Simons, 1980; Wander, 1976). Þetta nafngiftaferli brúar einnig að vissu leyti bilið milli þeirrar vísindafélagsfræði sem snýr að afurðum vísindastarfsins (t.d. uppgötvunum, birtum greinum og tilvitnunum til þeirra) og hinnar sem fjallar um sköpun vísindalegra staðreynda í samskiptum vísindamanna (Latour og Woolgar, 1979).

Hlutverk stjórnvalda

Íslensk stjórnvöld gegndu ekki veigamiklu hlutverki að móta fyrstu áherslur eða rannsóknir íslenskrar félagsfræði. Félagsfræðin spratt innan Háskólans og umræðan um viðfangsefni hennar og aðferðir fór að mestu fram innan háskólasamfélagsins. Stjórnvöld áttu þó stóran þátt í því að koma námi í félagsvísindum í heila höfn. Á þeim tíma var Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra, en hann var með doktorspróf í hagfræði og hafði áhuga á uppbyggingu félagsvísindanáms við Háskóla Íslands. Þegar deilur um staðsetningu námsins innan Háskólans virtust ætla að stöðva framgang málsins, hjó menntamálaráðherra á hnútinn og kom því til leiðar að námið hófst samkvæmt áætlun haustið 1970 (Gylfi Þ. Gíslason og Birgir Thorlacius, 1970; Jón Sigurðsson, 1970).

Skipulag rannsóknarstarfsins

Áhugi á megindlegum rannsóknum átti sinn þátt í tilurð íslenskrar félagsfræði. Stofnun greinarinnar við Háskóla Íslands var að hluta til rökstudd með vísun til mikilvægis slíkra rannsókna, en á þeim tíma voru nánast engar félagsfræðilegar rannsóknir stundaðar á Íslandi, og engar stofnanir höfðu söfnun eða úrvinnslu fé-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

lagsvísindalegra gagna að aðalhlutverki. Meðal þeirra sem að þessu máli stóðu virðist hafa ríkt eining um að slíkar rannsóknir væru best komnar innan Háskóla Íslands. Undirbúningsnefndirnar lögðu til að rannsóknarstofnun yrði komið á fót innan félagsvísindadeildar Háskólans. Þetta varð þó ekki að ráði þegar félagsvísindadeild var stofnuð, og fram til þessa dags hefur slík rannsóknarstofnun ekki litið dagsins ljós.

Í árdaga íslenskrar félagsfræði stunduðu einstaka kennarar sjálfstæðar rannsóknir, en stærstu rannsóknarverkefni voru unnin af íslenskum framhaldsnemum við erlenda háskóla og BA-nemum undir handleiðslu kennara við Háskóla Íslands. Framlag nemenda til íslenskra rannsókna hefur því verið umtalsvert, sérstaklega hvað varðar söfnun gagna.

Viðurkenning á mikilvægi félagsvísindarannsókna í íslensku samfélagi hefur aukist á undanförunum tveimur áratugum og opinberum jafnt sem einkareknum rannsóknarstofnunum hefur verið komið á fót til að sinna slíkum rannsóknum. Þeir sem stýra þessum stofnunum og flestir sem við þær starfa eru þó menntaðir í hagfræði, viðskiptafræði eða landafræði. Með öðrum orðum hafa þessar greinar eignað sér það hlutverk sem félagsfræðin hefði getað öðlast.

Aðferðafræðileg einkenni

Rannsóknaraðferðir í íslenskri félagsfræði bera vott um það nána samband félagsfræði og stjórnmálafræði sem þróaðist innan sameiginlegrar námsbrautar í Þjóðfélagsfræði og síðar innan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Afrakstur rannsókna nemenda og kennara fyrstu árin bera merki tveggja helstu þátta íslenskra Þjóðfélagsrannsókna; sterkar áherslu á sagnfræðileg efni og raunhyggju í rannsóknum.

Efnistöð flestra íslenskra Þjóðfélagsrannsókna eru sagnfræðileg. Þetta kann að hluta til að helgast af því hve lítið hafði verið ritað um sögu nútímastjórnmála, hugmyndasögu eða breytingar á formgerð samfélagsins á þeim tíma sem félagsfræði og stjórnmálafræði ruddu sér til rúms í hinu íslenska fræðasamfélagi og því var lag að sækja inn á þessi svið. Líkt og á hinum Norðurlöndunum er fremur löng íslensk hefð fyrir söfnun opinberra upplýsinga um stjórnsýslu, velferð og fjöldaþróun. Skortur á stjórnmála- og félags sögu samtímans ásamt gnógt efniviðar í slíka sögu skapaði því einstakt tækifæri til rannsókna.

Þegar félagsfræðin kom fram á sjónarsviðið á Íslandi hafði hefðbundin áhersla á ritun annála og skortur á heimspeki eða annarri kenningarlegri umfjöllun í skólanámskrá gert sagnfræðina að kjarna hugvísindanáms í íslenskum framhaldsskólum. Í upphafi kann þessi sagnfræðilega hefð að hafa haft áhrif á hinn félagsfræðilega þankagang. Þó má einnig vera að rannsóknir Ólafs Ragnars Grímssonar hafi haft bein áhrif á þessa sagnfræðilegu áherslu íslenskra félagsvísinda, en hann varð fyrsti prófessorinn við námsbraut í Þjóðfélagsfræði árið 1973. Slíkrar áherslu

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

gætti mjög í brautryðjandarannsóknnum Ólafs Ragnars í stjórnmálafræði og doktorsritgerð hans (1970) varð fyrirmynd fjölda rannsókna í stjórnmálafræði og félagsfræði við Háskóla Íslands. Eins og Ólafur Ragnar hefur bent á, gætti ekki mikillar kenningalegrar áherslu í hinni sagnfræðilegu hefð íslenskrar félagsfræði og stjórnmálafræði:

Framlag nemenda hefur vissulega verið mest á sviðum reynsluathugana og almennrar gagnasöfnunar; þar hefur óhjákvæmilega skort nokkuð á þroskaða greiningu. Þess ber þó að gæta að á nýju sviði er almenn kortlagning mikilvægari en heimsfræðilegar kenningar í stórbrotnum stíl (Ólafur Ragnar Grímsson, 1977).

Önnur megintilhneiging íslenskra félagsfræðirannsókna hefur verið í átt til raunhyggju og gagnasöfnunar á grundvelli viðhorfakannana eða ritaðra heimilda. Þessa tilhneigingu má að hluta rekja til áhrifa Þorbjarnar Broddasonar sem varð fyrsti lektor í félagsfræði við námsbraut í þjóðfélagsfræði við Háskóla Íslands árið 1970. Lokaritgerð Þorbjarnar (1970) byggðist á einni fyrstu spurningalistakönnun á Íslandi og hefur hún orðið fyrirmynd fjölda annarra rannsókna af því tagi. Velta mætti því fyrir sér hvort þessi raunhyggjuhefð hafi sótt styrk til gildismats íslensks samfélags. Tomasson (1980, bls. 200) hefur fært að því rök að Íslendingar byggji viðhorf sín til daglegrar reynslu á raunhyggju fremur en hugmyndafræði eða kenningarlegum sjónarhornum. Allardt (1977) telur raunhyggju hafa verið ráðandi hjá hinum norrænu fyrirrennrum félagsfræðinnar; rannsóknarhefðum félagslegrar tölfræði og þjóðháttufræði. Hann álitur þessa raunhyggju hafa tengst einsleitni þjóðanna, því fjölbreytni krefjist skýringa og þar með kenninga:

Í alþjóðlegum samanburði er félagsgerð hins norræna samfélags mjög einsleit. Klofningur á borð við andstæður kaþólikka og mótmælenda hefur ekki verið þar til staðar utan stutts tímabils siðaskipta. Sá klofningur sem þó er til staðar hefur verið fremur veraldlegur og efnahagslegur í eðli sínu (Allardt, 1977, bls. 30).

Ísland virðist líkjast hinum Norðurlöndunum að þessu leyti þótt einsleitni þess sé jafnvel enn meiri en hinna landanna. Mead (1970) og Piaget (1965, 1969) hafa fært að því rök að fjölbreytni leiði til margvíslegra og andstæðra sjónarmiða og þess hugarangurs sem þeir báðir telja vera forsendu kenningalegrar hugsunar (Þórólfur Þórlindsson, 1981).

Framtíð íslenskrar félagsfræði

Hér hefur verið fjallað um upphaf félagsfræðinnar sem fræðigreinar á Íslandi, en greinin stendur nú á tímamótum. Vera má að félagsfræðin muni svara kröfum íslensks þjóðfélags og verði þjóðlegri í háttum, í það minnsta hvað viðfangsefni varð-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ar. Í kjölfar þess að félagsfræðingar hafa komið til starfa á öllum sviðum íslensks þjóðlífs hefur áhugi einnig aukist á félagsfræðinni sem starfsgrein, einkum á sviði stefnumótunar og hagnýtrar félagsfræði. Með slíkri áherslubreytingu væri sjónum beint frá spurningum um kjarna félagsfræðinnar (sem aldrei verður svarað þannig að allir megji vel við una) í átt til rannsókna á tilteknum félagsfræðilegum vandamálum. Þetta myndi marka upphafið að nýju skeiði íslenskrar félagsfræði, þar sem almenn staða greinarinnar í samfélaginu styrktist og hún yrði að líkindum meira í sviðsljósinu. Mazur (1963) hefur bent á að þróun félagsfræði innan þjóðríkja sé að hluta háð tengslum hennar við almenning:

Sterk tengsl kunna að vera á milli félagslegrar stöðu félagsfræðinga í mismunandi löndum og gæða fræðastarfs þeirra. Whetten (1957) bendir á að upplýstur almenningur hafi tilhneigingu til að tengja viðfangsefni þeirra við utangarðsfræði – „einskismannsland“. Fæstir myndu telja félagsfræðina vera hagnýta á sama hátt og læknisfræði, efnafræði, verkfræði eða önnur svið sem hafa ímynd lifibrauds; né heldur er hún talin til hugvísinda á borð við listir, tónlist, bókmenntir eða fræðilega heimspeki – greinar sem taldar eru næring sálarinnar (Mazur, 1963, bls. 104).

Harðar deilur um stöðu og hlutverk félagsfræðinga í helstu fjölmiðlum landsins að undanförnu benda til þess að félagsfræðin stefni frá fræðilegum vettvangi í átt til almennrar þjóðfélagsumræðu. Verði sú raunin mun almenningur ugglaut fara að líta á félagsfræðinga sem sérfræðinga í þeim vandamálum sem efst eru á baugi, jafnvel þótt sérfræði þeirra kunni að vera dregin í efa. Þessari sérfræðivæðingu íslenskrar félagsfræði mun að líkindum fylgja aukið hlutverk formlegra fræðasamtaka innan lands sem utan. Hafa ætti í huga að þótt stöðlun sérfræðipökkningar kunni að auka færni þeirra sem hana stunda, getur slík stöðlun einnig takmarkað sköpunarmátt með því að hafna þeim sem gefa ímyndunarafl sínú og at-
hugunum lausan tauminn.

Rétt eins og nýjar kröfur og ný viðfangsefni hafa breytt ásýnd félagsfræðinnar í ýmsum löndum, má búast við því að breytingar á íslensku þjóðfélagi jafnt sem nýjar rannsóknarniðurstöður og tilhneigingar í alþjóðlegri félagsfræði muni valda breytingum á íslenskri félagsfræði. Nútímasamfélög sem einkennast af flókinni tæknigerð hafa ekki efni á því að líta framhjá vandamálum félagsgerðar og félagslegra samskipta. Við skulum vona að það rými sem félagsfræðin hefur rutt sér meðal hefðbundinna háskólagreina í íslensku samfélagi verði nokkurs virði. Jafnframt skulum við vona að þar verði rúm fyrir ímyndunarafl í anda C. Wright heitins Mills og deilur sem aðeins eru skorðaðar virðingu fyrir rökum og sönnunarbyrði.

ABSTRACT IN ENGLISH

The establishment and direction of sociology as a discipline in Iceland are considered in ways that are pertinent to national conditions. The discussion emphasizes: (a) the institutional structure of the educational system, (b) the availability of an appropriate terminology, and (c) the placement of sociology among the existing disciplines. The influence of such general characteristics of Icelandic society as nationalism, the rapid industrialization, and the size of the population, on the definition and development of Icelandic sociology are also considered.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Allardt, Erik. 1977. „Sociology in Finland.“ *Contemporary Sociology*, 27, 29–56.
- Bourdieu, Pierre og Jean-Claude Passeron. 1967. „Sociology and philosophy in France since 1945: Death and Resurrection of a Philosophy Without Subject.“ *Social Research*, 34, 162–212.
- Bredahl-Petersen, Frederik E. 1970. *Recommendations for the Establishment of a Department of Social Science at the Háskóli Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Greinargerð og tillögur félagsfræðinefndar. 1968. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Gylfi Þ. Gíslason og Birgir Thorlacius. 1970. *Opið bréf til ábubabóps nemenda um nám í félagsvísindum við Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Jón Sigurðsson. 1970. *Nefnd til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Latour, Bruno og Steve Woolgar. 1979. *Laboratory Life*. Beverly Hills: Sage.
- Mazur, D.P. 1963. „National boundaries and the development of sociology.“ *Sociological Inquiry*, 33, 105.
- McGee, M.C. 1980. „The „Ideograph“: A link between rhetoric and ideology.“ *Quarterly Journal of Speech*, 66.
- Mead, George Herbert. 1970. *Mind, Self, and Society: From the Standpoint of a Social Behaviorist*. Chicago: University of Chicago Press.
- Overington. 1977. „The scientific community as audience: Toward a rhetorical analysis of science.“ *Philosophy and Rhetoric*. University Park, PA: Pennsylvania State University Press.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 1970. *Political Power in Iceland Prior to the Period of Class Politics 1845–1918*. Doktorsritgerð, University of Manchester.
- Ólafur Ragnar Grímsson. 1977. „Pioneering political science: The case of Iceland.“ *Scandinavian Political Studies*, 12.
- Ólafur Ragnar Grímsson. Ódagsett. *Nokkrar athugasemdir varðandi væntanlega kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Piaget, Jean og Barbel Inhelder. 1969. *The Psychology of the Child*. New York: Basic Books.
- Piaget, Jean. 1965. *The Moral Judgement of the Child*. New York: The Free Press.
- Rumney, J. 1941. *Um Mannfélagsfræði*, Guðmundur Finnbogason þýddi. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Simons, H.W. 1980. „Are scientists rhetors in disguise? An analysis of discursive processes within scientific communities.“ Í Eugene E. White og Stanley F. Paulson (ritstj.), *Rhetoric in Transition. Studies in the Nature and Uses of Rhetoric*, University Park: Pennsylvania State University Press.
- Szczepanski, Jan. 1969. „Marxist sociology in the world-wide sociological movement.“ *Voprosy Filosofii*, 6, 14–21.
- Tomasson, Richard F. 1969. *My Reconsidered Recommendations on How to Proceed in Establishing the B.A. Degree in Social Science*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Tomasson, Richard F. 1980. *Iceland: The First New Society*. Minneapolis: University of Minnesota Press and Iceland Review.
- Wander. 1976. „The rhetoric of science.“ *Journal of the Western Speech Communication Association*, 40, 226–235.
- Wieting, Stephen G. 1976. *The Context and Practice of Sociological Research*. Iowa City: University of Iowa Press.
- Þjóðfélagsfræðinefnd Háskóla Íslands. 1970. *Tillögur og álitgerð þjóðfélagsfræðinefndar Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Þorbjörn Broddason. 1970. *Children and Television in Iceland*. Lund: Lund Universitet.
- Þórólfur Þórlindsson. 1981. „A quest for mind: A study of family interaction role-taking ability and use of elaborated language in an Icelandic setting.“ *Journal of Comparative Family Studies*, 12, 259–274.
- Þórólfur Þórlindsson og Stephen G. Wieting. 1981. *National Bases of Substance and Organization in Sociology: The Case of Iceland*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

FRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM: ÁHRIF ÞJÓÐFÉLAGSAFLA Á ÞRÓUN ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI (1994)

Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason

Umbylting íslensks efnabags, menningar og félagsgerðar á 20. öld hefur haft mikil áhrif á mótun íslenskrar félagsfræði. Atbygli félagsfræðinga hefur sérstaklega beinst að þjóðfélagsþróun og þeim félagslegu og menningarlegu vandamálum sem henni tengjast. Samfélag íslenskra félagsfræðinga er fámennnt, en margbreytni þess bendir til að orsaka brotakenndrar félagsfræði á alþjóðavísu sé að leita í eðli greinarinnar fremur en vaxandi fjölda félagsfræðinga. Störf flestra íslenskra félagsfræðinga einkennast af miklum og góðum samskiptum við fagfólk og áhuga-fólk á rannsóknarsviðum þeirra og samvinnu við erlenda fræðimenn sem starfa innan sömu rannsóknarhefðar í öðrum löndum. Þeir hafa einnig ræktað tengsl sín við almenning í gegnum fjölmiðla, og fyrir vikið er félagsfræðin tiltölulega sýnileg og nýtur nokkurrar viðurkenningar í íslensku þjóðfélagi. Með frekari þróun íslenskrar félagsfræði má við því búast að kenningalegar áherslur styrkist og langtíma- og samanburðarrannsóknnum fjölgi.

Þessi grein birtist upphaflega í *Acta Sociologica* (37, 303–312) árið 1994 undir heitinu *Establishing a Discipline: The Impact of Society on the Development of Icelandic Sociology*. Þóroddur Bjarnason og Álfgeir Logi Kristjánsson þýddu.

Inngangur

Langt er nú liðið á þriðja áratug félagsfræðinnar sem sjálfstæðrar fræðigreinar á Íslandi, og með eflingu rannsókna haf sérkenni hennar komið æ betur í ljós. Árið 1982 lýsti Þórólfur Þórlindsson áhrifum hraðrar iðnvæðingar, fámennis og sterkrar þjóðernishyggju á landnámi félagsfræðinnar á síðari hluta sjöunda og fyrri hluta áttunda áratugarins. Hann taldi þessar aðstæður hafa leitt til áherslu íslenskra félagsfræðinga á samspil félagslegra hefða og félagslegra breytinga, jafnframt því sem söfnun staðreynda hefði verið tekin fram yfir greiningu eða kenningasmíði. Slíkar áherslur einkenna enn mörg verk íslenskra félagsfræðinga, en með vexti og viðgangi félagsfræðisamfélagsins hafa ýmis önnur einkenni komið í ljós sem kunna að gefa vísbendingu um stefnu íslenskra félagsfræðilegra rannsókna í nánustu framtíð.

Hér á eftir verður stofnunum og umhverfi félagsfræðinnar á Íslandi lýst, og svipmynd dregin upp af hinni íslensku félagsfræðihefð. Að því búnu munum við

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

veita stutt yfirlit yfir helstu viðfangsefni íslenskra félagsfræðinga á undanförunum áratugum. Þar sem íslenskt þjóðfélag er fámennt og saga félagslegra rannsókna þess stutt, væri mögulegt að veita tæmandi yfirlit yfir íslenska félagsfræði. Slíkt stórvirki er þó ekki markmið þessarar greinar. Við munum takmarka umfjöllun okkar við félagsfræðilegar rannsóknir íslenskra fræðimanna á íslenskum viðfangsefnum¹. Við fjöllum því hvorki um rannsóknir erlendra fræðimanna á íslensku þjóðfélagi (t.d. Hoonard, 1991; Tomasson, 1980) né um rannsóknir íslenskra fræðimann á erlendra grund (t.d. Arnór Guðmundsson, 1993; Elías Héðinsson, 1981). Jafnframt skal haft í huga að margar þeirra rannsókna sem fjallað er um hér á eftir eru fjölfræðilegar í eðli sínu eða andsvör félagsfræðinga við rannsóknum fræðimanna annarra greina á félagslegum viðfangsefnum. Við leggjum áherslu á rannsóknir félagsfræðinga, en fræðimenn úr öðrum greinum sem lagt hafa umtalsvert til hinnar félagsfræðilegu umræðu verða þó nefndir til sögunnar.

Erik Allardt (1989) telur að norræn félagsfræði einkennist af fjórum meginsviðum; velferðarrannsóknum, rannsóknum á stéttaskiptingu, kvennafræði og menningarrannsóknum. Þessi svið er vissulega að finna innan íslenskrar félagsfræði, en að okkar mati nær þessi flokkun ekki að lýsa einkennum hennar. Þess í stað munum við lýsa íslenskri félagsfræði út frá tveimur almennum víddum sem við teljum að rúmi flestar íslenskar félagsfræðirannsóknir. Annars vegar er um að ræða rannsóknir á þjóðfélagslegum aðstæðum á Íslandi og sögulegri þróun þeirra, en hins vegar eiga í hlut rannsóknir á þeim félagslegu og menningarlegu vandamálum sem fylgt hafa í kjölfar slíkra þjóðfélagsbreytinga.

Stofnanir

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands er kjarni íslenskrar félagsfræði. Þar er boðið upp á þriggja ára grunnnám í bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórnmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði og þjóðfræði. Jafnframt er boðið upp á starfsnám í hagnýtri fjölmiðlun, félagsráðgjöf, námsráðgjöf og kennslufræðum. Frá árinu 1994 hefur takmörkuðum fjölda nemenda enn fremur boðist að leggja stund á framhaldsnám í þessum námsgreinum í samstarfi við erlenda háskóla. Af 5.364 stúdentum við Háskóla Íslands árið 1994 voru 103 skráðir í félagsfræði og 1.086 í aðrar greinar innan félagsvísindaeildar.

Hlutfallsleg stærð félagsvísindaeildar og mikilvægi BA-námsins innan skólans hefur haft tvíþætt áhrif á stöðu félagsfræðinnar og annarra félagsvísinda. Annars vegar hefur fjöldi félagsvísindafólks haslað sér völl á opinberum vettvangi fjölmiðla, stjórnmála og stjórnsýslu, og þannig stuðlað að viðurkenningu slíkra vís-

¹ Við höfum leitast við að fjalla um helstu verk á hverju sviði, en ýmsar mikilvægar rannsóknir liggja efalaust óbættar hjá garði

FÉLAGSFRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM

inda í íslensku þjóðfélagi. Hins vegar hafa flestir þeirra sem lagt hafa stund á framhaldsnám orðið að fara utan til náms, og hafa þeir að námi loknu borið með sér margvíslega kenningarlega og aðferðafræðilega menningarstrauma austan að hafi og vestan, sérstaklega þó frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Norðurlöndunum. Þessar aðstæður hafa leitt til fjölbreytilegs samfélags félagsfræðinga með sterk alþjóðleg tengsl, en um leið hafa þær unnið gegn samheldni þessa samfélags.

Um þessar mundir stýra félagsfræðingar tveimur helstu rannsóknarstofnunum á sviði félagsvísinda. Félagsvísindastofnun, sem stofnuð var innan félagsvísindadeildar árið 1986, hefur um árabíl verið ráðandi á sviði skoðanakannana. Auk þess að standa að spurningavögnum með reglulegu millibili hefur hún stutt margvíslegar rannsóknir og gefið út rannsóknarskýrslur af ýmsu tagi. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins, hefur auk námsmats staðið að félagsfræðilegum rannsóknum á námsárangri, íþróttaiðkun, vímuefnaneyslu og sjálfsvígum. Félagsvísindadeild gefur út tímarit um félagsrannsóknir, og nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til útgáfu annarra slíkra tímarita. Þorri félagsfræðilegra rannsókna birtist þó í formi innlendra skýrslna og almennra tímaritsgreina eða í erlendum félagsfræðitímaritum. Undir lok 20. aldar virðist félagsfræðin því orðin föst í sessi í íslensku fræðasamfélagi og íslensku þjóðfélagi, þótt greinin hafi enn ekki öðlast þann innri styrk sem Þórólfur Þórlindsson sá fyrir sér árið 1982.

Mótun íslenskrar félagsfræði

Umbylting íslensks samfélags í upphafi þessarar aldar og hraðar þjóðfélagsbreytingar upp frá því hafa haft margvísleg áhrif á íslenskar félagsfræðirannsóknir. Í hugum opinberra aðila, almennings og fræðimanna hafa verðug viðfangsefni oft verið skilgreind út frá þessum efnahagslegu, menningarlegu og félagslegu breytingum. Hin hraða nútímavæðing hefur jafnframt leitt til félagsfræðilegrar áherslu á söfnun gagna um þróun, stöðu og framtíðarhorfur á þeim sviðum sem talin eru mikilvæg arfleifð og framtíð íslensks þjóðfélags. Minni áhersla hefur hins vegar verið lögð á útfærslu félagsfræðilegra kenninga um slík efni. Þessi einkenni íslenskrar félagsfræði helgast að hluta til af stuttri sögu greinarinnar hér á landi og tilfinnanlegum gagnaskorti á fyrstu árum hennar. Félagsvísindamenn hafa því orðið að verja miklum tíma og orku í söfnun gagna sem orðið gætu undirstaða frekari rannsókna og kenningarlegrar greiningar.

Í þjóðfélagi þar sem íbúar eru aðeins um fjórðungur milljónar er fræðasamfélagið nær óhjákvæmilega of fámenn til að einstakar fræðigreinar geti staðið undir lífvænlegri orðræðu. Þetta hefur haft grundvallaráhrif á íslenska félagsfræði og tengsl hennar við almenning, fræðasamfélög annarra greina og erlend samfélög félagsfræðinga. Vegna smæðar og skorts á fagútgáfum hafa félagsfræðingar birt mörg verka sinna í tímaritum almenns eðlis eða jafnvel í dagblöðum. Framsetning slíkra

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

verka einkennist vitaskuld af gagnaúrvinnslu og kenningarlegri umræðu sem hentar breiðum hópi almennra lesenda. Slíkar rannsóknir beinast yfirleitt að viðurkenndum félagslegum vandamálum eða öðrum viðfangsefnum sem vakið geta almennan áhuga, og einkennast af einfaldri tölfræðiúrvinnslu og áherslu á hagnýtar niðurstöður. Með þessum hætti hefur íslensk félagsfræði öðlast nokkra viðurkenningu í almennri þjóðfélagsumræðu og fest sterkari rætur í íslensku þjóðfélagi.

Smæð hins íslenska fræðasamfélags hefur frá fyrstu tíð ýtt undir fjölfræðilegar áherslur meðal íslenskra félagsfræðinga. Á flestum félagslegum rannsóknarsviðum er aðeins fáeina fræðimenn að finna frá einstökum greinum félagsvísindanna, og þeir byggja yfirleitt á verkum hver annars, óháð fræðilegum bakgrunni. Tilhneiging félagsfræðinnar til að brotna niður í sífellt smærri undirgreinar hefur því á Íslandi leitt til óhindraðra samskipta með hugmyndir og rannsóknarniðurstöður, jafnframt því að ýta undir rannsóknir á hagnýtum viðfangsefnum. Að þessu leyti endurspeglast sérkenni íslensks þjóðfélags í þeim skorðum sem félagsfræðilegum rannsóknum eru þar settar.

Þau sterku tengsl sem margir íslenskir félagsfræðingar hafa við erlend samfélög félagsfræðinga frá námsárum sínum erlendis hafa þó spornað gegn þessari þróun. Íslenskir félagsfræðingar hafa í talsverðum mæli leitað hugmynda og samvinnu í hinu alþjóðlega samfélagi félagsfræðinga, og flest sérhæfðari verka þeirra birtast í alþjóðlegum fræðiritum félagsvísindanna.

Þeir þættir sem mótað hafa formgerð íslenskrar félagsfræði hafa einnig haft mikil áhrif á innihald hennar. Efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar breytingar og vandamál tengd slíkum breytingum hafa verið íslenskum félagsfræðingum ofarlega í huga. Hér á eftir munum við leggja áherslu á viðameiri íslenskar félagsfræðirannsóknir sem birst hafa á innlendum og erlendum vettvangi. Rannsóknarskýrsla af ýmsum toga er yfirleitt látið ógetið, og greinum sem birst hafa í dagblöðum og tímaritum almenns eðlis er alveg sleppt.

Efnahagur og velferðarríki

Síðbúin iðnbylting varð á Íslandi á fyrsta áratug 20. aldar þegar vélar voru settar í nær allan bátaflota landsmanna og fyrstu togaraútgerðirnar voru settar á stofn (Ólafur Ásgeirsson, 1988). Íbúafjöldi Íslands þrefaldaðist frá um 85.000 árið 1910 í ríflega 260.000 árið 1994. Árið 1910 bjuggu tveir þriðju hlutar landsmanna í strjálbýli, en árið 1994 átti það aðeins við um tæp 10% þeirra. Á sama tíma urðu róttækar breytingar á atvinnuháttum landsmanna. Árið 1910 unnu flestir við landbúnað eða fiskveiðar og vinnslu, en árið 1994 var það hlutfall um 10%.

Þessi umbylting íslensks samfélags fylgdi sama mynstri og umbreytingar í kjölfar iðnbyltinga á meginlandi Evrópu þótt breytingar hafi orðið síðar og mun hraðar á Íslandi. Ýmsir atburðir innan lands og utan ýttu enn frekar undir þessa

FÉLAGSFRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM

þróun, og Ísland breyttist á örfáum áratugum úr vanþróuðu samfélagi sjálfsþurftarþúska í norrænt velferðarþjóðfélag byggt á iðnvæðingu fiskveiða. Eftir margra alda einangrun jukust samskipti Íslands við Evrópu og Norður-Ameríku. Alþjóðavæðing samtímans hefur því markað stærri söguleg skil á Íslandi en í flestum öðrum vestrænum ríkjum. Þessi umbreyting hefur verið íslenskum félagsfræðingum og öðrum félagsvísindamönnum hugleikin.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að efnahagskerfi og velferðarríki Íslands eru að mörgu leyti frábrugðin erlendum fyrirmyndum sínum (Stefán Ólafsson, 1990a, 1990b, 1991). Slíkur munur hefur verið rakinn til ýmissa þátta, allt frá stærð hagkerfisins (Ívar Jónsson, 1991) til ólíkrar vinnumenningar (Stefán Ólafsson, 1990c, 1992a). Rannsóknir hafa einnig rakið félagslega og efnahagslega þróun á Íslandi á þessari öld (Ingimar Einarsson, 1987; Magnús S. Magnússon, 1993). Hugmyndir almenninga um stéttaskiptingu hafa jafnframt verið rannsakaðar (Dóra S. Bjarnason, 1974), sem og áhrif félagslegs hreyfanleika á nokkuð þversagnarkenndar hugmyndir landsmanna um jafnrétti og einstaklingshyggju (Stefán Ólafsson, 1982). Jafnræði í íslensku samfélagi hefur einnig verið skoðað með tilliti til sambands stéttaskiptingar, menntunarforma og skólagöngu (Þorbjörn Broddason og Webb, 1975; Þórólfur Þórlindsson, 1988a; Þórólfur Þórlindsson og Sigurjón Björnsson, 1979). Þáttur íslenska ríkisins í mótun iðnaðarstefnu hefur ennfremur verið skoðaður (Gunnar H. Kristinsson, Halldór Jónsson og Hulda Þ. Sveinsdóttir, 1992) og vaxandi atvinnuleysi á Íslandi hefur verið gerð skil (Arnór Guðmundsson, 1994; Guðbjörg A. Jónsdóttir og Stefán Ólafsson, 1993). Rannsóknir hafa skýrt áhrif samtaka útgerðarmanna á þróun útgerðar á Íslandi (Ingólfur Gíslason, 1990) og borið skipulag útgerðar á Íslandi saman við slíkt skipulag á Nýfundnalandi (Sigmar Þormar, 1984). Aðrir hafa rannsakað skipulag um borð í fiskiskipum (Þórólfur Þórlindsson, 1994) og áhrif mannaúðs gagnvart efnahagslegum auði á afla fiskiskipa (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993; Þórólfur Þórlindsson, 1988b).

Félagsfræðilegar rannsóknir á öðrum sviðum efnahagslífsins eru nokkru fátíðari þótt mikilvægar rannsóknir hafi til dæmis verið gerðar á þróun prentiðnaðarins á Íslandi í samanburði við Svíþjóð (Ingi R. Eðvarðsson, 1992). Nokkrar rannsóknir hafa einnig verið gerðar á stöðu ungmenna í íslensku atvinnulífi, til dæmis vinnu með námi (Guðríður Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson, 1991; Jón T. Jónasson og Karl Sigurðsson, 1990), þróun starfsmenntunar (Gestur Guðmundsson, 1993) og hlutverki unglingamenningar við upphaf atvinnuþátttöku ungs fólk (Gestur Guðmundsson, 1992).

Rannsóknir á félagslegum vandamálum

Þróun frá strjálbýli til þéttbýlis hefur valdið áhyggjum af ýmsum félagslegum vandamálum og frávikum. Samfara þessum breytingum hafa félagslegt taumhald og félags-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

leg forsjá að miklu leyti verið stofnanabundin. Stofnanir á borð við réttarvörslukerfið, heilbrigðiskerfið og almannatryggingakerfið hafa nánast verið byggðar upp frá grunni á þessari öld. Síðastliðna áratugi hafa áhyggjur af glæpum aukist, sérstaklega hvað varðar tilviljanakennt ofbeldi af hendi ókunnugra. Áhyggjur af misnotkun áfengis hafa verið fastur liður í Íslandssögunni, en með auknum samskiptum við umheiminn hefur ný ógn þótt stöðja af notkun ólöglegra vímuefna.

Íslenskir félagsfræðingar hafa rannsakað slík mál frá ýmsum hliðum. Helgi Gunnlaugsson (1992) hefur fjallað um viðbrögð réttarvörslukerfisins við fjölgun afbrota. Kannanir hafa verið gerðar á þolendum afbrota (Erlendur Baldursson, 1981a), áhyggjum almennings af glæpum (Helgi Gunnlaugsson, 1990) og viðhorfum til lögreglu (Erlendur Baldursson, 1981b). Jafnframt hafa tilraunir verið gerðar til að kortleggja þróun glæpatíðni á grundvelli dómsmála (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1985; Ómar H. Kristmundsson, 1989).

Sérstök athygli hefur beinst að alvarlegum afbrotum á borð við morð og nauðganir. Þannig hefur þróun morðtíðni á 20. öld verið rakin (Gísli Guðjónsson og Hannes Pétursson, 1982) og morðtíðni á Íslandi hefur verið borin saman við tíðnina á hinum Norðurlöndunum (Gísli Guðjónsson og Hannes Pétursson, 1990). Rannsóknir á nauðgunum hafa verið byggðar á opinberum og hálf-opinberum gögnum, sem og spurningalistum og viðtölum. Slíkar rannsóknir hafa beinst að meðhöndlun lögreglu og dómskerfis á slíkum málum, brotamönnum og þolendum nauðgana (Guðrún Agnarsdóttir, 1989; Hildigunnur Ólafsdóttir, 1989; Jónatan Þórmundsson, 1989; Sigrún Júlíusdóttir, 1989). Þess utan hafa nokkrar rannsóknir verið gerðar á minni afbrotum á borð við óknytti unglunga og þjófnuðum úr verslunum (Gísli Guðjónsson, 1982a, 1982b; Hildigunnur Ólafsdóttir, 1982).

Fjölgun sjálfsvíga á undanförunum árum hefur orðið hvati að rannsóknum á félagslegum þáttum er tengjast sjálfsvígshegðun, sem og samanburði á tíðni og þróun sjálfsvíga (Kristinn Tómasson og Tómas Zoega, 1993; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1994; Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Guðríður Sigurðardóttir, 1991; Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1994). Rúnar Vilhjálmsson (1993a, 1993b) hefur jafnframt skoðað áhrif félagslegs stuðnings á andlega heilsu fólks almennt. Nokkrar rannsóknir hafa einnig verið gerðar á félagslegri stöðu fatlaðra (Dóra S. Bjarnason, 1989, 1992; Rannveig Traustadóttir, 1991, 1992, 1993; Þórólfur Þórlindsson, Kristinn Karlsson og Helgi Gunnlaugsson, 1983).

Flestar rannsóknir á félagslegum vandamálum snúa þó að notkun löglegra og ólöglegra vímuefna, sérstaklega meðal unglunga. Rannsóknir á útbreiðslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna meðal íslenskra ungmenna hafa verið gerðar frá upphafi áttunda áratugarins. Tugir rannsókna hafa verið gerðar í Reykjavík og öðrum byggðarlögum. Frá upphafi níunda áratugarins hafa slíkar rannsóknir í auknum mæli náð til landsins alls (Guðrún Briem, 1980, 1985; Hrafn Pálsson, 1983; Þór-

FÉLAGSFRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM

ólfur Þórlindsson og Hrafn Friðriksson, 1989). Þessi gagnasöfnun hefur á undanförunum árum verið notuð til að kortleggja þróun vímuefnaneyslu á Íslandi (Ómar H. Kristmundsson, 1993; Þóroddur Bjarnason, 1992). Allmargar rannsóknir hafa einnig verið gerðar á tengslum vímuefnanotkunar og íþróttaiðkunar (Þórólfur Þórlindsson, 1989; Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991; Þórólfur Þórlindsson, Rúnar Vilhjálmsson og Gunnar Valgeirsson, 1990; Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga D. Sigfúsdóttir, 1994). Rannsókn hefur verið gerð á mynstri vímuefnanotkunar meðal íslensks almennings (Ómar H. Kristmundsson, 1985), og langtímarannsókn hefur metið afleiðingar þess að bjór var löggleiddur á Íslandi árið 1989 eftir rúmlega 70 ára bann (Ása Guðmundsdóttir og Tómas Helgason, 1993; Hildigunnur Ólafsdóttir, 1991). Aðrar rannsóknir hafa beinst að félagslegum rótum bjórbannsins (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 1986, 1987) og framkvæmd vímuefnalöggjafarinnar á Íslandi (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 1994).

Menningarþróun

Eining íslenskrar menningar í sögu og samtíma er í brennidepli íslenskrar þjóðernisvitundar, og háværar opinberar umræður hafa á stundum spunnist um ógnir sem að henni kunna að steðja. Hin langa íslenska bókmenntahefð, sem samofin er menningarlegri vitund þjóðarinnar, hefur þótt láta nokkuð undan síga fyrir rafrænum miðlum. Umfang þessara breytinga hefur verið rannsakað (Þorbjörn Broddason, 1970, 1991, 1992; Þóroddur Bjarnason, 1994), og saga rokktónlistar á Íslandi hefur verið skoðuð sem dæmi um upptöku og endursköpun erlendra menningarstrauma á forsendum nærsamfélagsins (Gestur Guðmundsson, 1984; Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, 1987). Friðrik H. Hallsson (1990) hefur einnig skoðað menningarleg áhrif bandarísku herstöðvarinnar í Keflavík.

Ýmsir hafa bent á hlutverk íslenskrar tungu sem einingarbands íslenskrar menningar. Samspil félagslegra samskipta, hlutverkatöku, siðferðisdóma og tungumáls, svo og samskipti einstaklinga sem grunneiningar félagsgerðarinnar hafa verið skoðuð ítarlega (Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson, 1984; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1992, 1993; Sigurjón Björnsson, Edelstein og Kreppner, 1977; Þórólfur Þórlindsson, 1981, 1983, 1987; Þórólfur Þórlindsson og Wieting, 1981). Enn fremur hefur bilið milli kennisetninga þjóðkirkjunnar og trúarhugmynda almennings verið skoðað (Björn Björnsson og Pétur Pétursson, 1990), sem og sambandið milli félagslegra og menningarlegra breytinga og þróunar ýmissa trúarsafnaða (Pétur Pétursson, 1990).

Íslendingar hafa lagt umtalsvert til hinnar fjölfræðilegu kynjafræði sem nú er í örum vexti (sjá t.d. Auður Styrkarsdóttir, 1986; Inga D. Björnsdóttir, 1989; Rannveig Traustadóttir, 1991; Stefánía Traustadóttir, 1984), þótt félagsfræðileg

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

greining á kynjamisrétti hafi enn ekki náð sama viðgangi og á hinum Norðurlöndunum (Allardt, 1989). Enn fremur hafa rannsóknir verið gerðar á tengslum innan fjölskyldna (Sigrún Júlíusdóttir, 1993) og samskiptum kynjanna og hjónaskilnuðum á þjóðveldisöld (Wieting og Þórólfur Þórlindsson, 1990).

Umræða

Allardt (1989) telur að á sjötta áratugnum og fyrri hluta þess sjöunda hafi nánast mátt sjá samfélög félagsfræðinga innan hvers og eins af Norðurlöndunum í einni sjónhendingu, og að þau hafi búið yfir sameiginlegum markmiðum, sameiginlegri þekkingu og sameiginlegum skilgreiningum á því hvað teldist vera góð félagsfræði. Hann færir fyrir því rök að fjölgun félagsfræðinga ein og sér geti að hluta skýrt upplausn slíkrar samkenndar, ásamt almennri sundrunu mennta og menningar.

Dæmið af íslenskri félagsfræði styður ekki þá tilgátu að smærri félagsfræðileg samfélög einkennist af meiri samkennd. Eins og hér hefur verið sýnt fram á, má *fullilega* sjá samfélag íslenskra félagsfræðinga í einni sjónhendingu. Í reynd gætu allir íslenskir félagsfræðingar komið sér þægilega fyrir í meðalstórum fyrirlestrasal. Þrátt fyrir þetta eiga þeir sér engan vettvang til almennra skoðanaskipta og tengsl milli einstakra félagsfræðinga eru nokkrum tilviljunum háð. Íslenskum félagsfræðingum hefur tekist að fordást fræðilega einangrun, en það hefur ekki gerst með uppbyggingu innlands samfélags félagsfræðinga. Þeir starfa oft í nánum tengslum við fag- og áhugafólk á sínu sviði, fræðimenn úr öðrum greinum félagsvísinda og erlenda félagsfræðinga. Þeir hafa einnig ræktað tengsl sín við almenning í gegnum fjölmiðla, og félagsfræðin er því nokkuð sýnileg og viðurkennd innan þjóðfélagsins.

Við teljum því að fjölgun íslenskra félagsfræðinga muni ekki verða til að sundra íslenskri félagsfræði. Þvert á móti má búast við að hin félagsfræðilega orðræða á Íslandi styrkist til muna þegar félagsfræðingar geta í auknum mæli leitað sér tilheyrenda meðal annarra félagsfræðinga, þótt vart megi búast við einsleitu samfélagi af því tagi sem Allardt ræðir um. Að þessu leyti teljum við að sérkenni íslenskrar félagsfræði styðji þá staðhæfingu Friedrichs (1970) að félagsfræðin sé í eðli sínu fjölhefðavísindi (e. *multiple paradigm science*). Með öðrum orðum beita íslenskir félagsfræðingar margskonar aðferðum við rannsóknir á marvíslegum viðfangsefnum frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum. Þessi staða mála er ekki endilega til marks um veikleika íslenskrar félagsfræði, heldur virðist hún endurspegla eðli félagsfræðinnar sem slíkrar. Hinar margvíslegu nálganir félagsfræðinnar eru hennar helsti styrkur, og fyrir vikið geta félagsfræðingar litið á hinn félagslega veruleika út frá mörgum sjónarhornum í senn. Sú hugmynd að stefnt skuli að einsleitri íslenskri félagsfræðihefð er því að líkindum hvorki raunhæf né æskileg.

FÉLAGSFRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM

Eins og sjá má af þessari yfirlitsgrein hafa íslenskir félagsfræðingar þróað fyrir fámennið verið mjög virkir á undanförunum árum. Þar sem miklum upplýsingum um stöðu og þróun íslensks samfélags hefur nú verið safnað, er líklegt að aðrir þættir félagsfræðilegrar greiningar eflist í nánustu framtíð. Búast má við áherslubreytingum í átt til langtímarannsóknna sem greint geta þróun á annan hátt en unnt er með opinberum gögnum. Þar sem íslenskir félagsfræðingar eru flestir menntaðir erlendis og taka virkan þátt í alþjóðlegri orðræðu félagsfræðinnar er jafnframt líklegt að sívaxandi tengsl íslensks samfélags við önnur lönd muni efla þá þróun sem þegar er hafin í átt til samanburðarrannsókna.

Með vexti og viðgangi íslenskrar félagsfræði má þegar sjá nokkur merki breytinga í átt til dýpri kenningarlegra greininga (sjá t.d. Stefán Ólafsson, 1992b; Þorbjörn Broddason, 1994; Þórólfur Þórlindsson, 1994). Líklegt má teljast að þessi þróun styrkist ef auknum rannsóknum fylgja kröfur um skýringar á þeim upplýsingum sem hlaðast munu upp. Slíkar skýringar verða að líkindum aðkallandi þegar 21. öldin og fjórði áratugur íslenskrar félagsfræði gengur í garð.

ABSTRACT IN ENGLISH

The economic, social and cultural transformation of Icelandic society in the 20th century has had a profound impact on the development of Icelandic sociology. Sociologists have focused on social conditions, both in terms of historic and emerging social processes and in the various social and cultural problems associated with the development of Icelandic society. The surprising diversity found within the small Icelandic sociological community suggests that the fragmentation of sociology on the international level does not stem from the growing number of sociologists, but rather reflects the multiparadigmatic nature of the sociological discipline. Icelandic sociologists tend to work in dialogue with practitioners and enthusiasts in their field of study, researchers from other disciplines working in the same area and, on the international level, within specific sociological research paradigms. Moreover, they have had close contacts with the general public through the popular media, which has in turn made sociology highly visible and recognized in wider society. As Icelandic sociology matures, we expect to see a stronger theoretical emphasis and a shift towards more longitudinal and comparative research.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Allardt, Erik. 1989. „Recent developments in Scandinavian sociology.“ *Annual Review of Sociology*, 15, 31–45.
- Arnór Guðmundsson. 1993. *Unemployment in a Post-Industrial Society: A Study of Select U.S. Metropolitan Areas, 1980–1990*. Minneapolis: University of Minnesota.
- Arnór Guðmundsson. 1994. „Atvinnuþátttaka kvenna og atvinnuleysi á Íslandi.“ *Íslensk félagsrit*, 5, 5–22.
- Auður Styrkársdóttir. 1986. *The New Women's Movement: Feminism and Political Power in Europe and in the USA*. Newbury: Sage.
- Ása Guðmundsdóttir og Tómas Helgason. 1993. „Aukin áfengisneysla unglunga: Vaxandi áhyggju-efni.“ *Læknablaðið*, 9, 10–11.
- Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. „Fall er fararheill: Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum.“ *Íslenskt mál*, 6, 33–55.
- Björn Björnsson og Pétur Pétursson. 1990. *Trúarlíf Íslendinga: Félagsfræðileg könnun*. Reykjavík: Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Dóra S. Bjarnason. 1974. *A Study of the Intergenerational Difference in the Perception of Stratification in Urban Iceland*. University of Keele.
- Dóra S. Bjarnason. 1989. *Haltur ríður brossi*. Reykjavík: Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.
- Dóra S. Bjarnason. 1992. „Hann er maður eins og við hinir strákarnir: Tilraun með blöndun fyrir Æfingaskóla KHÍ.“ *Uppeldi og menntun*, 1, 54–74.
- Elías Héðinsson. 1981. *Television, Family and Society: The Social Origins and Effects of Adolescent TV Use*. Stockholm: Almquist & Wiksel.
- Erlendur Baldursson. 1981a. „Samskipti almennings og lögreglunnar.“ *Lögreglumaðurinn*, 1, 16–21.
- Erlendur Baldursson. 1981b. „Viðhorf almennings til lögreglunnar.“ *Lögreglumaðurinn*, 1, 18–25.
- Fríðrik H. Hallsson. 1990. *Herstöðin: Félagslegt umbverfi og íslenskt þjóðlíf*. Akureyri: Félag höfundanna.
- Friedrichs, Robert W. 1970. *A Sociology of Sociology*. New York: The Free Press.
- Gestur Guðmundsson. 1984. *Let's rock this town: Subkulturel produktion af subjektivitet*. København: Sociologisk Institut.
- Gestur Guðmundsson. 1992. *Ungdomskultur som overgang til lønarbejde*. København: Forlaget Sociologi.
- Gestur Guðmundsson. 1993. *Þróun starfsmenntunar á frambaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Sammennt.
- Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir. 1987. *'68: Hugurflug úr viðjum vanans*. Reykjavík: Tákn.
- Gísli Guðjónsson. 1982a. „Delinquent boys in Reykjavik: A follow-up study of boys sent to an institution.“ Kafi í J. Gunn og D.P. Farrington (ritstj.), *Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*. New York: Wiley.
- Gísli Guðjónsson. 1982b. „The nature of shoplifting in Iceland.“ *Forensic Science International*, 19, 209–216.
- Gísli Guðjónsson og Hannes Pétursson. 1982. „Some criminological and psychiatric aspects of homicide in Iceland.“ *Medical Science and Law*, 22, 91–98.
- Gísli Guðjónsson og Hannes Pétursson. 1990. „Homicide in the Nordic countries.“ *Acta Psychiatrica Scandinavica*, 82, 49–54.
- Guðbjörg A. Jónsdóttir og Stefán Ólafsson. 1993. *Atvinnulausir á Íslandi 1993*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðríður Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson. 1991. *Göfgar vinna með námi? Niðurstöður rannsóknar á þáttum tengdum vetturvinnu frambaldsskólanema*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

FÉLAGSFRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM

- Guðrún Agnarsdóttir. 1989. „Könnun á úrræðum heilbrigðisþjónustunnar til að liðsinna brotaþolum í nauðgunarmálum.“ Í *Skýrsla Nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Guðrún Briem. 1980. *En Enkaundersökning – Om Alkoholvanor Bland Islandske Skolungdom*. Linköping: University of Linköping.
- Guðrún Briem. 1985. *Könnun á notkun áfengis, tóbaks, ávana- og fíkniefna 15–20 ára skólanemenda 1984*. Reykjavík: Landlæknisembættið.
- Gunnar H. Kristinsson, Halldór Jónsson og Hulda Þ. Sveinsdóttir. 1992. *Atvinnustefna á Íslandi 1959–1991*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson. 1990. „Viðhorf Íslendinga til afbrota.“ *Samfélagstíðindi*, 10, 203–216.
- Helgi Gunnlaugsson. 1992. *The Social Reality of Crime in Iceland: Criminal Punishment in a Land with Little Crime*. Columbia: University of Missouri.
- Helgi Gunnlaugsson og John Galliher. 1986. „Prohibition of beer of Iceland: An international test of symbolic politics.“ *Law and Society Review*, 20, 335–353.
- Helgi Gunnlaugsson og John Galliher. 1987. „Om symbolisk politik och ölforbudet paa Island.“ *Alkoholpolitik: Tidskrift for Nordisk Alkoholforskning*, 4, 117–124.
- Helgi Gunnlaugsson og John Galliher. 1994. „The secret drug police in Iceland.“ Í G.T. Marx og C. Fijnaut (ritstj.), *Undercover: Police Surveillance in Comparative Perspective*. Norwell, MA: Kluwer Academic Publishers.
- Hildigunnur Ólafsdóttir. 1982. „Hvað eru unglingavandamál?“ *Hjúkrun*, 1, 12–16.
- Hildigunnur Ólafsdóttir. 1985. „Kriminalitetstendenser i Island.“ *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskap* 72, 81–100.
- Hildigunnur Ólafsdóttir. 1989. „Nauðgunarmál: Um afbrotið nauðgun, kærða, konur og málsmeðferð.“ Í *Skýrsla Nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Hildigunnur Ólafsdóttir. 1991. „I forandringens tid: Islandske alkoholpolitik i 1980-årene.“ *Nordisk Alkoholbidskrift*, 8, 342–351.
- Hoonard, Will C. 1991. „A nation's innocence: Myth and reality of crime in Iceland.“ *Scandinavian-Canadian Studies*, 4, 97–114.
- Hrafn Pálsson. 1983. *Kannanir á kannabisneyslu Íslendinga*. Reykjavík: Heilbrigðisráðuneytið.
- Inga D. Björnsdóttir. 1989. „Public view and private voices.“ Í *Anthropology of Iceland*, Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstj.). Iowa City: University of Iowa Press.
- Ingi R. Eðvarðsson. 1992. *Printing in Action: General Printing in Iceland and Sweden*. Lund: Lund University Press.
- Ingimar Einarsson. 1987. *Patterns of Societal Development in Iceland*. Uppsala: Uppsala University Press.
- Ingólfur Gíslason. 1990. *Enter the Bourgeoisie: Aspects of the Formation and Organization of Icelandic Employers 1894–1934*. Lund: Lund University Press.
- Ívar Jónsson. 1991. *Hegemonic Politics and Accumulation Strategies in Accumulation and Uneven Development: Small States, Microstates and Problems of World Market Adjustment*. University of Sussex.
- Jón T. Jónasson og Karl Sigurðsson. 1990. *Vinna frambaldsskólanema með námi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Jónatan Þórmundsson. 1989. „Um kynferðisafbrot.“ Í *Skýrsla Nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Kristinn Tómasson og Tómas Zoega. 1993. „Sjálfsvíg og önnur voveifleg mannslát á Íslandi 1951–1990.“ *Læknablaðið*, 2, 71–76.
- Magnús S. Magnússon. 1993. „Efnahagsþróun á Íslandi 1880–1990.“ Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.), *Þjóðfélagsþróun á Íslandi 1880–1990*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ólafur Ásgeirsson. 1988. *Iðnbylting hugafarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*. Reykjavík: Bókauktgáfa Menningarsjóðs.
- Ómar H. Kristmundsson. 1985. *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Ómar H. Kristmundsson. 1989. *Refsivistardómar og fullnusta þeirra*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Ómar H. Kristmundsson. 1993. „Narkotikasituasjonen í Island.“ Í B. Olsson (ritstj.), *Narkotikasituasjonen i Norden*. Stockholm: Nordiska Kontaktmannaorganet for Narkotikafragor.
- Pétur Pétursson. 1990. *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. 1991. „Mothers who care: Gender, disability, and family life.“ *Journal of Family Issues*, 12, 211–228.
- Rannveig Traustadóttir. 1992. *Disability Reform and the Role of Women: Community Inclusion and Caring Work*. Syracuse University.
- Rannveig Traustadóttir. 1993. „The gendered context of friendship.“ Í A.N. Amado (ritstj.), *Friendships and Community Connections Between People With and Without Disabilities*. Baltimore: Paul H. Brookes.
- Rúnar Vilhjálmsson. 1993a. „Life stress, social support and clinical depression: A reanalysis of the literature.“ *Social Science and Medicine*, 37, 331–342.
- Rúnar Vilhjálmsson. 1993b. *Social Support and Mental Health*. University of Wisconsin, Madison.
- Sigmar Þormar. 1984. *Export Organizations of the Newfoundland and Icelandic Sea Fisheries*. University of Carleton, Ottawa.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. 1992. „Reaching consensus in conflict situations in childhood: A new model integrating Habermas' and Selman's theories.“ *Nordisk Psychologi*, 44, 116–137.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. 1993. „Promoting children's social growth in schools: An intervention study.“ *Journal of Applied Developmental Psychology*, 14, 461–484.
- Sigrún Júlíusdóttir. 1989. „Viðtalskönnun um nauðgunarmál.“ Í *Skýrsla Nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir. 1993. *Den kapabla familien i det isländska sambället: En studie om lojalitet*. Göteborgs Universitet.
- Sigurjón Björnsson, Wolfgang Edelstein og Kurt Kneppner. 1977. *Explorations in Social Inequality: Stratification Dynamics in Social and Individual Development in Iceland*. Studien und Berichte, 38. Berlin: Max Planck Institut für Bildungsforschung.
- Stefanía Traustadóttir. 1984. *Om det å være enslig mor på Island: Et glimt inn i et kulturlandskap*. Trondheim Universitet.
- Stefán Ólafsson. 1982. *Modernization and Social Stratification in Iceland*. University of Oxford.
- Stefán Ólafsson. 1990a. *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum*. Reykjavík: Íðunn.
- Stefán Ólafsson. 1990b. *Lífskjör og lífshættir Íslendinga*. Reykjavík: Hagstofa Íslands og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1990c. „Vinnan og menningin.“ *Skírnir*, 164, 99–124.
- Stefán Ólafsson. 1991. „The making of the Icelandic welfare state: A Scandinavian comparison.“ Í E.J. Hansen, S. Ringen, H. Uusitalo og R. Erikson (ritstj.), *Welfare Trends in Scandinavia*. New York: Sharpe.
- Stefán Ólafsson. 1992a. „The rise or decline of work in the welfare state? Equality and efficiency revisited.“ Í J.E. Kolberg (ritstj.), *Between Work and Citizenship*. New York: Sharpe.
- Stefán Ólafsson. 1992b. „Vöxtur velferðarríkisins á Vesturlöndum: Kenningar um þjóðfélagsbreytingar á 20. öldinni.“ *Íslensk félagsrit*, 2–4, 7–45.
- Tomasson, Richard F. 1980. *Iceland: The First New Society*. Reykjavík: Iceland Review.
- Wieting, Stephen G. og Þórólfur Þórlindsson. 1990. „Divorce in the old Icelandic Commonwealth: An interactionist approach to the past.“ *Studies in Symbolic Interaction*, 11, 163–189.
- Þorbjörn Broddason. 1970. *Children and Television in Iceland*. Lund: Lund Universitet.
- Þorbjörn Broddason. 1991. „Icelandic youth, television and the outside world.“ *Educational Media International*, 28, 157–161.
- Þorbjörn Broddason. 1992. „Minnkandi bókhneigð ungmenna.“ *Skíma*, 3, 37–42.
- Þorbjörn Broddason. 1994. „The sacred side of professional journalism.“ *European Journal of Communication*, 9, 227–248.

FÉLAGSFRÆÐIGREIN SKÝTUR RÓTUM

- Þorbjörn Broddason og Keith Webb. 1975. „On the myth of social equality in Iceland.“ *Acta Sociologica*, 18, 49–61.
- Þóroddur Bjarnason. 1992. „Rannsóknir á hassneyslu Reykjavíkurbæskunnar.“ *Sálfræðiritið*, 3, 49–60.
- Þóroddur Bjarnason. 1994. „Bókhneigð og læsi íslenskrar æsku.“ *Ný menntamál*, 12, 6–11.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1993. „In defense of a folk model: The ‘Skipper Effect’ in the Icelandic cod fishery.“ *American Anthropologist*, 95, 371–394.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1994. „Suicidal ideation and suicide attempts in a population of Icelandic adolescents.“ *Arctic Medical Research*, 53, 534–536.
- Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Guðríður Sigurðardóttir. 1991. „Aðgát skal höfð: Um sjálfsvígisbylgjur meðal unglinga.“ *Ný menntamál*, 9, 6–11.
- Þórólfur Þórlindsson. 1981. „A quest for mind: A study of family interaction role taking ability and use of elaborated language in an Icelandic setting.“ *Journal of Comparative Family Studies*, 12, 259–274.
- Þórólfur Þórlindsson. 1982. „Icelandic sociology: National conditions and the emergence of a new discipline.“ *Acta Sociologica*, 25, 79–89.
- Þórólfur Þórlindsson. 1983. „Málfar og samfélag: Athugun á kenningum Basil Bernsteins.“ *Íslenskt mál*, 5, 127–160.
- Þórólfur Þórlindsson. 1987. „Bernstein’s sociolinguistics: An empirical test in Iceland.“ *Social Forces*, 65, 695–718.
- Þórólfur Þórlindsson. 1988a. „Equality and educational opportunity in Iceland.“ *Scandinavian Journal of Educational Research*, 32, 9–22.
- Þórólfur Þórlindsson. 1988b. „The skipper effect in the Icelandic herring fishery.“ *Human Organization*, 47, 199–212.
- Þórólfur Þórlindsson. 1989. „Sport participation, smoking, drug and alcohol use among Icelandic youth.“ *Sociology of Sport Journal*, 6, 136–143.
- Þórólfur Þórlindsson. 1994. „Skipper science: A note on the epistemology of practice and the nature of expertise.“ *Sociological Quarterly*, 35, 329–345.
- Þórólfur Þórlindsson og Hrafn Friðriksson. 1989. *Lifnaðarbættir og heilsa skólabarna*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson. 1991. „Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents.“ *Adolescence*, 26, 399–416.
- Þórólfur Þórlindsson og Sigurjón Björnsson. 1979. „Some determinants of scholastic performance in urban Iceland.“ *Scandinavian Journal of Educational Research*, 23, 155–167.
- Þórólfur Þórlindsson og Stephen G. Wieting. 1981. „The influence of family interaction on moral development: A sociological perspective.“ *Human development*, 5, 113–130.
- Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1994. „Trends in Icelandic suicide rates 1951–1990.“ *Arctic Medical Research*, 53, 580–582.
- Þórólfur Þórlindsson, Rúnar Vilhjálmsson og Gunnar Valgeirsson. 1990. „Sport participation and perceived health status: A study of adolescents.“ *Social Science and Medicine*, 31, 551–556.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Helgi Gunnlaugsson. 1983. *Könnun á málefnum fatlaðra í Reykjavík og nágrenni*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Þórólfur Þórlindsson, Kristinn Karlsson og Inga D. Sigfúsdóttir. 1994. *Íþróttaiðkun íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

MEÐ FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU: NÁM OG STÖRF BRAUTSKRÁÐRA BA-NEMENDA Í FÉLAGSFRÆÐI OG ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI, 1972–2000

Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir

Á tímabilinu 1974–2000 brautskráðust 322 nemendur með BA-próf í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði frá Háskóla Íslands. Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum rannsóknar sem náði til 89% þessa hóps. Leitað var eftir upplýsingum um nám þeirra og störf auk viðhorfa þeirra til námsins og stöðu sinnar á íslenskum vinnumarkaði. Umtalsverður hópur hefur lagt stund á frekara nám að BA-prófi loknu, og margir hafa hug á frambaldsnámi. Brautskráðir nemendur telja almennt að námið hafi reynst þeim notadrjúgt í starfi, og þeir eru tiltölulega ánægðir með launakjör sín. Þessir íslensku félagsfræðingar virðast almennt standa vel að vígi í samanburði við annað háskólamenntað fólk.

Inngangur

Árið 1969 hófst undirbúningur að kennslu til BA-prófs í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, en formleg kennsla í félagsfræði hófst við skólann árið 1970 (Inga Dóra Sigfúsdóttir, [1997] 2004; Þórólfur Þórlindsson, [1982] 2004). Í upphafi var félagsfræðin ásamt mannfræði og stjórnmálafræði kennd innan námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, en árið 1976 fengu þessar þrjár greinar ásamt sálarfræði, uppeldis- og kennslufræði og bókasafnsfræði varanlegan samastað innan nýstofnaðrar félagsvísindadeildar.

Félagsfræði hefur því verið kennd á háskólastigi á Íslandi í rúma þrjá áratugi, og hefur hún fest sig vel í sessi í íslensku samfélagi (Helgi Gunnlaugsson og Þóróddur Bjarnason, [1994] 2004). Nemendur sem útskrifast hafa með BA-próf í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði eru nú orðnir hátt á fjórða hundrað. Námið veitir hvorki sérstök starfsréttindi né lögverndað starfsheiti, heldur er um almennt grunnnám að ræða sem nýst getur á margvíslegum sviðum. Sumir telja því að atvinna og frekara nám takmarkist í raun aðeins af hugmyndaflugi og áhugasviðum brautskráðra nemenda.

Hér verður fjallað um nám og störf þeirra sem luku BA-prófi í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði frá Háskóla Íslands á tímabilinu 1972–2000. Umfjöllun þessi byggir á rannsókn höfundar í tengslum við lokaritgerð í BA-námi í félagsfræði við Háskóla Íslands (sjá nánar Kolbrúnu Ósk Hrafnisdóttur, 2001). Fyrsti hluti snýr að

MED FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

námsferli þeirra sem útskrifuðust úr almennum þjóðfélagsfræðum á sínum tíma og félagsfræði á seinni árum. Annar hlutinn fjallar um frekara nám þessara félagsfræðinga, þar á meðal hlutfall þeirra sem fóru í frekara nám, þær námsgreinar sem þeir völdu sér og prófgráður að framhaldsnámi loknu. Í þriðja hlutanum er greint frá störfum brautskráðra nemenda. Skoðað er hlutfall þeirra sem störfuðu hjá hinu opinbera og á almennum markaði, og litið til þess hvaða atvinnugreinum og starfsstéttum þeir tilheyrðu. Þar er einnig fjallað um viðhorf brautskráðra til tekna sinna og hvernig námið hefur nýst þeim í starfi.

Framkvæmd rannsóknarinnar

Spurningalisti rannsóknarinnar var unninn af höfundi í samráði við Helga Gunnlaugsson og með hliðsjón af spurningalista sem Gallup notaði í sambærilegri könnun meðal brautskráðra viðskiptafræðinga. Í endanlega spurningalistanum voru opnar og lokaðar spurningar varðandi nám og störf þátttakenda (sjá nánar Kolbrúnu Ósk Hrafnadóttur, 2001). Ákveðið var að spyrja ekki beint um laun fólks þar sem hópur svarenda var ekki ýkja stór og margir hefðu eflaust neitað að svara slíkum spurningum. Til að varpa ákveðnu ljósi á stöðu brautskráðra hvað launakjör varðar var þess í stað ákveðið að spyrja hversu ánægðir þeir væru með tekjur sínar og hvort þeir teldu tekjur sínar hærri eða lægri en tekjur annarra með sambærilega menntun á háskólastigi. Heimild var fengin hjá Tölvunefnd til að safna og skrá persónulegar upplýsingar vegna könnunarinnar. Spurningalistinn var lagður fyrir símléiðis sumar og haust 2000. Könnunin hófst í byrjun júní, og mestum hluta hennar lauk í júlí. Síðustu þátttakendurnir svöruðu könnuninni um miðjan nóvember.

Könnunin náði til þeirra sem lokið höfðu BA-námi frá Háskóla Íslands í almennum þjóðfélagsfræðum (1972–76), 60 eða 90 eininga BA-námi í félagsfræði (1976–2000) eða 60 eininga námi í félagsfræði sem valgrein innan starfsréttindanáms í félagsráðgjöf (1982–2000). Upplýsingar um hverjir höfðu lokið BA-prófi í almennum þjóðfélagsfræðum og félagsfræði til 60 eða 90 eininga fengust hjá Nemendaskrá Háskóla Íslands og skrifstofu félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Þessar upplýsingar voru bornar saman við Árbækur Háskóla Íslands (ýmis ártöl), en þar birtust listar yfir brautskráða nemendur fram til háskólaársins 1990–91. Ennfremur voru nafnalistar bornir undir núverandi og fyrrverandi kennara við Háskóla Íslands.

Alls svöruðu 286 manns könnuninni, og var heildarsvörum því um 89%. Aðeins þrír einstaklingar neituðu að svara. Hringt var í marga þeirra sem voru búsettir erlendis vegna náms eða starfa. Ekki náðist í rétt rúm 10% þýðisins, en fátítt var að þátttakendur neituðu að svara einstökum spurningum. Meginniðurstöður sem hér er skýrt frá byggja á svörum 286 af 322 brautskráðum félagsfræðingum, 98 karla


ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

og 188 kvenna. Á tímabilinu 1972–2000 voru konur 68% brautskráðra BA-nema, en þær voru 66% svarenda í þessari könnun. Meðalaldur svarenda var 39,8 ár; yngsti svarandinn var 23 ára en sá elsti 74 ára. Um 80% svarenda voru búsett á höfuðborgarsvæðinu. Til samanburðar má geta þess að árið 1999 voru háskólamenn 17,3% höfuðborgarbúa, en aðeins 6,5% mannfjöldans utan höfuðborgarsvæðisins (Hagstofa Íslands, 2000).

Flokkun atvinnugreina og starfsstétta byggir á flokkunum Hagstofu Íslands (1994a, 1994b). Frekara háskólanám þátttakenda reyndist nokkuð fjölbreytt og var því skipt í sex flokka; (a) doktorspróf, (b) meistaraþróf, (c) viðbótarnám í hagnýtri fjölmiðlun, kennslufræði til kennsluréttinda eða félagsráðgjöf til starfsréttinda, (d) BA- eða BS-nám í öðrum greinum, (e) annað nám sem veitir gráðu og að lokum (f) annað nám á háskólastigi (a.m.k. ein önn) sem ekki veitir sérstaka prófgráðu.

Brautskráðir félagsfræðingar frá Háskóla Íslands

Nemendum sem ljúka námi í félagsfræði hefur fjölgað töluvert á síðustu árum. Heildarfjöldi brautskráðra frá vorinu 1972 til sumars 2000 er 322, 103 karlar og 219 konur. Frá 1986–87 hafa yfirleitt fleiri konur en karlar útskrifast, og voru konur um 68% brautskráðra BA-nema á þessu tímabili. Eins og mynd 1 ber með sér er sá fjöldi sem útskrifast mjög breytilegur milli ára.



Mynd 1 Fjöldi brautskráðra félagsfræðinga og þjóðfélagsfræðinga með BA-próf eftir háskólaárum

MED FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

Á þessu tímabili útskrifuðust að meðaltali um ellefu nemendur á ári, en einstök háskólaár útskrifuðust allt frá einum upp í 32 nemendur. Mynd 1 sýnir einnig greinilega fjölgun útskrifaðra nemenda. Fyrstu tíu árin útskrifuðust að meðaltali um sjö nemendur á ári, á árunum 1980–90 útskrifuðust að meðaltali átta nemendur á ári og á síðustu tíu árum tímabilsins sem hér er til umfjöllunar útskrifuðust um sautján nemendur á ári. Fyrstu félagsráðgjafarnir með 60 eininga nám í félagsfræði útskrifuðust haustið 1983, og upp frá því hefur hlutfall kvenna meðal útskrifaðra félagsfræðinga farið hækkandi. Frá háskólaárinu 1986–87 hafa konur alltaf verið fleiri en karlar í hópi brautskráðra, með þeirri undantekningu að fjöldi karla og kvenna var jafn háskólaárið 1989–90 (Árbók Háskóla Íslands, ýmis ártöl).

Í töflu 1 kemur fram að af 286 viðmælendum luku um 14% námi í almennum þjóðfélagsfræðum, um 33% félagsfræði til 90 eininga, um 32% félagsfræði til 60 eininga og um 21% luku félagsfræði til 60 eininga sem vali í starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.

Tafla 1 Brautskráðir BA félagsfræðingar og þjóðfélagsfræðingar frá Háskóla Íslands 1972–2000, eftir kyni

	Karlar		Konur		Allir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Almenn þjóðfélagsfræði	25	26%	16	8%	41	14%
Félagsfræði til 90 eininga	41	42%	52	28%	93	33%
Félagsfræði til 60 eininga – <i>ekki</i> valgrein í félagsráðgjöf	27	27%	64	34%	91	32%
Félagsfræði til 60 eininga – valgrein í félagsráðgjöf	5	5%	56	30%	61	21%
Alls	98	100%	188	100%	286	100%

Fleiri karlar en konur brautskráðust á sínum tíma úr almennum þjóðfélagsfræðum, en á tímabilinu öllu luku fleiri konur en karlar BA-prófi í félagsfræði og þjóðfélagsfræði samanlagt. Munurinn er mestur í námi í félagsráðgjöf, en þar voru konur í miklum meirihluta. Algengara var að karlar lykju félagsfræði til 90 eininga en konur luku frekar félagsfræði til 60 eininga.

Í ljós kom að fimmtungur svarenda lauk BA-náminu á þremur árum. Hlutfallslega flestir luku náminu á fjórum árum, en um helmingur svarenda var fimm ár eða lengur í nám. Á árunum 1985–90 náði meðalnámslengd hámarki og var tæp fimm ár, en námstíminn hefur verið að styttest á síðari árum og var kominn niður í tæp fjögur ár á árunum 1995–2000. Fjölmiðlafræði var aukagrein flestra sem luku félagsfræði til 60 eininga án starfsnáms í félagsráðgjöf, enda kom í ljós að um

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

6% svarenda störfuðu við fjölmiðla. Atvinnulífsfræði virðist einnig hafa fallið í góðan jarðveg því allmargir hafa valið þá leið frá því farið var að bjóða upp á slíkt nám sem aukagrein.

Brautskráðir sem lokið hafa frekara háskólanámi

Félagsfræðin virðist hafa reynst mörgum grunnur að frekara háskólanámi. Þegar könnunin fór fram höfðu 64% svarenda stundað frekara háskólanám, og var hlutfall karla og kvenna svipað. Allir svarendur sem brautskráðust fyrstu árin höfðu stundað frekara háskólanám. Hlutfall svarenda sem höfðu stundað frekara háskólanám var hærra meðal þeirra sem útskrifuðust á níunda áratugnum en þeirra sem útskrifuðust seinni hluta áttunda áratugarins, og hlutfall kvenna í framhaldsnámi hækkaði einnig á því tímabili. Þetta skýrist að hluta til af því að eftir 1982–83 luku um 20% svarenda 60 eininga námi félagsfræði sem hluta starfsréttindanáms í félagsráðgjöf, og voru konur þar í miklum meirihluta.

Tafla 2 Námsgráðum lokið í frekara háskólanámi, eftir kyni

	Karlar		Konur		Allir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Doktorspróf	16	26%	3	2%	19	10%
Meistarapróf	32	52%	26	21%	58	32%
Önnur námgráða	6	10%	7	6%	13	7%
Starfsréttindanám í félagsráðgjöf	4	7%	55	45%	59	32%
Hagnýt fjölmiðlun	1	11%	3	2%	4	2%
Kennslufræði til kennsluréttinda	7	11%	13	11%	20	11%
Hluti framhaldsnáms*	1	2%	16	13%	17	9%
Nám sem gefur hvorki gráðu né réttindi	6	10%	13	11%	19	10%
Nám á BA/BS-stigi	1	2%	3	2%	4	2%
Framhaldsnám alls	74	131%	139	113%	213	115%

* Hér er átt við þá sem hættu í frekara námi, ekki þá sem enn eru í námi.

Í töflu 2 má sjá hvaða háskólanámi svarendur höfðu lokið. Í sumum tilvikum höfðu svarendur stundað fleiri en eina tegund náms, og heildartalan 213 gefur því ekki til kynna heildarfjölda svarenda. Hlutfallið er reiknað sem hlutfall svarenda sem lokið höfðu tilteknu námi og samanlagt hlutfall er því hærra en hundrað prósent.

Rúmur helmingur karla og um fimmtungur kvenna hafði lokið meistaraprófi.

MEÐ FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

Meðal kvenna var eins árs viðbótarnám til starfsréttinda í félagsráðgjöf algengast, en um 45% þeirra kvenna sem höfðu lokið frekara háskólanámi höfðu stundað slíkt nám. Um 26% karla og liðlega 2% kvenna sem stundað höfðu frekara háskólanám luku doktorsprófi. Fleiri konur hættu framhalds- eða viðbótarnámi en karlar; um 13% kvenna en aðeins 2% karla sem stundað höfðu frekara háskólanám. Sex karlar og 24 konur voru í námi þegar könnunin fór fram, og verður nánar um þau fjallað hér á eftir.

Meistaraprófsnám reyndist algengasta framhaldsnám þeirra sem lokið höfðu BA-námi í þjóðfélagsfræði eða félagsfræði, að undanskildum þeim nemendum sem luku 60 einingum í félagsfræði og 30 einingum í félagsráðgjöf. Það kemur ekki á óvart að mikill meirihluti (97%) þeirra nemenda sem luku 60 einingum í félagsfræði og 30 einingum í félagsráðgjöf luku einnig eins árs starfsréttindanámi í félagsráðgjöf. Aðeins um 8% þessa hóps luku einnig meistaraprófi. Félagsráðgjöf er ein fárra greina í félagsvísindadeild Háskóla Íslands sem hefur lögverndað starfsheiti og veitir starfsréttindi að loknu námi. Að vissu leyti þarf því ekki að koma á óvart að þessi hópur verði sér síður úti um meistara- eða doktorspróf.

Tafla 3 sýnir skiptingu framhaldsnáms eftir fræðigreinum. Til annarra greina félagsvísinda eru hér taldar þær greinar sem kenndar eru við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, auk náms í kvennafræði og viðskipa- og hagfræði. Til greina utan félagsvísinda teljast hér til dæmis tungumál, guðfræði, lögfræði og kvikmyndafræði auk hjúkrunar og sjúkraþjálfunar og í nokkrum tilvikum raunvísindi.

Flestir höfðu lagt stund á frekara háskólanám í öðrum félagsvísindum en félagsfræði, eða um 68%. Um 19% höfðu stundað framhaldsnám í félagsfræði og um 13% í öðrum greinum.

Tafla 3 Námsgráðum lokið í frekara háskólanámi, eftir fræðigreinum

	Félagsfræði		Önnur félagsvísindi		Utan félagsvísinda		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Doktorspróf	11	58%	6	32%	2	11%	19	100%
Meistarapróf	15	26%	33	57%	10	17%	58	100%
Önnur námsgráða	3	23%	2	15%	8	62%	13	100%
Starfstengt viðbótarnám			83	100%			83	100%
Hluti framhaldsnáms*	11	65%	6	35%			17	100%
Nám án gráðu eða réttinda	1	5%	13	68%	5	26%	19	100%
Nám á BA/BS-stigi			1	25%	3	75%	4	100%
Framhaldsnám alls	41	19%	144	68%	28	13%	213	100%

* Hér er átt við þá sem hættu í frekara námi, ekki þá sem enn eru í námi.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Af þeim sem lokið höfðu doktorsprófi höfðu 11 manns, eða rúmur helmingur, lokið slíku prófi í félagsfræði. Um þriðjungur þeirra lauk doktorsprófi í öðrum greinum félagsvísinda, þar á meðal stjórnmálafræði, mannfræði, fjölmiðlafræði og þverfaglegu félagsvísindanámi. Einungis tveir einstaklingar höfðu lokið doktorsprófi í öðrum greinum. Meðal þeirra sem lokið höfðu meistaraþrófi höfðu 26% lokið slíku námi í félagsfræði. Meirihluti þeirra hafði lokið meistaranámi í öðrum greinum félagsvísinda, eða um 57%. Þar má til dæmis nefna meistaranám í félagsráðgjöf, stjórnmálaheimspeki, stjórnsýslufræði, uppeldis- og menntunarfræði, stjórnmálafræði, kvennafræði og MBA-nám í viðskiptafræði og stjórnun. Í þeim flokki er einnig að finna þá sem stundað höfðu þverfaglegt meistaranám í félagsvísindum. Starfstengt viðbótarnám í félagsráðgjöf, hagnýt fjölmiðlun og kennslufræði til kennsluréttinda telst hér til annarra félagsvísinda en félagsfræði.

Alls höfðu 17 stundað framhalds- eða viðbótarnám en hætt án þess að ljúka því, þar af 11 manns í félagsfræði. Sex einstaklingar höfðu hætt doktorsnámi í félagsfræði, fimm höfðu hætt meistaranámi og sex svarendur hætt viðbótarnámi í öðrum greinum félagsvísinda.

Brautskráðir í framhaldsnámi

Þrjátíu svarendur voru í námi þegar könnunin fór fram, sex karlar og 24 konur, eða um 10% svarenda. Um helmingur (47%) þeirra var í meistaranámi, tæplega fjórðungur í doktorsnámi, um 17% í viðbótarnámi og um 13% í öðru námi. Um 67% karlanna stunduðu doktorsnám, en aðeins um 13% kvennanna. Af þeim sjö svarendum sem voru í doktorsnámi stunduðu fimm slíkt nám í félagsfræði, einn í öðrum greinum félagsvísinda og einn utan félagsvísinda.

Flestar konur sem voru í framhaldsnámi voru í meistaranámi. Af þeim 14 svarendum sem voru í meistaranámi stunduðu fimm nám í félagsfræði og níu í öðrum greinum félagsvísinda. Um fimmtungur kvenna sem voru í námi stundaði viðbótarnám en enginn karlanna. Af þeim fjórum svarendum sem voru í öðru námi, voru þrír í öðrum greinum félagsvísinda og einn í greinum sem hér flokkast utan félagsvísinda.

Hlutfallslega flestir þessara svarenda höfðu stundað frekara nám á Íslandi, en næst á eftir koma Bandaríkin, Bretland og að lokum Svíþjóð. Nám hérlendis takmarkaðist þó að stórum hluta við meistaranám, viðbótarnám og nám sem ekki gefur sérstaka námsgráðu. Þannig höfðu 11 svarendur stundað meistaranám á Íslandi, en enginn hafði lokið doktorsprófi frá Háskóla Íslands.

Mikill meirihluti þessara svarenda taldi BA-námið við Háskóla Íslands hafa reynst góður undirbúningur fyrir frekara háskólanám. Þannig töldu um 29% BA-námið hafa verið mjög góðan undirbúning fyrir slíkt nám og rétt tæplega helmingur taldi það hafa verið frekar góðan undirbúning. Svarendur nefndu oftast að

MED FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

kenningarleg og aðferðafræðileg þekking hefði nýst í frekara námi. Þeir sem höfðu stundað frekara háskólanám í félagsfræði sögðu oftast að námið hefði verið nauðsynlegur undirbúningur, og þeir sem stundað höfðu nám í öðrum félagsvísindum nefndu helst að námið hefði nýst sem góður kenningarlegur grunnur. Svarendur sem stundað höfðu nám utan félagsvísindanna voru einnig líklegir til að telja námið hafa nýst sér, en þeir nefndu frekar almenn atriði á borð við akademísk og sjálfstæð vinnubrögð. Svarendur sem hafa stundað nám erlendis töldu yfirleitt námið hér heima vera vel samanburðarhæft við nám erlendis, og oftast en ekki töldu þeir sig hafa haft kenningalegt og aðferðafræðilegt forskot á erlenda samnemendum sína.

Svarendur voru jafnframt beðnir um að meta hvað þeim fannst ábótavant í náminu. Ýmis atriði voru nefnd, en sum þeirra voru atriði sem aðrir töldu kosti við BA-námið. Þannig var sérstaklega nefnt að mikil áhersla væri á megindlega aðferðafræði á kostnað eigindlegrar aðferðafræði. Athygli vekur einnig að nokkrir svarendur töldu meiri tengingu við atvinnulífið vanta í námið. Einn viðmælenda lagði til að boðið yrði upp á námskeið þar sem nemendum væri kynnt atvinnulífið og möguleikar þeirra þar að loknu námi.

Námsáform brautskráðra nemenda

Loks voru svarendur beðnir að meta hversu líklegt væri að þeir færu í frekara nám á háskólastigi á næstu fimm árum. Um 53% svarenda töldu líklegt að þeir hæfu frekara háskólanám á því tímabili. Um 71% þeirra sem höfðu ekki stundað frekara nám taldi líklegt að þeir hæfu slíkt nám á næstu fimm árum, en um 42% þeirra sem þegar höfðu stundað frekara háskólanám. Athygli vekur að 43% þeirra svarenda sem töldu líklegt að þeir færu í nám á næstu fimm árum voru þó ekki vissir hvaða nám það yrði. Í sumum tilvikum voru svarendur ekki vissir um hvaða fræðigrein þeir myndu kjósa sér til framhaldsnáms, en í öðrum tilvikum voru þeir ekki vissir hvort þeir stefndu á doktorsnám, meistaranám eða styttra nám.

Af þeim átta svarendum sem höfðu hug á að stunda doktorsnám á næstu fimm árum stefndu sex á doktorsnám í félagsfræði, einn á annað nám innan félagsvísinda og einn á doktorsnám utan félagsvísindanna. Rúmur þriðjungur, eða um 36% svarenda, hafði hug á meistaranámi. Alls höfðu 12 svarendur hug á meistaranámi í félagsfræði og 29 höfðu hug á slíku námi í öðrum greinum félagsvísinda, en enginn stefndi á slíkt nám í öðrum greinum. Athyglisvert er að hlutur kvenna var hér meiri en karla, því um 39% kvenna en 23% karla stefndu á meistaranám.

Allmargir þeirra sem höfðu lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf stefndu á framhaldsnám í þeirri grein. Eins og fyrr var getið var meistaranám aðeins um 8% frekara háskólanáms svarenda sem luku félagsfræði til 60 eininga sem valgrein í félagsráðgjöf, en hlutfallið meðal annarra brautskráðra nemenda var 28–58%.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Nám í atvinnulífsfræðum var nýjung í því námi sem margir höfðu hug á, en innan félagsfræðiskorar er nú farið að bjóða upp á atvinnulífsfélagsfræði sem auka-grein til 30 eininga. Einnig stefndu allmargir á meistaranám í viðskiptafræði og stjórnun. Af þeim sem höfðu hug á námi á Íslandi, stefndu flestir að meistaranámi og því má ætla að hlutfall þeirra sem ljúka slíku námi muni hækka í samræmi við stórauðna möguleika til slíks náms hér á landi á allra síðustu árum.

Störf að námi loknu

Árið 1999 var atvinnuþátttaka háskólamenntaðra karla á aldrinum 25–64 ára um 99%, en um 90% meðal háskólamenntaðra kvenna (Hagstofa Íslands, 2000). Í þeim hópi félagsfræðinga og þjóðfélagsfræðinga sem hér um ræðir voru um 98% karla og 82% kvenna í launaðri vinnu þegar könnunin fór fram. Um 6% kvennanna en enginn karlanna voru heimavinnandi eða í fæðingarorlofi. Um 7% svarenda voru í námi og reyndist það hlutfall herra meðal kvenna en karla. Enginn svarandi var atvinnulaus, en samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var atvinnuleysi á landinu öllu 2,7% í nóvember árið 2000 (Hagstofa Íslands, 2000).

Um 65% starfandi svarenda unnu hjá hinu opinbera, en til samanburðar má nefna að árið 1999 hafði hið opinbera á Íslandi rúmlega 20% vinnuafldsins á sínum snærum (Samtök iðnaðarins, 2000). Um 69% starfandi kvenna unnu hjá hinu opinbera en um 57% starfandi karla. Meðal kvenna var hlutfall þeirra sem störfuðu hjá ríkinu og hjá sveitarfélögum nokkuð jafnt, en meðal karla störfuðu um 45% hjá ríkinu og um 12% hjá sveitarfélögum. Þessi mismunur stafar að hluta af því að margar kvennanna störfuðu við félagsþjónustu sem er að mestu leyti á vegum sveitarfélaga.

Tafla 4 sýnir skiptingu svarenda í flokka og undirflokka atvinnugreina. Mikill meirihluti brautskráðra nemenda starfaði við þjónustugreinar (sjá Hagstofu Íslands, 1994a), eða um 95% starfandi svarenda. Til samanburðar má nefna að árið 1999 unnu um 68% starfandi Íslendinga við þjónustugreinar. Aðeins um 1% starfandi svarenda vann við iðnað þegar könnunin fór fram, og enginn við landbúnað eða fiskveiðar.

Um tveir af hverjum tíu svarendum í launaðri vinnu störfuðu við *fræðslu*, svo sem kennslu, skólastjórnun, námsráðgjöf og aðra starfsemi innan skóla. Árið 1999 störfuðu hlutfallslega fleiri konur en karlar á Íslandi við fræðslu. Meðal útskrifaðra félagsfræðinga og þjóðfélagsfræðinga reyndist hlutfall karla hins vegar vera nokkru herra en kvenna, því um einn af hverjum fjórum körlum og ein af hverjum sjö konum starfaði við fræðslu-starfsemi. Þeir 15 svarendur sem störfuðu við kennslu á háskólastigi (12 karlar og 3 konur) kenndu flestir við félagsvísindadeild eða aðrar deildir Háskóla Íslands, en nokkrir kenndu þó við aðra íslenska og erlenda háskóla. Hlutfallslega flestir karlar við fræðslu-störf unnu við kennslu og tengd störf á háskólastigi, en meðal kvenna var hlutfall þeirra sem störfuðu á háskólastigi svipað hlutfalli þeirra sem störfuðu á grunnskólastigi.

MEÐ FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

Tafla 4 Skipting þeirra sem voru í launaðri vinnu á atvinnugreinar, eftir kyni

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fræðslustarfsemi	24	25%	24	15%	48	19%
- á grunnskólastigi	4	4%	10	6%	14	6%
- á frambaldsskólastigi	8	8%	3	2%	11	4%
- á háskólastigi	12	13%	7	5%	19	8%
- önnur fræðslustörf			4	3%	4	2%
Opinber stjórnsýsla	19	20%	22	14%	41	16%
Félagsþjónusta	5	5%	36	23%	41	16%
Heilbrigðisþjónusta	0	0%	20	13%	20	8%
Fjölmíðlastarfsemi	8	8%	6	4%	14	6%
- við útvarps- eða sjónvarpsstöðvar	2	2%	2	1%	4	2%
- við dagblöð eða tímarit	6	6%	4	3%	10	4%
Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	4	4%	6	4%	10	4%
Rannsóknir og ráðgjöf	9	9%	8	5%	17	7%
Verslunarstörf	4	4%	1	1%	5	2%
Fjármála- og tryggingastarfsemi	7	7%	10	6%	17	7%
Önnur viðskipti og þjónusta	6	6%	7	5%	13	5%
Starfsemi félagasamtaka	4	4%	9	6%	13	5%
Iðnaður, byggingastarfsemi, mannvirkjagerð	3	3%	0	0%	3	1 %
Upplýsingar ekki nægar til flokkunar	3	3%	5	3 %	8	3 %
Alls	96	100%	154	100%	250	100 %

Um 4,9% starfandi fólks á Íslandi árið 1999 vann við opinbera stjórnsýslu, 5,1% karla en 4,7% kvenna. Til þessa flokks telst starfsemi Alþingis, stjórnsýsla ráðuneytanna og ríkisstofnana sem hafa stjórnsýslu með höndum. Um 16% svaraenda starfaði við slíka opinbera stjórnsýslu og reyndist hlutfallið nokkuð hærra meðal karla en kvenna.

Um fjórðungur svarenda starfaði við félags- og heilbrigðisþjónustu; um 36% kvenna en aðeins um 5% karla. Til samanburðar störfuðu 25,7% kvenna og 3,7% karla á Íslandi við heilbrigðis- og félagsþjónustu árið 1999. Af þeim 36 konum sem störfuðu við félagsþjónustu vann 31 kona við félagsráðgjöf eða félagslega aðstoð. Til annarra starfa við félagsþjónustu telst starfsemi sem veitir börnum, öldr-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

uðum, fötluðum og öðrum hópum félagslega aðstoð. Um 6% starfandi svarenda unnu við fjölmiðla og reyndist það hlutfall hærra meðal karla en kvenna. Fleiri störfuðu í tengslum við prentmiðla en útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Um 4% störfuðu við tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi af ýmsu tagi, og var hlutfall karla og kvenna þar svipað. Meðal slíkra starfa má til dæmis nefna störf á vegum ungmenna- og íþróttasambanda, líkamsræktarstöðva, störf við söfn og störf við framleiðslu kvikmynda eða myndbanda.

Meðal svarenda störfuðu um 4% karla og 1% kvenna við verslunarstörf. Um 7% svarenda störfuðu við fjármála- og tryggingastarfsemi, og sama hlutfall starfaði við rannsóknir og ráðgjöf. Í báðum tilvikum var hlutfall karla og kvenna svipað. Til síðastnefnda flokksins teljast þeir sem starfa við rannsókn- og þróunarstarf í félags- og hugvísindum, markaðsrannsóknir, skoðanakannanir og ráðgjöf af ýmsu tagi. Um 5% svarenda störfuðu við önnur viðskipti og þjónustu á borð við auglýsingastarfsemi og almannatengsl, þýðingar og túlkun, ferðaþjónustu, tölvur og tölvuþjónustu (Hagstofa Íslands, 2000). Loks störfuðu um 5% svarenda á vegum félagasamtaka, og var hlutfall karla og kvenna þar nokkuð jafnt. Meðal slíkra félagasamtaka má nefna samtök atvinnurekenda, stéttarfélög, trúfélög, stjórn mála-samtök og líknarsamtök.

Samanburður á störfum þeirra sem útskrifuðust með BA-próf í þjóðfélagsfræði og hinna sem útskrifuðust með félagsfræði til 60 eða 90 eininga leiðir í ljós að þeir sem útskrifuðust úr almennum þjóðfélagsfræðum voru líklegri en þeir sem luku prófi í félagsfræði til að starfa við fræðslu (40%) eða opinbera stjórnsýslu (23%). Brautskráðir nemendur með BA-próf í félagsfræði til 60 eða 90 eininga voru einnig hlutfallslega flestir við fræðslu og opinbera stjórnsýslu, en dreifðust þó jafnar í hin ýmsu þjónustustörf. Meðal þeirra sem höfðu brautskráðst með BA-próf í félagsfræði til 60 eininga störfuðu um 18% við fjölmiðla, en um 41% þessa hóps valdi fjölmiðlafræði sem aukagrein í BA-námi sínu. Þeir sem höfðu brautskráðst með BA-próf í félagsfræði til 60 eininga voru einnig líklegri til að starfa við fjármála- og tryggingastarfsemi eða annarskonar viðskipti og þjónustu. Um helmingur svarenda sem lokið hafði BA-prófi í félagsfræði til 60 eininga sem hluta af námi í félagsráðgjöf starfaði við félagsþjónustu og um 29% við heilbrigðisstarfsemi, en flestir þeirra höfðu lokið eins árs starfsréttindanámi í félagsráðgjöf.

Starfsstéttir

Tafla 5 sýnir skiptingu svarenda í sex flokka starfsstétta. Þar kemur fram að rúmur helmingur svarenda taldist til *sérfræðinga*. Til samanburðar má nefna að á landinu öllu árið 1999 var hlutfall sérfræðinga 14%.

Hlutfall sérfræðinga var tiltölulega jafnt meðal karla og kvenna. Flestir sérfræðinganna störfuðu við opinbera stjórnsýslu, svo sem framkvæmd stjórnvalds-

MEÐ FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

ákvarðana í tilteknum málaflokkum, sérfræðilega ráðgjöf, úrskurð ágreiningsefna sem skotið er til framkvæmdavaldsins og eftirlit með framkvæmd stefnumála. Kennarar og uppeldisfræðingar voru næstfjölmennasti hópur sérfræðinga, en sérfræðingar í félags- og hugvísindum fylgdu þar á eftir.

Tafla 5 Skipting svarenda í launaðri vinnu í starfsstéttir, eftir kyni.

	Karlur		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Æðstu embættismenn og stjórnendur	24	25%	33	21%	57	23%
<i>Æðstu embættismenn/ stjórnendur hagsmunasamtaka</i>	4	4%	7	5%	11	4%
<i>Forstjórar og stjórnendur stærri fyrirtækja og stofnana</i>	17	18%	24	15%	41	16%
<i>Forstjórar og stjórnendur lítilla fyrirtækja og stofnana</i>	3	3%	2	1%	5	2%
Sérfræðingar	55	58%	84	54%	139	56%
<i>Kennarar og uppeldisfræðingar</i>	20	21%	16	10%	36	14%
<i>Sérfræðingar í félags- og hugvísindum</i>	7	6%	18	12%	25	10%
<i>Rithöfundar og skapandi eða túlkandi listamenn</i>	7	7%	7	5%	14	6%
<i>Sérfræðingar í opinberri stjórnarsýslu</i>	13	14%	29	19%	42	17%
<i>Sérfræðingar í viðskiptagreinum</i>	5	5%	5	3%	10	4%
<i>Aðrir sérfræðingar</i>	4	4%	8	5%	12	5%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	10	11%	28	18%	38	15%
<i>Fjármála- og sölufulltrúar</i>	2	2%	11	7%	13	5%
<i>Fulltrúar og ritarar við stjórnun</i>	3	3%	10	6%	13	5%
<i>Aðrir tæknar og sérmenntað starfsfólk</i>	5	5%	7	5%	12	5%
Skrifstofufólk	1	1%	6	4%	7	3%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	3	3%	4	3%	7	3%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnaðarfólk	2	2%			2	1%
Alls	96	100%	154	100%	250	100%

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Flestir sérfræðingar í félags- og hugvísindum störfuðu við félagsráðgjöf á sjúkrahúsum, en til þessa hóps teljast einnig félagsfræðingar, þýðendur og túlkar. Sérfræðingar í viðskiptagreinum starfa við upplýsingamiðlun, almannatengsl og markaðsráðgjöf svo eitthvað sé nefnt. Aðrir sérfræðingar eru meðal annars skjala- og bókasafnsfræðingar og sérfræðingar á tölvusviði. Meðal starfandi sérfræðinga töldust flestir karlar til kennara eða uppeldisfræðinga. Meðal sérfræðinga í opinberri stjórnsýslu störfuðu flestir við ráðuneyti og ríkisstofnanir, en flestar kvennanna voru félagsráðgjafar og störfuðu við félagsþjónustu.

Um fjórðungur starfandi svarenda taldist til *æðstu embættismanna og stjórnenda*, en árið 1999 voru kjörnir fulltrúar, embættismenn og stjórnendur 6,7% þjóðarinnar. Flestir svarenda innan þessa hóps voru forstjórar og stjórnendur stærri fyrirtækja og stofnana með fleiri en 10 starfsmenn, og var hlutfall karla og kvenna þar svipað. Þar á eftir komu æðstu embættismenn, einkum ráðuneyta, og stjórnendur hagsmunasamtaka á borð við stéttarfélög eða líknarsamtök. Enginn kjörinn fulltrúi reyndist vera meðal svarenda.

Um 15% svarenda töldust *tæknar eða sérmenntað starfsfólk*, sem er svipað hlutfall og á landinu öllu árið 1999 þegar 12,8% starfandi fólks tilheyrði þeirri stétt. Tæknar og sérmenntað starfsfólk starfa við tæknistörf í tengslum við rannsóknir eða hagnýtingu hugtaka og vinnuaðferða, auk þess að kenna á tilteknum námsstigum. Til fjármála- og sölufulltrúa teljast til dæmis ráðgjafar og sölumenn verðbréfa, trygginga, ferðaþjónustu og tæknibúnaðar. Fulltrúar og ritarar við stjórnun eru starfsmanna- og launafulltrúar, æskulýðs- og tómstundafulltrúar svo eitthvað sé nefnt (sjá nánar Kolbrúnu Ósk Hrafnisdóttur, 2001).

Tekjur brautskráðra nemenda

Í ljós kom að rúmur helmingur svarenda í launaðri vinnu var ánægður með tekjur sínar. Um 9% voru mjög ánægð með tekjur sínar, en um 47% svarenda frekar ánægð. Um 35% svarenda töldu tekjur sínar vera svipaðar tekjum annarra með sambærilega háskólamenntun. Um 31% svarenda taldi tekjur sínar vera hærri en tekjur annarra með sambærilega menntun á háskólastigi en um 31% taldi tekjur sínar lægri. Taka ber fram að nokkuð stór hluti svarenda taldi sig ekki geta svarað því hvort tekjur sínar væru hærri eða lægri en tekjur annarra með sambærilega menntun á háskólastigi.

Ekki reyndist marktækur munur milli kynja hvað viðhorf til launakjara varðar, en þeir sem störfuðu í einkageiranum voru marktækt líklegri til að vera ánægðir með tekjur sínar ($\chi^2 < 0,001$) og töldu þær hærri en tekjur annarra með sambærilega menntun á háskólastigi ($\chi^2 < 0,001$). Þannig töldu um 52% þeirra sem störfuðu í einkageiranum en aðeins 21% þeirra sem störfuðu hjá hinu opinbera að tekjur sínar væru hærri en annarra með sambærilega menntun. Á hinn bóginn töldu um

MEÐ FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

43% þeirra sem störfuðu hjá hinu opinbera en aðeins 12% svarenda í einkageiranum tekjur sínar lægri en annarra með sambærilega menntun á háskólastigi.

Hvernig nýtist námið í starfi?

Um 79% svarenda töldu BA-námið nýtast sér vel í núverandi starfi. Um 32% svarenda töldu námið nýtast mjög mikið en 47% svarenda sögðu það nýtast frekar mikið. Svarendur nefndu oft að námið hefði nýst þeim í starfi bæði með beinum og óbeinum hætti. Þeir töldu námið nýtast beint með þeirri þekkingu, á aðferðafræði, kenningum og síðast en ekki síst samfélaginu, sem margir töldu nauðsynlega í sínu starfi. Margir töldu einnig að sú þjálfun í öflun, skráningu og meðferð upplýsinga sem þeir hlutu í náminu hefði komið þeim að notum í starfi. Margir svarendur töldu enn fremur að námið hefði nýst þeim með óbeinum hætti í samskiptum við samstarfsfólk og aðra sem starfi þeirra tengdust. Svarendur nefndu jafnframt að námið hefði aukið þeim vísýni og hjálpað þeim að sjá hlutina frá ýmsum sjónarhornum. Þeir sem töldu BA-námið ekki hafa nýst sér mikið í starfi nefndu þó oft almennt gildi þess að hafa háskólapróf.

Að lokum

Hvorki almenn þjóðfélagsfræði né félagsfræði veita sérstök starfsréttindi eða lögverndað starfsheiti, og því takmarkast frekara nám og atvinna aðeins af hugmyndaflugi og áhugasviði brautskráðra nemenda. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að námið hafi reynst góður grunnur að fjölbreyttu frekara háskólanámi. Viðmælendur töldu það almennt hafa verið nauðsynlegan grunn að frekara námi í félagsfræði, góðan kenningarlegan grunn að námi í öðrum greinum félagsvísindanna, og almennan akademískan grunn að framhaldsnámi á öðrum sviðum. Rétt tæplega 60 einstaklingar höfðu lokið meistaraþráðu, og höfðu þrír af hverjum fjórum þeirra lokið slíkri gráðu í öðrum greinum en félagsfræði.

Námið hefur einnig reynst brautskráðum nemendum gagnlegt á mörgum sviðum atvinnulífsins, en félagsfræðingar og þjóðfélagsfræðingar starfa einkum við fræðslu, opinbera stjórnsýslu, félagsþjónustu, tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi og aðrar þjónustugreinar. Mikill meirihluti (95%) starfar við þjónustugreinar, en til samanburðar störfuðu 67,9% Íslendinga við þjónustugreinar árið 1999 (Hagstofa Íslands, 2000).

Skipting svarenda eftir starfstéttum er mjög áþekkt skiptingu háskólamenntaðs vinnuafls í heild. Líkt og aðrir háskólamenn starfa margir félagsfræðingar sem sérfræðingar. Þannig störfuðu um 63% háskólamanna á landinu öllu sem sérfræðingar árið 1998, en um 56% félagsfræðinganna. Athygli vekur að 23% svarenda voru ædstu embættismenn og stjórnendur, en það hlutfall er 17% meðal annarra háskólamanna og 8% meðal þjóðarinnar í heild (Hagstofan, 2000).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Það kann að koma á óvart hve fáir svarenda starfa sem sérfræðingar í félags- og hugvísindum og hve fáir hérlandis bera starfsheitið *félagsfræðingur*. Starfsheiti eru þó ekki alltaf lýsandi, og frekari upplýsinga er þörf til að meta eðli þeirra starfa sem félagsfræðingar sinna. Af svörum brautskráðra má þó að nokkru ráða hvernig námið hefur nýst þeim í starfi. Margir viðmælenda nefndu að námið hafi veitt þeim margvíslega þekkingu sem þeim væri nauðsynleg í starfi. Margir töldu einnig að sú þjálfun í söfnun, skráningu og meðferð gagna og upplýsinga sem þeir hlutu í náminu hefði komið þeim að góðum notum.

Nám í félagsfræði er fjölbreytt og almennt, sem bæði má telja til kosta þess og galla. Einstaklingar sem lokið hafa BA-námi í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði hafa ekki getað gengið að ákveðnum störfum vísum, þótt ákveðin störf krefjist vitaskuld almenns háskólaprófs. Hins vegar hefur námið reynst gagnlegt á mörgum sviðum atvinnulífsins (Helgi Gunnlaugsson, 1994). Einn viðmælenda sem verið hafði á vinnumarkaði í um tíu ár eftir að námi lauk orðaði það svo að notagildi félagsfræðinnar sem slíkrar takmarkaðist ekki aðeins við sértæka þekkingu og sérhæfni, heldur væri hún verkfæri sem nota mætti til næstum hvers sem er. Niðurstöður þessarar rannsóknar meðal brautskráðra félagsfræðinga og þjóðfélagsfræðinga styðja þetta viðhorf.

ABSTRACT IN ENGLISH

A total of 322 students graduated with a BA degree in sociology from the University of Iceland in the period 1974–2000. This chapter discusses the results of a study among 89% of this population. Respondents were asked about their further studies and current occupation, as well as their opinions about the sociology program and the usefulness of a sociology degree in the Icelandic labor market. A considerable number had completed graduate studies, and several more were interested in pursuing such studies. In general, sociology graduates have found their education useful in their current employment and they are rather satisfied with their salaries. Sociologists appear to be quite well situated in comparison to other Icelandic college graduates.

MEÐ FÉLAGSFRÆÐI Í FARTESKINU

HEIMILDIR

Árbók Háskóla Íslands. 1969–2000. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Hagstofa Íslands. 2000. *Vinnumarkaður 1999*: <http://www.hagstofa.is/talnaefni/vinna99/vinn99.html>

Hagstofa Íslands. 1994a. *ÍSTAT 95: Íslensk atvinnugreinaflokkun*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. 1994b. *ÍSTARF 95: Íslensk starfsflokkun með skýringum og dæmum*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Helgi Gunnlaugsson (1994). „Félagsfræði á framhaldsskólastigi: Skipulag námsáfanga.“ *Íslensk félagsrit, tímarit Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands*, 5.–6. árg, 55–81.

Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason. [1994] 2004. „Establishing a discipline: The impact of society on the development of Icelandic sociology.“ *Acta Sociologica*, 37, 303–312. *Birtist í íslenskri þýðingu í þessu riti* undir heitinu „Fræðigreini skýtur rótum: Áhrif þjóðfélagsafla á þróun íslenskrar félagsfræði.“

Inga Dóra Sigfúsdóttir. [1997] 2004. „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum: Áfangi að stofnun nýrrar deildar.“ *Íslensk félagsrit*, 7–9, 7–40. *Birtist í styttri útgáfu í þessu riti*.

Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir. 2001. *Með félagsfræði í farteskinu*. BA-ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Samtök iðnaðarins. 2000. *Hagtölur*: <http://www.si.is/hagtolur/hagtolur.html>

Þórólfur Þórlindsson. [1982] 2004. „Icelandic sociology: National conditions and the emergence of a new discipline.“ *Acta Sociologica*, 25, 79–89. *Birtist í íslenskri þýðingu í þessu riti* undir heitinu „Íslensk félagsfræði: Þjóðfélagsaðstæður við tilurð nýrrar fræðigreinar.“

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA Í SEXTÁN NORRÆNUM FÉLAGSFRÆÐIDEILDUM (2002)

Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir

Félagsfræðideildir Norðurlandanna eru undirstaða norrænnar félagsfræði og þeirra landssamtaka sem standa að Norræna félagsfræðisambandinu. Hér er fjallað um greinaskrif háskólakennara við 16 norrænar félagsfræðideildir á tímabilinu 1981–2000. Fyrst er litið yfir birtar greinar og tilvitnanir til þeirra eftir löndum og deildum á þessu tímabili. Þá eru tilvitnanir til þessara tímaritsgreina greindar eftir háskólastöðu og almennri virkni hvers háskólakennara og samsetningu og virkni hvorrar háskóladeildar. Ábrifastuðull tímarita spáir fyrir um fjölda tilvitnana til þeirra greina sem þar birtast, til annarra verka sama höfundar, sem og til verka samstarfsmanna hans í sömu deild. Þessi áhrif eru þó missterk eftir einstaklingum, og meira er vitnað til verka sem birtast í tímaritum á ákveðnum fræðasviðum. Túlka mátti rannsóknarvirkni innan deilda og formleg tengsl þeirra við utandeildarmenn sem ákveðna tegund félagsauðs sem nýtist bæði einstaklingum og deildum. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að megineinkennum norrænnar félagsfræði sé fjölbreytileiki hennar og því sé villandi að reyna að skilgreina hana með einsleitum hætti.

Þessi grein birtist upphaflega í *Acta Sociologica* (45, 253–267) árið 2002 undir heitinu *Nordic Impact: Article Productivity and Citation Patterns in Sixteen Nordic Sociology Departments*. Þóroddur Bjarnason og Álfgeir Logi Kristjánsson þýddu.

Inngangur

Norræn félagsfræði er margþætt hugtak sem vísar til ólíkra menningarlegra, landfræðilegra, pólitískra og fræðilegra þátta. Þannig mátti til dæmis skilgreina hana á grundvelli þjóðernis, búsetu, rannsóknarefna eða kenningarlegrar áherslu. Með sama hætti skilgreina félagsgerð hennar á grundvelli félagsfræðideilda á Norðurlöndunum ellegar þeirra landssambanda sem að Norræna félagsfræðisambandinu standa. Slíkar mismunandi skilgreiningar eru ekki endilega ósamrýmanlegar, en þær leggja áherslu á mismunandi einkenni norrænnar félagsfræði og draga mörk hennar með nokkuð mismunandi hætti.

Hinn samnorræni félagsfræðingur kynni þannig að vera norrænn að erfðum og

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

menningu, og menntaður og starfandi við norræna félagsfræðideild þar sem hann stundaði rannsóknir á norrænum samfélögum út frá sérnorrænu sjónarhorni. Margir norrænir félagsfræðingar eiga þó ekki ættir að rekja til Norðurlandanna og fjöldi félagsfræðinga af norrænum uppruna hefur kosið önnur lönd til náms og starfa. Jafnframt stunda margir félagsfræðingar á Norðurlöndunum rannsóknir sínar á erlendra grundu, og við ýmsar erlendar stofnanir fræðimenn sem ekki eru upprunnir á Norðurlöndunum stunda engu að síður rannsóknir á norrænum samfélögum. Loks hafa fjölmargir norrænir fræðimenn sem hvorki eru félagsfræðingar að menntun né atvinnu lagt umtalsvert til norrænnar félagsfræði.

Því hefur verið haldið fram að norræn félagsfræði einkennist af ákveðnum norrænum hefðum í kenningum ellegar rannsóknum. Þannig hafa Bertilsson og Thørborn (2000) fært að því rök að félagsfræðin á Norðurlöndunum sé byggð á ákveðinni siðfræði sem þróast hafi í samspili við velferðarkerfi þessara landa. Á hinn bóginn telur Allardt (1989, 1995) að norræna félagsfræði megi skilgreina út frá almennum rannsóknarsviðum á borð við velferðarríki, lagskiptingu, kynferði og menningu, en á slíkum sviðum bjóði Norðurlöndin upp á ákjósanlegan samanburð nálægra og náskyldra þjóða. Slíkar mismunandi skilgreiningar á kjarna norrænnar félagsfræði vekja mikilvægar spurningar um áhrif landa og þjóða á félagsfræðina sem alþjóðlega fræðigrein. Þessi skilgreiningarvandi kann að hluta til að skýra hve fáar rannsóknir hafa verið gerðar á samkennum og sérkennum norrænnar félagsfræði.

Eins og Wallerstein (1998) bendir á, er saga alþjóðavæðingar félagsfræðinnar löng og slitrótt. Löngum hefur verið viðurkennt að vöxtur félagsfræðinnar hafi mótast af þjóðlegum markmiðum, félagslegum og pólitískum gildum og viðurkenndu þjóðskipulagi í mismunandi löndum (Mazur, 1963; Bourdieu og Passeron, 1967; Szczepanski, 1969; Þórólfur Þórlindsson, 1982). Félagsfræðin hefur frá fyrstu tíð skipst eftir landamærum þjóða (Levine, 1995), og í mörgum löndum var þróun innlendar félagsfræði samtvinnuð þjóðmyndun á 20. öld. Stofnun fjölþjóðlegra félagsfræðisambanda hefur einnig verið nátengd pólitískri og efnahagslegri endurskipulagningu þjóðaheilda. Í upphafi sjötta áratugarins var Norræna félagsfræðisambandið þannig stofnað í þann mund sem Norðurlandaráð var sett á fót til að stuðla að pólitísku, menningarlegu og efnahagslegu samstarfi milli Norðurlandanna. Með svipuðum hætti var Evrópusamband félagsfræðinga stofnað með það að leiðarljósi að styrkja rannsóknir á evrópskum grunni og gefa félagsfræðinni rödd í evrópsku samstarfi (ESA, 2001).

Draugur bandarískrar félagsfræði hefur stundum verið vakinn upp í því skyni að efla djörfung og dug evrópskra félagsfræðinga við mótun yfirþjóðlegrar samvitundar. Sögulega séð hafa svipaðar aðferðafræðilegar og kenningalegar gjár þó myndast í samfélögum félagsfræðinga austan hafs og vestan, og þau hyldýpi hafa verið fræðilegri umræðu erfiðari farartálmi en hin landfræðilega gjá heimsálfanna.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Til dæmis vitnuðu hinn franski Emile Durkheim og hinn þýski Max Weber aldrei hvor til annars verka, og svo virðist sem hvorugur hafi af hinum vitað. Hins vegar birtist ritdómur Tosti (1898) um *Le Suicide* í bandaríska tímaritinu *American Journal of Sociology* örfáum mánuðum eftir útkomu bókarinnar, og Durkheim (1898) svaraði fyrir sig um hæl í næsta tölublaði tímaritsins. Fjórum áratugum síðar hófst gullöld meintrar bandarískrar virknihyggju með útgáfu *Structure of Social Action* eftir Talcott Parsons (1937), en hann kaus þó verki sínu undirtitilinn *A Study in Social Theory with Special Reference to a Group of Recent European Writers*. Í félagsfræði samtímans eru samkenni bandarískra og evrópskra félagsfræðinga innan sama kenn-ingaskóla eða rannsóknarsviðs mun sterkari en samvitund félagsfræðinga innan landfræðilegra samfélaga einstakra landa.

Með stofnun Norræna félagsfræðisambandsins á sjötta áratugnum var grunnurinn lagður að norrænni félagsfræði sem fræðasviði og sem fræðasamfélagi. Á þeim tíma störfuðu aðeins fáeinir félagsfræðingar á Norðurlöndunum og ekki var um nein innlend félagsfræðitímarit að ræða í þessum löndum. Sú ákvörðun að hefja útgáfu norræna félagsfræðitímaritsins *Acta Sociologica* á ensku árið 1955 var tekin í því skyni að samnýta félagsfræðilega krafta landanna við að koma norrænni félagsfræði á framfæri á alþjóðavettvangi (Agersnap og Widerberg, 1995; Allardt, 1995).

Nærri hálfri öld síðar hefur landslag félagsfræðinnar á Norðurlöndunum breyst verulega. Öll Norðurlöndin státa nú af blómlegum samfélögum félagsfræðinga sem staðið geta undir virkri fagumræðu innan hvers lands, og í flestum þeirra eru gefin út félagsfræðitímarit á móðurmálinu. Jafnframt gefst norrænum félagsfræð-ingum þess nú kostur að taka þátt í umræðum fræðimanna víða um heim innan ýmissa alþjóðlegra fræðasambanda. Samfara þessari þróun hafa möguleikar nor-rænna félagsfræðinga á að koma rannsóknum sínum á framfæri á alþjóðavettvangi stórauðist með mikilli fjölgun alþjóðlegra sérfræðitímarita. Í þessu síbreytilega landslagi félagsvísindanna er nauðsynlegt að staldra við og meta stöðu og framtíð norrænnar félagsfræði.

Félagsfræðin er alþjóðleg í eðli sínu, og eins og Allardt (1995) hefur bent á eru áhrif norrænna félagsfræðinga á alþjóðlegum vettvangi undirstaða þess að hægt sé að tala um norræna félagsfræði með merkingarbærum hætti. Norræna félagsfræði ætti því ekki að skilgreina sem fastmótaða stofnun, heldur ber að líta á hana sem laustengt fræðanet umhverfis Norðurlöndin. Félagsfræðideildirnar á Norðurlönd-unum mynda að ákveðnu leyti grunn þessa lauslega samfélags. Hver deild hefur sín eigin fræðilegu sérkenni og leggur sitt af mörkum til hins innlenda jafnt sem hins norræna fræðasamfélags. Gróska norrænnar félagsfræði er þó jafnframt undir alþjóð-legum samskiptum komin. Alþjóðleg áhrif eru norrænni félagsfræði til góðs að svo miklu leyti sem þau efla umræður á norrænum vettvangi og norrænir félagsfræð-ingar leggja á móti sitt af mörkum til hinna alþjóðlegru fræða. Framtíð norrænnar

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

félagsfræði er því að miklu leyti komin undir áhrifamætti norrænna félagsfræðideilda á alþjóðavettvangi.

Fræðileg útgáfa

Fræðileg starfsemi felst í miðlun upplýsinga og hugmynda, og útgáfustarfsemi er grundvöllur slíkrar miðlunar (Clemens o. fl., 1995; Persson o. fl., 1997). Mismunandi fræðigreinar byggja þó á mismunandi hefðum í þessu sambandi (Persson, 1985). Þannig hafa náttúruvísindamenn löngum birt helstu rannsóknarniðurstöður sínar í ritrýndum vísindaritum, en í hugvísindum hafa bækur skipað mun stærri sess. Félagsfræðin er að mörgu leyti á mörkum náttúru- og hugvísinda, og félagsfræðingar hafa skipst nokkuð milli þessara tveggja útgáfuhefða (Clemens o. fl., 1995). Bækur og tímaritsgreinar hafa raunar frá upphafi skipað mikilvægan sess í félagsfræði, en bæði þessi útgáfuform hafa ákveðna kosti og galla. Bækur gefa kost á víðfeðmari kenningalegri umfjöllun og fyllri kynningu á niðurstöðum rannsókna og höfða þær því oft til breiðari hóps. Á hinn bóginn gefa fræðitímarit höfundum kost á sértækari skrifum og höfða þau því oft til afmarkaðri hóps sérfróðra lesenda.

Fræðileg útgáfa er nú í hringiðu tækni- og formbreytinga sem haft hafa ólík áhrif á ritrýni bóka og fræðigreina. Margvíslegir möguleikar á ódýrri prentvinnu og rafrænni útgáfu hafa leitt til veldisvaxtar í útgáfu bóka og tímarita. Gríðarstór alþjóðleg útgáfufyrirtæki hafa jafnframt í auknum mæli tekið við útgáfu og markaðssetningu fræðibóka og fræðitímarita sem áður voru gefin út af háskólaútgáfum og fræðafélögum. Í alþjóðlegri markaðssetningu bókatitla snýst ritrýni í mörgum tilvikum um markaðsrannsóknir fremur en fræðilegar forsendur, en með eigin útgáfu í smærri stíl geta höfundar komist hjá ritrýni með öllu. Á hinn bóginn hefur mikil fjölgun og aukin útgáfutíðni tímarita aukið fremur en dregið úr þætti fræðilegrar ritrýni þeirra. Áskriftamarkaður tímarita er að miklu leyti bundinn við háskólabókasöfn og sérfróða lesendur, og því er fræðilegt orðspor tímarita orðið einn mikilvægasti þáttur markaðsetningar þeirra. Af þessum sökum hefur síaukin áhersla verið lögð á hlutlægar mælingar á borð við hlutfall samþykkttra greina og áhrifa-stuðla tímarita.

Rannsóknir hafa sýnt fram á miklar breytingar á útgáfuháttum allra fræðasviða á undanförunum árum. Á fræðasviðum þar sem hefð hefur verið fyrir útgáfu bóka hafa æ fleiri nú snúið sér að ritun greina í fræðileg tímarit (Olsen, 1998). Slík tímarit sameina í raun tvo mikilvægustu þætti vísindalegrar starfsemi með því að miðla og meta þekkingu í senn. Með ritrýni ganga handrit að greinum í gegnum hreinsunareld gagnrýni annarra fræðimanna á viðkomandi sviði, og sé grein samþykkt til birtingar ber tímaritið ákveðna ábyrgð á fræðilegu framlagi hennar og gæðum þeirra aðferða sem þar er beitt. Rúmlega 80% þeirra greina sem sendar eru til birtingar í virtustu tímaritum félagsfræðinnar er hafnað, en yfirleitt er oft vitnað til

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

hverrar greinar sem þar birtist (Persson, 1985). Á hinn bóginn þurfa tímarit sem berast í bökkum oft að samþykkja flest það sem til þeirra er sent og litlar líkur geta verið á því að nokkru sinni verði vitnað til greina sem þar birtast.

Tilvitnanir sem mælikvarði fræðilegra áhrifa

Beggja vegna Atlantshafsins deila félagsfræðingar enn um réttmæti þess að nota fjölda birtra greina og tilvitnanir til þeirra sem mælikvarða á rannsóknarvirkni og gæði fræðilegs starfs (sjá t.d. Cronin o. fl., 1997; Baldi, 1998; Braun, 1999; Andersen, 2000; Hargens, 2000; McGarthy, 2000). Þannig telja Brante og Sunesson (1990) til dæmis að skráðar tilvitnanir séu ónothæfar þar sem þær útiloki bækur og nái ekki til allra fræðilegra tímarita. Þeir halda því einnig fram að fjöldi tilvitnana endurspegli ekki mikilvægi tiltekinna tímaritsgreina því mikill munur sé á tilvitnanahefðum milli fræðasviða, jafnframt því sem stundum verði mikilvægi verka ekki ljóst fyrr en að höfundi látnum, og loks sé oft vitnað til lélegra verka með neikvæðum hætti.

Sumt af þessari gagnrýni á við um félagsfræðilegt orðspor almennt. Óháð þeirri frægð sem látins höfundar kann að bíða eru vanrækt verk ekki aðeins vanmetin í tilvitnunum, heldur hafa þau samkvæmt skilgreiningu engin áhrif í félagsfræði samtímans. Hvað sem talningu tilvitnana líður kann jafnframt að vera auðvelt að verða frægur að endemum í fræðasamfélaginu. Þó er líklegt að verk sem oft er vitnað til með neikvæðum hætti séu umdeild fremur en einfaldlega léleg, því lítil gæði ein og sér vekja kannski ekki mikla athygli í félagsfræði samtímans. Loks er við því að búast að tilvitnanir, líkt og önnur einkenni fræðilegs orðspors, endurspegli þá staðreynd að starfsferill fræðimanns er samtvinnnaður því fræðaneti samstarfsmanna sem hann tilheyrir (Baldi, 1998; Hargens, 2000).

Kerfisbundið val tímarita til skráningar tilvitnana kann að valda vanda sem er erfiðari viðfangs. Í *Social Science Citation Index* (SSCI), sem er helsti gagnagrunnur á þessu sviði, eru taldar tilvitnanir til greina í skráðum jafnt sem óskráðum tímaritum auk bóka og bókakafla (ISI, 2002a). Slíkar tilvitnanir eru þó aðeins taldar ef þær koma fyrir í skráðum tímaritum. Á Norðurlöndunum eru til dæmis *Sociologisk Forskning* og *Tidsskrift for Samfunnsforskning* skráð í SSCI, en hvorki íslenska tímaritið *Íslensk félagsrit* né finnska tímaritið *Sosiologia*. Þetta endurspeglar að sumu leyti vanda félagsfræðitímarita á fámennum málsvæðum. Greinar sem birtast í slíkum tímaritum verða aðeins hluti alþjóðlegrar félagsfræði ef til þeirra er vitnað á alþjóðavettvangi.

Lýsing rannsókna

Eins og fram hefur komið á félagsfræðilegt mikilvægi sér margar hliðar sem má mæla með ýmsum hætti. Sú athygli sem verk vekja í alþjóðlegum tímaritum er

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

einn slíkur hlutlægur mælikvarði á framlagi þeirra til félagsfræðinnar. Tilvitnanir til fræðigreina eru háðar ýmsum þáttum, svo sem sviði og áhrifamætti tímaritanna sem þær birtast í, orðspori og virkni höfunda þeirra, og félagsgerð og hefðum fræðasamfélaganna.

Mikilvægi sérhæfðra tímarita hefur aukist mjög í félagsfræði á undanförnum áratugum, og áhrifastuðull þeirra er í mörgum tilvikum hærri en virtustu almennu félagsfræðitímaritanna (ISI, 1998). Fjöldi tilvitnana til greina í slíkum tímaritum er þó háður styrk, formgerð og virkni þess fræðilega samfélags sem tímaritið þjónar. Jafnframt er mikill munur á orðspori almennra jafnt sem sérhæfðra tímarita. Orðspor fræðitímarita byggist á svipuðum þáttum og orðspor fræðimanna, því fræðileg tímarit eru samþætt flóknu neti stofnana og fræðasamfélaga. Meðalfjöldi tilvitnana í birtar greinar er ekki eini mælikvarðinn á gæði tímarita, en slík mæling gefur engu að síður til kynna hversu mikil áhrif tímaritsins eru í fræðunum. Greinar sem birtast í áhrifameiri tímaritum eru sýnilegri og meiri líkur eru til þess að þær muni einnig hafa áhrif í fræðunum.

Líklegra er að vitnað sé til verka fræðimanna sem þekktir eru að frumleika og vönduðum vinnubrögðum. Afkastamiklir höfundar sem birta verk sín í víðlesnum tímaritum geta einnig áunnið sér þann sess að líklegt sé að vitnað verði til verka þeirra. Þar sem orðspor fræðimanna á sér félagslegar rætur má jafnframt búast við víxlverkandi áhrifum orðspors, mynsturs í birtingum fræðigreina og þeirrar háskólastöðu sem höfundar gegna. Þannig kann prófessorsstaða í félagsfræði að krefjast bæði margra birtra verka og góðs fræðilegs orðspors. Hins vegar kann slík prófessorsstaða jafnframt að gefa kost á meiri virkni og leiða til aukinnar virðingar.

Kennarar sem gegna prófessorsstöðum geta stuðlað að vegsemd deilda sinna með ýmsum hætti (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 2000). Með störfum sínum geta þeir aukið orðspor deildarinnar og þeir geta gegnt lykilhlutverki við að koma verkum samstarfsmanna sinna á framfæri. Á sama hátt geta formleg tengsl við utandeildarmenn styrkt samband deildarinnar við aðrar deildir og við fræðigreina í heild. Að auki er líklegra að frjór jarðvegur fyrir rannsóknarstörf skapist innan deilda sem eru fjölmennar eða þar sem sterk hefð er fyrir birtingum og samvinnu.

Þessari rannsókn er ætlað að auka þekkingu og skilning á norrænni félagsfræði með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi verður litið yfir birtingar norrænna félagsfræðinga í skráðum ritrýndum tímaritum. Í öðru lagi verða áhrif þessara greina metin með því að telja tilvitnanir til þeirra í slíkum tímaritum. Í þriðja lagi verða hlutfallsleg áhrif tímarita, höfunda og einkenna deildanna á fjölda tilvitnana metin með formlegum hætti. Að lokum verður athugað hversu breytilegir slíkir þættir séu milli norrænna félagsfræðideilda og norrænna félagsfræðinga.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Aðferð og gögn

Hér er byggt á gögnum um birtar greinar og tilvitnanir til þeirra í 16 norrænum félagsfræðideildum¹. Í þessu felst söfnun gagna um (1) tímaritsgreinar (2) sem skráðar voru í *Social Science Citation Index* (SSCI) eða *Sociological Abstracts* (SA) (3) á árunum 1981–2000 og (4) skrifaðar voru af háskólakennurum (5) við félagsfræðideildir á Norðurlöndum (6) þar sem boðið er upp á framhaldsnám í félagsfræði. Þessi skilgreining nær ekki til norrænna félagsfræðinga á borð við stundakennara, framhaldsnema, kennara í grunnskóla, eða þeirra sem gegna rannsóknarstöðum eða starfa utan háskóla. Þessi skilgreining útilokar einnig bækur, bókakafla, skýrslur, fyrirlestra, greinar í óskráðum tímaritum, greinar sem birtust fyrir 1981 eða voru skrifaðar af kennurum sem engin tengsl höfðu við viðkomandi deild frá og með 1. janúar 2001.

Háskóladeildir og háskólakennarar

Upplýsingar um kennara við 16 norrænar félagsfræðideildir voru fengnar af vefsíðum hverrar deildar. Mismunandi starfsheiti í löndunum fimm voru flokkuð í fernt. Til *prófessora* töldust þeir sem gegndu æðstu kennarastöðum í hverri deild. Til *annarra kennara* töldust aðrir fastráðnir kennarar sem gegndu bæði rannsókn- og kennsluskyldu við hverja deild. *Tengdir kennarar* teljast þeir sem gegndu rannsókn- og kennsluskyldu við aðrar deildir háskólans eða félagsfræðideildir annarra háskóla. Að lokum eru til *emerítusa* taldir háskólakennarar á eftirlaunum sem viðhalda formlegum tengslum við deildina þar sem þeir áður störfuðu. Endanlegt kennaratal var sent til allra deilda til staðfestingar.

Fræðitímarit og fræðigreinar

Þær tímaritsgreinar sem hér eru til umfjöllunar eru skráðar í tveimur heimildagrunnum. *Social Science Citation Index* (SSCI) er fjölfræðilegur gagnagrunnur þar sem skráðar eru allar birtar greinar í 1.725 tímaritum á rúmlega 50 vísindasviðum ásamt völdum greinum úr rúmlega 3.300 vísindaritum um heim allan (sjá ISI, 2002). *Sociological Abstracts* (SA) er gagnagrunnur þar sem skráðar eru félagsfræðilegar tímaritsgreinar úr rúmlega 1500 tímaritum (sjá CSA, 2000a, 2000b). Þar er að finna allar greinar sem birst hafa í félagsfræðitímaritum og valdar greinar um félagsfræðileg efni úr öðrum tímaritum. Þótt aðeins SSCI skrái tilvitnanir til tímaritsgreina eru hér taldar allar tilvitnanir til greina sem skráðar eru í SSCI eða SA. Öðru efni en tímaritsgreinum (t.d. bókum, bókaköflum, vísindaskýrslum, ritdóm-

¹ Augljóslega má deila um hvaða deildir skuli teknar til athugunar í rannsókn af þessu tagi. Skilgreining okkar útilokar margar smærri félagsfræðideildir á Norðurlöndunum auk háskólakennara í félagsfræði á Grænlandi og í Færeyjum. Með svipuðum hætti getur ein flokkun á starfsefnum háskólakennara aldrei verið gallalaus í samanburði ólíkra stöðukerfa, en kennaratal okkar var þó staðfest af þeim deildum sem í hlut áttu.

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

um, bréfum og ritstjórnarefni) var sleppt. Þeim tímaritum sem hér um ræðir var skipt í 11 flokka eftir megináherslum þeirra (sjá viðauka).

Leitað var í SSCI og SA eftir nöfnum allra einstaklinga í kennaratali hvernar deildar. Þær greinar sem fundust voru staðfestar og settar á lista yfir *skráðar tímaritsgreinar*. Leitað var eftir tilvitnunum til þessara greina í SSCI og þær sem fundust voru settar á lista yfir *tilvitnanir til skráðra tímaritsgreina*. Enginn greinarmunur var gerður á tilvitnunum eftir því hvort um einn höfund, fyrsta höfund eða meðhöfund væri að ræða.

Ábrifastuðlar

Hér á eftir eru notaðar þrjár tegundir áhrifastuðla fyrir tímarit, höfunda og deildir. *Ábrifastuðull tímarita* var fenginn úr *Journal Citation Reports* (ISI, 1998) og er hann skilgreindur sem meðalfjöldi tilvitnana á tveggja ára tímabili í þær greinar sem birtust í tilteknu riti árið á undan (ISI, 2002b). Þessi stuðull gefur því til kynna hversu líklegt sé að vitnað verði til greina sem birtast í tilteknu tímariti. Í aðhvarfsgreiningu má nota áhrifastuðulinn til að stjórna þessum líkindum við mat á mikilvægi annarra þátta sem áhrif geta haft á fjölda tilvitnana.

Ábrifastuðull einstaklinga er skilgreindur sem samanlagðir áhrifastuðlar tímarita fyrir allar birtar greinar tiltekins einstaklings. Með þessum stuðli má skoða áhrif þess að birta greinar í áhrifamiklum tímaritum á tíðni tilvitnana til greina sem sami höfundur hefur birt í öðrum tímaritum. Að lokum er *ábrifastuðull deilda* skilgreindur sem samanlagðir áhrifastuðlar allra kennara við deildina. Með þessu móti má meta áhrif þess að tilheyra virkari deild á tilvitnanir til verka einstakra kennara.

Lýsandi niðurstöður

Eins og fram kemur í töflu 1, eru tiltækar upplýsingar um 271 háskólakennara. Þar af skilgreinum við 86 kennara sem *prófessora*, 150 sem *aðra kennara*, 18 sem *tengda kennara* og 17 sem *emerítusa*. Samkvæmt þessari flokkun er félagsfræðideild Háskólans í Lundi langstærsta norræna félagsfræðideildin með 43 háskólakennara. Í félagsfræðideildum Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn og háskólanna í Gautaborg, Ósló og Umeå voru 25–29 kennarar, en 13–19 við háskólana í Bergen, Helsinki, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Uppsölum. Í hinum deildunum sex voru tíu eða færri háskólakennarar samkvæmt þessu kennaratali.

Við fundum alls 1.205 útgefnar greinar eftir þessa kennara í 329 tímaritum á árunum 1981–2000 (sjá viðauka). Í töflu 2 er sýnd dreifing birtra greina eftir tegundum tímarita. Helmingur greinanna birtist í 17 tímaritum, en helmingur í samtals 312 tímaritum sem hvert og eitt birti innan við 1% greinanna. Um það

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

bil fjórðungur greinanna birtist í norrænum félagsfræðitímaritum, og um helmingur í ýmsum sérhæfðum tímaritum.

Tafla 1 Háskólakennarar við sextán félagsfræðideildir á fimm Norðurlöndum 1. janúar 2001

	Allir kennarar	Prófessorar	Aðrir kennarar	Tengdir kennarar	Emerítusar
<i>Norðurlönd</i>					
Danmörk	44	10	33	0	1
Finnland	35	16	12	1	6
Ísland	10	3	4	3	0
Noregur	53	23	22	6	2
Svíþjóð	129	34	79	8	8
<i>Norrænar félagsfræðideildir</i>					
Åbo Akademían	5	2	3	0	0
Háskóli Íslands	10	3	4	3	0
Háskólinn í Bergen	17	5	9	1	2
Háskólinn í Gautaborg	25	4	17	1	3
Háskólinn í Helsinki	13	6	5	0	2
Háskólinn í Jyväskylä	5	3	1	0	1
Háskólinn í Kaupmannahöfn	15	2	13	0	0
Háskólinn í Lundi	42	11	30	0	1
Háskólinn í Ósló	27	15	7	5	0
Háskólinn í Stokkhólmi	17	4	6	6	1
Háskólinn í Tampere	6	3	2	0	1
Háskólinn í Tromsø	9	3	6	0	0
Háskólinn í Turku	6	2	1	1	2
Háskólinn í Umeå	26	7	17	1	1
Háskólinn í Uppsölum	19	8	9	0	2
Viðskiptaháskóli Kaupmannah.	29	8	20	0	1
<i>Samtals</i>	<i>271</i>	<i>86</i>	<i>150</i>	<i>18</i>	<i>17</i>

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

Tafla 2 Dreifing 1205 birtra greina (skráðar í SSCI eða SA) eftir kennara við sextán félagsfræðideildir á fimm Norðurlöndum eftir tegundum tímarita, 1981–2000

	Acta Sociologica	Innlend tímarit í félagsfræði	Helstu alm. tímarit í félagsfræði	Önnur alm. tímarit í félagsfræði	Sérhæfð fræði- tímarit
Danmörk	10%	29%	0%	2%	60%
Finnland	7%	37%	1%	6%	49%
Ísland	11%	0%	7%	11%	70%
Noregur	10%	26%	8%	8%	48%
Svíþjóð	11%	25%	4%	13%	47%
Meðaltal	9%	24%	5%	10%	50%

Um það bil 5% greinanna birtust í helstu alþjóðlegu félagsfræðitímaritunum, þar af 2,4% í fimm áhrifamiklum evrópskum félagsfræðitímaritum (*European Sociological Review*, *British Journal of Sociology*, *Sociology*, *Archives Europeennes de Sociologie*, og *Zeitschrift für Soziologie*), og einnig birtust 2,4% greinanna í þremur helstu bandarísku félagsfræðitímaritunum (*American Journal of Sociology*, *American Sociological Review* og *Social Forces*). Um það bil 12% útgefinna greina birtust í fjórum sérfræðitímaritum (*Alkoholpolitik*, [British Journal of] *Addiction*, *Social Science and Medicine* og *Nordisk Alkohol Tidsskrift*), og 9% greinanna birtust í *Acta Sociologica*. Í heild birtust 10% greinanna í 45 almennum félagsfræðitímaritum.

Tafla 2 sýnir einnig hlutfall norrænna greina í þessum fimm flokkum tímarita. Bent skal á að þessar tölur endurspeglar hlutfallslegt vægi hversrar tegundar tímarita innan hvers lands. Niðurstöðurnar benda til þess að þótt ákveðinn munur sé á útgáfuháttum milli landa sé þar engu að síður ákveðið norrænt mynstur að finna. Í öllum löndunum birtist að minnsta kosti helmingur greina í sérfræðitímaritum og í flestum löndunum birtist að minnsta kosti fjórðungur greina í innlendum félagsfræðitímaritum almenns eðlis. Um það bil tíunda hver grein birtist í *Acta Sociologica* og álíka hátt hlutfall í öðrum almennum félagsfræðitímaritum. Ísland er helsta undantekningin frá þessu mynstri, en þar er ekkert tímarit skráð í SSCI eða SA. Sérhæfð tímarit eru nokkru mikilvægari háskólakennurum í Danmörku og á Íslandi, en finnskir kennarar birta greinar hlutfallslega oftar í innlenda félagsfræðitímaritinu *Sosiologia*.

Í töflu 3 má sjá heildarfjölda birtinga og tilvitnana ásamt meðaltali, landsmeðaltali og deildarmeðaltali á hvern kennara. Þessar niðurstöður benda til þess að mynstur birtra greina og tilvitnana sé svipað í öllum löndunum. Þó virðist sem umtalsverður munur sé á þessum þáttum milli einstakra deilda innan landanna.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þetta bendir til þess að svo fremi sem hægt sé að tala um *norræna hefð* í tímarita-skrifum byggist hún á félagsfræðideildum sem eiga meiri samleið með ákveðnum deildum á öðrum Norðurlöndum en deildum innan sama lands.

Tafla 3 Heildarfjöldi og meðalfjöldi birtinga (skráðar í SSCI eða SA) og tilvitnana (skráðar í SSCI) kennara við sextán félagsfræðideildir á fimm Norðurlöndum, 1981–2000

	Birtingar		Tilvitnanir	
	Samtals	Á hvern kennara	Samtals	Á hvern kennara
<i>Norðurlönd</i>				
Danmörk	112	2,5	129	2,9
Finnland	193	5,5	527	15,1
Ísland	42	4,2	247	24,7
Noregur	277	5,2	1814	34,2
Svíþjóð	551	4,3	2212	17,1
<i>Norrænar félagsfræðideildir</i>				
Åbo Akadémían	26	5,2	64	12,8
Háskóli Íslands	42	4,2	247	24,7
Háskólinn í Stokkhólmi	162	9,5	1030	60,6
Háskólinn í Bergen	44	2,6	110	6,5
Háskólinn í Gautaborg	87	3,5	192	7,7
Háskólinn í Helsinki	108	8,3	413	31,8
Háskólinn í Jyväskylä	23	4,6	5	1,0
Háskólinn í Kaupmannahöfn	71	4,7	60	4,0
Háskólinn í Lundi	99	2,4	257	6,1
Háskólinn í Oslo	217	8,0	1628	60,3
Háskólinn í Tampere	25	4,2	16	2,7
Háskólinn í Tromsø,	16	1,8	76	8,4
Háskólinn í Turku	11	1,8	29	4,8
Háskólinn í Umeå	89	3,4	321	12,3
Háskólinn í Uppsölum	114	7,6	412	21,7
Viðskiptahásk. Kaupmannahöfn	41	1,4	69	2,4
<i>Samtals</i>	<i>1205</i>	<i>4,5</i>	<i>4929</i>	<i>18,2</i>

Heildarfjöldi birtinga og tilvitnana endurspeglar stærð hvers lands og kennarafjölda hvernar deildar. Þannig eiga sænskir háskólakennarar næstum helming allra norrænna birtinga og tilvitnana. Á sama hátt eru fimm stærstu félagsfræði-

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

deildirnar á Norðurlöndunum (deildir Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn og háskólanna í Gautaborg, Lundi, Ósló og Umeå) ábyrgar fyrir næstum helmingi allra birtra greina og tilvitnana.

Meðalfjöldi birtinga og tilvitnana á hvern kennara gefur til kynna virkni og áhrif deildanna óháð stærð². Þannig eru að meðaltali 7–10 birtar greinar í skráðum tímaritum á hvern kennara í Helsinki, Ósló, Stokkhólmi og Uppsölum, en að meðaltali 4–5 birtingar á hvern kennara í Åbo Akademiunni, Háskóla Íslands og háskólunum í Kaupmannahöfn, Jväsckylä, og Tampere.

Þegar litið er til tilvitnana eru deildirnar í Ósló og Stokkhólmi í sérflokk, hvor um sig með um það bil 60 tilvitnanir á hvern deildarmann á þessu 20 ára tímabili. Að meðaltali var vitnað 22–23 sinnum til greina eftir kennara við félagsfræðideildirnar á Íslandi, í Helsinki og í Uppsölum, en 12–13 sinnum í greinar eftir kennara við Åbo Akademiuna og háskólann í Umeå. Svo virðist því sem kennarar við félagsfræðideildirnar í Helsinki, Ósló, Stokkhólmi og Uppsölum leggi meiri áherslu á greinaskrif í ritrýnd tímarit en kennarar við aðrar norrænar félagsfræðideildir. Meðalfjöldi tilvitnana í slík verk er hæstur í Ósló og Stokkhólmi, en Helsinki, Ísland og Uppsölir fylgja þar á eftir.

Ekki ber að túlka þessar niðurstöður sem mat á gæðum kennara eða deilda við einstaka háskóla. Þannig var hér ekki tekið tillit til útgáfu á borð við bækur, bóka-kafla eða vísindaskýrslur. Þessi rannsókn náði heldur ekki til annarra hlutverka háskólakennara á borð við kennslu, þátttöku í almennri þjóðfélagsumræðu, eða þjónustu innan eða utan háskólasamfélagsins. Þessar niðurstöður sýna engu að síður að mikill munur er á félagsfræðideildum Norðurlandanna hvað varðar meðalfjölda birtra tímaritsgreina og tilvitnana til slíkra greina. Hér á eftir verður þessi munur kannaður nánar með tilliti til hlutlægra einkenna tímaritsgreina, höfunda þeirra og þeirra deilda sem höfundarnir tilheyra.

Skýringar á mismunandi fjölda tilvitnana

Ýmsir þættir hafa áhrif á tilvitnanir til tímaritsgreina, svo sem svið og áhrifamáttur tímaritanna sem þær birtast í, orðspor og virkni höfunda, og félagsgerð og hefðir mismunandi fræðasamfélaga. Í þeirri greiningu sem hér fer á eftir er fjölstiga-aðhvarfs-greiningu (multilevel/hierarchical linear modeling) beitt til að meta áhrif slíkra þátta á fjölda tilvitnana (sjá Bryk og Raudenbush, 1992). Þau gögn sem notuð eru við þessa greiningu eru sýnd í töflu 4. Greiningin takmarkast við 188 kennara sem birtu

² Það skal enn ítrekað að þessar tölur taka ekki til birtinga annarra en greina í skráð ritdæmd tímarit, og eru því ekki lýsing á heildarvirkni eða heildaráhrifum kennara við hverja deild. Jafnframt skal þess getið að við allar deildir er að finna kennara sem birta mikið af tímaritsgreinum sem oft er vitnað til. Í deildum þar sem margir kennarar birta ekkert í skráðum fræðiritum verður meðaltalið lægra, en mjög afkastamiklir kennarar geta hækkað meðaltal deilda umtalsvert.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Tafla 4 Lýsandi tölfraði fyrir fjölstigagreiningu tilvitnana (skráðar í SSCI) til birtra verka kennara við sextán félagsfræðideildir á fimm Norðurlöndum, 1981–2000

	Spönn	Meðaltal	Staðalvilla	Staðalfrávik
Deildir (3. stig)				
Stærð deildar	5–42	16,94	2,65	10,59
Virkni deildar				
Áhrifastuðull deildar				
Hlutfall prófessora	13,3–60,0	34,6	3,3	13,4
Hlutfall tengdra kennara	0–35,3	7,1	2,9	12,0
Einstaklingar (2. stig)				
<i>Birtingar</i>				
Virkni kennara	1–37	6,41	0,55	7,58
Áhrifastuðull kennara	0–49,8	3,04	0,44	6,03
<i>Háskólastaða^{a)}</i>				
- prófessor	0–1	0,43	–	–
- tengdur kennari	0–1	0,07	–	–
- emerítus	0–1	0,06	–	–
Tímaritsgreinar (1. stig)				
<i>Einkenni tímaritsgreinar</i>				
Áhrifastuðull tímarits	0–8,8	0,62	0,02	0,73
Aldur tímaritsgreinar	0–20	8,95	0,18	5,57
<i>Svið tímarits^{a)}</i>				
- menntun	0–1	0,03	–	–
- heilsa	0–1	0,11	–	–
- hagkerfi og lagskipting	0–1	0,05	–	–
- æviskeið	0–1	0,06	–	–
- hagnýt félagsfræði	0–1	0,02	–	–
- félagsfræði stjórnmála	0–1	0,03	–	–
Fylgibreyta				
Fjöldi tilvitnana	0–40	4,50	0,25	7,54

Fjöldi á 3. stigi: 16 deildir
 Fjöldi á 2. stigi: 188 kennarar
 Fjöldi á 1. stigi: 917 birtingar

a) *Aðrir kennarar* eru samanburðarhópur b) *Almenn félagsfræðitímarit* eru samanburðarhópur

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

917 greinar sem skráðar voru í SSCI á því tuttugu ára tímabili sem um ræðir. Við leiðréttum skekkju í fylgibreytunni með því að takmarka hærri mörk hennar við 40 eða fleiri tilvitnanir³. Þetta hafði áhrif á þær tíu tímaritsgreinar (0,7% af heildarfjölda greina) sem vitnað hafði verið til í 45–107 skipti á tímabilinu.

Þær niðurstöður sem lýst er hér að framan gefa til kynna að vöxtur sérhæfðra tímarita á kostnað almennra félagsfræðirita á alþjóðavettvangi hafi haft áhrif í öllum norrænum samfélögum félagsfræðinga. Af þeim niðurstöðum verður þó ekki ráðið að hvaða marki birtingar í mismunandi tegundum tímarita hafi áhrif á mynstur tilvitnana. Munur gæti verið á tilvitnunum til verka norrænna félagsfræðinga vegna mismikils áhrifamáttar þeirra tímarita sem verk þeirra birtast í eða vegna þess að sýnileiki norrænna félagsfræðinga sé mismunandi eftir fræðasviðum. Fyrir hverja grein (1. stig aðhvarfsgreiningar) er tekið tillit til *áhrifastuðuls* og *tegundar* þess tímarits sem hún birtist í. Þar sem tilvitnunum getur aðeins fjölgað í tímans rás er *fjöldi ára* frá útgáfu einnig stjórnað.

Vitaskuld má við því búast að oftar hafi verið vitnað í höfund sem birt hefur fleiri greinar, en virkni og orðspor höfundar getur jafnframt haft áhrif á meðalfjölda tilvitnana til allra tímaritsgreina sem eftir hann hafa birst. Auk einkenna hvorrar greinar kann háskólastaða, virkni og áhrifastuðull höfundarins (2. stig aðhvarfsgreiningar) því einnig að hafa áhrif á fjölda tilvitnana í verk hans.

Virkni og áhrif háskólakennara getur leitt til þess að þeim sé veitt prófessorsstaða, en slík staða kann einnig að leiða til aukins sýnileika í fræðunum. Á sama hátt eru virkir og áhrifamiklir prófessorar á eftirlaunum og kennarar við aðrar deildir líklegri til að eiga kost á formlegum tengslum við einstakar deildir, en um leið geta slík tengsl stuðlað að auknum sýnileika þeirra. Í þessari rannsókn er tekið tillit til formlegrar háskólastöðu *prófessora*, *tengdra kennara* og *emerítusa*. *Aðrir kennarar* eru notaðir sem samanburðarhópur og er þeim því sleppt í aðhvarfsgreiningunni. *Virkni* hvers kennara er skilgreind sem heildarfjöldi útgefinna greina í skráðum tímaritum á umræddu tímabili. *Áhrifastuðull* kennara var skilgreindur sem samanlagðir áhrifastuðlar þeirra tímaritsgreina sem eftir hann höfðu birst.

Að lokum getur háskóladeild höfunda haft áhrif á fjölda tilvitnana í greinar þeirra (3. stig aðhvarfsgreiningar). Þannig kunna allir kennarar við tiltekna deild að verða sýnilegri þegar þekktari og virkari fræðimenn starfa meðal þeirra. Þessi áhrif geta að hluta til stafað af því að fræðimenn séu líklegri til að vitna til greina-skrifa starfsfélaga sinna, en þekktir fræðimenn geta einnig gegnt lykilhlutverki við að koma verkum samstarfsmanna sinna á framfæri í eigin verkum og meðal sam-

³ Í annarri greiningu notuðum við lógarithmann af skekktum breytum. Það hafði lítil áhrif á niðurstöður okkar, og hér sýnum við því aðeins auðtúlkanlegri niðurstöður byggðar á óumbreyttum gögnum.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

starfsmanna sinna utan deildar. Þessir þættir eru metnir með *stærð deilda*, *blutfalli prófessora*, *blutfalli tengdra kennara*, *virgni deildar* reiknaðri sem heildarfjöldi birtra greina í viðkomandi deild og *áhrifastuðli deildar* sem skilgreindur er sem samantlagðir áhrifastuðlar allra tímaritsgreina deildarmanna.

Fjölstigagreining á tíðni tilvitnana

Í töflu 5 eru sýndar niðurstöður fjölstigagreiningar á áhrifum tímaritsgreina, deilda og deildarmanna á tíðni tilvitnana. Á deildarstigi (3. stig) hefur hvorki fjöldi deildarmanna né hlutfallslegur fjöldi prófessora áhrif á líkur þess að vitnað sé til tímaritsgreina. Hins vegar aukast líkur á tilvitnunum eftir því sem fleiri utandeildarmenn tengjast deildinni með formlegum hætti. Þessi áhrif eru enn til staðar þegar tillit hefur verið tekið til áhrifa einstaklinga og einkenna þeirra tímaritsgreina sem um ræðir. Með öðrum orðum virðist sambandið milli formlegra tengsla við utandeildarmenn og tilvitnana til verka innandeildarmanna ekki vera sýndarsamband byggt á 'ættleiðingu' afkastamikilla fræðimanna, heldur virðast slík tengsl í raun auka sýnileika annarra fræðimanna í deildinni. Þessi deildaráhrif eru ekki marktækt breytileg milli deilda, sem bendir til að allar deildir hagnist álíka mikið á formlegum tengslum við utandeildarmenn.

Heildarfjöldi birtra greina innan hverrar deildar hefur marktæka tvíhliða fylgni við fjölda tilvitnana, en þetta samband hverfur þegar tekið er tillit til áhrifastuðuls deildar. Áhrifastuðull deildar eykur á hinn bóginn fjölda tilvitnana marktækt að teknu tilliti til háskólastöðu, virkni og áhrifastuðla höfundanna, svo og áhrifastuðla og fræðasviða þeirra tímarita sem greinarnar birtu. Kennarar í deildum þar sem greinar birtast oftast á áhrifameiri tímaritum hafa því betri líkur á tilvitnunum til verka sinna, óháð eigin stöðu, virkni eða sýnileika, og óháð því hvar þessi verk birtast. Áhrif þessa stuðuls eru ekki marktækt breytileg milli deilda, og bendir það til þess að þau séu sama eðlis í öllum deildum.

Á meðal einstakra kennara (2. stig) er fjöldi tilvitnana í greinar prófessora eða emerítusa ekki marktækt hærri en fjöldi slíkra tilvitnana í verk annarra deildarmanna. Eins og við var búist hafði þó oftast verið vitnað til verka tengdra kennara en fastráðinna kennara. Samt sem áður skýra *áhrifastuðull höfundar* og einkenni tímaritsgreinar þennan mun fyllilega. Það er því eftirtektarvert að þótt oftast sé vitnað til greina kennara við deildir sem fleiri utandeildarmenn eru tengdir með formlegum hætti, þá er ekki vitnað meira í verk þessara tengdu kennara sjálfra en við hefði mátt búast af öðrum þáttum í líkaninu. Í töflu 5 kemur einnig fram tvíhliða samband virkni kennara við tilvitnanir í verk þeirra. Í fjölstigagreiningunni er það þó aðeins áhrifastuðull einstaklinga sem hefur sjálfstæð áhrif á líkur á tilvitnunum. Þessi áhrif eru marktækt misjöfn eftir kennurum, og bendir það til þess að þau séu ekki einfalt fall af birtingu fleiri greina í áhrifameiri tímaritum. Orsaka

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

Tafla 5 Niðurstöður fjölstigagreiningar tilvitnana (skráðar í SSCI) til birtra verka kennara við sextán félagsfræðideildir á fimm Norðurlöndum, 1981–2000

	Tvíhliða	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Dreifing
		<i>Deildir</i>	<i>Einstaklingar</i>	<i>Deildir, einstaklingar og birtingar</i>	
<i>Skurðpunktur</i>	3,44***	3,20***	2,91***	3,53***	6
<i>Deildir (3. stig)</i>					
Stærð deildar	0,00 ^ó	—	—	—	—
Virkni deildar	0,02***	—	—	—	—
Áhrifastuðull deildar	0,03***	0,02*	—	0,13*	6
Hlutfall prófessora	3,68 ^ó	—	—	—	—
Hlutfall tengdra kennara	10,55***	6,51*	—	5,52*	6
<i>Skýrð dreifing á 3. stigi</i>		90,7%	—	96,1%	
<i>Einstaklingar (2. stig)</i>					
<i>Birtingar</i>					
Virkni kennara	0,13**	—	—	—	—
Áhrifastuðull kennara	0,29***	—	0,27***	0,13*	8,19***
<i>Háskólastaða^{a)}</i>					
- prófessor	0,84 ^ó	—	—	—	—
- tengdur kennari	3,75**	—	2,09***	—	—
- emerítus	0,18 ^ó	—	—	—	—
<i>Skýrð dreifing á 2. stigi</i>		—	23,3%	64,7%	
<i>Tímaritsgreinar (1. stig)</i>					
<i>Einkenni tímaritsgreinar</i>					
Áhrifastuðull tímarits	3,90***	—	—	4,33***	—
Aldur tímaritsgreinar	0,18***	—	—	0,28***	—
<i>Svið tímarits^{a)}</i>					
- menntun	3,47*	—	—	—	—
- heilsa	3,08***	—	—	—	—
- hagkerfi og lagskipting	1,39 ^ó	—	—	—	—
- æviskeið	4,10***	—	—	3,08***	—
- hagnýt félagsfræði	6,12***	—	—	3,85**	—
- félagsfræði stjórnmála	-0,10 ^ó	—	—	—	—
- Acta Sociologica	0,79 ^ó	—	—	—	—
<i>Skýrð dreifing á 1. stigi</i>		—	—	27,3%	

a) *Aðrir kennarar* eru samanburðarhópur

b) *Almenn félagsfræðitímarit* eru samanburðarhópur

* p < 0,05 ** p < 0,01, *** p < 0,001 ó: ómarktækt

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þessa breytileika kann að vera að leita í ýmsum þáttum sem þessi rannsókn tekur ekki til, svo sem mismiklum frumleika eða misvönduðum vinnubrögðum höfunda, ellegar formlegum eða óformlegum tengslum þeirra við aðra fræðimenn.

Að lokum er sýnt í töflu 5 hvernig einkenni tímaritsgreina (1. stig) hafa áhrif á tíðni tilvitnana til þeirra. Eins og við er að búast aukast líkur tilvitnana með aldri greina og oftast er vitnað til greina sem birtast í tímaritum með hærri áhrifastuðul. Áður en tillit hefur verið tekið til áhrifastuðuls hvers tímarits virðist líklegra að vitnað sé til greina sem birtast í sérhæfðum fræðitímaritum á ákveðnum sviðum en þeirra sem birtast í almennum félagsfræðitímaritum. Þegar um tímarit á sviði *menntunar* eða *heilsu* er að ræða (sjá viðauka) skýrist þessi munur fyllilega með áhrifastuðli tímaritanna sem greinarnar birtu. Í tilviki greina sem birtast í tímaritum á sviði *lífsferils* eða *hagnýtrar félagsfræði* er hins vegar marktækt líklegra að vitnað sé til norrænna höfunda en áhrifastuðull tímaritsins eða önnur einkenni greina spá fyrir um. Fjöldi tilvitnana í greinar sem birtust í *Acta Sociologica* er ekki marktækt frábrugðinn því sem áhrifastuðull tímaritsins spáir.

Almennt virðist þetta líkan spá fremur vel fyrir um fjölda tilvitnana. Líkanið skýrir 96% dreifingar tilvitnana milli deilda, og skilur lítið eftir óútskýrt sem rekja mætti til annarra einkenna deildanna. Líkanið skýrir jafnframt um það bil 65% dreifingar tilvitnana milli kennara og um það bil 27% dreifingar tilvitnana í hverja tímaritsgrein.

Umræða

Greinar eftir kennara við norrænar félagsfræðideildir reyndust skiptast jafnt milli almennra félagsfræðitímarita og sérhæfðra rita. Um það bil fjórðungur allra skráðra greina birtust í almennum félagsfræðitímaritum á Norðurlöndunum, ein af hverjum tíu birtust í *Acta Sociologica* og 15% í tugum annarra félagsfræðitímarita almenns eðlis. Aðrar skráðar greinar birtust í hundruðum sérhæfðra tímarita. Þessar niðurstöður benda til þess að innlend félagsfræðitímarit séu flestum norrænum félagsfræðingum mikilvægust, en norræna tímaritið *Acta Sociologica* sé enn mikilvægasta enskumælandi tenging þeirra við hið alþjóðlega fræðasamfélag. Athygli vekur að þótt helmingur hinna 1.205 greina birtist í 17 tímaritum, þá skiptist hinn helmingurinn milli 312 tímarita sem hvert um sig birti innan við 1% greinanna. Þessi fjölbreytni kann að vera megineinkenni norrænnar félagsfræði og hún því þörf áminning þess hve villandi geti verið að skilgreina samfélag norrænna félagsfræðinga með einsleitum hætti.

Greining á tilvitnunum til skráðra tímaritsgreina eftir kennara við 16 félagsfræðideildir leiddi ýmis mikilvæg einkenni í ljós. Áhrifastuðull SSCI, sem reiknaður er á grundvelli tilvitnana til allra greina sem birtast í tilteknu tímariti á næstu tveimur árum, spáir vel fyrir um tilvitnanir til þeirra norrænu tímaritsgreina sem

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

hér voru til athugunar. Þessar niðurstöður styðja notkun áhrifastuðulsins við rannsóknir á verkum norrænna félagsfræðinga. Tilvitnanir til greina sem birtust í *Acta Sociologica* voru ekki marktækt frábrugðnar tilvitnunum til greina í öðrum almennum félagsfræðitímaritum. Þetta styður þá niðurstöðu Allardts (1995) að *Acta Sociologica* sé í ágætri stöðu meðal þokkalegra tímarita. Áhrifastuðullinn virðist þó spá of lágt fyrir um fjölda tilvitnana til greina sem birtast á sviðum *æviskeiða* og *hagnýtrar félagsfræði*. Þetta er í samræmi við þá ályktun Bertilsson og Therborn (2000) að áhrif norrænnar félagsfræði séu sérstaklega sterk á sviði opinberrar stefnumótunar.

Athygli vekur að samanlagða áhrifastuðla tímarita má með góðum árangri nota sem mælingu á áhrifum tiltekinna fræðimanna og félagsfræðideilda. Oftar er vitnað í greinar höfunda sem oftart birta greinar í tímaritum með hærri áhrifastuðul, jafnvel eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifastuðuls þeirra tímarita sem greinarnar birtu. Það virðist því sem fræðimenn ávinni sér ákveðinn sess þegar þeir fá greinar birtar í áhrifamiklum tímaritum, og í framhaldi þess verði verk þeirra í áhrifaminni tímaritum einnig sýnilegri. Þó skal tekið fram að áhrifastuðull einstaklinga hefur mismikil áhrif á tíðni tilvitnana milli höfunda og áhrif þess að birta greinar í áhrifamiklum tímaritum eru því meiri fyrir suma fræðimenn en aðra. Þessi rannsókn tók ekki á ástæðum þessa, en þar gætu til dæmis verið á ferðinni fræðilegar orsakir á borð við mismunandi frumleika eða færni höfunda, eða félagslegar orsakir á borð við misjafnlega viðfeðm tengslanet höfunda. Þó er ljóst að orsaka þessa eru ekki að leita í formlegri stöðu höfunda innan háskólanna, því tíðni tilvitnana í greinar prófessora og emerítusa er ekki marktækt frábrugðin tíðni tilvitnana í greinar eftir aðra háskólakennara við sömu deild. Oftar er vitnað í birtar greinar eftir utandeildarmenn með formleg tengsl við deildir, en þennan mun má að fullu rekja til birtinga verka þeirra í tímaritum með hærri áhrifastuðul.

Að lokum er oftart vitnað til allra birtra greina í deildum þar sem kennarar birta oftart greinar í tímaritum með hærri áhrifastuðul, óháð bæði áhrifastuðli tímarits og öðrum birtingum sama höfundar. Hlutfall tengdra kennara spáir einnig fyrir um tilvitnanir til verka allra deildarmanna. Eftir að tekið hefur verið tillit til ein-kenna greina og höfunda er því líkleggra að vitnað sé til verka kennara við deildir þar sem hlutfall tengdra kennara er hærri. Þessi áhrif er enn að finna þegar heildarfjöldi birtinga við einstakar deildir hefur verið stjórnað. Sambærileg áhrif er ekki að finna af hlutfalli prófessora við hverja deild. Það er hugsanlegt að tengdir kennarar séu af einhverjum ástæðum líklegri en fastráðnir kennarar til að vitna til kennara þeirrar deildar sem þeir tengjast, en ekki er ljóst hvers vegna svo ætti að vera. Líkleggra er að tengsl kennara utan deilda styrki tengsl deildarinnar við samfélag félagsfræðinga almennt, og að allir deildarmenn hagnist á slíkum tengslum.

Þessar niðurstöður benda til að virkni einstaklinga og heilla deilda megi líta á

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

sem ákveðna tegund félagslegs auðs sem auki hlut allra deildarmanna. Starfsferill hvers kennara kann því að vera nátengdur ferli deildarinnar sem heildar. Þetta bendir til félagslegs hreyfanleika deilda umfram hreyfanleika þeirra einstaklinga sem þar starfa. Sameiginlegt átak deildarmanna virðist því geta borið þann árangur að deild þeirra ávinni sér nafn sem nokkurskonar stórveldi í félagsfræðinni og auki þannig orðspor og sýnileika allra kennara umfram það sem þeir hefðu geta áunnið sér á eigin vegum. Önnur túlkun gæti verið sú að afkastamiklir kennarar séu líklegri til að eiga sér stærra net persónulegra tengsla í alþjóðasamfélagi félagsfræðinga, og í deildum þar sem marga slíka fræðimenn sé að finna skapist margfeldisáhrif alþjóðlegra neta sem leiði til fleiri tilvitnana í verk þeirra og samstarfsmanna þeirra. Þetta kynni að skýrast frekar með greiningu á því hverjir það séu sem vitna til verka norrænna höfunda.

Að mestu leyti má rekja mun á birtingum og tilvitnunum milli Norðurlandanna til einstaklinga og háskóladeilda. Í öllum þeim deildum sem hér voru til athugunar mátti rekja stóran hluta birtinga og tilvitnana til afmarkaðs hóps fræðimanna, og í öllum deildum var að finna kennara sem höfðu engar slíkar birtingar eða tilvitnanir. Þetta þýðir ekki að hinir síðarnefndu séu iðjulausir eða afkastalitlir. Mikilvægt er að hafa í huga að útgáfa bóka fellur að öllu leyti utan við þessa rannsókn, og útilokar það ýmis verk sem mikil áhrif hafa haft í norrænni jafnt sem alþjóðlegri félagsfræði. Einnig ber þess að gæta að hlutverk háskólakennara er í sífelldri þróun og verður sífellt margbreytilegra (Gibbons o.fl., 1994; Barnes o.fl., 1996; Ziman, 2000). Auk þjálfunar nýrra kynslóða fræðimanna ber háskólakennurum í auknum mæli að sækja um og úthluta rannsóknarstyrkjum, veita vísindanefndum forstöðu, skipuleggja ráðstefnur, stjórna rannsóknarhópum og stofnunum, veita fyrirtækjum og opinberum stofnunum ráðgjöf og taka þátt í almennri þjóðfélagsumræðu. Frekari rannsóknir á þessu sviði ættu að ná til verkaskiptingar innan norrænna félagsfræðideilda og breytinga á hlutverki háskólakennara almennt.

Með þessari rannsókn hefur hugmyndafræðilegur og heimspekilegur ágreiningur um hið „sanna eðli“ norrænnar félagsfræði verið látinn liggja milli hluta og þess í stað hefur verið reynt að meta stöðu norrænnar félagsfræði á tímum aukinnar alþjóðavæðingar félagsfræðinnar. Þegar litið er til hinna alþjóðlegu félagsfræðitímarita eru norrænir félagsfræðingar afkastamiklir og verk þeirra hafa talsverð áhrif í tilvitnunum í þessum tímaritum. *Acta Sociologica* virðist hafa reynst hinu norræna félagsfræðilega samfélagi notadrjúgt við að koma störfum norrænna félagsfræðinga á framfæri í hinu alþjóðlega samfélagi. Umtalsverður munur er á félagsfræðideildum innan Norðurlandanna, en athyglisvert er hversu svipaður þessi munur er milli landa. Til dæmis kemur í ljós að þótt heildarfjöldi skráðra greina sé mismikill í löndunum fimm, birtist svipað hlutfall þeirra á innlendum og er-

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA

lendum vettvangi. Að lokum sýndi fjölstigagreining fram á að forspárþættir tilvitnana eru ekki marktækt mismunandi milli þeirra sextán deilda sem til athugunar voru. Þótt ekki sé beinlínis hægt að meta árangur norrænnar félagsfræði á grundvelli þessarar rannsóknar má ljóst vera að innan þessara landa hefur þróast fjölbreytileg samnorræn hefð í fræðilegum greinaskrifum.

ABSTRACT IN ENGLISH

The sociology departments in the Nordic countries provide the institutional platform for *Nordic Sociology* and for the Nordic national sociological associations that form the Scandinavian Sociological Association. This paper focuses on journal articles produced by current (as of January 1, 2001) faculty of 16 of these Nordic sociology departments in the period 1981–2000. First, we provide a brief overview of article productivity and citations to articles produced in this period, by country and department. Second, we estimate a multilevel model of citation patterns by articles published, the academic position and productivity of each author, and the structure and productivity of each department as a whole. Third, we test the extent to which the effects of such factors differ between departments and individuals. In all departments, publications in high-impact journals increase the number of citations to any given article, to other work by the same author, and to the work of other faculty within the department. The effect of publishing in high-impact journals differs significantly between individual authors, and work in certain types of journals yields more citations than the journal impact factor would predict. We argue that departmental affiliations with outside faculty and departmental productivity can be seen as a form of social capital that benefits both individuals and departments as a whole. These findings strongly suggest that diversity is a defining characteristic of this sociological community, precluding monolithic definitions of Nordic sociology.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Viðauki Flokkun tímarita (skráð í SA eða SSCI) eftir aðaláherslu og fjöldi birtra greina eftir kennara við sextán félagsfræðideildir á fimm Norðurlöndum, 1981–2000

	<i>Tímarit Birtingar</i>			<i>Tímarit Birtingar</i>	
Almenn félagsfræði	59	570	Menntun	19	40
- Helstu almenn félagsfræðirit	8	163	- Menntun og sérkennsla	10	16
- Norræn almenn félagsfræðirit	6	298	- Vísindarannsóknir	9	24
- Önnur almenn félagsfræðirit	45	109	Heilsa	47	128
Almennt	23	31	- Lýðheilsufræði	15	45
- Heimspeki	6	10	- Faraldsfræði	5	10
- Almenn fræði	17	21	- Félagslegar heilsurannsóknir	8	40
Aðferðafræði	9	18	- Sálfræði og geðlæknisfræði	13	25
- Tölfræði og aðferðafræði	4	10	- Fötlun	4	5
- Lýðfræði	5	8	- Íþróttir	2	3
Hagkerfi og lagskipting	29	61	Frávik	18	101
- Hagfræði	9	11	- Glæpir og frávik	4	5
- Vinna og störf	6	13	- Áfengi og fíkniefni	10	91
- Lagskipting	10	30	- Lög og réttur	4	5
- Byggsfræði	4	7	Æviskeið	29	74
Félagsfræði stjórnmála og sögu	44	74	- Fjölsk. og hjónaband	9	34
- Almennar stjórnmálarannsóknir	11	15	- Börn	1	4
- Þróunarlönd	2	2	- Unglingar	4	9
- Sögulegar rannsóknir	4	4	- Kyn og kynferði	5	10
- Stefnumótun	14	25	- Öldrunarfræði	10	17
- Velferð og félagsráðgjöf	3	12	Hagnýt félagsfræði	23	44
- Félagsleg öfl	10	16	- Slys og hamfarir	2	3
Menning og kenningar	35	64	- Skipulagsfræði	4	13
- Menning	11	14	- Stjórnun	6	7
- Fjölmiðlar	7	9	- Tækni	6	12
- Kenningar	13	35	- Neytendur og auglýsingar	5	9
- Þekking og trúarbrögð	4	6			

Ath: Þessi flokkun er byggð á aðaláherslu tímarita, ekki efni tímaritsgreina

NORRÆN ÁHRIF Í BIRTINGUM OG TILVITNUNUM TIL TÍMARITSGREINA





HEIMILDIR

- Agersnap, Torben og Karin Widerberg. 1995. „The birth of Acta.“ *Acta Sociologica*, 38, 353–354.
- Allardt, Erik. 1989. „Recent developments in Scandinavian sociology.“ *Annual Review of Sociology*, 15, 31–45.
- Allardt, Erik. 1995. „The formative years of Scandinavian sociology.“ *Acta Sociologica*, 33, 183–193.
- Andersen, Heine. 2000. „Influence and reputation in the social sciences: How much do researchers agree?“ *Journal of Documentation*, 56, 674–692.
- Baldi, Stephane. 1998. „Normative versus social constructivist processes in the allocation of citations: A network-analytic model.“ *American Sociological Review*, 63, 829–846.
- Barnes, Barry, David Bloor og John Henry. 1996. *Scientific Knowledge: A Sociological Analysis*. London: Athlone.
- Bertilsson, Margareta og Göran Therborn. 2000. *From A Doll's house to the Welfare State: Reflections on Nordic Sociology*. Madrid: International Sociological Association.
- Bourdieu, Pierre og Jean-Claude Passeron. 1967. „Sociology and philosophy in France since 1945: Death and resurrection of a philosophy without subject.“ *Social Research*, 34, 162–212.
- Brante, Thomas og Sune Sunesson. 1990. „Kvalitetsmatning med citationsindex: En fallgrop for sociologin.“ *Sociologisk Forskning*, 27, 47–57.
- Braun, T. 1999. „Bibliometric indicators for the evaluation of universities – intelligence from the quantification of the scientific literature.“ *Scientometrics*, 43, 425–432.
- Bryk, Anthony S. og Stephen W. Raudenbush. 1992. *Hierarchical Linear Models: Applications and Data Analysis Methods*. Newbury Park: Sage.
- Clemens, Elisabeth, Walter W. Powell, Kris McIlwaine og Dina Okamoto 1995. „Careers in print: Books, journals, and scholarly reputations.“ *American Journal of Sociology*, 191, 433–494.
- Cronin, Blaise, Herbert Snyder og Helen Atkins (1997). „Comparative citation rankings of authors in monographic and journal literature: A study of sociology.“ *Journal of Documentation*, 53, 263–273.
- CSA, 2000a. *Sociological Abstracts*. Cambridge Scientific Abstracts: <http://www.csa.com>
- CSA, 2000b. *Sociological Abstracts: Selection and Coverage Policy*. Cambridge Scientific Abstracts: Unpublished Corporate Document.
- Durkheim, Emile (1898). „Letter to the Editor.“ *American Journal of Sociology*, 3, 848–849.
- ESA (2001). *Aims of the ESA*. European Sociological Association: <http://www.valt.helsinki.fi/esa/main.htm>
- Gibbons, Michael. 1994. *The New Production of Knowledge: The Dynamics of Science and Research in Contemporary Societies*. London: Sage.
- Hargens, Lowell L. 2000. „Using the literature: Reference networks, reference contexts, and the social structure of scholarship.“ *American Sociological Review*, 65, 846–865.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson. 2000. *Grunnvísindi á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- ISI, 1998. *Journal Citation Reports*. Philadelphia, PA: Institute for Scientific Information.
- ISI, 2002a. *Social Science Citation Index*. Institute for Scientific Information: <http://www.web-of-science.com>.
- ISI, 2002b. *The Impact Factor*. Institute for Scientific Information: <http://www.isinet.com/isi/hot/essays/journalcitationreports/7.html>.
- Levine, Donald N. 1995. *Visions of the Sociological Tradition*. Chicago: University of Chicago Press.
- Mazur, D.P. 1963. „National boundaries and the development of sociology.“ *Sociological Inquiry*, 33, 105.
- McGarthy, Craig. 2000. „The citation impact factor in social psychology: A bad statistic that encourages bad science?“ *Current Research in Social Psychology*, 5, 1–16.
- Olsen, Terje-Bruun. 1998. *Norsk Forskning i Internasjonale Tidsskrifter: Sammenligning med andre Land belyst ved Bibliometriske Makrodata*. Oslo: Norsk Institutt for Studier av Forskning og Utdanning.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Parsons, Talcott. 1937. *The Structure of Social Action: A Study in Social Theory With Special Reference to a Group of Recent European Writers*. Glencoe, Ill., Free Press.
- Persson, Olle, Goran Melin, R. Danell og A. Kaloudis. 1997. „Research collaboration at Nordic universities.“ *Scientometrics*, 39, 209–223.
- Persson, Olle. 1985. „Scandinavian social science in international journals.“ *Social Science Information Studies*, 5, 185–190.
- Szczepanski, Jan. 1969. „Marxist sociology in the world-wide sociological movement.“ *Voprosy Filosofii*, 6, 14–21.
- Tosti, Gustavo. 1898. „Suicide in the light of recent studies.“ *American Journal of Sociology*, 3, 464–478.
- Wallerstein, Immanuel. 1998. „Is sociology a world discipline?“ *Contemporary Sociology*, 27, 325–326.
- Ziman, John. 2000. *Real Science: What It Is, and What It Means*. Cambridge University Press.
- Þórólfur Þórlindsson. 1982. „Icelandic Sociology: National conditions and the emergence of a new discipline.“ *Acta Sociologica*, 25, 79–89.

AF RANNSÓKNARSVIÐUM ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRAEÐI



LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

Stefán Hrafn Jónsson

Í þessum kafla er fjallað um stöðu lýðfræðinnar og tengsl hennar við félagsfræðina í alþjóðlegu vísindastarfi. Kynnt eru helstu svið innan lýðfræðinnar auk þess sem rannsóknaraðferðir og helstu mælingar eru kynntar. Rannsóknir íslenskra fræðimanna á lýðfræði Íslands eru kannaðar með áherslu á mannfjölda Íslands í sögulegu ljósi, fjölskyldulýðfræði, vinnuafli og búsetu og mannfjöldaspár. Loks er spáð í framtíðarhorfur greinarinnar og dregin upp helstu mögulegu framtíðarverkefni íslenskra lýðfræðinga.

Inngangur

Lýðfræðingar áætla að frá árinu 1000 til ársins 1750 eftir Krist hafi jarðarbúum fjölgað úr 280 milljónum í um 730 milljónir (Clark, 1968). Árið 1900 náði mannfjöldinn 1.700 milljónum (United Nations, 1999) og í byrjun nóvember 2002 var áætlað að fólksfjöldi heimsins væri rétt rúmar 6.250 milljónir (U.S. Census Bureau, 2002). Þessi stigvaxandi mannfjölgun er talsvert áhyggjuefni og margir félagsvísindamenn hafa rannsakað orsakir hennar og afleiðingar. Lýðfræðingar hafa verið í fararbroddi slíkra rannsókna, þótt viðfangsefni þeirra hafi raunar orðið sífellt fjölbreyttari á síðustu árum og áratugum. Upphaf lýðfræðinnar (e. *demography*) sem fræðigreinar má í raun rekja að verulegu leyti til hinnar öru mannfjölgunar á síðustu öldum. Stundum er þar miðað við útgáfu *Ritgerðar um eðli mannfjöldans og áhrif þess á framtíðarhorfur þjóðfélagsins* eftir Thomas Malthus ([1798] 1959). Þótt kenningar Malthusar séu löngu úreltar, hefur mannfjöldaþróun heimsins verið eitt meginviðfangsefni nútíma lýðfræði.

Þekkingarleit lýðfræðinga á fjórða og fimmta áratug 20. aldar beindist sérstaklega að uggvænlegri fólksfjölgun mannkyns og afleiðingum hennar. Ljóst þótti að mörg ríki Asíu, Afríku og Suður-Ameríku stæðu frammi fyrir svo mikilli mannfjölgun að leita þyrfti allra raunhæfra leiða til að sporna við þeirri þróun. Sem dæmi má nefna að lýðfræðingar hafa bent á að félagsleg staða kvenna hafi mikil áhrif á úrslit tilrauna til að draga úr fólksfjölgun. Í samfélögum þar sem staða kvenna er fremur sterk hefur þannig reynst árangursríkt að auka aðgengi og þekkingu þeirra á getnaðarvörnum. Í mörgum minna iðnvæddum samfélögum þar sem ættfedra-stjórn ríkir hafa slíkar tilraunir hins vegar reynst árangurslitlar, þar sem konur í slíkum samfélögum ráða oft litlu um fjölskyldustærð.

Á síðari hluta 20. aldar dvínaði áhersla lýðfræðinga á mannfjölgun og þá þætti

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

sem dregið geta úr fæðingartíðni. Þótt há fæðingartíðni sé enn mikið vandamál í mörgum löndum Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, er fæðingartíðni undir viðhaldsmörkum í mörgum Evrópulöndum. Í Evrópu er lægsta fæðingartíðni 1,1 barn á ævi hvernar konu í Búlgaríu og Lettlandi, en hæst 2,6 börn í Albaníu. Fæðingartíðni Íslands (2,0) er sú fimmta hæsta í Evrópu¹. Hækkandi lífslíkur og lækkandi fæðingartíðni margra landa hefur leitt til mikilla breytinga á aldurssamsetningu þjóða. Á sama tíma hefur útbreiðsla alnæmis aukið dánartíðni í mörgum þróunarlöndum og víða snúið við þróun fyrri ára þar sem dánartíðni hafði áður lækkað nær samfellt um áratuga skeið (Casselli, Meslé og Vallin, 2002).

Öldrun mannfjöldans (e. *population aging*) er af mörgum talið mesta mannfjöldavandamál Vesturlanda. Hugtakið öldrun mannfjöldans er um margt ólíkt hugtakinu öldrun einstaklinga. Öldrun einstaklinga vísar til breytinga á líkamlegri, andlegri og félagslegri stöðu fólks með hækkandi aldri. Þegar rætt er um öldrun mannfjöldans er hins vegar átt við breytingar á aldurssamsetningu þjóða eða landshluta. Mannfjöldi gæti til að mynda elst um mörg ár á stuttum tíma ef allir einstaklingar tuttugu ára og yngri flyttu skyndilega brott frá tilteknu svæði. Á síðustu áratugum hefur minnkandi fæðingartíðni þó reynst helsta lýðfræðilega orsök öldrunar mannfjöldans vegna þess að nýir fæðingarargangar eru minni en þeir sem á undan komu. Öldrun mannfjöldans, sama hvort orsakanna er að leita í lækkun fæðingar- eða dánartíðni, hefur mikil áhrif á nýgengi og algengi ýmissa sjúkdóma og kann að valda talsverðum vanda í framtíðinni. Þegar hlutfall eldri borgara hækkar munu miklar breytingar verða á starfsemi sjúkrahúsa og álag á almannatryggingakerfið mun aukast til muna. Í því sambandi er mikilvægt að meta að hve miklu leyti lengri meðalævi skilar sér í lengri ævi við góða heilsu, og að hvaða marki sjúku og farlaga gömlu fólki muni fjölga.

Reynsla annarra þjóða sýnir glöggst mikilvægi þess að huga vel að staðbundnum aðstæðum og gefa sér ekki að kenningar byggðar á góðum og gildum rannsóknum í einu landi nýtist óbreyttar í öðrum löndum heims. Reynsla annarra þjóða af rekstri almannatrygginga og lífeyrissjóða gagnast lítt íslenskar aðstæður ef ekki er hugað að aldurssamsetningu þjóða og staðbundnum einkennum vinnumarkaðar og stjórnsýslu þeirra ríkja sem Ísland er borið saman við (Sólveig Fríða Jóhannsdóttir, 2001). Á meðal annarra málefna sem lýðfræðingar hafa lagt áherslu á hin síðari ár má nefna fjölskylduhagi, útbreiðslu alnæmis, heilsugæslu og stöðu kvenna innan fjölskyldu og samfélags. Eins eru búferlaflutningar vaxandi svið innan lýðfræðinnar, en slíkum rannsóknum var lengst af einkum sinnt af hagfræðingum og landfræðingum.

¹ Síðustu fimm árin hefur tíðnin sveiflast á milli 1,95 og 2,07

Lýðfræðin sem fræðasvið

Í hnotskurn lýsir lýðfræðin stærð, dreifingu og samsetningu mannfjölda og þeim breytingum sem verða á þessum þáttum. Styrkur lýðfræðinnar felst að nokkru í því að aðeins þrír þættir – fæðingar, andlát og fólksflutningar – skýra fyllilega stærð og aldurssamsetningu mannfjöldans á hverjum tíma. Þessi einfalda þrískipting lýðfræðilegra breytinga hefur leitt af sér öflug stærðfræðileg líkön sem m.a. geta spáð fyrir um breytingar á fjölda og samsetningu einstakra þjóða og mannkyns alls, að gefnum tilteknum forsendum. Samband þessara þriggja ferla við félagslega, efnahagslega og menningarlega þætti er talsvert flóknara viðfangsefni lýðfræðinnar, en jafnframt áhugaverðara frá félagsfræðilegu sjónarhorni.

Lýðfræðinni er stundum skipt í tvö meginsvið. Annars vegar er kjarni greinarinnar; formleg eða stærðfræðileg lýðfræði (e. *demographic analysis* eða *formal demography*). Á þessum vettvangi hafa verið þróuð öflug líkön og rannsóknaraðferðir sem eru undirstaða flestra lýðfræðirannsókna. Hins vegar er mannfjöldagreining (e. *population studies*) þar sem fjallað er um orsakir og afleiðingar breytinga á lýðfræðilegum þáttum. Stærðfræðileg lýðfræði og mannfjöldagreining tengjast þó óhjákvæmilega sterkum böndum. Til dæmis má nefna fjölgun fæðinga utan hjónabands á síðustu áratugum. Margvíslegir menningarlegir, pólitískir og félagslegir þættir hafa stuðlað að þeirri þróun, en áður en slíkra skýringa er leitað er nauðsynlegt að sundurgreina hugtakið „fæðingar utan hjónabands“ með formlegum, stærðfræðilegum hætti. Tíðni slíkra fæðinga byggist annars vegar á hjúskaparstöðu fólks á barnsburðaraldri og hins vegar á fæðingartíðni meðal giftra og ógiftra. Meðal margra þjóða hefur hlutfallsleg fækkun fólks í hjónabandi verið meginþáttur þessarar fjölgunar fæðinga utan hjónabands, ekki aukin fæðingartíðni hjá ógiftu fólki eins og stundum hefur verið haldið fram. Án formlegrar sundurgreiningar væri hætt við því að fjölgun fæðinga utan hjónabands yrði rakin til breyttrar frjósemi ógifts fólks fremur en að hinum óiftu hafi fjölgað. Með þessari stærðfræðilegu sundurgreiningu er því unnt að beina sjónum að réttum þáttum sem búa að baki fæðingum utan hjónabands. Mannfjöldagreiningu má svo beita til að skýra orsakir og afleiðingar þessara grunnþátta og þar nýtist þekking félagsfræðinnar og annarra félagsvísinda.

Þótt líta megi á lýðfræðina sem sjálfstætt rannsóknarsvið, hafa félagsfræðingar lagt drjúgt af mörkum til þróunar hennar og falla viðfangsefni lýðfræðinnar oft innan sérsviða félagsfræðinnar. Frá sjónarhóli félagsfræðinnar má þannig til dæmis líta á fjölskyldulýðfræði sem undirgrein fjölskyldufélagsfræðinnar. Í mörgum háskólum er lýðfræðin kennd sem sérsvið innan félagsfræðideilda og margir lýðfræðingar líta á sig sem félagsfræðinga með sérþekkingu á sviði lýðfræði. Lýðfræðin leggur þó megináherslu á orsakir og afleiðingar breytinga á fjölskyldugerð meðal þjóða eða samfélagshópa og hún tengist því einnig fræðigreinum á borð við stjórns-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

málafræði, hagfræði og vistfræði. Í fróðlegri umræðu sinni um skilgreiningu lýðfræðinnar, sérkenni hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar færir Caldwell (1996) fyrir því rök að ekki aðeins sé lýðfræði sjálfstæð vísindagrein, heldur sé í raun álitamál hvort flokka skuli greinina til félagsvísinda. Ekki verður þó á þessum vettvangi farið dýpra í þekkingarfræðilegar vangaveltur um eðli lýðfræðinnar.

Aðferðir lýðfræðinnar

Lýðfræðilegir atburðir og *lýðfræðileg einkenni* einstaklinga eru helstu mælieiningar í lýðfræðilegum rannsóknum. Með lýðfræðilegum atburðum er til dæmis átt við fæðingar og andlát, upphaf og lok skólagöngu eða atvinnuþátttöku, búferlaflutninga, stofnun sambúðar, hjónaband og skilnað. Einstaklingar hafa ákveðin lýðfræðileg einkenni sem ákvarðast af tímasetningu, röð og staðsetningu lýðfræðilegra atburða í lífi þeirra og meðfæddum einkennum á borð við kyn, kynþátt og uppruna. Misjafnlega auðvelt er að skilgreina og tímasetja lýðfræðilega atburði. Þannig eru atburðir á borð við fæðingu, giftingu, skilnað og andlát yfirleitt vel skilgreindir, en erfitt getur verið að henda reiður á atburði á borð við atvinnuþátttöku, stofnun sambúðar eða búferlaflutninga. Slíkar skilgreiningar geta reynst afdrifaríkar fyrir túlkun á niðurstöðum lýðfræðilegra rannsókna.

Taka má skilgreiningar á fæðingartíðni sem dæmi um aðferðafræði lýðfræðinnar, en svipuðum grunnaðferðum er beitt við greiningu annarra lýðfræðilegra atburða á borð við dauðsföll, búferlaflutninga, giftingar eða skilnaði. Heildartíðni slíkra lýðfræðilegra atburða er einfaldasta mælistika þeirra og er hún fengin með því að deila í fjölda atburða með heildarmannfjölda sama tímabils. Mikilvægt er að gæta þess að stærðir beggja megin deilingarmerkisins vísi til sama þýðis. Til að mynda væri rangt að reikna fæðingartíðni í Reykjavík með því að deila í fjölda fæðinga í borginni með fjölda reykvískra kvenna, því fæðingardeild Landspítalans þjónar fleirum en borgarbúum. Væru allar fæðingar á Landspítalanum eignaðar Reykvík-ingum yrði frjósemi borgarbúa því ofmetin, en frjósemi annarra landsmanna að sama skapi vanmetin.

Heildartíðni fæðinga hefur ýmist verið nefnd fæðingartala eða fæðingartíðni og getur hún verið mjög breytileg eftir löndum, þjóðum, hópum og tímabilum. Munur á fæðingartíðni skýrist að hluta til af samsetningu þess þýðis sem lagt er til grundvallar. Þannig gætu tvær þjóðir haft sömu fæðingartíðni innan einstakra aldurshópa, en hlutfall kvenna á barnsburðaraldri kynni að vera misjafnt. Sú þjóð sem hefði hærri hlutfall kvenna á barnsburðaraldri hefði þá hærri fæðingartíðni þótt enginn munur væri á hversu mörg börn hver kona eignast að jafnaði. Til dæmis var fæðingartíðni undir lok sjötta áratugar 20. aldar hærri í Japan en Bretlandi, þó að aldursbundin fæðingartíðni kvenna hafi verið lægri í Japan í öllum aldursflokkum (Coale, 1972). Þetta ósamræmi er til komið vegna ólíkrar aldursamsetningar þess-

LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

ara þjóða. Fæðingartíðni þjóða getur því verið varasamur mælikvarði nema verið sé að skoða breytingar hjá einni þjóð á stuttu tímabili. Í alþjóðlegum samanburði skortir þó oft nægjanlega góð gögn til að reikna betri mælistuðlana og ber þá að túlka mismunandi fæðingartíðni með mikilli varúð.

Aldursbundin fæðingartíðni er betri mælikvarði til samanburðar milli þjóða eða á löngu tímabili og er hún reiknuð með því að deila í fjölda lifandi fæddra barna mæðra í tilteknum aldursflokkum með fjölda kvenna á samsvarandi aldursárum. Á sama hátt má reikna aldursbundna dánartíðni með því að deila í fjölda andláta eftir kyni og aldri á tilteknum tíma með fjölda karla og kvenna á sama aldri.

Aldursbundin fæðingartíðni er þó þeim annmörkum háð að fæðingartíðni á hverju aldursári frá 15–44 ára er fremur óhentug lýsing á heildarfrjósemi þjóðarinnar. Af þessum sökum hafa lýðfræðingar í auknum mæli notað 'lifandi fædd börn á ævi hverrar konu' (e. *total fertility rate*) til að lýsa frjósemi þjóða. Þessi mæling, sem er í raun summa aldursbundinna fæðingartíðni frá lægsta til hæsta aldurs, er til í tveimur meginútgáfum. Annars vegar er *fæðingartíðni tímabils* reiknuð sem meðalfjöldi fæddra barna á ævi hverrar konu á grundvelli aldursbundinnar fæðingartíðni tiltekins árs eða árabils. Með öðrum orðum er hér um að ræða þann fjölda barna sem meðalkona myndi eignast ef aldursbundin fæðingartíðni tiltekins árs eða árabils héldist óbreytt allan hennar barnsburðaraldur. Hins vegar má reikna *fæðingartíðni árgangs* með því að fylgja eftir árgangi kvenna frá upphafi til loka barnsburðaraldurs og reikna út meðalfjölda barna sem sá árgangur kvenna eignast í raun.

Fæðingartíðni tímabils er mun meira notuð af lýðfræðingum þar sem hún gefur til kynna frjósemi á tilteknu ári eða árabili, auk þess sem ekki þarf að bíða í áratugi eftir að tiltekinn árgangur kvenna ljúki barneignum. Með þessari mælingu fæst enn fremur ein tala sem lýsir fæðingartíðni þjóðar með tilliti til aldursröðunarinnar mannfjöldans og auðveldar það mjög samanburð á frjósemi þjóða eða samfélagshópa á tilteknum árum eða árabilum. Þó ber að hafa í huga að *lifandi fædd börn á ævi konu* reiknuð sem fæðingartíðni tímabils vísar ekki til fæðingartíðni raunverulegs hóps kvenna, heldur með vissum hætti til 'fæðingartíðni tilbúins árgangs' (e. *synthetic cohort*) kvenna sem hefði lifað allan sinn barnsburðaraldur á því ári eða árabili sem lagt er til grundvallar. Fæðingartíðni einstakra ára eða árabila getur hækkað eða lækkað þótt fæðingartíðni árganga sé óbreytt. Þetta getur til dæmis gerst þegar samfélagslegir þættir á borð við efnahagsástand eða breytingar á velferðarkerfi valda því að konur flýta eða fresta barneignum sínum um nokkur ár. Ef aldursbundin fæðingartíðni væri stöðug í öllum aldursflokkum nægjanlega lengi, yrði fæðingartíðni tímabils þó sú sama og fæðingartíðni árganga.

Með svipuðum hætti er *ólifun ávilengd við fæðingu* eða *medalævilengd* reiknuð með svonefndri *líftöflu*. Líftaflan er stærðfræðilegt líkan sem reiknar dánartíðni tímabils út frá aldursbundinni dánartíðni karla og kvenna frá fæðingu til elli ára.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þannig má líta á líftöfluna sem lífslíkur tilbúins árgangs sem lifir allt sitt æviskeið á því ári eða árabili sem lagt er til grundvallar. Með þessum hætti má reikna ólíf-
aða ævilengd við fæðingu, eða t.d. við áttæðisaldur, út frá dánartíðni ákveðins árs
eða tímabils, auk fjölda annarra mælinga. Á tímabilinu 1991–95 var ólífud ævilengd
við fæðingu, eða meðalævilengd, þannig 80,8 ár meðal íslenskra kvenna en 76,3 ár
meðal íslenskra karla (Hagstofa Íslands, 1999).

Líftöflur voru upphaflega þróaðar til að meta lífslíkur með þessum hætti en á
síðari tímum hafa lýðfræðingar beitt þessari aðferð til að meta líkur á ýmsum öðr-
um lýðfræðilegum atburðum meðal þjóða eða tiltekinna hópa. Þannig má til dæm-
is nota líftöflur til að lýsa mynstri hjúskaparstöðu eftir aldri og bera slík mynstur
saman milli tímabila eða landa. Við gerð á hjúskaparlíftöflu má reikna ýmis ein-
kenni allra hjónabanda þjóðarinnar, svo sem meðalaldur við stofnun fyrsta hjóna-
bands, hlutfall einstaklinga sem aldrei giftast, hlutfall ævinnar sem einstaklingar
eru ógiftir, meðalfjöldi giftinga þeirra sem einhvern tímann giftast og hlutfall
hjónabanda sem enda með skilnaði. Með sama hætti hafa lýðfræðingar notað líftöflur
til að meta mynstur fjölbreytilegra atburða á borð við afbrot og fangelsanir, mis-
notkun lyfja, setu á þingi, búferlaflutninga, háskólamenntun og félagslegan hreyfan-
leika milli kynslóða, svo eitthvað sé nefnt.

Þær aðferðir sem hér hafa verið kynntar eru aðeins sýnishorn þeirra fjölmörgu
líkana sem lýðfræðingar nota. Hér hefur heldur ekki gefist rúm til að fjalla um
ýmsar tölfraðilegar aðferðir sem lýðfræðingar og félagsfræðingar hafa þróað á seinni
árum. Áhugasamir lesendur geta kynnt sér ítarlegri samantekt á stærðfræðilegum
lýðfræðilíkönunum (sjá t.d. Schoen, 1988; Shryock, Siegel og Stockwell, 1976;
Smith, 1992).

Íslensk lýðfræði

Lýðfræði Íslands er á margan hátt nokkuð sérstök. Skráning mannfjöldans hefur
lengi verið með því besta sem þekkist í heiminum. Manntalið árið 1703, ein mikil-
vægasta heimild í fólksfjöldasögu landsins, er af mörgum talið fyrsta nútíma
manntalið (Tomasson, 1977). Almennigur, fræðimenn og stjórnvöld hafa lengi
haft áhuga á þróun fólksfjöldans, svo sem sjá má á bókum eins og *Íslendingabók* Ara
fróða og *Mannfækkun af hallærum* eftir Hannes Finnsson ([1796] 1970).

Íslenskum lýðfræðirannsóknum má í grófum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta
lagi hefur sagnfræðileg lýðfræði á Íslandi varpað ljósi á íslenska mannfjöldapróun
og tengsl hennar við breytingar á fjölskylduháttum. Sagnfræðingar hafa gegnt lyk-
ilhlutverki í þessu starfi, en á síðari árum hefur lýðfræðilegum aðferðum í auknum
mæli verið beitt til að lýsa og skýra samspil samfélags, einstaklinga og mannfjölda
í tengslum við stefnumótun í þjóðfélagi samtímans.

Í öðru lagi hefur Hagstofa Íslands gegnt lykilhlutverki í söfnun og miðlun

LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

lýðfræðilegra upplýsinga á Íslandi. *Hagskinna: Sögulegar bagtölur um Ísland* (Hagstofa Íslands, 1997) er greinargott uppsláttarrit þar sem tölulegum upplýsingum um mannfjölda Íslands síðustu aldir hefur verið safnað úr frumheimildum og þær settar fram á aðgengilegan hátt. Eins veitir árbók Hagstofunnar (Landshagir, ýmis ár) miklar upplýsingar um árlegar breytingar á lýðfræði landsins eftir að töflur *Hagskinnu* þrjóta. Á mannfjöldadeild Hagstofu Íslands hefur verið unnið gott starf undanfarin misseri við að greiða aðgang almennings að þeim tölulegu upplýsingum sem tiltækar eru.

Þriðja og síðasta flokkinn skipa rannsóknir annarra fræðimanna þar sem lýðfræðilegir þættir skipa verulegan sess. Þess ber þó að geta að rannsóknir þar sem tillit er tekið til kyns, aldurs og hjúskaparstöðu eru ekki sjálfkrafa framlag til þekkingaröflunar lýðfræðinnar.

Mannfjöldapróun og fjölskyldugerð

Árið 1929 setti Warren Thompson fram áhrifaríka kenningu um breytingaskeið fólksfjöldans (e. *demographic transition theory*), en Notestein endurbætti hana nokkuð árið 1945². Þessari kenningu er ætlað að skýra breytingar sem urðu upp úr 1750 í Evrópu og öðrum þjóðfélögum af evrópskum uppruna með tilvísan til tengsla fjölskyldugerðar og mannfjöldapróunar. Samkvæmt kenningunni skiptast þessar breytingar í þrjú skeið³. Mannkynið var stærsta hluta sögu sinnar á fyrsta skeiðinu, þar sem bæði fæðingar- og dánartíðni var mjög há og dánartíðni sveiflukennnd vegna harðinda og farsjúkdóma. Á öðru skeiði lækkar dánartíðni mikið, m.a. í kjölfar batnandi lífsskjara, betra mataræðis og aukins hreinlætis og verður mannfjöldun þá mikil. Á þessu skeiði lækkar fæðingartíðnin þó fljótlega nokkuð hratt, m.a. vegna breyttra atvinnuhátta, aukinnar menntunar og nýrra fjölskylduhátta sem hafa í för með sér að vinnuframlag barna er lítið en kostnaður við uppeldi þeirra mikill. Á þriðja skeiðinu nær fæðingar- og dánartíðni jafnvægi á ný og þjóðum hættir að fjölga, þótt þær séu vitaskuld orðnar mun fjölmennari en á fyrsta skeiði mannfjöldabreytinganna.

Þessi kenning hefur haft mikil áhrif í pólitískri umræðu um mannfjölgunarvandann, en hún hefur þó verið talsvert gagnrýnd af lýðfræðingum (sjá Hirschman, 1994). Þannig hafa rannsóknir til dæmis sýnt að sums staðar í Evrópu lækkaði fæðingartíðnin á undan dánartíðninni. Eins gerir kenningin ekki grein fyrir hvers vegna fæðingartíðni minnkaði seinna í Englandi, vöggu iðnbyltingarinnar, en í sumum öðrum löndum Evrópu, þótt iðnvæðing sé samkvæmt kenningunni lykilþáttur umbreytinganna.

² Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason (1982) hafa ritað aðgengilegt yfirlit á íslensku um breytingaskeið mannfjöldans.


³ Kenningin í sinni upprunalegu mynd gerði ráð fyrir þremur skeiðum en seinni tíma útfærslur hafa bætt við fjórða skeiði þar sem fæðingartíðni er umtalsvert lægri en dánartíðnin.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þrátt fyrir slíka gagnrýni og aðrar efasemdir um skýringargildi kenningarinnar, er óumdeilt að hún lýsir vel þeim breytingum sem orðið hafa á mannfjölda margra landa síðustu aldirnar, þar á meðal íslenskri mannfjöldabróun á 19. og 20. öld.

Mannfjöldi á Íslandi fyrir fyrsta manntalið 1703 er eðli málsins samkvæmt nokkuð á reiki. Í samantekt Tomasson (1977) er talið að Íslendingar hafi verið um 60 þúsund skömmu eftir lok landnáms árið 965 og að þeir hafi náð 120 þúsundum rétt fyrir svarta dauða veturinn 1402–03. Eftir að plágunni lauk hafi aðeins 40 þúsund Íslendingar verið á lífi⁴.

Í manntalinu 1703, fyrsta áreiðanlega mati á fjölda íbúa landsins, teljast Íslendingar vera 50.358. Eftir það má áætla mannfjölda á milli manntala út frá kirkjubókum og ýmsum öðrum heimildum (sjá Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1993). Í inngangi að endurútgáfu *Mannfækkunar af hallærum* (í Hannes Finnsson, 1970) áætla Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal að í stórubólu sem geisaði 1707 hafi Íslendingum fækkað niður fyrir 35.000. Íslendingum fjölgaði aftur árin þar á eftir, en mikill mannfellir varð veturinn 1756–57 og svo aftur árin 1783–85 í kjölfar móðuharðindanna. Það er ekki fyrir en eftir 1820 að Íslendingar komast aftur yfir 50 þúsunda markið.



Mynd 1 Ólifud meðalævi á Íslandi frá 1841–1995

⁴ Aðrar telja að Íslendingar hafi verið um 70 þúsund eftir að landnámi lauk og hafi ekki náð því marki aftur fyrir en á 20. öld.

LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

Árin 1851–60 var meðalævilengd við fæðingu á Íslandi um 35,5 ár og lifandi fædd börn á ævi hverrar konu á tímabilinu 1856–60 voru 5.15. Þessa stuttu meðalævilengd má að stórum hluta skýra með háum ungbarnadauða. Mannfjölgun á þessu tímabili var mjög sveiflukennd, eða frá því að fólki fækkaði um 1,4% milli áranna 1859 og 1860 til fjölgunar um 2,1% milli áranna 1851 og 1852.

Mynd 1 sýnir þær breytingar sem hafa orðið á ólifaðri ævilengd á Íslandi síðustu 160 árin, annars vegar við fæðingu og hins vegar á fyrsta afmælisdegi (Hagstofa Íslands, 1997). Það vekur athygli að fram til ársins 1966 áttu konur lengri ævi ólifaða við fyrsta afmælisdag en við fæðingu og sama gildi um karla fram til ársins 1971. Þetta skýrist af háum ungbarnadauða fram til þessa tíma, en ungbarnadauði er einn meginþátturinn sem hefur áhrif á meðalævilengd þjóða og er því oft notaður sem vísbending um lífsgæði þjóða.

Fáar þjóðir hafa upplifað jafn miklar og hraðar breytingar á ungbarnadauða og Íslendingar, en ungbarnadauði hér á landi lækkaði á skömmum tíma frá því að vera einn sá hæsti í heimi til þess að vera einn sá lægsti. Frá árunum 1841–50 til áranna 1991–95 minnkuðu dánarlíkur stúlkubarna á fyrsta æviári úr 291,6 í 4,0 af hverjum 1.000 stúlkum. Á sama tíma minnkuðu dánarlíkur drengja úr 335,9 í 5,6 af hverjum 1.000 drengjum. Á árunum 1841–50 lést því þriðjungur drengja og tæplega þriðjungur stúlkna fyrir sinn fyrsta afmælisdag, en 150 árum síðar lést um hálft prósent barna á fyrsta ári.

Ólöf Garðarsdóttir (2002) leiðir að því sannfærandi rök að lækkun ungbarnadauða frá 1770–1920 tengist aukinni brjóstgjöf, auknu hreinlæti í meðferð matvæla og aukinni menntun almennings. Ólöf bendir til dæmis á að á þeim landsvæðum sem ljósmæður voru betur menntaðar var brjóstgjöf almennari og ungbarnadauði minni.

Í umræðu sinni um viðhorf foreldra til barnamissis telur Loftur Guttormsson (1983, bls. 187–188) að tilfinningaleg viðbrögð hljóti að hafa verið veikari fyrr á öldum vegna þess hve tíður barnamissir var, auk þess sem trúarleg túlkun fólks á tilgangi jarðlífsins gæti hafa mildað missinn að einhverju marki. Sú lífsskoðun sem taldi dauðann lausn á þínu jarðlífsins kann að skýrast að hluta af þeirri eynd sem Hannes Finnsson ([1796] 1970) lýsir í riti sínu, þar sem margur veturinn fær nóturlegt nafn eins og *Frosta-hardindisvetur* [1627], *Jökulvetur* [1630] og *Hvítu vetur* [1633–34] (sjá einnig Tomasson, 1977). Erfitt er að fullyrða hversu mjög ungbarnadauði hafði áhrif á uppeldishætti þeirra sem eftir lifðu, en ljóst er að dauðinn lék mun stærra hlutverk í mótnun fjölskyldunnar fram undir lok 19. aldar en síðar hefur orðið.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1993) bendir á að frá 1880 til 1990 hafi fólksfjöldaþróun hérlendis verið að mestu með svipuðum hætti og kenningin um breytingaskeið mannfjöldans gerir ráð fyrir hvað varðar þætti eins og fæðingar- og dánar-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

tíðni, notkun getnaðarvarna og breytingar á aldursbundinni frjósemi kvenna. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (1993) fjallar í grein sinni um samband jarðnæðisskorts og fjölda óskilgetinna barna og leiðir að því rök að breytingar á hugarfari hafi valdið nokkru um þessa fjölgun. Sigríður telur jafnframt að þessa þróun megi skýra að hluta með því að ítök kirkjunnar í málefnum fjölskyldunnar hafi minnkað þegar kirkjusókn dróst saman og veraldlegt vald kirkjunnar minnkaði árið 1872. Auk þess sem óskilgetnum börnum fjölgaði á seinni hluta 19. aldar varð nokkuð um að hjón giftust eftir að brúðurin varð þunguð.

Fjölskyldan er einn hornsteina lýðfræðinnar og því hefur skráning hjónabanda verið mikilvægur hluti greinarinnar um langt skeið. En nákvæmar tölur um fæðingar, giftingar og skilnaði gera ekki fyllilega grein fyrir breytingum á búsetuhögum þjóðar. Kostur manntala er að fjölskyldunni og heimilinu, ásamt einstaklingnum, eru jafnan gerð mjög góð skil. Því hefur samanburður á búsetuformi milli manntala gefið mikilvægar upplýsingar um breytingar á félagsgerð þjóða. Kristinn Karlsson (1994) lýsir breytingum á fjölskyldugerð frá 1940 til 1993 á grundvelli manntalanna 1940, 1950, 1960 og 1981 og tveggja úrtakskannana, Lífskjarakönnunar 1988 og Vinnumarkaðskönnunar 1993. Rannsókn Kristins sýnir m.a. hvernig heimilum barnlausra hjóna sem hlutfalli af öllum heimilum fjölga úr 11,3% árið 1960 í 20,3% 1993. Heimilum einstaklinga fjölga á sama tíma úr 13,2% í 21,8%⁵. Þrátt fyrir ágæta aðferð Kristins við að skilgreina fjölskyldu í úrtakskönnunum bendir hann réttilega á að manntölin og úrtakskannanirnar eru ekki fyllilega sambærilegar. Auk þess skortir úrtaksrannsóknir almennt forsendur til þess að sundurgreina búsetu og fjölskyldustöðu eftir aldri og kyni með þeirri nákvæmni sem möguleg er í þýðisbundinni gagnasöfnun eins og manntölum.

Síðasta manntal á Íslandi var tekið 1981. Manntöl hafa m.a. lagst af vegna stofnunar þjóðskrár 1952 (Hagstofa Íslands, 1997). Þrátt fyrir marga góða kosti þjóðskrár vantar þar ýmsar upplýsingar sem almennt er safnað í manntölum, svo sem um menntun og búsetuform fólks. Því má segja að nokkur kaflaskil hafi orðið í lýðfræði Íslands þegar manntölin lögðust af því þjóðskráin fylgist nokkuð vel með breytingum úr einu stigi í annað en heldur síður utan um aðra þætti sem snúa að félagslegri stöðu einstaklinga. Að undanskildu framlagi Kristins Karlssonar (1994) er nútíma fjölskyldulýðfræði Íslands nokkuð rýr. Má líkum að því leiða að tilkoma þjóðskrár hafi þar einhver áhrif þar sem ekki gefst færi á samantekt á hverjir búa saman í íbúð nema í þeim húsum þar sem sannarlega er einungis ein íbúð.

Árið 1997 fæddust um 65% íslenskra barna utan hjónabands og er það hærra hlutfall en í flestum öðrum löndum heims (Kiernan, 2001). Þetta skýrist að hluta af háu hlutfalli óvígðrar sambúðar hér á landi, en þó mun hlutfall barna sem búa

⁵ Einstaklingur sem leigir herbergi í íbúð telst búa einn samkvæmt greiningu Kristins.

aðeins með öðru foreldri sínu á Íslandi vera með því hæsta sem gerist á Vesturlöndum (Þóroddur Bjarnason o.fl. 2003). Eins og Guðný Björk Eydal (2004) bendir á, eru marktæk tengsl milli þeirrar fjölskyldugerðar sem börn og unglingar búa við og velferðar þeirra. Börn sem ekki búa með báðum foreldrum sínum eru nokkru líklegri til að búa við fátækt, ganga illa í námi, ánetjast vímuefnum og stunda ýmsa aðra áhættuhegðun (Garfinkel og McLanahan, 1986; McLanahan og Sandefur, 1995; Popenoe, 1993; Wu og Wolfe, 2001). Ekki er þó með öllu ljóst hvort þessi tengsl eru jafnstærk hér á landi og í löndum þar sem velferðarkerfi eru vanþróaðri, einstæðir foreldrar eru hlutfallslega færri og neikvæðara viðmót ríkir til barna einstæðra foreldra.

Búferlaflutningar og vinnuafli

Þótt tengsl atvinnuhátta og hagvaxtar við mannfjöldaþróun hafi lengi verið umdeild (Coale og Hoover, 1958; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1993; Malthus, [1789] 1959; Mason, 1997), er ljóst að þróun mannfjölda er lykilatriði í allri hagþróun (sjá t.d. Sigurð Snævarr, 1993, bls. 88). Samband mannfjöldans og atvinnuhátta birtist Íslendingum á einna skýrastan hátt í búferlaflutningum innanlands. Fáar þjóðir eru eins strjálbýlar og Íslendingar og óvíða í hinum vestræna heimi er jafn stór hluti þjóðarinnar búsettur á einu þéttbýlissvæði, ef frá eru skilin borgríki eins og t.d. Lúxemborg.

Vinnumarkaðurinn og ýmis svið hagfræðinnar hafa verið mjög áberandi á því sviði íslenskrar lýðfræði sem snýr að búferlaflutningum. Hagfræðingar hafa m.a. rannsakað áhrif þátta á borð við hagvöxt, stærðarhagkvæmni, mannauð og samgöngur á þéttbýlismyndun á Íslandi (sjá t.d. Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Svein Agnarsson, 2002). Gylfi Arnbjörnsson (1989) kemst þannig að þeirri niðurstöðu að bæjarfélög þar sem iðnaður sé einhæfur og krefjist lítillar hæfni starfsmanna eigi erfitt með að laða að nýja íbúa og halda í þá sem fyrir eru. Gylfi kemst jafnframt að þeirri niðurstöðu að mikill vöxtur í sjávarútvegi á áttunda áratug síðustu aldar hafi dregið nokkuð úr búferlaflutningi til höfuðborgarsvæðisins. Þegar dró úr þessum vexti sjávarútvegs en mannfjöldinn hélt áfram að aukast, jókst aftur flutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins. Hjalti Jóhannesson (1990) komst að svipaðri niðurstöðu og taldi hann ásókn í stóra þéttbýlisstaði skýrast fremur af fjölbreytni atvinnutækifæra en landfræðilegri einangrun af því tagi sem sumar erlendar kenningar og rannsóknir höfðu bent til. Í rannsókn sinni á búferlaflutningum innanlands og utan, bendir Gylfi Magnússon (1997) á að fyrri búferlaflutningar hafi leitt til þess að bæði svæðisbundinn launamunur og svæðisbundið atvinnuleysi sé lítið, auk þess sem fjölbreytni afþreyingar á höfuðborgarsvæðinu hafi haft mikil áhrif. Hagfræðileg nálgun Gylfa gerir ráð fyrir að einstaklingar leiti leiða til að hámarka útkomu sína á vinnumarkaði að teknu tilliti til útgjaldaþátta búsetu og kostnaðar við búferlaflutninga (e. *utility maximization*).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Hið félagsfræðilega sjónarhorn greinir sig nokkuð frá sjónarhorni hagfræðinnar að þessu leyti. Félagsfræðingar leggja áherslu á að fleira en persónulegur fjárhagslegur ávinningur hafi áhrif á ákvarðanatöku fólks og má þar nefna þætti á borð við tilfinningar einstaklinga, gildi samfélagsins, fjölskylduna og aðgang að upplýsingum (Stefán Ólafsson, 1997). Á síðustu áratugum hafa sjónarmið félagsfræðinnar og hagfræðinnar þó nálgast hvort annað á þessu sviði. Hagfræðingar hafa þannig í auknum mæli talið félagslega þætti á borð við viðskilnað við ástvini til kostnaðar við búferlaflutninga. Einnig má nefna að félagsfræðingar hafa vakið athygli á áhrifum félagslegra tengsla (e. *social networks*) sem oft geta valdið nokkurskonar keðjuverkun í búferlaflutningum. Hagfræðingar hafa túlkað þennan þátt sem minni tilfinningalegan og fjárhagslegan kostnað við búferlaflutninga þegar einstaklingar eiga vini eða ættingja á þeim stað sem flutt er til.

Orsakir búferlaflutninga er ekki eingöngu að finna í stöðu einstaklings í markaðssamfélagi. Sigurður Guðmundsson (1973) komst að þeirri niðurstöðu að flestir búferlaflutningar við lok sjöunda áratugarins og upphaf þess áttunda hafi tengst því að ungt fólk stafnaði heimili. Þetta er í samræmi við alþjóðlegar flutningstölur og líkön þar sem búferlaflutningar eru algengastir meðal fólks á aldrinum 20–35 ára og ungra barna þeirra. Í rannsókn sinni á tengslum hugarfars og búferlaflutninga sýnir Stefán Ólafsson (1997) m.a. fram á að heildarmat (afstaða til verðlags og verslunar, húsnæðismála, samgangna og afþreyingar) íbúa á búsetuskilyrðum í byggðarlagi sínu skýri mun betur líkur á búferlaflutningum en mat íbúanna á atvinnumálum og opinberri þjónustu.

Þeir miklu búferlaflutningar sem hafa verið til höfuðborgarsvæðisins hafa skyggt nokkuð á aðra búferlaflutninga innanlands. Þó ber að nefna rannsókn Bjarna Reynarsonar (2003) sem veitir áhugaverða innsýn í búferlaflutninga milli hverfa á höfuðborgarsvæðinu. Búferlaflutningar til og frá landinu hafa einnig lengi mátt mæta nokkrum afgangi í lýðfræðilegum rannsóknum á Íslandi. Þegar fjöldi aðfluttra umfram brottflutta (e. *net immigration*) er nálægt núlli er auðvelt að falla í þá freistni að álykta að búferlaflutningar hafi lítil áhrif á mannfjölda landsins og að þeir sem fari utan komi að öllum líkindum aftur. Sem dæmi má nefna að árið 2001 voru 995 einstaklingar aðfluttir umfram brottflutta, sem er aðeins ríflega 0,3% íslensku þjóðarinnar. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að búferlaflutningar rétt rúmra 9.000 einstaklinga búa að baki þessari tölu. Á árinu 2001 fluttu alls 2.487 íslenskir ríkisborgarar til landsins og 2.959 frá því. Á sama tíma flytjast 2.515 erlendir ríkisborgarar til landsins en aðeins 1.075 frá því. Þessi sundurgreining gefur töluvert aðra mynd af búferlaflutningum milli Íslands og annarra landa. Auknir flutningar erlendra ríkisborgara til landsins síðustu áratugi vekja jafnframt spurningar um hversu vel

LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

íslenskt þjóðfélag taki á móti þessu fólki, hversu vel því takist að aðlagast íslenskri menningu, að hvaða marki innflytjendur búi í sömu bæjum eða hverfum og hvort þétt búseta þeirra á tilteknum stöðum hafi áhrif á velferð þeirra í íslensku samfélagi.

Mannfjöldaspár

Lýðfræðingar eru einna þekktastir fyrir mannfjöldaspár, en eðli þeirra og gæði eru mjög mismunandi. Ein einfaldasta mannfjöldaspáin gerir ráð fyrir að mannfjölgun haldist óbreytt milli ára. Til að mynda voru Íslendingar 288.201 hinn 1. desember 2002, sem var fjölgun um 1.951 manns eða 0,68%. Sé gert ráð fyrir sömu fjölgun að ári má ýmist nota hrátöluna eða prósentutöluna til framreiknings. Í fyrra tilvikinu er því gert ráð fyrir línulegri fjölgun um 1.951 manns á ári, en í seinna tilvikinu er gert ráð fyrir veldisvexti um 0,68% á ári. Séu þessar tölur framreiknaðar til ársins 2200 myndi línuleg mannfjöldaspá gera ráð fyrir því að mannfjöldinn yrði rúm 674,000 á meðan veldisvöxturinn skilar rétt rúmri 1,1 milljón Íslendinga.

Ókostur þessara aðferða er sá að öllum grunnþáttum mannfjöldabreytinga er steipt saman í eina breytistærð og eru þá spárnar mjög óraunhæfar nema til fárra ára í senn. Lýðfræðingar seinni tíma byggja spár sínar á mannfjöldabreytingum sem greindar eru niður í fjölda fæðinga og andláta auk fjölda aðfluttra umfram brottflutta. Mannfjöldaspár byggðar á aldursbundinni fæðingar- og dánartíðni taka fyllilega tillit til aldursamsetningar mannfjöldans, sem skilar sér ekki aðeins í nákvæmari spám, heldur eru spátölur einnig greindar eftir aldri og kyni. Aldursbundin dánar- og fæðingartíðni getur þá ýmist verið óbreytt á spátímanum eða breyst samkvæmt ákveðnum forsendum, til að mynda á grundvelli reynslu annarra þjóða. Í stað þess að birta aðeins eina aðalspá er nú sífellt algengara að birtar séu þrjár eða fleiri spár sem gefa til kynna efri og neðri mörk mannfjöldans sem líkleg eru samkvæmt þeim forsendum sem notaðar eru.

Allar mannfjöldaspár einkennast af nokkurri óvissu um þróun á fæðingartíðni, dánartíðni og búferlaflutningum þjóða. Þar sem búferlaflutningar milli landa eru yfirleitt litlir hefur óvissa um frjósemi jafnan mest áhrif á mannfjöldaspár. Árið 1987 spáði framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins þannig að Íslendingar yrðu um 262.000 árið 2000. Það ár reyndust Íslendingar hins vegar í raun rúmlega 283.000 og skakkar þar 7,4% af heildarmannfjölda. Hér er um verulega skekkju að ræða og skýrist hún að mestu af því að fæðingum fjölgaði óvænt um nokkura ára skeið. Í spánni var þó heldur ekki gert ráð fyrir þeirri lækkun á dánartíðni sem varð á tímabilinu.

Hagstofa Íslands birtir reglulega mannfjöldaspár til næstu 20 til 40 ára. Í ritinu *Landshagir 2001* er gert ráð fyrir að Íslendingum fjölgi úr 293 þúsundum árið 2005 í 364 þúsund árið 2040. Þessi spá gerir ráð fyrir að Íslendingum muni enn

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

fjölga um 1.200 manns á ári við lok spátímans. Sú fjölgun á sér stað þrátt fyrir að spáð sé fæðingatíðni undir viðhaldsmörkum (2,05 fædd börn á ævi hversrar konu)⁶ og að árleg fjölgun vegna búferlaflutninga verði óveruleg (aukning sem nemur 177 einstaklingum árlega). Slík þróun er möguleg vegna breytinga á aldurssamsætningu þjóðarinnar. Á þessum tíma mun Íslendingum á aldrinum 0–19 ára fjölga úr 87.400 árið 2005 í 90.900 árið 2040 eða aðeins um 4%, á sama tíma og þjóðinni allri fjölgar um 24%. Samkvæmt spánni mun fólki 65 ára og eldra á sama tíma fjölga um 130%, eða úr 33.900 í 78.000.

Nokkru auðveldara er að spá fyrir um ýmsar aðrar lýðfræðilegar breytingar. Þannig er fjöldi fólks á vinnumarkaði eftir 20 ár til dæmis að stærstum hluta ákvarðaður af einstaklingum sem þegar eru fæddir. Spár um mannafla á vinnumarkaði byggja því á þekktum grunni, þótt óvæntar breytingar á dánartíðni og fólksflutningum geti sett strik í reikninginn. Að sama skapi er tiltölulega auðvelt að spá fyrir um fjölda ellilífeyrisþega á Íslandi á næstu áratugum. Breytingar á fjölda ellilífeyrisþega næstu áratugi ákvarðast að öllum líkindum af stærð fæðingar-árganga fremur en stórstígum breytingum á dánartíðni eldra fólks.

Árið 1958 settu Coale og Hoover fram áhrifamikla og umdeilda kenningu um samspil mannfjölgunar og hagvaxtar. Þeir telja að þegar mannfjöldinn vaxi hratt fari stór hluti fjárfestinga samfélagsins í uppbyggingu á þjónustu við yngstu aldurs hópa þar sem framleiðni er talin mun minni en í iðnaði. Hraður vöxtur mannfjöldans á öðru og þriðja stigi lýðfræðilegra umbreytinga felur nær ávallt í sér sífellt stærri fæðingaráranga, sem samkvæmt kenningunni leiðir til minni hagvaxtar og viðvarandi fátæktar. Ef röksemdafærsla Coales og Hoovers er rétt, ætti fjölgun eldri íbúa sem ekki leggja mikið til framleiðslu einnig að draga úr hagsæld á Íslandi á komandi árum.

Þó efnahagsleg áhrif öldrunar mannfjöldans verði seint ákvörðuð til fullnustu, þá er ljóst að áhrif væntanlegra breytinga á aldurssamsætningu mannfjöldans á vinnumarkað og velferðarkerfi landsins verða mikil. Hvers kyns þjónusta við aldraða og þá sem sest hafa í helgan stein kemur til með að aukast mjög. Starfsemi heilbrigðisstofnana kemur til með að breytast til muna þar sem leggja þarf sífellt meiri áherslu á sjúkdóma sem herja á eldri þegna þessa lands.

Framtíð íslenskrar lýðfræði

Íslensk lýðfræði er ung og að mörgu leyti brotakennd. Eins og hér hefur verið rakið hafa íslenskir sagnfræðingar í talsverðum mæli lagt sig eftir rannsóknum á mannfjöldaþróun og fjölskylduháttum fyrr á tímum, hagfræðingar og landfræðingar

⁶ Viðhaldsmörkin eru oftast talin vera 2,1 fædd börn á ævi hversrar konu þar sem fleiri drengir fæðast að jafnaði en telpur auk þess sem taka þarf tillit til dánartíðni kvenna frá fæðingu til loka barnsburðaraldurs.

LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

hafa rannsakað búferlaflutninga og Hagstofa Íslands hefur birt ítarleg tölfræðileg yfirlit um mannfjölda, atvinnuskiptingu, fjölskyldu og spár um framtíðarþróun. Þetta starf hefur skapað íslenskri lýðfræði traustan grunn, en hana vantar enn þann kjarna er dregið getur rannsóknir og gagnasöfnun saman sem fræðasvið, ýtt undir þekkingaröflun lýðfræðinnar á alþjóðavettvangi og stuðlað að árangursríkri stefnu-mótun innanlands. Félagsfræðin hefur hér gegnt lykilhlutverki, því hún tengir mörg svið félagsvísinda. Víða erlendis er lýðfræðin því oft kennd innan félagsfræðideilda. Hér á landi hafa félagsfræðingar verið fáir og lýðfræðin hefur ekki hlotið þann sess innan háskólasamfélagsins sem mikilvægi viðfangsefnisins gefur tilefni til. Hér er því ákveðið sóknarfæri fyrir íslenska félagsfræði og er mikilvægt að fleiri íslenskir félagsfræðingar leggi stund á framhaldsnám í lýðfræði á komandi árum.

Lýðfræðingurinn Samuel Preston (1993) telur framtíð lýðfræðinnar liggja á sex meginsviðum. Í fyrsta lagi telur hann að rannsóknir á frjósemi og fjölskyldugerð muni áfram einkenna lýðfræðilegar rannsóknir. Fátt bendir til að fæðingartíðni komi til með að aukast að nokkru marki í Evrópu í náninni framtíð. Þessi þróun mun valda mannfækkun og gífurlegri öldrun mannfjöldans á næstu áratugum, nema umtalsverður innflytjendastraumur stemmi þar stigu við. Fjölskyldumál hafa verið íslenskum félagsfræðingum talsvert rannsóknarefni (sjá Guðnýju Björk Eydal, 2004) og íslenskar lýðfræðirannsóknir á þessu sviði gætu orðið umtalsvert framlag til alþjóðlegrar fjölskyldulýðfræði, til dæmis í rannsóknum sem beindust að tengslum breytinga á velferðarkerfi, atvinnuþátttöku kvenna og fæðingartíðni.

Í öðru lagi telur Preston að lýðfræðingar muni í auknum mæli snúa sér að rannsóknum á misrétti og almennri velferð. Slíkum rannsóknum hefur einnig talsvert verið sinnt hér á landi (sjá Guðnýju Björk Eydal, 2004; Inga Rúnar Eðvarðsson, 2004). Sjónarhorn og aðferðir lýðfræðinnar gætu lagt þessum viðfangsefnum lið, einkum hvað varðar öflug líkön langsniðsrannsókna. Þannig mætti með lýðfræðilegum aðferðum til dæmis meta líkur þess að einstaklingar með tiltekin einkenni lendi í fátækt (e. *transitional probabilities*) og undir hvaða kringumstæðum einstaklingar eigi auðveldara en ella að losna úr fátækt.

Í þriðja lagi nefnir Preston rannsóknir á búferlaflutningum milli landa. Eins og fram kemur hér að ofan hafa búferlaflutningar innanlands, einkum flutningar til höfuðborgarsvæðisins verið nokkuð rannsakaðir. Slíkar rannsóknir hafa einkum verið stundaðar af hagfræðingum og landfræðingum, en einnig að nokkru leyti af félagsfræðingum. Flutningum til og frá landinu hefur hins vegar furðulítið verið sinnt hér á landi. Þótt Hagstofa Íslands sundurgreini aðflutta og brottflutta eftir fæðingarlandi og ríkisfangi er lítið vitað um aðflutta erlenda ríkisborgara, hversu lengi þeir dvelja hér-lendis, hlutfall þeirra sem setjast hér að til frambúðar eða hlutverk félagslegs tengslanets í búferlaflutningum. Sömu leiðis er lítið vitað um þá þætti sem tengjast brottflutningi íslenskra ríkisborgara frá landinu eða líkum þess að þeir snúi aftur heim.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Í fjórða lagi telur Preston að rannsóknir á samspili manns og umhverfis muni gegna auknu hlutverki í lýðfræðilegum rannsóknum. Hin stóra spurning lýðfræðinnar hefur lengi verið hversu lengi geti jörðin tekið við auknum mannfjölda, en að mati Prestons munu lýðfræðirannsóknir beinast að sífellt fleiri þáttum þessa samspils í framtíðinni. Þótt Ísland sé strjálbýlt er ljóst að mannfjölgun og ekki síður áframhaldandi hagvöxtur hefur áhrif á umhverfið. Nokkuð er um íslenskar rannsóknir á sambúð manns og sjávar innan félagsfræði og mannfræði (sjá Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, 2004) og gætu lýðfræðilegar rannsóknir stutt þá hefð með ýmsum hætti.

Í fimmta lagi mun hönnun nýrra líkana fyrir dauðsföll, sjúkdóma og fötlun verða mikilvægt viðfangsefni lýðfræðinga á næstu árum að mati Prestons. Talsvert hefur verið um íslenskar rannsóknir innan heilsufélagsfræði á síðustu árum (sjá Sigrúnu Ólafsdóttur, 2004) en þær hafa enn sem komið er ekki nýtt lýðfræðilegar aðferðir. Sem dæmi má nefna að uppbygging þjóðskrár gefur færi á tengingu dánarorsaka við fjölskyldu, búferlaflutninga og barneignasögu. Auk þess kann miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði að nýtast til að meta að hvaða marki hækkandi meðalaldur Íslendinga muni skila sér í fleiri árum við góða heilsu.

Í sjötta og síðasta lagi nefnir Preston öldrun mannfjöldans og vandamál henni tengd. Eins og fyrr segir kann þetta að verða brýnasta úrlausnarefni í íslensku samfélagi, því öldrun mannfjöldans mun að líkindum hafa mikil áhrif á styrkja- og lífeyrissjóðakerfi landsmanna á næstu áratugum.

Niðurlag

Í þessum kafla hefur verið stiklað á stóru um lýðfræðina sem fræðigrein, tengsl hennar við félagsfræðina og sérkenni greinarinnar hér á landi. Þótt Íslendingar séu ríkir af lýðfræðilegum gögnum er lýðfræði Íslands fremur rýr. Nokkrar vandaðar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförunum árum, en mikið verk er þó enn óunnið. Afar góð gögn eru aðgengileg á Hagstofu Íslands og geta þau orðið mikilvæg uppspretta lýðfræðilegra rannsókna á hjúskaparstöðu, skráðri sambúð og búferlaflutningum auk margra annarra viðfangsefna. Þessi gögn geta því ekki aðeins nýst íslenskri félagsfræði, heldur einnig orðið lýðfræðilegri aðferðafræði til framdráttar á alþjóðavísu. Mikil og vönduð söfnun heilbrigðistölfræði á Íslandi gefur einnig mörg færi á lýðfræðilegum rannsóknum. Ljóst er að íslenska lýðfræðinga, sem nú má telja á fingrum annarrar handar, muni seint þrjóta viðfangsefni, og búast má við því að atvinnuhorfur verði góðar á þessu sviði. Það væri því mikill styrkur fyrir íslenska félagsfræði og íslenskt samfélag ef fleiri legðu stund á sérfræðinám í lýðfræði.

ABSTRACT IN ENGLISH

This chapter provides an overview of demography and its connection with sociology in an international perspective. The major areas of research within demography are introduced and demographic methods are discussed. The demography of Iceland is outlined, emphasising the historical demography of population change in Iceland and research in the fields of family demography, labor markets, migration and population projections. Finally, major research issues confronting Icelandic demographers are raised and the future of the field is discussed.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. 2002. *Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi: Haustið 2002*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Bjarni Reynarsson. 2003. *Á faraldsfæti: Þróun mannfjölda og búferlaflutninga í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, 1990–2002*. Reykjavík: Þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkurborgar.
- Caldwell, John C. 1996. „Demography and social science.“ *Population Studies*, 50, 305–333.
- Casselli, Grazielle, France Meslé og Jacques Vallin. 2002. „Epidemiologic transition theory exceptions.“ *Genus*, 58, 9–51.
- Clark, Colin. 1968. *Population Growth and Land Use*. New York: St. Martin's Press.
- Coale, Ansley J. og Edgar M. Hoover. 1958. *Population Growth and Economic Development in Low-Income Countries*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Coale, Ansley J. 1972. *The Growth and Structure of Human Populations: A Mathematical Investigation*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins. 1987. *Gróandi þjóðlíf: Mannfjöldi, heilbrigði, byggð og umhverfi og framtíðarsýn æskufólks fram yfir aldamót*. Reykjavík: Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun.
- Garfinkel, Irwin og Sara S. McLanahan. 1986. *Single Mothers and Their Children: A New American Dilemma*. Washington, DC: The Urban Institute.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1993. „Fólksfjölda- og byggðapróun.“ Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990: Ritgerðir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal. 2004. „Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsóknna.“ *Birtist í þessu riti*.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2004. „Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll.“ *Birtist í þessu riti*.
- Gylfi Arnbjörnsson. 1989. *Iðnaður og búseta: Staðarval iðnaðar á Íslandi og svæðisbundin þróun*. Reykjavík: Einkaútgáfa.
- Gylfi Magnússon. 1997. *Internal and External Migration in Iceland 1960–94: A Structural Model, Government Policies and Welfare Implications*. <http://www.hi.is/~gylfimag/migration.pdf>.
- Hannes Finnsson. [1796] 1970. *Mannfækkun af hallærum*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hagstofa Íslands. Ýmis ár. *Landsbagir*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. 1997. *Hagskinna – sögulegar bagtölur um Ísland*. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstj.). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. 1999. *Landsbagir*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hirschman, Charles. 1994. „Why fertility changes.“ *Annual Review of Sociology*, 203–233.
- Hjalti Jóhannesson. 1990. *Internal Migration in Iceland 1983–1987: A Study in Regional Differences*. Toronto: York University, MA-ritgerð í landfræði.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2004. „Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði.“ *Birtist í þessu riti*.
- Kiernan, Kathleen. 2001. „European perspective on nonmarital childbearing.“ Bls. 202–228 í L. Wu og B.L. Wolfe (ritstj.), *Out of Wedlock: Trends, Causes, and Consequences of Nonmarital Fertility*. Russell Sage Foundation.
- Kristinn Karlsson. 1994. „Fjölskyldur og heimili á Íslandi, breytingar síðustu áratuga og sérstaða Íslands.“ Bls. 129–149 í *Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Loftur Guttormsson. 1983. *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Malthus, Thomas Robert. [1789] 1959. *An Essay on the Principle of Population*. Kenneth Boulding, ritstj. Ann Arbor: University of Michigan Press.
- Mason, Karen Oppenheim. 1997. „Explaining fertility transition.“ *Demography* 34, 443–454.

LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS

- McLanahan, Sara S. og Gary Sandefur. 1995. *Growing Up With a Single Parent*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Notestein, Frank W. 1945 „Population: The long view.“ Í T. W. Schultz (ritstj.), *Food for the World*. Chicago: University of Chicago Press.
- Ólöf Garðarsdóttir. 2002. *Saving the Child: Regional, Cultural and Social Aspects of the Infant Mortality Decline in Iceland, 1770–1920*. Umeå: Umeå Universitet.
- Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason 1982. *Íslenska þjóðfélagið: félagsgerð og stjórnkerfi: kennslubók í þjóðfélagsfræðum fyrir frambaldsskóla*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Popenoe, David. 1993. „American family decline, 1960–1990: A review and appraisal.“ *Journal of Marriage and the Family* 55, 527–542.
- Preston, Samuel H. 1993. „The contours of demography: Estimates and projections.“ *Demography*, 30, 593–606.
- Schoen, Robert. 1988. *Modeling Multigroup Populations*. New York: Plenum Press.
- Shryock, Henry S., Jacob S. Siegel og Edward G. Stockwell. 1976. *The Methods and Materials of Demography*. New York: Academic Press.
- Sigurður Guðmundsson. 1973. *Internal Migration in Iceland*. Waterloo: University of Waterloo.
- Sigurður Snævarr. 1993. *Haglýsing Íslands*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. 1993. „Óegta börn.“ *Sagnir*, 14, 54–62.
- Sigrún Ólafsdóttir. 2004. „Félagsfræði heilsu og veikinda.“ *Birtist í þessu riti*.
- Smith, David P. 1992. *Formal Demography*. New York: Plenum Press.
- Sólveig Fríða Jóhannsdóttir. 2001. *Demographic Change in Iceland and its Impact on the Social Security System and Health Care Expenditures*. Reykjavík: Háskóli Íslands, MS-ritgerð í hagfræði.
- Stefán Ólafsson. 1997. *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Bygðastofnun.
- Tomasson, Richard F. 1977. „A millennium of misery: The demography of the Icelanders.“ *Population Studies*, 31, 405–427.
- Thompson, Warren. 1929. „Population.“ *American Journal of Sociology*, 34, 959–75.
- United Nations. 1999. *The World at Six Billion*. Population Division, Department of Economic and Social Affairs, United Nations Secretariat.
- U.S. Census Bureau. 2002. Vefsíður: <http://www.census.gov>.
- Wu, Lawrence og Barbara L. Wolfe. 2001. *Out of Wedlock: Causes and Consequences of Nonmarital Fertility*. New York: Russell Sage Foundation.
- Þóroddur Bjarnason, Barbro Andersson, Marie Choquet, Zsuzsanna Elekes, Mark Morgan, Gertrude Rapinett. 2003. „Alcohol culture, family structure and adolescent alcohol use: Multi-level modeling of frequency of heavy drinking among 15–16 year old students in eleven European countries.“ *Journal of Studies on Alcohol*, 64, 200–208.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

Ingi Rúnar Eðvarðsson

Í þessum kafla er fjallað um alþjóðlega þróun félagsfræði atvinnulífsins og helstu rannsóknir íslenskra félagsfræðinga á því sviði. Meðal annars er rætt um vinnuviðhorf og vinnumenningu og ábrif sögulegra hefða við skipulag atvinnulífsins. Ennfremur er gerð grein fyrir ábrifum tækni og stjórnunarháttanna á starfsánægju, afköst starfsmanna, og samskipti á vinnustöðum. Í kaflanum er einnig rætt um vinnustaði og vald, hagsmunasamtök á íslenskum vinnumarkaði og þróun atvinnulífs og samfélagsgerðar. Atvinnuskipting og atvinnuþróun á Íslandi eru einnig gerð að umtalsefni, svo og ábrif menntakerfis og starfsmenntunar á þessu sviði. Loks er hugað að stöðu og framtíð íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði.

Inngangur

Að rita yfirlit yfir atvinnulífsfélagsfræði¹ er eins og að standa á krossgötum þar sem vegir liggja til margra átta. Þannig er mögulegt að rekja helstu atburði og niðurstöður innan greinarinnar eftir tímaskeiðum, rekja helstu rannsóknarsvið, ennfremur að kanna þjóðleg sérkenni og þannig má áfram telja. Slík umfjöllun getur seint orðið tæmandi, allra síst þegar ekki er mögulegt að vera með ítarlega greiningu rúmsins vegna. Hér verður brugðið á það ráð að drepa á helstu drætti í þróun atvinnulífsfélagsfræðinnar erlendis og fjalla því næst um rannsóknir íslenskra félagsfræðinga um atvinnulífið. Að lokum verður fjallað um að hve miklu leyti íslensk atvinnulífsfélagsfræði dregur dóm af erlendum straumum og hugað að framtíðarhorfum á þessu rannsóknasviði.

Atvinnulífsfélagsfræði skarast á við margar fræðigreinar. Þar má nefna stjórn- málafræði, skipulagsfræði, stjórnunarfræði, vinnusálfræði og samskipti aðila á vinnumarkaði til að nefna aðeins nokkur dæmi. Hún fjallar um stofnanir atvinnulífsins og skipulag þeirra ásamt tengslum við aðrar þjóðfélagslegar stofnanir. Dæmi um viðfangsefni atvinnulífsfélagsfræðinga eru hreyfingar á vinnumarkaði, skipulag efnahagslífs og fyrirtækja, vinnuferli, tæknibreytingar, atvinnulýðræði, vinnumenning og framtíðarskipan atvinnulífs. Á síðari árum hafa atvinnulífs-

¹ Á enskri tungu er fræðigreinin nefnd industrial sociology eða sociology of work. Ekki er gerður skýr greinarmunur á notkun þessara heita. Í sænsku er fræðigreinin nefnd industrisociologi eða arbetssociologi. Franska heiti greinarinnar er sociologie du travail og arbeitssociologi á þýsku.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

félagsfræðingar einnig beint sjónum að kynjamisrétti á vinnumarkaði og innan fyrirtækja. Einnig hafa félagsvísindamenn aðrir en félagsfræðingar fengist við greiningu á einstökum þáttum atvinnulífs á Íslandi.²

Upphaf atvinnulífsfélagsfræðinnar

Þýski félagsfræðingurinn Claus Offe (1985) telur að vinna hafi verið lykilhugtak hjá upphafsmönnum félagsfræðinnar, þeim Karli Marx, Max Weber og Emile Durkheim. Offe ritar svo:

Almennt má draga saman markmið félagsfræðilegra kenninga sem greiningu á þeim reglum sem móta formgerð samfélagsins, ákvarða samkennd þess eða átök og stjórna hlutlægri þróun þess, ímynd og framtíð. Ef við skoðum þau svör sem veitt voru við spurningum sem tengjast skipulagi hreyfiafla félagslegra formgerða, frá síðari hluta 18. aldar til loka fyrri heimsstyrjaldarinnar, getum við örugglega dregið þá ályktun að vinna hefur hlotið lykilstöðu í kenningum félagsfræðinga (Offe, 1985, bls. 129).

Marx, Weber og Durkheim fjölluðu allir um vinnu og efnahagslíf er þeir greindu iðnvæðingarferlið í Evrópu á 19. öld. Hér er ekki tóm til að rekja í löngu máli áhrif þeirra á atvinnulífsfélagsfræðina heldur aðeins að tæpa á þeim viðfangsefnum sem þeir fengust við og hafa haft áhrif á greinina allar götur síðan. Af þeim fjölmörgu áhrifum sem rekja má til Marx er þess m.a. að geta að umfjöllun hans (1975) í æskuritum sínum um firringu (e. *alienation*) vinnunnar og mannsins í auðmagnssamfélagi hefur haft áhrif á síðari tíma félagsfræðinga. Í höfuðriti sínu, *Auðmagninu (Das Kapital)*, fjallaði Marx (1976) um vinnuferli í kapítalísku samfélagi og um arðrán sem væri upphafið að stéttaandstæðum í markaðssamfélaginu.

Líkt og Marx hefur Weber haft viðtæk áhrif á atvinnulífsfélagsfræðina. Rit Webers um *lagskiptingu og virðingu* hafa haft mikil áhrif innan undirgreina félagsfræðinnar (Gerth og Mills 1958). Það á einnig við um greiningu hans á upphafi markaðssamfélagsins (Weber, 1976) sem tengist áhrifum trúarbragða á vinnuviðhorf. Þá hafa skrif Webers um hagsýna skynsemi (e. *rationality*) og regluveldi (e. *bureaucracy*) valdið straumhvörfum og í raun má segja að hann sé einn af upphafsmönnum skipulagsfræða með greiningu sinni á hefðbundnu valdi og regluveldi (Gerth og Mills, 1958).

² Þess ber að geta að yfirlit það sem hér fer á eftir einskorðast við mastersritgerðir og útgefin rit, þ.e. bækur, bókarkafla, tímaritsgreinar eða prentaðar skýrslur. Ekki verður hér fjallað um verk íslenskra félagsfræðinga sem tengjast atvinnulífsfélagsfræði með óbeinum hætti, svo sem umfjöllun um nýsköpun (Ívar Jónsson, 2002; Örn D. Jónsson, 1992), tækniþróun og samkeppnisstöðu smárákja (Ívar Jónsson, 1988), eða tækniþróun og frumkvöðla erlendis (Árni Sverrisson, 1993).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Helstu áhrif Durkheims (1933) á atvinnulífsfélagsfræðina er að finna í doktorsritgerð hans, *Verkaskiptingin í samfélaginu* (*Division du travail*). Þar er að finna frumlegar hugmyndir hans um siðrof (e. *anomie*) og um vélræna og lífræna samstöðu (e. *mechanic* og *organic solidarity*). Til fróðleiks má geta þess að Durkheim hafði t.d. mikil áhrif á George Elton Mayo sem var einn af forvígismönnum Human Relations hreyfingarinnar.

Eftir síðari heimsstyrjöldina tók atvinnulífsfélagsfræðin að greinast í ýmsar undirgreinar. Í fyrsta lagi má nefna atferli á vinnustöðum (e. *workplace behaviour*), þar sem fjallað er um tengsl tækni og afkasta, starfsánægju, vinnuhópa, skipulag og stjórnunarhætti. Í öðru lagi er skipulagsfræði (e. *organisational theory*) sem fæst við að greina skilvirkni og gangverk ólíkra skipulagsforma, svo sem fjölskyldufyrirtækja, opinberra stofnana og regluveldisstofnana. Í þriðja lagi hafa félagsfræðingar skoðað með hvaða hætti vinnuviðhorf og vinnumenning móta hefðir og vinnuvenjur þjóða. Í fjórða lagi að greina breytingar á vinnuferli, hönnun tækni og valdið í atvinnulífinu. Í fimmta lagi má nefna samanburðarrannsóknir á skipulagi mikilvægra festa, svo sem menntakerfis, hagsmunasamtaka, ríkisvalds, auk sögulegra hefða og áhrifa þeirra á skipulag fyrirtækja, átök á vinnumarkaði o.fl. Að lokum má nefna framtíðarskipan atvinnulífs þar sem félagsfræðingar hafa velt vöngum yfir mögulegri þróun atvinnulífs og samfélagsgerðar.

Mannleg tengsl á vinnustað

Upphaf atvinnulífsfélagsfræðinnar sem undirgreinar félagsfræðinnar má rekja til rannsókna George Eltons Mayo (1945) og félaga á mannlegum tengslum á vinnustað sem unnar voru á vegum Western Electric fyrirtækisins í Cicero í Illinoisfylki í Bandaríkjunum. Þessar rannsóknir hófust árið 1924 í Hawthorneverksmiðjunni þar sem 29.000 manns unnu að framleiðslu raftækja. Rannsóknir við Hawthorne stóðu yfir í nokkur ár og í kjölfar þeirra mynduðust nýjar kenningar um stjórnun og hegðun starfsfólks á vinnustöðum (Roethlisberger o.fl. 1939). Markmið rannsókna voru hagnýt, þ.e. að rannsaka hvernig vinnuáðstæður hefðu áhrif á afköst og greina mannlega hegðun, starf hópa og störf með aukna skilvirkni og framleiðni að leiðarljósi. Rannsóknirnar voru kostaðar af Western Electric fyrirtækinu.

Fyrstu rannsóknaraðferðir við Hawthorne voru sóttar í smiðju iðnaðarsálfræðinnar og fóru þær fram á tímabilinu 1924–27. Þar var líkt eftir aðferðafræði raunvísinda með beitingu tilrauna, þar sem könnuð voru áhrif lýsingar á afköst starfsfólks. Niðurstöður urðu hins vegar misvísandi. Afköst starfsfólks jukust óháð því hvort lýsing var mjög góð eða hvort það gat vart séð til verka í lýsingu sem minnti á tunglskin. Afköstin jukust einnig í samanburðarhópi, þar sem lýsingu var haldið óbreyttri (Brown, 1980; Huczinsky og Buchanan, 2001; Mouzelis, 1975).

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

Þetta varð til þess að aðferðafræðinni var breytt. Á árunum 1927–33 voru sex konur valdar úr hópi starfsliðs og náð fylgst með þeim að störfum í sérstöku herbergi þar sem líkt var eftir raunverulegum starfsaðstæðum. Markmið þessara rannsókna var að svara spurningum um þreytu, lengd vinnutíma, áhrif tæknibreytinga og viðhorf kvennanna til vinnunnar og fyrirtækisins. Könnuð voru áhrif mismunandi hvíldartíma, lengd vinnutíma o.fl. á afköst kvennanna. Aftur komu niðurstöður rannsóknaraðilum á óvart. Allar breytingar höfðu aukið afköst í för með sér. Það leiddi síðar til þess að Hawthorne-áhrifin uppgötvuðust, þ.e. að fólk hegðar sér öðruvísi undir eftirliti en annars.

Á árunum 1928–30 voru tekin viðtöl við 20.000 starfsmenn. Í fyrstu var um stöðluð viðtöl að ræða sem höfðu að markmiði að finna tengsl á milli viðhorfa til yfirmanna og starfsskilyrða og starfsánægju. Síðar urðu viðtölin óformlegri og farið var að spyrja um þætti utan vinnunnar. Þetta leiddi til þess að mikilvægi hins óformlega kerfis uppgötvaðist. Á tímabilinu 1931–32 var farið að beita þátttökuathugun í anda mannfræðinnar til að fylgjast með tólf karlkyns starfsmönnum í sínu eðlilega starfsumhverfi. Þar voru helstu niðurstöður að vinnuhópar móta norm um eðlileg afköst og að þeir hafa mikil áhrif á meðlimi hópanna (Huczynski og Buchanan, 2001).

Þær rannsóknir sem hér hafa verið nefndar leiddu til fjölmargra áhugaverðra niðurstaðna sem margar hafa haft viðtæk áhrif á stjórnun og atvinnulífsfræði. Helstu niðurstöður eru þessar (Brown, 1980; Huczynski og Buchanan, 2001; Mouzelis, 1975):

- Í öllum fyrirtækjum og stofnunum eru bæði *formlegt* og *óformlegt kerfi* til staðar. Skráðar reglur, skipurit og fleira mynda hið formlega kerfi sem mótar mjög samskipti á vinnustað, en hið óformlega kerfi vísar til hegðunar sem sprettur sjálfkrafa í samskiptum starfsfólks og gilda sem slík samskipti ala af sér. Hið óformlega kerfi er mun mikilvægara til að skýra hegðun starfsfólks á vinnustað en hið formlega.
- Flestir starfsmenn eiga aðild að *vinnuhópum*. Vinnuhópar hafa mjög mikil áhrif á vinnustöðum. Mayo komst t.d. að því að hóparnir höfðu töluverð áhrif á einstaka meðlimi hópanna, sérstaklega hversu miklu þeir afköstuðu. Hóparnir ákváðu sjálfir hversu mikið væri nauðsynlegt að afkasta út frá þeim aðstæðum sem ríktu á tilteknum stað og tíma. Ef einstaka meðlimir hópsins afköstuðu of miklu eða of litlu miðað við norm hópanna voru þeir áminntir með háði eða ögrunum. Mayo komst einnig að því að venjur og gildi hópanna virtust vera mikilvægari fyrir hópmeðlimi en laun og aðrar greiðslur.
- *Maðurinn er félagsvera*, hann mótast af skoðunum og hegðun samstarfsmanna sinna. Á sama hátt öðlast fólk virðingu og tengist samfélaginu í gegnum vinnu sína. Vinnan er enn fremur félagsleg athöfn. Þannig vinnur fólk til að eiga í sig og á, til að gera gagn og vera einhvers virði, ásamt því að öðlast félagslega virðingu.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Í ljósi þessara niðurstaðna mótuðu þeir sem stóðu að Human relations-hreyfingunni nýjar áherslur í stjórnun. Þær áherslur hafa haft víðtæk áhrif og þær má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Lögð er áhersla á lýðræðislega stjórnun, stjórnendur eigi að vera opnir og jákvæðir gagnvart starfsfólki.
- Mikil áhersla var lögð á samheldni á vinnustað – að allir séu svipaðir. Það er undirstrikað með orðavali og atferli, t.d. að tala um samstarfsfólk í stað undirmanna.
- Vinnuhópar og hið óformlega kerfi er mikilvægt og því verður ekki útrýmt á vinnustöðum. Stjórnendur eiga að taka hið óformlega kerfi alvarlega, greina það og reyna að sveigja það að markmiðum fyrirtækisins.

Atferli á vinnustöðum

Í upphafi beindu atvinnulífsfélagsfræðingar aðallega sjónum að atferli fólks á vinnustöðum fremur en eðli og skipulagi starfa. Umfjöllun um eignarhald fyrirtækja, hönnun og skipulag starfa, verkaskiptingu og tækni var mjög takmörkuð. Ein afleiðing þess var að atvinnulífsfélagsfræðingar einblíndu löngum á fyrirtæki og töldu að mögulegt væri að útskýra atferli starfsfólks innan veggja þeirra (Thompson, 1982). Á síðari árum hafa félagsfræðingar gagnrýnt þá áherslu að einblína á þætti sem stjórnendur fyrirtækja töldu mikilvæga en gleyma margvíslegum félags- og efnahagslegum þáttum utan fyrirtækja.

Á sjötta áratugnum fór athygli atvinnulífsfræðinga að beinast að tækni og vinnuskipulagi í kjölfar vaxandi útbreiðslu færibandavinnu og fjöldaframleiðslu. Fljótlega tók að gæta tæknihyggju, þ.e. að tæknin væri helsti orsakavaldur að breytingum í hegðun og viðhorfi starfsfólks. Þannig lögðu Walker og Guest (1952) áherslu á það í bók sinni *Man on the Assembly Line*, að fjöldaframleiðsluskipulagið væri orlagavaldurinn sem stýrði hegðun og lífi í verksmiðjunum. Ómögulegt væri að breyta skipulaginu sem slíku, en draga mætti úr áhrifum færibandavinnunnar með vinnuskiptum og auðgun starfa til að koma í veg fyrir „andlegt hungur“.

Tæknihyggjan endurspeglast einnig í rannsóknum Roberts Blauner á bandarísku atvinnulífi og athugun Joan Woodward á breskum fyrirtækjum. Meginviðfangsefni Blauners (1964) var að kanna samspil tækniþróunar og firringar. Í rannsókninni vísar firringarhugtakið til þverrandi áhrifa starfsmanna á val verkfæra, starfsaðferða og annarra starfsþátta, svo sem vinnuhraða og hreyfanleika við vinnu. Hugtakið táknar einnig að aukin verkaskipting sem birtist í einhæfum og stöðluðum störfum án innri ábyrgðar valdi því að vinnuánægja dvínar og ytri þýðing starfsins vex, þ.e. launin, vinnuaðbúnaður og virðingin sem starfinu fylgir. Þessi þróun leiðir síðar til sjálfsfirringar mannsins, því vinnan sem er ein meginforsenda mannlegs þroska hefur glatað innra gildi sínu og er einungis tæki til að draga fram lífið.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

Áhrifa tækni á firringu er að mati Blauners unnt að meta með því að kanna atvinnugreinar á ólíku tæknistigi. Í því augnamiði rannsakaði Blauner fjórar greinar iðnaðar í Bandaríkjunum er hann áleit endurspegla mismunandi þróun á braut tæknivæðingar. Þessar greinar voru prentið (handverk), textíliðnaður (einföld vélavinna), bílaiðnaður (færibandavinna) og efnaíðnaður (sjálfvirkni).

Blauner telur að prentun, er hann kannar áður en vélvæðingar gætir að ráði, og önnur handverksframleiðsla einkennist af lítilli firringu sökum þess að verkaskipting sé takmörkuð og stöðlun lítil. Starfið sé jafnframt margbrotið og útheimti víðtæka menntun og færni af hálfu handverksmanna. Með aukinni vélvæðingu og tilheyrandi vinnuskipulagi – líkt og í bílaiðnaði – eykst verkaskipting verulega og hver starfsmaður sinnir mjög takmörkuðum framleiðsluþætti, auk þess sem hann verður viðhengi véla, en vinnuhraði stjórnast af gangi vélanna. Auk þess eru nánast allir vinnuþættir staðlaðir og hannaðir fyrirfram sem veldur því að verkamaðurinn hefur mjög takmarkað olnbogaráymi í framleiðslunni. Fyrir vikið dregur úr menntakröfum, minna er ætlast til af störfum verkamanna og firring eykst að sama skapi. Er fram líða stundir og sjálfvirkni vex, svo sem í efnaíðnaði, fjölgar störfum þar sem starfsmenn er óháðir gangi vélanna en fást þess í stað við viðhald, fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit með framleiðslu. Blauner álitur að þessi framvinda dragi verulega úr firringu vinnunnar. Að endingu má geta þess að Blauner telur að sjálfvirkni muni auka færni og þroska meginþorra starfsmanna, þar eð hún útheimti tæknilega þekkingu, dómgreind og ábyrgðartilfinningu.

Önnur víðkunn rannsókn er tekur mið af tæknihyggju er könnun Joan Woodward (1958) á mikilvægi tækni fyrir skipulag og stjórnun fyrirtækja. Rannsókn hennar byggði á úrtaki 100 fyrirtækja á Essex-svæði í Bretlandi og leiddi í ljós að þar ríktu afar ólíkir skipulagshættir. Við nánari eftirgrennslan komst Woodward að því, að fyrirtækin studdust við ólíka tækni og framleiðsluskipan sem aðgreina má í þrjá meginflokka, þ.e. framleiðslu í smáum einingum, fjöldaframleiðslu, og sjálfvirkni (eða síflæðiferli). Með hliðsjón af því ályktaði Woodward að tækni mótaði skipulag fyrirtækja með þeim hætti að skipulag í anda vísindalegrar stjórnnunar (rík verkaskipting, hátt hlutfall stjórnenda og tæknimanna o.s.frv.) henti fyrirtækjum er fjöldaframleiða vöru, en lítil verkaskipting og einföld stjórnnunarform hentuðu fyrirtækjum er framleiða takmarkaðan fjölda afurða.

Þjóðverjarnir Horst Kern og Michael Schumann (1973) hafa rannsakað áhrif tæknivæðingar á störf í iðnaði. Ólíkt fyrri fræðimönnum á þessu sviði telja þeir að framvindan sé ekki einhlít, en þróist þess í stað með óreglubundnum hætti og þá misjafnlega eftir atvinnugreinum og tegund framleiðslu. Jafnframt telja þeir að aukin vélvæðing ali af sér ný vinnuform á sama tíma og skipulag vinnustaða viðhaldi eldri vinnuaðferðum, þar eð skipulagið þróist hægar en tæknin. Af þessu leiðir að vinnumarkaður skauthverfist, þ.e. störfin dreifist með þeim hætti að viss hóp-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ur verkamanna fáist við einhæf, slítandi störf líkt og færibandavinnu, en aðrir hópar verkamanna ástundi fjölhæf og krefjandi störf. Á þennan hátt komust Kern og Schumann að því að einhæf líkamleg störf voru enn mjög útbreidd við lok sjöunda áratugarins þó svo að þeim hefði fækkað nokkuð með vélvæðingunni. Á líkan hátt hafði tæknivæðingin alið af sér mörg störf er einkenndust af því að mata háþróaðar vélar og taka á móti afurðum frá þeim. Á þessum tíma var fremur lítið um krefjandi störf er tengdust sjálfvirkni.

Af þessum rannsóknum má ráða að allengi eftir heimsstyrjöldina síðari töldu félagsfræðingar að tækni gegndi lykilhlutverki í þróun atvinnulífs. Álitid var að hún væri aflvaki framfara og margháttaðra þjóðfélagsbreytinga. Auk þess leiddu menn að því líkur að hún væri sjálfstæð í þeim skilningi að hún mótaðist lítt af þjóðfélagseinkennum svo sem hefðum á vinnumarkaði, löggjöf, skipulagi verkalýðshreyfingar og menningu. Ennfremur fullyrtu margir að eigi væri unnt að stöðva framþróun tækninnar, jafnframt því sem afleiðingar hennar yrðu svipaðar í þeim löndum sem tækninýjunga gætti. Þá töldu nokkrir fræðimenn að tæknivæðing atvinnulífs væri æskileg því hún drægi úr firringu og yki manngildi vinnunnar.

Skipulagsfræði

Eins og fyrr segir var Max Weber mikill áhrifavaldur innan skipulagsfélagsfræði með greiningu sinni á regluveldi (Clegg, 1990). Samkvæmt Weber er regluveldi hluti þeirrar þróunar þegar mannlífið verður undirorpið skynsemi og tæknihyggju og vægi hindurvitna og hjátrúar minnkar í daglegu lífi fólks. Weber nefndi þessa þróun hagsýna skynsemi (e. *rationality*). Hann taldi að regluveldi hefði tæknilega yfirburði yfir önnur skipulagsform, sérstaklega hefðarvaldið þar sem valdið erfðist frá föður til sonar eins og í konungsríkjum. Weber dró upp kjörmynd af regluveldi, en kjörmynd er ekki til í hreinni mynd í raunveruleikanum. Kjörmyndin einkennist af mjög sérhæfðum störfum, stigveldi (skýrri valdaröð og mörgum stjórnþrepum) og samskiptum sem eru formleg og skráð í samningum á borð við ráðningasamninga (Clegg, 1990; Gerth og Mills, 1958). Í regluveldisskipulagi er rík tilhneiging til að æskja eftir formlegum skilríkjum, svo sem prófskírteinum. Vald og áhrif felast í stöðunni sem fólk gegnir en fylgir ekki þeim einstaklingum sem gegna stöðunni. Ráðherraembætti er dæmi um slíkt þar sem einstaklingurinn sem gegnir embættinu verður valdalaus þegar ráðherratíðinni lýkur. Samskipti og atferli í regluveldi eru fagleg og ópersónuleg, sem byggir á því að allir einstaklingar eigi að fá sömu meðferð óháð kyni, aldri, trú, eða kynferði. Weber taldi að aðeins náðarleiðtogar, eins og Jesús Kristur, Gandhi o.fl., gætu hafið sig yfir gráan hversdagleika regluveldis og glætt hann nýrri merkingu. Það myndi þó ekki afnema járnbur regluveldisins heldur gera lífið innihaldsríkara fyrir undirokaðan lýðinn. Hann yrði að setta sig við merkingarsnautt líf í skynsömum regluveldisheimi.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

Þegar rit Webers höfðu birst á ensku eftir síðari heimsstyrjöld höfðu þau mikil áhrif á marga bandaríska félagsfræðinga (t.d. Blau og Scott, 1963; Etzioni, 1961; Merton, 1940). Þeir rannsökuðu regluveldisstofnanir og komust að því að meiri fjölbreytni bjó í regluveldisstofnunum en Weber taldi. Síðar hófu félagsfræðingar að rannsaka ákvarðanatöku og vald innan skipulagsheilda, svo og samspil umhverfis og skipulagsheilda (sjá t.d. Jaffe, 2001). Hin síðari ár hafa fræðimenn verið að rannsaka ný skipulagsform, eins og tengslanet fyrirtækja og lærdóms- eða þekkingarfyrirtæki (Daft, 2001).

Vinnuviðhorf og menning

Segja má að áhrifa Webers gæti einnig í rannsóknum félagsfræðinga á vinnuviðhorfum og vinnumenningu þjóða. Þar sækja menn í smíðju Webers er hann rakti upphaf markaðsþjóðfélagsins til hegðunar og trúarbragða mótmælenda, einkanlega kalvínista (Weber, 1976). Uppgangur japansks efnahagslífs eftir síðari heimsstyrjöld varð kveikjan að mörgum rannsóknum er reyndu að útskýra velgengni Japana með vísan til miðaldahefða og trúarbragða (Florida og Kenney, 1991). Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar hin síðari ár á sérkennum Japans og Asíuþjóða í samanburði við vestrænar þjóðir.

Geert Hofstede (1984, 1991) gerði rannsókn meðal starfsmanna IBM-fyrirtækisins í fjörutíu löndum með því markmiði að greina mun á menningu þjóða. Hann komst að því að það væru fjórar víddir sem greindu að þjóðmenningu: Valdafjarlægð, afnám óvissu, einstaklingshyggja-heildarhyggja og karl-kvenleiki. Síðar bætti hann við langtíma-skammtíma hugsun. Niðurstöður Hofstede sýna að menning þjóða mótar hugsun einstaklinga með ólíkum hætti, t.d. er valdafjarlægð lítil meðal norrænna þjóða, en mikil í Mexíkó. Á sama hátt er heildarhyggja mikil í Mexíkó en lítil í Bandaríkjunum. Þessar víddir hafa áhrif á hegðun einstaklinga í fyrirtækjum að mati Hofstede. Þannig hefur þjóðmenningin áhrif á hvatningu starfsfólks, stjórnunarhefðir, lausn ágreinings, þjálfunarhefðir og stjórnun starfsmannamála.

Vinnuferlisskólinn

Vinnuferlisskólinn (e. *labour process theory*) á upphaf sitt að rekja til bókar Harrys Braverman *Labor and Monopoly Capital* (1974) er olli straumhvörfum í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Braverman byggir greiningu sína á ritum Marx um vinnuferli og virðisauka í kapítalískum samfélögum.

Meginröksemdarfærsla Bravermans er að vísindaleg stjórnun, sem bandaríski verkfræðingurinn Frederick W. Taylor er upphafsmaður að, einkenni vinnu í kapítalískum samfélögum 20. aldar. Á þann hátt taki sífellt fleiri starfsgreinar eftirtöldum breytingum (Braverman, 1974, bls. 112–121):

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Stjórnendur og fulltrúar þeirra afla upplýsinga um starfsþekkingu og færni sem verka- og iðnaðarmenn búa yfir í hefðbundinni framleiðslu. Markmiðið er að gera kleift að framleiða vöru án þess að styðjast við kunnáttu starfsmanna. Fyrir vikið minnka mjög hefðir gildanna úr framleiðslunni svo og mikilvægi sérþekkingar starfsmanna.
- Hugur og hönd eru aðskilin. Flest störf er lúta að hönnun, stjórnun og framleiðslueftirliti eru flutt frá verksmiðjugólfinu til sérstakra hönnunar- og stjórnunardeilda.
- Þeirri þekkingu er stjórnendur safna með þessum hætti er beitt síðar til að endurskipuleggja og móta sérhvern þátt vinnuferlisins. Í hinna umbreyttu framleiðslu er verkamönnum að því búnu fyrirskipað a) hvað þeir eigi að gera, b) hvernig þeir eigi að bera sig að við vinnu og c) hvenær þeir eigi að vinna eða njóta hvíldar.

Með þessu móti eru yfirráð og vinnuþekking flutt með skipulögðum hætti frá verkamönnum til stjórnenda. Að mati Bravermans er þetta ein meginforsenda þess að atvinnurekendum auðnist að auka framleiðni og umbylta framleiðslu. Samkvæmt Braverman hefur vísindaleg stjórnun einnig í för með sér að laun lækki þegar til lengdar lætur, því forsendan að baki aðgreiningu hugar og handar felur í sér stórauðna verkaskiptingu, þar sem verulegur fjöldi einhæfra starfa skapast. Það dregur úr menntakröfum, er aftur leiðir af sér að fjölmennir hópar verkamanna geta keppt um slík störf.

Slík „afmennskun“ (e. *de-humanization*) vinnunnar, svo vitnað sé til orða Bravermans, elur sífellt af sér andstöðu verkamanna, auk þess sem miklar fjarvistir, tíð vinnuskipti, skemmdarverk og önnur firringareinkenni spretta fram. Atvinnurekendur hafa tilhneigingu til þess að innleiða nýja tækni og vélvæða framleiðslu sem andsvar við þeirri þróun. Geta má þess að Braverman telur að þetta skapi sérkennilega þversögn sem felist í því að á sama tíma og framleiðsluferli verði sífellt tæknivæddara og flóknara, verði störf starfsmanna í kapítalísku samfélagi einhæfari með hverju ári sem líður. Braverman álitur að framþróun í atvinnulífi, t.d. til aukinnar sjálfvirkni, muni ekki vera sá hvalreki á fjörur verkalýðs sem Blauner og fleiri fræðimenn hafa bundið vonir við. Tæknin hefur að hans mati tapað sakleysi sínu, því hún endurspeglar aðeins kapítalíska framleiðsluskipan og er þar af leiðandi beitt gegn verkafólki.

Skrif Bravermans hafa alið af sér margvíslegar rannsóknir er framkvæmdar hafa verið til að skera úr því hvort störf hafa verið stöðluð og verkskipt og hvaða stjórnunarform hafi ríkt undangengna áratugi. Oftar en ekki hafa þessar rannsóknir leitt í ljós að fjölbreytni í stjórnun hefur verið meiri en Braverman lætur í veðri vaka, og að vanvirðing vinnunnar hafi alls ekki verið einhlít. Bent hefur verið á að andspyrna verkamanna hafi dregið úr slíkri þróun og að ný hæfni skapist við forritun, eftirlit og viðhald flókinna tækjasamstæða (sjá t.d. Burawoy, 1985; Edwards, 1979; Friedman, 1977; Penn, 1985; Thompson, 1982; Wood, 1982).

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

Aukinn sveigjanleiki fyrirtækja

Á níunda áratug 20. aldar hófu sífellt fleiri fræðimenn að ræða breytingar á stjórnun og skipulagi fyrirtækja svo og vanda efnahagslífsins almennt. Erlendis hafa hinar nýju áherslur í atvinnulífi ýmist verið nefndar „sveigjanleg sérhæfing” (e. *flexible specialization*), eða „ný-fordismi” (e. *new-Fordism*) til aðgreiningar frá þeirri framleiðsluskipan er byggir á fjöldaframleiðslu og stöðlun og kennd er við Henry Ford (Kern og Schumann, 1987; Piore og Sabel, 1982; Thompson og McHugh, 1995; Wood, 1989).

Rétt er að nefna að inntak umræðunnar hefur verið nokkuð mismunandi eftir löndum. Samt er unnt að greina ákveðin megineinkenni hennar. Þannig telja fræðimenn að frá því um miðbik áttunda áratugarins hafi efnahagslíf Vesturlanda einkennst af samdrætti í þjóðarframleiðslu, aukinni samkeppni fyrirtækja, óstöðugum mörkuðum, sífelldum nýjungum í afurðum og aukinni vöruvöndun, og vaxandi notkun fullkominna alhliða véla (vélmenna, tölvustýrðra véla). Slík framvinda, sem einkennist af linnulausum breytingum, vegur að rótum fjöldaframleiðsluskipulagsins að mati margra fræðimanna. Þannig telja Bandaríkjamennirnir Michael Piore og Charles Sabel að núverandi vandi í efnahagslífi stafi af takmörkun þess iðnþróunarskipulags sem byggir á fjöldaframleiðslu, notkun sérhæfðra véla og lítt menntaðra verkamanna við framleiðslu staðlaðrar vöru. Til að bregðast við breyttum forsendum hafa mörg fyrirtæki að undanfögnu tekið upp eftirfarandi starfshætti (Kern og Schumann, 1987; Piore og Sabel, 1982; Thompson og McHugh, 1990; Wood, 1989):

- Fyrirtæki nýta sér fjölnota tækni í viðleitni sinni til að aðlagast óstöðugum mörkuðum með skjóttum hætti. Margskonar tölvustýrð tæki gera mönnum ekki aðeins kleift að endurstilla vélar á skömmum tíma, heldur er einnig unnt að vélvæða smáar einingar á arðvænlegan hátt.
- Fyrirtæki laga hæfni og þekkingu starfsmanna að breytingum á framleiðslu, tækjabúnaði og eftirspurn eftir vörum. Annars vegar er dregið úr aðgreiningu starfsgreina, svo unnt sé að þjálfra fjölbæfa starfsmenn, sem fást jöfnum höndum við framleiðslu, viðhald, eftirlit og skýrslugerð. Algengt er að slíkir starfsmenn vinni saman í starfshópum að lausn vandamála. Hins vegar eru starfsmenn ráðnir til að sinna einhæfum, slítandi og stöðluðum störfum.
- Fyrirtæki aðlaga starfsmannafjölda og mannaflapörf að sveiflum í eftirspurn og afkastagetu fyrirtækis. Á þann hátt er tryggt að aðeins er ráðið starfsfólk sem þörf er á hverju sinni. Leiðir að því marki eru margvíslegar: Hluti starfsmennar er boðinn út til verktaka; starfsfólk er ráðið á tímabundnum samningum til afmarkaðra verkefna; starfsmenn eru ráðnir í hlutastörf; fólk er ráðið til vinnu í heima-húsum, o.s.frv.
- Fyrirtæki leitast við að fella launakostnað að breytingum á vinnumarkaði og vengni fyrirtækisins.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Lögð hefur verið áhersla á litlar og meðalstórar einingar sem eru samtengdar, t.d. með verktakastarfsemi.

Endurskipulagning fyrirtækja og áhrif þess á starfsmannahald og skipulag hefur verið viðfangsefni margra rannsókna frá níunda áratugnum og fram til þessa dags.

Framtíðarskipulag atvinnulífs

Í bók sinni *The Coming of the Post-Industrial Society*, gerir Daniel Bell (1973) grein fyrir kenningu sinni um að tæknivædd nútímaþjóðfélög eins og hið bandaríska séu stödd á krossgötum. Ný samfélagsgerð, sem hann nefnir „eftir-iðnaðarsamfélagið“ (e. *post-industrial society*) sé að ryðja iðnaðarsamfélaginu úr vegi en byggir engu að síður á því. Þessi umskipti birtast með ýmsum hætti. Upplýsingatækni leysir vélræna tækni af hólmi og meginuppspretta verðmætasköpunar í þjóðfélaginu eru upplýsingar og þekking en ekki fjármagn og vinna líkt og áður. Mikilvægi atvinnugreina eins og tölvu- og rafeindaiðnaðar og ljóseðlisfræði í nútímaatvinnulífi er vísbending um þá þróun. Í slíku þjóðfélagi er fræðileg þekking grunnur þjóðfélagsskipunar og það leiðir af sér hraða fjölgun mennta- og tæknimanna sem munu að mati Bells verða fjölmennustu stéttir framtíðar. Hann telur jafnframt að væntanlegur vöxtur þjóðartekna kalli á aukna eftirspurn eftir menntun, heilsugæslu og tómstundaþjónustu. Af þessu leiðir að þjónustugreinar verða sífellt rúmfrekari í atvinnulífinu. Auk þess sem áður segir um vaxandi þátt þekkingarstétta í þjóðfélaginu bjóðast konum aukin störf í þjónustugreinum. Fyrir vikið eykst atvinnuþátttaka þeirra og efnahagslegt sjálfstæði. Ýmsir yngri félagsfræðingar hafa fylgt í fótspor Bells. Þar má nefna Manuel Castells (2001) og greiningu hans á hnattvæðingu og netverkssamfélaginu (e. *network-society*) og Nico Stehr (1994) og greiningu hans á atvinnulífi í þekkingarsamfélögum.

Þróun íslensks atvinnulífs

Jóhann Hauksson (2000) færir rök fyrir því að Guðmundur Finnbogason hafi verið fyrstur til að kynna hugmyndir félagsvísinda á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Guðmundur ritaði um marga þætti íslensks þjóðfélags og þar á meðal um vinnuna. Í bókinni *Vinnan* kynnir Guðmundur m.a. hugmyndir Taylors um vísindalega stjórnun.

Í formála bókarinnar segir Guðmundur (1917, bls. v):

Hefi eg reynt að færa í alþýðlegan búning nokkur þau atriði lífeðlisfræðinnar og sálarfræðinnar, er hafa verður hliðsjón af, þegar hugsað er um vinnubrögð manna og umbætur á þeim.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

Síðari tíma félagsfræðingar hér á landi hafa líkt og erlendir stéttarbræður fjallað nokkuð um þróun atvinnulífs á 20. öld. Þannig hefur Stefán Ólafsson (1992a) fjallað um þróun atvinnulífs almennt. Hann greinir frá langtímaþróun atvinnulífs frá iðnaðarframleiðslu til þjónustu og styðst þar við greiningu Daniels Bell. Ennfremur gerir hann grein fyrir framvindu í ýmsum gerðum þjónustustarfa, en þungamiðja umfjöllunar hans snýr að kenningum Reichs, Piores og Sabels, Porters og Baumols. Í þeirri umræðu er sjónum beint að samkeppnishæfni þjóða og mikilvægi menntunar til að bæta stöðu þjóða og svæða í alþjóðlegri samkeppni. Stefán kemst að þeirri niðurstöðu að menntun, einkum framhaldsskólamenntun og tæknileg, hagnýt menntun sé afar mikilvæg fyrir framfarir og verðmætasköpun. Stefán (1992b) hefur einnig gert grein fyrir þróun íslenskra atvinnugreina á tímabilinu 1940–89, atvinnuþróun og nýtingu menntunar og þróun íslensks atvinnulífs í samanburði við þróun í OECD-löndum.

Forsendur framfara í íslensku atvinnulífi er viðfangsefni Stefáns Ólafssonar (1993) í samnefndri grein. Þar kynnir hann til sögunnar hagvaxtartré, sem er greiningarrámmi þar sem dregnir eru saman þeir þættir sem rannsóknir sýna að máli skipti fyrir hagvöxt. Meðal slíkra þátta eru framfarahyggja, vinnumenning, menntakerfi, samskipti á vinnumarkaði, stjórnkerfi, náttúruauðlindir og skipan markaðsmála. Stefán gerir tillögu um breytingar í íslensku atvinnulífi til að efla hagvöxt. Mikilvægustu breytingarnar fælust í því að efla framfarahyggju, breyta skipulagi vinnu og vinnutíma á vinnustöðum, breyta áherslum í menntakerfinu frá bókviti til verkvits og hverfa frá heildarsamningum á vinnumarkaði til framleiðnisamninga á vinnustöðum. Þá hvetur Stefán til þess að stefna stjórnvalda verði breytt frá verndarstefnu úreltra atvinnugreina, en þess í stað verði tekin upp nýsköpunarhvatning í atvinnulífi.

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1992b) hefur einnig fjallað um nokkrar kenningar er boða umbreytingu atvinnulífs í iðnríkjum og vakið máls á framtíð vinnu og þróun atvinnulífs á komandi árum. Þar ræðir hann m.a. kenningar í anda tæknihyggju og kenningar sem taka mið af skrifum Karls Marx. Áhersla er lögð á kenningar Piores og Sabels og Kerns og Schumanns, en þessir höfundar leiða að því rökum að senn muni renna upp tímar sveigjanlegrar sérhæfingar sem muni að miklu leyti leiða undir lok eldra iðnaðarskipulag. Ingi Rúnar leggur mat á þessar kenningar og kemst að þeirri niðurstöðu að umskiptin verði ekki eins afgerandi og boðberar nýrra tíma telji, einkum hvað varðar endurskipulagningu vinnunnar.

Vinnuviðhorf og vinnumenning

Viðhorf til vinnu

Stefán Ólafsson (1996) hefur rakið þætti í hugmyndasögu þjóðfélagsfræðanna frá miðöldum til nútímans og sýnt hvernig veraldleg lífsskoðun varð smám saman

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ríkjandi í menningu Evrópumanna. Hann sýnir hvernig breytt hugarfar tengist þjóðfélagsbreytingum, einkum tilkomu markaðshagkerfis, lýðræðisskipulags og iðnvæðingar, sem gerði þær að ríkustu og völdugustu þjóðum jarðarinnar.

Í sama riti fjallar Stefán um hugarfar og hagsæld meðal fimmtán aðildarríkja OECD. Spurt er hvort hagsælli þjóðir hafi annað hugarfar en þær þjóðir sem minni hagsældar njóta. Stefán fjallar sérstaklega um vinnumenningu, viðskiptamenningu, framfarahyggju og samfélagsmenningu. Í samanburði Íslands við önnur nútímasamfélög styðst Stefán við alþjóðlega könnun á lífsskoðunum er framkvæmd var árið 1990. Niðurstöður Stefáns eru þær að í alþjóðlegu ljósi hafi Íslendingar sterka vinnumenningu, mjög sterka viðskiptamenningu, sterka nýsköpunarhyggju og einnig sterka samfélagsmenningu. Þessi íslensku einkenni eru góður jarðvegur fyrir hagsæld og framfarir að mati Stefáns Ólafssonar.

María J. Ammendrup (1998) hefur rannsakað viðhorf Íslendinga til vinnunnar fyrir á tímum, einkum á 18. og 19. öld, svo og vinnuviðhorf þeirra á árunum 1987–97 eins og þau birtust í könnunum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. María kemst að þeirri niðurstöðu að Íslendingar hafi löngum talið vinnuna mjög mikilvægan hluta lífsins. Árið 1990 töldu t.d. 91,5% landsmanna vinnuna vera mjög eða frekar mikilvæga. Þannig virðist mikilvægi vinnunnar síst vera minna í nútímanum en fyrir á öldum. Nokkur kynjamunur kom fram í rannsókninni. Þannig var vinnan ekki eins miðlæg í lífi kvenna, enda ríkjandi hefð fyrir að konur annist fjölskylduna og heimilið frekar en karlar, sem frekar helga sig vinnunni. Eldra fólk virtist almennt meta vinnuna meira en yngra fólk. Skýr munur kom einnig fram á svörum starfsstétta, þegar kom að starfsánægju. Árið 1990 kom í ljós að sérfræðingar og atvinnurekendur eru ánægðastir með störf sín, en verka- og afgreiðslufólk var óánægðast. Þá kom fram að þeir sem lokið höfðu iðnskólaprófi töldu vinnuna marktækt mikilvægari en háskólamenn.

Færni og starfsmenntun

Gestur Guðmundsson (1998) hefur rakið sögulega þróun fræðilegra kenninga innan félagsvísinda um starfsmenntun, færni og hæfni starfsfólks í atvinnulífi. Þar greinir Gestur helstu straua innan fræðanna allt frá Karli Marx til umræðu um sveigjanleika fyrirtækja í anda Piore og Sabel, Kerns og Shumanns, og Atkinsons á seinni hluta 20. aldar. Hann ber saman lykilhugtökin hæfni (e. *qualification*) sem útbreidd er í þýskri umræðu og hagnýta færni (e. *competence*) sem varð almenn í enskumælandi löndum á tíunda áratug 20. aldar. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að varast beri að nota hugtakið hagnýta færni, því það byggir á kenningum um eiginleika einstaklinga og þróun náms og starfa sem megi auðveldlega véfengja með gildum rökum. Hæfnishugtakið byggir hins vegar ekki á slíkum kenningarlegum forsendum, heldur eigi það rætur að rekja til rannsókna á störfum og feli ekki í sér

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

kennslufræðilega forskrift. Gestur telur loks að hæfnisrannsóknir hafi auðgað mjög náms- og kennslufræðin.

Gestur (1989) hefur einnig birt yfirlit yfir þróun verkmenntunar á Íslandi frá upphafi til ársins 1985. Þar ræðir hann um fræðilega þætti tengda þróun vinnu og verkmenntunar, efnahags- og atvinnulífs og menntakerfis. Hann veitir yfirlit um sögu og þróun verkmenntunar á Íslandi og ræðir gagnrýnið um umbætur á sviði verkmenntunar, framhaldsskóla og atvinnuþróunar. Gestur (1993) hefur ennfremur ritað um þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Þar rekur hann sögulegt samhengi starfsmenntunar á tímabilinu 1950–93. Hann greinir jafnframt þróun starfsmenntunar í byggingariðnaði og ferðaþjónustu og fjallar um skilvirkni starfsmenntakerfisins, þ.e. stöðu starfsmenntakerfisins gagnvart öðrum þáttum atvinnulífs og menntakerfis, svo og samspil þess við breytta þjóðfélagshætti.

Hildur Björk Svavarsdóttir (2002) hefur einnig gert ítarlega rannsókn á þróun á færniskröfum í 100 störfum í íslensku atvinnulífi. Markmið hennar var að skoða þróun og kröfur um færni starfa sem ekki krefjast sérmenntunar úr skóla. Einnig voru starfslýsingar hluta starfanna skoðaðar með það að markmiði að meta áreiðanleika þeirra og hvort þær nýttust sem mælingar á almennum færnisþáttum. Í þessu verkefni nýtti Hildur Björk sér gögn rannsóknarinnar *Færniskröfur starfa* sem aflað var á árunum 1995–99 með spurningalistum og viðtölum við 15 starfsmenn og fimm yfirmenn í hverju starfi, alls um 2000 viðmælendur. Einnig vann hún úr tveimur viðtalsrannsóknum sem hún framkvæmdi á árunum 2000–2002.

Störfin í könnuninni voru flokkuð í fjóra flokka: Störf í framleiðslu og iðnaði, verslunar- og skrifstofustörf, störf í heilbrigðis- og félagsþjónustu og almenn þjónustustörf. Hildur Björk telur störf almennt vera að þróast í þá átt að verða flóknari, en sú þróun sé þó ólík milli starsflokka. Verslunar- og skrifstofustörf virtust þannig flest þróast í þá átt að verða flóknari, en störf í framleiðslu og iðnaði virtust á hinn bóginn eindregið þróast í þá átt að verða einfaldari. Könnun á starfslýsingum leiddi í ljós að þrátt fyrir öra þróun starfa var áreiðanleiki þeirra töluverður og að mati Hildar Bjarkar þyrfti ekki mikla vinnu við uppfærslu eldri starfslýsinga.³

Vinnumarkaður

Atvinnuþátttaka og skipting starfsgreina

Meðal þeirra óteljandi breytinga sem átt hafa sér stað í kjölfar iðnbyltingar víða um lönd má nefna stórstígar breytingar á ungarnadauða, fæðingartíðni, ævilengd og

³ Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur einnig fengist við rannsóknir á starfsmenntun og símenntun á Íslandi um langt skeið (Jón Torfi Jónasson, 1992; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999). Hið sama má segja um Gerði G. Óskarsdóttur fræðslustjóra Reykjavíkurborgar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

dánartíðni (sjá nánar Stefán Hrafn Jónsson, 2004). Þjóðir eldast þegar öldruðum fjölgar örur en ungu fólki, og mun sú þróun hafa mikil áhrif á mannaáðningar í fyrirtækjum, stefnumörkun í menntamálum og þróun vinnumarkaðar víða um heim á næstu árum. Ingi Rúnar Eðvarðsson (1999) hefur komist að þeirri niðurstöðu að íslenska þjóðin standi enn vel að vígi hvað hlutfall eldri borgara varðar, þ.e. 65 ára og eldri, en það er mun lægra hér á landi en meðal flestra annarra þjóða. Hins vegar gera mannfjöldaspár ráð fyrir því að árið 2030 muni líklega 18% þjóðarinnar vera 65 ára og eldri. Það mun líklega valda skorti á ungu starfsfólki, og lífeyrisgreiðslur svo og útgjöld til heilbrigðismála munu aukast. Líklega munu fyrirtækin gefa þessum vanda lítinn gaum í fyrstu, en keppa síðar innbyrðis um ungt starfsfólk, og loks þjálfar og endurmennta starfslíð sem komið er yfir miðjan aldur. Þessar breytingar kalla á að ríkari áhersla verður á símenntun í menntamálum þjóðarinnar.

Þjónustustarfsemi hefur vaxið hratt á liðnum áratugum í fjölmörgum löndum. Ýmsir fræðimenn telja að þjónusta sé orðin undirstaða efnahagslífsins líkt og iðnaðarframleiðsla hefur verið um langt skeið. Ingi Rúnar (2000) hefur gert grein fyrir vexti þjónustugreina og fjölgun þjónustustarfsmanna á 20. öld og hugað að því hvort þjónustan muni vaxa áfram í efnahagslífinu. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að ársverkum í þjónustu hafi fjölgað um 155% á Íslandi á árunum 1963–90, en mest varð aukningin í verslun, menntakerfi, heilsugæslu og stjórnsýslu. Dregið hefur úr fjölgun þjónustustarfa eftir 1990. Þjónustustarfsemi mun líklega halda áfram að aukast vegna aukinnar eftirspurnar í þjóðfélaginu og sökum þess að þjónustan er lykilþáttur í samkeppnisyfirburðum í nútíma efnahagslífi. Fjölgun þjónustustarfa verður þó að líkindum hægari á næstunni vegna efnahagslegra og tæknilegra ástæðna.

Ingi Rúnar (1997b) bendir á að atvinnuleysi hafi aukist eftir 1990, en atvinnuþátttaka kvenna á íslenskum vinnumarkaði hafi einnig aukist. Hins vegar dróst atvinnuþátttaka eldri karla og yngra fólks saman með vaxandi atvinnuleysi. Litlar breytingar hafa orðið á ráðningarkjörum á vinnumarkaði eins og til dæmis á verkastarfsemi, skammtímaráðningum og hlutastörfum. Því verður að stórefla rannsóknir á íslensku atvinnulífi og vinnumarkaði svo unnt sé að mæta væntanlegum breytingum með skynsamlegum hætti.

Sérhæfing vinnumarkaðar og fjölbærni er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1998). Árið 1996 bjuggu t.d. 63% stjórnenda og embættismanna, 78% sérfræðinga og 76% þjónustu- og verslunarstarfsfólks á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma bjuggu einungis 14% bænda og sjómanna á því svæði. Ársverkum á íslenskum vinnumarkaði fækkaði um 2.208 á tímabilinu 1990–95. Þar af fækkaði ársverkum í landbúnaði um 1.742, í sjávarútvegi um 576, í iðnaði um 3.342 og í samgöngum fækkaði ársverkum um 209. Ársverkum í þjónustu fjölgaði um 3.003 á sama tíma. Áætlað er að störfum fyrir vel

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

menntað fólk, svo sem sérfræðinga og tæknimenntað fólk auk stjórnenda og framkvæmdastjóra muni fjölga mjög á næstu árum. Störfum fyrir fólk með litla menntun mun hins vegar fækka eða standa í stað samkvæmt áætlunum sérfræðinga. Við nánari skoðun birtist ákveðið mynstur á vinnumarkaði. Þau ársverk sem hverfa í frumvinnslugreinum eru einkum á landsbyggðinni, en fjölgun starfa mun líklega eiga sér stað að mestu á höfuðborgarsvæðinu í þjónustugreinum, stóriðju og byggingariðnaði.

Ingi Rúnar (2001) hefur borið saman vinnumarkaði í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum á tímabilinu 1990–1997. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að svæðisbundinn munur sé ekki mikill hvað varðar atvinnuþátttöku og atvinnuleysi. Hins vegar er menntun einstaklinga mest á vinnumarkaði Reykvíkinga. Þó urðu miklar breytingar á vinnumarkaði á níunda áratug 20. aldar. Alls staðar fækkaði fólki sem einungis hafði lokið grunnskólaprófi. Framhaldsskólamenntun jókst hlutfallslega mest á Egilsstöðum, en háskólamenntun jókst hlutfallslega mest á Akureyri. Launamunur var nokkur milli svæða. Laun voru hæst árið 1997 í Reykjavík, þá á Akureyri og lægst voru þau á Egilsstöðum. Sama ár voru laun hæst í fiskveiðum, tölvugreinum, fjármálum, tryggingum, opinberri stjórnsýslu, samgöngum og æðri menntun og rannsóknum. Launin voru lægst í landbúnaði, hótél- og veitingarekstri og smásöluverslun. Hlutfallslega flest störf í hátekjugreinum eru á höfuðborgarsvæðinu.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir (1997, 2000) hafa rannsakað störf íslenskra fiskvinnslukvenna og kynjun í fiskvinnslu. Nánar er fjallað um þær rannsóknir í kaflanum um félagsfræði sjávarútvegs (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004) og verða þær því ekki ræddar hér. Loks má geta rannsókna tveggja stjórn málafræðinga á íslenskum vinnumarkaði. Í mastersritgerð sinni við Warwick-háskóla í Bretlandi fjallaði Gylfi Dalmann Aðalsteinsson (1995) um átök á íslenskum vinnumarkaði, og í doktorsritgerð sinni við Háskóla Íslands fjallar Árelía Eydís Guðmundsdóttir (2001) um breytingar á vinnumarkaði og efnahagslífi á árunum 1987–95, þróun stjórnunar á Íslandi og aukinn sveigjanleika í skipulagi fyrirtækja, auk breytinga í samskiptum aðila vinnumarkaðarins.

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur löngum verið mjög lítið á íslenskum vinnumarkaði. Það er því vart að undra að íslenskir félagsfræðingar hafi lítt fengist við að rannsaka atvinnuleysi. Þó hafa nokkrar rannsóknir verið gerðar á því sviði á undanförunum áratugum. Árið 1993 gerði Félagsvísindastofnun þannig rannsókn á aðstæðum og högum atvinnulausra fyrir félagsmálaráðunneytið (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Stefán Ólafsson, 1993). Þar var meðal annars kannað úr hvaða greinum atvinnulífs hinir atvinnulausu komu og hvaða þjóðfélagshópum þeir tilheyrðu. Fjölskylduadstæður atvinnulausra, menntun og reynsla úr atvinnulífi voru einnig könnuð, svo og áhrif

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

atvinnuleysis á fjárhagslega afkomu, almennt heilsufar, persónulega ímynd og sjálfsmat. Í rannsókninni kom fram að hlutfallslega flestir hinna atvinnulausu höfðu unnið við fiskvinnslu og fiskveiðar og komu hér fram árstíðabundnar sveiflur í þessum atvinnugreinum. Flestir hinna atvinnulausu höfðu aðeins lokið grunnnámi og voru yngri en 25 ára.

Arnór Guðmundsson (1994) rannsakaði áhrif aukinnar atvinnuþátttöku kvenna á atvinnuleysi á Íslandi á tímabilinu 1992–93. Arnór studdist við vinnumarkaðskannanir Hagstofunnar og komst að þeirri niðurstöðu að atvinnuþátttaka kvenna hefði aukist á fyrrgreindu tímabili þrátt fyrir aukið atvinnuleysi. Tölfræðilega marktæk aukning kemur fram í almennri atvinnuþátttöku kvenna í yngri aldurshópum. Virk atvinnuþátttaka þeirra óx einnig, þó svo að ekki væri um tölfræðilega marktæka aukningu að ræða. Aukin menntun styrkir stöðu kvenna á vinnumarkaði, en hins vegar dregur úr atvinnuþátttöku karla í öllum menntunarflokkum. Sókn kvenna á vinnumarkaði er þó fyrst og fremst bundin við þjónustugreinar.

Þórdís Jóna Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason (2000; Þóroddur Bjarnason og Þórdís J. Sigurðardóttir, 2002) hafa rannsakað áhrif atvinnuleysis á andlega líðan ungs fólks á aldrinum 18–24 ára á Norðurlöndum og í Skotlandi. Þau kanna sérstaklega hvaða áhrif félagslegur stuðningur, einkum foreldra, og fjárhaglegur skortur hefur á líðan ungmenna. Niðurstöður þeirra leiða í ljós að fjárhagslegur skortur er helsti valdur andlegra erfiðleika meðal atvinnulausra ungmenna. Slíkir erfiðleikar minnka þegar ungmennin fá fast starf eða fara aftur í skóla, en ekki þótt þau fái tímabundna atvinnu eða annist heimilishald. Andlegur stuðningur foreldra hefur mikla þýðingu fyrir ungt fólk, en slíkur stuðningur getur þó í ákveðnum tilvikum íþyngt atvinnulausum ungmönnum og aukið andlega erfiðleika þeirra. Athyglisvert er að andlegir erfiðleikar virtust vera minnstir meðal atvinnulausra danskra ungmenna, en mestir meðal íslenskra ungmenna án atvinnu. Höfundar telja að atvinnuleysi kunni að hafa minni áhrif í löndum á borð við Danmörku þar sem langvarandi atvinnuleysi er algengt og viðurkennt meðal almennings, en það sé síður raunin í löndum þar sem atvinnuleysi er lítið.

Vinnustaðir og vald

Atvinnulýðræði

Félagsfræðingar í norðanverðri Evrópu hafa mikið fjallað um atvinnulýðræði í rannsóknum sínum, þ.e. um sjálfstjórn starfsfólks, fyrirtæki í eigu starfsfólks, verkamannaráð og aðild stéttarféлага að ákvörðunum fyrirtækja (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1992b). Hér á landi hefur lítið verið fjallað um slík efni. Þorleifur Friðriksson og Gestur Guðmundsson (1990) hafa þó gert ítarlega greiningu á atvinnulýðræði á Íslandi. Niðurstæða þeirra er sú að atvinnulýðræði sé mjög takmarkað hér á landi og aðeins hafi örfáar tillögur verið gerðar um það efni meðal

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

stjórnámálanna eða innan íslenskrar verkalýðshreyfingar. Greining þeirra miðar að því að skýra hvað valdi því að áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækja eða launþegastjóðir hafi ekki verið meðal mikilvægra málefna íslenskrar verkalýðshreyfingar eða í almennri umræðu. Gestur og Þorleifur skýra sérstöðu Íslands í fyrsta lagi með síðbúinni þróun íslensk efnahagslífs, háu hlutfalli sjávarafurða í útflutningi og fjölda smárra fyrirtækja. Í öðru lagi benda þeir á hinar miklu efnahagssveiflur sem ríktu í íslensku atvinnulífi allt til ársins 1990. Í þriðja lagi nefna þeir mikinn félagslegan hreyfanleika. Að lokum benda þeir á að íslenskt flokkakerfi sé mjög frábrugðið flokkakerfi annarra Norðurlandabjóða.

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1992a) kemst að svipaðri niðurstöðu og þeir Gestur og Friðrik í umfjöllun sinni um atvinnulýðræði í prentiðnaði á Íslandi og í Svíþjóð. Atvinnulýðræði í Svíþjóð og sænskum prentiðnaði er mjög mikið en að sama skapi lítið á Íslandi. Hér á landi var lítið samráð haft við bókagerðarmenn og þeir voru sjaldnast upplýstir um fyrirhugaðar breytingar í rekstri fyrirtækja.

Tækniþróun og líðan starfsfólks

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1992a) ber í doktorsritgerð sinni saman sérkenni vélvæðingar í prentiðnaði í Svíþjóð og á Íslandi og athugar tengsl vélvæðingar og vinnuskiptulags, einkum með tilliti til verkaskiptingar, stjórnunar og samskipta á vinnustað. Tengsl vélvæðingar og starfsmannafjölda, hæfniskrafna og vinnuafls greinarinnar eru einnig rannsökuð. Sérstaklega er hugað að þjóðlegum sérkennum í útfærslu vinnuskiptulags og árangurs í atvinnugreininni í löndunum tveimur. Sýnd er framvinda þessara mála á tímabilinu 1950–88, en á seinni hluta tímabilsins hafði offsettæknin umbylt flestum þáttum prentiðnaðar. Höfundur styðst við margskonar rannsóknaraðferðir, svo sem fyrirbyggjandi gögn (ritaðar heimildir, opinberar heimildir, skjöl stéttarfélaga), kannanir, viðtöl og þátttökuathugun í fjórum prentsmiðjum. Helstu niðurstöður eru þær að vélvæðing prentiðnaðar er svipuð á Íslandi og í Svíþjóð og áhrif hennar eru svipuð í báðum löndum á vinnuskiptulag, hæfniskröfur og verkaskiptingu. Hins vegar kom fram mikill munur milli landanna hvað varðar skipulag starfsmenntunar, atvinnulýðræðis, launamála og afskipta ríkisvalds af atvinnulífi. Þannig var heildarhyggja og lögbundin stýring atvinnulífs mun algengari í Svíþjóð en á Íslandi, þar sem einstaklingshyggja og óskorað vald atvinnurekenda var einkennandi.

Ingi Rúnar Eðvarðsson (1994) hefur einnig fjallað um bókagerð á Íslandi frá upphafi árið 1530 til síðari hluta 20. aldar í fræðilegu samhengi iðnþróunar og vinnuferlisgreiningar. Í þessu verki ræðir hann um tækni- og skipulagsbreytingar og nýjar vinnuaðferðir í prentun, bókbandi, prentmyndagerð og offsetprentun frá upphafi þessara greina á Íslandi til síðari hluta 20. aldar. Allt fram á 20. öld laut íslenskur prentiðnaður lögum handverksins og var reyrdur á klafa hefðbundins

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

bændaþjóðfélags. Með tilkomu iðnbyltingar á 20. öld fjölgaði prentsmiðjum og bókagerðarmönnum mjög og vélvæðing hófst í greininni. Framleiðni jókst og verkefnum fjölgaði. Miklar breytingar urðu í prentiðnaði með tilkomu nýrrar offset-tækni á áttunda og níunda áratug 20. aldar. Í kjölfarið jókst litaprentun mjög, svo og verkaskipting þar sem ófaglærðum konum fjölgaði við setningu. Þróun setningar hér á landi fellur vel að kenningum Bravermans (1974) um afhæfingu vinnunnar.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2000, 2001) er fyrsti íslenski félagsfræðingurinn sem fengist hefur við að rannsaka áhrif tækni á líðan starfsfólks. Nánar er fjallað um rannsóknir hennar á slíkum áhrifum á líðan fólks í fiskvinnslu í kaflanum um félagsfræði sjávarútvegs (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004).

Kynferðisleg áreitni

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Stefanía Traustadóttir (1998) fjalla um kynferðislega áreitni á vinnustöðum í skýrslu sem unnin var að tilhlutan félagsmálaráðuneytisins og framkvæmd af Vinnueftirliti ríkisins og Skrifstofu jafnréttismála. Byggt var á könnun meðal 970 starfsmanna í átta stéttarfélögum. Þar kom fram að 36% svarenda hefðu einhverju sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað – 16% karla og 39% kvenna. Ef kynferðisleg áreitni hafði átt sér stað að dómi svarenda var oftast um að ræða óvelkomna snertingu um arma, axlir eða mitti, næst oftast átti sér stað óvelkomin kynferðisleg snerting, svo sem káf, strokur eða klíp, en þriðja algengasta form kynferðislegrar áreitni voru klámbrandarar eða annað klámefni sem svarendur máttu þola. Algengustu viðbrögð þolenda við áreitninni voru reiði og undrun. Mikill meirihluti þolenda leitaði sér engrar aðstoðar vegna áreitninnar, en algengast var að menn bæru því við að það væri ekki til siðs að leita hjálpar eða að það væri óþarfi. Algengast var að starfsfólk væri kynferðislega áreitt af karlkyns samstarfsmanni (49%), eða karlkyns yfirmanni (38%). Guðbjörg Linda og Stefanía benda loks á leiðir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum.

Hagsmunasamtök á vinnumarkaði

Íslenskir félagsfræðingar hafa nokkuð fengist við að rannsaka stéttarfélög og hagsmunasamtök hér á landi. Í doktorsritgerð sinni fjallar Ingólfur V. Gíslason (1990) um upphaf og þróun hagsmunasamtaka íslenskra atvinnurekenda á árunum 1894–1934. Ingólfur leitar skýringa á því hve sundraðir og veikir íslenskir atvinnurekendur eru sem hagsmunahópur með greiningu á umskiptum íslensks þjóðfélags frá landbúnaðarsamfélagi til iðnaðarsamfélags, þar á meðal breytingum á efnahagslífi, stjórnmálum, hlutverki ríkisvalds, tæknibreytinga og fólksfjölgunar. Meginhluti rannsóknarinnar fjallar um upphaf og hnignun margra hagsmuna-

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

samtaka atvinnurekenda frá stofnun Útgerðarfélagsins við Faxaflóa árið 1894 til ársins 1934 er Vinnuveitendasamband Íslands var stofnað. Helstu ástæður þess að illa gekk að sameina íslenska atvinnurekendur í sterk hagsmunasamtök á landsvísi eru að mati Ingólfs í fyrsta lagi sundurleysi og hagsmunaandstæður atvinnurekenda í fyrstu. Í öðru lagi nefnir Ingólfur landfræðilega einangrun og tryggð við hefðir fyrri tíma. Þá var sá hópur fálíðaður sem taldi sig tilheyra stétt atvinnurekenda á fyrstu áratugum 20. aldar. Ingólfur bendir á að það voru kaupmenn í Reykjavík og nágrenni sem voru kjarninn í stofnun hagsmunasamtaka atvinnurekenda, en hlutur landeigenda – hinnar gömlu valdastéttar – var mun minni.

Ingólfur V. Gíslason (1994) hefur einnig ritað sögu Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík og nágrenni. Ingólfur rekur 60 ára sögu félagsins, sem var eitt stærsta verkalýðsfélag landsins. Hann fjallar um samfélagsbreytingar á Íslandi við upphaf 20. aldar og rekur hvernig handverk vék smám saman fyrir verksmiðjuvinnu. Hann getur einnig um þá örðugleika sem mættu brautryðjendum félagsins og verkföllum sem háð voru til að tryggja verkafólki rétt til samtakamyndunar. Ennfremur fjallar Ingólfur um pólitísk átök innan félagsins og í verkalýðshreyfingunni sem heild. Þungamiðja frásagnarinnar er barátta félagsins fyrir bættum kjörum iðnverkafólks og gerir Ingólfur ítarlega grein fyrir þeim átökum sem urðu við atvinnurekendur. Loks fjallar Ingólfur um þróun síðustu áratuga, einkum stofnun Landssambands iðnverkafólks, lífeyrissjóð og starfsmenntun í iðnaði. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að launakjör, vinnuaðstæður og húsnæðis- og menntunarmál verkafólks séu um þessar mundir mun betri en stofnendur Iðju þekktu. Jafnframt hafi atvinnuöryggið einnig aukist með tryggari uppsagnarákvæðum og atvinnuleysistryggingum.

Í doktorsritgerð sinni fjallar Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1995) um stöðu verkakvennafélaga í kynjuðu samfélagi. Þar greinir hún frá eðli og þróun íslensks vinnumarkaðar og vinnumenningar og kynjun vinnumarkaðarins með tilliti til atvinnuþátttöku, starfa og launa. Þá fjallar hún um þróun verkakvennafélaga og telur að vöxt þeirra megi rekja til andstöðu karla við réttindabaráttu kvenna á vinnumarkaði og hugmynda um að sérstökum málefnum kvenna væri best sinnt í kvennafélögum. Guðbjörg Linda kemst að þeirri niðurstöðu að störf kvenna séu einhæfari og staðbundnari en karla. Fjölbreytt viðfangsefni og hreyfanleiki karlanna gefur þeim betri yfirsýn yfir það sem er að gerast á vinnustaðnum. Konur og karlar í fiskvinnslu eru gagnrýnin á verkalýðsfélög sín og telja að þau hafi lítil áhrif á aðstæður sínar þar sem hin raunverulegu völd innan verkalýðshreyfingarinnar sé að finna innan Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Þau taki því lítinn þátt í starfi félaganna og finnst lítil munur á áherslum milli þeirra. Þetta stangast á við viðhorf forystukvenna Framsóknar sem telja mun milli verkalýðsfélaganna mikinn og endurspegla ólík starfsskilyrði og gildismat

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

útivinnandi karla og kvenna. Bæði fiskverkakonur og forystukonur í Framsókn töldu hins vegar að ASÍ væri karlstýrð hreyfing þar sem sjónarmið kvenna ættu erfitt uppdráttar.

Guðbjörg Linda (1995) fjallar ennfremur um stöðu verkakvennafélaga og telur grundvöll fyrir þeim góðan. Þetta byggir hún á launamun kynjanna og ólíkum aðstæðum kynjanna heima fyrir. Hins vegar telur hún að staða Framsóknar sé of veik og félagið þurfi að reka sterkari stéttarfélags- og kvennapólitík. Takist það ekki telur Guðbjörg Linda að sennilega sé betra fyrir konur að tilheyra blönduðum félögum þar sem þær geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Loks hefur Ingi Rúnar Eðvarðsson (1997a) fjallað um stofnun stéttarfélaga, kjarabaráttu og helstu áfanga í 100 ára baráttu bókagerðarmanna fyrir bættum lífskjörum. Hann greinir frá sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar, en prentarar voru brautryðjendur í verkalýðsbaráttu hér á landi sem erlendis. Þeir stofnuðu Hið íslenska prentarafélag 4. apríl 1897, komu á fót fyrsta sjúkrasamlagi hér á landi 1897, og undirrituðu fyrstu samningana um sumarleyfi, veikindadagaákvæði, átta stunda vinnudag og fleiri kjarabætur. Bókbindarar, prentmyndasmiðir og offsetprentarar fylgdu í kjölfar prentara með stofnun félaga og kjarabaráttu. Í bókinni er einnig að finna mikilvægan vitnisburð um sögu íslenskra verkalýðsfélaga, verkalýðshreyfingar og verkalýðsbaráttu fyrir bættum lífskjörum. Bókin fjallar ennfremur um lýðræði innan félaga bókagerðarmanna, enda hafa bókagerðarmenn víða um heim skipulagt félagasamtök sín með lýðræðislegri hætti en aðrar stéttir verkafólks. Í þeirri greiningu styðst Ingi Rúnar við rannsókn Lipsets, Colemans og Trow (1956) á lýðræði innan bandarískra prentarasamtaka.⁴

Staða og framtíð íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði

Atvinnulífsfélagsfræði fjallar um stofnanir atvinnulífsins og skipulag þeirra ásamt tengslum við aðrar þjóðfélagslegar stofnanir. Upphafsmenn félagsfræðinnar – Marx, Weber og Durkheim – fjölluðu allir um atvinnu og efnahagslíf er þeir greindu iðnvæðingu Evrópu á 19. öld. Sérstök fræðigrein tók að mótask erlendis á fjórða áratug 20. aldar. Íslenskir félagsfræðingar hófu að rannsaka atvinnulíf og störf á áttunda og níunda áratug 20. aldar, enda félagsfræðin ung fræðigrein hér á landi.

Hér að framan hefur komið fram að íslenskir félagsfræðingar hafa víða komið við í rannsóknum á íslensku atvinnulífi. Má þar nefna prentiðnað og fiskiðnað, vinnumarkað, almenna þróun atvinnulífs, tækniþróun, vinnumenningu, stöðu kvenna í atvinnulífi, atvinnulíf á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð, starfsmenntun

⁴ Þess má geta hér að Þór Indriðason (1996) hefur ritað sögu atvinnulífs og stjórn mála á Húsvík á árunum 1885–1985. Þá fjallaði mastersritgerð Halldórs Grönvold (1983) um Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hann lauk námi í industrial relations við Warwick-háskóla í Bretlandi árið 1983.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

og hagsmunasamtök. Knýjandi þörf er hins vegar á því að rannsaka heildarþróun íslensks atvinnulífs, þ.e. að raða saman þeim þekkingarbrotum sem fyrir eru. Einnig eru margar mikilvægar atvinnugreinar sem enn liggja óhreyfðar utan rannsóknargarðs, svo sem líftækni og hugbúnaðargerð og flestar þjónustugreinar. Íslenskir félagsfræðingar hafa ennfremur lítið fengist við skipulagsfræði og er það miður. Þá hafa íslenskir félagsfræðingar lítt fengist við mikilvægustu breytingar í atvinnulífi seinni áratuga, þ.e. hnattvæðingu og áhrifa hennar á íslenskt atvinnulíf og þróun samfélags og atvinnulífs í átt að þekkingarsamfélagi.

Hefur íslensk vinnufélagsfræði eitthvert svipmót sem kalla mætti þjóðlegt? Svo er ekki þegar lítið er til kenninga og aðferða íslenskra félagsfræðinga. Í flestum tilvikum má segja að íslenskir félagsfræðingar hafi fengist við að færa erlendar kenningar og aðferðir yfir á íslenskt atvinnulíf. Þannig má í verkum íslenskra félagsfræðinga auðveldlega rekja áhrif klassískra kenninga Marx (t.d. Gestur Guðmundsson, 1989; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1992a) og Webers (María J. Ammendrup, 1998; Stefán Ólafsson, 1996), þótt áhrif Durkheims séu hverfandi í íslenskri atvinnulífsfélagsfræði. Þar gætir einnig áhrifa Bravermans og vinnuferlisskólans (t.d. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1992a) og kenningar Daniels Bell um framtíðarþróun atvinnulífs (t.d. Arnór Guðmundsson, 1994; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1997b; Stefán Ólafsson, 1992). Þar er einnig að finna nýjar áherslur innan kynjafræða (t.d. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995, 2001) og fræðilega umræðu um aukinn sveigjanleika fyrirtækja í anda Piore og Sabel og Atkisons (t.d. Gestur Guðmundsson, 1998; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2001; Stefán Ólafsson, 1992a).

Við rannsóknir sínar hafa íslenskir atvinnulífsfélagsfræðingar beitt spurningalistakönnunum, viðtölum, opinberum talnagögnum og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Spurningalistakannanir eru hér þó algengastar eins og annars staðar á Norðurlöndum, og gætir þar mjög bandarískra áhrifa. Þessar aðferðafræðilegu áherslur í anda pósitívisma hafa verið mjög áberandi í norrænni atvinnulífsfélagsfræði eftir síðari heimsstyrjöld (Berglind og Tunevall, 1982). Þegar lítið er til framtíðar væri æskilegt að íslenskir félagsfræðingar notuðu fleiri aðferðir í rannsóknum sínum. Það á ekki síst við um eigindlegar aðferðir, svo sem djúpvíðtöl og þátttökuathugun á vinnustöðum.

Sérstaða íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði hefur mótast af íslensku atvinnulífi og því tímaskeiði þegar íslenskir félagsfræðingar hófu að nema slík færði. Þetta hefur haft mikil áhrif á verkefnaval og rannsóknaraðferðir félagsfræðinga á þessu sviði. Um 1960 tengdust þannig til dæmis mörg rannsóknarviðfangsefni tækni og tæknibreytingum, en um 1990 tengdust þau mörg hver nýjum skipulagsformum og nýskipan atvinnulífs.

Eins og fram hefur komið hefur margt áunnist á liðnum árum á sviði félagsfræði atvinnulífs á Íslandi. Íslenskir félagsfræðingar hafa unnið markvisst að því að

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

greina sérkenni íslensks atvinnulífs og bent á leiðir til framfara. Þrátt fyrir það hafa margir þeirra sem numið hafa slík fræði við erlenda háskóla snúið sér að öðrum viðfangsefnum hin síðari ár. Þá er það áhyggjuefni að fáir íslenskir námsmenn leggja nú stund á framhaldsnám í félagsfræði atvinnulífs. Atvinnulífsfélagsfræðin á sér ótryggari sess innan íslenskra háskóla en margar aðrar greinar félagsfræðinnar, að því undanskildu að hún er hluti af atvinnulífsfræðum sem kennd eru sem 30 eininga aukagrein við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Stjórnvöld hafa lítið lagt af mörkum til að koma á fót rannsóknarstofnunum sem rannsaki skipulag og þróun atvinnulífs í anda atvinnulífsfélagsfræðinnar. Það er því afar brýnt að íslenskir félagsfræðingar fylki liði og sækji fram á sviði kennslu og rannsókna á þessu sviði félagsfræðinnar. Þjálfun og greiningarhæfni félagsfræðinga eru nauðsynleg í íslensku samfélagi þegar hnattvæðing færir í vöxt, tæknibreytingar eru linnulausar og atvinnulíf tekur sífelldum stakkaskiptum.

ABSTRACT IN ENGLISH

This chapter discusses the international development of the sociology of work and the major contributions of Icelandic sociologists to this field. Among issues covered are attitudes toward work, work culture and the impact of historical traditions on the organization of work. The effects of technology and management on employee work satisfaction, productivity and interactions in the workplace also. The chapter furthermore addresses workplace and social control, associations in the Icelandic labor market and the development of work and society. The division of labor and the changing occupational structure of Iceland are discussed, as well as the effects of the Icelandic educational system and vocational training. Finally the status and future of Icelandic sociology of work is evaluated.

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Arnór Guðmundsson. 1994. „Atvinnuþátttaka kvenna og atvinnuleysi á Íslandi.“ *Íslensk félagsrit*, 5–6, 5–22.
- Árelía Eydís Guðmundsdóttir. 2001. *Íslenskur vinnumarkaður á umbrotatímum: Sveigjanleiki skipulagsbeilda, stjórnun og endurskipulagning efnabagslífsins*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Árni Sverrisson. 1993. *Evolutionary technical change and flexible mechanization: Entrepreneurship and industrialization in Kenya and Zimbabwe*. Lund: Lund University Press.
- Bell, Daniel. 1973. *The Coming of Post-Industrial Society. A Venture in Social Forecasting*. New York: Basic Books.
- Berglund, Hans og Carl M. Tunevall. 1982. *Arbetssociologi i de Nordiska länderna*. Stockholm: Liber förlag.
- Blau, Peter M. og W. Richard Scott. 1963. *Formal Organizations: A Comparative Approach*. London: Routledge and Keagan Paul.
- Blauner, Robert. 1964. *Alienation and Freedom: The Factory Worker and his Industry*. Chicago: University of Chicago Press.
- Braverman, Harry. 1974. *Labor and Monopoly Capital: The Degradation of Work in the Twentieth Century*. New York: Monthly Review Press.
- Brown, J.A.C. 1980. *The Social Psychology of Industry*. New York: Penguin.
- Burawoy, Michael. 1985. *The Politics of Production*. London: Verso.
- Castells, Manuel. 2001. *The Internet Galaxy. Reflections on the Internet, Business, and Society*. Oxford: Oxford University Press.
- Clegg, Stewart R. 1990. *Modern Organizations. Organization Studies in the Postmodern World*. London: Sage Publications.
- Daft, Richard L. 2001. *Organization Theory and Design*. South-Western.
- Durkheim, Emile. 1933. *The Division of Labour in Society*. New York: Free Press.
- Edwards, Richard. 1979. *Contested Terrain: The Transformation of the Workplace in the Twentieth Century*. London: Heinemann.
- Etzioni, Amitai. 1961. *The Comparative Analysis of Complex Organizations*. New York: Free Press.
- Florida, Richard og Martin Kenney. 1991. „Organization vs. culture: Japanese automotive transplants in the US.“ *Industrial Relations Journal*, 22, 181–96.
- Friedman, Andrew L. 1977. *Industry and Labour: Class Struggle at Work and Monopoly Capitalism*. London: Macmillan.
- Gerður G. Óskarsdóttir. 2000. *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gerth, Hans H. og C. Wright Mills. 1958. *From Max Weber: Essays in Sociology*. New York: Oxford University Press.
- Gestur Guðmundsson. 1989. „Verkmenntun Íslendinga.“ *Þjóðmál: Árbók um samfélagsmál*, 1, 110–215.
- Gestur Guðmundsson. 1993. *Þróun starfsmenntunar á frambaldsskólastigi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti og Sammennt.
- Gestur Guðmundsson. 1998. „Old wine in new bottles: The concepts of competence and qualification.“ Í D. Fleming, P. Kettunen, H. Søborg og C. Thörnqvist (ritstj.), *Global Redefining of Working Life: A New Nordic Agenda for Competence and Participation?* København: Nordisk ministerråd.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Stefán Ólafsson. 1993. *Atvinnulausir á Íslandi 1993*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 1995. *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning: Diskussion kring kvinnliga fackföreningar på Island*. Lund: Lund University Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2001. *Hér liggur fiskur undir steini: Um ábrif tækni á vinnuskipulag og líðan fólks í fiskvinnslu*. Reykjavík: Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2000. „Ny teknologi och organisering av arbetet inom fiskeriet.“ *Arbete, Människa, Miljö & Nordisk Ergonomi* 1, 27–32.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2004. „Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll.“ *Birtist í þessu riti*.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Stefanía Traustadóttir. 1998. *Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála og Vinnueftirlit ríkisins.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. 1997. „Arbetsnorm, kön och kunskap inom fiskeriet.“ *Sociologisk Forskning*, 3, 46–58.
- Guðmundur Finnbogason. 1917. *Vinnan*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. 1995. *Industrial Relations in Iceland: Conflicts and Collective Bargaining in the Private Sector*. Óbirt mastersritgerð við Warwick-háskóla, Bretlandi.
- Halldór Grönvold. 1983. *The Federation of State and Municipal Employees' Unions (BSRB) and Public Sector Industrial Relations in Iceland 1942–1982*. Óbirt masterritgerð við Warwick-háskóla, Bretlandi.
- Hildur Björk Svavarsdóttir. 2002. *Þróun og kröfur um færni í 100 störfum í íslensku atvinnulífi*. MA-ritgerð í félagsfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.
- Hofstede, Geert. 1984. *Culture's Consequences: International Differences in Work-related Values*. Beverly Hills, CA: Sage Publications.
- Hofstede, Geert. 1991. *Cultures and Organizations*. London: McGraw-Hill.
- Huczynski, Andrzej og David A. Buchanan. 2001. *Organizational Behaviour: An Introductory Text*. London: Prentice Hall.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1992a. *Printing in Action: General Printing in Iceland and Sweden*. Lund: Lund University Press, 1992.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1992b. „Framtíðarskipan vinnu: Þróun iðnaðar, verkaskiptingar og vinnumarkaðar.“ *Skírnir*, 166, 389–406.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1994. *Prent eftir mennt: Saga bókagerðar frá upphafi til síðari hluta 20. aldar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1997a. *Samtök bókagerðarmanna í 100 ár. Þeir byrjuðu ótrauðir, bundust í lög*. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1997b. „Upplýsingasamfélag, sveigjanleiki, og atvinnulíf. Breytingar á íslenskum vinnumarkaði.“ *Íslensk félagsrit* 1995–1997, 101–124.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1998. „Atvinnutækifæri og byggðapróun.“ *Sveitarstjórnarmál*, 58(2), 88–94.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 1999. „Öldrun Íslendinga, stjórnun fyrirtækja og vinnumarkaður 21. aldar.“ *Fjármálatíðindi*, fyrra hefti, 1999.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2000. „Þjónusta og íslenskt atvinnulíf: Vöxtur og þróun þjónustustarfsemi.“ *Íslensk félagsrit*, 10–12, 1–21.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2001. „Regional labour market performance in Iceland in the 1990s.“ Í L.O. Persson (ritstj.), *Local Labour Market Performance in Nordic Countries*. Stockholm: Nordregio.
- Ingólfur V. Gíslason. 1990. *Enter the Bourgeoisie: Aspects of the Formation and Organization of Icelandic Employers 1994–1934*. Lund: Forlag höfundar.
- Ingólfur V. Gíslason. 1994. *Bjarmi nýrrar tíðar: Saga Iðju, félags verksmiðjufólks, í 60 ár*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ívar Jónsson. 2002. *Nýsköpun og svæðisbundnir fyrirtækjaklasar*. Bifröst: Viðskiptaháskólinn á Bifröst.
- Ívar Jónsson. 1988. *Tækniþróun og samkeppnisstaða: Smáritki og nýja tæknin*. Reykjavík: Félags- og hagvísindastofnun Íslands.
- Jaffe, David. 2001. *Organization Theory: Tension and Change*. Boston, MA: McGraw-Hill.
- Jóhann Hauksson. 2000. „Mentality is half of perception: Guðmundur Finnbogason – Icelandic pioneer in sociology.“ *Acta Sociologica*, 43, 307–316.
- Jón Torfi Jónasson. 1992. „Menntun og atvinnulíf.“ Í *Menntun og atvinnulíf*. Reykjavík: Sammennt og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnadóttir. 1999. *Símenntun á Íslandi: Yfirlit yfir nám fólks á*

UPPRUNI OG ÞRÓUN ÍSLENSKRAR ATVINNULÍFSFÉLAGSFRÆÐI

- aldrinum 18–75 ára og athugun byggð á námsskeiðssókn vorið 1998.* Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Kern, Horst og Michael Schumann. 1973. *Industriearbeit und Arbeiterbewußtsein*. Frankfurt.
- Kern, Horst og Michael Schumann. „The limits of the division of labour.“ *Economic and Industrial Democracy*, 8, 151–170.
- Lipset, Seymour M., James Coleman og Martin A. Trow. 1956. *Union Democracy – The Internal Politics of the International Typographical Union*. New York: Anchor Books.
- María J. Ammendrup. 1998. *Vinnuviðhorf Íslendinga*. MA-ritgerð í félagsfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.
- Marx, Karl. 1975. *Early writings*. New York: Penguin Books.
- Marx, Karl. 1976. *Capital, Volume 1*. New York: Penguin Books.
- Mayo, Elton. 1945. *The Social Problems of an Industrial Civilization*. Cambridge: Harvard University Press.
- Merton, Robert K. 1940. „Bureaucratic structure and personality.“ *Social Forces*, 18, 560–568.
- Mouzelis, Nicos P. 1975. *Organisation and Bureaucracy*. London: Routledge & Keagan Paul.
- Offe, Claus. 1985. *Disorganized Capitalism*. Cambridge: Polity Press.
- Penn, Roger. 1985. *Skilled Workers in the Class Structure*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Piore, Michael J. og Charles F. Sabel. 1982. *The Second Industrial Divide*. New York: Basic Books.
- Roethlisberger, Fritz J. og William J. Dickson. 1939. *Management and the Worker*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Stefán Hrafn Jónsson. 2004. „Lýðfræði Íslands.“ *Birtist í þessu riti*.
- Stefán Ólafsson. 1996. *Hugarfar og bagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1993. *Forsendur framfara í íslensku atvinnulífi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1992a. „Þróun atvinnulífs: Kenningar um nýsköpun atvinnulífs og menntun í þróuðum löndum.“ Í *Menntun og atvinnulíf*. Reykjavík: Sammennt og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1992b. „Þróun atvinnutækifæra á Íslandi.“ *Menntun og atvinnulíf*. Reykjavík: Sammennt og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stehr, Nico. 1994. *Knowledge Societies*. London: Sage Publications.
- Thompson, Paul. 1982. *The Nature of Work*. Houndsmills: MacMillan.
- Thompson, Paul og David McHugh. 1995. *Work Organisations. A Critical Introduction*. London: Macmillan Business.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2000. „Gender construction at work in Icelandic fish plants.“ *Nora*, 8, 5–16.
- Walker, Charles R. og Robert H. Guest. 1952. *Man on the Assembly Line*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Weber, Max. 1976. *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*. London: George Allen & Unwin.
- Wood, Stephen (ritstj.). 1982. *The Degradation of Work: Skill, Deskill and the Labour Process*. London: Hutchinson.
- Wood, Stephen, ritstj. 1989. *The Transformation of Work?* London: Hutchinson.
- Woodward, Joan. 1958. *Management and Technology*. London: HMSO.
- Þorleifur Friðriksson og Gestur Guðmundsson. 1990. „Klassesamarbejde i Island: Underudvikling eller egne veje?“ Bls. 327–435 í D. Fleming (ritstj.), *Industriell demokrati i Norden*. Lund: Arkiv.
- Þór Indriðason. 1996. *Fyrir ofan bakka og neðan*. Húsavík: Verkalýðsfélag Húsavíkur.
- Þórdís J. Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason. 2000. „Psychological distress among youth during unemployment and beyond.“ Bls. 53–65 í A. Furlong og T. Hammer (ritstj.), *Youth Unemployment and Marginalization in Northern Europe*. Oslo: Nova.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þóroddur Bjarnason og Þórdís J. Sigurðardóttir. 2002. „The role of perceived social support and deprivation in psychological distress in unemployment and beyond: A six country comparative study of youth.“ *Social Science and Medicine*, 65, 973–985.

Örn D. Jónsson. 1992. „Samkeppnisstaða Íslands og nýsköpunarmöguleikar komandi ára. Í *Menntun og atvinnulíf*.“ Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF: FÉLAGSFRÆÐILEGUR SJÓNARHÓLL

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Þó að sjávarútvegurinn tengist sterkt íslenski þjóðernisvitund, má víða greina mótsagnir í þáttum er tengjast ímynd hans. Enn eru skipstjórnir efstir í virðingargestiga sjávarþorpanna, þótt deilt sé um það innan fræðanna hve vísindalega þeir standa að veiðunum. Kynjabundnar staðalmyndir eru óvíða eins sterkar og í sjávarútvegi og þar njóta störf karla almennt meiri virðingar en störf kvenna. Samfara aukinni áherslu á hátækni og sjálfvirkni við fiskvinnslu og fiskeiðar hefur verið unnið að því að bæta ýmsa þætti vinnuumhverfisins. Hins vegar hefur andlegt og félagslegt álag starfsmanna aukist við breytingarnar og dregið hefur úr áhuga Íslendinga gagnvart því að vinna við sjávarútveg, einkum fiskvinnslu.

Inngangur

Hægt er að fjalla um sjávarútveginn út frá mörgum mismunandi sjónarhólum félagsfræðinnar. Hjá þjóð þar sem sjávarútvegur er eins ríkjandi og þar sem hafið og fiskveiðar hafa gegnt jafn mikilvægu hlutverki við sköpun þjóðernisvitundar og raunin er á Íslandi, má teljast eðlilegt að greinar á sviði félagsvísinda skoði ýmsar hliðar sjávarútvegsins. Hér á landi hafa fræðimenn, einkum á sviði félagsfræði og mannfræði, fengist við sjávarútvegsmál út frá þáttum er lúta að atvinnulífsfræðum, vinnuvistfræði, kynjafræðum, efnahagsmálum, búsetumálum og menntunarmálum svo dæmi séu nefnd. Í þessum kafla er gerð grein fyrir rannsóknum á þessu sviði sem birtar hafa verið síðastliðin 20 ár, þótt ekki megi líta á þetta sem tæmandi yfirlit. Í ljósi þess að sjávarútvegur er ekki hluti af hefðbundnu fræðasviði félagsfræðinnar verður umfjöllun um erlendar rannsóknir fyrirferðarminni en ella. Vegna þess hve rannsóknirnar sem fjallað verður um eru af ólíkum toga, markar fræðileg umræða þeirra ekki heild og verður því fléttuð inn í umfjöllun um rannsóknarniðurstöðurnar.

Ímynd sjómanna

Miklar breytingar hafa átt sér stað í sjávarútvegi á undanförunum árum á Íslandi eins og annars staðar við Norður-Atlantshafið. Þessar breytingar stafa að hluta til af þáttum sem einkenna einnig aðrar atvinnugreinar. Hér má nefna aukna áherslu á hagræðingu, alþjóðavæðingu og fjárfestingar í hátækni. Hins vegar er um að ræða

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

sértækar breytingar sem rekja má til nýrra áherslna við stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu sem þó byggja einnig á hugmyndum um hagræðingu og samkeppni.

Þrátt fyrir að sjávarútvegurinn tengist mjög íslenskri þjóðernisvitund og hafi lagt grunninn að velmegun þjóðarinnar á 20. öldinni má víða greina sterkar mót-sagnir í þáttum er lúta að ímynd sjávarútvegs. Þannig má nefna að á sama tíma og fiskvinnslufólk bendir á mikilvægi fiskvinnslunnar og þá virðingu sem slík störf ættu að njóta, þá letur sama fólk nákomna ættingja til þess að leggja þennan starfs-vettvang fyrir sig í framtíðinni (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Einnig bendir Unnur Dís Skaptadóttir (2000a) á að almennt hafi verið litið niður á þau störf sem tengjast sjávarútvegi alla 20. öldina, þrátt fyrir að sjómenn hafi á sama tíma haft táknræna stöðu sem þjóðhetjur. Einkum átti það við um aflakóna sem komu að landi með fullfermi af helsta verðmæti þjóðarinnar, fiski.

Unnur Dís (2000a) bendir á að í óskalaþætti sjómanna sem spilaður var vikulega í ríkisútvarpinu allt fram á níunda áratug síðustu aldar hafi sjómönnum verið sendar kveðjur um leið og spiluð voru dægurlög þar sem sannri íslenskri karlmennsku var lýst. Þessi karlmennska einkenndist af ævintýramennsku og hetju-lund sjómanna, þeirra sem áttu í baráttu við óblíð náttúruöflin langt á hafi úti. Í dægurlagatextunum létu sjómennirnir sig einnig dreyma um lauslæti, konur og vín. Ímyndin um hetjur hafsins var sterk í mótun sjálfsmýndar ungra íslenskra karlmanna, einkum í sjávarþorpum víða um land á þessum tíma, og er enn í dag, þótt hún víki smám saman fyrir hugmyndum um ný og ólík tækifæri utan sjávarþorpanna (Unnur Dís Skaptadóttir, 2000a).

Sjómenn eru þó langt frá því að vera einsleitur hópur og virðing þeirra mótast meðal annars af því á hversu fengsælum skipum þeir eru og hvaða stöðu þeir gegna um borð. Skipstjórinn er efstur í virðingarstiga þess samfélags sem fiskiskipið er og hið sama má segja um stöðu skipstjóra í íslenskum þorpum við sjávarsíðuna. Í fræðunum er hins vegar tekist á um það hvort svokölluð skipstjóraáhrif (e. *skipper effect*) útskýri mismunandi stóran afla á milli skipa (Gísli Pálsson, 1989; Gísli Pálsson og Durrenberger, 1982; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993; Þórólfur Þórlindsson, 1988, 1994). Gísli Pálsson og Durrenberger (1982) og Gísli Pálsson (1989) færa rök fyrir því að hugmyndin um áhrif skipstjórans sem einstaklings sé byggð á goðsögn, að velgengnin helgist annars vegar af heppni og hins vegar af þáttum eins og sjósókn, stærð báta og reynslu sjómanna.

Þórólfur Þórlindsson hefur aftur á móti haldið því fram að persónuleg færni skipstjórans skipti miklu. Rannsóknir Þórólfs (1988) á skipstjórum síldarbáta sýna að áhrif skipstjórans útskýra á milli 35% og 49% af mismunandi aflafeng skipa á milli ára. Þórólfur Þórlindsson (1994) tekst einnig á við goðsagnir um að velgengni skipstjóra helgist af yfirnáttúrlegum eða dulrænum þáttum og sýnir fram á að störf skipstjóra séu um margt sambærileg störfum vísindamanna. Góðir skipstjórar séu

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

færir um að þróa kenningar og spá fyrir um hegðun margra dýrategunda sem tengjast sjónum, þeir „lesi“ umhverfið, litina í sjónum, hegðun fugla og hvala og túlki smáa og stóra þætti sem tengjast lífríki sjávarins hverju sinni. Til þess að geta notað skip og veiðarfæri fagmannlega þurfi þeir að beita bæði innsæi og rökhugsun. Skipstjórinn þurfi oft að taka margvíslegar og flóknar ákvarðanir á skömmum tíma sem geta haft áhrif á stærð aflans.

Menn deila hins vegar um hvernig þessar ákvarðanir eru best teknar (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993). Skipstjórinn safnar miklum gögnum eða upplýsingum meðan á veiðunum stendur. Hann veitir athygli mörgum smáatriðum og reynir á þann hátt að öðlast meiri þekkingu á hegðun fisksins og lífinu í sjónum. Athuganir skipstjórans stjórnast af því sem hann þegar veit um lífríki sjávarins og þá fisktegund sem hann vill veiða þá stundina. Þórólfur Þórlindsson (1994) bendir þó á að skipstjórarnir hafi ekki langt skólanám að baki og þekkinguna hafi þeir fyrst og fremst fengið með óformlegu námi. Þeir hafi að jafnaði tveggja ára nám frá stýrimannaskóla þar sem höfuðáhersla er lögð á siglingafræði. Þeir hafi almennt ekki hlotið menntun í fiskifræðum og læra ekki um hegðun ólíkra fisktegunda eða líffræði sjávarins. Oftast byrjar skipstjórinn starfsferilinn sem háseti, en eftir nám í stýrimannaskóla getur hann orðið stýrimaður og með tímanum skipstjóri. Hann lærir af öðrum skipstjórum með því að fylgjast með þeim við vinnu og með því að tala við fyrrum skipstjóra sem hætt hafa störfum. Engin formleg menntun á sér stað um borð í skipunum.

Þórólfur Þórlindsson (1994) notar hugtak Mertons (1973) samvinnu-samkeppni (e. *cooperative competition*) til að lýsa þróun og miðlun þekkingar meðal skipstjóra. Samkeppnin um aflann og sú óformlega þjálfun sem skipstjórar fá í fiskifræðum hvetur þá til að þróa eigin leiðir við fiskveiðarnar. Takist þeim vel til gefur það þeim forskot í samkeppninni við aðra skipstjóra. Öfugt við vísindamanninn sem fær frama sinn staðfestan með því að gefa út verk sín og lýsa þá um leið þeirri aðferðafræði sem notuð var, felst ávinningur skipstjórans fyrst og fremst í því að halda aðferðum sínum og jafnvel árangri leyndum fyrir öðrum.

Gísli Pálsson (1989) gagnrýnir rannsóknarniðurstöður Þórólfs Þórlindssonar um að persónuleg færni skipstjóra skipti miklu fyrir aflabrögðin og segir þær ganga í berhögg við rannsóknir sem sýni þvert á móti að sókn skipstjóra fari að mestu leyti eftir skyndilegum hugdettum og handahófskenndum ákvörðunum. Gísli Pálsson vísar til niðurstaðna eigin rannsókna þar sem hann fléttar saman eiginlegum etnógrafískum gögnum og tölulegum gögnum. Þótt unnt sé að nokkru leyti að skýra val skipstjóra á veiðistað með hliðsjón af hlutlægum og mælanlegum þáttum, þá verði ekki séð að skýrt samband sé á milli aðferða skipstjóra við ákvarðanatöku og þess hve vel þeir afla. Ekki sé heldur merkjanlegt samband á milli formlegrar menntunar skipstjóra og aflafangs (Gísli Pálsson, 1998). Gísli segir

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ljóst að þeir skipstjórar sem fari sínar eigin leiðir við val á veiðistað séu ekki endilega að veiða best. Sjálfstæði, skilgreint sem fjöldi róðra á svæði sem enginn reri daginn áður, reynist tengt aflabrögðum, en hins vegar hverfur það samband þegar breytunum sókn og bátsstærð er haldið föstum. Frekari samanburður á aflamönnum og þeim sem minna fiska bendir til þess að mati Gísla að lítill munur sé á sókn hópanna tveggja. Tíðar skyndiákvörðanir leiða það einnig af sér að „ef til vill verður aldrei unnt að gera fyllilega grein fyrir athöfnum þeirra“ (Gísli Pálsson, 1989, bls. 69).

Nýting auðlinda

Miklar tækniframfarir hafa átt sér stað í sjávarútvegi á síðustu árum bæði til sjós og á landi. Fullkomnir togarar sem sumir hverjir fullvinna aflann um borð eru víða gerðir út. Á undanförunum árum hafa íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á aukna hagræðingu við fiskvinnslu og fiskveiðar um leið og þau hafa dregið mjög úr opinberum styrkjum til sjávarútvegs. Árið 1984 var komið á fót kvótakerfi við nýtingu auðlinda sjávar. Árið 1991 var kerfinu breytt þannig að kvótinn varð eign einstaklinga sem gátu um leið ráðstafað honum að vild og flutt hann á milli skipa eða byggðarlaga ef því var að skipta. Þetta hefur leitt til mikillar eignatilfærslu á kvóta, þannig að fiskveiðikvótinn hefur í auknum mæli færst yfir á færri hendur; til stærri fyrirtækja og færri sjávarþorpa (Einar Eyþórsson, 1996b; Gísli Pálsson og Agnar Helgason, 1996).

Frá því um miðja 20. öldina hefur uppbygging sjávarútvegsins mestmegnis verið á þá leið að í hverju sjávarþorpi hefur verið eitt ráðandi fiskvinnslufyrirtæki sem hefur átt og rekið fiskvinnsluna og einn eða fleiri togara. Rík hefð hefur verið fyrir því að staðbundin samvinnufélög eða bæjarfélög hafi rekið þessi fyrirtæki. Þetta rekstrarform hefur breyst allnokkuð á síðustu árum og dregið hefur úr þátttöku bæjarsjóða við rekstur fyrirtækjanna (Einar Eyþórsson, 1996a; Gestur Guðmundsson, 1993). Mörg þessara fyrirtækja hafa misst kvóta og þar með hefur rétturinn til fiskveiða í viðkomandi sjávarplássi verið skertur verulega. Kerfinu hefur verið líkt við lénsveldi, þar sem kvótalausir sjómenn gerast leiguliðar hjá sægreifunum sem eiga kvótann. Þeir sem grætt hafa á kerfinu eru þeir sem úthlutað var stórum kvóta þegar kerfinu var komið á fót og þeir sem gátu keypt sér kvóta áður en verð á honum hækkaði verulega (Einar Eyþórsson, 1996a).

Eftir að grundvöllur skapaðist til þess að selja kvótann og þar með aðgang að fiskimiðunum, hefur efnahagslegur ójöfnuður aukist milli þeirra heimila sem eiga kvóta og hinna sem eru án hans (Gísli Pálsson, 1989; Unnur Dís Skaptadóttir, 2000b). Sumir kvótaeigendur hafa selt kvótann fyrir háar fjárupphæðir, jafnvel til annarra byggðarlaga og flutt fjármagnið í annan rekstur, gjarnan á höfuðborgarsvæðinu. Þannig hefur tilfærsla á fjármagni og kvóta aukist á síðustu árum á sama

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

tíma og dregið hefur úr atvinnu í þeim byggðarlögum sem misst hafa kvóta. Íbúarnir sitja eftir með verðlausar fasteignir og minna framboð af atvinnu.

Þau svæði sem í mestum mæli hafa byggt atvinnu sína á sjávarútvegi hafa mátt þola mesta fólksfækkun (Stefán Ólafsson, 1997). Störfum við fiskveiðar fjölgaði nokkuð stöðugt frá 1974 til 1986, en síðan þá hafa orðið litlar breytingar á fjölda sjómanna. Aukinn straumur fólks til höfuðborgarsvæðisins eftir 1980 getur því ekki átt rætur að rekja til fækkunar starfa í fiskveiðum á sama tíma. Hins vegar hafa orðið aðrar breytingar á seinni hluta tímabilsins sem hafa verið mjög afgerandi fyrir fiskvinnsluna, bæði með flutningi vinnslunnar út á sjó í frystitogara og hagræðingu og samdrætti starfa í landvinnslunni. Þannig er ljóst að framvindan í sjávarútvegi hefur haft umtalsverð áhrif á búsetuþróun á landsbyggðinni á síðustu áratugum, og á síðustu árum hefur þeirra áhrifa í mestum mæli gætt á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Vesturlandi (Stefán Ólafsson, 1997).

Þvert ofan í það sem menn ætluðu þegar kvótakerfinu var komið á þá er það mjög umdeilt meðal þjóðarinnar. Mikill meirihluti sjómanna og íslensks almennings virðist vera á móti þeirri þróun að fiskveiðiréttindin skuli ganga kaupum og sölum. Í hugum þessa fólks er rétturinn til fiskveiða samofinn táknrænum hugmyndum um fullveldi þjóðarinnar, persónulegu sjálfræði og sanngirni. Því stríðir þetta bæði gegn siðferðis- og réttlætisvitund almennings (Agnar Helgason og Gísli Pálsson, 1998; Gísli Pálsson og Agnar Helgason, 1995).

Kynjabundnar staðalmyndir

Rannsóknnum sem fjalla um framlag kvenna til fiskveiðisamfélaga hefur fjölgað mjög á síðustu árum (Unnur Dís Skaptadóttir, 1997). Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar sem taka til fiskveiðisamfélaga á Norður-Atlantshafssvæðinu og þeim hefur tekist að gefa raunsannari mynd af lífi kvenna við sjávarsíðuna í stað fyrri staðalmynda (Davis og Nadel-Klein, 1992).

R. Hulda Proppé (2002) hefur rannsakað tengsl kvenna og auðlindastjórnunar í sjávarútvegi á Íslandi. Með því að skoða kenningar sem liggja að baki hagrænum ákvörðunum í sjávarútvegi og hugmyndum um eignir og auðlindir út frá nálgunum hagrænnar mannfræði, femínisma og femínískrar hagfræði kemst Hulda að þeirri niðurstöðu að ekki sé ráð fyrir því gert að konur séu þátttakendur við stefnumótun auðlindastjórnunar. Útilokun kvenna byggir á hugmyndum um útivinnandi karla og heimavinnandi konur, um tvískiptingu veruleikans, þar sem konur tilheyra ekki því hagræna nema í gegnum karla. Þetta er réttlætt og staðfest af þeim sem völdin hafa og af konunum sjálfum, sem andæfa kvótakerfinu á sama tíma og þær sam-sama sig því.

Hulda fjallar um umræðuna í kringum kvótakerfið, sem hún segir einkennast af orðfæri útgerðamanna, stjórnmalamanna og hagfræðinga. Orðfærið endurspeglar

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

að sögn Huldu hugarheim ákveðinnar pólitískrar, efnahagslegrar og fræðilegrar valdastéttar sem ákvarðar hverjir í samfélaginu ræði kvótamál, hvar og hvernig. Í þessari umræðu er litið framhjá hagsmunum kvenna og áhrifum kerfisins fyrir þær, viðhorfum þeirra til kerfisins og upplifun þeirra af því. Þrátt fyrir þá miklu reynslu sem konur hafa beint og óbeint af kvóta og hina miklu þekkingu þeirra á áhrifum auðlindastjórnunar á eigið líf og tilvist þess samfélags sem þær búa í, gera bæði þær og opinberir aðilar lítið úr þekkingu þeirra og reynslu. Hulda bendir á að þetta sé ein tegund þöggunar. Þannig taka konur þátt í að viðhalda valdaleysi sínu gagnvart auðlindastjórnun á Íslandi og íslensk yfirvöld halda áfram að stýra sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar út frá „úreltum“ hugmyndum um kyn með hagsmuni „útvalinna“ sérhópa í fyrirrúmi (R. Hulda Proppé, 2002, bls. 90–94).

Hulda (2002, bls. 102) bendir á að konur hafi almennt ekki aðgang að kvóta-kerfinu nema í gegnum eiginmenn sína og að heimilið sé sá vettvangur þar sem réttur kvenna til auðlindarinnar verður til í gegnum hjúskap, sifjar og vinnu við heimilisstörf og heimilisútgerð. Réttindi kvenna til auðlindarinnar eru ekki til komin vegna þeirra sjálfra heldur vegna karlanna sem þær tengjast. Þetta vekur að mati Huldu upp spurningar um konur sem fullgilda ríkisborgara í íslensku samfélagi.

Ímyndir kvenna í sjávarþorpum hafa tengst mjög sjómönnunum, hetjum hafsins. Eiginkonur sjómanna hafa staðið á bak við hetjurnar og notið virðingar innan samfélagsins sem „sjómannskonur“ en vinnuframlag þeirra við barnauppleði og rekstur heimilisins hefur oft verið vanmetið. Margar þessara kvenna hafa þó ekki einungis verið eiginkonur sjómanna, heldur hafa þær lagt sjávarútveginum beint lið með störfum sínum í fiskvinnsluhúsum víða um land. Hefðbundin störf kvenna við fiskvinnslu hafa verið fyrirferðarminni í ríkjandi orðræðu en störf karla og notið mun minni virðingar en störf karla til sjávar. Þó hafa fiskvinnslukonur verið stoltar af þessum störfum og litið á þau sem mikilvægan lið í velgengni byggðarlagsins og í raun þjóðarinnar allrar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Unnur Dís Skaptadóttir (2000a) heldur því þó fram að þessi sýn kvenna sé að breytast. Neikvæð viðhorf til fiskvinnslustarfa, mikið álag og lág laun hafi orðið til þess að margar konur vilji ekki lengur vinna við fiskvinnslu. Því hafa stjórnendur fiskvinnslustöðva í æ ríkari mæli ráðið erlent farandvinnufólk til starfa.

Störf karla í fiskvinnslu hafa notið meiri virðingar en hefðbundin störf kvenna (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 1997; Husmo, 1993). Konum þykir í lagi og jafnvel eftirsóknarvert að ganga í hefðbundin karlastörf í fiskvinnslu en karlmenn upplifa það sem lítilsvirðingu að ganga í hefðbundin störf kvenna, enda er það sjaldgæf sjón. Ein helsta undantekningin á því er þar sem erlendir karlmenn eiga í hlut. Husmo (1993) bendir á að ekki megi ósjaldan sjá tamílska karlmenn í norskrei fiskvinnslu vinna við flæðilínu. Erlendir karlmenn í

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

íslenskum fiskvinnsluhúsum fást við störf sem eru á gráu svæði á milli hefðbundinna kvenna- og karlastarfa og það sama gildir um unga íslenska karlmenn. Lagskiptingin í fiskvinnslunni er því skýr. Efst eru karlmenn, þá konur og neðst útlendingar og ungir strákar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 1997).

Kynjaskipting starfa í sjávarútvegi er mjög áberandi og eru karlmenn í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem fást við störf til sjávar. Í fiskvinnsluhúsunum er kynjaskiptingin jafnari þó svo konur séu þar um 70% starfsmanna. Séu störfin innan fiskvinnsluhúsanna greind kemur hins vegar í ljós skýr kynjaskipting, þar sem konur vinna fyrst og fremst við flæðilínu, við snyrtingu og útskurð á fiski og við skoðun og eftirlit. Nær eingöngu karlmenn starfa við móttöku, á lyftara og sem tækjamenn. Kynjaskiptingin er heldur jafnari á meðal þeirra sem vinna við flökunar- og roðflettivélar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995, 2001).

Þegar ástæður kynjaskiptingar í fiskvinnslu kemur til umfjöllunar vísa stjórnendur og starfsfólk gjarnan til líkamlegs erfiðis hefðbundinna karlastarfa. Auk þess þykja kvennastörfin krefjast „meðfæddrar fingralipurðar“ kvenna. Með þessu er vísað til hefðbundinna og að nokkru leyti goðsagnakenndra viðhorfa um líkamlegt erfiði þeirra starfa sem karlar vinna, en líkamlegt erfiði margra kvennastarfa er gert ósýnilegt. Með þessu móti má einnig sjá „karlhverfa“ skilgreiningu á líkamlegu erfiði, en samkvæmt henni felst erfiði eingöngu í því að þungum hlutum sé lyft. Í hefðbundnum kvennastörfum í fiskvinnslu er sjaldgæft að burðast sé um með þunga hluti, en þessi störf fela engu að síður í sér mikið líkamlegt álag. Sú staðreynd að karlarnir lyfta þungum hlutum aðeins af og til og að þeir – andstætt konum – hafa oft möguleika á að setjast niður og hvíla sig, eða að vinna hægar eftir að hafa reynt á sig líkamlega, er mikilvægt að hafa í huga þegar líkamlegt erfiði er metið.

Álagseinkenni og stoðkerfisvandamál eru algeng meðal fiskvinnslukvenna, en einkenni af þessu tagi stafa m.a. af stöðugu álagi í kjölfar langvarandi kyrrstöðu og einhæfrar vinnu (Hulda Ólafsdóttir, Ólöf Anna Steingrimsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson, 1993; Hulda Ólafsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson, 1994). Rannsókn Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2001) sýnir jákvæð tengsl á milli líkamlegrar einhæfni fiskvinnslustarfa og þess að starfsmenn segi starfið líkamlega erfitt. Þá eru starfsmenn sem vinna andlega einhæf störf tvöfalt líklegri en aðrir starfsmenn til að finnast störfin vera líkamlega erfið. Í þeim hópi eru konur fjölmennastar.

Störf fiskvinnslukvenna einkennast almennt af einhæfri ákvæðisvinnu. Ákvarðanir um vinnuáferðir og framkvæmd vinnunnar eru teknar af stjórnendum, þar sem vinnuferlinu er skipt upp í fá viðvik. Með aukinni menntun milli-stjórnenda og hærra tæknistigi í fiskvinnsluhúsunum hefur sérhæfingin aukist og starfsmenn hafa minni möguleika á að vinna sig upp í stjórnunarstöður. Flestar

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

kvennanna eru mun einangraðri í vinnu sinni en karlarnir, enda sitja þær eða standa í sömu sporum, oftast við flæðilínu, mestallan daginn og hafa litla möguleika á að hafa samskipti við aðra, ef frá eru talin vinnuhlé og kaffitímar. Störf starfsbræðra þeirra fela í sér meiri hreyfanleika og vinna þeirra einkennist fremur af skorpuvinnu. Það hvort þeir eru undir tímapressu fer m.a. eftir því með hvaða fisktegund er verið að vinna hverju sinni (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004).

Rökin fyrir því að meðfæddir hæfileikar kvenna til að snyrta fisk séu helsta orsök kynjaskiptingar í fiskvinnslu horfa framhjá þeirri staðreynd – eins og oft þegar um ræðir hefðbundin kvennastörf – að færni við að snyrta fisk krefst mikillar verkþjálfunar. Rökin um kvenlega hæfileika gera þannig verklega þekkingu fiskvinnslukvenna ósýnilega (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Í viðtali sem tekið var við konu sem hafði kennt strákum að skera og pakka fisk sagði hún: „Þeir gerðu það vel, en það gekk allt of hægt.“ Karlkyns verkstjóri sagði aftur á móti: „Það gengur hratt hjá strákunum sem snyrta, en þeir gera það svo illa.“ Hér eru alveg gagnstæð rök notuð til að renna stoðum undir þá fullyrðingu að konur geti snyrt fisk, en karlar ekki. Þetta er dæmi um að leitað er að rökum til að koma í veg fyrir að múrar kynjaskiptingarinnar falli. Minnihlutakynið er ómögulegt, og fram á það þarf að sýna. Það er alveg ljóst að karlarnir í frystihúsinu eru ekki jafn færir og konurnar við að snyrta fisk. Færa má rök fyrir því að aðalskýringin sé þó ekki sjálft kynferðið, heldur hitt að karlmenn hafa almennt ekki fengið þá þjálfun sem þarf til þess að snyrta bæði fljótt og vel. Til að geta sameinað hraða og nákvæmni þarf mikla þjálfun og æfingu, einnig meðal kvenna. Það sést til dæmis þegar skólastelpur koma inn í fiskvinnsluhús að sumri og vinna við „snyrtingu“ með þeim afleiðingum að hópbónusinn fellur (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Ofanefnd rök um að „konur séu hæfari“ eru því vanvirðing við verkkunnáttu fiskverkakvenna og gera það að verkum að þær festast í einhæfum störfum sem eru vegna einhæfninnar óheppileg fyrir líkama og sál og stuðla að aukinni firringu eða vanlíðan starfsmanna (Blauner, 1964; Karasek og Theorell, 1990, 2000; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001).

Aðrir hafa bent á að þegar hefðbundin karlastörf krefjast nákvæmni, einbeitingar og fingralipurðar, þyki slíkt bera vott um verkkunnáttu og reynslu sem meta þurfi sérstaklega. Þegar slíkt hið sama gildir um hefðbundin kvennastörf er vísað til meðfæddra hæfileika, og þar af leiðandi er það ekki umbunar vert (Eva Gunnarsson og Ulla Ressler, 1985). Þetta sjáum við í hnotskurn í fiskvinnslunni.

Færa má rök fyrir því að aldursdreifingin í fiskvinnsluhúsum endurspegli launamisrétti kynjanna. Í fiskvinnsluhúsum eru ýmist ungir strákar, sem ekki hafa stofnað fjölskyldu, eða eldri karlmenn. Ástæðan er meðal annars sú að á því skeiði lífsins þegar karlmenn stofna fjölskyldu og koma sér efnahagslega fyrir í lífinu þá

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

yfirgefa þeir fiskvinnsluhúsið og fara í önnur betur launuð störf sem bjóðast. Það getur verið vinna við uppskipun, á togara eða annað sem býðst. Konurnar eiga hins vegar ekki í önnur störf að venda sem gefa þeim jafn miklar eða meiri tekjur en fiskvinnslustörfin. Þótt hópbónuskerfið geri það að verkum að karlar og konur innan fiskvinnslunnar hafi sömu laun, þá fá ófaglærðar konur óvíða hærri laun en í fiskvinnsluhúsum, en ófaglærðir karlar geta gengið í önnur betur launuð störf, bæði til lands og sjávar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995).

Meðalvinnutími karla í fiskvinnslufyrirtækjum er lengri en meðalvinnutími kvenna. Ekki er þó víst að karlmenn vinni að jafnaði meira en konur því algengara er að konur séu í launaðri aukavinnu með fiskvinnslustörfum (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995, 2001). Konur sem vinna í fiskvinnslufyrirtækjum eru auk þess líklegri til að hafa börn á framfæri á heimilinu en karlar og því myndi samanlagður vinnutími á heimili og á vinnustað væntanlega sýna aðra mynd en opinberar mælingar á vinnutíma. Í viðtölum sem tekin hafa verið við konur í fiskvinnslu kemur fram að þær treysta því ekki að þær fái að jafnaði nægilega mikla yfirvinnu í fiskinum og því ráða þær sig í aukavinnu, til dæmis til að sinna þrifum á kvöldin og um helgar. Auk þess kemur það oft fjölskyldunni betur í stærri byggðarlögum að konurnar færi sig nær heimilinu á kvöldin, þrifi fyrirtæki í eigin íbúðarhverfi og geti þá jafnvel haft börnin með sér í vinnunni (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995).

Erlent starfsfólk

Þótt erlent starfsfólk hafi til langs tíma verið ráðið til starfa í íslensk fiskvinnsluhús, hefur hlutfall þeirra við vinnslu sjávarafurða aukist mjög á undanförunum árum. Er nú svo komið í mörgum fiskvinnsluhúsum að meirihluti starfsmanna eru útlendingar sem tala litla íslensku. Í viðtölum sem tekin voru við Pólverja á Vestfjörðum í tengslum við rannsókn um áhrif tækni á vinnuskipulag og líðan starfsfólks í fiskvinnslu (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001) kom fram að þeir líta margir svo á að þeir séu í einskonar útleið á Íslandi og eru tilbúnir til að lifa ákveðnu meirlætalífi meðan á dvöl þeirra stendur. Þeir koma til vinnu hér á landi til þess að geta lifað betra lífi þegar þeir snúa aftur heim til Póllands. Þeir eru tilbúnir að leggja hart að sér meðan á dvölinni stendur og vilja ekki ógna atvinnuleyfi sínu, sem oftast er bundið atvinnurekandanum, með því að tjá sig um hugsanleg réttindamál sín, vinnuumhverfi eða annan aðbúnað. Þessi afstaða þeirra er vel metin af ýmsum stjórnendum fyrirtækjanna. Eftirfarandi er tilvitnun í viðtal við verkstjóra sem ber saman íslenska og pólska starfsmenn:

Það er mun betra að vera með pólskt vinnuafli en íslenskt. Íslendingarnir eru sífellt kvartandi og kveinandi. Pólverjarnir koma til landsins með vasana fulla af

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

töflum sem þeir taka ef þeir verða veikir svo þeir þurfi ekki að fá frí frá vinnu. Þeir taka sér í raun og veru aldrei frí. Ég veit ekki hvort Íslendingar halda að það sé eitthvað betra að vinna í Hagkaup (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001, bls. 46–47).

Fjöldi erlends starfsfólks í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum hefur aukist á sama tíma og störfum hefur fækkað. Fækkunin stafar af minni kvóta og aukinni áherslu á frystitogara þar sem aflinn er unninn um borð, auk þess sem breyttur rekstur fiskvinnslufyrirtækja felur í sér að fiskvinnslan er orðin æ meira vélvædd og krefst minni mannafla (Stefán Ólafsson, 1997).

Áhrif nýrrar tækni í fiskvinnslu

Störf í fiskvinnslu hafa vélvæðst töluvert og er sjálfvirknin orðin mikil í þeim fyrirtækjum sem hafa fjárfest hvað mest í hátækni fiskvinnsluvélum og flæðilínum. Þessar tækniframfarir hafa að ýmsu leyti haft í för með sér aukna framleiðni og bætt vinnuumhverfi og vinnuaðstæður starfsmanna.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum sambærilegrar tækni á skipulag vinnunnar sýna að tæknin hefur haft í för með sér aukinn vinnuhraða, meiri einhæfni auk þess sem vinnan er í auknum mæli skipulögð þannig að starfsmenn hafa ekki stjórn á vinnuferlinu og tilhögun vinnunnar (Gravesgård, 1995; Karasek og Theorell, 1990, 2000). Orsakanna er oft að leita í þeirri stjórnunarstefnu að tæknin er látin stýra vinnuferlinu til þess að auka skilvirkni í framleiðslunni, óháð því hvað hentar starfsmönnum. Gravesgård (1995) bendir á að tilteknir þættir sem tengjast vinnuskipulaginu hafi oft neikvæð áhrif á líðan starfsmanna. Þar má t.d. nefna:

- Þegar vélar stýra vinnuhraðanum og ákvarða vinnuaðferðirnar.
 - Þegar störfín eru einhæf og síendurtekin og krefjast takmarkaðrar kunnáttu eða færni af starfsmönnum.
 - Þegar störfín takmarka möguleika á samskiptum við aðra á vinnustaðnum.
 - Þegar um ákvæðisvinnu eða sambærilegt launakerfi er að ræða, sem hefur í för með sér andlegt álag og jafnvel takmarkað öryggi.
 - Þegar stjórnunin einkennist af einræði og nákvæmu eftirliti jafnvel með tölvukerfum.
- (Gravesgård, 1995, bls. 117)

Allt eru þetta þættir sem einkenna vinnuskipulag í fiskvinnsluhúsum hér á landi, einkum „nú tímalegum“ húsum þar sem fjárfest hefur verið í nýjustu tækni á sviði framleiðslu. Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2000) hafa fjallað nokkuð ítarlega um tækniþróun í fiskvinnslunni. Í fiskvinnsluhúsum, þar sem afurðavinnslan er hvað mest tæknivædd, standa konur hlið við hlið við

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

framleiðslulínu. Þær stimpla sig inn í sérstakt hólf við línuna, sem er beintengt raf-rænum síritamæli sem sendir stöðugar upplýsingar á tölvur um afköst hvers einstaklings. Þessum upplýsingum geta tölvurnar með einföldum skipunum breytt í línu- og súlurit, þar sem afköst einstaklinga eru skoðuð yfir tiltekið tímabil eða þau borin saman innbyrðis. Hlutverk verkstjórans hefur því æ meira orðið að bregðast við því sem hann les út úr tölulegum upplýsingum á tölvuskjá, fremur en að vera í beinum samskiptum við starfsmenn. Almenn regla í hátæknihúsunum hefur verið sú, að niðurstöður afkastamælinganna eru birtar u.þ.b. þrisvar á dag á tiltekinni auglýsingatöflu, þannig að hver starfsmaður við framleiðslulínuna geti séð afköst sín og borið þau saman við afköst annarra. Þetta vinnufyrirkomulag þar sem starfsmenn eru beintengdir síritum er mæla afköst og vinnuferla er að verða æ algengara, ekki einungis í fiskiðnaði heldur einnig í fyrirtækjum á sviði verslunar og þjónustu. Á þann hátt minna starfsmenn æ meira á fangana í hugmynd Jeremys Bentham sem Foucault (1975) fjallar um og nefnir Panoptikum eða Hlið-skjálfi. „Hið alsjáandi auga“ verður til þess að stjórnendur þurfa æ minna að stjórna. Vitneskja starfsmanna um að þeir séu sítengdir mælum sem stöðugt fylgjast með þeim gerir það að verkum að þeir halda sér að verki. Þessi tækni dregur hins vegar úr sjálfræði starfsmanna og þeirri tilfinningu að þeim sé treyst.

Klassískir kennismiðir eins og Marx og Engels (McLellan, 1977) og Blauner (1964) skrifuðu um mikilvægi sjálfræðis og persónulegs svigrúms í starfi til þess að fyrirbyggja vanlíðan starfsmanna. Þessum fræðum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum vegna breyttrar vinnutilhögunar samfara aukinni vélvæðingu og ný hugtök hafa komið til sögunnar. Nú er æ meira fjallað um kulnun (e. *burn-out*) og streitu starfsfólks þegar þeim tilfinningum er lýst sem Marx kallaði firringu (Schaufeli og Enzmann, 1998; Gravesgård, 1995) og hugtakið vinnuvistfræði (e. *ergonomics*) er að ryðja sér til rúms sem almennt fræðiheiti yfir samspil manns og vinnuumhverfis. Tæknihyggjan sem einkennir nútíma vestræn þjóðfélög (Castells, 2000) hefur þó blásið nýju lífi í svokallaða vísindalega stjórnun vinnunnar og með aukinni vélvæðingu og sjálfvirkni má víða sjá aukna áherslu á tímamælingar og vinnufyrirkomulag í anda þess sem Frederick Taylor boðaði í byrjun 20. aldarinnar (Morgan, 1997).

Þetta leiðir hugann að þekktu líkani sem bandaríski félags- og verkfræðingurinn Robert Karasek hefur þróað í samvinnu við sænska lækninn Töres Theorell. Líkanið sem nefnist kröfu/sjálfræðismódelið (e. *demand/control model*) lýsir því að miklar kröfur til starfsmanns sem hefur takmörkuð áhrif á framkvæmd og skipulag vinnu sinnar geti valdið of miklu félagslegu og andlegu álagi, sem aftur getur leitt til vanlíðunar og jafnvel heilsutjóns. Frekari rannsóknir leiddu til þess að áhrifum félagslegs stuðnings á líðan starfsmanna var bætt við sem þriðja þætti kröfu/sjálfræðismódelisins (Karasek og Theorell, 1990, 2000).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Rannsóknir á líðan starfsmanna í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004) sýna að hið nýja fyrirkomulag vinnunnar í hátæknihúsum hefur ákveðin vandamál í för með sér fyrir starfsmenn, einkum fiskvinnslukonur. Þau vandamál stafa meðal annars af aukinni einhæfni og meiri einangrun starfsmanna. Á sama tíma og aukin vélvæðing hefur átt sér stað í fiskvinnslunni, hefur áður nefnd hugmyndafræði Taylorismans um aukna hagræðingu og vísindalega stjórnun rutt sér til rúms með aukinni áherslu á stutta verkferla, sjálfvirkni, háværkun afkasta og tímamælingar (Morgan, 1997; Þórir Einarsson, 1997).

Um leið og þessar breytingar hafa tilætluð jákvæð áhrif á skipulag og afkomu fyrirtækjanna hér á landi, sýna rannsóknir Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2001) að þær hafa einnig í för með sér aukið umfang starfa sem fela í sér þekktu áhættuþætti, svo sem einhæf og síendurtekin verkefni, lítið rúm fyrir frumkvæði starfsmanna og takmarkað sjálfræði. Afleiðingin er minni starfsánægja og glaðværð meðal starfsmanna og meiri vanlíðan. Starfsfólk sem segir að glaðværðin sé lítil innan fyrirtækisins er líklegra til að hafa fundið fyrir heilsufarslegum óþægindum á síðustu tólf mánuðum en þeir sem segja glaðværðina almennt vera mikla.

Fiskvinnslukonur sem vinna í nútímalegri, hátæknivæddri fiskvinnslu eiga erfiðast allra starfsmanna með að skreppa frá til að sinna einkaerindum á vinnutíma, geta síst dregið úr vinnuhraðanum án þess að það hafi áhrif á launin og geta síður en aðrir starfsmenn haft áhrif á eigið verkefnaval. Starfsfólk hátæknihúsanna er síður líklegt en starfsfólk annarra fiskvinnsluhúsa til að vera haft með í ráðum þegar til stendur að gera breytingar á vinnuskipulaginu. Vinnuskipulagið í hátæknihúsunum dregur úr möguleikum starfsfólks til innbyrðis samskipta sem og samskipta við stjórnendur (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004).

Af framansögðu má ljóst vera að þótt breytingar á vinnuumhverfinu í þeim fiskvinnsluhúsum þar sem afurðavinnslan er mjög tæknivædd hafi fært ýmislegt til betri vegar, þá hafa breytingar sem gerðar hafa verið á ýmsum verkferlum og skipulagi vinnunnar haft í för með sér aukið andlegt og félagslegt álag á starfsmenn. Lögð er áhersla á að brjóta hvert viðfangsefni niður í smáar, sérhæfðar einingar þannig að fólk verði sérfræðingar á sínu litla sviði. Þetta hefur jafnframt í för með sér að þekkingin á framleiðsluferlinu verður brotkennd. Einfaldara er að ráða starfsfólk til einhæfra starfa, því auðvelt er að kenna nýju fólki svo takmarkað handverk. Fræðimenn hafa þó lengi bent á, að um leið og störfin verða einhæfari og sérhæfðari þá verða þau jafnframt innihaldsrýrari, óheilsusamlegri og leiðinlegri (Blauner, 1964; Frankenheuser, 1990; Karasek & Theorell, 1990, 2000). Slíkt virðist hafa gerst í fiskvinnslunni.

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

Stjórnendur í fiskvinnslufyrirtækjum

Í viðtölum sem Margrét Lilja Guðmundsdóttir (1999) tók við stjórnendum þriggja hátæknifiskvinnsluhúsa kom í ljós að niðurstöður fyrrgreindrar rannsóknar Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2001), sem sýndu aukið andlegt og félagslegt álag starfsmanna í hátæknihusunum, komu þeim ekki á óvart. Þeir töldu að niðurstöðurnar endurspegluðu „eðli“ tækninnar. Þeir bentu á að með tilkomu hátækninnar væri farið mjög skipulega í gegnum vinnubrögð starfsmanna og teknar burtu allar óþarfa hreyfingar og handtök. Afleiðingin er aukin einhæfni. Að mati þessara stjórnenda hefur þetta þó ekki orðið til þess að starfsmenn vinni hraðar, heldur hafa vinnubrögðin einungis orðið markvissari. Með öðrum orðum hafa verkferlarnir styst og einhæfnin aukist. Einnig kom fram að „eðli tækninnar“ væri þannig að starfsfólk einangraðist í vinnunni. Stjórnendurnir virtust sammála um að aukin tækni, meira eftirlit og einhæfni starfa gæti komið fram í auknu andlegu álagi hjá starfsmönnum. „Kerfið ýtir á þig, þú hefur ekkert val og þú ert í miklu minna samneyti við næstu manneskju,“ sagði einn stjórnandinn. Annar stjórnandi taldi að ef til vill væri aukið einstaklingseftirlit aðalorsökin fyrir auknu andlegu álagi í hátæknihusunum, því eins og hann orðaði það sjálfur: „Nú veit fólk að það er verið að fylgjast með því.“

Stjórnendur sögðu það staðreynd að mannleg samskipti minnkuðu með tilkomu nýrrar tækni, tölvur gegndu stærra hlutverki og verkstjórinn talaði minna við starfsmennina. Það kom þeim því ekki á óvart að glaðværdin væri minnst í þeim fiskvinnsluhúsum þar sem tæknistigið er hæst. Einn stjórnendanna orðaði það svo, að oft væri starfsmaðurinn „í mestu samneyti við útvarpshlífina sína. Samneyti starfsmanns við aðra starfsmenn verður þannig ekkert nema í matar- og kaffipásunum,“ sagði hann. Þannig væru minni möguleikar á glaðværd og samskiptum innbyrðis meðal starfsmanna og þetta kerfi væri meira krefjandi en áður var. „Það er enginn möguleiki á því að slaka á af og til og taka svo sprettinn,“ eins og hann orðaði það. Þessi stjórnandi sagðist ekki sjá fram á neina sérstaka möguleika til að bæta svokallaðan mannlegan þátt vinnuumhverfisins. Viðmælendurnir voru þó allir á því að félagslegi þátturinn skipti mjög miklu máli og að nauðsynlegt væri fyrir stjórnendur að vinna vel og stöðugt í þeim málum þótt þeir teldu að nýjustu tækniframfarirnar í fiskvinnslunni ynnu gegn því (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 1999).

Niðurlag: Veiðimenn eða vélmenn?

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eru fiskur eða sjávarafurðir um það bil þrír fjórðu alls útflutnings frá Íslandi, og nemur þessi hluti um helmingi þjóðartekna. Hins vegar starfar einungis um 5% mannaflans við fiskveiðar og um 5,5% við fiskvinnslu. Mikilvægi fiskvinnslunnar er þó afar misjafnt frá einu svæði til annars og vegur hún hvað þyngst í sjávarþorpum víðs vegar um land.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Pólitískar ákvarðanir um stjórnun fiskveiða síðastliðna áratugi hafa haft í för með sér umtalsverðar breytingar fyrir fiskvinnsluna auk þess sem þessar ákvarðanir hafa haft áhrif á búsetuþróun. Þótt virðing sjómanna hafi ávallt helgast af stöðu þeirra í áhöfn skipa og af fengsæld fiskiskipanna hefur kvótakerfið breikkað bilið á milli sjómanna innbyrðis og efnahagsleg misskipting þeirra sem lifa af sjávarútvegi hefur aukist. Auk breytinga vegna stjórnunar fiskveiða, hefur sjávarútvegurinn gengið í gegnum stórfelldar tæknibreytingar bæði á sjó og á landi á allra síðustu árum.

Enginn dregur í efa nauðsyn þess fyrir þjóðina alla að styrkari stoðum sé rennt undir fiskvinnslufyrirtækin og fiskveiðiflotann, m.a. með því að innleiða öflugar tækninýjungar sem geta aukið framleiðni og gert störfin öruggari. Þessar breytingar hafa að vissu marki haft tilætluð jákvæð áhrif í för með sér fyrir sjávarútveginn, en þeim hafa einnig fylgt ýmiskonar vandamál. Eitt af því sem veldur er ákveðin tegund af tæknilegri nauðhyggju sem birtist okkur hvarvetna. Það viðhorf að ekki sé annað hægt en að fylgja þróun tækninnar, án þess að spurt sé hvað henti þeim einstaklingum og samfélögum sem verða mest fyrir breytingunum. Trúin á hagræðingu og hátækni gegnsýrir svo mjög tilveru okkar, að við erum sífellt með hugann við þau gildi sem einkenna hana svo sem áreiðanleika, hagkvæmni og áhrifamátt. Það sem vekur hvað mesta athygli í viðtölum við stjórnendur í fiskvinnslufyrirtækjum, er hve oft þeir skírskota til þess að eitthvað tiltekið ástand sé staðreynd sökum einhverra sjálfstæðra eiginleika tækninnar. Það sé eðli tækninnar um að kenna að starfsfólki í hátæknifyrirtækjum í fiskvinnslu líður að ýmsu leyti verr en starfsfólki í fyrirtækjum þar sem tæknistigið er lægra – og við því sé ekkert að gera. Í því sambandi hefur Páll Skúlason (1998) fjallað um tvær hliðar tækninnar, tæknina sjálfa og tæknihyggjuna. Páll bendir á að markmið tækninnar sé ekki sett af henni sjálfri, heldur séu þau ákvörðuð af samfélaginu.

Kvótakerfi í íslenskum sjávarútvegi er hluti af mikilvægri pólitískri stefnumótun við nýtingu auðlinda sjávar þar sem orðræða útgerðarmanna, stjórnmalamanna og hagfræðinga ræður ríkjum og þar sem konur eru varla til. Stefnan er þó sett fram sem hlutlaus og skynsöm og til þess líkleg að auka hagkvæmni og hagræðingu og að vernda vistkerfið. Af þeim rannsóknnum sem ræddar voru hér að framan má þó sjá að hver ákvörðun sem tekin er varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu og hagræðingu í fiskvinnslu getur haft víðtæk áhrif á samfélögin við sjávarsíðuna og þá einstaklinga sem þar lifa. Það sem virðist skynsamleg pólitísk stefnumótun út frá sjónarhóli valdhafa getur gengið í berhögg við þarfir þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Vandí sjávarútvegsins er fólgin í því að velferð einstaklinganna hvílir á þeirri forsendu að hagstjórnun sé farsæl og framleiðnin sem mest, en sú stefna sem tekin hefur verið til að ná þeim markmiðum, skilar af sér miklum fólksflótta frá sjávarþorpunum og almennu áhugaleysi Íslendinga gagnvart því að

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

vinna við sjávarútveg, einkum þó við fiskvinnslu. Þar sem konur hafa verið í meirihluta þeirra sem vinna í fiskvinnsluhúsum kemur þessi þróun sér illa fyrir þær.

Sem aldrei fyrr stöndum við því frammi fyrir þeirri þversögn að á sama tíma og Íslendingar róma sjávarútveginn, halda um hann glæstar ræður og varpa ljóma á hetjur hafsins og dugnað landvinnslufólksins, þá vill helst enginn lengur sinna þessum störfum. Svo vitnað sé að lokum til fiskvinnslukonu sem vinnur í nútímallegu hátæknivæddu fiskvinnsluhúsi: „Það ræður sig enginn til starfa í fiskvinnslu nú til dags með öðru hugarfari en að stoppa stutt við. Enda er einhæfnin svo mikil að við erum allar að breytast í vélmenni.“

ABSTRACT IN ENGLISH

Although the fisheries are intertwined with Icelandic national identity, Icelandic images of the industry are replete with contradictions. The fishing skipper still holds the top rung of the ladder of social prestige in Icelandic fishing villages, although their skipper science is debated in academic circles. Gendered stereotypes are very strong in the fisheries, and work performed by males is in general more prestigious than work performed by females. Many aspects of the work environment have improved with increasing technology and automation in fishing and fish processing. However, these changes have also increased the mental and social pressure of such occupations, and Icelanders have become less interested in working in the fishing industry, in particular in fish processing.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Agnar Helgason og Gísli Pálsson. 1998. „Cash for quotas: Disputes over the legitimacy of an economic model of fishing in Iceland“. Carrier, J. G. og Miller, D. (ritstj.). *Virtualism*. Oxford: Berg.
- Blauner, Robert. 1964. *Alienation and Freedom: The Factory Worker and his Industry*. Chicago: University of Chicago Press.
- Castells, Manuel. 2000. *The Rise of the Network Society*, 2. útg. Malden MA: Blackwell Publishers.
- Davis, Dona Lee and Jane Nadel-Klein. 1992. „Gender, culture and the sea: Contemporary theoretical approaches.“ *Society and Natural Resources*, 5, 135–147.
- Einar Eyþórsson. 1996a. „Theory and practice of ITQs in Iceland. Privatization of common fishing rights.“ *Marine Policy*, 20, 269–281.
- Einar Eyþórsson 1996b. „Coastal communities and ITQ management: The case of Icelandic fisheries.“ *Sociologia Ruralis*, 36, 212–223.
- Foucault, Michel. 1975. *Discipline and Punish*. New York: Pantheon.
- Frankenheuser, Marianne. 1990. *Stress en del av livet*. Värnamo: Brombergs Bokförlag.
- Gestur Guðmundsson. 1993. „Den islandske model. Dens storhedstid 1940–1980 og de aktuelle omstillingskrav.“ *Fiskerisamfund – hvilke veje? Nord*, vol 27.
- Gísli Pálsson and Durrenberger, Paul E. 1982. „To dream of fish: The causes of Icelandic skipper's fishing success.“ *Journal of Anthropological Research* 38: 227–242.
- Gísli Pálsson. 1989. „Hugboð eða hyggjuvit? Ákvarðanir íslenskra skipstjóra.“ *Íslensk félagsrit*, 1, 53–71.
- Gísli Pálsson og Agnar Helgason. 1995. „Figuring fish and measuring men: The individual transferable quota system in the Icelandic cod fishery.“ *Ocean and Coastal Management*, 28, 1–3.
- Gísli Pálsson. 1998. „Learning by fishing: Practical engagement and environmental concerns.“ Berkes, F. og Folke, C. (ritstj.). *Linking Social and Ecological Systems*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Gravesgård, John. 1995. *Psykisk arbeidsmiljø – en veiledning*. Oslo: Tiden Norsk Forlag.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 1995. *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning. Diskussion kring kvinnliga fackföreningar på Island*. Lund: Lund University Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir 1997. „Arbetsnorm, kön och kunskap inom fiskeriet.“ *Sociologisk forskning*, 3, 46–58.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2001. *Hér liggur fiskur undir steini. Um ábrif tækni á vinnuskipulag og líðan fólks í fiskvinnslu*. Reykjavík: Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir. 2004. „New technology and its impact on well-being.“ *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*, 22, 31–39.
- Gunnarsson, Eva og Ulla Rensner. 1985. *Fruktimmingsgöra. Kvinnor på kontor och verkstadsgolv*. Stockholm: Prisma.
- Hulda Ólafsdóttir, Ólöf Anna Steingrimsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson. 1993. „Óþægindi frá stoðkerfi meðal fiskvinnslufólks.“ *Læknablaðið*, 79, 29–35.
- Hulda Ólafsdóttir, Vilhjálmur Rafnsson. 1994. „Hefur flæðilínan minnkað álagseinkenni meðal fiskvinnslufólks?“ *Læknablaðið*, 80, 80, 30.
- Husmo, Marit. 1993. „Drømmen om att bli fiskekøper. Om rekruttering til ledelse og kvinners lederstil i norsk fiskeindustri.“ *NFFR-rapport*, Norges Fiskerihøgskole, Universitetet Tromsø.
- Karasek, Robert A. og Torres Theorell. 1990. *Healthy Work: Stress, Productivity, and the Reconstruction of Working Life*. New York: Basic Books.
- Karasek, Robert A. og Torres Theorell. 2000. „The demand-control-support model and CVD stressors at the workplace: Theoretical models.“ *Occupational Medicine: State of The Art Reviews*, 15, 78–83.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir. 1999. *Vinnuskipulag og líðan starfsmanna – þáttur stjórnaða*. Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.
- McLellan, David. 1977. *The Thought of Karl Marx*. London: The Macmillan Press.

ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR VIÐ ALDAHVÖRF

- Merton, Robert K. 1973. *The Sociology of Science Theoretical and Empirical Investigation*. Chicago: University of Chicago Press.
- Morgan, Gareth. 1997. *Images of Organization*, 2.útg. London: Sage Publications.
- Páll Skúlason. 1998. *Umbverfing. Um siðfræði umbverfis og náttúru*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- R. Hulda Proppé. 2002. *Konurnar og kvótinn: Kynbugmyndir og upplifun kvenna af orðræðu og auðlinda-stefnu í sjávarútvegi*. Reykjavík: Háskóli Íslands. MA-ritgerð í mannfræði.
- Schaufeli, Wilmar og Dirk Enzmann. 1998. *The Burnout Companion to Study & Practice: A Critical Analysis*. London: Taylor and Francis.
- Stefán Ólafsson. 1997. *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Unnur Dís Skaptadóttir. 1997. „Breytingar í sjávarbyggðum: Sýn kvenna.“ Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstj.). *Við og hinir. Rannsóknir í mannfræði*. Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2000. „Gender construction at work in Icelandic fish plants.“ *Nora*, 8, 5–16.
- Unnur Dís Skaptadóttir. 2000a. „Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn. Hafið í sjálfsmýnd Íslendinga.“ *Frændafundur* 3, bls. 80–90. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Unnur Dís Skaptadóttir. 2000b. *Coping with a Changing Economy in Northern Localities: An Icelandic Case Study*. Smárit nr. 5/2000. Klakksvík: Center for Local and Regional Development.
- Þórir Einarsson. 1997. „Guðmundur Finnbogason og vinnuvísindin. Jóhann Hauksson (ritstj.) *Hugur ræður hálfri sjón*, bls. 58–77. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1993. „In defense of a folk model: The „skipper effect“ in the Icelandic cod fishery.“ *American Anthropologist*, 95, 371–394.
- Þórólfur Þórlindsson. 1994. „Skipper science: A note on the epistemology of practice and the nature of expertise.“ *Sociological Quarterly*, 35, 329–345.
- Þórólfur Þórlindsson. 1988. „The skipper effect in the Icelandic herring fishery.“ *Human Organization*, 47, 199–212.

'HIÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT' FEMÍNISMI SEM FRÆÐIKENNING ANDÓFS OG BREYTINGA

Þorgerður Einarsdóttir

Í kaflanum er gefið yfirlit yfir þróun kynjafræðinnar og kenninga innan femínískra fræða á Íslandi og erlendis. Ljósi er varpað á megináherslur í sögu kvenna- og kynjarannsóknna, sögulegt sambengi þeirra og tengsl við aðra hugmyndastrauma, svo sem frjálslyndisstefnu og marxisma. Víkið er að aldamótafemínismanum á Íslandi og hinum svokölluðu þöglu árum kvennabaráttunnar. Rakið er hvernig baráttubreyfing kvenna og fræðimennska kallast á, og hvernig hið persónulega er innblástur að pólitískri baráttu og fræðastarfi. Fjallað er um helstu sjónarmið hins fræðilega femínisma síðustu áratugi, þar á meðal róttækan femínisma, kvennamenningu, sjónarmiðsfemínisma og mismunarfemínisma, og kynnt svör femínista við gagnrýni póstmóðernismans. Að lokum er víkið að framtíð femínismans sem pólitískrar og fræðilegrar baráttu.

Inngangur

„Hið persónulega er pólitískt“ var slagorð nýju kvennahreyfingarinnar svokölluðu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Slagorðið felur í sér margskonar skírskotun, m.a. þá að persónulegt frelsi kvenna krefjist pólitískrar baráttu. Sennilega á þetta ekki síður við í dag í upphafi nýrrar aldar og nýs árþúsunds. Á síðustu áratugum hafa spámenn boðað endalok sögunnar og gjaldþrot hugmyndafræða (Bell, 1962; Fukuyama, 1992). Á hinu nýja tímatali markaðsfrelsis og einstaklingsvæðingar kennir ríkjandi orðræða að 'kyn skipti ekki máli heldur einstaklingarnir'. Ísland hefur ekki varið varhluta af þessari þróun og á Íslandi hefur meintur dauði femínismans verið rækilega boðaður (sjá Sigríði Þorgeirsdóttur, 2002).

Á sama tíma horfum við upp á kynjamyndir og kynjuð valdatengsl sem formæður nútímafemínisma hefðu talið hluta af hinum sögulega arfi. Samfélagsleg völd kvenna eru – á Íslandi eins og víða annars staðar – í litlu samræmi við samfélagslega þátttöku þeirra. Íslenskar konur hafa jafnað metin við karla í atvinnuþátttöku og menntun en það hefur ekki nægt þeim til hlutdeildar í hinu opinbera stjórnkerfi eða þjóðfélagslegri stefnumótun (Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Launamunur kynja hérlandis er viðvarandi (Barth, Røed og Torp, 2002; Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2003) og konur eru fáar í stjórnnum fjármála-

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

stofnana og auðlindastjórnun (Friðbert Traustason, 2003).¹ Aukning á hlutdeild kvenna í vísindum er hæg og bakslag varð í þátttöku þeirra á þjóðþingi Íslendinga í Alþingiskosningunum 2003.² Ísland er nú einnig orðið hluti af heimsmarkaði klámvæðingar og mansals, sem er sívaxandi alþjóðlegt vandamál (sjá Veru, 2001/2, 2002/4; Nikk Magasin, 1/2002). Að fjalla um femínisma sem kreddukenningu og sérhagsmunabaráttu kvenna (sjá t.d. Egil Helgason, 2002a, 2002b) við þessar aðstæður þótti mörgum að bera í bakkafullan lækinn.

Það var í slíku andrúmslofti sem hinn fræðilegi femínismi fékk byr undir báða vængi – og hann birtist sem andóf gegn því. Tími Kvinnalistsans er liðinn og víglínur hafa verið óljósar og hopandi. Femínista hefur skort tæki til að hreyfa við samtímanum. Þekking og rök eru vissulega til staðar en þau hafa verið brotakennd og ósamhæfð – og ekki hefur tekist að beina þeim í markvissan farveg. Hinn akademíski femínismi, sem nú hefur hafið baráttu sína fyrir lögmæti og fræðilegri viðurkenningu á Íslandi, var hið rökrétta svar við þessum aðstæðum. Aðferðirnar eru í senn samskilningur og samsömun við kerfið og andóf gegn því. Akademískur femínismi er „innan“ kerfisins á sama tíma og hann beitir sér „gegn“ því, hann er hluti af vísindunum og fræðaheiminum samtímis því sem hann gagnrýnir þau.

Háskóli Íslands var fyrstur æðri menntastofnana á Íslandi til að opna fyrir þessa nýju strauma, þótt hann hafi reyndar verið talsvert á eftir háskólum í nágrannalöndunum í þeim efnum. Stofnanavæðing hins akademíska femínisma birtist m.a. í námsbraut í kynjafræðum sem komið var á fót við Háskóla Íslands 1996 og Rannsóknastofu í kvennafræðum sem var stofnuð 1991, en fest í sessi haustið 2000 með ráðningu forstöðumanns.

Hér á eftir verður gefið yfirlit yfir þróun nokkurra helstu sjónarmiða kynjafræðinnar og kenninga innan femínískra fræða á Íslandi og erlendis. Reynt er að varpa ljósi á megináherslur í sögu kvenna- og kynjarannsókna, sögulegt sambengi þeirra og tengsl við aðra hugmyndastrauma. Í kaflanum er leitast við að greina hugmyndaarfinn og hvernig spurningar og svör hvers tíma þarf að skilja í sínu rétta sambengi. Fjallað er um þær hugmyndalegu stoðir femínismans sem rekja má til frjálslyndisstefnunnar og marxismans á 19. öld. Vikið er að aldamótafemínismanum á Íslandi og hinum svokölluðu þöglu árum kvennabaráttunnar. Rakið er hvernig baráttuhreyfing kvenna og fræðimennska kallast á, hvernig hið persónu-

¹ Engin kona var bankastjóri við upphaf árs 2003 og ein kona var í stjórn/bankaráði (sjá Friðbert Traustason, 2003). Þá var engin kona í hinu fyrsta „ópólítíska“ bankaráði Landsbankans (sjá Morgunblaðið 15/2 2003). Um hlutdeild kvenna í stjórnun sjávarútvegsfyrirtækja, sjá Ragnheiði Huldu Proppé, 2002.

² Aukning kvenna í stjórnámálum á Íslandi undanfarna áratugi hefur verið kringum 1% árlega, sjá Þorgerði Einarsdóttur, 2002. Ámóta hæg hefur aukning kvenna innan vísinda í Evrópu verið og sem dæmi má nefna að innan ESB-landanna fjölga kvenprófessorum að meðaltali um 0–1% á ári (sjá EC, 2000, bls. 12).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

lega er innblástur og hvati bæði að pólitískri baráttu og fræðastarfi. Fjallað er um helstu sjónarmið hins fræðilega femínisma síðustu áratugi, þar á meðal róttækan femínisma, kvennamenningu, sjónarmiðsfemínisma og mismunarfemínisma, auk þess sem kynnt eru svör femínista við gagnrýni póstmóðernismans. Að lokum er vikið að framtíð femínismans sem pólitískrar og fræðilegrar baráttu. En fyrst verður vikið örstutt að nokkrum þeirra hugtaka sem notuð eru á þessu sviði.

Hvað er hvað í hugtakaflórunni?

Kvennafræði sem sjálfstætt fræðasvið á sér áratuga sögu og enn lengri forsögu. Hún hvílir á sjónarmiðum og kenningum kvenréttindabaráttu 19. aldar sem snerust um lagaleg og borgaraleg réttindi kvenna eins og kosningarétt, kjörgengi, rétt til atvinnu og menntunar. En áherslur breytast í tímans rás og það gera orðfæri og tungutak einnig. Kynjafræði hefur leyst kvennafræði af hólmi og femínismi af ýmsum gerðum hefur tekið við af kvenréttindabaráttu.

Hugtakasafnið er þó ekki bara spurning um smekk eða retórík heldur hefur það skírskotun í lifandi baráttu og umræðu. Hugtök eins og kvennahreyfing og kvennabarátta, jafnrétti, femínismi, kvenna- og karlafræði, hinseginfræði og kynjafræði eru hlaðin merkingu sem ber að skilja í sínu hugmyndasögulega samhengi. Full ástæða er til að gera greinarmun á hugtökunum *jafnrétti* og *femínismi* (Þorgerður Einarsdóttir 2002). Hugtakið femínisma má aðgreina í hreyfingu eða aktívisma annars vegar og kenningu eða fræði hins vegar. Í þessu samhengi er ennfremur vert að spyrja hvort kvennahreyfing eða kvennaaðgerð sé alltaf femínísk. Eitt svar við þeirri spurningu er að til þess að teljast femínísk þarf hreyfing eða aðgerð að vera meðvituð og gagnrýnin. Hún þarf að miða að leiðréttingu óréttlætis og til þess þarf hún þekkingu og yfirsýn á kynjun samfélagsins og valdamisræmi kynjanna. Hún þarf að vera afl sem megnar að hreyfa við samtímanum, vera vaxtarbroddurinn og fylkingarbrjóstið, og til þess þarf hún að vera djörf og ögrandi í stað þess að staðfesta eða ítreka ríkjandi gildismat (Þorgerður Einarsdóttir, 2002).

Jafnrétti, eða öllu heldur skipulegt jafnréttisstarf, er hið viðurkennda og stofnanabundna birtingarform kvennabaráttu. Femínistar um allan heim hafa háð harða baráttu fyrir því að jafnréttisbáratta kvenna fengi lögmæti og viðurkenningu samfélagsins og alþjóðlegra stofnana. Hið stofnanavædda jafnréttisstarf er afrakstur þeirrar baráttu (Berkovitch, 2000).

Kvenna- og karlafræði. Samkvæmt orðanna hljóðan eru kvennafræði fræði um konur og fyrir konur. Þau eru langoftast stunduð af konum en það er hins vegar ekki skilyrði fyrir réttmæti þekkingar, því sú afstaða fæli í sér að enginn gæti skoðað neinn hóp nema tilheyra honum sjálfum og með því væri stór hluti allrar félagsvísindalegrar þekkingar fallinn úr gildi. Í framhaldi af þessu má segja að karlafræði

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

séu fræði um karla og fyrir karla. Þau eru stunduð af bæði körlum og konum.

Mörg sjónarmið eru til innan karlafræða. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (1997) hefur í anda bandaríska fræðimannsins Kenneth Clatterbaugh (1990) greint sex sjónarmið innan karlafræða. Sum þeirra eru femínísk að mati Ingólfs, en önnur byggja á því að karlar séu í raun kúgaðir af konum og snúast því um að leiðrétta stöðu karla. Þau sjónarmið eru andfemínísk. Boðskapur Ingólfs er að karlafræði og kvennafræði eigi samleið, þau byggja á sameiginlegri hugsjón sem byggist á því að brjóta niður þau karllægu kerfi sem hefta bæði kynin. Framsækin karlafræði eru því femínísk að mati Ingólfs Ásgeirs (1997). Karlafræði eru ört vaxandi fræðasvið á Íslandi eins og erlendis, og má þar m.a. nefna bók Ingólfs V. Gíslasonar (1997) félagsfræðings, *Karlmenn eru bara karlmenn*.

Hinseginfræði. Hinseginfræði er íslenska þýðingin á því sem heitir „queer studies“ á ensku og var Geir Svansson (1998a, 1998b) bókmenntafræðingur líklega sá fyrsti að nota það á prenti á íslensku. Dagný Kristjánsdóttir (1999) hefur tilgreint nokkrar merkingar orðsins „queer“ svo sem „þvert“, „þversum“, „andstætt“ eða „öfugt“. Það er skemmtilegt að með þessu hefur orðið „hinsegin“, sem áður var notað um samkynhneigða í neikvæðum skilningi, fengið jákvætt og ögrandi inntak. Það er í samræmi við baráttuaðferðir samkynhneigðra að grípa vopnið, hið niðrandi tungutak, varpa því til baka og gera það óskaðlegt. Þannig er leitast við að lama neikvæða aukamerkingu orðanna og gera þau hlutlaus (Þóra Björk Hjartardóttir, 2003). Hugtakið vísar í styrkinn og reisnina sem felst í því að hafna hinu hefðbundna og viðtekna – og hefur að auki styrk íróníunnar með því að leika á fyrri merkingu og stimulun.

Mikil gróska er í hinseginfræðum og eru þau á margan hátt í fararbroddi kynjafræðanna. Hugtakið hinseginfræði gerir ekki greinarmun á lesbískum fræðum (e. *lesbian studies*) og hommafræðum (e. *gay studies*) en mikil gróska er nú í hvoru tveggja (sjá t.d. Sandfort o.fl., 2000). Á Íslandi standa rannsóknir á samkynhneigðum og aðrar rannsóknir á margbreytileika í miklum blóma (sjá t.d. Geir Svansson, 1998a, 1998b, Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur og Rannveigu Traustadóttur, 2001; Rannveigu Traustadóttur og Þorvald Kristinsson, 2003).

Kynjafræði. Loks nokkur orð um hugtakið kynjafræði (e. *gender studies*). Kynjafræði er yfirleitt ekki flokkuð sem fræðigrein heldur fremur sem þverfaglegt fræðasvið. Hugtakið kynjafræði er yfirheiti yfir þau fræði sem á undan eru talin. Kynjafræðin ná hins vegar ekki bara yfir fræði og rannsóknir á körlum og konum sem einstaklingum eða hópum – hvort heldur þau eru gagn- eða samkynhneigð – heldur einnig kyn og sköpun þess á táknrænu og merkingarbæru plani. Kynjafræðin fjalla þannig ekki síður um táknaveruleikann en hinn menningarlega og félagslega veruleika. Greiningaraðferðir, hugtök og nálgun kynjafræðinnar hafa sprengt ramma kvenna- og karlafræða, því sköpun og endursköpun kyns er krufið á víðtækari hátt

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

en áður og á meira fræðilegu dýpi. Hugtakið kyn nær ekki bara yfir kynin í líf-fræðilegri eða félagslegri merkingu. Kynjafræðin skoðar hvernig kyn er notað til að tákngera valdamun og virðingarröð menningarlegra fyrirbæra. Kyn sem tengsl er sett í stærra samhengi en fyrr og skoðað hvernig það er hluti af þeim túlkunar-ramma sem liggur til grundvallar skilningi okkar á hlutunum, jafnvel því sem ekkert virðist hafa með kyn að gera við fyrstu sýn. Þannig er hugtakið nú notað sem greiningartæki jafnvel þar sem bara aðeins annað kynið er til staðar, t.d. í stríðsrekstri, hermennsku, saumaklúbbum, vegaframkvæmdum og fjármálastjórnun svo fátt eitt sé nefnt.

Mikilvægi kynjafræðinnar skapast af því að öll þekkt þjóðfélög viðhafa aðgreiningu eftir kyni. Sú aðgreining hefur áhrif á stöðu fólks og tækifæri í lífinu og því er kyn grundvallarþáttur í mannlegri tilveru. Það þýðir að fullur skilningur á samfélaginu og innviðum þess næst ekki nema með því að skoða heiminn frá sjónarhóli kyns, en líka að fullt jafnrétti fæst ekki nema með fullri þátttöku beggja kynja. Að því leyti má segja að kynjafræðin sjái kyn sem einn mikilvægasta burðarás samfélagsþróunarinnar.

Það sem gerir kynjafræði femínísk er það sama og gerir hreyfingu eða aðgerð femíníska, þ.e. meðvitund um og gagnrýni á ríkjandi ástand og gildismat. Femínísk fræði láta sér þannig ekki nægja að lýsa veruleikanum og skilja hann, femínísk fræði verða einnig að *gagnrýna* þau öfl sem viðhalda valdamisræmi og undirokun ásamt því að stuðla að breytingum.³ Að því leyti eru femínísk fræði pólitísk og gagnrýnin fræði um samfélag og menningu – þau skapa usla og ólgu í hinu viðtekna og eru því fræðikenning andófs og breytinga.

Hugmyndaarfur femínismans

Hinn fræðilegi femínismi og þróun kynjafræðanna er samofinn sögu kvennabaráttunnar, því er mikilvægt að skoða sögu femínismans með hliðsjón af sögu kvenna-hreyfinga. Hugmyndaarfur femínismans má skoða í ljósi þróunar kvennabaráttunnar í tímans rás. Hugtök og kenningakerfi hafa orðið til í tilteknu andrúmslofti þar sem barátta og fræði kallast á. Hvert tímabil kvennabaráttunnar hefur sín félagslegu, menningarlegu og pólitísku baráttumál og sérkenni.

Frjálslyndur femínismi. Frjálslyndur eða borgaralegur femínismi tengist baráttu kvenna fyrir borgaralegum réttindum. Þetta tímabil kvennabaráttu stóð víðast frá 1870 til 1920–30 og tengdist miklum þjóðfélagshræringum. Iðnvæðingin hélt innreið sína á Vesturlöndum og hratt af stað stórfelldum breytingum, þéttbýlismyndun og borgarmyndun. Lýðréttindi (karla) jukust og stórar fjölda-

³ Caroline Ramazanoglu (1992, bls. 209) hefur tekið heimilisofbeldi sem dæmi um þetta. Hún segir að hægt sé hafa mismunandi fræðileg sjónarhorn á heimilisofbeldi en það sé aldrei hægt að skoða ópólitískt. Það sé fyrirbæri sem ekki sé hægt að samþykkja.

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

hreyfingar komu fram á sjónarsviðið, þar á meðal verkalýðshreyfingin. Í kjölfarið kom kvennahreyfingin og konur kröfðust þess að fá hlutdeild í þjóðfélagsvaldinu til jafns við karla. Í upphafi voru frjálslyndar hugmyndir ríkjandi, eins og í stjórnmalunum. Mary Wollstonecraft er ein af frumkvöðlum hins frjálslynda femínisma. Hún var uppi á 18. öld og skrifaði árið 1792 hið fræga rit *Vindication of the Rights of Woman* eða *Málsvörn fyrir rétti konunnar*. Bók Wollstonecraft var mjög róttæk á sínum tíma en hún hélt því fram að karlar og konur væru gædd sömu andlegu hæfileikum og að menntun væri lykillinn að sjálfstæði kvenna. Réttur kvenna til menntunar hefur allar götur síðar verið ein af grundvallarkröfum kvennabaráttunnar.

Nokkrir karlar höfðu einnig áhrif á hinn frjálslynda femínisma og meðal þeirra var John Stuart Mill en hugmyndir hans voru í anda Thomasar Hobbes og Johns Locke sem gefið höfðu tóninn fyrir frjálslyndisstefnuna (sjá Auði Styrkarsdóttur, 1997). Rit Mills ([1869] 1997), *Kúgun kvenna*, kom út samtímis í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og Nýja Sjálandi árið 1869. Wollstonecraft og þeir herra menn sem nefndir hafa verið voru öll bresk en hin borgaralega kvennafrelshreyfing lét einkum til sín taka í Bretlandi og Bandaríkjunum (sjá t.d. Sveen og Aastad, 1985, 66–73). Innan hins borgaralega eða frjálslynda femínisma var barist fyrir réttindum kvenna á forsendum ríkjandi samfélags, áhersla var á einstaklingsfrelsi og jöfn tækifæri í formlegum og lagalegum skilningi. Frjálslyndir femínistar skýra stöðu kvenna með því að konur hafi ekki náð sama rétti og karlar sem þegar innan samfélagsins og hafi ekki haft sömu menntunarmöguleika.

Frjálslyndur femínismi hefur verið gagnrýndur fyrir að vera ónæmur á hver-su karllægt samfélagskerfið er og ennfremur hve karlmiðuð hugmyndin um hinn fullgilda einstakling er (Scott, 1996). Frjálslyndur femínismi var framsækið afl í kvennréttindahreyfingu 19. aldar og í byrjun 20. aldar þegar konur voru bókstaflega útilokaðar frá samfélagslegri þátttöku. Þetta sjónarhorn er hins vegar ógagnrýnið á ríkjandi valdakerfi og einstaklingsgerir valda- og aðstöðumun. Þeir sem aðhyllast þetta sjónarmið í dag horfa fram hjá þeim ósýnilegu, kerfislægu hindrunum sem hafa greipt sig í stofnanir samfélagsins gegnum aldirnar. Áherslan er á valfrelsi án þess að greina mismunandi möguleika og sögulegar forsendur hópa og einstaklinga.

Frjálslynd sjónarmið hafa talsvert átt upp á pallborðið hjá mörgum sem blanda sér í íslenska jafnréttisumræðu síðustu ár. Mikil andstaða er við „leiðréttingu“ valdamisræmis af öllu tagi, svo sem sértækar aðgerðir (e. *affirmative action*). Einstaklingsfemínismi er hugtak sem skotið hefur upp kollinum og í því felst and-

⁴ Sjá t.d. vefsíðu „ifeminism“ eða individualistfeminism [<http://www.ifeminists.com>] (sótt 12/1 2003).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

staða við samræmda baráttu.⁴ Það er hins vegar álitamál hversu beitt greiningartæki frjálslyndur femínismi getur verið á valdamisræmi eða mismunun í samfélagi samtímans, þar sem lagalegt jafnrétti er fengið en kynjun og valdatengsl kynja liggja djúpt grafin í sögu okkar og menningu, í innri jafnt sem ytri veruleika okkar. Fyrir því hafa verið færð margvísleg rök að frjálslyndur femínismi sé hvorki líklegur til að koma með róttæk svör við viðfangsefnum samtímans né hreyfa á neinn ögrandi hátt við þeim (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002; Þorgerður Einarsdóttir, 2002).

Marxískur og sósíalískur femínismi. Þar sem frjálslyndur femínismi tengist baráttu kvenna fyrir jafnrétti á forsendum ríkjandi kerfis, tengist marxískur og sósíalískur femínismi baráttu kvenna fyrir réttlátara samfélagi. Marxisminn lýsir hagrænum forsendum undirokunar í stéttasamfélagi og skoðar tengslin milli framleiðsluhátta og stöðu fólks. Kenning 19. aldar marxista um kvennakúgun var einföld og spyrti kvennakúgun saman við stéttakúgun. Kvennakúgun var talin afleidd af stéttakúgun og talið var að konur yrðu sjálfkrafa frjálsar þegar stéttakúgun væri aflétt. Marxískir femínistar telja að sterk tengsl séu milli vitundar kvenna og félagslegrar stöðu þeirra. Einkunnarorðin „verund skapar vitund“ eru höfð eftir Karli Marx og lýsa þessu vel.⁵ Meðal hugmyndasmiða voru August Bebel (1977), sem skrifaði bókina *Konan og sósíalisminn* árið 1879, og Fredrich Engels, sem gaf út bókina *Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarréttarins og ríkisins* árið 1884, en báðar komu út í Þýskalandi.

Fyrsta sósíalíska kvennahreyfingin varð til í Þýskalandi og náði einkum fótfestu þar og í Rússlandi. Margar konur lögðu fram drjúgan hugmyndaskerf í kvennakenningu marxismans. Meðal þeirra eru Alexandra Kollontaj og Clara Zetkin. Alexandra Kollontaj, sem var rússneskur stjórnmalamaður og síðar diplómat í Skandínavía, gaf út margar bækur um kvenfrelsi. Helga Sigurjónsdóttir (1988, bls. 61) hefur lýst hvernig persónulegar skoðanir Alexöndru Kollontaj lutu oft í lægra haldi fyrir þeim hugmyndum sem hinn pólitíski rétttrúnaður boðaði. Rök marxismans og hjarta Alexöndru toguðust á þegar hún studdi karlfélaga sína í sósíalistahreyfingunni gegn baráttu verkakvenna.

Clara Zetkin, sem var þýskur sósíaldemókrati, skipaði sér á spjöld sögunnar fyrir að hafa stofnað fyrstu sósíalísku kvennahreyfinguna og fyrir að vera upphafsmaður að 8. mars sem alþjóðlegum baráttudegi kvenna, en það lagði hún til á kvennaráðstefnu í Kaupmannahöfn árið 1910.⁶ Hún skrifaði mikinn fjölda greina og bæklinga um stöðu kvenna og kvenfrelsi frá marxísku sjónarhorni. Þótt báðar þessar konur hafi verið trúar hinni marxísku kennisetningu, höfðu þær kvennapóli-

⁵ „It is not the consciousness of men that determines their existence, but their social existence that determines their consciousness“ segir Karl Marx ([1859] 1977) í formálanum að gagnrýni sinni á hina pólitísku hagfræði.

⁶ Sjá vefsíðu um Clöru Zetkin <http://www.marxists.org/archive/zetkin/> (sótt 3. janúar 2002).

‘HIÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT’

tískar skoðanir sem ekki féllu að hugmyndum lærifeðranna. Báðar skipa mikilvægan sess í hugmyndasögu hins femíníska andófs. Sérstaklega reyndist Clara Zetkin karlkyns félögum sínum óþægur ljár í þúfu.⁷

Gagnrýni á marxískan og sósíalískan femínisma hefur einkum beinst að því hversu mjög hann einskorðar sig við hugmyndafræði marxismans og að því valdalíkani sem marxisminn byggir á. Engin skýr mörk eru milli marxíska femínismans og hins sósíalíska. Alison Jaggar (sjá Rosemary Tong, 1989, bls. 7) heldur því þó fram að sósíalískur femínismi samþætti kenningar marxista við aðrar kenningar, t.d. róttækan femínisma, sálgreiningu og tilvistarheimspeki. Konur eru annars flokks þegnar í karlveldissamfélagi, hvort sem hagkerfi þess og stjórnkerfi byggja á kommúnisma eða kapítalisma. Karlmennt hafa viðhaldið yfirráðum sínum yfir konum með því að hagræða stofnunum samfélagsins sér í hag, einnig í ríkjum sem kennd eru við kommúnisma og sósíalisma. Marxisminn nægir því ekki til að útskýra kúgun kvenna.

Aldamótafemínisminn á Íslandi

Hugmyndir frjálslyndra og marxískra femínisma bárust tiltölulega fljótt til Íslands. Merki um það er að lykilverk voru þýdd á íslensku, t.d. *Kúgun kvenna* eftir John Stuart Mill sem gefið var út árið 1900, og endurútgífið 1997, og rit Engels *Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarréttarins og ríkisins* sem var þýtt árið 1951. Kvennahreyfing 19. aldar er kapituli út af fyrir sig sem þegar hefur verið gerð ítarleg skil af sagnfræðingum (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997; Sigriður Th. Erlendsdóttir, 1993, 1997; Sveen og Aastad, 1985). Nokkur félög kvenna störfuðu á Íslandi í upphafi 20. aldar, en einkum tvö létu að sér kveða; Hið íslenska kvenfélag sem stofnað var 1894 af Þorbjörgu Sveinsdóttur ljósmóður og Hið íslenska kvenréttindafélag, síðar Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) sem stofnað var 1907 undir forystu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998, bls. 104–106).

Hlutur karla var nokkur í baráttu kvenna á Íslandi, rétt eins og erlendis. Má þar m.a. nefna Pál Briem sem 1885 hélt fyrirlesturinn „Um frelsi og menntun kvenna“ (birtur í Mill, 1997, sjá einnig Auði Styrkársdóttur, 1997, bls. 43–48). Þar lýsti Páll kvennabaráttunni í öðrum löndum og dró upp mynd af aðsópsmiklum kvenréttindaskörungum. Það var þó Hannes Hafstein ráðherra sem öðrum fremur lagði konum lið í baráttu þeirra með því að leggja fram frumvarpið sem veitti konum

⁷ Clara Zetkin var t.d. miklu róttækari en flokksforysta sósíaldemókrata og hún átti síðar þátt í stofnun þýska kommúnistaflokksins. Samtöl hennar og Leníns um kvennapólitík eru sögufræg en þar heldur Clara fram sjálfstæðri kvennapólitík og þarf fyrir bragðið að sitja undir föðurlegum umvöndunum Leníns. Sjá [http://www.marxists.org/archive/zetkin/works/zetkin2.htm] (sótt 3. janúar 2002).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

á Íslandi sama rétt og körlum til skólagöngu, styrkja og embætta (Sigríður Th. Erlendsdóttir 1993, bls. 108–113). Baráttan var þó vitaskuld mest háð af konum sjálfum.⁸

Kvennabarátta 19. aldar á Íslandi varð fyrir áhrifum bæði frá borgaralegum og sósíalískum hreyfingum. KRFÍ var frá stofnun aðildarfélag í alþjóðasambandi um kosningarétt kvenna, The International Women Suffrage Alliance (IWSA) en Bríet sótti stofnfund þeirra samtaka í Kaupmannahöfn árið 1906. Eins og alþjóðasamtökin beitti KRFÍ sér fyrir formlegu jafnrétti sem kristallaðist í baráttunni fyrir kosningarétti og kjörgengi. En kjör og aðstæður verkakvenna og annarra útvinnandi kvenna voru þó iðulega meðal mikilvægustu baráttumála félagsins (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1997). Bríet Bjarnhéðinsdóttir, stofnandi Kvenréttindafélagsins, skrifaði fyrstu grein sem birtist eftir konu á Íslandi í Fjallkonuna 1885, „Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna“. Tveimur árum síðar hélt hún fyrst kvenna opinberan fyrirlestur á Íslandi í Báruhúsinu í Reykjavík undir yfirskriftinni „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“ (birtur í Mill, 1997). Ljóst er að Bríet var stórveldi í kvenréttindabaráttunni (Arndís Guðmundsdóttir, 1999; Bríet Héðinsdóttir, 1988).

Borgaraleg réttindi hlutu konur á Íslandi í nokkrum áföngum. Þær urðu lög-ráða árið 1900 í þeim skilningi að þá fengu þær rétt til að ráða yfir eigin tekjum og sértekjum þótt eiginmenn þeirra réðu áfram yfir félagsbúi hjóna fram til ársins 1923. Önnur borgaraleg réttindi, eins og t.d. kosningarétt, fengu konur á Íslandi einnig í áföngum. Árið 1882 fengu ekkjur og ógiftar konur sem stóðu fyrir búi eða „áttu á annan hátt með sig sjálfar“ kosningarétt í hrepps- og sýslunefndum, bæjarstjórnnum og á safnaðarfundum, að uppfylltum vissum skilyrðum. Mikilvægasti áfangi þessarar baráttu fékkst með lögum um kosningarétt til Alþingis árið 1915. Árið 1926 var lagaákvæði um að konur mættu skorast undan kosningu fellt niður (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998, bls. 146–150).

„Þöglu“ árin

Tímabilið milli 1920 og 1960 hefur oft verið kallað þöglu árin eða hléið. Sú sögu-skoðun er algeng, bæði hérlandis og í alþjóðlegu samhengi, að á þessu skeiði hafi kvennahreyfingin veikst og jafnvel þagnað – og að hugmyndafræðileg virkni hafi verið engin. Kosningaréttur og önnur mikilvæg borgaraleg réttindi voru víðast í höfn. Erlendar fræðikonur hafa þó vefengt að kvennabarátta í alþjóðlegu samhengi

⁸ Um þetta voru Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Björg Þorláksson afar ósammála. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (2001, bls. 155) segir í bók sinni *Björg* að þær hafi greint á um hlut íslenskra kvenna í þeim réttarbótum sem konur hlutu í byrjun aldarinnar. Björg, sem bjó í Danmörku, segir að konur á Íslandi hafi hlotið réttindi sín fyrst og fremst vegna tíðarandans án teljandi baráttu kvenna en því svaraði Bríet af hörku.

‘HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT’

hafi verið óvirk á þessum tíma, jafnvel þótt ekki hafi verið augljós baráttumál sem sameinuðu konur (Cott, 1986; Rossi, 1973). Á miðju þessu tímabili, eða árið 1949, kom út bók Simone de Beauvoir, *Hitt kynið* (*Le deuxième sexe*). Sú bók átti síðar eftir að hafa gríðarleg áhrif á kvennabaráttuna um allan heim undir einkunnarorðunum „við fæðumst ekki konur heldur verðum konur“. Rannsóknastofa í kvennafræðum hélt veglegt málþing árið 1999 á fimmtíu ára afmæli *Hins kynsins*. Þar settu nokkrir íslenskir fræðimenn verk de Beauvoir í samhengi við íslenskan veruleika og ræddu það erindi sem bók hennar á við okkar samtíma (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 1999). Nokkru eftir að Simone de Beauvoir gaf út bók sína kom út bók Betty Friedan *Goðsögnin um konuna* (*The Feminine Mystique*). Árið var 1963 og velmegun eftirstríðsáranna í algleymingi. Bókin, sem nú telst til klassískra verka í sögu kvennabaráttunnar, er beinskeytt gagnrýni á drauminn um hina heimavinnandi húsmóður, og hafði mikil áhrif á konur um allan heim.

„Þöglu árin“ voru heldur ekki sérlega þögl á Íslandi. Sigríður Th. Erlendsdóttir lýsir árunum 1920–60 sem mjög virku tímabili. Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) stóð í miklum blóma, hafði afskipti af atvinnu- og launamálum kvenna og beitti sér fyrir stofnun verkakvennafélaga. Félagið stóð fyrir opinberri umræðu um atvinnumál kvenna og launamál, hélt fjöldafundi þar sem kröfunni um rétt til atvinnu og launajafnrétti var haldið á lofti. Þá beitti félagið lobbýisma í baráttu sinni fyrir lagalegum umbótum í atvinnu- og skattamálum. Nokkrar mikilvægar samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO) voru samþykktar af Alþingi eftir þrýsting frá félaginu (Sigríður Erlendsdóttir, 1997). Á hinn bóginn var kvennabaráttan e.t.v. ekki eins sýnileg og áþreifanleg og síðar átti eftir að verða.

Nýja kvennahreyfingin – hið persónulega er pólitískt

Á tímabilinu milli 1960 og 1980 hófust þær hræringar sem kallaðar hafa verið önnur bylgja kvennahreyfinga, eða nýja kvennahreyfingin. Þessi hreyfing átti sér margvíslegar rætur, svo sem stúdentaóeirðirnar í Frakklandi árið 1968, sem dreifðust um heiminn, róttækar vinstri hreyfingar, mótmæli og gagnrýni á efnishyggju og framfaratrú. Nýja kvennahreyfingin varð einnig til á sama tíma og mikil gerjun átti sér stað í vísindalegri umræðu. Viðteknar vísindalegar aðferðir (pósítívismi og megindelegar aðferðir) voru harðlega gagnrýndar og eigindlegar aðferðir í anda túlkunar- og fyrirbærafræða ruddu sér til rúms. Á sama tíma jókst áhugi á rannsóknum á konum og kynjamun, og kvennarannsóknir (e. *women's studies*), urðu þekkt hugtak. Nýja kvennahreyfingin og kvennarannsóknir kölluðust því á frá fyrstu tíð.

Á Íslandi er oftast talið að Rauðsokkahreyfingin hafi markað upphaf hinnar nýju kvennahreyfingar. Vilborg Sigurðardóttir (2001) og Herdís Helgadóttir (1997), sem báðar voru meðal upphafskvenna Rauðsokkahreyfingarinnar, hafa gert

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

henni góð skil. Framákonur í Kvenréttindafélagi Íslands tóku hreyfingunni fálega í upphafi. Árið 1968 hafði verið stofnuð nokkurskonar ungliðahreyfing innan KRFÍ sem kallaði sig Úrnar. Þó að sú hreyfing ynni öflugt starf um nokkurra ára skeið, virðist það starf ekki hafa svarað kalli tímans um nýja og róttæka hreyfingu kvenna (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993, bls. 343–353).

Óhætt er að fullyrða að Rauðsokkahreyfingin hafði gífurleg áhrif í íslensku þjóðfélagi, eins og reyndar víða annars staðar. Rauðsokkahreyfingin varð til að hreyfa við brýnum samfélagslegum kröfum kvenna og hún hratt af stað vakningu. Formleg réttindi voru fengin, útvinna giftra kvenna hafði aukist gífurlega og getnaðarvarnir færðu konum aukið frelsi og möguleika. Á sama tíma höfðu innviðir samfélagsins lítið breyst og stofnanir samfélagsins og menning gerðu enn ráð fyrir hefðbundnu hlutverki kvenna.

Rauðsokkahreyfingin setti ný mál á dagskrá og beitti nýjum aðferðum. Herdís Helgadóttir orðar það þannig að konum hefði verið tekið að „leiðast þófið“ og um hreyfinguna blésu ferskir vindar (Herdís Helgadóttir, 1997; Vilborg Sigurðardóttir 2001, bls. 477). Umræðan um rauðsokkahreyfinguna hefur þó oft og tíðum einkennst af meintri skaðsemi hennar fyrir samfélagið fremur en þeirri miklu þjóðfélagsvakningu sem hún hratt af stað. Enn þann dag í dag eimir eftir af þessum sjónarmiðum: „Rauðsokkur eru konur með svipu sem berja karlana sína“ svarar ung stúlka í Veru (2/2001, bls. 6) aðspurð um hvað femínismi sé, rúmum þrjátíu árum eftir að Rauðsokkahreyfingin kom fram á sjónarsviðið.

Femínismi sem fræðasvið – hið vísindalega er pólitískt

Hér að framan var greinarmunur gerður á femínisma sem hreyfingu og femínisma sem fræðikenningu. Með nýju kvennahreyfingunni fór femínisminn að fíkra sig inn í háskólana og vísindasamfélagið og með því óx hinum fræðilega femínisma fiskur um hrygg. Bæði á Íslandi og erlendis voru kennarar, háskólakonur og menntakonur fjölmennar í nýju kvennahreyfingunni (Vilborg Sigurðardóttir 2001, bls. 478, 481). Því er ekki að undra að sterk tengsl hafi myndast milli femínískrar hreyfingar og hinna vaxandi fræða. Ef slagorðið „hið persónulega er pólitískt“ voru einkunnarorð femínískra hreyfinga má kannski segja að einkunnarorð hins fræðilega femínisma séu að hið vísindalega sé pólitískt. Þar sem samfélag og menning höfðu verið gagnrýnd fyrir karlmiðlægni, bættust nú fræðasamfélagið og vísindin við.

Sá hugmyndafræðilegi arfur frjálslyndis og marxisma sem rakinn var hér að framan varð mikilvæg kjölfesta fyrir hinn akademíska femínisma. Á sama hátt og hin femíníska hreyfing á sér forsögu á hinn fræðilegi femínismi það einnig. Víða um heim, og kannski sérstaklega á Norðurlöndunum, byggðu kvennarannsóknir á arfi kynhlutverkarannsókna (s. *könsrollsforskning*) sem höfðu þróast á sjöunda áratugnum. Pólitísk gerjun og vísindagagnrýni rötuðu fljótlega inn í umræðuna um

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

fjölskyldur og kynhlutverk, sem var nánast eina fræðasviðið þar sem fjallað var sérstaklega um kyn, eða öllu heldur konur – því konur voru kynið eins og Simone de Beauvoir hafði bent á.

Á þessum árum lögðu norskir og sænskir félagsvísindamenn grunn að gagnrýnum rannsóknum á kynin þar sem litið var á kynhlutverk (e. *sex-role*, d. *kønnsrolle*) fyrst og fremst sem félagslegt en ekki eðlislægt hlutverk. Þetta var róttækt upp-gjör við fyrri hugmyndir og samstöðukenningar (e. *functionalism*) um að karl og kona hefðu frá náttúrunnar hendi ólík hlutverk og bættu hvort annað upp. Meðal brautryðjenda var norski félagsfræðingurinn Harriet Holter sem ásamt fleirum skrifaði norsk-sænsku bókina *Kvinnors liv och arbete* (Líf og störf kvenna) árið 1962, sem hafði mikil áhrif á norræna jafnréttisumræðu um langt árabil (SNS, 1962). Nokkru síðar skrifaði bandaríski félagsfræðingurinn Jessie Bernard ([1972] 1982) klassíska bók sína um framtíð hjónabandsins, þar sem hún sagði að hjónabandið væri tilfinningalegur ávinningur fyrir karla en kostnaður fyrir konur. Á þessum árum var mjög róttækt að skoða kyn og samskipti kynjanna undir sjónarhorni átaka í stað fyrirfram gefinnar samstöðu eins og gert hafði verið fram að því.

Þótt Holter og félagar hennar tilheyrðu hópi samfélagsgagnrýnna fræðimanna, voru kenningarnar um kynhlutverkin nokkuð í anda frjálslyndishugmynda. Það sést best á því að kynhlutverkin voru talin hluti af félagslegum arfi sem þyrfti að útrýma og áhersla var lögð á áhrifamátt hefða, viðhorfa og félagsmótunar. Jafnrétti átti að nást með því að útrýma fordómum, breyta uppeldi og jafna verkaskiptingu á heimilum. Ala átti stráka og stelpur upp eins, eða réttara sagt að *ala stelpur upp eins og stráka*. Seinni tíma fræðikonur gagnrýndu þetta sjónarmið fyrir að smætta kynin niður í kynhlutverk (Dahlström, 1992). Kynhlutverkaumræða náði snemma til Íslands og í íslenskum félagsfræðikennslubókum, og reyndar einnig í almennri umræðu, varð kynhlutverk viðtekið hugtak.

Róttækur femínismi. Í upphafi hinna eiginlegu kvennarannsókna á sjöunda og áttunda áratugnum hvíldi kenningaleg umræða femínismans á tveimur stöðum, annars vegar sósíalískum femínisma og hins vegar róttækum femínisma. Grundvallarhugtök voru *kapítalismi* og *karlveldi* (eða *feðraveldi*), og greiningartækin voru stétt og kyn. Frjálslyndur femínismi var í lögð. Hinn sósíalíski femínismi byggði að einhverju leyti á arfi marxismans, en hann en er þó gagnrýnninn á hugtök og greiningartæki marxismans og meira á forsendum kvenna.

Hugtakið *róttækur femínismi* hefur verið notað sem yfirhugtak yfir það sjónarmið að undirokun kvenna sé sjálfstætt form undirokunar, en ekki bara afleiðing stéttakúgunar eins og marxískir femínistar héldu fram, eða gamaldags viðhorf sem aðeins þurfi að viðra út eins og frjálslyndur femínismi gerði ráð fyrir. Yfirleitt er gerður greinarmunur á marxískum eða sósíalískum femínisma og róttækum femínisma hins vegar þótt ekki séu alltaf skýr skil þar á milli. Þessir kenningaskólar hafa

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

lífað hlið við hlið, mismunandi sterkir eftir fræðigreinum og fræðasamfélögum. Þótt þeir hafi sums staðar runnið saman í eitt, má yfirleitt greina áherslumun eftir því hvar þungamiðjan er (Andersen, 2000).

Samkvæmt róttækum femínisma eru konur kúgaðar á grundvelli kyns síns, og hið kvenlæga lýtur forræði hins karllæga. Þjóðfélagið einkennist af *karlveldi* sem stendur svo djúpum rótum í sögu, samfélagi og menningu að það hefur lífað af helstu þjóðfélagsbreytingar sögunnar. Í þessum skilningi varð róttækur femínismi beinskkeytt gagnrýni á marxískan femínisma og þjóðskipulag sósíalismsans þar sem staða kvenna var iðulega skörinni lægra en karla.

Róttækur femínismi lá til grundvallar vitundarvakningu (e. *consciousness-raising groups*) kvennahreyfingarinnar í byrjun sjöunda áratugarins. Athyglinni var beint að því hvernig konur eru skilgreindar sem kynverur og þeim sviðum þar sem konur eru hvað viðkvæmastar, andlega og félagslega. Í brennidepli var klám, vændi, kynferðisleg áreitni, nauðganir og ofbeldi. Það er athyglisvert – og kannski ítrasta staðfestingin á réttmæti hugtaksins karlveldi, að þrátt fyrir 30 ára umræðu og rannsóknir eru þessi viðfangsefni nú jafn brýn og e.t.v. brýnni en þá.

Róttækir femínistar eru afar fjölbreyttur hópur og erfitt að setja þá alla undir einn hatt. Fræg verk í anda róttæks femínisma eru bók Kate Millett, *Sexual Politics*, sem kom út árið 1970 og bók Shulamith Firestone, *The Dialectic of Sex*, sem kom út sama ár. Andrea Dworkin og Catherine Mackinnon, eru meðal frægari seinni tíma fræðimanna, en þær hafa báðar beitt sér í klámumræðunni í Bandaríkjunum (sjá Ussher, 1997, bls. 178–254). Þá má nefna Susan Griffin, Mary Daly og Adrienne Rich. Á Íslandi kom út bókin Nýi kvennafræðarinn árið 1981, sem hópur kvenna þýddi úr dönsku. Hann er áþreifanlegt dæmi þess hve fljótt róttæki femínisminn náði til Íslands.

Krafan um sýnileika. Ósýnileiki kvenna í hinum hefðbundnu vísindum var meðal þess fyrsta sem gagnrýni fræðikvenna beindist að innan fræðaheimsins. Líf kvenna, framlag þeirra til sögunnar og samfélagsins, aðstæður þeirra og reynsla höfðu verið hundsúð, eða – ef þau voru skoðuð – skilgreind sem hluti af ráðandi kynjamynstri, fyrirfram gefin og eðlislæg. Fyrsta kynslóð kvennarannsóknna einbeitti sér því að því að *bæta konum við sem viðföngum rannsókna*. Sérstaða kvenna var skoðuð og til viðbótar við þau svið sem nefnd voru hér að framan (klám, vændi, kynferðisleg áreitni, nauðganir og ofbeldi) bættust fæðingar, meðganga, umönnun barna, heimilið og einkageirinn í víðasta skilningi.

Krafan um sýnileika tengdist hugmyndunum um formlegt jafnrétti og baráttunni við að ryðja hindrunum úr vegi. Sýnileikakrafan beindist oft og tíðum að *kúgun* kvenna og *mismunun*. Þessi kúgunarorðræða hefur seinna verið nefnd fórnarlambsfemínismi, einkum af and-femínistum og fræðikonum sem ekki aðhyllast femínisma (sjá t.d. Egil Helgason, 2002a, 2002b; Paglia, 1991; Sommers, 1994).

‘HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT’

Þetta sjónarhorn hefur verið gagnrýnt fyrir að líta á konur sem óvirk fórnarlömb og vék smám saman fyrir annarri orðræðu sem lagði meiri áherslu á reisu og menningu kvenna. Hugtökin gerandi og þolandi togðust á – og hafa gert alla tíð síðan í femínískum fræðum. Þær hugmyndir að hefja konur og tilveru þeirra til vegs og virðingar hófust með hugtakinu *kvennamenning* sem norska fræðikonan Berit Ås setti fram í grein árið 1975.

Sérstakur reynsluheimur kvenna – kvennamenning. Hugmyndin um kvennamenningu átti miklu fylgi að fagna á Norðurlöndum og að einhverju leyti í N-Evrópu, en varð aldrei ríkjandi í Bandaríkjunum eða Bretlandi.⁹ Á Íslandi sló hugmyndin um kvennamenningu rækilega í gegn í pólitík Kvennaframbóðsins og Kvennalistsins undir yfirskriftinni „sérstakur reynsluheimur kvenna“. Í fræðunum varð þetta sjónarmið mikilvægt í viðleitni kvenna til að svara því hvers vegna ekki var hægt að finna konum stað í hefðbundnum kenningum fræðigreinanna og þeirri samfélagsskipan sem þær bjuggu í. Í hugmyndinni um kvennamenningu var gert ráð fyrir að samfélagið væri gegnsýrt af reglum, tungumáli og gildismati karla. Sameiginlegur reynsluheimur kvenna og menning væru ósýnileg og þöggð. Áherslan á kvenlega reynslu og gildismat, umhyggju, innsæi og heildarsýn boðaði jafnframt að konur væru ekki eingöngu fórnarlömb eða píslarvottar. Í anda kvennamenningar var haldið á lofti mynd af konum sem sterkum, sjálfstæðum og hnarreistum.

Þetta sjónarhorn hefur verið nefnt „sæmdarrannsóknir“ (d. *værdighedsforskning*) til aðgreiningar frá „eymdarrannsóknnum“ (d. *elendighedsforskning*) sem ríkt höfðu áður (Wiederberg 1992). Mikilvægt rit sem fram kom á þessum árum var m.a. *The Reproduction of Mothering* eftir Nancy Chodorow (1978). Chodorow skrifaði í anda sálgreiningar (e. *psychoanalytic feminism*) um hinn kvenlæga persónuleika og hvernig hann er skapaður og endurskapaður í nánum tengslum mæðra og dætra. Hún taldi að orsökina að kúgun kvenna mætti finna djúpt í þeirra eigin sálarlífi og að ödipusarduldin gegndi stóru hlutverki í viðhaldi fedraveldisins. Táknfræði í anda sálgreiningar hefur nokkuð verið notuð í femínískum bókmennta- og menningarfræðum til að skoða þau birtingarform sem kynjamyndir, kvenleiki og karlmennska taka á sig í samtímamenningu, svo sem í bókmenntum og kvikmyndum (sjá t.d. Dagnýju Kristjánsdóttur, 1996, 1999).

Annað frægt rit í svipuðum anda og bók Chodorow, er bókin *In a Different Voice* eftir Carol Gilligan frá árinu 1982 sem fjallaði um mismunandi siðgæðisþroska stúlkna og drengja. Þegar fram liðu stundir fór í vöxt að saman lifðu hlið við hlið sjónarmið sem draga fram undirokun annars vegar og styrk kvenna og reisu hins vegar. Mörg þemu og viðfangsefni eru í stöðugri kenningalegri spennu milli þess-

⁹ Sjá t.d. bók þýsku fræðikonunnar Ulrike Prokop, *Kvindelig livssammenhæng, om strategiernes indskrænketbed og de umådelige ønsker*, sem kom út í Þýskalandi 1976 og hafði mjög mikil áhrif á Norðurlöndum. Bókin var þýdd á dönsku 1978 og sænsku 1981, en ekki á ensku.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ara sjónarmiða. Má þar nefna hugmyndir um líffræði kvenna og móðurhlutverkið, en hvort tveggja er hægt að skilgreina sem bölvun eða blessun (Hockey, 1997; Riessman, 1992). Þessi sjónarmið geta vel farið saman. Sýnileiki og félagslegt samhengi undirokunar eru mikilvægir aflvakar og byrjunarreitir fyrir vitundarvakningu og greiningu, en reisin og virðing gefa þann kraft sem er nauðsynlegur til að heyja baráttu og takast á við breytingaferli.

Sjónarmiðsfemínismi. Kjarni femínískrar hugsunar er sá að ekki einungis samfélagið og menningin séu mannasetningar heldur einnig vitneskja okkar eða þekkingin, og þá ekki síst vísindaleg þekking. Femínísk þekkingarfræði – ásamt póstmódernískum eða póststrúktúralískum hugmyndum sem fjallað verður um hér á eftir – eru meðal þeirra strauma sem fram hafa komið á síðustu áratugum innan femínískra fræða.

Sjónarmiðsfemínisminn (e. *standpoint theory*) er fyrsta útfærða þekkingarfræði femínismans og sú sem náð hefur mestri útbreiðslu, þótt hún hafi einnig fengið mikla gagnrýni. Dorothy Smith, sem er meðal þekktari femínista innan félagsfræðinnar, skrifaði þegar á níunda áratug síðustu aldar um hvernig mismunandi lífsaðstæður karla og kvenna sköpuðu þeim mismunandi viðhorf, gildismat og þekkingu (Smith, 1987). Smith lagði ásamt fleirum grunninn að þeirri nálgun innan femínismans að þekking sé alltaf staðsett (e. *situated*) og háð verund viðkomandi einstaklings. Sjónarmiðsfemínisminn spratt upp úr þessum hugmyndum og samkvæmt honum er þekking ávallt háð sjónarmiði þess sem í hlut á.

Þrátt fyrir þetta gerir sjónarmiðsfemínisminn ekki ráð fyrir að öll sjónarmið séu jafngild. Hugmyndir Hegels um tengsl húsbónda og þræls hafa verið notuð hér sem viðmið. Húsbóndinn og þrællinn lifa í sama heimi en heimssýn þeirra er afar ólík. Húsbóndinn þrífst í raun á vinnu þrælsins. Hann tekur vinnu þrælsins og önnur lífsskilyrði hans sem gefin, þau eru honum ósýnileg en það sama gildir ekki um þrælinn. Hegel taldi að sjónarmið þrælsins hefði minni slagsíðu og væru nær því að vera hlutlæg en húsbóndans. Húsbóndinn þarf ekki að setja sig í spor þrælsins eða skilja sjónarmið hans á sama hátt og þrællinn þarf að skilja húsbóndann. Húsbóndinn hefur þar með minni getu til að skoða þann ytri veruleika sem skapar valdatengslin milli þeirra.

Smith og fleiri femínistar hafa yfirfært þessa hugmynd yfir á tengslin milli karla og kvenna. Á svipaðan hátt og sjónarmið þrælsins eru talin minna hlutdræg en sjónarmið húsbóndans, eru sjónarmið kvenna talin minna ófullkomin en karla (sjá Andersen, 2000, bls. 379). Þannig gerir sjónarmiðsfemínisminn ráð fyrir að forréttindi séu minnst sýnileg þeim sem njóta þeirra. Í samræmi við þetta ætti hvítt fólk að vera minna reiðubúið til að sjá og viðurkenna rasisma en þeir sem eru af öðrum hörundslit en hvítum. Og þar sem hvítir eru handhafar hins samfélagslega valds styður ríkjandi kerfi – þekkingin, menningarsköpunin og hin ráðandi

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

viðhorf þjóðfélagsins – enn frekar hina hvítu sýn á heiminn. Í sama anda ættu gagnkynhneigðir að vera tregari til að sjá og viðurkenna þöggun samkynhneigðra en samkynhneigðir sjálfir og svo mætti áfram telja.

Sjónarmiðsfemínisminn yfirfærir þessi tengsl yfir á karla og konur eins og áður segir, og af þessum sökum er femínismi fræðikenning andófsins. Ráðandi hópar geta að sjálfsögðu skilið kúgun og óréttlæti, t.d. hvítir sem gagnrýna rasisma, gagnkynhneigðir sem styðja baráttu samkynhneigðra eða karlar sem styðja baráttu kvenna. Það sýnir að sjónarmið og þekking eru ekki eingöngu bundin við beina reynslu og upplifun heldur geta þau verið áunnin og lærð með vitrænni greiningu á heiminum. Af áhrifamiklum talskonum sjónarmiðsfemínisma má nefna Söndru Harding (1986, 1991) og Nancy Hartsock (1998). Sjónarmiðsfemínisminn hefur verið gagnrýndur fyrir alhæfingar og eðlishyggju. En áður en vikið verður nánar að þeirri gagnrýni verður fjallað um hugtakaparið eðlishyggju (e. *essentialism*) og mótnarhyggju (e. *social constructionism*), svo og póstmóðernísk og póststrúktúralísk áhrif á femínisma.

Eðlishyggja – mótnarhyggja. Hin fleygu orð Simone de Beauvoir, „við fæðumst ekki konur heldur verðum konur“ hafa verið meðal grundvallarkennisetninga hins fræðilega femínisma. Hún færði í orð hugsun sem seinni tíma fræðikonur fjölluðu um sem muninn á líffræðilegu kyni (e. *sex*) og félagslegu kyni eða kyngervi (e. *gender*).¹⁰ Allt frá upphafi eiginlegra kvennarannsókna í byrjun áttunda áratugarins var mikilvægt að undirstrika hina félagslegu vídd kynsins sem sögulega og menningarlega skilyrta afurð. Mikil áhersla var lögð á að renna fræðilegum stoðum undir aðgreininguna í kyn og kyngervi. Pólítískt mikilvægi þessa verkefnis fólst ekki síst í því að kyngervið, hið félagslega og menningarlega kyn, væri mótað og þar með breytanlegt. Áður höfðu hugmyndir um óumbreytanlegt eðli kvenna og hið líffræðilega kyn bundið konur á klafa hefðarinnar (Sigríður Þorgeirsdóttir 2001, bls. 19–33). Aðgreiningin í kyn og kyngervi er nú ákaft gagnrýnd af femínistum og talin merki um að femínisminn hafi fallið í tvíhyggju karlveldisins. Tvíhyggjan er talin standa þróun femínismans fyrir þrífum og sífelld færri styðjast við hana (Jaggar, 1992).

Þótt flestar fræðikonur hefðu það sjónarmið að leiðarljósi að kynið væri félagsleg afurð, komu fljótlega upp raddir um alhæfingar og eðlishyggju. Þessi gagnrýni kom ekki síst fram innan raða femínista. Nancy Chodorow og Carol Gilligan urðu auðveld skotmörk og í raun var miklu þúðri eytt í innri togstreitu og gagnrýni. Mótnarhyggja (e. *social constructionism*) varð allsráðandi sjónarmið og eðlishyggju-stimpillinn varð sár vöndur. Deilan snerist m.a. um hvernig póstmóðernismi og póststrúktúralismi horfa við femínisma og kvennabaráttu.

¹⁰ Á íslensku hafa þessi hugtök verið nokkuð á reiki. „Sex“ hefur gjarnan verið þýtt sem „kyn“ og „gender“ sem „kynferði“ og nú á seinni árum „kyngervi“. Þessi notkun er hins vegar ekki alveg einhlít.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Póstmóðernismi og krafan um viðurkenningu margbreytileikans. Póstmóðernismi hefur reynst drjúgur innblástur þeim femínistum sem aðhyllast menningarlegan margbreytileika og fagna óstöðugleika kynjabreytunnar (Harding, 1994). Lykilhugtök í póstmóðernískum nálgunum eru orðræða (e. *discourse*) og afbygging (e. *deconstruction*). Veruleikinn er ekki bara mannasetningar heldur samsettur úr orðræðum. Skilgreiningar á orðræðu eru margar og ekki einhlítar en Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (1997) hefur lýst hugtakinu þannig á íslensku: „Orðræða er ekki bundin við þau orð sem eru töluð eða skrifuð. [... O]rðræða er samspil texta og tals, opinberrar reynslu og einkareynslu, þagna og bannhelgi, orða og gjörða. Orðræða er þeir farvegir, leyfilegir og óleyfilegir, sem texti og tal, þagnir og gjörðir, renna eftir“.

Hugtakið „afbygging“ er ættað frá franska heimspekingnum Jacques Derrida en er nú orðið viðtekið í flestum fræðigreinum innan félags- og hugvísinda. Almenn notkun orðsins vísar nú til þess að taka sundur, rífa niður eða brjóta upp, t.d. hefðir, siðvenjur, vanahugsun, hugtök, kenningakerfi og þess háttar, í þeim tilgangi að ryðja braut nýrri gagnrýnni hugsun. Tungumál er grundvallartæki í afbyggingu, en það er skapað og skapandi í senn. Með afbyggingu leitast femínisminn við að brjóta upp hugtök til að afhjúpa merkingu þeirra og skapa nýja merkingu. Michel Foucault hefur haft mikil áhrif á hugmyndir póstmóðernískra og póststrúktúralískra femínista um það hvernig vald og þekking eru samtvinnuð. Þekkingu er miðlað í gegnum tungumálið og táknerfi samfélagsins. Allir einstaklingar eru staðsettir sem sjálfsverur (e. *subjects*) og í tilteknum tengslum við þessa þekkingu (sjá Rosemary Tong, 1989).¹¹

Butler og mismunarfemínisminn. Bandaríski heimspekingurinn Judith Butler (1990) er sú sem gengið hefur einna lengst í að beita póstmóðernískri nálgun innan femínismans. Hún setur fram þá tilgátu að hvort tveggja kyn og kyngervi séu skilgetin afkvæmi menningarinnar og þeirrar orðræðu sem umlykur okkur. Butler afbyggir allar mismunarskilgreiningar kynjanna, hún gagnrýnir sjálfsmýndarpólítík kvennabaráttunnar og vefengir að hægt sé að aðgreina konur sem hóp frá körlum (Butler 1990). Þessi nálgun hefur verið nefnd mismunarfemínismi vegna þess að hann leggur áherslu á að mismunurinn milli kvenna sé það mikill að ekki sé hægt að finna einn samnefnara fyrir allar konur (sjá Sigríði Þorgeirsdóttur 2001, 2002). Mismunarfemínisminn hefur verið skapandi og gagnrýnin rödd innan femínismans, en hann býður ekki upp á mörg nýtileg tæki fyrir pólitíska baráttu kvenna. Hann hefur einnig reynst hættulega nálægt þeirri einstaklingshyggju sem horfir framhjá – eða einstaklingsgerir kerfislægt misrétti.

¹¹ Margir femínistar á Íslandi eru undir áhrifum póstmóðernískra og póststrúktúralískra hugmynda, en færri hafa krufið hugtökin sem slík og tengsl þeirra við femínisma. Hér skal þó bent á grein Sigríðar Þorgeirsdóttur (2001), „Er sjálfsveran dauð? Póstmóðernismi sem heimspeki-legt hugtak“ og erindi Þorgerðar Þorvaldsdóttur (2000) „Femínismi & póstmóðernismi“.

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

Þarf að velja á milli fræða og baráttu? Í frægri grein frá árinu 1990 gera Nancy Fraser og Linda Nicholson grein fyrir hvernig þær telja að póstmódernismi og femínismi horfi hvor við öðrum. Báðir straumar endurskilgreina tengslin á milli vísinda og félagslegrar gagnrýni, báðir gagnrýna vestræna trú á vísindi og framfarir. Deilan milli móðernisma og póstmóðernisma snýst um alhæfisgildi og afstæði sannleiks- og þekkingargilda. Póstmóðernismi er nokkurskonar afhjúpunarsálfræði sem sýnir að túlkanir á veruleikanum endurspegli alltaf ákveðið sjónarhorn. Í grófum dráttum gagnrýna Fraser og Nicholson femínismann fyrir að falla á eigin bragði. Einn mikilvægur samnefni póstmóðernisma og femínisma er gagnrýnin á óhlutdræg og algild viðmið þekkingar. Þannig hafa femínistar gagnrýnt hefðbundin vísindi, heimspeki, þekkingarfræði, siðferði og stjórnspeki fyrir að vera hlutdræg, sögulega skilyrt og hluti af karllægum sannleik. Þrátt fyrir þessa gagnrýni hafa femínistar sjálfir fallið í gryfju alhæfinga og stórasannleika. Margar af kenningum femínista eru mengaðar af eðlishyggju, aðferðir þeirra og hugtök ónæg á sögulegar og menningarbundnar aðstæður, fullyrða Fraser og Nicholson. Femínistar tala um konur sem einsleitan hóp og leita að einni allsherjarskýringu á undirokun kvenna. Fraser og Nicholson hvetja til aukins póstmóðernisma innan femínismans, og þær óska eftir kenningu sem er sögulega og menningarlega sértæk, næm á fjölbreytileika samfélaga og tímaskeiða og hópa innan þeirra. Þetta er kenning án alhæfingarkröfu, sem lýtur lögmálum gagnsemi (e. *pragmatism*) og viðurkennir að vera ekki óskeikul; eins og vefnaður samsettur úr mörgum mislitum þráðum frekar en einum lit.

Póstmóðernismi, efahyggja og uppgjöf. Allt hljómar þetta vel en felur í sér ákveðin vandkvæði, því þessi gagnrýni hittir femínismann sjálfan. Ef enginn sannleikur er til, á hverju byggist þá réttmætiskrafa femínismans? Er femínisminn ekki jafn hlutdrægur, staðsettur, óáreiðanlegur og sú þekking sem hann gagnrýnir? Susan Bordo (1990) svarar Fraser og Nicholson í beinskeyttari grein og gagnrýnir þá hugmynd að kyn sé ekkert nema óendanlega margbreytilegur texti eða orðræða. Hún sakar póstmóðerníska femínista um sögulegt minnisleysi og um að hafa sofnað á verðinum. Akademískur femínismi hefur barist gegn ósýnileika og valdaleysi kvenna í sögunni og gagnrýnt karlmiðuð vísindi sem áttu sér árbúsunda sögu áður en þau voru afbyggð – undir miklum mótmælum. Femínísk kenning er andófskenning sem enn er á jaðrinum og á undir högg að sækja. Það er ekki tímabært að ráðast af hörku á fræðikenningu í mótun eins og femínismann. Það grefur undan samstöðu kvenna og baráttu þegar síst skyldi.

Bordo gagnrýnir harkalega þá efahyggju sem umlykur hugtakið kyn (e. *gender-scepticism*). Afbygging og gagnrýni eru góðra gjalda verð, en mega ekki verða til að leysa upp hugtakið kyn. Hún gagnrýnir endalausán leik póstmóðernista með texta, og varar við hugmyndinni um óendanlega fínkornóttan margbreytileika. Hún spyr: *Hve margar víddir getum við eiginlega haft í fókusi samtímis án þess að tapa skýr-*

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

leika og skerpu? Það eru alltaf einhverjar víddir undanskildar og hættan á afstæðis-
hyggju, ábyrgðarleysi og uppgjöf er meiri en hættan á alhæfingum og fræðilegri
þöggun um einhverjar konur. Bordo (1990) áréttar mikilvægi þess að skynja inn í
hvaða félagslegt og hugmyndafræðilegt andrúmsloft við tölum hverju sinni. Við
núverandi aðstæður er hugsanlegt að efahyggjan verði hugmyndalegt akkeri fyrir
afturhaldssinnuð öfl og geti þannig orðið tæki í höndunum á þeim sem vilja við-
halda völdum og yfirráðum hvíttra karla.

Femínísk svör við póstmódernískri gagnrýni? Hugmyndir póstmódernista hafa verið
femínistum mikilvæg uppspretta hugmynda og innblásturs. En gagnrýnin hefur
einnig verið harkaleg og oft reynst vopn í höndum þeirra sem ekki vilja af kvenna-
baráttu vita. Hörð hríð hefur verið gerð að sjónarmiðsfemínismanum og á sú gagn-
rýni margt skylt við hugmyndir póstmódernismans. Sjónarmiðsfemínisminn hefur
verið gagnrýndur fyrir að alhæfa um konur og að hafa einfeldingslega sýn á veru-
leikann. Sjónarmiðsfemínisminn hefur þurft að glíma við þá staðreynd að konur
eru margbreytilegar, staða þeirra margvísleg og undirokunin mismunandi. Felur
það ekki í sér margvíslegar birtingarmyndir á sjálfstæðum kúgunarformum sem
skoða þarf óháð kvennakúgun? Ef svo er, hver er samnefnari kvenna? Jafnvel þegar
staða kvenna er svipuð er upplifunin af kúguninni ólík, þ.e. sambærileg hlutlæg
reynsla leiðir til mismunandi huglægrar upplifunar. Af þessum sökum hefur sjónar-
miðsfemínisminn átt í erfiðleikum með að renna fræðilegum stoðum undir þekk-
ingarkröfur sínar. Hinu má svo heldur ekki gleyma að í þessari umræðu hefur
kynjavíddin verið gagnrýnd meira fyrir alhæfingar en hliðstæðar grundvallarbreytur
félagsvísindanna, eins og Bordo (1990) bendir á, og lengra verið gengið í að af-
byggja hana en nokkra aðra breytu.

Caroline New (1998) er meðal þeirra sem leitast við að bjarga sjónarmiðsfemín-
ismanum og segir að hann sé haldgott tæki til að styrkja samstöðu og baráttu
kvenna. Í þessum tilgangi leggur hún upp í gagnrýna samræðu við póstmódern-
íska og póststrúktúralíska femínista. New segir ákveðna þversögn felast í því að
póststrúktúralistar hafni hugmyndum femínismans um hugtakið konur sem sam-
nefnara og sameiginlega sjálfsvitund kvenna (e. *collective subject of feminism*), en sam-
þykki á sama tíma pólitískt verkefni femínismans að berjast fyrir kvenfrelsi og
gegn ranglæti. Því hvaða þýðingu hafa slík hugtök nema með tilvísun í raunveru-
legar aðstæður kvenna? New segir að femínisminn byggji í reynd alltaf á raun-
hyggju (e. *realism*), þ.e. að til sé efnisveruleiki óháð skynjun okkar. Þessi afstaða
gerir femínismann vissulega auðvelt skotmark gagnrýni. Ef heimurinn er til, „the
truth is out there“, skiptir ekki máli hver nálgast hann eða lýsir honum svo lengi
sem það er gert á „réttan“ hátt og með „viðurkenndum“ aðferðum. Það stangast
hins vegar á við gagnrýni femínista um að þekking sé ávallt staðsett og að vísindin
hafi karllæga slagsíðu.

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

New telur að póststrúktúralistar séu komnir út á ystu nöf með þá gagnrýni að annaðhvort sé engin þekking til eða að þekking sé óendanlega margvísleg. Hún segir að margbreytileiki kvenna hafi ekki hindrað þær í að taka afdráttarlausa afstöðu til kröfunnar um algild mannréttindi fyrir konur. Hún heldur uppi vörnum fyrir helstu kenningarmiði sjónarmiðsfemínismans og gagnrýnir póststrúktúralista fyrir skort á raunsæi og raunhyggju. Sjálf setur New fram hugmynd um að það sé flókið samspil raunverulegra félagslegra aðstæðna sem skilyrði líf kvenna og skapi þar með grundvöll og réttlætingu fyrir sérstökum sjónarmiðum þeirra. New afneitar ekki margbreytileika kvenna og gerir ekki ráð fyrir þekkingarfræðilegum yfirburðum þeirra, en segir að undirskipuð staðsetning gefi hins vegar möguleika á þekkingu og áhuga til að nota þá þekkingu í þágu breytinga (New 1998, bls. 367–368).

Sífelld fleiri bregðast nú við þeirri uppgjöf sem fylgt hefur í kjölfar póstmodernismans og því hefur verið fleygt að þótt konur séu margbreytilegar, sé þó enn eitt sem sameini þær sem hóp; það er að þær standa iðulega skörinni lægra en karlar í sambærilegri stöðu. Þessi samnefnari þarf á engan hátt að rýra getu femínismans til að setja fram sögulega og menningarlega sértækar kenningar, og að sýna næmi á fjölbreytileika samfélaga og tímaskeiða.

Framtíð femínismans

Hér hefur verið stiklað á stóru um fræðilegan femínisma, tengsl hans við kvenna-baráttu, og reynt að koma til skila þeirri grósku sem einkennir hann. Fræðilegur femínismi er ungur en byggir á langri sögu, hann er þverfaglegur, jarðtengdur, næmur á mismun og margbreytileika án þess að missa sjónar á því pólitíska hlutverki að stuðla að kvenfrelsi og jafnrétti kynja. Fræðilegur femínismi er í stöðugri þróun eins og hér hefur verið sýnt fram á. Efnissvið hans breikkar jafnt og þétt og hin fræðilega dýpt verður sífelld meiri. Það sem byrjaði sem einföld gagnrýni á ósýnileika og valdaleyfi kvenna í sögulegum, félagslegum og pólitískum skilningi hefur breikkað og þróast yfir í beinskeytta vísinda- og menningargagnrýni. Þannig hefur femínisminn einnig verið aðhald og innblástur fyrir hin hefðbundnu vísindi.

Upphaf femínismans má rekja til pólitískrar hugmyndafræði frjálslyndisstefunnar og marxismans á 19. öld og sá arfur fylgir honum enn í dag. En fræðilegt sjálfstæði hans hefur þó aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir upphaf eiginlegra kvenna- og kynjarannsókna á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar. Hinn fræðilegi femínismi glímir við mörg þeirra viðfangsefna sem hinar hefðbundnu fræðigreinar glíma við. Má þar nefna verufræðilegar og þekkingarfræðilegar spurningar um eðli veruleikans og uppsprettu þekkingar, tengsl fræðikenningar og hins félagslega veruleika, svo og tengsl valds og þekkingar. Fyrir því má færa margvísleg rök að þessar spurningar brenni jafnvel enn frekar á femínismanum en öðrum fræðasviðum, þar sem femínis-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

minn hefur þurft að berjast fyrir lögmæti og viðurkenningu innan vísindasamfélagsins. Af þessum ástæðum hefur femínisminn þegar sett mark sitt á vísindasöguna.

Hér í upphafi var gerður greinarmunur á femínisma sem fræðikenningu og femínisma sem baráttuhreyfingu. Þessir tveir femínismar kallast á og styðja hvor við annan. Hinn fræðilegi femínismi samtímans einkennist af breidd og margbreytileika, bæði hvað varðar kenningalega nálgun og aðferðir. Innan flestra fræðigreina hefur þróast femínískt sjónarhorn en samtímis er femínismi að þróast sem sjálfstætt fræðasvið. Meðal helstu verkefna femínismans í dag er annars vegar að brúa bilið milli femínískrar hreyfingar og fræðimennsku, og hins vegar að skapa tengsl milli ólíkra hópa kvenna og karla þannig að femínisminn gagnist öllum – ekki bara hinni „hvítu vel stæðu vestrænu gagnkynhneigðu millistéttarkonu“. Hinn fræðilegi femínismi sækir þannig grundvallarréttlætingu fyrir tilveru sinni í líf og raunveruleika umbjóðenda sinna og grundvallarverkefni hans er hvernig má finna samstöðugrundvöll fyrir baráttu kynjanna fyrir betra samfélagi.

Á Íslandi stendur femínisminn í miklum blóma, hvort sem horft er til hins fræðilega femínisma eða femínískrar hreyfingar. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stendur fyrir umfangsmikilli starfsemi og hefur þrisvar haldið viðamiklar ráðstefnur um rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum, þ.e. 1985, 1995 og nú síðast árið 2002 (Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, 1997; Íslenskar kvennarannsóknir, 1985). Stofan heldur úti fræðilegri dagskrá með fyrirlestrum og málþingum yfir vetrartímann (sjá Ragnhildi Richter og Þórunni Sigurðardóttur, 1994; og Helgu Kress og Rannveigu Traustadóttur 1997).¹² Umfang og breidd íslenskra kynjarannsókna fer vaxandi og nær nú til nánast allra fræðigreina. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum starfar í nánum tengslum við námsbraut í kynjafræðum sem er í örum vexti.

Í mars 2003 gekk íslensk kvennahreyfing í endurnýjun lífdaga þegar Femínistafélag Íslands var stofnað á fjölmennum fundi í Reykjavík. Félagið hefur flata skipulagsuppbyggingu og starfið byggist á öflugri grasrótastarfi þema- hópa. Á örskömmum tíma hefur félaginu tekist að hafa afgerandi áhrif á jafnréttis- íspólítíska umræðu á Íslandi og rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur um nokkurra ára skeið.¹³

Eitt einkenni á íslenskum femínisma og jafnréttisstarfi er að nán tengsl ríkja milli þeirra þriggja aðila sem álitnir eru lykilaðilar í framgangi kynjajafnréttis, en það eru akademískur femínismi eða kynjafræði, femínísk hreyfing og opinbert jafnréttisstarf (Verloo, 2001). Á Íslandi hafa þessar þrjár undirstöður

¹² Sjá ennfremur vefsíðu Rannsóknastofu í kvennafræðum: [www.rikk.hi.is].

¹³ Sjá vefsíðu Femínistafélagsins: [www.feministinn.is].

‘HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT’

jafnréttisstarfs ekki verið jafn aðskildar og víða erlendis, samvinna og bandalög verið tíðari og sterkari en annars staðar. Því má með gildum rökum halda fram að þetta eigi sinn þátt í framgangi femínisma á Íslandi að undanfögnu (Þorgerður Einarsdóttir 2003).

ABSTRACT IN ENGLISH

This chapter provides an overview of the development of gender studies and feminist theories in Iceland and abroad. Major themes in the history of women's studies and gender studies are outlined, as well as their historical connection with other schools of thought, such as liberalism and marxism. Icelandic feminism at the turn of the twentieth century is discussed as well as the so-called silent years of the women's movement. The dialogue between the social movement and academic feminism is delineated, as well as how the personal becomes an inspiration for political struggle and academic work. Major viewpoints within gender studies in the last decades are discussed, including radical feminism, women's culture, standpoint feminism and difference feminism. Feminist responses to the critique of post-modernism are also introduced. Finally, the future of feminism as a political and academic struggle is evaluated.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Andersen, Margaret L. 2000. *Thinking About Women: Sociological Perspectives on Sex and Gender*. Boston, MA: Allyn and Bacon.
- Arndís Guðmundsdóttir. 1999. *Um orðræður og völd. Tvær konur og kvennabaráttan í kringum aldamótin 1900*. Reykjavík: Háskóli Íslands, meistaraþrófsritgerð.
- Auður Styrkársdóttir. 1997. „Forspjall.“ Í John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*. Íslensk þýðing: Sigurður Jónsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Barth, Erling, Marianne Røed og Hege Torp. 2002. *Towards a Closing of the Gender Pay Gap: A Comparative Study of Three Occupations in Six European Countries*. Oslo: The Norwegian Centre for Gender Equality. [http://www.likestilling.no/genderpaygap/EuroDimFinal.pdf].
- Bebel, August. [1879] 1977. *Die Frau und der Sozialismus*. Frankfurt am Main: VMB.
- Bell, Daniel, 1962. *The End of Ideology. On the Exhaustion of Political Ideas in the Fifties*, rev.ed. New York: Collier Books.
- Berkovitch, Nitza. 2000. „The emergence and transformation of the international women's movement.“ Í F. J. Lechner og J. Boli (ritstj.). *The Globalization Reader*. Oxford, MA: Blackwell.
- Bernard, Jessie. [1972] 1982. *The Future of Marriage*. Yale University Press.
- Bordo, Susan. 1990. „Feminism, postmodernism and gender-scepticism.“ Í L. Nicholson (ritstj.), *Feminism/Postmodernism*. London: Routledge.
- Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. 1997. „Mannréttindi kvenna.“ Bls. 159–167, 265–274 í *Uppruni nútímans: Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*, 2. útg. Reykjavík: Mál og menning.
- Bríet Héðinsdóttir. 1988. *Strá í breiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar*. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Butler, Judith. 1990. *Gender Trouble*. London: Routledge.
- Chodorow, Nancy. 1978. *The Reproduction of Mothering: Psychoanalysis and the Sociology of Gender*. Berkeley: University of California Press.
- Clatterbaugh, Kenneth. 1990. *Contemporary Perspectives on Masculinity: Men, Women and Politics in Modern Society*. Boulder, CO: Westview.
- Cott, Nancy F. 1986. „Feminist theory and feminist movement: The past before us.“ Í J. Mitchell og A. Oakley (ritstj.), *What is feminism?* Oxford: Blackwell.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1999. *Undirstraumar – greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. [http://www.kistan.is/ifx/?MVal=kistan_btm&nr=443&f=3&u=43].
- Dagný Kristjánsdóttir. 1996. *Kona verður til*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Dahlström, Edmund. 1992. „Debatten om kön och familj under svensk efterkrigstid.“ Í J. Acker o.fl. (ritstj.), *Kvinnor och mäns liv och arbete*. Stockholm: SNS förlag.
- EC. 2000. *ETAN report on Women and Science: Science Policies in the European Union. Promoting excellence through mainstreaming gender equality*. [Einnig http://www.cordis.lu/improving/women/documents.htm]
- Egill Helgason. 2002a. „Smá innlegg í jafnréttisbaráttuna“ Strik.is, 24.01.2002: [http://www.strik.is/frettir/pistlar_egils.ehtm?id=1249].
- Egill Helgason. 2002b. „Femínismi og fordómar“ Strik.is, 18.2.2002: [http://www.strik.is/frettir/pistlar_egils.ehtm?id=1347].
- Engels, Friedrich. [1884] 1951. *Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins*. Þýð. Ásgeir Blöndal Magnússon. Reykjavík: Bókaútgáfan Neistar.
- Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (ritstj.). 1998. *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Fraser, Nancy og Linda Nicholson. 1990. „Social criticism without philosophy: An encounter between feminism and Postmodernism.“ Í L. Nicholson (ritstj.), *Feminism/Postmodernism*. London: Routledge.
- Friðbert Traustason. 2003. „Á að tryggja áhrif kvenna með löggjöf? Hafa stjórnmálakonur verið duglegar við að setja fram mál á þingi sem ætlað er að tryggja konum meiri áhrif?“ Erindi á loka-

'HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT'

- ráðstefnu verkefnisins: *Konur í læri – dagar í líf stjórnmálakvenna*, 17. janúar 2003 [http://fleiri-konuristjornmal.is/interpro/fel/fel.nsf/Files/fridbert/\$file/fridbert.pdf].
- Fukuyama, Francis. 1992. *The End of History and the Last Man*. London: Hamish Hamilton.
- Geir Svansson. 1998a. „Ósegjanleg ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi.“ *Skírnir*, 172., 476–512.
- Geir Svansson. 1998b. „Kynin tvö/kynstrin öll: Um kynusla, kyngervisútlaga og efni(s)legar fyrirmyndir.“ Í Jón Proppé (ritstj.), *Flögð og fögur skinn*. Reykjavík: Íslenska menningarsamsteypa art.is.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir. 2001. *Ósýnilegar fjölskyldur. Seinfærar/þroska-beftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Harding, Sandra. 1986. *The Science Question in Feminism*. Milton Keynes: Open University Press.
- Harding, Sandra. 1991. *Whose Science? Whose Knowledge? Thinking From Women's Lives*. Ithaca, NY: Cornell University Press.
- Harding, Sandra. 1994. „The instability of the analytical categories of feminist theory.“ Bls. 338–354 í H. Crowley og S Himmelweit, ritstj., *Knowing Women, Feminism and Knowledge*. Cambridge: Polity Press.
- Hartsock, Nancy. 1998. *The Feminist Standpoint Revisited and Other Essays*. Boulder, CO: Westview Press.
- Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.), 1997. *Íslenskar kvennarannsóknir. Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Helga Sigurjónsdóttir. 1988. *Í nafni jafnréttis, greinasafn*. Reykjavík: Bókrún.
- Herdís Helgadóttir. 1997. „Vaknaðu kona.“ Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Íslenskar kvennarannsóknir. Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Hockey, Jenny. 1997. „Women and health.“ Bls. 282–302 í V. Robinson og D. Richardson (ritstj.), *Introducing Women's Studies*, 2. útg. London: MacMillan Press.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 1997. „Karlafræði eða karlafræði? Vangaveltur um kynjarannsóknir í sagnfræði og menntunarfræði.“ Bls. 229–239 í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur Björnsson (ritstj.), *Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit II*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason. 1997. *Karlmenn eru bara karlmenn. Viðborf og væntingar íslenskra karla*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála.
- Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (ritstj.), 1999. *Simone de Beauvoir, heimspekingur, ritbifundur, femínisti*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum og Háskólaútgáfan.
- Íslenskar kvennarannsóknir*. 1985. Erindi flutt á ráðstefnunni Íslenskar kvennarannsóknir: 29. ágúst – 1. september 1985, Háskóla Íslands, Odda.
- Jaggar, Alison M. 1992. „Human biology in feminist theory: Sexual equality reconsidered.“ Bls. 78–89 í H. Crowley og S. Himmelweit (ritstj.), *Knowing Women, Feminism and Knowledge*. Cambridge: Polity Press.
- Marx, Karl, [1859] 1977. *A Contribution to the Critique of Political Economy. Preface*. Moskva, Progress Publishers. [http://www.marxists.org/archive/marx/works/1859/critique-pol-economy/preface.htm].
- Mill, John Stuart. [1869] 1997. *Kúgun kvenna*. Íslensk þýðing: Sigurður Jónsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Morgunblaðið. 2003. „Fyrsti ópólitíski bankaráðsfundur Landsbankans“ *Morgunblaðið*, 15. febrúar 2003.
- New, Caroline. 1998. „Realism, Deconstruction and the Feminist Standpoint.“ *Journal for the Theory of Social Behaviour*, 28, 4.
- Nikk Magasin, þemahefti 2002. „Bodies across borders – prostitution and trafficking in women“. *Nikk Magasin* nr. 1/2002. [http://www.nikk.uio.no/publikationer/magasin/mag20021.pdf]

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Paglia, Camille. 1991. *Sexual Personae: Art and Decadence from Nefertiti to Emily Dickinson*. Vintage Books.
- Prokop, Ulrike. 1976. *Kvindelig livssammenhæng, om strategiernes indskrænkethed og de umådelige ønsker*. Kongerslev: GMT.
- Ragnheiður Hulda Proppé. 2002. *Konurnar og kvótinn: kynhugmyndir og upplifun kvenna af orðræðu og auðlindastefnu í sjávarútvegi*. Reykjavík: Háskóli Íslands, meistaraþrófsritgerð.
- Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.), 1994. *Flátur. Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (ritstj.), 2003. *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ramazanoglu, Caroline. 1992. „On feminist methodology: Male reason versus female empowerment.“ *Sociology*, 26, 207–212.
- Riessman, Catherine Kohler. 1992. „Women and medicalization: A new perspective, Í G. Kirkup og L.S. Keller (ritstj.), *Inventing Women: Science, Technology and Gender*. Cambridge: Polity Press.
- Rossi, Alice. 1973. *The Feminist Papers*. Boston: Northeastern University Press.
- Sandfort, Theo, Judith Schuyf, Jan Willem Duyvendak og Jeffrey Weeks (ritstj.), 2000. *Lesbian and Gay Studies: An Interdisciplinary Approach*. London: Sage.
- Scott, Joan W. 1996. „Rereading the History of Feminism“ Í *Only Paradoxes to Offer: French Feminists and the Rights of Man*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. 1997. „Til færri fiska metnar“. Hlutur Kvenréttindafélags Íslands í kjara-baráttu kvenna 1920–1960.“ Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Íslenskar kvenna-rannsóknir. Erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. 1993. *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. 2001. *Björg: Ævisaga Bjargar C. Þorláksson*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2002. „Um meintan dauða femínismans“, *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, 2, 77–101.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2001. *Kvenna megin. Ritgerðir um femíníska heimspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sommers, Christina Hoff. 1994. *Who Stole Feminism, How Women Have Betrayed Women*. New York: Simon and Schuster.
- Smith, Dorothy. 1987. *The Everyday World as Problematic. A Feminist Sociology*. Boston: Northeastern University Press.
- SNS. 1962. *Kvinnors liv och arbete*. Studieförbundet Näringsliv och Samhälle. Stockholm: Norstedts.
- Sveen, Asle og Svein A. Aastad. 1985. „Kvenréttindahreyfingin“ í *Mannkynssaga eftir 1850*. Reykjavík: Mál og menning.
- Tong, Rosemary. 1989. *Feminist Thought: A Comprehensive Introduction*. London: Routledge.
- Ussher, Jane. 1997. „Pornography: Denigration of ‘Woman’ or exploration of fantasy and transgression?“ Í *Fantasies of Femininity: Reframing the Boundaries of Sex*. London: Penguin.
- Vilborg Sigurðardóttir. 2001. „Vitund vaknar – augu opnast.“ Í *Kvennaslóðir: Rit til beiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Vera, þemaumfjöllun, 2001. „Kynlífsþrælar á Íslandi.“ *Vera*, 2001/2.
- Vera, „Hvað er femínismi?“ Katrín Ólafsdóttir. *Vera*, 2001/2, bls. 6.
- Vera, þemaumfjöllun, 2002. „Verslun með konur.“ *Vera*, 2002/4.
- Verloo, Mieke. 2001. „Another Velvet Revolution? Gender mainstreaming and the politics of implementation“ Vienna: IWM Working Paper, 5/2001. [<http://www.iwm.at/piwmwp.htm#Verloo>].
- Wiederberg, Karin. 1992. *Førstæelser av kjønn i samfunnsvitenskapenes fag og kvinneforskning*. Oslo: Ad Notam Forlag.

‘HÍÐ VÍSINDALEGA ER PÓLÍTÍSKT’

- Þorgerður Einarsdóttir. 2002. „Jafnrétti án femínisma – pólitík án fræða?“ *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, 2, 9–36.
- Þorgerður Einarsdóttir. 2003. „Challenging the Slow Motion of Gender Equality – The Case of Iceland.“ Erindi haldið á ráðstefnunni „Gender and Power in the New Europe, the 5th European Feminist Research Conference“ 20.–24. ágúst 2003, Lundi, Svíþjóð. [http://www.5thfeminist.lu.se/filer/paper_801.pdf].
- Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. 2003. „Hvað segja launakannanir um kynbundinn launamun? Umræðan um skýrðan og óskýrðan launamun í gagnrýnu ljósi.“ Erindi hjá *Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum* við Háskóla Íslands 30. janúar 2003.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. 2000. „Feminismi & póstmóðernismi“ Erindi haldið í fyrirlestraröðinni *Hvað er póstmóðernismi?*, Norræna húsinu, 4. janúar 2000. [http://www.kistan.is/ifax/?MIval=kistan_btm&nr=367&f=3].
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2003. „Orð á hreyfingu: Orð og orðanotkun tengd samkynhneigð.“ Erindi haldið í fyrirlestarröðinni *Samkynhneigð í menningu samtímans*. Samtökin 78 og Háskóli Íslands, 14. febrúar 2003.
- Ås, Berit. 1975. „On female culture: An attempt to formulate a theory of women's solidarity on action.“ *Acta Sociologica*, 18, 2–3.

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ: FRAMLAG ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRÆÐI TIL VELFERÐARRANNSÓKNA

Guðný Björk Eydal

Hið íslenska velferðarkerfi er um margt sérstakt. Það hefur svipmót norræns velferðarkerfis þar sem veitt er umfangsmikil opinber velferðarþjónusta og stuðningur hins opinbera er mikill. En hið íslenska kerfi er ólíkt kerfum hinna Norðurlandanna þegar litið er til velferðarútgjalda því hvergi í Evrópu hafa þau mælst lægri en hérlandis á undanförunum árum. Hvað er það sem við höfum gert með öðrum hætti en hinir norrænu nágrannar okkar sem við berum okkur oftast saman við? Hvar skilur á milli, hvað er það sem einkennir hina íslensku leið? Þessar spurningar eru meðal meginviðfangsefna íslenskrar velferðarfélagsfræði og rannsakanda á sviði velferðarrannsókna.

Velferðarríkið og lífskjör

Uppruni velferðarríkisins, þróun þess og áhrif eru meðal meginviðfangsefna félagsfræðilegra rannsókna. Uppruna nútíma velferðarkerfa má rekja til seinni hluta 19. aldar, þegar skipulögðum almannatryggingum og opinberri velferðarþjónustu var komið á fót. Á fyrri hluta 20. aldar jókst umfang almannatrygginga í flestum iðnríkjum, upphæðir bóta hækkuðu og útbreiðsla þeirra jókst. Á seinni hluta 20. aldar þróuðust flestar vestrænar þjóðir velferðarkerfi sem einkenndust af heildstæðri velferðarþjónustu og aðgangi þegnanna að almannatryggingum, félagslegri aðstoð og opinberri þjónustu á sviði heilsugæslu, húsnæðis, menntunar og félagsmála (Esping-Andersen, 1990; Sipilä, 1997; Stefán Ólafsson, 1999a).

Á sviði velferðarfélagsfræði hefur einkum verið leitað svara við þremur meginspurningum; (1) hvernig velferðarkerfi ólíkar þjóðir hafa þróað, (2) hvaða áhrifaþættir hafa ráðið mestu um þróunina og (3) hvort tekist hafi að ná settum markmiðum. Þegar þróun velferðarkerfanna er viðfangsefnið er lögð áhersla á að greina hvaða einkenni kerfin hafi – hvaða reglur séu gildandi um hverjir njóti bóta og þjónustu, hvernig fjármögnun sé hagað og hvernig verkskiptingu á milli fjölskyldu, markaðar, hins opinbera og sjálfbodaliðasamtaka sé háttað. Í annan stað er spurt um hvaða áhrifaþættir hafi ráðið mestu um þróun kerfanna og þá hefur stig iðnvæðingar, samsetning þjóðanna, menning, saga, hugarfar og stjórnmál verið meðal þeirra þátta sem mest hafa verið rannsakaðir. Þegar rannsóknir beinast að því

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

að skoða hvort settum markmiðum hafi verið náð er metið hvort hinn opinberi stuðningur hafi komið að tilætluðum notum og hvernig dreifingu lífskjara sé hátt-að. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir þessum þremur meginsviðum velferðar-félagsfræði og framlagi íslenskra fræðimanna til rannsókna á þessum sviðum. Um-fjöllunin takmarkast einkum við útgefin verk og er engan veginn tæmandi. Sig-rúnu Júlíusdóttur prófessor í félagsráðgjöf og Stefáni Ólafssyni prófessor í félags-fræði eru færðar þakkir fyrir yfirlestur handrits og gagnlegar ábendingar.

Ólíkar leiðir – hvað ræður mótun velferðarkerfa?

Fyrstu rannsakendur á sviði velferðarrannsókna lögðu einkum áherslu á að mæla útgjöld til velferðarmála, hagvöxt og lýðfræðibreytur sem gáfu upplýsingar um samsetningu þjóða. Tilgangur mælinganna var að meta að hversu miklu leyti ráð-andi skýringarkenningar verkhyggjunnar (e. *functionalism*) reyndust réttar. Slíkar kenningar byggðu á líffræðilegum líkönum; að gefnum ákveðnum skilyrðum var talið víst að tiltekin virkni yrði í viðkomandi kerfi, þar sem hver eining gegndi gefnu hlutverki. Lögð var áhersla á að hið félagslega kerfi hefði ákveðið hlutverk (e. *function*) og að hið sama ætti við um hverja einingu kerfisins (Esping-Andersen, 1990). Samkvæmt þessari kenningarhefð var talið að iðnvæðing og tækniþróun væru hin mótandi öfl hvað varðar þróun velferðarkerfa.¹ Iðnvæðingin hefði skapað nýjar þarfir og vegna aukinnar hagsældar hefði skapast svigrúm til að mæta þess-um þörfum með auknum velferðarútgjöldum. Þannig boðaði kenningin að þeim mun iðnvæddara og ríkara sem ríki væri, þeim mun viðameira yrði velferðarkerf-ið (Cutright, 1965; Stefán Ólafsson, 1999a; Wilensky, 1965).

Þeir sem gagnrýndu kenningar verkhyggjunnar bentu á að þær tækju ekki tillit til áhrifa hugarfars, menningar og stjórnmála á mótun velferðarkerfa né gætu þær útskýrt hvers vegna lönd sem hefðu iðnvæðst með svipuðum hætti byggju við ólík velferðarkerfi (Esping-Andersen, 1990; Hill, 1996). Einnig bentu þeir á að vöxtur velferðarútgjalda gæti stafað af auknum vandamálum, t.d. atvinnuleysi og þyrfti ekki að þýða að velferð hefði almennt aukist (Stefán Ólafsson, 1999a). Þrátt fyrir þessar takmarkanir verkhyggjunnar hafa velferðarrannsakendur ekki dregið í efa mikilvægi framleiðsluhátta og efnahagskerfa í mótun velferðarkerfa, en þessir þættir eru ekki lengur álitnir hafa jafn afgerandi áhrif og áður var talið. Stefán Ólafsson (1999a) bendir á að verkhyggjan geti skýrt hvernig tilteknar aðstæður og vanda-mál komi til sögunnar en viðbrögð þjóðfélagsins geti ráðist af öðrum þáttum.

¹ Innan þessa kenningaskóla flokkast einnig hið lýðfræðilega sjónarhorn sem gerir ráð fyrir að breytingar á velferðarkerfum verði vegna breytinga á samsetningu mannfjöldans (Sjá t.d. Dum-ont, 1991; Gauthier, 1996).

² Esping-Andersen (1990) bendir á samsvörun milli verkhyggjuskýringa og ný-marxisma sem gerir ráð fyrir að velferðarkerfið sé óhjákvæmileg afleiðing hins kapítalíska hagkerfis.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Annar meginkenningaskóli félagsfræðinnar er skóli átakakenninga³ (e. *conflict theories*). Samkvæmt átakakenningum eru félagsleg fyrirbæri og félagslegar breytingar niðurstaða átaka milli ólíkra hópa í samfélaginu, oftast stjórnmalaflokka, stétta og hagsmunasamtaka. Eðli máls samkvæmt leggja átakakenningar megináherslu á áhrif gerenda (e. *actors*) (Palme, 1990; Wennemo, 1994). Meginniðurstaða velferðarrannsókna sem beitt hafa sjónarhorni átakakenninga er að mikill áhrifamáttur jafnaðarmannaflokka og vinstri flokka hafi að jafnaði í för með sér umfangsmeiri velferðarkerfi og hefur sérstaklega verið horft til velferðarkerfa Norðurlanda annarra en Íslands í því sambandi (Castels, 1978; Esping-Andersen, 1990; Korpi, 1978; Wennemo, 1994). Á Norðurlöndum hafa fræðimenn einnig bent á mikilvægi bændaflokka eða miðjuflokka í mótun velferðarkerfa (Olsson, 1991; Kangas, 1991) og á ákveðnum tímabilum hefur stuðningur hægri flokka einnig verið talinn mikilvægur (Baldwin, 1991a; 1991b). Rannsóknir á norræna velferðarkerfinu hafa enn fremur leitt í ljós mikilvægi verkafélagsshreyfingarinnar fyrir þróun velferðarkerfanna (Katzenstein, 1983; Korpi, 1978, 1983; Stefán Ólafsson, 1999a).

Þá hafa rannsóknir einnig staðfest áhrifamátt sjálfboða- og kvennahreyfinga á mótun velferðarstefunnar á hverjum tíma (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Frá sjónarhorni kvennafræða á þróun velferðarkerfanna eru valdatengsl kynjanna og áhrifamáttur kvenna skoðuð sérstaklega (Wennemo, 1994). Slíkar rannsóknir hafa einkum beinst að áhrifum kvennahreyfinga á afmarkaða þætti velferðarkerfisins, t.d. mótun fjölskyldustefnu. Þá hafa sérfræðingar reynt vera áhrifamikill þrýstihópur og bendir Therborn (1993) t.d. á að lögfræðingar hafi gegnt lykilhlutverki við stefnumótun varðandi velferð barna í upphafi 20. aldarinnar. Skjólstaðingar velferðarkerfanna hafa einnig víða haft áhrif sem skipulagðir þrýstihópar (Kangas, 1991; Wennemo, 1994). Á sama hátt og verkhyggjan hefur verið gagnrýnd fyrir að gefa ekki gaum að áhrifum stjórnmalaflokka og hagsmunasamtaka hafa átaka- og stjórnmalakenningar verið gagnrýndar fyrir að leggja of mikla áherslu á gerandann en taka ekki nægjanlegt tillit til mótandi áhrifa efnahagsþróunar eða hugarfars (Ginsburg, 1992).

Þriðji helsti kenningaskóli velferðarfélagsfræðinnar leitar skýringa í hugarfari og menningu þjóða. Breski þjóðfélagsfræðingurinn Marshall taldi lífsskoðun þegnanna endurspeglast í þróun réttinda á hverjum tíma (sjá Stefán Ólafsson, 1999a). Árið 1949 setti Marshall fram greiningu sína á þróun réttinda borgaranna. Hann taldi að fyrst hefðu þróast lagaleg réttindi (e. *civil rights*) sem tryggðu jafnrétti fyrir lögum og miðuðu að frelsi einstaklinga gagnvart stjórnvöldum. Í öðru lagi hefðu áunnist pólitísk réttindi (e. *political rights*) sem tryggðu einstaklingum kosningarétt og kjörgengi. Í þriðja lagi taldi Marshall að félags-

³ Í velferðarfélagsfræði er oft vísað til þeirra sem stjórnmalakenningar (political theories) með tilvísun til áhrifamáttar stjórnmalaflokka.

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

leg réttindi (e. *social rights*) hefðu komið til sögunnar en þau miðuðu að því að tryggja þegnum ákveðin lífskjör.

Marshall ([1949] 2000) bendir á að réttindin hafi þróast á ólíkum tímасkeiðum; lagaleg og pólitísk réttindi hafi áunnist í kjölfar upplýsingastefnu og frönsku byltingarinnar en að félagsleg réttindi hafi ekki orðið almenn fyrr en leið á 20. öldina. Sænski félagsfræðingurinn Göran Therborn (1993) hefur bent á að þessi réttindi hafi fyrst verið veitt karlmonnum, en síðan konum og síðast börnum, og að enn vanti talsvert á að hægt sé að tala um sambærileg réttindi þessara hópa. Þannig hafi karlar fengið kosningarétt á undan konum og pólitísk réttindi barna séu enn mjög takmörkuð þótt unnið hafi verið markvisst að því að auka möguleika barna til pólitískra áhrifa á undanförunum áratugum (Bartley, 1998). Marshall bendir á að réttindin hafi getið af sér víðeigandi opinberar stofnanir. Stefán Ólafsson (1999a, bls. 215) staðhæfir að samkvæmt hugarfarskenningum „geti ýmsir straumar almenningsálits sem leiki um þjóðfélagið haft áhrif á uppbyggingu þess“. Þannig er litið á þróun velferðarkerfisins sem viðbrögð við óskum almennings.

Hugarfarskenningum hefur einkum verið beitt til að skýra hvers vegna velferðarkerfi Bandaríkjanna hefur ekki verið byggt upp með sama hætti og víðast hvar í Evrópu. Samkvæmt kenningunni hefur lífsskoðun Bandaríkjamanna verið höll undir einstaklingshyggju og einkennst af tortryggni gagnvart opinberri forsjá (Skocpol, 1995; Zimmerman, 1995).

Fjórða meginsjónarhornið er sjónarhorn kvenna- og kynjafræða (sjá einnig Þorgerði Einarsdóttur, 2004). Það varð áberandi á síðustu áratugum 20. aldarinnar (Wennemo, 1994). Kvennafræðingar gagnrýndu að sjónarhorni kvennafræði hefði ekki verið beitt í velferðarfélagsfræði (sjá t.d. Björnberg, 1993, 1995; Lewis, 1993; Sainsbury, 1996). Skandinavískir femínistar greina þó samband kvenna og velferðarríkisins með ólíkum hætti. Annars vegar töldu sumir að konur og velferðarríkið hefðu myndað bandalag – skapast hefði þörf fyrir vinnuafli kvenna á atvinnumarkaði og konur þyrftu á félagslegri þjónustu að halda til þess að geta stundað vinnu utan heimilis. Þetta bandalag var talið byggja á gagnkvæmum hagsmunum og það talið tryggja konum ákveðin pólitísk áhrif varðandi mótun velferðarríkisins (Hernes, 1987; Rauhala o.fl., 1997). Aðrir femínistar töldu á hinn bóginn að þessi þróun hefði einungis leitt til þess að feðraveldið hefði verið fært frá fjölskyldunni og einkalífínu til opinberra stofnana – þ.e. að feðraveldið hefðu færst í hendur hins opinbera (Rauhala o.fl., 1997; Walby, 1997).

Femínistar gagnrýndu að velferðarrannsóknir hefðu einkum beinst að réttindum sem væru mikilvæg fyrir karlmenn, en að áhrif velferðarkerfisins á líf og störf kvenna, fjölskylduna og börn hefði minna verið sinnt. Þessi gagnrýni hafði umtalsverð áhrif á viðfangsefni á sviði velferðarrannsókna sem í auknum mæli hafa beint sjónum sínum að konum, börnum, fjölskyldum og umönnun (e. *care policies*)

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

(Antonen og Sipilä, 1996; Lewis, 2002; Lilja Mósesdóttir, 2001; Millar and Warman, 1995, 1996, Pateman, 2000; Sainsbury, 1996).

Fleiri kenningar hafa sett svipmót sitt á velferðarfélagsfræði (sjá t.d. Esping-Andersen, 1999; Myles og Quadagno, 2002; Stefán Ólafsson, 1992a, 1999a), en hér er látið staðar numið við þessa fjóra helstu kenningarskóla⁴. Velferðarfélagsfræðin hefur, eins og félagsfræðin almennt, horfið frá því sjónarhorni að hægt sé að leita heildrænna skýringa með því að beita einu altæku kenningarsjónarhorni og hallast nú að því að samþætting aðferða og kenninga sé líklegasta leiðin til árangurs (Layder, 1998).

Einkenni velferðarkerfa

Árið 1958 þróaði Bretinn Richard Titmuss greiningarlíkan sem skipti velferðarkerfum í þrjár megingerðir; takmörkuð réttindakerfi (e. *residual system*), atvinnutengd réttindakerfi (e. *industrial-achievement based systems*) og festabundin réttindakerfi (e. *institutional systems*). Að mati danska félagsfræðingsins Esping-Andersen (1990) skapaði Titmuss með þessu nýjar forsendur fyrir grósku í samanburðarrannsóknum á sviðinu. Hann telur að aðferðafræði Titmuss hafi þvingað rannsakendur til að hverfa frá einhliða athugunum á velferðarútgjöldum og að innihaldi og einkennum velferðarkerfanna. Velferðarfélagsfræðin beindi í auknum mæli sjónum að stefnumótun og einkennum velferðarkerfanna. Rannsóknir beindust m.a. að því að greina hvort réttindi væru algild (e. *universal*) eða þarfagreind (e. *means tested*), hvaða kröfur væru gerðar til þeirra sem ættu að njóta bótanna og síðast en ekki síst tengslum vinnumarkaðar og velferðarkerfis (Esping-Andersen, 1990). Einnig var lögð áhersla á að greina fjármögnun velferðarkerfanna, hugmyndafræði og hverjir veittu þjónustuna (Sainsbury, 1996).

Á síðustu áratugum 20. aldar voru birtar fjölmargar viðamiklar samanburðarrannsóknir á réttindum og einkennum velferðarkerfa hinna ólíku þjóðríkja. Greiningarlíkon sem drógu fram lykileinkenni velferðarkerfa iðnríkja voru þróuð enn frekar. Flest slík líkon eiga það sameiginlegt að skilgreina annars vegar velferðarkerfi sem veita lágmarksvernd og hins vegar kerfi sem veita umfangsmikla vernd. Í fyrri floknum lenda Bandaríkin ýmist ein eða með öðrum, en Norðurlöndin eru langoftast flokkuð saman í síðari floknum. Á milli þessara hópa koma svo ýmist

⁴ Á níunda áratugnum hefur talsvert verið fjallað um áhrif alþjóðavæðingar á þróun velferðarkerfa einstakra ríkja, en skv. Myles og Quadagno (2002) hefur enn sem komið er ekki verið hægt að sýna fram á með empírískum mælingum að velferðarkerfi einstakra ríkja hafi beinlínis breyst vegna hennar. Þá hefur einnig verið rætt talsvert um áhrif „post industrialism“ á velferðarkerfi og einkum staðnæmst við stærð og einkenni þjónustugeirans (op. cit; Esping Andersen, 1999). Þá hefur einnig gætt vaxandi áhrifa stofnanakenninga á rannsóknir á sviði velferðarfélagsfræði. Sjá nánari umfjöllun um kenningar félagsfræðinnar í 6. kafla bókarinnar *Íslenska leiðin* (Stefán Ólafsson, 1999a).

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

einn eða tveir aðrir hópar ríkja, eftir því hvaða flokkunarlíkan er stuðst við (Arts og Gelissen, 2002; Stefán Ólafsson, 1999a).

Óhætt er að staðhæfa að ákveðin tímamót, sambærileg við þau sem urðu 1958 þegar Titmuss setti fram greiningu sína, hafi orðið 1990 þegar Esping-Andersen kynnti niðurstöður rannsókna sinna í bókinni *Three Worlds of Welfare Capitalism*. Þar kynnti hann þrjú greiningarlíkon sem hann skilgreindi út frá þegnréttindum, velferð og meginstefnum í þjóðmálum: Íhaldsamt kerfi (e. *conservative model*), frjálslynt kerfi (e. *liberal model*) og kerfi jafnaðarmanna (e. *social-democratic model*). Rannsókn Esping-Andersen beindist að ellilífeyristryggingum, sjúkratryggingum og atvinnuleysistryggingum. Hann rannsakaði m.a. takmarkanir aðgengis að réttindum, áhrif atvinnu á bótarétt, lengd bótatímabíla, upphæðir bóta sem hlutfall af launum og umfang almannatrygginga og félagslegrar þjónustu. Tilgangur greiningarinnar var að ákvarða að hversu miklu leyti réttindakerfin veittu möguleika til að framfleyta sér án tekna frá markaði. Yfir þetta notaði Esping-Andersen hugtakið *de-commodification*, sem þýtt hefur verið sem „frelsi frá lífsbjargarskilyrðum markaðsaflanna“ (sjá Stefán Ólafsson, 1999a).

Samkvæmt flokkunarlíkani Esping-Andersens eru íhaldsömu kerfin ríkjandi í Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Austurríki og á Ítalíu. Þau einkennast af áherslu á velferðarkerfið sem leið til að viðhalda hefðbundnum gildum; fjölskyldan sé talin vera grunneining samfélagsins og sem minnst skuli hróflað við stéttaskiptingu. Réttindi eru þar atvinnutengd sem þýðir að þeir sem ekki eru þátttakendur á vinnumarkaði hafa mjög takmörkuð réttindi. Frjálslyndu leiðina telur Esping-Andersen vera ríkjandi í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Bretlandi. Hún felst í að veita markaðinum sem mest svigrúm og hlutverk ríkisins á að vera takmarkað og beinast að því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Aðstoð skal veitt að undangenginni þarfakönnun. Þriðja tegundin er hið sósíaldemókratíska kerfi jafnaðarmanna sem Esping-Andersen segir ríkjandi í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Hollandi. Í hinu sósíaldemókratíska kerfi er lögð áhersla á altækan rétt til félagslegs öryggis og stefnt að því að jafna dreifingu lífskjara með greiðslum frá hinu opinbera og félagslegri þjónustu (Esping-Andersen, 1990; Stefán Ólafsson, 1999a).

Útgáfa bókarinnar *Three Worlds of Welfare Capitalism* hafði gífurleg áhrif á svið velferðarrannsókna, og greiningarlíkan Esping-Andersens var afgerandi í umræðum og rannsóknum á síðasta áratug 20. aldar. Ekki er þar með sagt að allir hafi verið sáttir við niðurstöður hans, öðru nær – þær hafa verið umdeildar og gagnrýndar. Gagnrýnin hefur einkum beinst að forsendum flokkunarkerfisins og því hversu vel það nái í raun að fanga sérkenni velferðarkerfa hinna ýmsu ríkja. Greiningin á hvaða lönd tilheyra hvaða líkani hefur einnig verið gagnrýnd (sjá t.d. Arts og Gelissen, 2002).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Harðast hefur Esping-Andersen þó verið gagnrýndur af velferðarrannsakendum sem hafa beitt kenningum og sjónarhornum kynjafræði í velferðarrannsóknnum. Þeir hafa m.a. talið áherslu hans á elli-, sjúkra- og atvinnuleysistryggingar til greiningar á einkennum velferðarkerfanna endurspegla karllæga hefð velferðarrannsókna, sem hafi einkum beinst að þeim sviðum velferðarkerfisins sem skipta karlmanninn (fyrirvinnuna) hvað mestu máli. Minni áhersla hafi verið lögð á rannsóknir á félagslegri þjónustu, hlutverki fjölskyldunnar eða stöðu kvenna og barna í hinum ólíku velferðarkerfum. Þannig sé það vafasamt að alhæfa um gerð velferðarkerfisins í heild út frá greiningu á takmörkuðum þáttum, svo sem ákveðnum tegundum af almannatryggingum (sjá t. d. Lilju Mósesdóttur, 2001; Sainsbury, 1996). Esping-Andersen (1999, 2002) hefur brugðist við þessari gagnrýni að ákveðnu marki og felld fjölskyldu- og kynjasjónarhorn betur að greiningu sinni.

Á áttunda og níunda áratugnum hefur einnig orðið mjög mikil fjölgun rannsókna sem beinast að greiningu fjölskyldustefnu hinna ólíku velferðarkerfa. Niðurstöður rannsókna Kamerman og Kahn (1978) á fjölskyldustefnu í 14 löndum marka upphaf mjög kröftugrar rannsóknahéðar þar sem beitt er samanburðarsjónarhorni á fjölskyldustefnu. Kamerman og Kahn greindu á milli þrenns konar stefnumótunar (1) landa með opinbera og heildstæða fjölskyldustefnu, (2) landa með opinbera en mjög sértæka fjölskyldustefnu og (3) landa með óopinbera og/eða hikandi (e. *reluctant*) fjölskyldustefnu. Fleiri umfangsmiklar rannsóknir fylgdu í kjölfarið (t.d. Bradshaw o.fl., 1993; Flora o.fl., væntanleg; Kahn og Kamerman, 1988; Kamerman og Kahn, 1997; Millar og Warman, 1995, 1996). Þá gætir einnig áhrifa frá þessari rannsóknarhefð í velferðarrannsóknnum og fjölskyldan fær mun meiri athygli í nýrri verkum en áður gerðist (sjá t.d. Esping-Andersen, 1999; Korpi og Palme, 1998, 2000).

Á níunda áratugnum hafa rannsóknir á félagslegri umönnunarþjónustu (e. *social care services*) orðið meira áberandi (Antonen og Sipilä, 1996; Sipilä o.fl., 1997). Þá hefur einnig verið bent á mikilvægi þess að greina stuðning velferðarkerfisins heildrænt. Samkvæmt þessu sjónarhorni gefur greining á annað hvort þjónustu eða bótagreiðslum mjög takmarkaða mynd af þeim opinbera stuðningi sem í boði er og áhersla er lögð á að greina stefnu út frá þjónustu og greiðslum almannatrygginga (Guðný Björk Eydal, 2001; Rostgaard and Fridberg, 1998). Þá hefur einnig verið bent á að rannsóknir á félagslegri þjónustu verði að ná til einstakra sveitarfélaga þar sem að landsmeðaltöl gefi mjög takmarkaða mynd af þeim fjölbreytileika sem þar sé að finna (Duncan og Edwards, 1997; Hansen, 1997; Kröger, 1997).

Þrátt fyrir að 20. öldin hafi verið nefnd „öld barnsins“ (sjá Therborn, 1993) hefur þess takmarkað gætt í félagsfræði og rannsóknnum á sviði velferðarfélagsfræði. Barnafélagsfræði þróaðist fyrst á níunda áratugnum (Allanen, 1992) og velferðarrannsóknir náðu í fyrstu hvorki til barna né til stefnumótunar í málefnum þeirra. Í kjölfar aukningar rannsókna á sviði barnafélagsfræði og á fjölskyldustefnu

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

hefur orðið nokkur breyting á (Allanen, 1992; Bartley, 1998; Thomas, 2000; Therborn, 1993).

Rannsóknir á fátækt og lífskjörum

Rannsóknir á fátækt eiga sér rúmlega hundrað ára sögu. Meðal áhrifaríkra frumkvöðla var breski fræðimaðurinn Seebohm Rowntree sem bjó til svokölluð algild fátæktarmörk (e. *absolute poverty line*) árið 1899. Rowntree bjó til lista yfir það sem hann taldi nauðsynlegt til framfærslu og þá sem ekki höfðu tekjur sem dugðu fyrir ofangreindum nauðsynjum skilgreindi Rowntree ([1901] 2000) sem fátæka. Þessi aðferð er notuð enn í dag við mælingar á fátækt, en algengara er þó að miða við svokölluð afstæð fátæktarmörk (e. *relative poverty line*) þar sem einstaklingur er skilgreindur sem fátækur ef tekjur hans fara undir fyrirfram skilgreint hlutfall af tekjum þess hóps sem miðað er við. Evrópusambandið notar þessa aðferð við mælingar á fátækt meðal aðildarríkja og er þar miðað við að einstaklingur sé fátækur ef tekjur hans eru lægri en 50% af miðgildi tekna landa hans. Í þeim mælingum er einnig tekið tillit til fjölskyldustærðar (Guðný Björk Eydal, 1995).

Rannsakendur á sviði fátæktarmælinga vinna stöðugt að því að þróa betri aðferðir til að mæla fátækt. Meðal annars hefur verið lögð áhersla á að mæla einnig neyslu og velferð í stað þess að takmarka mælingar einungis við tekjur. Því hafa þróast innan félagsfræðinnar rannsóknir á lífskjörum þar sem kannað er með eins nákvæmum hætti og mögulegt er hvernig lífsskilyrði fólks býr við og eru þá bæði tekjur og útgjöld mæld. Á síðustu áratugum hefur samanburðarrannsóknir á þessu sviði vaxið fiskur um hrygg og nú eru fyrirbyggjandi mjög stórir gagnabankar með fjölbjóðlegum gagnasöfnum. Einna öflugastur er gagnabanki *Luxembourg Income Study* (LIS) sem hefur verið mikið notaður af félagsfræðingum og hagfræðingum í samanburðarrannsóknum á lífskjörum. Ísland hefur til skamms tíma ekki verið aðili að slíkum gagnabanka og hefur það takmarkað þátttöku íslenskra rannsókanda í samanburðarrannsóknum þar sem slík gögn eru lögð til grundvallar (sjá þó Stefán Ólafsson, 1999a).

Framlag félagsfræðinnar til rannsókna á íslenska velferðarkerfinu og alþjóðlegra samanburðarrannsókna á undanförunum áratugum er umtalsvert. Hér verður leitast við að gefa yfirlit yfir nokkrar helstu íslenskar rannsóknir á þessu sviði sem beinast að félagsfræðilegum viðfangsefnum. Þar sem fjallað er um félagsfræði vinnu- markaðar (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2004) og heilsu (Sigrún Ólafsdóttir, 2004) í öðrum köflum þessarar bókar er rannsóknum á þeim sviðum ekki gerð sérstaklega skil hér, þó þær geti fallið undir rannsóknarsvið velferðarfélagsfræðinnar.

Einkenni íslenska velferðarkerfisins

Niðurstöður rannsókna Stefáns Ólafssonar sýna að íslenska velferðarkerfið hefur ákveðin sérkenni sem greina það frá hinu norræna velferðarlíkani. Íslendingar hafa

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

varið lægri hluta þjóðartekna til velferðarútgjalda en önnur Norðurlönd og velferðarúrræði verið takmarkaðri. Þá benda niðurstöður Stefáns Ólafssonar til þess að íslenska heilbrigðis- og menntakerfið veiti öllum þegnunum altæka þjónustu og að einkenni þeirra séu svipuð og á öðrum Norðurlöndum, en að munur landanna verði augsýnilegri þegar samanburðurinn beinist að almannatryggingum og félagslegri þjónustu. Að öllu samanlögðu dregur Stefán (1993b, 1993c, 1999b) þá ályktun að Íslendingar hafi um margt farið sérstaka leið við mótun velferðarstefnu, hina íslensku leið.

Almannatryggingar

Stefán Ólafsson (1999a) kemst að þeirri niðurstöðu að íslenska almannatryggingakerfið hafi í meginatriðum verið óbreytt frá 1947 þegar fyrstu almannatryggingalögin voru sett. Íslensk almannatryggingalöggjöf hefur lagt áherslu á altækan rétt þegnanna til tryggingabóta með ákveðinni lágtekjumiðun. Önnur Norðurlönd hafa lagt vaxandi áherslu á að greiðslur tækju mið af fyrri tekjum tryggingarþega en hérlandis hefur sú áhersla ekki náð útbreiðslu.⁵ Almennatryggingar hérlandis byggja enn á altækum rétti og lágtekjumiðun og telur Stefán Ólafsson (1999a, 2001) það skýra að nokkru leyti þá staðreynd að Íslendingar verja lægra hlutfalli þjóðartekna til velferðarútgjalda en nágrannaríkjarnir. Hvað varðar sjúkratryggingar telur hann að um samskonar hugmyndafræði hafi verið að ræða á öllum Norðurlöndum, þar sem áhersla hefur verið lögð á að almannatryggingar tryggi öllum þegnum rétt til heilbrigðisþjónustu.

Íslendingar hafa varið talsvert lægra hlutfalli þjóðartekna til stuðnings við fjölskyldur með börn en aðrar norrænar þjóðir (Stefán Ólafsson, 1999a). Samanburðarrannsóknir á opinberum stuðningi vegna umönnunar barna hafa leitt í ljós að Íslendingar hafa veitt takmarkaðri stuðning til barnafjölskyldna en aðrar Norðurlandþjóðir. Hérlandis hafa greiðslur í fæðingarorlofi verið takmarkaðri og ekki verið um að ræða aðrar umönnunargreiðslur, svo sem greiðslur til foreldra sem kjósa að vera heima með börnum sínum (Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Guðný Björk Eydal, 2000).

Félagsþjónusta

Rannsakendur á sviði velferðarfélagsfræði lögðu framan af einkum áherslu á þróun og einkenni almannatrygginga. Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum að rannsóknir á umönnunarþjónustu fleygði fram. Niðurstöður samnorrænnar rannsóknar á félagslegri umönnunarþjónustu á Norðurlöndum leiða í ljós að Ísland hefur í megindráttum fylgt hinu norræna velferðarlíkani (Sipila, 1997). Á sviði dagvistar

⁵ Undantekning er þó lög nr. 95/2000 um um fæðingar- og foreldraorlof þar sem kveðið er á um að greiðslur skuli nema 80% af fyrri launum foreldra.

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

barna hefur þó framboð þjónustu verið minna en á hinum Norðurlöndunum, að Noregi undanskildum. Uppbygging öldrunarþjónustu einkenndist af miklum vexti stofnanarþjónustu og öflugu hlutverki sjálfseignarstofnana. Félagsþjónusta sveitarfélaga er um flest sambærileg við önnur Norðurlönd, nema hvað smæð sveitarfélaga hefur tafið fyrir uppbyggingu þjónustu hérlandis (Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Sigrún Júlíusdóttir og Drífa Sigfúsdóttir, 2001).

Þjónusta við aldraða og málefni aldraða hafa verið vaxandi rannsóknarviðfangs-efni þeirra fagstétta sem að mótun þjónustunnar koma. Hérlandis hefur verið byggð upp rannsóknarstofa í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands. Félagsfræðingar hafa einnig lagt hönd á plóg varðandi rannsóknir á sviði öldrunarfræða og má t.d. minnst nýlegar rannsóknar Stefáns Ólafssonar og félaga (1999) á lífsháttum, lífsháttum og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi. Flestar íslenskar velferðarrannsóknir á sviði félagsþjónustu hafa verið unnar af félagsráðgjöfum (sjá t.d. Guðný Björk Eydal, o.fl. 1997; Guðrún Kristinsdóttir, 1991, 1993; Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Barnavernd er þjónusta sem hefur lögum samkvæmt verið á hendi sveitarfélaga hérlandis allt frá upphafi. Guðrún Kristinsdóttir (1991) hefur rannsakað þróun og sérhæfingu barnaverndar hérlandis. Upphaflega var barnavernd á hendi þeirra sem kosnir voru til starfa í barnaverndarnefndum í hverjum hreppi en með tilkomu sérfræðinga á sviðinu þróaðist starfið í átt til sérhæfingar, einkum í stærri sveitarfélögum (Guðrún Kristinsdóttir, 1991, 1993).

Þjónusta við fatlaða hefur tekið grundvallarbreytingum á síðastliðnum 50 árum. Margrét Margeirsdóttir (2001) greinir í rannsókn sinni frá þróun og stöðu í mál-efnum fatlaðra, einkum á Norðurlöndum. Eftir 1950 þróaðist ný hugmyndafræði í Danmörku og Svíþjóð. Samkvæmt henni var lögð áhersla á þróun frá stofnana-bundinni þjónustu til stuðnings við einstaklinginn þannig að hann geti búið við þær aðstæður sem hann sjálfur kys. Þessi hugmyndafræði hafði mikil áhrif á viðhorf til fatlaðra, réttinda þeirra og uppbyggingu úrræða – einnig hérlandis. Margrét Margeirsdóttir (2001) bendir á að meðal þess sem einkennir þróun þjónustu við fatlaða hérlandis er hið öfluga starf hagsmunasamtaka og áhrif þeirra á mótun og framkvæmd þjónustunnar. Mikil aukning hefur orðið á ýmiskonar félagslegri þjónustu og hluverk sveitarfélaga farið vaxandi á þessu sviði velferðarþjónustu.

Sjálfboðaliðasamtök og sjálfseignarstofnanir hafa gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu félags- og heilbrigðisþjónstu hérlandis (sjá t.d. Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Margrét Margeirsdóttir, 2001). Vísbendingar eru um að sjálfboðaliðasamtök hafi jafnvel haft meiri áhrif á uppbyggingu velferðarþjónustu á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum þar sem hið opinbera hefur veitt meiri stuðning (sjá t.d. Stefán Ólafsson, 1996; Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Húsnæðismál

Hérlandis hefur verið ríkjandi svokölluð sjálfseignarstefna í húsnæðismálum, þ.e. að hver og einn eigi að eiga sitt húsnæði (Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson, 1986). Jón Rúnar Sveinsson (2000) bendir á að eftir seinni heimsstyrjöld, þegar opinber húsnæðisstefna var mótuð í flestum nágrannalöndunum sem víðast hvar fól í sér stuðning hins opinbera við húsnæðisbyggjendur, þá héldu íslensk stjórnvöld að mestu leyti að sér höndum og sambærilegur stuðningur við húsnæðisbyggjendur eða leigjendur var ekki þróaður hérlandis. En hvernig má skýra þessa sérstöðu Íslands og hversu ólíkt húsnæðiskerfið var kerfum annarra Norðurlanda?

Jón Rúnar telur að mikilvægt sé að leita skýringa í menningu þjóðarinnar og efnahags- og stjórnmálaþróun á 20. öld. Hann telur að sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar megi sjá merki í sjálfseignarstefnunni þar sem hver og einn er sinn eigin herra. Þá bendir Jón Rúnar einnig á að íslenska ríkið hafi hvorki haft nægjanlegar efnahagslegar bjargir til að leika leiðandi hlutverk á húsnæðismarkaði – né hafi verið pólitískur vilji til þess.

Málefni barnafjölskyldna og fjölskyldustefna

Rannsóknir á fjölskyldustefnu hafa verið mjög áberandi og ört vaxandi rannsóknarsvið innan velferðarfélagsfræðinnar á síðustu áratugum. Hérlandis má segja að opinber umræða um fjölskyldustefnu hafi fyrst orðið áberandi í kjölfar árs fjölskyldunnar árið 1994 (Ingibjörg Broddadóttir, 1994). Rannsóknir á fjölskyldustefnu og samskiptum í íslenskum fjölskyldum hafa einkum verið unnar á sviði félagsráðgjafar. Sigrún Júlíusdóttir (1993) hefur fjallað um íslenska fjölskylduþróun í ljósi sögu, menningar og efnahags og hvernig nútíma íslenskar barnafjölskyldur komast af þrátt fyrir langan vinnudag og takmarkaðan opinberan stuðning. Niðurstöður hennar sýndu að þær vel starfhæfu fjölskyldur sem gátu haldið saman þrátt fyrir ytra álag sóttu styrk í íslenskan menningararf og líf þeirra einkenndist af miklu vinnuframlagi, aðlögunarhæfni og sátt um sameiginleg markmið.

Hérlandis hafa fæðingar utan hjónabands verið algengari en á öðrum Norðurlöndum og fyrst á síðustu árum hefur dregið saman með Íslandi og hinum Norðurlöndunum í þessum efnum (Kristinn Karlsson, 1994). Í tilefni af ári fjölskyldunnar 1994 var unnin umfangsmikil rannsókn á aðstæðum barnafjölskyldna á Íslandi (Sigrún Júlíusdóttir, 1995). Borin voru saman uppeldisskilyrði og lífsskjör í fimm fjölskyldugerðum. Niðurstöður sýndu að aðstæður fráskilinna mæðra sem fóru einar með forsjá barna sinna voru marktækt lakari í mörgum veigamiklum atriðum en í öðrum fjölskyldugerðum.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000) gerðu rannsókn á reynslu íslenskra fjölskyldna af sameiginlegri forsjá barna eftir skilnað eða sambúðarslit, en slíkt fyrirkomulag hefur verið mögulegt skv. íslenskum lögum frá 1992. Rannsókn-

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

in er að hluta samanburður við fyrri rannsókn (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995). Spurt var m.a. hvort sameiginleg forsjá hefði í reynd breytt samveru og samskiptum foreldra og barna. Meirihluti foreldra sem könnunin náði til lýstu ánægju með reynsluna af sameiginlegri forsjá en töldu skorta ráðgjöf og upplýsingar. Foreldrasamstarf þeirra var jákvæðara og minna um togstreitu og tengslaröf en þegar forsjá barns er á hendi annars foreldrisins. Börn sem búa við forsjá beggja foreldra eftir skilnað halda frekar sambandi við báðar upprunafjölskyldur en börn sem búa við forsjá annars foreldris (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Rannveig Traustadóttir o.fl. hafa unnið að rannsóknnum á fjölskyldulífi samkynhneigðra og réttindabaráttu (Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson, 2003).

Félagssagnfræðingar hafa einkum beint sjónum sínum að félagsgerð og stöðu fjölskyldna á 19. öld og fyrstu áratugum 20. aldar (t.d. Gísli Gunnarsson, 1983; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1985, 1993, 1997; Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, 1996; Loftur Guttormsson, 1983; Ólöf Garðarsdóttir, 2002; Sigurður Gylfi Magnússon, 1995). Sagnfræðin hefur m.a. fjallað um félagsgerð og fjölskyldur, stöðu barna, fólksfjölda og umhverfi, siðferði og félagslegt taumhald og ættartengsl og samhljúp í íslensku samfélagi (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997). Rannsókn Björns Björnssonar guðfræðings (1971) var einnig mikilvægt framlag á sviði fjölskyldurannsókna en hún fjallaði um lífshætti og viðhorf fjölskyldna á Akranesi á sjötta áratugnum. Rannsóknin gefur mikilvæga innsýn í lífsstíl og myndun íslenskra fjölskyldna á þessum tíma, en meðal þess sem einkenndi íslenskar fjölskyldur voru hlutfallslega mörg börn fædd utan hjónabands og mikilvægi trúlofunar.

Lögfræðingar hafa skrifað fjölmargar greinar á sviði fjölskylduréttar sem veita mikilvæga innsýn í þróun fjölskyldustefnu. Ármann Snævarr (t.d. 1959, 1972, 1978) hefur í ritum sínum greint þróun íslensks sifjaréttar frá sögulegu og samanburðarsjónarhorni. Þá hafa ýmsir lögfræðingar ritað um sifjarétt, þar með talinn barnarétt sem hefur hlotið aukna athygli fræðimanna í takt við aukinn rétt barna í nútíma velferðarsamfélögum (t.d. Davíð Þór Björgvinsson, 1995; Guðrún Erlendsdóttir, 1976, 2000). Þá hafa fjölskyldurannsóknir á sviði félagsráðgjafar einnig fjallað um fjölskyldustefnu og áhrif breyttra samfélagsaðstæðna á fjölskyldur og uppvaxtar-skilyrði barna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Þannig er óhætt að segja að talsvert hafi verið unnið að rannsóknnum sem hafa náð til félagsfræðilegra viðfangsefna hvað varðar fjölskyldu og fjölskyldustefnu, og ýmsir félags- og hugvísindamenn hafi lagt þar gjörva hönd á plóg.

Fátækt og líf skjör á Íslandi

Félagssagnfræðingar hafa lagt til mikilvægan efnivið um fátækt og sögu fátæktar á Íslandi (sjá t.d. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1982; 1997). Talsverð þekking er því

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

fyrir hendi á fátækralöggjöf fyrri tíma og þróun löggjafar. Þá hafa einnig verið ritaðar greinar um þróun fátækralöggjafar og framkvæmd framfærsluaðstoðar og félagsþjónustu (Guðný Björk Eydal o.fl., 1997; Ingibjörg Broddadóttir, 1997; Jón Björnsson, 1995; Sveinn Ragnarsson, 1995).

Skipulegar samanburðarrannsóknir á fátækt hérlandis og á öðrum Norðurlöndum hófust á áttunda áratugnum (Stefán Ólafsson, 1999a). Þá var fátækt meðal Íslendinga mæld samkvæmt afstæðri skilgreiningu fátæktar. Í samræmi við aðferðafræði LIS-hópsins voru fátækramörk miðuð við 50% af miðgildi ráðstöfunartekna, eftir að tekið hafði verið tillit til fjölskyldustærðar. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu fram á að 1988 bjuggu tæplega 8% íslensku þjóðarinnar við fátækt. Það ár mældist sérstaklega mikil fátækt meðal þeirra sem voru 65 ára og eldri hérlandis eða 12,4%. 1997–98 var mælingin endurtekin og þá reyndust 6,8% búa við fátækt en þá hafði hlutfall fátækra eldri borgara lækkað í 4,3%. Samkvæmt þessum niðurstöðum er fátækt þó talsvert útbreiddari á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum (5,3% í Danmörku, 4,1% í Finnlandi, 3,5% í Noregi og 4,9% í Svíþjóð). Hlutfall fátækra eldri borgara er einnig lægra á hinum Norðurlöndunum (Stefán Ólafsson, 1999a; Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson, 2000). Slíkar rannsóknir hafa því miður ekki verið gerðar reglulega og því óhægt um vik að meta þróun fátæktar hérlandis. Reglulegar rannsóknir þar sem beitt er algildum skilgreiningum til að meta umfang fátæktar hafa heldur ekki verið gerðar hérlandis.

Í rannsókn á einkennum og aðstæðum fátækra á Íslandi við upphaf nýrrar aldar útfærði Harpa Njáls (2003) mat á lágmarksframfærslukostnaði og beitti því sem algildri fátæktarskilgreiningu. Niðurstöður hennar voru að upphæðir almannatrygginga og framfærslustyrkja félagsþjónustu sveitarfélaga væru talsvert lægri en útreiknaður lágmarksframfærslukostnaður.

Stefán Ólafsson leiddi umfangsmiklar rannsóknir á lífsháttum og lífsháttum Íslendinga á árunum 1986–88. Þessar rannsóknir voru hluti af norrænu rannsóknarverkefni og því var hægt að bera niðurstöður á Norðurlöndum saman. Helstu niðurstöður voru þær að lífsháttur Íslendinga væru almennt mjög góð en þau mátti frekar rekja til mikillar atvinnuþátttöku og langs vinnutíma en hárre launa. Laun reyndust hlutfallslega lægri á Íslandi og því var yfirvinna stunduð til þess að auka tekjur. Þá leiddi könnunin í ljós að ákveðnir hópar bjuggu við lakari lífsháttum en aðrir og meðal þeirra voru einhleypir foreldrar, öryrkjar, láglaunafólk og stórar barnafjölskyldur (Stefán Ólafsson, 1990a, 1990b). Rannsóknir á högum barnafjölskyldna sýna einnig að fjölskyldugerð og barnafjöldi eru áhrifaþættir hvað varðar lífshátt og uppeldisaðstæður (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995, 2000). Því miður hafa sambærilegar rannsóknir á lífsháttum ekki verið gerðar reglulega og því skortir gögn til þess að hægt sé að fjölýrða um þróun lífshátta og lífshátta frá þessum tíma til nútímans. Auk þessara stærri rannsókna hafa farið fram athuganir á kjörum einstakra

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

hópa, og má þar nefna rannsókn á lífskjörum langtímaskjólstæðinga félagsþjónustunnar í höfuðborgum Norðurlanda á ákveðnu tímabili (Sigríður Jónsdóttir, 2001).

Stefán Ólafsson (1999a) bendir á að þar sem lífskjarakannanir nái einungis til ákveðinna þátta gefi þær í raun takmarkaða mynd af því sem kalla má lífsgæði. Þannig geti tölur yfir félagslega, efnhagslega og heilsufarslega þætti einungis gefið mjög takmarkaða mynd af lífskjörum og slíkar mælingar nái ekki til gildismats einstaklinganna sjálfra né til þess hvaða skilning þeir leggi í hvað felist í „góðu lífi“. Til þess að það megi mæla verði að koma til lífsgildarannsóknir sem mæla og meta huglæg lífsgæði. Slíkar rannsóknir eru framkvæmdar reglulega í flestum Evrópuríkjum og hafa þrjár slíkar rannsóknir hafa verið gerðar hérlandis, árin 1984, 1990 og 1999 (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991; Halman, 2001; Stefán Ólafsson, 1996). Aðspurðir kveðast Íslendingar almennt mjög ánægðir með líf sitt samanborið við aðrar vestrænar þjóðir (Stefán Ólafsson, 1999a).

Byggðamál

Rannsóknir á íslenskum byggðamálum tengjast velferðarrannsóknum með ýmum hætti. Yfirlit yfir slíkar byggðarannsóknir er að finna í kaflanum um lýðfræði Íslands (Stefán Hrafn Jónsson, 2004), og verður sú umfjöllun ekki endurtekin hér. Þó má nefna að Stefán Ólafsson (1997) beitti aðferð lífskjararannsókna í rannsókn á orsökum búferlaflutninga milli byggðarlaga á Íslandi. Gerð var grein fyrir megin-einkennum búferlaflutninga og síðan könnuð ánægja íbúa einstakra landssvæða með búsetuskilyrði í viðkomandi byggðarlagi. Einnig var metin þróun búsetuskilyrða á síðustu fimm árum. Niðurstöður sýndu að lífskjarþættir búsetuskilyrðanna skýrðu nær algerlega mynstrin í búferlaflutningum milli landssvæða á síðastliðnum áratugum. Stærri þéttbýliskjarnar komu betur út í þeim skilningi að þar var fólk ánægðara með lífskjör sín og þar fjölgaði mest íbúum vegna búferlaflutninga. Mest var ánægja með búsetuskilyrði á höfuðborgarsvæðinu, enda hefur straumur búferlaflutninganna í mestum mæli legið þangað (Stefán Ólafsson, 1997). Efniviður bókarinnar *Búseta á Íslandi* og niðurstöður urðu síðan grundvöllur að endurskoðun byggðaþróunaráætlunar stjórnvalda árið 1998.

Ólíkar leiðir – hvaða þættir hafa haft áhrif á mótun íslenska velferðarkerfisins?

Íslenskir fræðimenn hafa einkum verið hallir undir hugarfars- og/eða stjórnmálaskýringar. Samkvæmt hugarfarsskýringunni hefur menning Íslendinga mótað ákveðin viðhorf til opinberrar forsjár (Stefán Ólafsson, 1993a, 1996). Áhersla er lögð á að opinber forsjá eigi að vera takmörkuð, en þess í stað er lögð áhersla á sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins og fjölskyldunnar. Slík viðhorf hafa t.d. komið fram meðal viðmælenda í rannsóknum á viðhorfum foreldra til dagvistar (Baldur Krist-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

jásson, 1990, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995). Þá bentu niðurstöður Sigrúnar Júlíusdóttur (1993) til þess að skýringa á takmörkuðum opinberum stuðningi við barnafjölskyldur væri að leita í hugarfari þjóðarinnar. Með umfangsmiklum samanburði á gögnum sem ná til efnahagslegra og félagslegra þátta, auk greiningar á hugmyndasögunni, komst Stefán Ólafsson (1996) að þeirri niðurstöðu að hugarfar hafi verið mikilvægt mótunarafl í nútímavæðingu vestrænna þjóðfélaga, allt frá miðöldum til nútímans (Stefán Ólafsson, 1990c; 1992a; 1992b; 1996).

Þá hafa fjölmargir rannsakendur bent á mikilvægi hins íslenska stjórn málaumhverfis. Hérlandis hefur Sjálfstæðisflokkurinn leikið hlutverk sem svipar meira til hlutverks jafnaðarmannaflokka en hlutverks hægri flokka í nágrannalöndunum hvað snertir stærð og áhrif (Guðmundur Jónsson, 2001; Guðrún Kristinsdóttir, 1993; Stefán Ólafsson, 1999a). Samkvæmt átaka- og stjórn mála kenningum eru orsakatengsl á milli styrkleika jafnaðarmanna og stærðar velferðarkerfisins og skýringa á umfangsminna velferðarkerfi hérlandis en á öðrum Norðurlöndum því fyrst og fremst að leita í hinu stjórn mála lega umhverfi. Hérlandis hafi hinn valdamikli Sjálfstæðisflokkur haft áhrif í þá átt að hér hafi þróast umfangsminna opinbert velferðarkerfi borið saman við önnur velferðarkerfi í Evrópu en örfá lönd hafa jafn lág opinber útgjöld til velferðarmála og Ísland. Einnig hafa íslenskir fræðimenn bent á hið mikilvæga framlag kvennahreyfinga við mótun hins íslenska velferðarkerfis (Auður Strykarsdóttir, 1998, 1999; Lilja Mósesdóttir, 2001; Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 1997).

Stefán Ólafsson (1999a) telur skýringargildi hinna pólitísku kenninga talsvert en bendir á mikilvægi þess að beita fjölþættum skýringarlíkönum þegar unnið sé með greiningar á áhrifavöldum á þróun velferðarkerfa. Eins og að framan greinir hefur félagsfræðin í ríkara mæli tekið undir það sjónarmið að mikilvægt sé að leita heildrænna skýringa með því að samþætta eða beita ólíkum skýringarkenningum í stað þess að leggja áherslu á leit að algildum skýringarkenningum.

Lokaorð

Hér hefur verið fjallað almennt um framlag íslenskra fræðimanna til félagsfræðilegra rannsókna á íslenska velferðarkerfinu. Auk félagsfræðinga hafa fræðimenn úr ýmsum félags- og hugvísindagreinum lagt gjörva hönd á plóg. Það að skilgreina hvar kynslóð hefst og lýkur er alltaf erfitt viðfangsefni og gildir þá einu hvort um einstaklinga eða rannsóknir er að ræða. Þó virðist óhætt að fullyrða að það sem ein-kennir fyrstu kynslóð rannsókna á sviði íslenskra velferðarrannsókna er að tekist hefur að skapa nokkuð heildstæðan þekkingargrunn að sögu og helstu einkennum íslenska velferðarkerfisins. Ekki ber þó að skilja það sem svo að þeirri greiningu sé lokið. Mikilvægi hinnar sögulegu þekkingar á þróun stofnana hefur fengið nýtt vægi með áherslu á stofnanakenningar og líklegt að svör við mörgum spurningum

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

um einkenni hins íslenska kerfis og skýringargildis hinna ýmsu kenninga felist í sögulegum gögnum sem bíða greiningar vísindamanna framtíðarinnar. Mikið starf er einnig óunnið hvað varðar rannsóknir á árangri hins íslenska velferðarkerfis. Brautryðjendarannsóknir Stefáns Ólafssonar á almannatryggingum, fátækt, lífskjörum og lífsháttum eru mikilvægt framlag en slíkar rannsóknir þarf að framkvæma reglulega til þess að hægt sé að álykta um árangur velferðarkerfisins. Þá þarf að þróa frekari rannsóknir á því hvernig velferðarþjónustan uppfyllir þau markmið sem henni eru sett, hvernig hinum ýmsu hópum skjólstæðinga velferðarkerfisins reiðir af og hvernig mæta megi nýjum þörfum.

Þó að í þessari umfjöllun hafi fyrst og fremst verið lögð áhersla á framlag félagsfræðinga og þeirra sem hafa rannsakað félagsfræðileg viðfangsefni er ljóst að rannsóknir á velferðarkerfinu eru stundaðar af fræðimönnum úr fjölmörgum vísindagreinum. Um leið og sérhæfing ólíkra greina eykst skapast möguleikar á fjölfræðilegri samvinnu. Þessa sér þegar merki, t.d. á sviði rannsókna í öldrunarfræði þar sem sérstök áhersla er lögð á samvinnu heilbrigðis- og félagsvísinda. Líklegt er að slík samvinna muni eflast á komandi árum á fleiri sviðum.

Mikil gróska hefur verið í samanburðarrannsóknum á síðastliðnum áratugum og líklegt að íslenskir fræðimenn muni í auknum mæli taka þátt í þeim. Hin „íslenska leið“ hefur enn sem komið er hlotið takmarkaða athygli alþjóðasamfélagsins en í henni felast ýmsar áskoranir á ríkjandi greiningarlíkön og full ástæða er til að ætla að aðrir geti af henni lært.

ABSTRACT IN ENGLISH

The Icelandic welfare system is somewhat unique. It has certain features in common with the welfare systems of the other Nordic countries, where social welfare is extensive and governmental support for the welfare system is massive. The Icelandic system is however different from the other Nordic countries as expenditure welfare has been lower in Iceland than any other European country in recent years. What has been done differently in Iceland than in the neighboring Nordic countries that often provide Icelanders with a level of comparison? What is the Icelandic path in welfare provision? These questions are central to Icelandic welfare sociology and Icelandic researchers in the field of welfare research.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

- Allanen, Leena. 1992. *Modern Childhood? Exploring the Child Question in Sociology*. Jyväskylä: University of Jyväskylä.
- Antonen, Anneli og Jorma Sipilä. 1996. „European social care services: Is it possible to identify models?“ *Journal of European Social Policy*, 6, 87–100.
- Arts, Wil og John Gelissen. 2002. „Three worlds of welfare capitalism or more? A state-of-the-art report.“ *Journal of European Social Policy* 12, 135–158.
- Auður Styrkársdóttir. 1998. *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík, 1908–1922*. Umeå: Umeå Universitet.
- Auður Styrkársdóttir. 1999. „Kvindelister í Island – reaktion mod en stillestående politik.“ Í C. Bergqvist, A. Borchorst, A-D. Christensen, V. Ramstedt-Silén, N.C. Raauum, A. Styrkársdóttir (ritstj.), *Likestilte demokratier? Kjønn och politikk i Norden*. Oslo: Universitetsforlaget/Nordisk Ministerråd.
- Ármann Snævarr. 1959. „Um sífjar og sífjarétt.“ *Úlfjótur*, 12, 3–20.
- Ármann Snævarr. 1972. „Hjúskaparlög á hvörfum.“ *Úlfjótur*, 25, 111–144.
- Ármann Snævarr. 1978. „Hugleiðinga um erfðarétt einstaklinga og nokkur stefnumið í erfðarétti.“ *Úlfjótur*, 31, 163–170.
- Baldwin, Peter. 1991a. „Hur socialistisk är den solidariska socialpolitiken?“ *Arkiv för studier i arbetarrörelsens historia*, nr 50. Stockholm: Sällskapet för studier i arbetarrörelsens historia.
- Baldwin, Peter. 1991b. „Klass, intresse och välfärdsstat.“ *Arkiv för studier i arbetarrörelsens historia*, nr 50. Stockholm: Sällskapet för studier i arbetarrörelsens historia.
- Baldur Kristjánsson. 1990. „Börn í borg og bæ. Nokkrar niðurstöður rannsóknar á uppleiddaðstæðum íslenskra barna.“ *Tímarit Háskóla Íslands*, 5, 41–55.
- Björn Björnsson. 1971. *The Lutheran Doctrine of Marriage in Modern Icelandic Society*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Bartley, Kristina. 1998. *Barnpolitik och barnets rättigheter*. Göteborg: Sociologiska Institutionen, Göteborgs Universitet.
- Björnberg, Ulla. 1993. „Familjepolitik i EG-länderna ur ett kvinnoperspektiv.“ *Sociologisk Forskning* 3, 3–29.
- Björnberg, Ulla. 1995. „Family orientation among men: Fatherhood and partnership in a process of change.“ Í J. Brannen og M. O'Brien (ritstj.), *Childhood and Parenthood - Preceedings of the International Sociological Association Committee for Family Research Conference 1994*. London: Institute of Education, University of London.
- Bradshaw, Jonathan, John Ditch, Hilary Holmes og Peter Whiteford. 1993. „A comparative study of child support in fifteen countries.“ *Journal of European Social Policy*, 3, 255–271.
- Castels, Francis, G. 1978. *The Social Democratic Image of Society: A Study of the Origins and Achievements of Scandinavian Social Democracy in a Comparative Perspective*. London: RKP.
- Cutright, Philip. 1965. „Political structure, economic development and national social security programs.“ *American Journal of Sociology*, 60, 539–555.
- Davíð Þór Björgvinsson. 1995. *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Duncan, Simon og Edwards, Rosalind (ritstj.), 1997. *Single Mothers in an International Context: Mothers or Workers?* London: UCL Press.
- Dumont, Wilfred. 1991. *National Family Policies in the-EU Countries in 1991*. Brussel: Commission of the European Countries, National Observatory of Family Policies.
- Esping-Andersen, Gösta. 1990. *Three Worlds of Welfare Capitalism*. Cambridge: Polity Press.
- Esping-Andersen, Gösta. 1999. *Social Foundations of Postindustrial Economies*. Oxford: University Press.
- Esping-Andersen, Gösta, Duncan Gallie, Anton Hemerijck og John Myles 2002. *Why We Need a New Welfare State*. Oxford: Oxford University Press.
- Flora, Peter, Sheila B. Kamerman og Alfred J. Kahn (ritstj.). Væntanleg. *Family Change and Family*

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

- Policies in the West, Volume III: Family Change and Family Policies in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden.* Oxford: Clarendon Press.
- Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson. 1991. *Úr lífsgildakönnunum: Lífsskoðun í nútímaþjóðfélögum.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gauthier, Anne Héléne. 1996. *The State and the Family – A Comparative Analysis of Family Policies in Industrialized Countries.* Oxford: Clarendon Press.
- Ginsburg, Newman. 1992. *Divisions of Welfare. A Critical Introduction to Comparative Social Policy.* London: Sage.
- Gísli Gunnarsson. 1983. *The Sex Ratio, the Infant Mortality and Adjoining Social Response in Pre-Transitional Iceland.* Lund: Ekonomisk-historiska institutionen.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1982. *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786–1907.* Reykjavík: Sögufélag.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1985. „The poor laws and the family in 19th century Iceland.“ Í J. Rogers og H. Norman (ritstj.), *The Nordic Family Perspectives on Family Research.* Uppsala: Department of History, Uppsala Universitet.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1993. „Fólksfjölda- og byggðapróun 1880–1990“. Í Svanur Kristjánsson og Guðmundur Hálfðánarson (ritstj.), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1997. *Saga og Samfélag: Þættir úr félagsögu 19. og 20. aldar.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sögufélag.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir. 1996. „Transition into widowhood: A lifesource perspective on the household position of Icelandic widows at the beginning of the twentieth century.“ *Continuity and Change*, 11, 435–458.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 1995. *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning – Diskussion kring kvinnliga fackföreningar på Island.* Lund: Lund University Press.
- Guðmundur Jónsson. 2001. „Agents and institutions in the creation of the Icelandic welfare state, 1880–1946.“ Í H. Romer-Christensen, U. Lundberg og K. Petersen (ritstj.), *Frihed, ligbed og tryghed. Velfærdspolitik i Norden.* Århus: Jysk Selskab for Historie, nr. 48.
- Guðný Björk Eydal. 1995. „Nútímafátækt og fjárhagsaðstoð.“ *Félagsráðgjafablaðið*, 1, 4–8.
- Guðný Björk Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Steinunn Hrafnadóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. 1997. „The development of local authority social services in Iceland.“ Í J. Sipilä (ritstj.), *Social Care Services: The Key to the Scandinavian Model.* Aldershot: Avebury.
- Guðný Björk Eydal. 2000. „Fæðingarorlof og dagvist: Íslensk fjölskyldustefna í 50 ár.“ Bls. 432–435 í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Guðný Björk Eydal. 2001. „Nordic child-care policies and the case of Iceland.“ Í A. Pfenning og T. Bahle (ritstj.), *Families and Family Policies in Europe – Comparative Perspectives.* Frankfurt am Main: Peter Lang.
- Guðrún Erlendsdóttir. 1976. „Barnaréttindi. Tímarit lögfræðinga, 26, 3–24.
- Guðrún Erlendsdóttir. 2000. „Sifjaréttur tuttugustu aldar.“ *Úlfjótur*, 53, 11–15.
- Guðrún Kristinsdóttir. 1991. *Child Welfare and Professionalization.* Umeå: Umeå University.
- Guðrún Kristinsdóttir. 1993. „Barnavernd og sérfræðiþróun.“ *Félagsráðgjafablaðið* 4, 14–24.
- Harpa Njáls. 2003. *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar – Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins.* Reykjavík: Borgarfræðasetur.
- Hanssen, Jan-Inge. 1997. „The Scandinavian model as seen from a local perspective.“ Í J. Sipilä (ritstj.), *Social Care Services: The Key to the Scandinavian Model.* Aldershot: Avebury.
- Halman, Loek (ritstj.). 2001. *The European Values Study: A Third Wave Source Book of the 1999/2000 European Values Study Surveys.* Tilburg: Tilburg University.
- Hill, Michael. 1996. *Social Policy, a Comparative Analysis.* London: Prentice Hall.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Hernes, Helga Maria. 1987. *Welfare State and Woman Power – Essays in State Feminism*. Oslo: Norwegian University Press.
- Ingibjörg Broddadóttir (ritstj.). 1994. *Fjölskyldan: Uppspretta lífsgilda*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Ingibjörg Broddadóttir. 1997. „Félagsþjónusta sveitarfélaga. Bakgrunnur og framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.“ *Sveitarstjórnarmál*, 4, 217.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2004. „Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði.“ *Birtist í þessu riti*.
- Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson. 1986. *Húsnæðiskerfið: Rannsókn á stöðu og þróun húsnæðismála*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Rúnar Sveinsson. 2000. *Society, Urbanity and Housing in Iceland*. Meyer Information & Förlag AB.
- Jón Björnsson. 1995. „Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Bakgrunnur og framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.“ *Sveitarstjórnarmál*, 55, 19–24.
- Kahn, Alfred J. og Kamerman, Sheila. 1988. *Mothers Alone – Strategies for a Time of Change*. Dover, MA: Auburn House Publishing Company.
- Kangas, Ole. 1991. *The Politics of Social Rights*. Stockholm: Swedish Institute for Social Research.
- Kamerman, Sheila B. og Alfred J. Kahn, (ritstj.). 1978. *Family Policy: Government and Families in Fourteen Countries*. New York: Columbia University Press.
- Kamerman, Sheila B. og Alfred J. Kahn, (ritstj.). 1997. *Family Change and Family Policies in the West, Volume I: Family Change and Family Policies in Great Britain, Canada, New Zealand and the United States*. Oxford: Clarendon Press.
- Katzenstein, Peter. 1983. „The small European states in the international economy: Economic dependence and corporatist politics.“ Í J.G. Ruggie (ritstj.), *The Antinomies of Interdependence: National Welfare and the International Division of Labor*. New York: Columbia University Press.
- Korpi, Walter. 1978. *The Working Class in Welfare Capitalism: Work, Union and Politics in Sweden*. London: Routledge & Kegan Paul.
- Korpi, Walter. 1983. *The Democratic Class Struggle*. London: Routledge and Kegan Paul.
- Korpi, Walter og Joakim Palme. 1998. „The paradox of redistribution and strategies of equality: Welfare state institutions, inequality and poverty in the western countries.“ *American Sociology Review*, 63, 661–687.
- Korpi, Walter og Joakim Palme. 2000. „Faces of inequality: Gender, class and patterns of inequalities in different types of welfare states.“ *Social Politics*, 7, 127–191.
- Kristinn Karlsson. 1994. „Fjölskyldur og heimili á Íslandi, breytingar síðustu áratugi og sérstaða Íslands.“ Í Ingibjörg Broddadóttir (ritstj.), *Fjölskyldan uppspretta lífsgilda*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Kröger, Teppo. 1997. „Local governments in Scandinavia: Autonomous or integrated into the welfare state?“ Í J. Sipilä (ritstj.), *Social Care Services. The Key to the Scandinavian Model*. Aldershot: Avebury.
- Layder, Derek. 1998. *Sociological Practice – Linking Theory and Social Research*. London: Sage.
- Lewis, Jane (ritstj.). 1993. *Women and Social Policies in Europe. Work, Family and the State*. Aldershot: Edward Elgar.
- Lewis, Jane. 2002. „Gender and welfare state change.“ *European Societies*, 4, 331–358.
- Lilja Mósesdóttir. 2001. *The Interplay Between Gender, Markets and the State in Sweden, Germany and the United States*. Aldershot: Ashgate.
- Loftur Guttormsson. 1983. *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld – Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof*, nr. 95/2000.
- Margrét Margeirsdóttir. 2001. *Fötlun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Marshall, Thomas H. 2000. „Citizenship and social class.“ Í F.G. Castles og C. Pierson (ritstj.), *The Welfare State Reader*. Cambridge: Polity Press.
- Millar, Jane og Andrea Warman (ritstj.). 1995. *Family Obligations in Europe*. Bath: University of Bath.

VELFERÐARRÍKIÐ OG HIN ÍSLENSKA LEIÐ

- Millar, Jane og Andrea Warman. 1996. *Family Obligations in Europe* London: Joseph Rowntree Foundation and Family Policy Studies Centre.
- Myles, John og Jill Quadagno. 2002. „Political theories of the welfare state.“ *Social Service Review*, mars 2002, 34–57.
- Olsson, Sven E. 1991. „Arbataranas makt och 1946 års pensionsreform.“ *Arkiv för studier i arbetarrörelsens historia*, nr. 50. Stockholm: Sällskapet för studier i arbetarrörelsens historia.
- Ólöf Garðarsdóttir. 2002. *Saving the Child – Regional, Cultural and Social Aspects of the Infant Mortality Decline in Iceland, 1770–1920*. Umeå: Umeå University.
- Palme, Joakim. 1990. *Pension Rights in Welfare Capitalism: The Development of Old-Age Pensions in 18 OECD Countries 1930 to 1985*. Stockholm: Swedish Institute for Social Research 14.
- Pateman, Carol. 2000. „The patriarchal welfare state.“ Í F. G. Castles og C. Pierson (ritstj.), *The Welfare State Reader*. Cambridge: Polity Press.
- Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (ritstj.). 2003. *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rauhala, Pirrko-Liisa, Margit Andersson, Guðný-Björk Eydal, Outi Ketola og Hanne Warming Nielsen. 1997. „Why are social care services a gender issue?“ Í J. Sipilä (ritstj.), *Social Care Services: The Key to the Scandinavian Model*. Aldershot: Avebury.
- Rostgaard, Tine og Torben Friedberg. 1998. *Caring for Children and Older People – A Comparison of European Policies and Practices Social Security in Europe*. København: The Danish National Institute of Social Research.
- Rowntree, Seebohm B. 2000. *Poverty: A Study of Town Life*. Bristol: The Policy Press.
- Sainsbury, Diane. 1996. *Gender Equality and Welfare States*. Cambridge: University Press.
- Sigríður Jónsdóttir. 2001. „Langtidsbrugernes livssituation – hvad så?“ *Nordisk Socialt Arbeid*, 21, 59–65.
- Sigríður Dína Kristmundsdóttir. 1997. *Doing & Becoming – Womens Movements and Women's Personhood in Iceland, 1870–1990*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. 1997. *Hvers vegna sjálfbodaliðastörf – Um sjálfbodaliðastörf, félagsmálaféttu og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. 1993. *Den kapabla familien i det isländska sambället. En studie om lojalitet, ætteskapsdynamik och psykosocial anpassning*. Göteborg: Institutionen for Socialt Arbete, Göteborgs Universitet.
- Sigrún Júlíusdóttir. 2001. *Fjölskyldur við alðabvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson (ritstj.). 1995. *Barnafjölskyldur: Samfélag – lífsgildi – mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. 2000. *Áfram foreldrar – Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Drífa Sigfúsdóttir. 2001. *Könnun fjölskylduráðs á viðhorfum íslenskra sveitafélaga til málefna fjölskyldunnar*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Ólafsdóttir. 2004. „Félagsfræði heilsu og veikinda.“ *Birtist í þessu riti*.
- Sigurður Gylfi Magnússon. 1995. „From children's point of view: Childhood in nineteenth-century Iceland.“ *Journal of Social History*, 29, 295–323.
- Sipilä, Jorma (ritstj.). 1997. *Social Care Services: The Key to the Scandinavian Model*. Aldershot: Avebury.
- Skocpol, Theda. 1995. *Social Policy in the United States: Future Possibilities in Historical Perspective*. Princeton: Princeton University.
- Stefán Hrafn Jónsson. 2004. „Lýðfræði Íslands.“ *Birtist í þessu riti*.
- Stefán Ólafsson. 1990a. *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi Dana, Finna, Íslendinga, Norðmanna og Svía*. Reykjavík: Íðunn.
- Stefán Ólafsson. 1990b. *Lífskjör og lífshættir á Íslandi: Lífskjarakönnun 1988*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Hagstofa Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1990c. „Vinnan og menningin.“ *Skírnir*, 163, 99–124.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Stefán Ólafsson. 1992a. „The rise or decline of work in the welfare state? Equality and efficiency revisited.“ Í J.E. Kolberg (ritstj.), *Between Work and Social Citizenship*. New York: M.E. Sharpe.
- Stefán Ólafsson. 1992b. „Vöxtur velferðarríkisins á Vesturlöndum: Kenningar um þjóðfélagsbreytingar á 20. öldinni.“ *Íslensk félagsrit*, 2–4, 5–29.
- Stefán Ólafsson. 1993a. *Innreið nútímaþjóðfélags á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Stefán Ólafsson. 1993b. „Þróun velferðarríkisins.“ Kafi í Guðmundur Hálfðanarsson og Svanur Kristjánsson (ritstj.), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1993c. „Variations within the Scandinavian model: Iceland in a comparative perspective.“ Í E.J. Hansen S. Ringen, H. Uusitalo og R. Erikson (ritstj.), *Welfare Trends in the Scandinavian Countries*. New York: M.E. Sharpe.
- Stefán Ólafsson. 1996. *Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. 1997. *Búseta á Íslandi: Ramsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Bygðastofnun.
- Stefán Ólafsson. 1999a. *Íslenska leiðin: Almennatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Tryggingastofnun ríkisins.
- Stefán Ólafsson. 1999b. „The Icelandic model: Social security and welfare in a comparative perspective.“ Í D. Bouget og B. Pallier (ritstj.), *Comparing Social Welfare Systems in Nordic Europe and France*. Nantes: Mire og Maison des Sciences de L'Homme Ange-Guepin.
- Stefán Ólafsson, Karl Sigurðsson og María Ammendrup. 1999. *Lífskjör, lífsbættir og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi 1988–1999 – Kynslóðagreining og samanburður milli landa*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson. 2000. „Poverty in Iceland.“ Í B. Gustafsson og P. J. Pedersen (ritstj.), *Poverty and Low Income in the Nordic Countries*. Aldershot: Ashgate.
- Stefán Ólafsson. 2001. „Det isländska pensionssystemet – utseende och utsikter.“ Í Joakim Palme (ritstj.), *Privata og offentliga pensionsreformer i Norden – Slut på folkpensionsmodellen?* Stockholm: Pensionsforum.
- Sveinn H. Ragnarsson. 1995. „Framkvæmd félagsþjónustu í Reykjavík. *Félagsráðgjafablaðið*, 5, 26–35.
- Therborn, Göran. 1993. „Politics of childhood.“ Í F. G. (ritstj.), *Families of Nations – Patterns of Public Policy in Western Democracies*. Aldershot, Brookfield: Dartmouth Publishing Company.
- Thomas, Nigel. 2000. *Children, Family and the State: Decision Making and Child Participation*. London: McMillan Press.
- Walby, Sylvia. 1997. *Theorizing Patriarchy*. Oxford: Blackwell.
- Wilensky, H.L. og C.N. Lebeux. 1965. *Industrial Society and Social Welfare*. New York: Free Press.
- Wennemo, Irene. 1994. *Sharing the Costs of Children Studies on the Development of Family Support in the OECD Countries*. Stockholm: Swedish Institute for Social Research.
- Zimmerman, Shirley L. 1995. *Understanding Family: Policy Theories and Applications*. London: Sage Publications.
- Porgertur Einarsson. 2004. „Hið vísindalega er pólitískt: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga.“ *Birtist í þessu riti*.

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

Guðbjörg Hildur Kolbeins

Fyrstu fræðilegu rannsóknirnar á fjölmiðlum og notendum þeirra voru gerðar í lok þriðja áratugar 20. aldar. Í upphafi voru það einkum félagsfræðingar, sálfræðingar og stjórnmálafræðingar sem stunduðu fjölmiðlarannsóknir. Nú á tímum er fjölmiðlafræði kennd sem sjálfstæð fræðigrein en hún hefur haldið fjölfræðilegum eiginleikum sínum. Nokkur munur er á bandarískum og evrópskum fjölmiðlafræðirannsóknum þar sem bandarískar rannsóknir eru undir sterkum áhrifum félagssálfræðinnar. Margir evrópskir fræðimenn nálgast hins vegar viðfangsefni sín út frá sjónarhóli málvísinda og jafnvel heimspeki. Íslenskir fræðimenn hafa frá árinu 1968, er þeir hófu að stunda fjölmiðlarannsóknir, aðallega beitt meginðlegum aðferðum til að rannsaka notkun barna og unglinga á fjölmiðlum, og samband fjölmiðlanotkunar og andfélagslegrar hegðunar.

Fjölmiðlafræði sem rannsókn- og fræðigrein

Skeið rannsókna í fjölmiðlafræði hófst þegar bandarískur almenningur og yfirvöld fóru að óttast skaðleg áhrif fjölmiðla á börn. Á miðjum þriðja áratugi síðustu aldar var talið að ofbeldi í svokölluðum bófamyndum, sem þá nutu mikilla vinsælda, hefði slæm áhrif á börn og unglinga. Þetta leiddi til þess að á árunum 1929 til 1932 voru gerðar 13 sjálfstæðar rannsóknir á innihaldi kvikmynda og áhrifum þeirra. Þessar rannsóknir eru yfirleitt kallaðar Payne Fund-rannsóknirnar og voru styrktar af einkareknum styrktarsjóði (Lowery og DeFleur, 1988).

Um svipað leyti fluttu Þjóðverjinn Kurt Lewin og Austurríkismaðurinn Paul Felix Lazarsfeld búferlum frá Evrópu til Bandaríkjanna. Lewin, sem starfaði lengst af við Stanford-háskóla, hefur verið nefndur faðir félagssálfræðinnar. Lazarsfeld var með doktorspróf í hagnýtri stærðfræði og eftir komu sína til Bandaríkjanna starfaði hann við Princeton-háskóla og síðar við Columbia-háskóla í New York. Lewin og Lazarsfeld, ásamt Bandaríkjamönnum Harold Dwight Lasswell og Carl Iver Hovland, voru frumkvöðlar í rannsóknum á fjölmiðlum og boðskiptum. Hovland var sálfræðingur sem lærði og starfaði við Yale-háskóla og er frægastur fyrir rannsóknir sínar á skoðunum og viðhorfi fólks. Lasswell var hins vegar prófessor í lögfræði og stjórnmálafræði við Yale-háskóla og rannsakaði meðal annars áhrif áróðurs.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þó að fjórmenningarnir hafi haft gífurleg áhrif á þróun kenninga og rannsókna í fjölmiðlafræði nálgudust þeir, og síðar nemendur þeirra, alltaf viðfangsefni sín út frá eigin fræðasviðum. Fram á sjötta áratug 20. aldar voru það einkum sálfræðingar, félagsfræðingar og stjórnmálafræðingar sem fengust við rannsóknir á sviðinu en yfirleitt var áhugi þeirra aðeins tímabundinn og menn sneru sér iðulega að öðrum rannsóknarverkefnum á eigin fræðasviði (Schramm, 1983).

Þegar vísindamenn fóru að beina sjónum sínum í meiri mæli að fjölmiðlum sem rannsóknarsviði þótti eðlilegt að þeir sem ynnu að slíkum rannsóknum hefðu starfsaðstöðu við blaðamannadeildir háskóla og að fólk með hagnýta reynslu af fjölmiðlum sneri sér að rannsóknum þar sem fáir hefðu jafn góðan skilning á efninu. Á fimmta og sjötta áratugnum var því nöfnum blaðamannadeilda breytt þannig að orðunum *boðskiptafræði* eða *fjölmiðlafræði* var bætt við fyrri nöfn deildanna. Ekki eru allir sammála um að það hafi verið til bóta (Rogers og Chaffee, 1993). Jafnframt voru nýjar deildir stofnaðar til að fást við kennslu og rannsóknir á sviði boðskipta- og fjölmiðlafræði og boðið var upp á á doktorsnám í greininni (Brown, 1970; Schramm, 1983; Rogers og Chaffee, 1983). Everett M. Rogers (1988) segir að fjölmiðlafræðin hafi farið að þróast áfram sem sjálfstæð fræðigrein og að meira samræmi hafi orðið í fjölmiðlarannsóknum þegar greinin fékk loks þak yfir höfuðið og var komin inn fyrir veggi háskóla.

Talsverður munur er á evrópskum og bandarískum fjölmiðlarannsóknum. Talið er að þróun í rannsóknum og kennslu í fjölmiðla- og boðskiptafræði í Evrópu hafi orðið um það bil áratugi síðar en í Bandaríkjunum (Mancini, 1993). Evrópskar fjölmiðlarannsóknir hafa einkennst af því efnahagslega og pólitíska umhverfi sem þær eru sprottnar upp úr. Evrópskir vísindamenn hafa t.d. mjög beint sjónum sínum að hlutverki ríkisfjölmiðlanna (Lowe og Hujanen, 2003). Bandarískar rannsóknir endurspeгла mjög þær félagssálfræðilegu áherslur sem eru í doktorsnámi í fjölmiðlafræði þar í landi. Þeir sem hlotið hafa menntun sína í Bandaríkjunum beita gjarnan megindegri aðferðafræði og framkvæma rannsóknir sínar með spurningakönnunum eða með tilraunum á rannsóknastofum. Síðan er unnið úr niðurstöðum með tölfræðilegum hætti. Í nýlegri úttekt á tíu bandarískum fagtímaritum á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræði kom í ljós að á árunum 1980–99 voru rúmlega sjö af hverjum tíu birtum greinum byggðar á megindegum rannsóknum og þar af voru niðurstöður í um þriðjungu greinanna byggðar á spurningakönnunum (Kamhawi og Weaver, 2003).

Í Evrópu hefur verið talsverð umræða um hvert sé eðli og viðfangsefni fjölmiðla- og boðskiptafræðinnar. Ber mönnum ekki saman um hvort fræðigreinin sé angi af félagsvísindum eða hvort hún standi nær málvísindum og heimspeki. Rík hefi er fyrir því í Evrópu, sérstaklega á Norðurlöndunum, að beita orðræðugreiningu við rannsóknir á fjölmiðlum og boðskiptum, og líta á fjölmiðlafræð-

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

ina af sjónarhóli menningarfræðanna (Pietilä o.fl., 1990; Jensen og Rosengren, 1990).

Fjölmiðla- og boðskiptarannsóknir blómstra á Norðurlöndunum. Fyrir rúmum 30 árum setti Norræna ráðherranefndin á laggirnar stofnun við Gautaborgarháskóla í Svíþjóð til að safna upplýsingum um fjölmiðlarannsóknir á Norðurlöndunum og um þá sem starfa að slíkum rannsóknum. Stofnunin hefur jafnframt það hlutverk að gefa út efni um norrænar fjölmiðlarannsóknir (Schröder, 2002).

Bandaríkjamenn hafa borið höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir á sviði fjölmiðlafræðirannsókna, a.m.k. hvað magn varðar. Ekki eru þó allir jafn hrifnir af því sem frá Bandaríkjunum hefur komið. Bretinn Tunstall orðaði það svo að „of margar bandarískar rannsóknir fjalla um tímaritalestur 50 svínabænda í suðvesturhluta Iowa“ (Tunstall, 1970, bls. 32). Rúmlega áratugi eftir að Tunstall lét þessi orð falla var hann enn þeirrar skoðunar að meirihluti bandarískra rannsókna væri rusl. Hann telur að stór mistök hafi verið gerð í Bandaríkjunum þegar námi í blaðamennsku og rannsóknum í félagssálfræði var blandað saman til að búa til nýja fræðigrein, fjölmiðla- og boðskiptafræði. Það væri vandamál hvað fræðin væru víðtæk og dreifð, og að þeir sem stunduðu rannsóknir á sviðinu ættu oft ekkert sameiginlegt (Tunstall, 1983).

Ekki eru allir sammála þessum orðum Tunstalls því Halloran (1983) álítur að fræðin þurfi jafnvel að vera fjölfræðilegri en þau eru nú þegar. Hann kvartar helst yfir því að félagsfræðileg og sálfræðileg viðhorf séu of ríkjandi og nauðsynlegt sé að skoða fræðin einnig út frá sögulegu, lögfræðilegu og menningarlegu sjónarhorni. Deacon o.fl. (1999) halda því fram að fjölfræðilegt eðli rannsóknasviðs fjölmiðla- og boðskiptafræðinnar sé helsti styrkur hennar. Fræðimenn úr ólíkum greinum geti komið saman undir hatti fjölmiðla- og boðskiptafræðinnar og rannsakað fjölmiðla sem viðfangsefni út frá mjög mismunandi sjónarhornum. Deacon og félagar eru á þeirri skoðun að það sé einmitt þessi breidd í fræðilegri þekkingu þeirra vísindamanna sem fást við rannsóknir á sviði fjölmiðlafræði sem haldi lífi í fræðunum, efli þau og endurnýi. Ef fjölmiðlafræðin yrði skilgreind sem sjálfstæð fræðigrein og einhver mörk dregin utan um hana sem slíka yrði hún sjálfhverf og þröngsýn.

Viðfangsefni fjölmiðlafræðinnar

Árið 1948 setti Lasswell fram þá kenningu að fjölmiðlun væri 'hver segði hvað við hvern í gegnum hvaða miðil með hvaða afleiðingum' („Who says what in which channel to whom with what effect“). Helsti galli þessarar kenningar er sá að hún gerir ekki ráð fyrir að hlustandinn, lesandinn eða áhorfandinn sé virkur (Tunstall, 1970; Schramm, 1983), en rannsóknir síðustu 30 ára hafa sýnt og sannað að það er langt í frá að notendur fjölmiðla séu óvirkir. Líkan Lasswells hafði hins vegar gífur-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

leg áhrif á fjölmiðlarannsóknir því samkvæmt því mátti skipta rannsóknum á sviði fjölmiðlafræði í nokkur sérsvið; rannsóknir á valdi og formgerð fjölmiðla, innihaldsgreiningu á efni fjölmiðla, fjölmiðlagreiningu, notendarannsóknir, og rannsóknir á áhrifum fjölmiðla (Tunstall, 1970; Comstock, 1983).

Rannsóknir á valdi og formgerð fjölmiðla hafa sjaldan verið jafn mikilvægar og nú á tímum. Robert W. McChesney (2000) hefur t.d. varað við afleiðingum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði og hnattvæðingar á lýðræðislega umræðu. Innihaldsgreining hefur talsvert verið notuð í fjölmiðlarannsóknum, ekki síst til að meta ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum (Smith o.fl., 2002; Yokota og Thompson, 2000) og fræðimenn á sviði notendarannsókna hafa m.a. rannsakað hvernig fólk horfir á sjónvarp og af hverju það horfir á sjónvarp (Schmitt o.fl., 2003).

Í kjölfar nýrra miðla hafa siglt nýjar rannsóknir. Á sínum tíma bentu Rogers og Chaffee (1983) á að þrátt fyrir tilkomu nýrra miðla væru fræðimenn enn að spyrja sömu gömlu rannsóknasurninganna. Þeir héldu því fram að fræðimenn byrjuðu ávallt á því að leitast við að svara hverjir notuðu miðilinn. Í framhaldi af því væri athugað hvaða notagildi miðillinn hefði fyrir notendur og gerðar rannsóknir á neikvæðum áhrifum miðilsins. Enn fremur væri innihald miðilsins rannsakað og síðar væri skrifað um miðilinn í sagnfræðilegu ljósi (Rogers og Chaffee, 1983). Rogers og Chaffee gat ekki óráð fyrir þeim breytingum sem urðu á fjölmiðlun þegar Netið kom til sögunnar en þeir höfðu engu að síður rétt fyrir sér þar sem nokkur fjöldi rannsókna hefur þegar kannað notkun fólks á Netinu og mikið hefur verið talað um neikvæð áhrif þess, sérstaklega á börn og unglinga.

Fjölmiðla- og boðskiptafræðin hefur sjaldan verið öflugri en nú og er styrkur hennar ekki síst fólgin í fjölfræðilegu eðli hennar. Stór hluti rannsókna á sviðinu er enn gerður af fræðimönnum sem eiga aðsetur í öðrum greinum, t.d. sagnfræði, stjórnmálafræði, mannfræði, heimspeki, félagsfræði og sálfræði, og jafnvel viðskipta- og hagfræði. Eins og Deacon og kollegar hans bentu á mun þessi sveigjanleiki greinarinnar halda lífi í henni og efla hana um ókomna tíð (Deacon o.fl., 1999).

Íslensk fjölmiðlafræði

Bók um auglýsingar sem út kom árið 1947 er líklega fyrsta íslenska bókin um fjölmiðla (Símon Jóh. Ágústsson, 1947). Frá því að hún leit dagsins ljós hafa komið út kennslubækur um fjölmiðla (Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson, 1990; Petersson og Pettersson, 2000), bækur almenns eðlis um fjölmiðlafræði (Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 1989; Stefán Jón Hafstein, 1987) og bækur um sögu fjölmiðla á Íslandi (Guðjón Friðriksson, 2000; Gunnar Stefánsson, 1997). Auk ofangreindra rita má nefna safn greina eftir Þorbjörn Broddason (1987) og ítarlegt uppláttarrit Hagstofu Íslands (1999, 2003) um fjölmiðla og menningu á Íslandi.

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

Íslenskar fjölmiðlarannsóknir hafa hingað til einkum verið á sviði notenda- og áhrifarannsókna (t.d. Þorbjörn Broddason, 1996; Guðbjörg Hildur Kolbeins, 1999, 2002, 2003b) en einnig hafa fræðimenn hér á landi fjallað nokkuð um formgerð íslenskra fjölmiðla (Ragnar Karlsson o.fl., 2000, 2001), breytingar á fjölmiðlamarkaði (Ragnar Karlsson, 2002), og um blaðamennsku sem sérfræði (Þorbjörn Broddason, 1994). Frá upphafi níunda áratugar 20. aldar hafa fjórir Íslendingar varið doktorsritgerðir á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræði við erlenda háskóla (Elías Héðinsson, 1981; Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2003a; Sigrún Stefánsdóttir, 1987; Þorbjörn Broddason, 1996).

Doktorsritgerð Elíasar Héðinssonar (1981) er byggð á *Media Panel Program* rannsókninni sem var samstarfsverkefni vísindamanna við háskólana í Lundi og Växjö í Svíþjóð. Tilgangur hennar var m.a. að kanna notkun sænskra barna á aldrinum 11 til 15 ára á sjónvarpi. Óhætt er að fullyrða að *Media Panel Program* rannsóknin hafi verið einstök og sé í miklum metum meðal þeirra sem kanna notkun barna á fjölmiðlum. Sigrún Stefánsdóttir (1987) beitti eigindlegri aðferðafræði í doktorsritgerð sinni er hún rannsakaði fræðslusjónvarp í Kentucky-ríki í Bandaríkjunum og fræðsludeild danska ríkissjónvarpsins með það markmið í huga að kanna hvernig hægt væri að þróa íslenskt fræðslusjónvarp. Þar sem doktorsritgerðir Elíasar Héðinssonar og Sigrúnar Stefánsdóttur byggðu á erlendum gögnum verður ekki fjallað nánar um efni þeirra í þessum kafla.

Athyglisvert er að meirihluti doktorsritgerðanna fjallar um notkun barna og unglinga á fjölmiðlum. Má álykta að ástæðan fyrir því liggi að nokkru leyti í orðum Þorbjarnar Broddasonar á Listamannþingi 1979 er hann sagði:

Fjölmiðlarnir og þá sérstaklega sjónvarpið hafa aðgang að börnum áður en viðhorf þeirra til umhverfisins eru farin að mótask. Það hljóta því að gilda allt önnur lög-mál um áhrifin í slíkum tilvikum en endranær. Sjálfsagt telja margir, að samskipti barna og fjölmiðla sé það svið, sem fjölmiðlarannsakendur ættu framar öllu öðru að beina sjónum sínum að (Þorbjörn Broddason, 1979, bls. 1–2).

Áhrif sjónvarps- og myndbandanotkunar á val á uppáhaldslandi

Ungverski fræðimaðurinn George Gerbner hefur haldið því fram að sjónvarpið hafi áhrif á hugmyndir fólks um veruleikann. Rannsóknir á kenningum hans hafa sýnt í gegnum tíðina að sú mynd sem birtist okkur af veruleikanum á skjánum er talsvert fjarri þeim veruleika sem við búum við. Gerbner og fleiri hafa sýnt fram á að fólk sem horfir mikið á sjónvarp fer að trúa því að veruleikinn sé eins og sú mynd sem dregin er upp af honum í sjónvarpinu (Shanahan og Morgan, 1999). Í rannsókn sem gerð var á Filippseyjum kom í ljós að þau börn sem horfðu mikið á bandarískt sjónvarpsefni voru líklegri en önnur börn til að vilja fara til Bandaríkj-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

anna (Tan o.fl., 1987), og í annarri rannsókn kom fram að unglingar í Belize sem horfðu mikið á bandarískt sjónvarpsefni vildu helst flytja þangað (Snyder o.fl., 1991).

Fyrsta rannsóknin á fjölmiðlanotkun íslenskra barna og unglinga fór fram vorið 1968, tæplega tveimur árum eftir að Ríkissjónvarpið hóf göngu sína, er stór hluti þjóðarinnar var enn sjónvarpslaus þar sem útsendingar náðust aðeins á suðvesturhorni landsins. Var hún hluti af meistararitgerð Þorbjarnar Broddasonar við Lundarháskóla í Svíþjóð. Rannsóknin, sem hlotið hefur heitið *Börn og sjónvarp á Íslandi*, hefur verið endurtekin fimm sinnum, nú síðast árið 2003, og hafa tekið þátt í henni börn á aldrinum 10 til 15 ára.

Upphaflegur tilgangur rannsóknarinnar var samanburður á svörum þeirra barna og unglinga sem höfðu aðgang að sjónvarpi og svörum þeirra sem enn voru sjónvarpslaus. Þeirri kenningu var varpað fram að börn sem hefðu haft hvað lengstan aðgang að Kanasjónvarpinu væru líklegri en önnur börn til að vilja flytja til Bandaríkjanna. Rökrétt þótti að þau börn sem höfðu horft mikið á bandarískt sjónvarp og bandarískt sjónvarpsefni væru líkleg til að sjá Bandaríkin í rósrauðum bjarma og vilja helst flytja þangað.

Í lok sjöunda áratugarins vildi tæplega fjórðungur íslenskra barna flytja til Danmerkur. Bretland var næstvinsælast meðal þeirra, Noregur í þriðja sæti og örlítið færri nefndu Bandaríkin en Noreg. Rúmlega helmingur barnanna vildi flytja til annarra Norðurlanda, sem kann að vera rökrétt val með tilliti til landfræðilegrar og menningarlegrar nálægðar landanna. Árið 1979 þegar að íslenskt sjónvarp hafði verið við lýði í tæp 13 ár var fimmtungur barnanna þeirrar skoðunar að líklega væri best að flytja til Bandaríkjanna. Noregur var nú næstvinsælasta landið, Svíþjóð lenti í þriðja sæti, og Danmörk, sem eitt sinn þótti ákjósanlegt, var komið niður í fjórða sæti.

Í rannsókninni 1979 kom fram að rúmlega þriðjungur þeirra barna sem vildi helst flytja til Bandaríkjanna sagðist fyrst og fremst hafa upplýsingar um landið úr sjónvarpinu en þriðjungur þeirra sem valdi önnur Norðurlönd byggði ákvörðun sína á eigin heimsóknum þangað. Ekki var endilega samband á milli þess að hafa komið til viðkomandi lands og velja það sem uppáhaldsland. Spánarferðir Íslendinga voru þegar orðnar tiltölulega algengar í lok áttunda áratugarins og hafði fimmtungur úrtaksins komið til Spánar en aðeins 6% vildu flytja þangað. Þessu var þveröfugt farið með Bandaríkin, 6% höfðu komið þangað en eitt af hverjum fimm börnum vildi flytja þangað.

Sex árum síðar, eða 1985, var Bretland orðið vinsælasta landið, rúmlega fimmtungur úrtaksins vildi helst flytja þangað. Bandaríkin voru nú næstvinsælust, en 15 af hundraði vildu helst flytja þangað. Nú var hins vegar svo komið að aðeins þriðjungur barnanna valdi önnur Norðurlönd og var Danmörk vinsælast Norður-

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

landanna. Börnin rökstuddu val sitt á Bandaríkjunum með því að segja að landið væri fallett, að þau þekktu einhvern sem byggi þar og ekki síst væri gott að búa þar. Svipaðar ástæður voru gefnar fyrir vali á öðrum löndum en athyglisvert er að best þótti að búa í Bandaríkjunum.

Þegar rannsóknin var gerð árið 1991, fimm árum eftir að Stöð 2 hóf göngu sína, jukust vinsældir Bandaríkjanna enn, þar sem þriðjungur barnanna vildi nú helst flytja til Bandaríkjanna en aðeins eitt af hverjum fjórum börnum valdi nú eitt af Norðurlöndunum.

Niðurstöður fyrstu rannsóknar Þorbjarnar gáfu til kynna að ekki væri samband á milli þess hversu mikið börn og unglingar horfðu á sjónvarp og til hvaða lands þau vildu helst flytja. Árið 1979 kom í ljós að því meira sem stúlkur horfðu á sjónvarp, því líklegri voru þær til að velja Bandaríkin. Það kom nokkuð á óvart að 1985 var ekki samband á milli sjónvarpsáhorfs og vals á Bandaríkjunum. Þegar málið var kannað nánar reyndust börn sem horfðu mikið á myndbönd hafa tilhneigingu til að velja Bandaríkin.

Árið 1991 eru línurnar farnar að skýrast. Því meira sem börn horfðu á Ríkissjónvarpið, því líklegri voru þau til að vilja helst flytja til annarra Norðurlanda, en því meira sem þau horfðu á myndbönd, því líklegri voru þau til að velja Bandaríkin. Merkilegt þótti að neikvætt samband var á milli áhorfs á Stöð 2 og þess að vilja flytja til annarra Norðurlanda, þ.e.a.s. áhorfendur Stöðvar 2 í úrtakinu voru síður líklegir en önnur börn til að velja eitt af Norðurlöndunum sem uppáhaldslandið sitt.

Niðurstöður rannsókna Þorbjarnar Broddasonar eru í samræmi við þær erlendu rannsóknir sem sýnt hafa að börn og unglingar sem horfa mikið á bandarískt sjónvarpsefni vilja mjög gjarnan flytja til Bandaríkjanna. Þorbjörn kemst að þeirri niðurstöðu að auknar vinsældir Bandaríkjanna meðal íslenskra barna, á kostnað annarra Norðurlanda, sé afleiðing gífurlegs framboðs bandarísks sjónvarpsefnis hér á landi og þess mikla fjölda bandarískra kvikmynda sem standi til boða á myndbandaleiginum. Tilraunir Ríkissjónvarpsins til að bjóða upp á sjónvarpsefni frá fleiri löndum en Bandaríkjunum eða Bretlandi nái ekki að vega upp á móti þessari þróun (Þorbjörn Broddason, 1979, 1991, 1996).

Bandarískt sjónvarpsefni hefur alla tíð verið ríkjandi í dagskrá Stöðvar 2 (um helmingur útsends efnis árið 2001) en óhætt er að fullyrða að Skjár einn slái Stöð 2 út að þessu leyti. Skjár einn hefur leitast við að bjóða upp á íslenskt sjónvarpsefni en framhjá því verður ekki litið að allt erlent efni sem sýnt er á stöðinni, um 70% af heildarefni, er bandarískt (Hagstofa Íslands, 2003). Stöðin nýtur jafnframt talsverðra vinsælda meðal ungs fólks þar sem hún býður upp á opna dagskrá og efni sem höfðar til þessa aldurshóps. Enn hefur ekki verið rannsakað hvaða áhrif þetta gífurlega magn af bandarísku efni á Skjá einum hafi á val barna og unglinga á uppáhaldslandi.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Bóklestur og sjónvarp

Þorbjörn Broddason (1999) bendir á að hlutfall þeirra sem eru læsir á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum sé með því hæsta í heimi. Í þessum löndum ríki jafnframt mikið lýðræði. Sé gengið út frá því að læsi sé ein af forsendum lýðræðis, þá hljóti allar sveiflur í bóklestri barna og unglinga að vekja okkur til umhugsunar, sérstaklega ef mikið dregur úr bóklestri.

Í rannsóknnum sínum hefur Þorbjörn spurt hversu margar bækur þátttakendur hafi lesið síðustu 30 daga fyrir rannsóknina. Tekið hefur verið fram að ekki ætti að telja með námsbækur eða aðrar bækur tengdar skólanum. Árið 1968 höfðu börnin sem tóku þátt í rannsókninni lesið að meðaltali tæplega fjórar bækur (3,9) síðasta mánuðinn. Niðurstöður rannsóknarinnar 1979 komu nokkuð á óvart þar sem bókunum hafði fjölgað að meðaltali í 6,7 en ekki fækkað eins og gert hafði verið ráð fyrir vegna áhrifa sjónvarps. Þorbjörn telur að þetta hástökk megi fyrst og fremst rekja til gífurlegra vinsælda teiknimyndabóka á þessum árum, sérstaklega á meðal pilta. Tæplega tíundi hver nemandi sagði að síðasta bók sem hann hefði lesið hefði verið teiknimyndasaga og voru *Tinnabækurnar*, *Ástríkur* og *félagar* og *Lukku Láki* í miklu upphaldi.

Í rannsókninni 1985 hafði heldur dregið úr vinsældum teiknimyndabóka og börnin höfðu þá lesið að meðaltali 4,2 bækur síðasta mánuðinn. Sex árum síðar var þessi tala komin í tæplega þrjár bækur (2,8) og var svo til sú sama árið 1997 (2,7). Bóklesturinn hafði því dregist saman um 33% á milli 1985 og 1991/1997. Mest dró úr bóklestri hjá börnum í Reykjavík.

Mjög dregur úr bóklestri er kemur fram á unglingsárin og kom þessi breyting fram í öllum könnunum Þorbjarnar. Dró yfirleitt úr bóklestri um þriðjung og var munurinn milli elstu og yngstu aldurshópanna mestur í könnuninni 1997. Árið 1979 lásu 14–15 ára unglingar tæplega fimm bækur að meðaltali (4,8) en átján árum síðar lásu þeir tæplega tvær bækur að meðaltali (1,6). Litlar breytingar urðu hins vegar á lestrarvenjum yngsta aldurshópsins. Til dæmis höfðu 10–11 ára börn lesið að meðaltali 4,2 bækur árið 1968 og jafnaldrar þeirra tæplega þremur áratugum síðar höfðu lesið fjóra og hálfa bók að meðaltali.

Þó að meðalfjöldi bóka sem börnin höfðu lesið hafi lítið breyst frá 1991 til 1997 segir það ekki alla söguna. Hlutfall þeirra barna sem enga bók hafði lesið fer sífellt hækkandi. Hátt í þriðjungur barnanna hafði ekki lesið neina bók í rannsókninni 1997 en í fyrri könnunum hafði þetta sama hlutfall hækkað úr 11% í 18%.

Árið 1968 höfðu börn sem ólust upp á sjónvarpstækjalausum heimilum lesið fleiri bækur en börn frá heimilum þar sem sjónvarpstæki hafði verið keypt. Einnig kom í ljós að því lengur sem sjónvarpstæki hafði verið inni á heimilum barnanna, því minna lásu þau. Hins vegar ber að taka það fram að sé litið á rannsóknirnar frá 1968 til 1997 er yfirleitt ekkert samband á milli áhorfs á sjónvarp og bóklestrar,

ÍSLENSKAR FJÖLMÍÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

eða það er jákvætt, þ.e.a.s. þau börn sem lásu flestar bækurnar, horfðu líka mest á sjónvarp.

Þrátt fyrir að nokkur fækkun hafi orðið á þeim bókum sem börn og unglingar lesa sér til skemmtunar, telur Þorbjörn að börn séu ekki endilega að lesa minna en þau gerðu hér áður fyrr. Bendir hann á að tölvunotkun krefjist yfirleitt nokkuð mikils lestrar af hálfu notandans. Jafnframt sé erlent sjónvarpsefni textað hér á landi en ekki sé lesið inn á það á móðurmálinu eins og tíðkist víða í öðrum Evrópulöndum, t.d. í Frakklandi og á Spáni. Þorbjörn heldur því fram að textað sjónvarpsefni virki hvetjandi á lestrarhraða barna þar sem góður lestrarhraði er forsenda þess að þau skilji það sem fram fer á skjánum. Lestur á texta sjónvarpsefnis í eina kvöldstund geti verið á við talsverðan fjölda blaðsíðna í bók (Þorbjörn Broddason, 1996, 1997, 1999). Rannsóknir hafa reyndar sýnt fram á jákvætt samband á milli læsis og sjónvarpsnotkunar barna upp að ákveðnu marki, þ.e.a.s. því meira sem börn horfa á sjónvarp, því betri eru þau í lestri. Horfi börn hins vegar á sjónvarp í meira en þrjá til fjóra tíma á dag verður sambandið á milli sjónvarpsnotkunar og læsis neikvætt, þ.e.a.s. því meira sem börn horfa, því slægri er árangur þeirra í lestri (Þóroddur Bjarnason, 1994).

Pekking barna og unglunga á stjórnmálum

Þorbjörn Broddason ákvað að kanna í rannsókn sinni 1968 hvort að áhorf á sjónvarp hefði áhrif á almenna þekkingu barna og unglunga, og þá sérstaklega á þekkingu þeirra á stjórnmálum. Hafa börnin fengið lista með nöfnum ýmissa stjórnmálamanna sem hafa verið áberandi í umræðunni á hverjum tíma og þau spurð: „Hver er _____?“. Liggur nokkuð í augum uppi að nafnalistinn hefur aldrei verið eins á milli kannana. Til dæmis var spurt um Hannibal Valdimarsson, Willy Brandt og Richard Nixon þegar rannsóknin var fyrst gerð en spurt var um Boris Yeltsin, John Major og Nelson Mandela árið 1991.

Börnin hafa einnig verið spurð hvaðan þau hefðu upplýsingar um stjórnmálamennina. Þegar haft er í huga að Akureyri var sjónvarpslaust bæjarfélag 1968 kemur ekki á óvart að norðlensk börn töldu útvarpið hafa frætt sig um stjórnmálamennina. Dagblöðin voru í öðru sæti sem upplýsingamiðill norðan heiða en mikill munur var á þessum tveimur miðlum þar sem þrefalt til fjórfalt fleiri töldu sig hafa fengið upplýsingar úr útvarpinu fremur en dagblöðunum. Á suðvesturhorni landsins þar sem sjónvarpið hafði haldið innreið sína var annað uppi á teningnum. Þar taldi um og yfir helmingur svarenda sig hafa fengið vitneskju um stjórnmálamennina úr sjónvarpinu. Hlutföllin voru svipuð en þó ívið lægri fyrir dagblöðin en að meðaltali fjórðungur taldi sig hafa upplýsingarnar úr útvarpinu.

Þegar rannsóknin var endurtekin árið 1979 hafði sjónvarpið tekið forystuna sem upplýsingamiðill. Að meðaltali sagðist um það bil helmingur barnanna hafa

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

vitneskju sína úr sjónvarpinu, um það bil þriðjungur nefndi dagblöðin en rétt um 15% nefndu útvarpið.

Í rannsókninni 1985 er forysta sjónvarpsins orðin afgerandi og hún átti enn eftir að aukast. Árið 1985 er hlutfall þeirra sem nefna sjónvarpið sem upplýsingamiðil á bilinu 57–77% en sex árum seinna var sjónvarpið nefnt í 75–90% tilfella.

Niðurstöður rannsókna 1968 og 1979 bentu ekki til þess að marktækt samband væri á milli sjónvarpsáhorfs barnanna og þekkingar þeirra á stjórnmálamönnum. Hins vegar fannst fremur veikt jákvætt samband þarna á milli í rannsókninni 1985; því meira sem börnin horfðu á sjónvarp, því líklegri voru þau til að vita hverjir stjórnmálamennirnir voru. Árið 1991 hafði sambandið á milli sjónvarpsáhorfs og þekkingar á stjórnmálamönnum styrkst nokkuð. Hins vegar er athyglisvert að sú þekking var tengd við áhorf á Ríkissjónvarpið en ekki við áhorf á Stöð 2. Ef litið er á tengsl þekkingar á stjórnmálamönnum við notkun annarra miðla en sjónvarps er ljóst að lestur dagblaða hefur jákvæð áhrif á þekkingu barna, sem kemur ef til vill ekki á óvart þar sem dagblöðin eru fyrst og fremst upplýsinga- og fréttamiðlar.

Þekking barna á stjórnmálum var ekki eingöngu mæld með spurningunni um stjórnmálamennina heldur var einnig spurt hvort að Ísland ætti aðild að Sameinuðu þjóðunum, Evrópubandalaginu (þá Efnahagsbandalagi Evrópu) og Varsjárbandalaginu gamla. Árið 1968 vissu tæp sjö af hverjum 10 börnum í könnuninni að Ísland ætti aðild að Sameinuðu þjóðunum. Þessi vitneskja virðist hafa orðið mun almennari með árunum þar sem fjórir fimmtu hlutar úrtaksins svara þessari spurningu rétt 1979 og 1985. Hins vegar virðist eitthvað gerast 1991 sem leiðir til þess að aðeins 62% barnanna svara spurningunni rétt.

Aðeins 17% úrtaksins svara spurningunni um aðild Íslands að Evrópubandalaginu rétt árið 1979 en hins vegar svara 44% barna rétt í könnuninni 1991. Kannskýringin á þessum mismun að vera sú að Evrópubandalagið og EFTA voru talsvert í umræðunni 1991 vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Að lokum má geta þess að árið 1979, þegar kaldastríðið var í algleymingi, vissu um það bil tveir af hverjum þremur nemendum í úrtakinu að Ísland væri ekki í Varsjárbandalaginu (Þorbjörn Broddason, 1979, 1996).

Það er viðeigandi að ljúka þessari umfjöllun um þekkingu íslenskra barna og unglinga á stjórnmálum á orðum Þorbjarnar Broddasonar:

... en sú spurning kann að vakna hvort að lágmarksfróðleikur af þessu tagi sé ekki ein af frumforsendum þess að lýðræðislegt starf geti borið árangur. Þetta fólk er á leið út á vinnumarkað, það mun stofna heimili á næstu árum, taka að ala upp eigin börn og öðlast full stjórnmálaréttindi. Þá veit vonandi meira en fimmti hluti þess hvernig háttar til með Ísland og Efnahagsbandalagið og fleiri en tveir þriðju

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

að við erum ekki aðilar að Varsjárbandalaginu, en þessar tölur sem hér birtast eru engu að síður alvarleg áminning, ekki bara til þeirra sem matreiða efni fyrir fjölmiðla, heldur einnig og ekki síður til skólamanna (Þorbjörn Broddason, 1979, bls. 9–10).

Hin hættulegu Bandaríki

Frá upphafsdögum sjónvarps hafa Íslendingar framleitt tiltölulega lítið af sjónvarpsefni sjálfir en flutt því meira inn af því frá öðrum löndum, sérstaklega Bandaríkjunum og Bretlandi. Árið 1973 voru aðeins 33% af dagskrá Ríkissjónvarpsins íslensk. Tíu árum síðar hafði ekkert breyst í þessum efnunum. Um tveir þriðju af því sjónvarpsefni sem íslenskum sjónvarpsáhorfendum stóð þá til boða kom erlendis frá (Varis, 1990). Tuttugu og fimm árum eftir að Menningar- og framfarastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) rannsakaði hlutfall erlends sjónvarpsefnis hér á landi var um helmingur efnis á Stöð 2 frá Bandaríkjunum (Hagstofa Íslands, 1999).

Þegar haft er í huga hversu mikið magn sjónvarpsefnis kemur frá Bandaríkjunum, er ástæða til að velta fyrir sér hvaða áhrif bandarískir sjónvarpsþættir og kvikmyndir hafa á viðhorf barna og unglunga til Bandaríkjanna. Áður hefur verið greint frá niðurstöðum Þorbjarnar Broddasonar sem bentu til þess að því meira sem börn horfðu á myndbönd, því líklegri væru þau til að vilja helst flytja til Bandaríkjanna. Á hinn bóginn má einnig ætla að bandarískir sjónvarpsþættir dragi upp neikvæða mynd af Bandaríkjunum þar sem morð og glæpir eru oft umfjöllunarefni þessara sjónvarpsþátta.

Niðurstöður rannsókna George Gerbners og nemenda hans við Annenberg School for Communication, í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, sýndu ítrekað að því meira sem fólk horfði á sjónvarp, því líklegra varð það til að óttast umhverfi sitt. Kenning Gerbners hlaut nafnið ræktunarkenningin þar sem hún gerir ráð fyrir að sjónvarpið rækti með áhorfendum ákveðnar hugmyndir um veruleikann sem oft og tíðum eru ekki réttar (sjá t.d. Shanahan og Morgan, 1999). Á áttunda og níunda áratugnum endurtók Wober rannsóknir Gerbners í Bretlandi, en fékk í fyrstu ekki sömu niðurstöður. Hins vegar leiddu bresku rannsóknirnar í ljós að áhorfendur bandarískra glæpaþátta í Bretlandi óttuðust umhverfi sitt meira en áhorfendur breskra glæpaþátta (Wober, 1978, 1990).

Þeirri spurningu var því varpað fram hér á landi hvort að íslensk börn og unglingar sem horfðu mikið á bandarískt sjónvarpsefni teldu Bandaríkin vera hættuleg, til dæmis hvort að þau teldu að miklar líkur væru á að fólk væri rænt þar. Þegar Pingree og Hawkins (1981) gerðu rannsókn á viðhorfum ástralskra barna til Bandaríkjanna töldu þau að bandarískt sjónvarpsefni ætti auðvelt með að hafa áhrif á skoðanir barnanna á Bandaríkjunum þar sem fæst þeirra hefðu komið þangað og þekktu því ekki landið af eigin reynslu.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Haustið 1991 voru lagðir spurningalistar fyrir um 350 börn og unglinga í 6. til 9. bekk í fjórum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort að áhorf úrtaksins á bandarískt sjónvarpsefni hefði áhrif á viðhorf þess til Bandaríkjanna. Í stuttu máli varð niðurstaðan sú að ekki fundust nein merki þess að bandarískt sjónvarpsefni ræktaði með þátttakendum í rannsókninni nein sérstök viðhorf í garð Bandaríkjanna (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 1992).

Rannsóknin var endurtekin í byrjun árs 1996 í sama aldurshópnum og með um það bil sama fjölda þátttakenda og í fyrri rannsókn. Áhorf barna og unglinga á bandaríska glæpaþætti eins og N.Y.P.D. Blue og New York Undercover reyndist ekki leiða til þess að þau teldu Bandaríkin hættuleg. Við nánari athugun sýndu niðurstöðurnar hins vegar jákvæða fylgni á milli áhorfs á bandaríska þætti á Stöð 2 og þeirrar skoðunar að Bandaríkin væru hættuleg. Þveröfugar niðurstöður fengust þegar litið var á áhorf á bandaríska þætti í Ríkissjónvarpinu. Endanleg niðurstaða rannsóknarinnar var sú að drengir sem horfðu mikið á bandarískt efni á Stöð 2 og horfðu lítið sem ekkert á Ríkissjónvarpið væru líklegri en aðrir jafnaldrar þeirra til að halda að Bandaríkin væru hættuleg (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 1997).

Ræktunarkenning Gerbners gengur út frá því sem vísu að sjónvarpið sendi einsleit skilaboð til áhorfenda sinna. Hafa verður í huga að bandarískar sjónvarpsstöðvar sýna nær eingöngu bandarískt sjónvarpsefni. Hér á landi og á öðrum Norðurlöndum hafa áhorfendur möguleika á að horfa á efni nær alls staðar að úr heiminum þó að breskt og bandarískt sjónvarpsefni vegi þungt í dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Það er því langt í frá að íslenskir sjónvarpsáhorfendur fái einsleita mynd af heiminum eða af þeim veruleika sem við hrærumst í. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja því þá kenningu að sú breidd sem er í úrvali á sjónvarpsefni hér á landi vegi upp á móti þeim áhrifum sem bandarískt sjónvarpsefni kann að hafa. Jafnframt styðja niðurstöðurnar þá kenningu að horfi áhorfendur mikið á bandarískt sjónvarpsefni og lítið sem ekkert á efni frá öðrum löndum, þá séu líkur á að bandaríska sjónvarpsefnið rækti með þeim ótta, a.m.k. við Bandaríkin.

Áhrif fjölskyldunnar á áhorf unglinga á sjónvarp

Notagildiskenningin gerir ráð fyrir að fólk noti fjölmiðla til að uppfylla ákveðnar þarfir (Sears og Freedman, 1971). Fólk horfir til dæmis yfirleitt á fréttir eða fréttatengt efni eða les fréttasíður dagblaðanna til að uppfylla þörfina fyrir upplýsingar. Notagildiskenningin gerir kleift að kanna hvernig fjölskyldan hefur áhrif á þær ástæður sem liggja að baki notkun barna og unglinga á sjónvarpsefni og hvernig samskipti við foreldra hafa áhrif á val þeirra á sjónvarpsefni.

Niðurstöður rannsóknar á tæplega 700 íslenskum unglingum í 7.–10. bekk sýndu að því betri sem fjölskyldutengslin eru, því líklegri eru börn og unglingar til að horfa á sjónvarp til að ræða um sjónvarpsefnið, til að fræðast og til að verja

ÍSLENSKAR FJÖLMÍÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

tíma með fjölskyldunni. Því verri sem fjölskyldutengslin eru, því líklegri eru börn og unglingar til að horfa á sjónvarp til að slappa af, af gömlum vana og þegar þeim leiðist, og því líklegri eru stúlkur til að horfa á sjónvarp vegna þess að þær eru einmana, til að gleyma eigin vandamálum og til að fullnægja þörf sinni fyrir félagsskap.

Einnig leiða slæm fjölskyldutengsl til þess að börn hafa meiri ánægju af því að horfa á ofbeldi í sjónvarpi, þ.e.a.s. þeim finnst gaman að horfa á fólk slást, þeim finnst ofbeldisefni vera skemmtilegt og þau telja persónur í ofbeldismyndum vera skemmtilegar. Stúlkur, en ekki drengir, hafa tilhneigingu til að horfa á ofbeldisefni til að flýja veruleikann, þ.e.a.s. til að gleyma eigin vandamálum, til að flýja rifrildi á heimilum sínum og vegna þess að þeim líður vel þegar „vondi karlinn“ fær makleg málagjöld. Stúlkur sem eiga góð samskipti við foreldra sína horfa meira á fréttatengt efni, og jafnt stúlkur sem drengir horfa meira á barna- og fjölskylduefni ef að fjölskyldutengslin eru sterk.

Athygli vekur að fjölskyldan virðist ekki hafa nein áhrif á hversu mikið drengir horfa á ofbeldisefni. Hins vegar hefur heimilisofbeldi og almenn samskipti við foreldra mikil áhrif á hversu mikið stúlkur horfa á ofbeldisefni. Því verri sem þessi samskipti eru, því meira horfa stúlkur á ofbeldisefni. Engin tengsl fundust á milli áhorfs barna á dramabætti og samskipta þeirra við foreldra. Að lokum má geta þess að börn og unglingar sem eiga góð samskipti við foreldra sína horfa meira á íþróttir (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 1999, 2003a).

Í ljósi þessara niðurstaðna er það nokkuð skýrt að fjölskyldan hefur talsverð áhrif á sjónvarpsnotkun barna- og unglinga. Í fyrsta lagi mótast sjónvarpsnotkun barna af samskiptum þeirra við foreldrana; því betri sem samskipti foreldra og barna eru, því minni líkur eru á að börn horfi á sjónvarpið til að fullnægja þörfum sem þau fengju annars fullnægt í daglegum samskiptum sínum við foreldra og systkini. Í öðru lagi hafa samskipti við foreldra áhrif á val barna á sjónvarpsefni. Því betra sem sambandið er á milli foreldra og barns, því minna horfir það á ofbeldisefni og því meira horfir það á uppbyggilegra efni eins og barna- og fjölskylduefni.

Foreldrar geta haft bein áhrif á sjónvarpsnotkun barna sinna með því að bæta almenn samskipti við þau. Mikilvægt er að foreldrar geri sér grein fyrir að þeir geti dregið verulega úr eða jafnvel komið í veg fyrir áhrif sjónvarps á börn sín með því að veita þeim meiri alúð og umhyggju, með því að fylgjast með hvernig þeim gengur í skólanum eða með því að fylgjast almennt betur með þeim (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2003a).

Andfélagsleg hegðun og áhorf á ofbeldi

Mikill fjöldi rannsókna hefur verið gerður á áhrifum ofbeldis í sjónvarpi og kvikmyndum á árásarhneigð og andfélagslega hegðun fólks, sérstaklega barna og ung-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

linga. Of langt mál yrði að fjalla mikið um þær hér en látið nægja að segja að heildarniðurstaða 217 rannsókna frá árunum 1957–99 er að jákvæð og miðlungs sterk (.30) fylgni sé á milli áhorfs á ofbeldi og andfélagslegar hegðunar (Paik og Comstock, 1994). Gildir einu hvort að rannsóknirnar hafa verið gerðar á tilraunastofum, með spurningakönnunum, eða þær mælt skammtíma- eða langtímaáhrif. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna; það er samband á milli áhorfs íslenskra unglinga á ofbeldi og árásar- og afbrotahneigðar þeirra. Það skal að vísu tekið fram að aðrir þættir, svo sem kyn og heimilisaðstæður, hafa mun meiri áhrif á árásar- og afbrotahneigð en áhorf á ofbeldi. Kyn skýrir u.þ.b. einn tíunda af árásarhneigð unglinga og samskipti við foreldra og heimilisofbeldi skýra fimm tung til viðbótar. Eftir sem áður sýndu niðurstöðurnar að áhorf á ofbeldi skýrir 4% af árásarhneigð stúlkna og 2% af árásarhneigð pilta.

Sambandið á milli áhorfs á ofbeldi og afbrotahegðunar er jafnvel sterkara en sambandið á milli áhorfs á ofbeldi og árásarhneigðar. Þó að samskipti við fjölskylduna skýri 21% af afbrotum stúlkna og 11% af afbrotum pilta er það samt svo að áhorf unglinga á ofbeldi í sjónvarpi skýrði 7% af afbrotum stúlkna og 4% af afbrotum pilta (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2002, 2003a). Í rannsókninni kom einnig fram að sambandið á milli áhorfs á ofbeldi og árásar- og afbrotahneigðar var sterkara fyrir stúlkur en pilta. Þetta eru sömu niðurstöður og komið hafa fram í bandarískum rannsóknum (Eron og Huesmann, 1986).

Hafa skal í huga að rannsóknin var byggð á spurningalistum og því er í raun ekki hægt að fullyrða um orsakasamband. Skýringin á niðurstöðunum gæti því eins verið sú að árásarhneigðir unglingar sækja í ofbeldisefni. Rannsókn sem Black og Bevan (1992) gerðu á sínum tíma fyrir utan kvikmyndahús í Kanada sýndi að árásarhneigt fólk sækir fremur í að sjá ofbeldismyndir en þeir sem eru minna árásarhneigðir. Árásarhneigð hinna árásarhneigðu eykst síðan við að horfa á ofbeldiskvikmyndir. Hugsanlegt er að það sama eigi við hér á landi.

Staða og framtíð íslenskrar fjölmiðlafræði

Fyrir áratugi hélt Beniger (1993) því blákalt fram að lítil þróun hefði orðið í bandarískum fjölmiðla- og boðskiptafræðum síðustu hálfa öldina. Að sumu leyti má taka undir orð hans þar sem bandarískir fræðimenn og aðrir þeir sem birta niðurstöður sínar í bandarískum fagtímaritum notast enn að miklu leyti við sömu kenningarnar og sömu aðferðirnar. Sem dæmi má nefna að notagildiskenningin kemur fyrir í 12% af birtum greinum í tíu virtum bandarískum fagtímaritum og minnst er á ræktunarkenninguna í 6% greinanna (Kamhawi og Weaver, 2003).

Livingstone (1993) benti á sínum tíma á að aðferðafræðilegur og kenningalegur ágreiningur hefði lengi ríkt meðal fræðimanna sem stunduðu rannsóknir á sviði

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

fjölmiðla- og boðskiptafræði. Hefðu deilur m.a. verið um hvort betra væri að nota meginlegar eða eigindlegar aðferðir, og hvort rannsaka ætti fjölmiðlategna fremur en áhorfendur. Taldi hún vænlegra til árangurs fyrir fræðin að fræðimenn stefndu að meiri samþættingu á aðferðum og kenningum. Nefndi hún sem dæmi að flétta ætti betur saman fjölmiðlarannsóknir og rannsóknir á samskiptum fólks. Einnig ætti að rannsaka lágmenningu í tengslum við hámenningu, og fræðimenn ættu að beina sjónum sínum að kvikmyndum um leið og þeir gerðu sjónvarpsrannsóknir. Von Livingstones um meiri samþættingu hefur ekki ræst í Bandaríkjunum en evrópskir vísindamenn hafa í auknum mæli notað bæði eigindlegar og meginlegar aðferðir í rannsóknum sínum.

Íslenskar fjölmiðlarannsóknir eru ákaflega skammt á veg komnar og vart er hægt að segja að þær hafi slitið barnsskónum. Rannsóknir Þorbjarnar Broddasonar hafa veitt ómetanlega sýn á fjölmiðlanotkun barna og unglinga og þær breytingar sem orðið hafa á notkun þeirra á síðustu áratugum. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum sjónvarps á börn og unglinga hafa bætt í þann þekkingarbrunn sem fyrir var. Fjölmiðlarannsóknir hér á landi hafa að mestu leyti verið á sviði notenda- og áhrifarannsóka en íslenskir fræðimenn hafa einnig fjallað um formgerð íslenskra fjölmiðla. Innihaldsgreining hefur lítið sem ekkert verið notuð sem rannsóknaraðferð en íslenskir fræðimenn vinna nú að norrænu samstarfsverkefni um viðskiptafréttir í dagblöðum. Íslenskt fjölmiðlaumhverfi er óplægður akur fyrir fræðimenn. Enn hefur t.d. ekki verið rannsakað hvaða áhrif eignarhald hefur á fjölmiðlun hér á landi. Til að mynda væri áhugavert að skoða hvaða áhrif eignarhald hefur á framsetningu fréttar, hvort sem er í dagblöðum eða í ljósvakamiðlum, eða á störf og starfsánægju blaða- og fréttamanna. Jafnframt mætti spyrja hvort að eignarhald skipti yfirleitt nokkru máli.

Hingað til hafa íslenskar fjölmiðlarannsóknir beinst að „gömlu“ miðlunum, aðallega sjónvarpi. Netið og netnotkun almennings eru þó verðug rannsóknarverkefni og hefur ein nýleg rannsókn skoðað íslenska fréttamiðla á Netinu (Brynhildur Ingvarsdóttir, 2002). Íslendingar geta nú þegar nálgast erlend dagblöð og annað efni á Netinu, og þeir Íslendingar sem búsettir eru erlendis geta á sama hátt nálgast íslenskt fjölmiðlaefni. Íslendingur í Kaupmannahöfn getur t.d. hlustað á hádegisfréttir Ríkisútvarpsins um leið og þær eru sendar út og íslensk ungmennti fá nýjustu þættina af uppáhalds framhaldsmyndaflökkunum sínum senda til sín í gegnum Netið stuttu eftir að þeir eru sýndir í Bandaríkjunum og löngu áður en þeir eru sýndir hér á landi. Aðrir tengja tölvuna sína við sjónvarpstæki og hlaða niður kvikmyndum beint af Netinu sem ekki er farið að sýna í íslenskum kvikmyndahúsum. Vert er því að spyrja sig hvaða afleiðingar tækniþróunin og tilkoma Netsins hefur á fjölmiðlarannsóknir. Hvernig á t.d. að mæla hlustun á hádegisfréttir Útvarpsins þegar talsverður fjöldi hlustenda er staddur utan landhelgi?

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Sú netvæðing sem orðið hefur frá 1995 hefur dregið vissan dilk á eftir sér fyrir þá sem stunda fjölmiðlarannsóknir þar sem það verður sífellt erfiðara að skilgreina hvað sé fjölmiðill og fjölmiðlun. Enn erfiðara verður að mæla notkun fólks á hinum hefðbundnu fjölmiðlum þar sem þeir eru nú komnir á Netið. Á sama tíma hefur Netið opnað nýjar víddir fyrir nýjar rannsóknir og nýjar kenningar. Það væri því ekki úr vegi fyrir fræðimenn, bæði hérlandis og erlendis, að hafa orð Livingstones að leiðarljósi í framtíðinni og leitast við að samþætta ólíkar kenningar innan boðskipta- og fjölmiðlafræðinnar og hika ekki við að sækja í smiðju annarra fræðigreina.

ABSTRACT IN ENGLISH

Academic research on media and media users started towards the end of the 1920s. Initially media research was primarily conducted by sociologists, psychologists and political scientists. Although media studies have become an independent discipline, the field has retained its interdisciplinary characteristics. There is some difference between media studies in the United States and Europe, as US researchers tend to be strongly influenced by social psychology. In contrast, many European scholars approach media from the perspective of linguistics and even philosophy. From the inception of media studies in Iceland in 1968, Icelandic scholars have predominantly employed quantitative methods in studies of media use by children and adolescents and the association between media use and antisocial behaviors.

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

HEIMILDIR

- Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson. 1990. *Áttavittinn: Kennslubók um fjölmiðla*. Reykjavík: Mál og menning.
- Beniger, James R. 1993. „Communication: Embrace the subject, not the field.“ *Journal of Communication*, 43, 18–25.
- Black, Stephen L. og Susan Bevan. 1992. „At the movies with Buss and Durkee: A natural experiment on film violence.“ *Aggressive Behavior*, 18, 37–45.
- Brown, Roger L. 1970. „Approaches to the historical development of mass media studies.“ Bls. 41–57 í J. Tunstall (ritstj.). *Media Sociology: A Reader*. London: Constable & Co.
- Brynhildur Ingvarsdóttir. 2002. *Online Journalism in Iceland: How is it Faring?* Boston, MA: MA-ritgerð, Emerson College.
- Comstock, George. 1983. „The legacy of the past.“ *Journal of Communication*, 33, 42–50.
- Deacon, David, Michael Pickering, Peter Golding og Graham Murdock. 1999. *Researching Communications: A Practical Guide to Methods in Media and Cultural Analysis*. London: Arnold.
- Elías Héðinsson. 1981. *TV, Family and Society: The Social Origins and Effects of Adolescent's TV Use*. Stockholm: Almqvist & Wiksell International.
- Eron, Leonard D. og L. Rowell Huesmann. 1986. „The role of television in the development of prosocial and antisocial behavior.“ Bls. 285–314 í D. Olweus, J. Block og M. Radke-Yarrow (ritstj.). *Development of Antisocial and Prosocial Behavior: Research, Theories and Issues*. Orlando, FL: Academic Press.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 1992. *The Cultivation Effect: Icelandic Children's and Adolescents' Viewing of U.S. Television Programs*. Minneapolis, MN: MA-ritgerð, University of Minnesota.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 1997. „The cultivation hypothesis revisited: Icelandic children's and adolescents' viewing of U.S. television programs and their perception of the 'Mean U.S.A.'“ 13. norræna ráðstefnan um fjölmiðlarannsóknir, Jyväskylä, Finnlandi, 9.–12. ágúst 1997.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 1999. „The effects of family cohesion and tension on Icelandic adolescents' motivations and viewing of television programs.“ Bls 153–172 í Christa Lykke Christensen (ritstj.). *Børn, unge og medier*. Göteborg: Nordicom.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2002. „Delinquency and adolescents' viewing of television violence.“ *Nordicom Review*, 23, 277–290.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2003a. *Children See, Children Do: The Effects of the Family Environment on Icelandic Adolescents' Viewing of Violent and Non-violent Television Programs and the Effects of Violence Viewing on their Antisocial Behavior*. Madison, WI: Doktorsritgerð, University of Wisconsin-Madison.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2003b. „Rásaflakki og viðhorf til sjónvarpsauglýsinga.“ Bls. 129–138 í Friðrik H. Jónsson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Guðjón Friðriksson. 2000. *Nýjustu fréttir: Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Íðunn.
- Gunnar Stefánsson. 1997. *Útvarp Reykjavíkur: Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960*. Reykjavík: Sögufélag.
- Hagstofa Íslands. 1999. *Fjölmiðlun og menning 1999*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. 2003. *Fjölmiðlun og menning 2003*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Halloran, James D. 1983. „A case for critical eclecticism.“ *Journal of Communication*, 33, 270–278.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. 1989. *Fjölmiðlar nútímans*. Reykjavík: Stofnun Jóns Þorlákssonar.
- Jensen, Klaus B. og Karl E. Rosengren. 1990. „Five traditions in search of the audience.“ *European Journal of Communication*, 5, 207–238.
- Kamhawi, Rasha og David Weaver. 2003. „Mass communication research trends from 1980 to 1999.“ *Journalism & Mass Communication Quarterly*, 80, 7–27.
- Livingstone, Sonia. 1993. „The rise and fall of audience research: An old story with a new ending.“ *Journal of Communication*, 43, 5–12.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Lowe, Gregory F. og Taisto Hujanen. 2003. *Broadcasting and Convergence: New Articulations of the Public Service Remit*. Göteborg: Nordicom.
- Lowery, Shearon A. og Melvin L. DeFleur. 1988. *Milestones in Mass Communication Research*. New York: Longman.
- Mancini, Paolo. 1993. „The legitimacy gap: A problem of mass media research in Europe and the United States.“ *Journal of Communication*, 43, 100–109.
- McChesney, Robert W. 2000. *Rich Media, Poor Democracy: Communication Politics in Dubious Times*. New York: The New Press.
- Paik, Haejung og George Comstock. 1994. „The effects of television violence on antisocial behavior: A meta-analysis.“ *Communication Research*, 21, 516–546.
- Petersson, Lars og Áke Pettersson. 2000. *Fjölmiðlafræði*. Adolf Petersen þýddi og staðfærði. Reykjavík: Mál og menning.
- Pietilä, Veikko, Tarmo Malmberg, og Kaarle Nordenstreng. 1990. „Theoretical convergences and contrasts: A view from Finland.“ *European Journal of Communication*, 5, 165–185.
- Pingree, Suzanne og Robert P. Hawkins. 1981. „U.S. programs on Australian television: The cultivation effect.“ *Journal of Communication*, 3, 97–105.
- Ragnar Karlsson. 2002. „Long-time-a-dying. Transformation of the cinema exhibition market in Iceland 1980–2000.“ *Nordicom Review*, 23, 301–316.
- Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason og Þorbjörn Broddason. 2001. „The Icelandic media landscape: Structure, economy and consumption.“ Bls. 229–238 í U. Carlsson og E. Harrie (ritstj.). *Media Trends 2001 in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden: Statistics and Analysis*. Göteborg: Nordicom.
- Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir. 2000. „Performance of public and private television in Iceland 1993–1999.“ *Nordicom Review*, 21, 101–142.
- Rogers, Everett. 1988. „Introduction.“ *Milestones in Mass Communication Research*. New York: Longman.
- Rogers, Everett M. og Steven H. Chaffee. 1983. „Communication as an academic discipline: A dialogue.“ *Journal of Communication*, 33, 18–30.
- Rogers, Everett M. og Steven H. Chaffee. 1993. „The past and the future of communication study: Convergence or divergence?“ *Journal of Communication*, 43, 125–131.
- Schmitt, Kelly L., Kimberly D. Woolf og Daniel R. Anderson. 2003. „Viewing the viewers: Viewing behaviors by children and adults during television programs and commercials.“ *Journal of Communication*, 53, 265–281.
- Schramm, Wilbur. 1983. „The unique perspective of communication: A retrospective view.“ *Journal of Communication*, 33, 6–17.
- Schröder, Roland. 2002. „Nordicom: A model for international media research.“ *Journalism Studies*, 3, 573–582.
- Sears, David O. og Jonathan L. Freedman 1971. „Selective exposure to information: A critical review.“ Í Wilbur L. Schramm og Donald F. Roberts (ritstj.). *Processes and Effects of Mass Communication*. Urbana, IL: University of Illinois Press.
- Shanahan, James og Michael Morgan. 1999. *Television and its Viewers: Cultivation Theory and Research*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sigrún Stefánsdóttir. 1987. *A Comparative Study of Educational Television in Kentucky and Denmark with Implications for Iceland*. Minneapolis, MN: Doktorsritgerð, University of Minnesota.
- Símon Jóh. Ágústsson. 1947. *Auglýsingabókin*. Reykjavík: Helgafell.
- Smith, Stacy L., Amy I. Nathanson og Barbara J. Wilson. 2002. „Prime-time television: Assessing violence during the most popular viewing hours.“ *Journal of Communication*, 52, 84–111.
- Snyder, Leslie, Connie Roser og Steven Chaffee. 1991. „Foreign media and the desire to emigrate from Belize.“ *Journal of Communication*, 41, 117–132.
- Stefán Jón Hafstein. 1987. *Sagnaþulir samtímans*. Reykjavík: Mál og menning.

ÍSLENSKAR FJÖLMIÐLARANNSÓKNIR Á FERTUGSALDRI

- Tan, Alexis S., Gerdean K. Tan og Alma S. Tan. 1987. „American TV in the Philippines: A test of cultural impact.“ *Journalism Quarterly*, 14, 229–238.
- Tunstall, Jeremy. 1970. „Introduction.“ Bls. 1–38 í J. Tunstall (ritstj.). *Media Sociology: A Reader*. London: Constable & Co.
- Tunstall, Jeremy. 1983. „The trouble with U.S. communication research.“ *Journal of Communication*, 33, 92–95.
- Varis, Tapio. 1990. „The international flow of television programs.“ Í L.J. Martin og R.E. Hiebert (ritstj.). *Current Issues in International Communication*. New York: Longman.
- Wober, J. Mallory. 1978. „Televised violence and paranoid perception: The view from Great Britain.“ *Public Opinion Quarterly*, 42, 315–321.
- Wober, J. Mallory. 1990. „Does television cultivate the British? Late '80s evidence.“ Bls. 207–224 í N. Signorielli og M. Morgan (ritstj.). *Cultivation Analysis: New Directions in Media Effects Research*. Newbury Park, CA: Sage Publications.
- Yokota, Fumie og Kimberly M. Thompson. 2000. „Violence in G-rated animated films.“ *Journal of the American Medical Association*, 283, 2716–2720.
- Þorbjörn Broddason. 1979. „Börn og fjölmiðlar: Nokkrar frumniðurstöður könnunar.“ Listamannaþing.
- Þorbjörn Broddason. 1987. *Um fjölmiðla: Greinasafn*. Reykjavík: Bóksala stúdenta.
- Þorbjörn Broddason. 1991. „Icelandic youth, television and the outside world.“ *Educational Media International*, 28, 157–161.
- Þorbjörn Broddason. 1994. „The sacred side of professional journalism.“ *European Journal of Communication*, 9, 227–248.
- Þorbjörn Broddason. 1996. *Television in Time: Research Images and Empirical Findings*. Lund: Lund University Press.
- Þorbjörn Broddason. 1997. „‘Have you read any books during the last 30 days?’ Changing responses among Icelandic youths through five surveys spanning 29 years.“ 13. norræna ráðstefnan um fjölmiðlarannsóknir, Jyväskylä, Finnlandi, 9.–12. ágúst 1997.
- Þorbjörn Broddason. 1999. „A wasted miracle? Literacy and the new media.“ Bls. 175–192 í Christa Lykke Christensen (ritstj.). *Børn, unge og medier*. Göteborg: Nordicom.
- Þóroddur Bjarnason. 1994. „Bókhneigð og læsi íslenskrar æsku.“ *Ný menntamál*, 12, 6–11.

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK: YFIRLIT UM FRÆÐIN OG ÍSLENSKAR RANNSÓKNIR

Jón Gunnar Bernburg

Í kaflanum er fjallað um afbrotافرæði sem er eitt af undirsviðum félagsfræðinnar. Fjallað er um helstu skilgreiningar á viðfangsefnum afbrotافرæðinnar og hvernig ólíkar skilgreiningar geta af sér ólíkar nálganir á afbrot og frávik. Jafnframt er fjallað um helstu félagsfræðikenningar um afbrot og önnur frávik. Þá fylgir yfirlit um íslenskar rannsóknir á þessu sviði. Fjallað er um afbrotatíðni á Íslandi og rannsóknir á viðbrögðum íslenska samfélagsins við afbrotum. Jafnframt er fjallað um rannsóknir á ítrekunartíðni afbrotamanna og rannsóknir á frávikum og afbrotum ungmenna. Að lokum er framlag íslenskra rannsókna á sviði afbrotافرæði metið og framtíðarverkefni reifuð.

Inngangur

Félagsfræðin dregur upp margbrotnari mynd af afbrotum en við eigum að venjast úr almenntri umræðu. Í fjölmiðlum er oft dregin upp mynd af trufluðum, hamslausum einstaklingum sem fremja afbrot í skeytingarleysi, jafnvel af ástríðu. Barátta lögreglu og heiðvirdra borgara við forherta glæpamenn er jafnframt vinsæl söluvara í kvikmyndum og sjónvarpi. Af þessari umfjöllun mætti ætla að afbrot séu fyrst og fremst vandamál einstaklinga og hertar lögregluaðgerðir og strangari refsingar séu einu raunhæfu viðbrögðin við þessu vandamáli. Félagsfræðin bendir aftur á móti á að til þess að öðlast skilning á afbrotum verði að skoða þau í heildrænna ljósi. Afbrot eiga sér samfélagslegar rætur þótt þau séu framin af einstaklingum. Auk þess eru skilgreiningar okkar á því hvaða athæfi eru refsiverð breytilegar og háðar félagslegum og pólitískum ferlum. Afbrot, eins og önnur mannleg hegðan, eiga sér alltaf stað í félagslegu samhengi.

Í þessum kafla verður veitt yfirlit um félagsfræði afbrota og frávika, eða *afbrotافرæði*. Fjallað verður um helstu sjónarhorn afbrotافرæðinnar og rannsóknahefðir og rætt um helstu rannsóknir á afbrotum hérlandis. Sú umfjöllun er ekki tæmandi heldur er veitt yfirlit um helstu rannsóknarefni, sjónarhorn og áherslur á sviðinu hérlandis. Sérstaklega verður rætt um afbrotatíðni á Íslandi og viðbrögð íslenska samfélagsins við afbrotum. Jafnframt verður fjallað um rannsóknir á ítrekunartíðni afbrotamanna og á frávikum og afbrotum ungmenna. Að

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

lokum verður framlag íslenskra rannsókna á sviði afbrotafræði rætt og framtíðarverkefni reifuð.

Sjónarhorn og rannsóknarhefðir

Við fyrstu sýn virðist viðfangsefni afbrotafræðinnar augljóst: Afbrotafræðingar rannsaka tíðni og orsakir afbrota. Við nánari athugun reynist málið þó flóknara en svo. Afbrotafræðingar skilgreina viðfangsefni sitt með hugtakinu frávik (e. *social deviance*), en þeir eru þó ekki á eitt sáttir um skilgreiningu þessa hugtaks. Tvær ólíkar tegundir skilgreininga hafa verið settar fram (sjá Liska og Messner, 1999, bls. 1–6). Annars vegar eru frávik skilgreind sem óhlýðni við félagsleg viðmið (e. *social norms*). Viðmið vísa þá til siðareglna, venja og hefða sem móta samskipti fólks. Viðmið eru óskráðar reglur um félagslegt atferli – þau móta væntingar okkar um hegðun annarra og segja okkur hvaða atferli er „viðeigandi“ hverju sinni (sjá Parsons, 1990). Þessi skilgreining á frávikum gerir ráð fyrir því að þegnar samfélagsins hafi komið sér saman um skýr viðmið, og því kalli frávik frá þeim á hörd viðbrögð frá samfélaginu.

Hins vegar eru frávik skilgreind sem athæfi sem samfélagið stimplar sem slíkt (Becker, 1963). Samkvæmt þessari skilgreiningu eru það ekki hlutlægir eiginleikar atferlis sem valda því að það er fordæmt sem frávik (t.d. vegna þess að það sé hættulegt eða valdi tjóni), heldur eingöngu það að ákveðnir aðilar (t.d. vitni, áhorfendur, lögregla, löggjafinn) skilgreina athæfið sem frávik. Að öðrum kosti er ekki hægt að líta á athæfið sem frávik, það hefur ekki fengið þá félagslegu merkingu. Frávik er þannig fyrst og fremst stimpill sem fólk notar til þess að lýsa atferli annarra. Tökum dæmi af einstakling sem hnuplar skáldsögu í bókabúð. Atvikið verður ekki frávik nema einhver 1) uppgötví athæfið, 2) skilgreini það sem stuld og 3) geri ráðstafanir til þess að vekja athygli á verknaðum, t.d. með því að hringja í lögreglu. Þessi skilgreining gerir ráð fyrir því að viðmiðin séu breytileg og túlkun þeirra háð aðstæðum. Atferli sem er stimplað sem frávik við ákveðnar aðstæður getur verið álitid eðlilegt í öðrum. Til dæmis hefur það ekki sömu merkingu að verða ölvaður á skemmtistað á föstudagskvöldi og að verða ölvaður á skrifstofunni á miðvikudegi.

Þessar ólíku skilgreiningar á frávikum hafa getið af sér fjölbreytt efnistöð innann afbrotafræðinnar. Fræðimenn sem skilgreina frávik sem brot á viðmiðum rannsaka tíðni slíkra brota og leita skýringa á þeim. Þessir fræðimenn gera ráð fyrir því að hegningarlögin endurspegli ríkjandi siðferði borgaranna nokkuð vel og lögin mótist af samstöðu um viðmið sem skipti almenning miklu máli. Þessir fræðimenn nálgast oft afbrot með kenningum sem eiga rætur að rekja til skynsemishyggu og verkhyggju, eins og nánar verður rætt hér á eftir. Þeir spyrja hvers vegna fólk brýtur

¹ Ítarlegt yfirlit um kenningar afbrotafræðinnar er að finna í riti Liska og Messners (1999).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

reglurnar sem samstaða er um í þjóðfélaginu. Fræðimenn sem líta á frávik sem stimpil leggja minni áherslu á samstöðu en meiri áherslu á að refsilögin og viðmiðin séu breytingum háð. Þeir nálgast afbrot og frávik út frá sjónarmiðum um félags-sköpun. Þeir spyrja um viðbrögð samfélagsins við frávikaatferli og beina sjónum að þeim félagslegu og pólitísku ferlum sem eiga sér stað þegar viðmiðin breytast og þegar refsilögin verða til.

Sjónarhorn afbrotafræðinnar endurspeglar þá flóru sjónarhorna sem finnst innan félagsfræðinnar. Til hægðarauka má flokka þessi sjónarhorn eftir því til hvaða hugmyndastefnu þau eiga rætur að rekja.¹ Um er að ræða sjónarhorn um skynsemi (e. *rational choice*), verkhyggju (e. *functionalism*) og félagsköpun (e. *social construction*).

Skynsemisjónarhornið og klassíski skólinn í afbrotafræði

Skynsemisjónarhorn á afbrot eiga rætur að rekja til hugmynda upplýsingarmanna 18. aldar um notagildi refsinga. Þessi stefna er oft kölluð klassíski skólinn í afbrotafræði. Upplýsingarmenn gerðu ráð fyrir því að refsingar væru nyt-samlegar vegna þess að maðurinn væri í eðli sínu skynsemisvera. Einstaklingurinn vegur og metur ákvarðanir sínar í daglegu lífi með það að leiðarljósi að hámarka ánægju en lágmarka óánægju. Upplýsingarmenn töldu þetta lögmál skynseminnar einnig gilda um afbrot, að fólk fremji afbrot þegar ágóði brots (ánægja) vegur þyngra en hugsanleg refsing (sársauki). Samkvæmt þessu sjónarhorni draga refsingar úr tíðni afbrota á tvo vegu (Gibbs, 1975). Annars vegar draga þær úr ítrekun afbrotaatferlis (e. *specific deterrence*). Sé einstaklingi refsað fyrir afbrot sitt aukast líkurnar á því að hann haldi sig frá afbrotum í framtíðinni. Hins vegar hafa refsingar fælingarmátt og draga þannig úr tíðni afbrota í samfélaginu (e. *general deterrence*). Flest fólk óttast refsingar á borð við fangelsisvist og heldur sig þess vegna á beinu brautinni. Samkvæmt þessu sjónarhorni ætti áhrifamáttur refsinga því að aukast í beinu hlutfalli við 1) hörku refsinga (t.d. upphæð sekta eða árafjölda í fangelsi), 2) vissu um refsingu (þ.e. líkur á handtöku og refsingu) og 3) snerpu refsingar (þ.e. hve langt líður milli þess að brotið er framið og einstaklingnum er refsað).

Þótt réttarkerfi flestra vestrænna landa séu að miklu leyti byggð á hugmyndum klassíska skólans um notagildi refsinga hafa fræðimenn bent á ýmsar takmarkanir þessa sjónarhorns. Vafasamt er að mannlegt atferli megi skýra með svo einfaldri skilgreiningu á skynsemi. Eins og fram kemur hér á eftir mótast afbrotaatferli af ýmsum öðrum þáttum en skynsemi, til að mynda félagstengslum, hópþrýstingi og misjöfnum aðgangi að efna- og félagslegum björgum. Jafnframt er óraunhæft að gera ráð fyrir því að fólk hafi yfirleitt upplýsingar um þyngd refsinga eða um líkurnar á því að nást. Þá horfir klassíski skólinn framhjá neikvæðum afleiðingum refsingar á líf hins brotlega, en nánar verður fjallað um þessar afleiðingar í um-

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

ræðu um stimplunarsjónarhornið hér á eftir. Í ljósi þessarar gagnrýni er ekki að undra að niðurstöður rannsókna á áhrifum refsinga á afbrot séu blendnar, sérstaklega rannsókna á áhrifum refsinga á ítrekun afbrota einstaklinga og á áhrifum hertra refsinga á afbrotatíðni í samfélaginu (Berk o.fl., 1992; Smith og Gartin, 1989).

Verkhyggjan og arfleið hennar: Félagslegt taumhald og siðrof

Verkhyggjusjónarhornið gerir ráð fyrir að stofnanir samfélagsins, til dæmis fjölskyldan, menntakerfið og stjórn málin, hafi ákveðin verkefni með höndum. Stofnanir byggjast á viðmiðum sem beina atferli fólks að því að vinna að ákveðnum markmiðum eða gildum (Parsons, 1990). Til að mynda byggir fjölskyldan á ákveðnum reglum um einkvæni, kjarnafjölskyldu og foreldrahlutverk sem tryggja félagsmótun barna og unglinga.

Verkhyggju í afbrotafræði má einkum rekja til franska félagsfræðingsins Durkheims. Tvær áhrifaríkar hugmyndir koma fram í verkum hans. Annars vegar taldi hann afbrot og refsingar efla félagslega samstöðu (Durkheim, [1893] 1984). Samkvæmt þessari hugmynd skilgreinir fólk í sameiningu ákveðin athæfi sem röng og refsiverð, og þessar sameiginlegu skilgreiningar viðhalda einingu samfélagsins. Samheldni eflist þegar fólk hittist og tjáir vandlætingu sína á verknaði hins brotlega. Refsingar kynda undir réttlætiskennd fólks og efla tilfinningu hinna löghlýðnu fyrir því að þeir séu heiðvirdir borgarar. Að lokum gefa afbrot og refsingar til kynna mörk hins leyfilega. Lög, reglur og viðmið eru breytingum háð. Afbrot og viðbrögð samfélagsins við þeim gefa skýr skilaboð um hvaða reglur gilda um atferli á hverjum tíma.

Síðari kenningin kemur fram í hinni klassísku rannsókn Durkheims á sjálfsvígum ([1897] 1951), en þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að sjálfsvíg séu fátíðari þegar einstaklingarnir bindast félagslegum hópum sterkum böndum. Durkheim taldi að þétt og stöðug samskipti og þátttaka í sameiginlegum verkefnum blésu tilgangi í líf fólks öðru fremur. Þegar tengslin veikjast er hætt við óheftri einstaklingshyggju, eða sjálfhverfu (e. *egoism*). Sjálfhverfur einstaklingur hefur misst sjónar á sameiginlegum markmiðum og skyldum og getur ekki treyst á stuðning annarra þegar vandræði steðja að. Jafnframt benti Durkheim á að siðrof (e. *anomie*) væri mikilvæg orsök sjálfsvíga. Siðrof vísar til þeirrar upplausnar sem á sér stað þegar samfélagið missir stjórn á markmiðum og löngunum einstaklinganna. Durkheim taldi einstaklinginn óseðjandi ef samfélagið setti honum ekki skýr markmið. Siðaboð sem finnast í stofnunum eins og trúarbrögðum og fjölskyldunni halda væntingum og löngunum fólks í skefjum, og þegar þau veikjast er hætta á siðrofi. Durkheim taldi að hraðar þjóðfélagsbreytingar og óheft markaðsvæðing sköpuðu hættu á siðrofi.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Tvö sjónarhorn í afbrotufræði eiga rætur að rekja til kenninga Durkheims; kenningar um félagslegt taumhald (e. *social control*) og siðrofskenningar. Taumhaldskenning Hirschi (1967) er dæmi um fyrrgreinda sjónarhornið. Samkvæmt Hirschi skapast hætta á afbrotum þegar tengsl einstaklingsins við stofnanir samfélagsins rofna. Fyrst má nefna nán tengsl við ættingja og vini; þegar tengslin veikjast hætta væntingar annarra að skipta máli og einstaklingurinn öðlast frelsi til þess að brjóta viðmiðin. Í öðru lagi dregur skuldbinding við hefðbundin markmið á borð við menntun og starfsframa úr líkum á frávikum. Einstaklingur sem hefur lagt á sig að ná frama í hefðbundnu starfi brýtur síður af sér vegna þess að afbrot stofna framanum í hættu. Sá sem ekki hefur lagt neitt á sig við nám eða starf hefur því engu að tapa að þessu leyti. Í þriðja lagi bendir Hirschi á að þegar einstaklingurinn er upptekinn við vinnu eða nám hafi hann einfaldlega ekki tíma til þess að brjóta af sér. Loks eru þeir sem trúa á skráðar og óskráðar reglur samfélagsins (viðmiðin) síður líklegir til þess að brjóta af sér en þeir sem ekki trúa á þær.

Taumhaldskenningar styðjast við ýmis reynslurök. Unglingar sem fremja afbrot og neyta vímuefna hafa að jafnaði minni tengsl við foreldra sína, þeir standa sig verr í skóla og hafa minni áhuga á námi (Krohn og Massey, 1980). Atvinnuleysi og bág staða á vinnumarkaði auka líkur á afbrotum ungmenna sem hafa litlu að tapa með slíkri hegðan (Bellair og Roscigno, 2000). Hið sama gildir um neikvæða atburði á borð við atvinnumissi og skilnað (Horney, Osgood og Marshall, 1995). Langtímarannsóknir sýna að þessir áhættuþættir afbrotaatferlis koma fram þótt tekið sé tillit til mælinga á upplagi einstaklingsins, til að mynda greind, skapgerð og andfélagslegu atferli í barnæsku (Bradly o.fl., 1999; Sampson og Laub, 1993).² Þá benda rannsóknir á kenningum um félagslega óreiðu (social disorganization) til þess að skortur á efnalegum og félagslegum björgum veiki félagslegt taumhald og auki þannig tíðni afbrota (Sampson og Groves, 1989). Skortur á efnalegum björgum dregur úr getu borgara til þess að byggja upp skilvirka skóla, hverfasamtök og aðra starfsemi fyrir ungmenni. Óstöðug búseta dregur úr þéttum tengslum milli nágretta og veikir því samheldni og samtakamátt nærsamfélagsins.

Siðrofs hugtakið hefur fengið hljómgrunn í verkum sem útskýra afbrot með skírskotun til félagsgerðar og menningar þjóða. Þar ber hæst kenningu bandaríska félagsfræðingsins Mertons ([1967] 1994). Merton bendir á að ákveðin togstreita hrjái nútímapjóðfélög, sérstaklega bandarískt þjóðfélag. Annars vegar leggur

² Sálfræðileg sjónarhorn á afbrot leggja oft áherslu á þætti á borð við skapgerð, sjálfstjórn og greind sem ýmist eru taldir arfgengir (Wilson og Herrnstein, 1985) eða eiga sér rætur í óskilvirkri uppeldi (Gottfredson og Hirschi 1990). Fáeinir fræðimenn leggja áherslu á þætti á borð við óhóflega framleiðslu á testosteron-hormónum (Booth og Osgood 1993). Nýlega hafa komið fram kenningar sem leggja áherslu á samspil líffræðilegra og félagslegra þátta í barnæsku (Fishbein 1990; Moffit 1993). Samansafn nýlegra ritgerða um þetta efni er að finna í Thornberry (1997).

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

menningin áherslu á jafnrétti, einkum þá hugmynd að allir þegnar hafi jöfn tækifæri til þess að ná árangri. Jafnframt er hverjum og einum talin bera skylda til að stefna að efnahagslegri velgengni, en fremur lítil áhersla er lögð á ögmætar leiðir (þ.e. fylgja viðmiðum) að settu marki. Hins vegar stangist markmiðin á við raunveruleg tækifæri fólks, því fólk hafi í reynd afar misjöfn tækifæri til þess að öðlast efnalegan frama. Djúpstæð lagskipting samfélagsins veldur því að aðeins lítill hluti almennings nær markmiðum sínum eftir lögmætum leiðum, til dæmis með því að stofna fyrirtæki eða fá góða vinnu. Merton taldi að þetta ójafnvægi skapaði siðrof og leiddi til óstöðugleika í samfélaginu. Togstreitan milli formgerðar samfélagsins og þeirra markmiða sem fólk heldur í heiðri veldur því að fólk reynir í auknum mæli að ná markmiðum sínum eftir ólögmætum leiðum. Til stuðnings siðrofskenningu Mertons hefur komið í ljós að tíðni morða er að jafnaði hærri í þjóðríkjum þar sem efnalegur ójöfnuður er mikill (Krahn, Hartnagel og Gartrell, 1986), og morðtíðni er að jafnaði hærri í þéttbýli þar sem efnalegur ójöfnuður er mikill (Blau og Blau, 1982).

Á undanförnum árum hefur siðrofs hugtakið fengið aukið vægi í samanburðarrannsóknum á afbrotatíðni þjóðríkja (sjá í Jón Gunnar Bernburg, 2002). Fræðimenn hafa bent á að óheft markaðsvæðing leiði til siðrofs og veiki félagslegt taumhald stofnana á borð við fjölskylduna, menntakerfið og stjórnkerfið, og auki þannig afbrotatíðni þjóðfélagsins (Messner og Rosenfeld, 1994). Messner og Rosenfeld (1997) hafa einmitt sýnt fram á hærri morðtíðni meðal þjóða sem hafa veigalítið velferðakerfi, að teknu tilliti til efnalegs ójafnaðar og þjóðarframleiðslu.

Sjónarhorn um félagssköpun: Stimplun og menningarkimar

Félagssköpunarsjónarhornið leggur áherslu á að skilgreiningar á frávikum eru sköpun samfélagsins, sem sjáist best á því hve breytilegar skilgreiningar á röngu og refsiverðu atferli eru á milli samfélaga. Til dæmis hafa Íslendingar á 21. öld allt aðrar hugmyndir um lögmæti manndráps en víkingar á 10. öld. Félagsleg viðmið eru afstæð og breytingum háð, rétt eins og önnur félagsleg fyrirbæri á borð við trúarbrögð og framleiðsluhætti (Goode, 1975). Þó skynjar fólk ævinlega ríkjandi skilgreiningar á frávikum sem sjálfgefnar og óbreytanlegar (Berger og Luckmann, 1967).

Tvö ólík sjónarhorn í afbrotufræði eiga rætur að rekja til þessa sjónarhorns, stimplunarkenningar (e. *labeling theories*) og menningarkimakenningar (e. *subculture theories*). Stimplunarkenningar beina sjónum að viðbrögðum samfélagsins við frávikum. Finna má tvær almennar nálganir innan þessa sjónarhorns (Paternoster og Iovanni, 1989). Fyrri nálgunin leggur áherslu á áhrif sögulegra aðstæðna, til að mynda valdabaráttu milli stétta og hópa, á mótun hegningarlaganna. Svokölluð afbrot án fórnarlamba eru oft skoðuð í þessu ljósi, þ.e. atferli á borð við vændi,

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

fjárhættuspil og sölu áfengis og annarra vímugjafa, en oft ríkir minni samstaða meðal almennings um að slík hegðan eigi að vera refsiverð. Lög um athæfi af þessu tagi og viðbrögð samfélagsins gagnvart þeim sem staðnir eru að verki breytast oft í takt við pólitískar og félagslegar sveiflur í samfélaginu (Conrad og Schneider, 1992). Dæmi má nefna af rannsókn Gusfields (1963) á áfengisbanninu í Bandaríkjunum á þriðja áratug 20. aldar. Rannsókn hans sýndi að sú hreyfing sem barðist fyrir banninu átti rætur að rekja til mótmælendatrúaðrar milli-stéttar sem bjó einkum í dreifbýli og hélt í heiðri gildismat um bindindi og nægjusemi að hætti strangtrúaðra innflytjenda 17. aldar. Þessi stétt taldi menningarlegum yfirráðum sínum ógnað af léttlyndum lífsstíl kaþólskra innflytjenda sem streymdu í ört vaxandi þéttbýlið á síðari hluta 19. aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu. Að mati Gusfield var áfengisbannið tilraun bændasamfélagsins til þess að viðhalda táknrænum yfirráðum yfir gildismati og lífsstíl í bandarísku samfélagi.

Róttækir fræðimenn ganga skrefi lengra og telja að löggjafinn sé fyrst og fremst handbendi valdamikilla hópa í samfélaginu (Quinney, 1970). Lögin og réttarkerfið séu sniðin að hagsmunum ráðandi stétta, sem hafi hag af því að beina armi laganna að frávikum undirmálsfólks en ekki að frávikum þeirra sjálfra, svo sem vafasömum viðskiptaháttum. Rannsóknir sýna að undirmálsfólk er einmitt oft í meirihluta þeirra sem lenda í klóm laganna (Reiman, 1984). Róttækir fræðimenn gagnrýna oft afbrotufræðina fyrir að rannsaka einkum afbrot sem framin eru af undirmálsfólki en líta framhjá afbrotum sem framin eru af fyrirtækjum og valdamiklum einstaklingum (sjá Helga Gunnlaugsson, 2000, bls. 121–133). Að hluta til má skýra þessar ójöfnu áherslur á afbrot mismunandi stétta með því að yfirvöld leggja lítið fjármagn til rannsókna af þessu tagi og opinberir aðilar safna ekki kerfisbundnum upplýsingum um afbrot valdastétta.

Í seinna lagi bendir stimplunarsjónarhornið á afdrifaríkar afleiðingar þess að vera stimplaður fráviki eða afbrotamaður. Í samfélaginu ríkja neikvæðar staðalmyndir um frávika. Til dæmis gerir almenningur oft ráð fyrir því að afbrotamenn hafi litla sjálfstjórn og að geðsjúklingar séu hættulegir (Simmons, 1965). Stimplunarsinnar benda á að þegar einstaklingur er formlega meðhöndlaður sem fráviki, til dæmis þegar hann er dæmdur í fangelsi eða settur á hæli, geti honum reynst erfitt að losna við frávikastimpilinn (Lemert, 1967). Stimpillinn geti orðið að ráðandi stöðu (e. *master status*) þegar ímynd annarra af hinum stimplaða mótast fyrst og fremst af neikvæðum staðalmyndum (Becker, 1963). Aukin hætta er á því að hinum stimplaða verði útskúfað og að hann eða hún eigi ekki möguleika á fullri þátttöku í samfélaginu. Kennismiðir hafa fært rök fyrir því að frávikastimplun geti haft neikvæð áhrif á sjálfsmýnd hins stimplaða (Matsueda, 1992), félagsleg tengsl (Zhang og Messner, 1994), skólagöngu (Jón Gunnar Bernburg og Krohn, 2003) og at-

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

vinnumöguleika (Schwartz og Skolnick, 1963; Sampson og Laub, 1993). Af þessum sökum er hinn stimplaði enn líklegri en áður til þess að brjóta af sér.

Sú kenning að frávikastimpillinn leiði til útskúfunar og frekari frávika hefur verið umdeild í fræðunum, enda er hún í andstöðu við þá forsendu klassíska skólans að refsingar dragi úr ítrekun afbrota. Nýlegar langtímarannsóknir á bandarískum og breskum ungmennum benda þó til þess að þessi kenning eigi við rök að styðjast. Komið hefur í ljós samband á milli opinberrar stimulunar, t.d. handtöku eða sakfellingar, og aukinna líkinda á áframhaldandi afbrotahegðan, að teknu tilliti til afbrotahegðunar fyrir stimulunina og annarra þátta (Hagan og Palloni, 1990; Jón Gunnar Bernburg og Krohn, 2003).

Menningarkimakenningar beina sjónum að hópum sem halda í heiðri önnur viðmið og gildi en þau sem eru ríkjandi í samfélaginu. Dæmi um þessa nálgun er sú kenning Sutherlands og Cresseys (1978) að afbrotahegðan, eins og annað atferli, sé lærd í samskiptum. Fólk er næmt fyrir viðhorfum og skilgreiningum annarra, ekki síst ef um nán samskipti er að ræða. Líkur á afbrotaatferli aukast þegar einstaklingurinn lærir að skilgreina afbrot í jákvæðu ljósi í umgengni við aðila sem miðla slíkum skilgreiningum. Önnur ferli félagsnáms eins og skilyrðing (umbun og refsing) og fyrirmyndir auka einnig líkur á því að einstaklingurinn taki upp hegðan þeirra sem hann umgengst (Akers, 1977). Annað dæmi má nefna af kenningu Wolfgangs og Feracutis (1967) um menningarkima ofbeldis (e. *subculture of violence*), en samkvæmt henni er ofbeldi útbreiddara í hópum og samfélögum þar sem ofbeldi er álitid hluti af samskiptum og væntingar (viðmið) ríkjandi um að ofbeldi sé beitt undir ákveðnum kringumstæðum. Þannig sé það t.d. talið merki um heigulshátt í ákveðnum hópum ef einstaklingur beitir ekki ofbeldi þegar að heiðri hans er vegið.

Rannsóknir á áhrifum jafnaldra á frávik ungmenna eru dæmi um notkun þessa sjónarhorns. Langtímarannsóknir sýna að unglingar sem eiga vini í afbrotum eru afar líklegir til þess að leiðast sjálfir út í afbrot (Warr og Stafford, 1991). Þrátt fyrir eindregnar niðurstöður af þessu tagi hafa fræðimenn þó bent á að afbrotahópar (t.d. glæpagengi) hafni sjaldan menningu samfélagsins (Kornhauser, 1978). Vera má að hópar af þessu tagi aðlagist aðstæðum sínum, t.d. efnalegum skorti, með því að sameinast um skilgreiningar og viðhorf sem réttlæta afbrotahegðan.

Íslenskar rannsóknir

Stutt hefð er fyrir afbrotarannsóknum hérlandis og ekki var farið að rannsaka afbrot sérstaklega með aðferðum félagsvísinda, svo sem spurningakönnunum, viðtölum og greiningu skráðra upplýsinga, fyrr en í upphafi níunda áratugarins (Erlendur Baldursson, 1981; Gísli Guðjónsson, 1982; Hannes Pétursson og Gísli Guðjónsson, 1981). Auk þess hefur opinberri skráningu á afbrotum og meðferð brotamanna ver-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ið ábótavant fram á síðustu ár. Rannsóknir á afbrotum hérlendis hafa því að miklu leyti beinst að stöðu mála síðustu tvo áratugina.

Athugunum ber saman um að á Íslandi sé tíðni afbrota sem koma til kasta löggæslufirvalda afar lág í samanburði við aðrar þjóðir, sérstaklega tíðni ofbeldisbrota. Síðastliðinn áratug hefur morðtíðni á Íslandi verið undir einu morði á hverja 100.000 íbúa að meðaltali (Gísli Guðjónsson og Hannes Pétursson, 1990; Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000, bls. 22). Í samanburðarathugun frá árinu 1993 hefur komið fram að morðtíðni í Reykjavík er um tvisvar til fimm sinnum lægri en í höfuðborgum hinna Norðurlandanna (Forsætisráðuneytið, 1996). Sama athugun bendir til þess að tíðni grófra líkamsárása, þjófnaða og fíkniefnabrota í Reykjavík sé aðeins brot af tíðni slíkra brota í hinum höfuðborgunum. Ennfremur kemur fram að tíðni nauðgana er lægri í Reykjavík en í höfuðborgum hinna Norðurlandanna. Loks er tíðni fangelsana hérlendis er með því lægsta sem þekktist meðal vestrænna þjóða, um 35 af hverjum 100.000 Íslendingum sátu í fangelsi í lok árs 1998 (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000, bls. 27). Fangelsanatíðni í mörgum Evrópulöndum er meira en helmingi hærri, og í Bandaríkjunum er tíðnin meira en tíu sinnum hærri. Tíðni fangelsana í Bandaríkjunum er raunar sú hæsta meðal vestrænna þjóða, og hefur sérstæð stefna þarlendrar stjórnvalda í fangelsismálum verið umfjöllunarefni félagsfræðinga (sjá Western og Beckett, 1999).

Skortur á kerfisbundinni skráningu afbrota fram á allra síðustu ár hefur torveldað rannsóknir á þróun afbrotatíðni hérlendis. Til að mynda hófst reglubundin skráning afbrota sem koma til kasta lögreglu ekki fyrr en árið 1989. Rannsakendur hafa þó leitast við að varpa ljósi á þróun afbrota á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1985; Ómar H. Kristmundsson, 1989). Nýleg athugun bendir til að refsisdómum hafi fjölgað verulega frá 1881 til 1977, að teknu tilliti til mannfjölda (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Til að mynda var enginn dæmdur fyrir morð hérlendis á árunum 1881 til 1925 en frá 1966 til 1977 voru 20 einstaklingar dæmdir fyrir morð, og dómum vegna annarra brota hefur fjölgað verulega. Á tímabilinu 1977 til 1994 voru að meðaltali 1,5 til 1,7 einstaklingar ákærðir fyrir morð árlega. Svo virðist því sem afbrotum hafi fjölgað verulega á Íslandi á 20. öld. Athugunum af þessu tagi ber þó að taka varlega þar sem aðeins hluti þeirra afbrota sem framin eru í samfélaginu kemur til kasta lögreglu og dómstóla. Breyttar áherslur, starfsaðferðir og umfang löggæslufirvalda hafa áhrif á skráða tíðni afbrota og geta skekkt niðurstöður verulega.

Viðbrögð íslenska samfélagsins við afbrotum

Á undanförum árum hafa Helgi Gunnlaugsson og samstarfsmenn hans rannsakað viðbrögð íslenska samfélagsins við afbrotum. Helgi og félagar hafa notast við fjölbreyttar aðferðir og lagt áherslu á skírskotun í kenningar félagsfræðinnar, einkum

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

kenningar um félagssköpun og verkhyggju (Helgi Gunnlaugsson, 2000; Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Fyrst má nefna athuganir Helga og Galliher (1986, 1987) á bjórbanninu hérlandis, en það hófst með banni á allri áfengissölu árið 1915 og lauk ekki fyrr en árið 1989, rúmri hálfri öld eftir að banni á sterku áfengi var aflétt. Helgi og Galliher (1986) álykta af greiningu á þingskjölum, viðtölum og blaðagreinum að bjórbannið á Íslandi sé í raun dæmi um „táknræna löggjöf“. Löggjöfin var táknræn að því leyti að ljóst var að með því að banna veikasta áfengisdrykkinn var ekki verið að koma í veg fyrir áfengisneyslu landsmanna, þótt yfirlýstur tilgangur bannsins hafi verið sá að vernda íslenska æsku og verkalýð fyrir „áfengisbölinu“. Nefna má fleiri vísbendingar um táknrænt gildi bjórbannsins. Þegar leið á bannið var almenningi heimilt að ferðast með bjór inn í landið og sala bjórlíkis, blöndu af pilsner og sterku áfengi, á skemmtistöðum var leyfð. Líkt og framangreind rannsókn Gusfields á bandaríska áfengisbanninu leiddi í ljós, telja Helgi og Galliher að bjórbannið íslenska hafi átt rætur í átökum milli gamla bændasamfélagsins og vaxandi millistéttar þéttbýlisins um lífsstíl og gildismat. Stuðningsmenn bjórbannsins komu iðulega úr röðum Framsóknarflokks og vinstriflokkanna tveggja – og bannið hélt velli svo lengi sem raun bar vitni vegna kjördæmaskipunar sem hygladi landsbyggðinni.

Helgi Gunnlaugsson og samstarfsmenn hans hafa beitt spurningakönnunum á viðhorfum Íslendinga til afbrota á undanförunum árum. Kannanirnar benda til þess að verulegrar breytingar hafi átt sér stað á tímabilinu 1989 til 1997 (Helgi Gunnlaugsson, 2003). Hlutfallsleg fjölgun þeirra Íslendinga sem telja að afbrot séu mjög mikið vandamál hérlandis vekur sérstaka athygli. Árið 1989 töldu um 12% að svo væri, 32% árið 1994 og 45% árið 1997. Jafnframt hafa viðhorf Íslendinga til refsinga hardnað, árið 1989 töldu 21% svarenda að refsingar væru allt of vægar hérlandis en það hlutfall var komið í 52% árið 1997. Helgi og Galliher (2000) velta vöngum yfir því hvort aukin umfjöllun fjölmiðla um afbrot, sem einkennist oft af æsifréttamennsku, eigi hér sök að máli. Rannsóknir þeirra benda til þess að umfjöllun um afbrot í dagblöðum hafi aukist milli 1989 og 1993, en ekkert bendir til þess að afbrotum hafi fjölgað á þessu árabili. Þrátt fyrir auknar áhyggjur af afbrotum hafa þó tiltölulega litlar breytingar orðið á öryggiskennd Íslendinga, en nýlegar kannanir benda til þess að flestir Íslendingar telji sig örugga eina á gangi að næturlagi í heimabyggð sinni (Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir, 2000, 2003). Þessar niðurstöður benda til þess að gera þurfi greinarmun á sögulegri þróun almennra viðhorfa almennings til afbrota annars vegar og persónulegum ótta fólks við afbrot hins vegar.

Helgi og Galliher (1995, 2000) hafa beint spjótum sínum að stefnumótun í fíkniefnamálum, en á undanförunum árum hefur þróun löggjafar, löggæslu og dóma um fíkniefnamál verið með sérstæðum hætti hérlandis. Fíkniefnadómar hafa orðið

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

afar strangir í samanburði við dóma fyrir önnur brot, ekki síst ofbeldisbrot. Þá hefur sérstakri fíkniefnadeild lögreglu verið komið á laggirnar, en starfsaðferðir hennar hafa verið með afar óhefðbundnum hætti, og má þar nefna húsleitir, símahleranir og upptöku eigna. Helgi og Galliher telja ástæðu til að óttast afleiðingar þessarar þróunar fyrir friðhelgi einkalífsins, réttarríki og lýðræði. Um 400 til 500 manns eru handteknir árlega vegna gruns um fíkniefnabrot, og í um 75% tilvika er um að ræða fíkniefni til eigin neyslu.

Helgi og Galliher telja að þróunina í fíkniefnamálum megi skýra með verkhyggjusjónarhorninu. Eins og fram hefur komið taldi Durkheim að öll samfélög þyrftu á afbrotum að halda til að viðhalda reglu og samheldni. Hann taldi jafnframt að þörfin fyrir að skilgreina mörk siðlegrar hegðunar með refsingum ykist þegar óstöðugleiki og breytingar skekja stóðir ríkjandi samfélagsskipunar.³ Íslendingar hafa löngum litið á vímuefni sem utanaðkomandi ógn við menningu sína og samfélagsgerð. Vímuefni eru iðulega tengd upplausn gilda og viðmiða, ekki síst meðal æskulýðsins. Fátt sýnir þetta betur en bjórbannið. Kannanir sýna einmitt að tæplega helmingur Íslendinga telur fíkniefnaneyslu alvarlegasta afbrotavandamál á Íslandi og nær 60% telja neyslu vímugjafa helstu orsök þess að fólk lendi á glæpabrautinni (Helgi Gunnlaugsson, 2003; Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir, 1999). Vera má að viðbrögð íslenska samfélagsins við fíkniefnum á undanfórnum árum og áratugum hafi fyrst og fremst haft þá virkni að efla samheldni og skýra viðmið, þ.e. draga fram hvar mörk hins leyfilega liggja, á tímum örra breytinga, ekki síst vegna tíðari samskipta við umheiminn og erlendra strauma sem leika um íslenskt þjóðfélag í síauknum mæli.

Afbrotamenn í réttarkerfinu

Réttarkerfið hefur lítið verið rannsakað hérlandis. Þó hafa nokkrar athuganir verið gerðar á afturhvarfi brotamanna til afbrotahegðunar eftir afplánun refsingar (Ómar H. Kristmundsson, 1988; Jón Friðrik Jónsson, 1999). Í nýlegri rannsókn skoðuðu Baumer, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Wright (2001) gögn Fangelsismálastofnunar ríkisins og lögreglu um 3.216 einstaklinga sem luku afplánun dóms með fangelsisvist, samfélagsþjónustu eða skilorði á árunum 1994 til 1998. Niðurstöður leiddu í ljós að innan fimm ára frá afplánun hafði um fjórðungur úrtaksins verið fangelsaður á ný, þriðjungur hafði hlotið nýjan dóm og lögregla

³ Ritverk Helga og Galliher ber titilinn *Wayward Icelanders* (Afvegaleiddir Íslendingar) sem er skírskotun í klassískt rit Kai Eriksons (1966), *Wayward Puritans*. Í ritinu athugar Erikson þrjú afbrotafár meðal hreintrúarmanna í Massachusetts-fylki á sautjándu öld. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þessi fár, m.a. hinar sögufrægu nornaveiðar í Salem, hafi gegnt þeim tilgangi að efla samheldni á tímum breytinga og átaka sem ógnuðu strangri þjóðfélagsskipan hreintrúarmanna.

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

hafði haft afskipti af tveimur af hverjum þremur einstaklingum. Ítrekunartíðni virðist vera lægri meðal þeirra sem ljúka samfélagsþjónustu eða fá skilorðsbundinn dóm en þeirra sem afplána fangelsisvist, að teknu tilliti til brotaferils, tegundar brots og annarra þátta. Þessi niðurstaða styður gagnrýnendur klassíska skólans sem benda á neikvæðar afleiðingar harðra refsinga. Baumer o.fl. (2001, bls. 63–64) telja, í samræmi við menningarkimasjónarhornið, að fangelsisvist kunni að stuðla að jákvæðari viðhorfum til brota vegna umgengni við aðra brotamenn. Jafnframt má búast við að tengsl fanga við aðra utan fangelsisins minnki, en taumhaldskennningar búast einmitt við auknu afbrotaatferli þegar einstaklingurinn rofnar úr tengslum við samfélagið.

Baumer o.fl. (2002) hafa fylgt þessari athugun eftir með reynsluprófi á kenningu félagsfræðingsins Braithwaites. Braithwaite (1988) heldur því fram að samheldin (e. *communitarian*) samfélög, sem einkennast af ríkri samkennd, félagslegum og efnalegum jöfnuði og menningarlegri einsleitni, leggi áherslu á skömm refsingarnar en stimpli ekki brotamenn og útskúfi þá til frambúðar. Lítt samheldin samfélög, þar sem jöfnuður og samkennd sé minni, leggi aftur á móti áherslu á harðar refsingar og í þessum samfélögum eru brotamenn oft útskúfaðir eftir afplánun refsingar. Samkvæmt kenningunni ætti ítrekunartíðni afbrota í samheldnu samfélagi eins og Íslandi að vera lægri en meðal þjóða sem einkennast af minni samheldni. Niðurstöður Baumers o.fl. (2002) ganga þó gegn kenningu Braithwaites. Ítrekunartíðnin virðist ekki vera lægri á Íslandi en í löndum eins og Bandaríkjunum, þar sem samheldni er lítil og refsingar með strangasta móti. Rannsókn Baumers o.fl. kallar á frekari rannsóknir á þeim þáttum sem gera afbrotamönnum erfitt að fóta sig í íslensku samfélagi eftir afplánun refsingar.

Frávik og afbrot ungmenna

Á undanförnum árum hafa íslenskir fræðimenn í auknum mæli rannsakað frávik og afbrot ungmenna með aðferðum félagsvísinda, einkum spurningakönnunum. Annars vegar hafa rannsóknir á þessu sviði beinst að því að meta umfang tiltekinna frávíka meðal ungmenna og hins vegar að því að sannreyna kenningar afbrotafræðinnar.

Þar sem skráð gögn um afbrot sem koma til kasta lögreglu gefa takmarkaða mynd af frávikum og afbrotum fólks í samfélaginu eru spurningakannanir nytsamleg aðferð til þess að meta umfang afbrota og frávíka (Hindelang, Hirschi og Weis, 1981). Spurningakannanir hafa verið notaðar til þess að meta útbreiðslu áfengis og ólöglegra vímuefna meðal íslenskra ungmenna um tveggja áratuga skeið (t.d. Hibell o.fl., 1997; Ómar H. Kristmundsson, 1985; Þóroddur Bjarnason, 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Styttra er síðan farið var að beita spurningakönnunum hérlandis til þess að meta umfang annarra frávíka. Á undanförnum árum hafa verið gerðar kannanir á ofbeldi meðal unglinga (Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Bernburg, 1996), vændi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003) og sjálfsvígstilraunum (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1994), svo dæmi séu nefnd. Opinber gögn geta þó gefið mynd af þeim fjölda ungmenna sem kemur til kasta lögreglu. Nýleg athugun bendir til þess að lögreglan í Reykjavík hafi afskipti af 12 til 16% barna og ungmenna sem búsett eru innan umdæmis lögreglunnar á ári hverju (Rannveig Þórisdóttir, 2001). Í tæplega helmingi tilvika er barn eða ungmenni kært fyrir lögbrot, en flestir hinna kærðu eru á aldrinum 18 til 20 ára.

Á undanförnum árum hafa íslenskir fræðimenn beitt spurningakönnunum til þess að sannreyna og þróa kenningar afbrotafræðinnar, en rík hefð er fyrir rannsóknnum af þessu tagi erlendis (t.d. Hirschi, 1967). Samkvæmt taumhaldskenningum ættu unglingar sem hafa veik tengsl við hefðbundnar stofnanir samfélagsins að vera líklegri til þess að sýna frávikahegðan. Íslenskar rannsóknir staðfesta þessa tilgátu. Unglingar sem verja minni tíma með fjölskyldu, hafa minni tengsl við skóla og taka minni þátt í íþróttum og öðrum skipulögðum tómstundum eru líklegri til þess að beita ofbeldi og taka þátt í afbrotum (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 1997, 1999, 2001; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2000). Þeir eru jafnframt líklegri en jafnaldrar þeirra til þess að neyta áfengis og ólöglegra vímuefna (Ingibjörg Kaldalóns, 1996; Þóroddur Bjarnason, 2000; Þórólfur Þórlindsson, 1988; Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1994; Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1991; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Loks hafa nýlegar langtímarannsóknir sýnt fram á samband milli uppeldisaðferða foreldra og neyslu unglinga (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur Hafsteinsson, 2001).

Eins og víða erlendis eru íslenskir unglingar sem eiga einstæða foreldra líklegri en jafnaldrar þeirra til að nota vímuefni og sýna afbrotahegðan (Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigurlína Davíðsdóttir og Eyrún Rúnarsdóttir, 1997; Þóroddur Bjarnason, Anderson o.fl., 2003; Þóroddur Bjarnason, Davidaviciene o.fl., 2003; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2000). Jafnframt eru unglingar sem nota vímuefni líklegri til að eiga foreldra sem eru lítið menntaðir eða eiga við atvinnuleysi að stríða (Þóroddur Bjarnason, 2000; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998).

Samkvæmt menningarkimasjónarhorninu ættu unglingar sem brjóta af sér að tilheyra jafningjahópi þar sem slíkt atferli er algengt. Rannsóknir hérlandis staðfesta þessa tilgátu. Unglingar sem eiga vini í afbrotum eða vímuefnaneyslu eru afar líklegir til þess að gera slíkt hið sama, að teknu tilliti til fjölskylduadstæðna og námsárangurs (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2001; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Þóroddur Bjarnason (2000) hefur ennfremur bent á að staðbundin útbreiðsla vímuefna meðal jafnaldra í skólanum auki líkindi á vímuefnaneyslu unglinga, jafnvel þótt tekið sé tillit til neyslu í vinahóp þeirra. Rannsókn Þórólfs Þórlindssonar og Jóns Gunnars Bernburg (2000) á afbrotahegðun unglinga bendir þó til

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

Þess að áhrif jafnaldra séu ekki einhlít; ungmenni sem eru í veikum tengslum við stofnanir samfélagsins, til dæmis foreldra, skóla eða trúarbrögð, séu móttækilegri fyrir jafnaldraáhrifum en þau sem sterkari tengsl hafa við slíkar stofnanir.

Svokallað lífsstílssjónarhorn, sem er nýleg nálgun í afbrotafræði, hefur vakið áhuga rannsóknamanna. Samkvæmt þessu sjónarhorni eru ungmenni sem verja tómstundum sínum úr augnsýn „ábyrga aðila“, til dæmis foreldra, kennara eða þjálfara, líklegri en önnur ungmenni til þess að brjóta af sér vegna þess að þau lenda oft í aðstæðum þar sem frávik freista þeirra (Osgood o.fl., 1996). Þóroddur Bjarnason, Þórdís Sigurðardóttir og Þórólfur Þórlindsson (1999) telja að unglingar sem neyta vímuefna og beita ofbeldi séu líklegri til að verða sjálfir fórnarlömb ofbeldis þar sem þeir verji tómstundum sínum í fjarveru þeirra ábyrgu aðila sem komið gætu í veg fyrir ofbeldi. Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2001) hafa þó bent á að „áhrif“ lífsstíls á ofbeldis- og afbrotaatferli séu háð félagslegu samhengi. Þátttaka í „skemmtanalífsstíl“, til dæmis að vera oft að heiman á kvöldin eða fara oft í partí, eykur líkur á afbrotaatferli þeirra unglinga sem eiga marga vini í afbrotum en hefur lítil áhrif á unglinga sem ekki eru í slíkum félagskap. Aðeins unglingar sem eiga vini í afbrotum virðast túlka þær aðstæður sem skemmtanalífsstíll býður upp á sem „tækifæri“ til þess að brjóta af sér.

Að lokum hafa íslenskir félagsfræðingar tekið sjálfsvíg ungmenna til umfjöllunar. Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason hafa notað spurningakannanir til þess að rannsaka sjálfsvígsatferli ungmenna og fylgniþætti þess (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1994; Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1994, 1998). Sérstaklega ber að nefna rannsókn þeirra á sjálfsvígskenningu Durkheims (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Rannsóknin, sem byggð var á könnun meðal íslenskra framhaldsskólanema, bætir upp annmarka fyrri sjálfsvígsrannsókna sem hafa einkum stuðst við opinbera skráningu á sjálfsvígum, en slík gögn veita litlar upplýsingar um aðstæður þeirra sem fremja sjálfsvíg. Ungmennin voru spurð um tengsl við fjölskyldu og vini auk þess sem þau voru spurð hvort þau hefðu hugsað um eða gert tilraun til sjálfsvígs. Í samræmi við kenningu Durkheims kom í ljós að ungmenni sem eru í veikari tengslum við foreldra sína, þ.e. fá lítið aðhald og lítinn stuðning frá foreldrum, eru líklegri til að hugleiða eða gera tilraun til sjálfsvígs. Niðurstöður þessarar rannsóknar gáfu jafnframt til kynna að sjálfsvígsatferli sé smitandi. Unglingar sem eiga vini sem hafa framið eða gert tilraun til sjálfsvígs eru líklegri en aðrir til þess að gera tilræði við eigið líf. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að Durkheim hafnaði því að smitun væri orsakaþáttur sjálfsvíga. Höfundar telja að kenningu Durkheims þurfi að samþætta við kenningar um smitun sjálfsvíga.

Spurningakannanir hafa reynst mikilvægt tæki til að sannreyna kenningar um afbrot og frávik ungmenna og skírskotun þessara kenninga í íslenskan veruleika.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Einn helsti styrkur kannana af þessu tagi er að unnt er að safna upplýsingum um margvíslega þætti sem snerta líf ungmenna. Annar kostur er alhæfingargildi niðurstaðna. Spurningakannanir hafa þó veikleika líkt og aðrar aðferðir félagsvísindanna. Til að mynda getur gengið treglega að safna upplýsingum um alvarleg frávik í könnunum sem lagðar eru fyrir skólanema (sjá þó Þórodd Bjarnason, 1995), auk þess sem brottfall jaðarhópa getur verið umtalsvert í könnunum af þessu tagi (Hindelang o.fl., 1981).

Lokaorð

Þótt stutt hefð sé fyrir rannsóknum á afbrotum hérlendis lofar byrjunin góðu. Mikilvæg forsenda þess að rannsóknir hafi fræðilegt gildi er að rannsakendur leggi áherslu á skírskotun í kennismiðju fræðanna. Íslenskir fræðimenn hafa gert þetta í ríkum mæli með því að leitast við að reynsluprófa og þróa kenningar afbrotafræðinnar. Nokkuð hefur jafnframt borið á því að fræðimenn hafi gert sér mat úr sérstöðu íslenska samfélagsins. Rannsóknarnamenn gætu þó nýtt sér það betur að í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt samfélag fram til þessa einkennst af flestum þeim þáttum sem tengjast lágri afbrotatíðni þjóða, þar á meðal af tiltölulegum efnalegum og félagslegum jöfnuði, velferðarkerfi, menningarlegri einsleitni og fólksfæð. Á sama tíma er ljóst að líkt og í nágrannalöndum okkar (sjá Olsen, 1996) hefur þróun í alþjóðasamskiptum og áhersla á að hagnýta markaðslausnir á sífellt fleiri sviðum mannlífsins haft í för með sér umtalsverðar breytingar á íslenskri samfélagsgerð. Eitt af þeim verkefnum sem íslenskir félagsfræðingar ættu að sinna er að skoða betur hvernig þessar breytingar móta veruleika afbrota og frávika á Íslandi, en í þessu sambandi er um auðugan garð að gresja í kenningarsmiðju félagsfræðinnar (sjá Jón Gunnar Bernburg, 2002). Afbrotarannsóknir hérlendis eiga augljóslega brýnt erindi til sviðsins, en draga þarf fram sérstöðu þeirra þátta sem máli skipta og ræða fræðilega merkingu þeirra.

Annað skilyrði fyrir alþjóðlegu framlagi íslenskra rannsókna er að aðferðir við öflun gagna og greiningu séu viðurkenndar á viðkomandi sviði. Stór hluti framan­greindra rannsókna uppfyllir þetta skilyrði. Í ljósi þess hve stutt er síðan afbrota­rannsóknir hófust hérlendis vekur það í raun athygli hve fjölbreyttum aðferðum hefur verið beitt. Rannsakendur hafa stuðst við athuganir á sögulegum heimildum, innihaldsgreiningu dagblaða, upplýsingar hjá löggæsluyfirvöldum, viðtöl og spurningakannanir. Til vitnis um framlag íslenskra afbrotarannsókna hefur umtals­verður hluti framangreindra verka birst á alþjóðlegum vettvangi fræðanna. Flest teikn benda til þess að þetta starf muni eflast enn frekar á komandi árum.

Skortur á haldgöðum opinberum gögnum hefur þó torveldað rannsóknastarfið. Reglubundinni skráningu brota sem koma til kasta löggæsluyfirvalda hefur verið ábótavant, þótt bætt hafi verið úr þessu á undanförunum árum. Skráðar upplýsingar

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

eru þeim annmörkum háðar að aðeins hluti afbrota kemur til kasta lögreglu og dómstóla, og veita slík gögn oft litlar upplýsingar um aðstæður þeirra sem fremja afbrot og hinna sem verða fórnarlömb afbrota. Engu að síður gefa rannsóknir sem byggja á skráðum upplýsingum ævinlega færri á athugunum sem ekki er unnt að framkvæma með öðrum aðferðum, og má þar nefna nýlega rannsókn Jóns Óttars Ólafssonar (1999) sem notað hefur skráð gögn frá lögreglu til þess að bera saman tíðni afbrota eftir borgarhlutum. Til viðbótar við reglubundna skráningu upplýsinga er mikilvægt að opinberir aðilar sinni sjálfstæðri upplýsingaöflun á borð við þær athuganir sem birst hafa í skýrslum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um heimilisofbeldi (1997) og nauðgunarmál (1989).

Ekki er síður mikilvægt að fræðimenn stundi sjálfstæða upplýsingaöflun. Í rannsóknum á afbrotum og öðrum frávikum ættu allar aðferðir félagsvísinda að koma við sögu. Spurningakannanir hjálpa okkur að meta umfang frávíka- og afbrotaatferlis og gera okkur kleift að alhæfa um forspárþætti afbrota og prófa tilgátur. Eigindlegar aðferðir á borð við djúpvíðtöl og þátttökuathuganir geta veitt dýrmæta innsýn í félagsheim brotamanna og annarra frávíka. Nokkur skortur hefur verið á slíkum athugunum hérlandis, þótt á því séu undantekningar. Má þar nefna viðtalsrannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur (1989) á fórnarlömbum nauðgunar og nýleg athugun Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur (2003) á ungmennum sem komið hafa við sögu vændis. Loks eru athuganir á skráðum heimildum á borð við þingskjöl vel til þess fallnar að rannsaka þau félagslegu og pólitísku ferli sem áhrif hafa á þróun hegningarlaga (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 1986). Enn eitt skilyrði fyrir framgöngu fræðanna er að allir hafi greiðan aðgang að þeim gögnum sem safnað hefur verið.

Að lokum ber að hafa í huga að sjónarhorn og rannsóknaaðferðir afbrotafræðinnar eru að verulegu leyti fengnar úr smiðju félagsfræðinnar (Akers, 1992). Rannsóknir á afbrotum hafa hagnýtt gildi en þær eru jafnframt hluti af því almenna verkefni félagsfræðinnar að afla þekkingar á samfélagsskipan, þeim ferlum sem viðhalda og móta þessa skipan og áhrifum hennar á daglegt líf fólks. Mikilvægt er að metnaður fræðimanna beinist að þessu almenna verkefni félagsfræðinnar. Framlag íslenskra afbrotarannsókna til sviðsins mun að mínu mati byggjast á því að íslenskir fræðimenn líti áfram á rannsóknir á afbrotum sem aðferð til þess að rannsaka samfélagið.

ABSTRACT IN ENGLISH

In this chapter criminology is discussed as one of the fields of sociology. Major definitions of the subject of criminology are discussed and the impact of different definitions on the approach taken to the study of crime and deviance. The main

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

sociological theories of crime and deviance are also discussed. The chapter provides an overview of Icelandic research in this area. Attention is given to research on Icelandic crime rates and social reactions to crime. Research on recidivism rates is also discussed, as well as research on crime and deviance among Icelandic youth. Finally the contribution of Icelandic research to the field of criminology is evaluated and future challenges outlined.

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

HEIMILDIR

- Akers, Ronald. 1977. *Deviant Behavior: A Social Learning Approach*, 2 útg. Belmont: Wadsworth.
- Akers, Ronald. 1992. „Linking sociology and its specialities: The case of criminology“. *Social Forces*, 71, 1–16.
- Baumer, Eric, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Richard Wright. 2001. *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi: Rannsókn á afturbærni brotamanna til afbrotabegðunar eftir úttekt refsingar*. Reykjavík: Háskólafröðun.
- Baumer, Eric, Richard Wright, Krístrún Kristinsdóttir og Helgi Gunnlaugsson. 2002. „Crime, shame, and recidivism: The case of Iceland.“ *British Journal of Criminology*, 41, 40–59.
- Becker, Howard. 1963. *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance*. NY: Free Press.
- Bellair, Paul og Victor Roscigno. 2000. „Local labor-market opportunity and adolescent delinquency.“ *Social Forces*, 78, 1509–38.
- Berger, Peter og Thomas Luckmann. 1967. *The Social Construction of Reality*. New York: Doubleday.
- Berk, Richard A., Alec Campbell, Ruth Klap og Bruce Western. 1992. „The deterrent effect of arrest in incidents of domestic violence: A bayesian analysis of four field experiments.“ *American Sociological Review*, 57, 698–708.
- Blau, Judith og Peter Blau. 1982. „The cost of inequality: Metropolitan structure and violent crime.“ *American Sociological Review*, 47, 114–29.
- Booth, Alan og D. Wayne Osgood. 1993. „The influence of testosterone on deviance in adulthood.“ *Criminology*, 31, 93–117.
- Bradly R. Etner Wright, Avshalom Caspi, Terrie E. Moffit og Phil A. Silva. 1999. „Low self-control, social bonds, and crime: Social causation, social selection, or both.“ *Criminology*, 37, 479–514.
- Braithwaite, John. 1988. *Crime, Shame and Reintegration*. New York: Cambridge University Press.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. 2003. *Væði meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Meistaraprófsritgerð við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Conrad, Peter og Joseph Schneider. 1992. *Deviance and Medicalization: From Badness to Sickness*. Philadelphia: Temple University Press.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 1989. *Skýrsla nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 1997. *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Durkheim, Emile. [1897] 1951. *Suicide: A Study in Sociology*. New York: The Free Press.
- Durkheim, Emile. [1893] 1984. *The Division of Labor in Society*. New York: The Free Press.
- Erlendur Baldursson. 1981. „Viðhorf almennings til lögreglunnar.“ *Lögregluáðurinn*, 2, 18–25.
- Erikson, Kai. 1966. *Wayward Puritans: A Study in the Sociology of Deviance*. New York: John Wiley and Sons.
- Fishbein, Diane. 1990. „Biological perspectives in criminology.“ *Criminology*, 28, 27–72.
- Forsætisráðuneytið. 1996. *Skýrsla um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Gibbs, Jack. 1975. *Crime, Punishment, and Deterrence*. New York: Elsevier.
- Gísli Guðjónsson. 1982. „Delinquent boys in Reykjavík: A follow-up study of boys sent to an institution.“ Bls. 203–212 í J. Gunn og D. Farrington (ritstj.), *Abnormal Offenders, Delinquency and the Criminal Justice System*. New York: John Wiley and Sons.
- Gísli Guðjónsson og Hannes Pétursson. 1990. „Homicide in the Nordic Countries.“ *Acta Psychiatrica*, 82, 49–54.
- Goode, Eric. 1975. „On behalf of labeling theory.“ *Social Problems*, 22, 570–83.
- Gottfredson, Michael og Travis Hirschi. 1990. *A General Theory of Crime*. Palo Alto, CA: Stanford University Press.
- Gusfield, Joseph. 1963. *Symbolic Crusade: Status Politics and the American Temperance Movement*. Urbana, IL: University of Illinois Press.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Hagan, John og Alaberto Palloni. 1990. „The social reproduction of a criminal class in working-class London, 1950–1980.“ *American Journal of Sociology*, 96, 265–99.
- Hannes Pétursson og Gísli Guðjónsson. 1981. „Psychiatric aspects of homicide.“ *Acta Psychiatrica Scandinavica*, 64, 363–72.
- Helgi Gunnlaugsson. 2000. *Afbrot og Íslendingar: Greinasafn í afbrotufræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. 2003. Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989–2002. Bls. 105–116 í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson og John F. Galliher. 1986. „Prohibition of beer in Iceland: An international test of symbolic politics.“ *Law and Society Review*, 20, 335–53.
- Helgi Gunnlaugsson og John F. Galliher. 1987. „Om symbolisk politik och ölforbudet på Island.“ *Tidskrift för Nordisk Alkoholforskning*, 4, 117–124.
- Helgi Gunnlaugsson og John F. Galliher. 1995. „The secret drug police of Iceland.“ Bls. 235–247 í C. Fijnaut og G. Marx (ritstj.), *Undercover: Police Surveillance in Comparative Perspective*. Haag: Kluwer Law International.
- Helgi Gunnlaugsson og John F. Galliher. 2000. *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance, and the Creation of Crime*. Madison, WI: The University of Wisconsin Press.
- Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir. 1999. „Iceland and the Nordic drug survey: Drug use, public attitudes and youth.“ *YOUNG*, 7, 19–35.
- Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir. 2000. Afbrot og öryggiskennd. Bls. 351–362 í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum III*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson og Rannveig Þórisdóttir. 2003. „Nyhedsformidling og frygt for kriminalitet i Reykjavik: Ændring i trygghed i 2001.“ *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, 90, 105–112.
- Hibell, Björn, Barbro Anderson, Þóroddur Bjarnason, Anna Kokkevi, Mark Morgan og Anu Narusk. 1997. *The ESPAD Report: Alcohol and Drug Use Among Students in 23 European Countries in 1995*. Stockholm: CAN.
- Hildigunnur Ólafsdóttir. 1985. „Kriminalitetstendenser i Island.“ *Nordisk tidskrift for kriminalvidenskab*, 72 (2), 81–100.
- Hindelang, Michael, Travis Hirschi og Joseph G. Weis. 1981. *Measuring Delinquency*. Berkeley, CA: University of California Press.
- Hirschi, Travis. 1967. *Causes of Delinquency*. Berkeley, CA: University of California Press.
- Horney, Julie, D. Wayne Osgood og Ineke Haen Marshall. 1995. „Criminal careers in the short-term.“ *American Sociological Review*, 60, 655–73.
- Ingibjörg Kaldalóns. 1996. *Vímuefnaneysla ungs fólks*. Meistaraprófsritgerð við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Jón Gunnar Bernburg. 2002. „Anomie, social change and crime: A theoretical examination of institutional-anomie theory.“ *British Journal of Criminology*, 42, 729–42.
- Jón Gunnar Bernburg og Marvin Krohn. 2003. „Labeling, life chances, and adult crime: Direct and indirect effect of official intervention in adolescence on delinquent behavior in early adulthood.“ *Criminology*, 41, 1287–1317.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 1997. „Ofbeldi, lífsstíll, samfélag: Þættir tengdir ofbeldi, afbrotum og vímuefnaneyslu meðal unglinga.“ *Uppeldi og menntun*, 6, 65–78.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 1999. „Adolescent violence, social control, and the subculture of delinquency: Factors related to violent behavior and non-violent delinquency.“ *Youth & Society*, 30, 445–60.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 2001. „Routine activities in social context: A closer look at the role of opportunity in deviant behavior.“ *Justice Quarterly*, 18, 301–25.
- Jón Friðrik Jónsson. 1999. „Ítrekanir unglinga sem fá skilorðsbundna ákærufrestun: Samanburður á

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

- hugrænum- og persónuleikaeinkennum þeirra sem hætta að fremja afbrot og þeim sem halda því áfram.“ Í *Ársskýrslu Fængelsismálastofnunar ríkisins* 1998. Reykjavík: Fængelsismálastofnun ríkisins.
- Jón Óttar Ólafsson. 1999. *The Pattern of Violence in Iceland: Understanding Violence in Reykjavík in the Light of Ecological and Life-Style Theories*. Meistaraprófsritgerð við afbrotatræðistofnun Cambridgeháskóla.
- Kornhauser, Ruth. 1978. *Social Sources of Delinquency*. Chicago, Ill: University of Chicago Press.
- Krahn, Harvey, Timothy F. Hartnagel og John W. Gartrell. 1986. „Income inequality and homicide rates: Cross-national data and criminological theories.“ *Criminology*, 24, 269–95.
- Krohn, Marvin og James Massey. 1980. „Social control and delinquent behavior: An examination of the elements of the social bond.“ *Sociological Quarterly*, 21, 529–43.
- Lemert, Edwin. 1967. *Human Deviance, Social Problems and Social Control*. Englewood Cliffs, N.J.: Prentice-Hall.
- Liska, Allen og Steven Messner. 1998. *Perspectives on Crime and Deviance*, 3. útg. Upper Saddle River, N.J.: Prentice Hall.
- Matsueda, Ross. 1992. „Reflected appraisals, parental labeling, and delinquency: Specifying a symbolic interactionist theory.“ *American Journal of Sociology*, 97, 1577–1611.
- Merton, Robert. [1967] 1994. „Social structure and anomie.“ Bls. 114–148 í S.H. Traub and C.B. Little (ritstj.), *Theories of Deviance*, fjórða útg. Itasca, IL: F.E. Peacock Publishers.
- Messner, Steven og Richard Rosenfeld. 1994. *Crime and the American Dream*, 2. útg. Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.
- Messner, Steven og Richard Rosenfeld. 1997. „Political restraints of the market and levels of criminal homicide: A cross-national application of institutional-anomie theory.“ *Social Forces*, 75, 1393–1416.
- Moffit, Terrie. 1993. „Adolescence-limited and life-course persistent antisocial behavior: A developmental taxonomy.“ *Psychological Review*, 100, 674–701.
- Olsen, Greg M. 1996. „Re-modelling Sweden: The rise and demise of the Swedish compromise in a global economy.“ *Social Problems*, 43, 1–20.
- Osgood, D. Wayne, Janet K. Wilson, Patrick O'Malley, Jerald Bachman og Lloyd Johnston. 1996. „Routine activities and individual deviant behavior.“ *American Sociological Review*, 61, 635–55.
- Ómar H. Kristmundsson. 1985. *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Ómar H. Kristmundsson. 1988. „Ítrekanir.“ *Verndarblaðið*, 2, 10–13.
- Ómar H. Kristmundsson. 1989. *Refsivistardómar og fullnusta þeirra*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Parsons, Talcott. 1990. „Prolegomena to a theory of social institutions.“ *American Sociological Review*, 55, 319–34.
- Paternoster, Raymond og LeeAnn Iovanni. 1989. „The labeling perspective of delinquency: An elaboration of the theory and assessment of the evidence.“ *Justice Quarterly*, 6, 359–94.
- Quinney, Richard. 1970. *The Social Reality of Crime*. Boston: Little, Brown and Company.
- Rannveig Þórisdóttir. 2001. *Samskipti lögreglu við börn og ungmenni eins og þau birtast í málaskrá lögreglunnar í Reykjavík*. Meistaraprófsritgerð við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Reiman, Jeffrey H. 1984. *The Rich get Richer and the Poor get Prison*. New York: Wiley.
- Sampson, Robert og W. Byron Groves. 1989. „Community structure and crime: Testing social-disorganization theory.“ *American Journal of Sociology*, 94, 774–802.
- Sampson, Robert og John Laub. 1993. *Crime in the Making: Pathways and Turning Points Through Life*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Schwartz, Richard D. og Jerome H. Skolnick. 1962. „Two studies of legal stigma.“ *Social Problems*, 10, 133–43.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson. 2001. „Parenting styles and adolescent substance use: A longitudinal study.“ *Journal of Research on Adolescence*, 11, 401–23.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigurlína Davíðsdóttir og Eyrún M. Rúnarsdóttir. 1997. *Ábættubegðun reykvískra ungmenna: Tóbaksreykingar, dífengisneysla, hassneysla og neysla annarra vímuefna árin 1994–1996*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Sigrún Júlíusdóttir. 1989. „Viðtalskönnun um nauðgunarmál.“ Í *Skýrslu Nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Simmons, J.L. 1965. „Public stereotypes of deviants.“ *Social Problems*, 13, 223–32.
- Smith, Douglas A. og Patrick R. Gartin. 1989. „Specifying specific deterrence: The influence of arrest on future criminal activity.“ *American Sociological Review*, 54, 94–105.
- Sutherland, Edwin og Donald Cressey. 1978. *Criminology*, 10. útg. New York: Harper & Row Publishing.
- Thornberry, Terence (ritstj.). 1997. *Developmental Theories of Crime and Delinquency*. New Brunswick: Transaction Publishers.
- Warr, Mark og Mark Stafford. 1991. „The influence of delinquent peers: What they think or what they do?“ *Criminology*, 29, 851–65.
- Western, Bruce og Katherine Beckett. 1999. „How unregulated is the U.S. labor market? The penal system as a labor market institution.“ *American Journal of Sociology*, 104, 1030–60.
- Wilson, James Q. og Richard Herrnstein. 1985. *Crime and Human Nature*. New York: Simon and Schuster.
- Wolfgang, Marvin og Franco Ferracuti. 1967. *The Subculture of Violence*. London: Tavistock.
- Zhang, Lening og Steven F. Messner. 1994. „The severity of official punishment for delinquency and change in interpersonal relations in Chinese society.“ *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 31, 416–33.
- Þóroddur Bjarnason. 1992. „Rannsóknir á hassneyslu Reykjavíkurbúskunnar.“ *Sálfræðiritið*, 3, 49–60.
- Þóroddur Bjarnason. 1995. „Administration mode bias in a school survey on alcohol, tobacco and illicit drug use.“ *Addiction*, 90, 555–59.
- Þóroddur Bjarnason. 2000. *Adolescent Substance Use: A Study in Durkheimian Sociology*. Doktorsritgerð við Notre Dame háskóla í Bandaríkjunum.
- Þóroddur Bjarnason, Barbro Andersson, Marie Choquet, Zsuzsanna Elekes, Mark Morgan, Gertrude Rapinett. 2003. „Alcohol culture, family structure and adolescent alcohol use: Multi-level modeling of frequency of heavy drinking among 15–16 year old students in eleven European countries.“ *Journal of Studies on Alcohol*, 64, 200–208.
- Þóroddur Bjarnason, Aleksandra G. Davidaviciene, Patrick Miller, Alojz Nociar, Andreas Pavlakis og Eva Stergar. 2003. „Family structure and adolescent cigarette smoking in eleven European countries.“ *Addiction*, 98, 815–824.
- Þóroddur Bjarnason, Þórdís J. Sigurðardóttir og Þórólfur Þórlindsson. 1999. „Human agency, capable guardians and structural constraints: A lifestyle approach to the study of violent victimization.“ *Journal of Youth and Adolescence*, 28, 105–19.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1994. „Manifest predictors of past suicide attempts in a population of Icelandic adolescents.“ *Suicide and Life-Threatening Behavior*, 24, 350–358.
- Þórólfur Þórlindsson. 1988. „Sport participation, smoking, and drug and alcohol use among Icelandic youth.“ *Sociology of Sport Journal*, 6, 136–143.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. 1998. *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umbverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg. 1996. *Ofbeldi meðal íslenskra unglinga*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg. 2000. „Delinquency in a Durkheimian perspective: A multi-level study of integration, anomie, and imitation.“ *Kynnt á ársfundi félagsfræðingafélags Suðurríkja í New Orleans í Bandaríkjunum*.

AFBROT OG ÖNNUR FRÁVIK

- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 1994. *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson. 1991. „Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents.“ *Adolescence*, 26, 399–418.
- Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1994. „Suicidal ideation and suicide attempts in a population of Icelandic adolescents.“ *Arctic Medical Research*, 53, 580–582.
- Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1998. „Modeling Durkheim on the micro level: A study of youth suicidality.“ *American Sociological Review*, 63, 94–110.

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA¹

Sigrún Ólafsdóttir

Heilsufélagsfræði er sú undirgrein félagsfræðinnar sem beinir sjónum að skilgreiningum samfélaga á því hvað telst vera heilbriggt og hvað ekki. Að auki skoðar hún hvernig einstaklingar, stofnanir og samfélög bregðast við veikindum. Þessi kafli gefur yfirlit yfir helstu undirsvið heilsufélagsfræðinnar, sérstaklega áhrif félagsveruleikans á skilgreiningar heilbrigðis og veikinda, félagslegan mun á heilsufari, hvernig einstaklingar og hópar nota heilbrigðisþjónustuna, rannsóknir á læknaþéttinni og öðrum heilbrigðisstéttum, og skipulagningu heilbrigðiskerfisins. Sérstakri athygli er beint að íslenskeri heilsufélagsfræði, þar sem farið er yfir helstu niðurstöður íslenskra rannsókna og þær settar í alþjóðlegt sambengi.

Inngangur

Sú mynd sem við höfum af veikindum er í mörgum tilvikum frekar einföld. Einstaklingur finnur fyrir líkamlegum breytingum og leitar sér lækninga í kjölfarið. Félagsfræðin veitir okkur innsýn í hvernig hlutir sem virðast sjálfgefnir eru í raun hluti af mun flóknara félagslegu kerfi. Sem dæmi má nefna að sennilega myndu flestir leita til neyðarþjónustu sjúkrahúss ef þeim væri að blæða út, en hvenær einstaklingar ákveða tímabært að leita lækna vegna sársauka í fæti getur verið mjög mismunandi. Sumir leita sér lækninga um leið og þeir finna til sársauka en aðrir lifa með sársaukanum í mörg ár. Félagsfræðin sýnir hvernig slíkar athafnir, sem í fyrstu virðast einstaklingsbundnar, ráðast af félagslegum þáttum á borð við félagslega stöðu einstaklingsins í samfélaginu og samskiptum hans við aðra. Myndin verður enn flóknari ef litið er til andlegra vandamála og þess hvar mörkin liggja, til dæmis milli þess að vera leiður og þess að þjást af þunglyndi.

Heilsufélagsfræði er sú undirgrein félagsfræðinnar sem beinir sjónum sínum sérstaklega að þáttum tengdum heilsufari í víðum skilningi þess orðs, en greinin kom fram á sjónarsviðið um miðja 20. öldina. Þetta rannsóknarsvið var í upphafi litið hornauga af mörgum félagsfræðingum sem töldu kenningarlega undirstöðu sviðsins veika og hagnýta tengingu þess of sterka (Bird, Conrad og Fremont, 2000; Bloom og Blythe, 2002). Þetta viðhorf breyttist þó fljótlega þegar þekktir félags-

¹ Höfundur vill koma á framfæri þakklæti til eftirfarandi aðila sem veittu ómetanlega aðstoð við gerð þessa kafa: Ágúst Mogensen, Bernice A. Pescosolido, Helgi Gunnlaugsson, Jón Gunnar Bernburg, Rúnar Vilhjálmsson og Þóroddur Bjarnason.

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

fræðingar á borð við Everett Hughes, Talcott Parsons, Robert Merton og Howard Becker beindu sjónum sínum að þáttum tengdum heilsufari og heilbrigðisþjónustu. Kenningarleg staða heilsufélagsfræðinnar er nú sterk og innan hennar má finna dæmi um alla helstu kenningarskóla félagsfræðinnar, frá klassískum samvirkni-, átaka- og samskiptakenningum til nútímakenna á borð við femínisma, póst-móðernisma, og póststrúktúralisma (Bloom og Blythe, 2002; Cockerham, 2001).

Í upphafi var gerður greinarmunur á félagsfræði innan heilbrigðisþjónustu (e. *sociology in medicine*) og félagsfræði heilbrigðisþjónustu (e. *sociology of medicine*) (Straus, 1957). Félagsfræðingur sem leggur stund á félagsfræði innan heilbrigðisþjónustunnar vinnur með heilbrigðisstéttum til að skilja félagslega þætti sem tengjast heilbrigðisvandamálum. Slík félagsfræði hefur hagnýta þekkingu að leiðarljósi, til dæmis að stuðla að betri umönnun sjúklinga, betri samskiptum lækna og sjúklinga, eða leysa heilbrigðisvandamál sem hrjá samfélagið. Félagsfræði heilbrigðisþjónustu leggur aftur á móti áherslu á félagsfræðilega grundvallarþætti sem tengjast heilsufari og skipulagningu heilbrigðismála. Félagsfræðingur sem starfar innan þessarar hefðar hefur áhuga á þáttum eins og skipulagningu, hlutverkatengslum, viðmiðum, gildum og hegðun innan heilbrigðiskerfisins. Því má segja að hann noti heilbrigðistengda þætti til að skilja almenn félagsleg ferli, fremur en að hafa sérstakan áhuga á að leysa hagnýt vandamál læknavísindanna (Cockerham, 2004). Að undanfögnu hefur hugtakið félagsfræði heilsu og veikinda (e. *sociology of health and illness*) verið notað í auknum mæli, en það hugtak sameinar áherslu á fræðilegan skilning og hagnýta þekkingu (Bird, Conrad og Fremont, 2001). Heilsufélagsfræði hefur vaxið gífurlega undanfarna áratugi og er hún t.d. orðin eitt fjölmennasta sérsvið bandarísku og bresku félagsfræðisambandanna². Þessi kaflar gefur yfirlit yfir helstu viðfangsefni heilsufélagsfræðinga, bæði innanlands og erlendis.

Félagsleg sköpun veikinda

Heilsufélagsfræðingar hafa sýnt fram á hvernig hugmyndir og viðbrögð við veikindum skapast af félagsveruleikanum. Til dæmis töldu læknar lengi vel að hjartasjúkdómar hrjáðu einungis karlmenn og eldri konur. Ungar konur sem leituðu sér hjálpar vegna einkenna á borð við slæman verk fyrir brjósti, doða á vinstri hlið líkamans, svita og ógleði voru því sjaldan greindar með hjartasjúkdóm, og leiddi það til víthringis kerfisbundinnar vanskráningar og ranghugmynda um áhættu

² Vert er að benda á að fjölmörg sértímarit eru gefin út innan heilsufélagsfræðinnar, til að mynda *Journal of Health and Social Behavior*, *Social Science and Medicine* og *Sociology of Health and Illness*. Einnig eru regulega gefnar út handbækur sem fjalla um heilsufélagsfræði, svo sem *Handbook of Medical Sociology* (Bird, Conrad og Fremont, 2001), *Handbook of the Sociology of Mental Health* (Aneshensel og Phelan, 1999), og *Handbook for the Study of Mental Health* (Horwitz og Scheid, 1999).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þessa hóps (McKinlay, 1996). Þetta dæmi sýnir hvernig félagslega skapaðar hugmyndir hópa á borð við læknastréttina geta breyst í staðreyndir sem hafa alvarleg áhrif á líf fólks (Berger og Luckman, 1966) og hvernig stofnanir samfélagsins og félagsleg ferli geta haft áhrif á hluti sem við fyrstu sýn virðast einstaklingsbundnir (Durkheim, 1897; McKinlay, 1996). Í þessu samhengi er gagnlegt að nota aðgreiningu C. Wright Mills (1959) á einstaklingsbundnum vandamálum (e. *personal troubles*) og félagslegum vandamálum (e. *social issues*) en þessi aðgreining sýnir fram á áhrifamátt félagsfræðinnar við að skilja á milli hins einstaklingsbundna og hins félagslega. Kona sem hlýtur ranga sjúkdómsgreiningu hjá lækni á þannig við persónulegt vandamál að stríða, en þegar fjöldi kvenna hlýtur ranga sjúkdómsgreiningu hjá mörgum læknum breytist hið einstaklingsbundna vandamál í félagslegt vandamál (McKinlay, 1996). Eitt meginhlutverk heilsufélagsfræðinnar er að auka skilning á því hvernig viðteknar staðreyndir um heilsu og veikindi eru bundnar ákveðnu sögulegu og menningarlegu samhengi og endurspegla oft viðhorf ráðandi hópa í samfélaginu fremur en algild sannindi.

Félagsfræðingar hafa leitað í smiðju ólíkra kenningaskóla til að skilja félagslega sköpun veikinda, og má þar helst nefna samskiptakenningar, stimulunarkennningar, og kenningar um sjúkdómsvæðingu. Samskiptakenningar (e. *symbolic interactionism*) leggja áherslu á hvernig veruleikinn verður til í samskiptum einstaklinga með mismunandi hugmyndir og ólíka valdastöðu. Sjúklingar mega sín oft lítils í samskiptum við læknastréttina og heilbrigðisstofnanir sem hafa vald til að skilgreina sjúkdóma og heilsu í nútímasamfélagi. Einn helsti félagsfræðingur 20. aldarinnar, Erving Goffman (1961), fjallaði um geðveikrahæli sem *altækar stofnanir* sem brjóta niður hið meinta „sjúka sjálf“ í þeim tilgangi að skapa nýtt „heilbrigðt sjálf“. Rammi geðsjúkrahússins skilgreinir alla hegðun sjúklinga og athafnir, sem væru álitnar eðlilegar undir öðrum kringumstæðum, sem birtingarform geðsjúkdómsins Rosenhan (1973) sýndi fram á þetta í rannsókn þar sem heilbrigðir einstaklingar lögðust inn á geðsjúkrahús á þeim fölsku forsendum að segjast heyra raddir. Þó að þeir tækju upp „eðlilega“ hegðun frá þeirri stundu sem þeir voru lagðir inn, var litið á hegðun þeirra sem einkenni þess geðklofa sem þeir voru greindir með við innlögn. Kleinman (1988) hefur með svipuðum hætti bent á hve mismunandi skilgreiningar á geðrænum vandamálum séu milli samfélaga. Hann telur varhugavert að treysta skilgreiningum læknávisindanna í blindni og leggur áherslu á mikilvægi þess að hlusta á frásagnir fólks af veikindum sínum. Félagsfræðilegar rannsóknir meðal fólks sem þjáist af þunglyndi og öðrum viðvarandi vandamálum benda til þess að skilgreiningar og upplifanir einstaklinga af veikindum séu oft í ósamræmi við hugmyndir læknávisindanna um slík veikindi og sérstaklega að það sem er álitnið lausn á vandanum innan læknastréttarinnar er ekki endilega upplifað á þann hátt á meðal sjúklinga (Charmaz, 1991; Karp, 1996).

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

Líkt og afbrotafræðingar (sjá Jón Gunnar Bernburg, 2004) hafa heilsufélagsfræðingar notfært sér stimplunarkenningar (e. *labeling theories*) sem leggja áherslu á áhrif annarra á upplifanir og skilgreiningar einstaklinga á veikindum sínum. Samkvæmt þessu sjónarhorni er hegðun skilgreind eftir þeim sem í hlut á, og stöðu hans eða hennar í samfélaginu. Upphafsmenn þessara kenninga innan heilsufélagsfræði tóku þá róttæku afstöðu að halda því fram að geðræn vandamál væru goðsögn (Szasz, 1961) eða fyrst og fremst afleiðing stimplunar (Scheff, 1966). Nokkru síðar komu fram gagnrýnisraddir sem töldu þetta sjónarhorn gera lítið úr þjáningum þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða og þeirri hjálp sem læknavísindin geta veitt þeim (Gove, 1980). Félagsfræðingar innan þessa skóla hafa á síðustu árum almennt viðurkennt að geðræn vandamál séu raunveruleg og geti átt sér líf-fræðilegar rætur, en þeir benda áfram á mikilvægi stimplunar og áhrifamátt neikvæðra samfélagslegra hugmynda um geðræn vandamál (Link og Phelan, 2001). Rannsóknir hafa sýnt að þrátt fyrir að þekking og skilningur almennings á geðsjúkdómum hafi aukist, móti stimplun enn tilfinningar fólks gagnvart einstaklingum sem eiga við geðræn vandamál að stríða (Martin, Pescosolido og Tuch 2000). Einnig hefur verið bent á að einstaklingar séu ekki einungis stimplaðir af öðrum, heldur 'stimpli þeir sig einnig sjálfir'. Með því er átt við að hugmyndafræði samfélaga skilgreini „eðlilegar“ tilfinningar í ákveðnum aðstæðum og vel félagsmótaðir einstaklingar viti hvenær tilfinningar þeirra séu eðlilegar og hvenær þær séu óeðlilegar (Thoits, 1985).

Að lokum hafa félagsfræðingar notað sjónarhorn átakakenninga (e. *conflict theories*) til að skoða skilgreiningar á sjúkdómum, sérstaklega hver hefur vald til að búa til slíkar skilgreiningar. Félagsfræðingar hafa útfært þessa hugmynd með því að skoða sjúkdómsvæðingu (e. *medicalization*) sem felur í sér að í tímans rás hafa sífellt fleiri frávik verið skilgreind innan lögsögu læknavísindanna (Zola, 1972; Conrad og Schneider, 1992). Þessa hugmynd hefur Peter Conrad sérstaklega útfært (t.d. Conrad, 1975; Conrad og Schneider, 1992) en hann og fleiri hafa bent á hvernig skilgreiningar ýmiskonar frávika hafa breyst í gegnum tíðina – frá því að vera synd, yfir í að vera glæpur og að lokum sjúkdómur. Dæmi um frávik sem hafa gengið í gegnum slíkar skilgreiningar eru áfengissýki, vímuefnaneysla, geðræn vandamál og samkynhneigð. Einnig hafa verið leidd rök fyrir því að sum frávik hafi færst út úr lögsögu læknavísindanna og séu nú viðurkennd sem lífsstíll. Þetta hefur fyrst og fremst gerst vegna kröfu einstaklinga sem hafna því að vera skilgreindir sem sjúk-ir. Besta dæmið um slíka afsjúkdómsvæðingu (e. *demedicalization*) er samkynhneigð, en hún hefur verið fjarlægð úr opinberum skilgreiningabókum geðlækna-stéttarinnar.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Félagsleg áhrif á heilsufar

Allt frá því að John Snow rakti kólerufaraldur í London til sýkingar í vatnsbrunni og kom í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins með því að fjarlægja handfang af vatnsdælu við brunninn (Snow, Frost og Ward, 1936), hafa fræðimenn látið sig dreyma um að uppgötva slíkar kraftaverkalausnir við ýmsum sjúkdómum. Samtímis hafa líkurnar á einföldum lausnum minnkað með flóknari samfélagsgerð og rannsóknir hafa í auknum mæli beinst að samspili ólíkra þátta sem stuðla að vexti og viðgangi sjúkdóma (House, 2002). Félagsfræðingar hafa sérstaklega beint sjónum að áhrifum misréttis og lagskiptingar (e. *stratification*) á heilsufar fólks. Slíkar rannsóknir hafa sýnt að hópar sem standa höllum fæti í samfélaginu, til dæmis varðandi kynferði, kynþátt eða stéttarstöðu, eru líklegri til að þjást af andlegum eða líkamlegum vandamálum (Mirowsky, Ross og Reynolds, 2000; Rieker og Bird, 2000; Robert og House, 2000; Smaje, 2000).

Konur búa almennt við verri líkamlega og andlega heilsu, þó að lífslíkur þeirra séu hærri en karla (Verbrugge og Wingard, 1987). Ýmsar skýringar hafa verið fundnar á þessum mun, svo sem ólíkur lífsstíll kynjanna, kynjamisrétti í samfélaginu og minni viðurkenning á hefðbundnum kvenhlutverkum, svo sem heimilisstörfum og uppeldi (Gove og Tudor, 1973; Ross og Bird, 1994). Rannsóknir á kynbundnum mun á andlegri heilsu hófust með frumkvöðlarannsókn Dohrenwend og Dohrenwend (1976). Síðari tíma rannsóknir hafa leitt í ljós að konur og karlar þjást af ólíkum tegundum geðrænna vandamála (Kessler o.fl., 1994; Regier o.fl., 1993). Þannig eru „innhverf“ vandamál á borð við þunglyndi og kvíða algengari meðal kvenna, en „úthverf“ vandamál, svo sem áfengis- og vímuefnaneysla og persónuleikatrufnanir, eru algengari meðal karla. Tíðni alvarlegri geðsjúkdóma á borð við geðklofa er þó svipuð meðal karla og kvenna.

Ein fyrsta félagsfræðilega rannsóknin á sambandi stéttar og heilsufars leiddi í ljós að einstaklingar í lægri stéttum voru líklegri til að þjást af geðrænum vandamálum en einstaklingar í hærri stéttum (Hollingshead og Redlich, 1958). Síðari tíma rannsóknir hafa staðfest að hástéttarfolk býr að jafnaði við betri heilsu en fólk í lægri stéttum (Mirowsky, Ross og Reynolds, 2000). Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á niðurstöðum af þessu tagi. Í fyrsta lagi er lífsstíll stéttbundinn. Einstaklingar í lægri stéttarstöðu eru til dæmis líklegri til að reykja og drekka óhóflega, sem eykur líkurnar á ýmsum veikindum. Í öðru lagi eru einstaklingar í lægri stéttum undir meira álagi í daglegu lífi vegna fátæktar og lakari starfskjara. Í þriðja lagi kann félagslegur stuðningur fjölskyldu og annarra félagslegra stofnana að vera minni meðal lægri stétta. Að lokum telja einstaklingar sem búa við lakari kjör sig síður geta breytt aðstæðum sínum til batnaðar, sem kann í sjálfu sér að valda auknu andlegu og líkamlegu álagi (Roberts og House, 2000; Williams, 1990). Í Bandaríkjunum er tíðni sjúkdóma, fötlunar og dauðsfalla til dæmis hærri á meðal svar-

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

tra en á meðal hvítra. Munur á menntun og tekjum skýrir þennan mun að hluta, en rannsóknir benda þó til að verra heilsufar svartra tengist einnig kynþáttamisrétti með beinum hætti (Williams o.fl., 1997).

Þrátt fyrir að þessar rannsóknir sýni óumdeilanlega fram á mikilvægi hins félagsfræðilega sjónarhorns við að skilja útbreiðslu sjúkdóma í samfélaginu hafa þær verið gagnrýndar fyrir að beina of mikilli athygli að einstaklingsbundnum skýringum. Fræðimenn sem aðhyllast víðari samfélagsþýngun hafa fært að því rök að innbyggðir þættir í kapítalísku samfélagi valdi sjúkdómum (Waitzkin, 2000). Link og Phelan (1995, 1996, 2000) hafa bent á að einstaklingar sem standa betur í samfélaginu geti nýtt sér aðstöðu sína til að hafa betur en aðrir í baráttunni við sjúkdóma. Þau benda á að nýir og breyttir sjúkdómar komi sífellt fram á sjónarsviðið og hvert sinn sem það gerist séu hærri stéttir samfélagsins í betri varnarstöðu en lægri stéttir. Link og Phelan telja því að viðleitni til að breyta sambandinu á milli stéttarstöðu og heilsufars muni verða árangurslítil ef litið er framhjá raunverulegum ástæðum vandamálsins; eina leiðin til að draga úr misrétti heilsufars sé því að ráðast gegn félagslegu misrétti. Rannsóknir hafa rennt stöðum undir þetta sjónarhorn, til dæmis með því að sýna fram á að lífslíkur eru ekki hæstar né ung barnadauði minnstur í ríkustu samfélögum heims, heldur í þeim samfélögum þar sem meira jafnrétti ríkir (Wilkinson, 1996)³.

Notkun heilbrigðisþjónustunnar

Tengsl einstaklinga við heilbrigðiskerfið og viðbrögð þeirra við veikindum eru mikilvæg viðfangsefni heilsufélagsfræðinga, og tengjast grundvallarspurningum félagsfræðinnar um tengsl einstaklinga við stofnanir samfélagsins (Parsons, 1951). Fjögur líkön hafa verið ráðandi varðandi skilning á notkun á heilbrigðisþjónustunni. Samkvæmt heilsuviðhorfalíknaninu (e. *health belief model*) er mikilvægast að mæla viðhorf einstaklinga til áhættu á að fá sjúkdóm, mat þeirra á því hve alvarlegir sjúkdómar séu, hvað þeir búist við að fá út úr meðferð og annmarka þess að leita sér hjálpar (Rosenstock, 1966). Kenningin um skynsamlega hegðun (e. *theory of reasoned action*) gerir ráð fyrir því að hegðun einstaklingsins byggji á fyrirætlan (e. *behavioral intention*) sem aftur byggji á huglægu viðmiði (e. *subjective norm*) hans og afstöðu gagnvart hegðuninni (Fishbein and Ajzen, 1975). Félagslega atferlislíkanið (e. *socio-behavioral model*) leggur áherslu á mikilvægi aðgengis (Andersen, 1968, 1995; Anderson og Newman 1973) og leggur áherslu á að notkun á heilbrigðisþjónustu skýrist af þörf fyrir þjónustu, tilhneigingu (e. *predisposition*) til slíkrar notkunar og aðstæðum sem gera þjónustunotkun mögulega, til dæmis nálægð læknisþjónustu og fjárráð.

³ Til gamans má geta að hann spyr sérstaklega að því hvers vegna lífslíkur séu hærri í samfélögum eins og á Íslandi en í ríkari þjóðfélögum eins og í Bandaríkjunum (Wilkinson, 1996, bls. 2).

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þessi þrjú líkön hafa verið gagnrýnd fyrir að gera ráð fyrir að einstaklingar taki ákvarðanir um viðeigandi hegðun í félagslegri einangrun. Rannsóknir benda til þess að samskipti gegni lykilhlutverki í notkun á heilbrigðisþjónustu og sérstaklega í notkun á geðheilbrigðisþjónustu (Clausens og Yarrows, 1955; Horwitz, 1977; Kadushin, 1966; Suchman, 1964). Eliot Freidson (1970) sneið þessum rannsóknarniðurstöðum kenningarlegan ramma er hann hélt því fram að skilgreiningar á heilsu og veikindum væru búnar til af hinna ráðandi lækna stétt sem og almenningi. Samkvæmt lækna samfélaginu eru skilgreiningar þess á veikindum „raunverulegar“, en þessar skýringar stangast þó auðveldlega á við skilgreiningar almennings. Félagslegt umhverfi einstaklingsins ákvarðar athafnir hans þegar hugsanleg veikindi gera vart við sig. Samskipta-tímabilalíkanið (e. *network-episode model*) byggir á þessum hugmyndum um mikilvægi samskipta í notkun heilbrigðisþjónustu, sérstaklega þegar um geðræn vandamál er að ræða (Pescosolido, 1991; Pescosolido og Boyer, 1999). Þetta líkan gerir ráð fyrir því að öll skref sem auka eða hamla notkun á heilbrigðisþjónustu mótist í félagslegum samskiptum og séu því ekki einstaklingsbundin viðbrögð við veikindum. Einkenni sem geta verið skilgreind sem veikindi eru upphafið að ferli sem felur í sér mismunandi skref í samráði við ólíka aðila. Til slíkra ráðgjafa teljast óformlegir aðilar svo sem vinir og fjölskylda, formlegir aðilar utan heilbrigðiskerfisins á borð við presta og formlegir aðilar innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem heimilislæknar, hjúkrunarfræðingar og geðlæknar. Ákvörðun um að leita sér hjálpar er því ekki tekin í eitt skipti fyrir öll, heldur er um að ræða röð ákvarðana sem byggjast á eldri ákvörðunum og skoðunum þeirra aðila sem einstaklingurinn tekur mark á.

Læknastéttin og aðrar heilbrigðisstéttir

Skilningur á stéttum er mikilvægur fyrir félagsfræði, vegna þess að slíkur skilningur hjálpar okkur að skilja hvernig einstaklingar eru félagsmótaðir inn í ákveðna stétt og hvernig stéttir veita einstaklingum ákveðið vald til að koma hagsmunum á framfæri. Þó að félagsfræðingar hafi skrifað um ýmsar stéttir hefur læknastéttin óumdeilanlega hlotið mesta athygli og er oft álitin kjörmynd annarra stétta hvað varðar fagmennsku og skipulag. Félagsmótun læknastéttarinnar hefur sérstaklega vakið áhuga félagsfræðinga. Þessar rannsóknir hafa til dæmis beinst að því hvernig læknanemar takast á við óvissu, hvernig þeir bregðast við deyjandi sjúklingum og viðbrögðum lækna við óumflýjanlegum mistökum læknanema (Becker o.fl., 1961; Bosk, 1979; Fox, 1957; Hafferty, 1991; Merton, Reader og Kendell, 1957).

Parsons (1939) telur *fagstéttir* einkennast af altækni, sérhæfingu, rökvísi og áherslu á hagsmuni stéttarinnar umfram hagsmuni einstaklinga. Freidson (1970) hefur haft víðtækust áhrif á kenningar um læknastéttina. Lykilhugtak í skrifum hans er yfirráð fagstéttar (e. *professional dominance*) en vald starfsmanna yfir eigin

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

vinnu eru mikilvægasti þáttur slíkra yfirræða. Skrif Freidsons mótuðust af samtíma hans, en vísað hefur verið til þessa tímabils sem gullára bandarískrar læknastréttar, þegar lækna höfðu nánast alger yfirræð yfir vinnu sinni og lögsögu (Pescosolido, McLeod, og Alegría, 2000).

Breyttar samfélagsaðstæður leiddu til þess að lækna misstu yfirræð sín að hluta, og endurspeglast það í seinni skrifum félagsfræðinga (Haug, 1973, 1975; McKinlay, 1973, 1977; McKinlay og Stoeckle, 1988; Ritzer og Walczak, 1988). Undanfarin ár hefur fræðileg umræða um læknastréttina í auknum mæli beinst að tengslum og samskiptum ólíkra stétta. Light (1995) telur að sem ein helsta valdastrétt samfélagsins séu lækna í baráttu við ríkisvaldið og aðra valdhafa um yfirræð yfir ákveðnum verksviðum.

Abbott (1988) heldur því fram að lögsaga yfir ákveðnu vandamáli sé mikilvægasta forsenda fagstréttar. Til að öðlast og viðhalda lögsögu þarf strétt að búa yfir kenningarlegri þekkingu til að leysa vandamálið. Til að mynda geti hjúkrunarfræðingar leyst mörg vandamál sem heyra undir lögsögu lækninga, en það sé læknastréttin sem býr yfir viðurkenndri þekkingu á sjúkdómum. Starr (1982) bendir á að starfsstréttir þurfi að öðlast bæði traust almennings og lagalegan rétt til að sinna ákveðnum vandamálum. Þessi síðarnefndi þáttur vill oft gleymast í rannsóknnum á yfirræðum læknastréttarinnar, en mikilvægt er að greina hér á milli persónulegs trausts og félagslegs trausts (Mechanic, 1996). Þótt vísbendingar séu um að félagslegt traust á læknastréttinni sem og öðrum stofunum samfélagsins hafi minnkað undanfarna áratugi (Lipset og Schneider, 1987) benda rannsóknir til þess að einstaklingar beri enn mikið traust til einstakra lækna (Pescosolido, Tuch og Martin, 2001). Þar sem læknastréttin virðist enn njóta tiltölulega mikils trausts almennings og alþjóðlegar rannsóknir hafa stutt sjónarhorn Freidsons á læknastréttina (Hafferty og Light, 1993), má leiða að því rök að umræðan um fagleg yfirræð eigi ennþá erindi í kenningarsmið um læknastréttina.

Skipulag heilbrigðiskerfisins

Heilbrigðiskerfi hafa margvísleg áhrif á heilsufar og velferð einstaklinga. Skipulag heilbrigðiskerfisins veitir einnig innsýn í önnur viðmið og gildi samfélagsins, þar sem það endurspeglar almenn samfélagsgildi og forgangsörðun verkefna. Félagsfræðileg umræða hefur að miklu leyti snúist um samanburð heilbrigðiskerfa ólíkra landa, sérstaklega hvort að ólík kerfi séu farin að líkjast hvert öðru í ríkari mæli eða hvort að þau hafi haldið sérkennum sínum. Mechanic og Rochefort (1996) benda á að heilbrigðiskerfi um allan heim standi frammi fyrir mörgum samskonar vandamálum sem tengjast lýðfræði, faraldsfræði, þróun í vísindum og tækni, kröfum til læknavísindanna og auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Þessi svipuðu vandamál leiða óumflýjanlega til aukinnar einsleitni heilbrigðiskerfa, sérstaklega

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

hvað varðar hvatningu til heilbrigðari lífsstíls, aðgangs að heilbrigðiskerfinu og verkaskiptingu milli almenna heilbrigðiskerfisins og sérfræðinga.

Þrátt fyrir þessi samkenni benda Mechanic og Rochefort (1996) þó jafnframt á mikilvægi þess að viðurkenna og taka tillit til séraðstæðna samfélaga. Þetta kemur greinilega í ljós þegar skipulagning og markmið ólíkra heilbrigðiskerfa eru borin saman. Viðbrögð þjóða á Vesturlöndum við vauknum kostnaði í heilbrigðiskerfinu hafa verið ólík. Þetta kemur skýrt fram ef Ísland er borið saman við Bandaríkin. Á Íslandi kveða lög um heilbrigðisþjónustu á um að „allir landsmenn skuli eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tæk á að veita“ (Rúnar Vilhjálmsson, Ólafur Ólafsson o.fl., 2001). Bandaríkjamenn hafa á hinn bóginn ekki altækar heilsutryggingar og verulegur hluti þjóðarinnar er annaðhvort ótryggður eða býr við ófullnægjandi tryggingu (Cockerham, 2004). Bandaríkin eru því land öfganna hvað varðar heilbrigðisþjónustu. Annars vegar eiga hærri stéttir þjóðfélagsins möguleika á heilbrigðisþjónustu sem er með því besta sem þekkist í heiminum en hins vegar hafa stórir hópar á meðal lægri stétta samfélagsins litla vernd í veikindum. Þrátt fyrir umræður um aukinn kostnað íslenska heilbrigðiskerfisins hafa Íslendingar ekki verið tilbúnir að gefa eftir réttindi til heilbrigðisþjónustu fyrir alla þegna samfélagsins, óháð félagslegri stöðu þeirra.

Íslensk heilsufélagsfræði

Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða sem hvað best standa í alþjóðlegum samanburði á heilsufari. Lífslíkur eru með því besta sem þekkist í heiminum; þegar íslenskur drengur fæðist má búast við því að hann muni lifa í 76 ár, en búast má við því að nýfædd íslensk stúlka muni lifa í 81 ár (sjá Stefán Hrafn Jónsson, 2004). Líkt og annars staðar lifa íslenskar konur almennt lengur en karlar. Þó er vert að benda á að íslenskar konur eru aðeins í sjötta sæti varðandi lífslíkur, en engir karlar í heiminum hafa hærri lífslíkur en þeir íslensku. Ungbarnadauði er lægstur á Íslandi í samanburði 30 OECD ríkja (OECD, 2002). Góð staða íslendinga í alþjóðlegum samanburði á heilsufari kemur ekki á óvart þegar einkenni íslensks samfélags eru skoðuð í ljósi fræðilegra niðurstaðna. Lífskjör eru með besta móti, íslenska velferðarkerfið er tiltölulega öflugt og felur í sér almennan aðgang að heilbrigðiskerfinu, og jafnrétti er tiltölulega mikið í samanburði við aðrar þjóðir (sjá Guðnýju Björk Eydal, 2004).

Heilsufélagsfræði er enn sem komið er lítið rannsóknarsvið innan íslenskrar félagsfræði. Þau sérsvið heilsufélagsfræðinnar sem hafa hlotið mesta athygli á Íslandi tengjast félagslegum orsökum sjúkdóma og notkun á heilbrigðisþjónustu, en einnig má finna rannsóknir sem tengjast öðrum sviðum hennar, þó þær hafi oftast ekki verið unnar af fræðimönnum utan félagsfræði.

Félagslegar orsakir sjúkdóma á Íslandi

Rannsóknir hafa leitt í ljós að félagslegar orsakir sjúkdóma eru svipaðar á Íslandi og annars staðar. Íslenskar konur þjást af fleiri skammvinnnum sjúkdómseinkennum og langvinnnum heilsuvandamálum en karlar (Rúnar Vilhjálmsson 2000). Þær eru undir meira álagi frá heimilinu en karlar og fjárhagslegt álag þeirra er meira. Íslenskir karlar eru á hinn bóginn undir meira álagi frá vinnu en íslenskar konur (Rúnar Vilhjálmsson, 1998b).

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á samband minni menntunar við ýmsa áhættuþætti kransæðasjúkdóma og dánartíðni (Rúnar Vilhjálmsson, 2000). Þetta samband skýrist ekki af þáttum á borð við þekkingu einstaklinga á áhættuþáttum eða einkennum kransæðasjúkdóma (Einar Þór Þórarinnsson o.fl., 2001). Samanburðurur á Íslandi og Bandaríkjunum hefur leitt í ljós að menntunarstig og efnahagur hefur jafnmikil áhrif á mat Íslendinga og Bandaríkjamanna á eigin heilsu (Sigrún Ólafsdóttir, 2004). Þetta rennir stoðum undir kenningar Link og Phelan (2000) um grundvallarorsakir heilsufars. Heilsa hinna betur menntuðu og efnameiri er betri en annarra, jafnvel í einsleitum samfélagi eins og Íslandi sem einkennist af til-
tölulega miklu jafnrétti.

Líkt og erlendis hafa rannsóknir á Íslandi jafnframt sýnt fram á tengsl milli álags og heilsufars. Einstaklingar sem upplifa meira álag búa við lakari andlega og líkamlega heilsu (Rúnar Vilhjálmsson, 1998a). Þannig hefur til dæmis verið sýnt fram á að ýmsir álagsþættir tengdir atvinnu tengjast verri líðan meðal Íslendinga sem vinna meira en 20 klukkustundir á viku (Ingibjörg Elíasdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2001). Í rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar (1996) á helstu álagsþáttum Íslendinga kom í ljós að 46% Íslendinga höfðu orðið fyrir a.m.k. einu áfalli síðastliðna sex mánuði, og voru erfiðleikar í fjölskyldulífi þar algengastir. Samhjálp, sérstaklega í formi andlegs stuðnings og verklegrar hjálpar, gegnir þó mikilvægu hlutverki við að draga úr kvíða og þunglyndi (Rúnar Vilhjálmsson 1995). Viðvarandi líkamleg veikindi hafa einnig bein áhrif á þunglyndi (Rúnar Vilhjálmsson, 1998a).

Stefán Ólafsson hefur staðið fyrir umfangsmiklum könnunum á líf skjörum og viðhorfum Íslendinga í alþjóðlegu ljósi. Niðurstöður hans hafa sýnt að heilsufar Íslendinga er gott í samanburði við hin Norðurlöndin. Lífslíkur á Íslandi eru með þeim hæstu í heiminum, aðgangur og notkun á almennri lækniþjónustu og spítölum er allgóð og Íslendingar kvarta ekki meira en hinar þjóðirnar undan slæmu heilsufari (Stefán Ólafsson, 1990). Samanburður Stefáns (1999) á 15 OECD-ríkjum leiðir í ljós að Íslendingar eru á meðal þeirra þjóða sem eru hvað ánægðastar með lífið, og eru þeir þar í öðru sæti á eftir Dönum. Þó að þetta séu ekki beinar mælingar á heilsufari, gefa þessar niðurstöður vísbendingu um líðan og andlega heilsu íslendinga. Sérstakan áhuga vekur að hópar sem minna mega sín í efnahags-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

legu og heilsufarslegu tilliti eru sérstaklega ánægðir með lífið á Íslandi. Þannig er verkafólk á Íslandi ánægðara með líf sitt en verkafólk í hinum 14 löndunum, og það sama má segja um konur og aldraða (Stefán Ólafsson, 1999). Í því sambandi má benda á að svo virðist sem íslenska velferðarkerfið hafi náð árangri í að vernda heilsu barnafólks. Samanburðarrannsókn á Íslandi og Bandaríkjunum leiddi í ljós að bandarískir foreldrar hafa verri heilsu en barnlausir, en barnafólk á Íslandi býr við betri heilsu en þeir sem engin börn eiga. Sérstaka athygli vekur að þetta á einnig við um einstæða foreldra, sem standa höllum fæti í mörgum samfélögum. Því má leiða að því líkur að öryggisnet íslenska velferðarkerfisins (til dæmis fæðingarorlof og barnabætur) skili sér í betri heilsu þessa þjóðfélagshóps (Sigrún Ólafsdóttir, 2004).

Íslensk heilbrigðisþjónusta

Markmið íslensku heilbrigðisþjónustunnar er að stuðla að jöfnum aðgangi allra þegna samfélagsins að heilbrigðiskerfinu. Íslenskir fræðimenn og stefnumótendur hafa því haft mikinn áhuga á notkun heilbrigðisþjónustunnar. Rannsóknir hafa sýnt að þrátt fyrir opinber jafnréttismarkmið heilbrigðisþjónustunnar er munur á aðgengi og notkun einstakra hópa á þjónustunni (Guðlaug J. Sturludóttir, 1997; Kristinn Ólafsson og Ingólfur Árnason, 1998; Rúnar Vilhjálmsson, 2001; Rúnar Vilhjálmsson, Edda Jörundsdóttir o.fl., 2001; Rúnar Vilhjálmsson, Ólafur Ólafsson o.fl., 2001). Þessar rannsóknir hafa meðal annars leitt í ljós að ungt fólk nýtir sér heilbrigðisþjónustuna síður en þeir sem eldri eru, og karlar nota heilbrigðisþjónustuna minna en konur. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu er verri meðal einhleypra og fráskilinna en þeirra sem giftir eru, og einstaklingar í fámennari byggðarlögum landsins hafa minni aðgang en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Fólk á vinnumarkaði hefur almennt lakari aðgang að heilbrigðisþjónustunni en þeir sem eru utan vinnumarkaðar, og foreldrar ungra barna hafa verri aðgang að heilbrigðisþjónustunni en aðrir. Aðgengi og notkun heilbrigðisþjónustunnar tengist ekki menntun, en lágtekjufólk hefur lakara aðgengi að heilbrigðisþjónustunni en fólk með hærri tekjur.

Ekki eru þó allir á eitt sáttir um hvernig meta beri þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á Íslandi eða starf heilbrigðisstétta. Helgi Gunnlaugsson (2002) og Jóhann Ágúst Sigurðsson (2002) hafa tekið róttækan pól í hæðina og haldið því fram að Ísland og önnur nútímasamfélög séu farin að búa til sjúkdóma og sjúklinga. Annadís G. Rúdólfssdóttir (2000), félagssálfræðingur, kemst að svipaðri niðurstöðu í rannsókn sinni á reynslu ungra kvenna af meðgöngu og fæðingu. Niðurstöður hennar sýndu að konur eru oft valdalausar innan heilbrigðisstofnana, þar sem skilgreiningar lækna- og heilbrigðisstétta á meðgöngu og fæðingu eru álitnar æðri upplifun kvenna á því að ganga með og fæða barn. Þessi karllægu viðhorf innan heilbrigðiskerfisins endurspeglast einnig í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (1994) á ís-

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

lenskum hjúkrunarfræðingum. Niðurstöður hennar sýna að umhverfi nútíma-sjúkrahúsa gefur hjúkrunarfræðingum ekki tækifæri til að sinna hjúkrun í samræmi við hugmyndir og áherslur greinarinnar. Þetta má tengja lítilli virðingu samfélags-ins fyrir hefðbundnum kvengildum og því hvernig hin karllægu gildi séu ráðandi við að ákvarða umhverfi sjúklinga.

Lítið hefur verið fjallað um aðrar heilbrigðisstéttir á Íslandi út frá félagsfræðilegu sjónarhorni. Þó má geta þess að Morgall og Anna Birna Almarsdóttir (1999) hafa fjallað um hvernig lyfjafræðingar töpuðu einokunaraðstöðu sinni hérlendis. Þær telja þessa breytingu fyrst og fremst tengjast pólitískum átökum. Stjórnmalá-menn hafi haft áhuga á að minnka kostnað vegna heilbrigðiskerfisins með því að koma á samkeppni á þessu sviði og ágreiningur innan stéttar lyfjafræðinga hafi hindrað hagsmunavörslu þeirra.

Rannsóknir á áhættuhegðun Íslendinga

Hefðbundnar félagsfræðilegar breytur skipta máli til að skilja hegðunarmynstur sem leitt geta til margvíslegra sjúkdóma, og má þar til dæmis benda á mikinn mun á áfengisneyslu fullorðinna karla og kvenna (Ása Guðmundsdóttir og Hildigunnur Ólafsdóttir, 2001). Því hefur verið haldið fram að með auknu jafnrétti kynjanna verði lífsstíll kvenna og karla líkari. Færa má rök fyrir því að kynjajafnrétti sé meira á Íslandi en í mörgum öðrum samfélögum, og hafa rannsóknir sýnt að á Íslandi er neysla á tóbaki og áfengis svipuð meðal stelpna og stráka (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu skóla-nema í Evrópu, en þar kemur fram að kynjamunur á vímuefnaneyslu sé næsta lít-ill í flestum löndum Norður-Evrópu, en slík neysla sé mun útbreiddari meðal pílta en stúlkna í Suður- og Austur-Evrópu (Hibell o.fl., 2001). Erlendar rannsóknir hafa að hluta skýrt kynjamun á heilsufari með ólíkum lífsstíl (Bird og Ross, 1994) og er því áhugavert að velta fyrir sér hvernig áhrif jafnréttis á lífsstíl kynjanna hafi áhrif á heilsufar karla og kvenna á Íslandi.

Tíðni sjálfsvíga hafa verið nefnd sérstaklega sem alvarlegt vandamál í íslensku samfélagi. Við fyrstu sýn virðist sem sjálfsvígum hafi fjölgað mjög á Íslandi á síð-ustu öld en eins og læknarnir Kristinn Tómasson og Tómas Zoega (1993) sýna fram á þá má skýra stóran hluta þessarar aukningar með skírskotun til fólksfjölg-unar og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þóroddur Bjarnason og Þór-ólfur Þórlindsson (1994) benda þó á að slíkir þættir skýri aðeins hluta aukningar-innar, og lýðfræðilegar breytingar geti ekki skýrt reglubundnar sveiflur í sjálfs-vígstíðni milli ára. Þeir telja þessar sveiflur bera merki hermiáhrifa. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á slík hermiáhrif sjálfsvíga, og hvernig sjálfsvígskeðjur geta myndast vegna tengsla við einhvern sem hefur framið sjálfsvíg eða gert til-raun til þess (Barracough, Sherpherd og Jennings, 1977; Phillips, 1974, 1979;

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Phillips og Carstensen, 1986). Rannsókn Wilhelms Norðfjörðs (2001b) sálfræðings á sjálfsvígum ungra karlmanna á Austfjörðum á árunum 1984–91 bendir til slíkrar keðjuverkunar, en um helmingur þeirra hafði misst vin vegna sjálfsvígs. Rannsókn Þórólfs Þórlindssonar og Þórodds Bjarnasonar (1994) sem náði til allra íslenskra skólanema á aldrinum 13–20 ára sýndi einnig fram á að piltar eru marktækt líklegri til að gera sjálfsvígstilraun ef þeir eiga vin eða kunningja sem hefur talað um eða framið sjálfsvíg. Það er ljóst að flókin félagsleg ferli liggja sjálfsvígum til grundvallar.

Wilhelm Norðfjörð (2001a) rekur fjölda áhættuþátta sem tengjast sjálfsvígum, allt frá þunglyndi og andlegri líðan til áfengis- og fíkniefnanotkunar, erfiðleika við að átta sig á kynhlutverki og afburðahæfileika. Einstaklingar sem tengjast heimi fíkniefna eru líklegri til sjálfsvígshegðunar heldur en nemendur í framhaldsskólum (Sigrún Ólafsdóttir, 1999). Einnig eru ólíkar skýringar á sjálfsvígshegðun þessara hópa. Ástæða slíkrar hegðunar meðal fíkniefnaneytenda liggur fyrst og fremst í lágu sjálfsmati, en andleg heilsa og áhrif vina skipta mestu varðandi sjálfsvígshegðun framhaldsskólanema.

Einn helsti frumkvöðull félagsfræðinnar, Emile Durkheim (1897), notaði sjálfsvíg sem dæmi um mikilvægi hins félagsfræðilega sjónarhorns. Hann telur að sjálfsvíg megi skýra með félagslegum þáttum, einkum tengslum einstaklinga við samfélagið (e. *integration*) og taumhaldi samfélagsins á einstaklingum (e. *regulation*). Hérlandis hafa þeir Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason (1998) prófað kenningu Durkheims um sjálfsvíg á einstaklingssviðinu (e. *micro-level*). Þeir skoða áhrif tengsla við fjölskyldu og stjórn foreldra á siðrof og sjálfsvígshegðun unglinga. Niðurstöður þeirra sýna að tengsl við fjölskyldu skipta meira máli en stjórn foreldra, og eru unglingar með sterk fjölskyldutengsl síður líklegir til sjálfsvígstilrauna.

Niðurlag

Það þarf ekki annað en að fletta dagblaði eða horfa á sjónvarpsfréttir til að sjá mikilvægi heilbrigðisumræðu á Íslandi. Á undanförunum árum hefur þessi umræða snúist um nánast alla þætti heilbrigðisþjónustunnar, til dæmis kostnað, aðgengi og skipulag. Sjónarhorn félagsfræðinnar er mikilvægt til að hjálpa okkur að skilja þessa þætti, til að mynda hugsanlegar afleiðingar af ólíkri skipulagningu heilbrigðismála. En það er ekki síður mikilvægt að velta fyrir sér hvernig félagsfræðin getur hjálpað okkur að skilja hluti sem eru ekki eins sýnilegir. Í því sambandi má benda á spurningar um af hverju Íslendingar skilgreina veikindi á tiltekinn hátt, hvernig einstaklingar bregðast við veikindum, hvaða hópar hafa vald til að skilgreina hvað telst heilbrigt og hvað telst veikindi, og áhrif velferðarskipulagsins á almannaeilsu. Íslenskir félagsfræðingar geta lagt umtalsvert af mörkum til um-

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

ræðu um ólíkar hliðar heilbrigðismála, þar sem hið félagsfræðilega sjónarhorn varpar mikilvægu ljósi á tengsl einstaklings og samfélags og gerir okkur kleift að sjá hvernig þættir sem við álitum óumbreytanlega eru í rauninni af einstaklingum og hópum skapaðir. Í þessu samhengi verður mikilvægi samanburðarrannsókna seint vanmetið. Íslenskir fræðimenn hafa verið meðvitaðir um þetta í rannsóknum sínum, og má þar nefna unglingarannsóknir Þórólfs Þórlindssonar og fleiri, lífs-kjararannsóknir Stefáns Ólafssonar og heilbrigðiskannanir Rúnars Vilhjálmssonar. Þessar rannsóknir eru ýmist hluti af alþjóðlegri gagnaöflun eða nota alþjóðlega staðla sem gefa kost á samanburði við önnur lönd. Afar mikilvægt er að framhald verði á slíku starfi, þar sem þessi gögn bjóða samtímis upp á möguleika til að skilja íslenskt samfélag betur og til að bera það saman við önnur samfélög.

Mikilvægt er fyrir félagsfræðinga að koma sjónarhorni greinarinnar á framfæri í opinberri umræðu. Í því sambandi má benda á að umfjöllun um geðræn vandamál hefur aukist til muna í íslensku samfélagi. Til dæmis voru geðræn vandamál varla nefnd í heilbrigðisáætlun sem var samþykkt 1991, en árið 2001 er geðheilbrigði eitt af átta forgangsverkefnum í heilbrigðismálum. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er bent á að geðsjúkdómar og geðraskanir séu meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi, þeir valdi einna mestu vinnutapi og séu með dýrustu sjúkdómum samfélagsins. Heildaralgengi geðraskan á Íslandi er talið vera um 22%, sem þýðir að um 50.000 Íslendingar þjást af einhverskonar geðrænum vandamálum á hverjum tíma (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2001). Það er jákvætt að geðræn vandamál séu orðin hluti af opinberri stefnumótun og umræðu á Íslandi, þar sem að slík vandamál hafa alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, fjölskyldur þeirra, og samfélagið í heild. Þessi þróun eykur mikilvægi hins félagsfræðilega sjónarhorns til skilnings á þáttum á borð við hvers vegna þessar hugmyndir komu fram á þessum tíma, hvernig þær tengjast þróun í öðrum löndum, hvernig geðræn vandamál eru skilgreind, hverjir eru líklegastir til að þjást af þeim og hvaða áhættuþættir tengjast slíkum vandamálum.

Heilsufélagsfræðin hefur vaxið gríðarlega á fáum áratugum og ótal tækifæri bíða heilsufélagsfræðinga framtíðarinnar. Í þessum kafla hefur verið lögð áhersla á þau rannsóknarefni sem eiga sér langa sögu innan heilsufélagsfræðinnar og mikið hefur verið fjallað um. Félagsfræðin á auðveldast með að vekja athygli á sínu sjónarhorni á tímum örra þjóðfélagsbreytinga (Pescosolido og Kronenfeld, 1995). Með útrýmingu ýmissa smitsjúkdóma sem fyrrum hrjáðu vestræn samfélög hefur dreifing og eðli sjúkdóma gerbreyst. Viðvarandi heildufarsvandamál eru mun útbreiddari og margir þurfa að lifa langa ævi með slíkum vandamálum. Þessar breytingar hafa að vonum haft í för með sér breytingar á kenningum félagsfræðinga um heilsu og veikindi. Tækniframfarir, til dæmis á sviði erfðarannsókna, tækni- og glasafrjóvgana og hrörnunarsjúkdóma, krefjast breyttrar umræðu um ábyrgð samfélags-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ins á heilsu þegna sinna og nýrra félagsfræðilegra kenninga. Rannsóknir og kenningar um siðferði læknavísindanna verða því sífellt mikilvægari í kjölfar þessara tækniframfara (t.d. Anspach, 1993; Bosk, 1992; Zussman, 1992).

Pescosolido, McLeod og Alegría (2000) benda á að samband læknavísinda og samfélagsins standi á krossgötum, þar sem breyttar þjóðfélagsaðstæður og viðhorf kalli á breytta hugsun um samband heilbrigðis, veikinda og samfélags. Þær leggja áherslu á sterk kenningarleg tengsl heilsufélagsfræðinnar við almenna félagsfræði og viðfangsefni hennar, sem felast meðal annars í því að skilja þróun nútímasamfélagsins. Þær benda á fjórar grundvallarspurningar félagsfræðinnar sem heilsufélagsfræðingar ættu að leitast við að svara. Þessar spurningar snúa að því hvernig félagslegt umhverfi hamlar einstaklingum og hvernig þeir geta tekist á við slíkar hömlur; áhrifum stofnana og samfélags á einstaklinga og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á þessar stofnanir; sambandinu milli vísindalegrar félagsfræði og margbreytileika félagsveruleikans og sambandinu milli kenninga, rannsókna og stefnumótunar. Heilsufélagsfræðin, líkt og félagsfræðin sjálf, hlýtur að hafa það markmið að auka fræðilega þekkingu án þess að missa sjónar af mikilvægi þess að taka þátt í almennt þjóðfélagsumræðu, skilja og bæta aðstæður einstaklinga í samfélaginu og tengsl einstaklinga og samfélags.

ABSTRACT IN ENGLISH

Medical sociology is the subfield of sociology that focuses on societal definitions of health and illness. Additionally, it pays attention to how individuals, groups and societies respond to health problems. This chapter provides an overview of some of the major research areas of medical sociology, such as the social construction of health and illness, the relationship between social location and health, help-seeking behavior and utilization, the medical profession and other health professions, and the social organization of health care. Special attention is given to research on health and illness in Iceland, exploring both research findings in Iceland and putting them into a comparative perspective.

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

HEIMILDIR

- Abbott, Andrew D. 1988. *The System of Professions: An Essay on the Division of Expert Labor*. Chicago, IL: University of Chicago Press.
- Aneshensel, Carol S. og Jo C. Phelan (ritstj.). 1999. *Handbook of the Sociology of Mental Health*. New York: Kluwer.
- Andersen, Ronald og John F. Newman. 1973. „Societal and individual determinants of medical care utilization.“ *Milbank Memorial Fund Quarterly*, 51, 95–124.
- Andersen, Ronald M. 1968. *A Behavioral Model of Families' Use of Services*. Chicago, IL: Center for Health Administration Studies, University of Chicago.
- Andersen, Ronald M. 1995. „Revisiting the behavioral model and access to medical care: Does it matter?“ *Journal of Health and Social Behavior*, 36, 1–10.
- Annadís G. Rúðolfsdóttir. 2000. 'I am not a patient, and I am not a child': The institutionalization and experience of pregnancy.“ *Feminism and Psychology*, 10, 337–350.
- Anspach, Renee R. 1993. *Deciding Who Lives: Fateful Choices in the Intensive-Care Nursery*. Berkeley, CA: University of California Press.
- Ása Guðmundsdóttir og Hildigunnur Ólafsdóttir. 2001. „Konur og áfengi.“ Bls. 144–151 í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir: Handbók fyrir heimili og skóla*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Barracough, B., D. Shepherd, og C. Jennings. 1977. „Do newspaper reports of coroners' inquests incite people to commit suicide?“ *British Journal of Psychiatry*, 131, 528–532.
- Becker, Howard S., Blanche Geer, Everett C. Hughes og Anselm L. Strauss. 1961. *Boys in White: Student Culture in Medical School*. Chicago: University of Chicago Press.
- Berger, Peter L. og Thomas Luckmann. 1966. *The Social Construction of Reality: A Treatise in the Sociology of Knowledge*. Garden City, NY: Doubleday.
- Bird, Chloe E., Peter Conrad og Allen M. Fremont (ritstj.). 2000. *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Bloom, Samuel W. og William B. Blythe. 2002. *The Word as Scalpel: A History of Medical Sociology*. New York: Oxford University Press.
- Bosk, Charles L. 1979. *Forgive and Remember: Managing Medical Failure*. Chicago, IL: University of Chicago Press.
- Bosk, Charles L. 1992. *All God's Mistakes: Genetic Counseling in a Pediatric Hospital*. Chicago, IL: University of Chicago Press.
- Charmaz, Kathy. 1991. *Good Days, Bad Days: The Self in Chronic Illness and Time*. New Brunswick, NJ: Rutgers University Press.
- Clausen, J. og M. Yarrow. 1955. „Pathways to the mental hospital.“ *Journal of Social Issues*, 11, 25–32.
- Cockerham, William C. 2001. „Medical sociology and sociological theory.“ Bls. 2–22 í W.C. Cockerham (ritstj.), *The Blackwell Companion to Medical Sociology*. Malden, MA: Blackwell Publishers.
- Cockerham, William C. 2004. *Medical Sociology*, 9th ed. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Conrad, Peter. 1975. „The discovery of hyperkinesis: Notes on the medicalization of deviant behavior.“ *Social Problems*, 23, 12–21.
- Conrad, Peter og Joseph W. Schneider. 1992. *Deviance and Medicalization: From Badness to Sickness*. Philadelphia, PA: Temple University Press.
- Dohrenwend, Bruce P. og Barbara S. Dohrenwend. 1976. „Sex differences and psychiatric disorders.“ *American Journal of Sociology*, 81, 1447–1454.
- Durkheim, Emile. ([1897] 1951). *Suicide: A Study in Sociology*. London: Routledge.
- Einar Þór Þórarinnsson, Þórður Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Helgi Sigvaldason og Nikulás Sigfússon. 2001. „Leit að þáttum er skýra samband menntunar og dánartíðni.“ *Læknablaðið*, 86, 91–99.
- Fishbein, Martin og Icek Ajzen. 1975. *Belief, Attitude, Intention, and Behavior: An Introduction to Theory and Research*. Reading, MA: Addison-Wesley.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Fox, Renee. 1957. „Training for Uncertainty.“ Bls. 207–241 í R.K. Merton (ritstj.), *The Student Physician: Introduction Studies in the Sociology of Medical Education*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Freidson, Eliot. 1970. *Profession of Medicine: A Study of the Sociology of Applied Knowledge*. New York: Harper & Row.
- Goffman, Erving. 1961. *Asylums: Essays on the Social Situation of Mental Patients and Other Inmates*. Garden City, NY: Anchor Books.
- Gove, Walter R. 1980. „Labeling and mental illness: A critique.“ Bls. 53–109 í W.R. Gove (ritstj.), *Labeling Deviant Behavior*. Beverly Hills, CA: Sage.
- Gove, Walter R. og Jeannette F. Tudor. 1973. „Adult sex roles and mental illness.“ *American Journal of Sociology*, 78, 812–835.
- Guðlaug J. Sturludóttir. 1997. *Viðhorf fólks til forgangsruðunar í heilbrigðiskerfinu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hafferty, Frederic W. 1991. *Into the Valley: Death and the Socialization of Medical Students*. New Haven, NJ: Yale University Press.
- Hafferty, Frederic W. og John B. McKinlay. 1993. *The Changing Medical Profession: An International Perspective*. New York: Oxford University Press.
- Haug, Marie R. 1973. „Deprofessionalization: An alternative hypothesis for the future.“ *Sociological Review Monograph*, 20, 195–211.
- Haug, Marie R. 1975. „The deprofessionalization of everyone?“ *Sociological Focus*, 3, 197–213.
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. 2001. *Heilbrigðisáætlun til ársins 2010*. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
- Helgi Gunnlaugsson. 2002. „Sjúkdómsvætt samfélag.“ *Morgunblaðið*, 6. desember 2002, bls. 52.
- Hibell, Bjorn, Barbro Andersson, Salme Ahlstrom, Olga Balakireva, Þóroddur Bjarnason, Anna Kokkevi og Mark Morgan. 2001. *The 1999 ESPAD Report: Alcohol and Other Drug Use Among Students in 30 European Countries*. Stockholm: Evrópuráðið og CAN.
- Hollingshead, August de Belmont og Fredrick C. Redlich. 1958. *Social Class and Mental Illness: A Community Study*. New York: Wiley.
- Horwitz, Allan V. 1977. „Social networks and pathways to psychiatric treatment.“ *Social Forces*, 56, 86–105.
- Horwitz, Allan V. og Teresa L. Schneid (ritstj.). 1999. *A Handbook for the Study of Mental Health: Social Context, Theories, and Systems*. Cambridge, UK: Cambridge University Press.
- House, James. 2002. „Understanding social factors and inequalities in health: 20th century progress and 21st century prospects.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 43, 125–142.
- Ingibjörg H. Elíasdóttir og Rúnar Vilhjálmsson. 2001. „Tengsl vinnuálagspáttar og sjálfstjórnar í vinnu við heilsufar.“ Bls. 95–100 í Herdís Sveinsdóttir og Ari Nyysti (ritstj.), *Framtíðarsýn innan heilsugæslubjúkrunar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhann Ágúst Sigurðsson. 2002. „Sjúkdómsvæðing og siðferðileg álitamál.“ *Morgunblaðið*, 13. október 2002.
- Kadushin, Charles. 1966. „The friends and supporters of psychotherapy: On social circles in urban life.“ *American Sociological Review*, 31, 786–802.
- Karp, David Allen. 1996. *Speaking of Sadness: Depression, Disconnection, and the Meanings of Illness*. New York: Oxford University Press.
- Kessler, Ronald C., Katherine A. McGonagle, Shanyang Zhao, Christopher B. Nelson, Michael Hughes, Suzann Eshleman, Hans-Ulrich Wittchen og Kenneth S. Kendler. 1994. „Lifetime and 12-month prevalence of DSM-III-R psychiatric disorders in the United States.“ *Archives of General Psychiatry*, 51, 8–19.
- Kleinman, Arthur. 1988. *Rethinking Psychiatry: From Cultural Category to Personal Experience*. New York: Free Press.

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA

- Kristinn Ólafsson og Ingólfur Árnason. 1998. *Landlæknisembættið: Markaðsrannsókn, mars 1998*. Reykjavík: Gallup.
- Kristinn Tómasson og Tómas Zöega. 1993. „Sjálfsvíg og önnur voveifleg mannsát á Íslandi 1951–1990.“ *Læknablaðið*, 79, 71–76.
- Kristín Björnsdóttir. 1994. „Sjálfskilningur íslenskra hjúkrunarkvenna á tuttugustu öldinni: Orðræða og völd.“ Bls. 203–241 í Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.), *Fléttur: Rit Rannsóknarstofu í kvennafræðum*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvennafræðum.
- Light, Donald W. 1995. „Countervailing powers: A framework for professions in transition.“ Bls. 24–41 í T. Johnson, G. Larkin og M. Saks (ritstj.), *Health Professions and the State in Europe*. London: Routledge.
- Link, Bruce G. og Jo C. Phelan. 1996. „Understanding sociodemographic differences in health: The role of fundamental causes.“ *American Journal of Public Health*, 86, 471–473.
- Link, Bruce G. og Jo C. Phelan. 1995. „Social conditions as fundamental causes of disease.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 35, e80–e94.
- Link, Bruce G. og Jo C. Phelan. 2000. „Evaluating the fundamental cause explanation for social disparities in health.“ Bls. 33–46 í C.E. Bird, P. Conrad, og A.M. Fremont (ritstj.), *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Link, Bruce G. og Jo C. Phelan. 2001. „Conceptualizing stigma.“ *Annual Review of Sociology*, 27, 363–385.
- Lipset, Seymour Martin og William Schneider. 1987. *The Confidence Gap: Business, Labor, and Government in the Public Mind*. Baltimore: Johns Hopkins University Press.
- Martin, Jack K., Bernice A. Pescosolido og Steven A. Tuch. 2000. „Of fear and loathing: The role of ‘disturbing behavior’, labels, and causal attributions in shaping public attitudes toward persons with mental illness.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 41, 208–223.
- McKinlay, John B. 1973. „On the professional regulation of change.“ *Sociological Review Monograph*, 20, 61–84.
- McKinlay, John B. 1977. „The business of good doctoring or doctoring as good business: Reflections on Freidson’s view of the medical game.“ *International Journal of Health Services*, 30, 459.
- McKinlay, John B. og John D. Stoeckle. 1988. „Corporatization and the social transformation of doctoring.“ *International Journal of Health Services*, 18, 191–205.
- McKinlay, John B. 1996. „Some contributions from the social system to gender inequalities in heart disease.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 37, 1–26.
- Mechanic, David. 1996. „Changing medical organization and the erosion of trust.“ *Milbank Quarterly*, 74, 171–189.
- Mechanic, David og David A. Rochefort. 1996. „Comparative medical systems.“ *Annual Review of Sociology*, 22, 239–270.
- Merton, Robert K., George G. Reader og Patricia L. Kendall. 1957. *The Student-Physician: Introductory Studies in the Sociology of Medical Education*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Mirowsky, John, Catherine E. Ross og John Reynolds. 2000. „Links between social status and health.“ Bls. 47–67 í C.E. Bird, P. Conrad og A.M. Fremont (ritstj.), *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Morgall, Janine M. og Anna Birna Almarsdóttir. 1999. „No struggle, no strength: How pharmacists lost their monopoly.“ *Social Science and Medicine*, 48, 1247–1258.
- OECD. 2002. „*OECD Health Data*.“ Paris: OECD
- Parsons, Talcott. 1939. „The professions and social structure.“ Bls. 185–199 í T. Parsons, *Essays in Sociological Theory*. Glencoe, IL: The Free Press.
- Parsons, Talcott. 1951. *The Social System*. Glencoe, IL: Free Press.
- Pescosolido, Bernice A. 1991. „Illness careers and network ties: A conceptual model of utilization and compliance.“ Bls. 164–181 í G. Albrecht (ritstj.), *Advances in Medical Sociology, Vol. 2*. Greenwich: JAI Press.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Pescosolido, Bernice A. og Carol A. Boyer. 1999. „How do people come to use mental health services? Current knowledge and changing perspectives.“ Bls. 391–411 í A.V. Horwitz og T.L. Scheid (ritstj.), *A Handbook for the Study of Mental Health: Social Context, Theories, and Systems*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Pescosolido, Bernice A. og Jennie J. Kronenfeld. 1995. „Health, illness, and healing in an uncertain era: Challenges from and for medical sociology.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 35, e5–e33.
- Pescosolido, Bernice A., Jane McLeod og Margarita Alegria. 2000. „Confronting the second social contract: The place of medical sociology in research and policy for the twenty-first century.“ Bls. 411–426 í C.E. Bird, P. Conrad, og A.M. Fremont (ritstj.), *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Pescosolido, Bernice A., Steven A. Tuch og Jack K. Martin. 2001. „The profession of medicine and the public: Examining Americans' changing confidence in physicians from the beginning of the 'health care crisis' to the era of health care reform.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 42, 1–16.
- Phillips, David P. 1974. „The influence of suggestion on suicide: Substantive and theoretical implications of the Werther effect.“ *American Journal of Sociology*, 39, 340–354.
- Phillips, David P. 1979. „Suicide, motor vehicle fatalities, and the mass media: Evidence toward a theory of suggestion.“ *American Journal of Sociology*, 84, 1150–1174.
- Phillips, David P. og L.L. Carstensen. 1986. „Clustering of teenage suicides after television news stories about suicide.“ *New England Journal of Medicine*, 315, 685–689.
- Regier, D.A., W.E. Narrow, D.S. Rae, R.W. Manderscheid, B.Z. Locke og F.K. Goodwin. 1993. „The de facto US mental and addictive disorder service system: Epidemiological catchment area 1-year prevalence rates of disorders and services.“ *Archives of General Psychiatry*, 50, 85–94.
- Rieker, Patricia P. og Chloe E. Bird. 2000. „Sociological explanations of gender differences in mental and physical health.“ Bls. 98–113 í C.E. Bird, P. Conrad og A.M. Fremont (ritstj.), *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Ritzer, George og David Walczak. 1988. „Rationalization and the deprofessionalization of physicians.“ *Social Forces*, 67, 1–22.
- Robert, Stephanie og James House. 2000. „Socioeconomic inequalities in health: An enduring sociological problem.“ Bls. 79–97 í C.E. Bird, P. Conrad og A.M. Fremont (ritstj.), *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.
- Rosenhan, D. 1973. „On being sane in insane places.“ *Science*, 179, 250–258.
- Rosenstock, Irwing M. 1966. „Why people use health services.“ *Milbank Quarterly*, 44, 94–124.
- Ross, Catherine E. og Cloe E. Bird. 1994. „Sex stratification and health lifestyle: Consequences for men's and women's perceived health.“ *Journal of Health and Social Behavior*, 35, 161–178.
- Rúnar Vilhjálmsson. 1995. „Samhjálp og geðheilsa: Bein tengsl eða stuðpúðavirkni.“ Bls. 161–173 í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rúnar Vilhjálmsson. 1996. „Íslenskt þjóðfélag og heilsufar.“ Bls. 83–96 í *Heilbrigðisskýrslum* (Fylgirit 3). Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
- Rúnar Vilhjálmsson. 1998a. „The direct and indirect effects of chronic physical conditions on depression.“ *Social Science and Medicine*, 47, 603–611.
- Rúnar Vilhjálmsson. 1998b. „Aðstæður kvenna: Um uppeldisstofnanir, heimilið, vinnuna og fjármálin.“ Bls. 23–32 í Lilja Jónsdóttir (ritstj.), *Heilsufar kvenna*. Reykjavík: Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytið.
- Rúnar Vilhjálmsson. 2000. „Heilbrigðismál frá sjónarhóli félagsfræði.“ Bls. 335–350 í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rúnar Vilhjálmsson. 2001. „Hverjir leita til hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni? Niðurstöður úr nýlegri heilbrigðiskönnun meðal Íslendinga.“ Bls. 57–69 í Herdís Sveinsdóttir og Ari Nyysti (ritstj.), *Framtíðarsýn innan heilsugæsluhjúkrunar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

FÉLAGSFRÆÐI HEILSU OG VEIKINDA





- Rúnar Vilhjálmsson, Edda Jörundsdóttir, Hrönn Sigurðardóttir og Þórunn Björg Jóhannsdóttir. 2001. „Þættir tengdir aðgengi að lækniþjónustu á Íslandi.“ Bls. 70–94 í Herdís Sveinsdóttir and Ari Nyysti (ritstj.), *Framtíðarsýn innan heilsugæsluhjúkrunar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rúnar Vilhjálmsson, Ólafur Ólafsson, Jóhann Ág. Sigurðsson og Tryggvi Þór Herbertsson. 2001. *Aðgangur að heilbrigðisþjónustu á Íslandi*. Reykjavík: Landlæknisembættið.
- Scheff, Thomas J. 1966. *Being Mentally Ill: A Sociological Theory*. Chicago: Aldine.
- Sigrún Ólafsdóttir. 1999. „Sjálfsvíg ungs fólks.“ *Samfélagstíðindi*, 17, 19–37.
- Sigrún Ólafsdóttir. 2004. „Does Equality Matter? Stratification and Health in the United States and Iceland.“ Óbirt handrit.
- Smaje, Chris. 2000. „Race, ethnicity, and health.“ Bls. 114–128 í C.E. Bird, P. Conrad og A.M. Fremont (ritstj.), *Handbook of Medical Sociology*. Upper Saddle River: Prentice Hall.
- Snow, John, Wade Hampton Frost og Benjamin Ward Richardson. 1936. *Snow on Cholera*. New York: The Commonwealth Fund.
- Starr, Paul. 1982. *The Social Transformation of American Medicine*. New York: Basic Books.
- Stefán Hrafn Jónsson. 2004. „Lýðfræði Íslands.“ *Birtist í þessu riti*.
- Stefán Ólafsson. 1990. *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi Íslendinga, Dana, Finna, Norðmanna og Svía*. Reykjavík: Íðunn.
- Stefán Ólafsson. 1999. *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins.
- Straus, Robert. 1957. „The nature and status of medical sociology.“ *American Sociological Review*, 22, 200–204.
- Suchman, Edward A. 1964. „Sociomedical variations among ethnic groups.“ *American Journal of Sociology*, 70, 319–333.
- Szasz, Thomas S. 1961. *The Myth of Mental Illness: Foundations of a Theory of Personal Conduct*. New York: Dell.
- Thoits, Peggy A. 1985. „Self-labeling processes in mental illness: The role of emotional deviance.“ *American Journal of Sociology*, 91, 221–249.
- Verbrugge, Louis and Deborah L. Wingard. 1987. „Sex differentials in health and mortality.“ *Women and Health*, 12, 103–145.
- Waitzkin, Howard. 2000. *The Second Sickness: Contradictions of Capitalist Health Care*. Lanham, Md.: Rowman & Littlefield.
- Wilhelm Norðfjörð. 2001a. „Áhættuþættir sjálfsvíga og fyrirbyggjandi aðgerðir.“ Bls. 170–178 í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, *Fikniefni og forvarnir: Handbók fyrir heimili og skóla*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Wilhelm Norðfjörð. 2001b. *Sjálfsvíg ungs fólks á Íslandi: Samanburður á sjálfsvígum á Austurlandi og Höfuðborgarsvæðinu, 1984–1991*. Reykjavík: Landlæknisembættið.
- Wilkinson, Richard G. 1996. *Unhealthy Societies: The Afflictions of Inequality*. New York: Routledge.
- Williams, David R. 1990. „Socioeconomic differentials in health: A review and redirection.“ *Social Psychology Quarterly*, 53, 81–99.
- Williams, David R., Yan Yu, James S. Jackson og Norman Anderson. 1997. „Racial differences in physical and mental health: Socioeconomic status, stress, and discrimination.“ *Journal of Health Psychology*, 2, 335–351.
- Zola, Irving K. 1972. „Medicine as an institution of social control.“ *Sociological Review*, 20, 487–504.
- Zussman, Robert. 1992. *Intensive Care: Medical Ethics and the Medical Profession*. Chicago: University of Chicago Press.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1994. „Trends in Icelandic suicide rates 1951–1990.“ *Arctic Medical Research*, 53, 534–536.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. 1998. *Vímufnaneysla ungs fólks: Umbverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1994. „Suicidal ideation and suicide attempts in a population of Icelandic adolescents.“ *Artic Medical Research*, 53, 580–582.

Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1998. „Modeling Durkheim on the micro level: A study of youth suicidality.“ *American Sociological Review*, 63, 94–110.

FRAMTÍÐ ÍSLENSKRAR FÉLAGSFRAEÐI



ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

Póroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson

Íslensk félagsfræði hefur vaxið og dafnað á undanförunum áratugum og er búið nú orðin órjúflegur bluti samfélagsins. Staða hennar er sterk í íslenskum framhaldsskólum, og félagsfræðingar eru í föstum kennarastöðum við átta háskóladeildir. Brautskráðum félagsfræðingum hefur fjölgað ört og gegna þeir margvíslegum störfum í íslensku samfélagi. Félagsfræðilegar rannsóknir hafa áunnið sér fastan sess í stefnumótun á flestum sviðum íslenskrar stjórnsýslu og félagsfræðileg hugtök eru áberandi í opinberri umræðu. Tengsl greinarinnar hérlandis við erlend samfélög félagsfræðinga eru einnig sterk og niðurstöður íslenskra rannsókna hafa birst í flestum helstu tímaritum greinarinnar. Líkt og víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum gætir nokkurs sundurleysis í íslenskri félagsfræði, og mikilvægt er að styrkja innviði hennar.

Inngangur

Á alþjóðlegum vettvangi hafa kenningar og viðfangsefni félagsfræðinnar mótast mjög af félagslegum veruleika völdugra og fjölmennra iðnríkja – einkum Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Þýskalands. Stórstígar þjóðfélagsbreytingar á 19. öld skópu frumherja félagsfræðinnar í þessum löndum og að sama skapi hafði umbylting íslensks þjóðfélags á 20. öld djúptæk áhrif á landnám og vöxt íslenskrar félagsfræði. Sá var þó munur á að íslensk félagsfræði óx í skugga aldargamallar félagsfræðihéðar sem hentaði íslenskum veruleika ekki fyllilega. Efnahags- og félagsgerð smáríkja á borð við Ísland er að mörgu leyti frábrugðin staðalmyndum félagsfræðinnar og krefst því sérstakrar fræðilegrar nálgunar (sjá t.d. Baldacchino og Greenwood, 1998). Þess má víða sjá merki í verkum íslenskra félagsfræðinga. Til dæmis hefur stofnanabinding íslensks þjóðfélags verið tiltölulega laus í reipunum og stéttaskipting því verið með talsvert öðrum hætti en í þeim milljónaþjóðfélögum sem iðnvæddust á 19. öld. Íslenskir félagsfræðingar hafa því þurft að laga erlendar stéttakenningar að séríslenskum aðstæðum (sjá Inga Rúnar Eðvarðsson, 2004).

Af landnámi félagsfræðinnar á Íslandi

Saga íslenskrar félagsfræði hefur enn ekki verið skráð til hlítar, en í þessu safnríti hafa nokkur meginstef hennar þó verið rakin. Á fyrstu áratugum 20. aldar varð þúsundþjálasmíðurinn Guðmundur Finnbogason virkur þátttakandi í samfélagi

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Þeirra fræðimanna austan hafs og vestan sem lögðu grunninn að samskiptakenn-ingum félagsfræðinnar og á Íslandi var hann ötull talsmaður hins félagsfræðilega sjónarhorns (Jóhann Hauksson [2000] 2004; Þórólfur Þórlindsson, [1982] 2004, 1997). Árið 1941 birtist íslensk þýðing Guðmundar á inngangsbókinni *The Science of Society: An Introduction to Sociology* undir heitinu *Mannfélagsfræði* (Rumney, [1938] 1941). Sú fræði hlaut þó lítinn hljómgrunn og mörg ár liðu þar til félags-fræðin lét aftur á sér kræla í íslensku samfélagi.

Árið 1953 lauk Jóhannes Nordal fyrstur Íslendinga doktorsprófi í félagsfræði. Á þeim tíma var enginn vettvangur fyrir félagsfræðinga á Íslandi og ekki átti það fyrir Jóhannesi að liggja að starfa sem félagsfræðingur í íslensku háskólasamfélagi. Þótt dr. Nordal hafi tæpast harmað hlutskipti sitt sem bankastjóri Seðlabanka Ís-lands, glataðist félagsfræðinni þar öflugur liðsmaður og dýrmætt tækifæri til þess að ná forskoti í ört vaxandi háskólasamfélagi. Enn liðu því mörg ár án þess að fé-lagsfræðin næði viðspyrnu í íslensku þjóðfélagi.

Undirbúningur að námi í félagsfræði við Háskóla Íslands hófst loks árið 1965 að undirlagi Ármanns Snævarr háskólarektors (Inga Dóra Sigfúsdóttir, [1997] 2004), og veturinn 1968–69 steig félagsfræðin sín fyrstu skref í íslenskri akadem-íu með inngangsnámskeiði Lofts Guttormssonar sagnfræðings við Kennaraháskóla Ís-lands (Þórólfur Þórlindsson [1982] 2004). Námsbraut í þjóðfélagsfræði var stofn-uð við Háskóla Íslands árið 1970, og var Þorbjörn Broddason eini félagsfræðingur-inn í hópi kennara fyrstu árin. Félagsfræði var í fyrstu kennd sem stoðgrein þjóð-félagsfræðinnar, en við stofnun félagsvísindadeildar Háskóla Íslands árið 1976 varð félagsfræðin aðalgrein til BA-prófs og kom Þórólfur Þórlindsson þá til starfa við deildina. Árið 1980 bættist Stefán Ólafsson í hópinn, og árið eftir hóf Dóra S. Bjarnason störf við Kennaraháskóla Íslands. Í upphafi níunda áratugarins voru því fjórir félagsfræðingar í fastri kennarastöðu við íslenska háskóla, en þeim átti brátt eftir að fjölga.

Á næstu áratugum óx félagsfræðinni fiskur um hrygg í íslensku háskólasamfé-lagi. Þrír félagsfræðingar til viðbótar hófu störf við félagsvísindadeild Háskóla Ís-lands og félagsfræðingar komu einnig til starfa við námsbraut í hjúkrunarfræði (síðar hjúkrunarfræðideild), guðfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild skólans. Félagsfræðingar voru einnig ráðnir til starfa við Háskólann í Reykjavík, Viðskipta-háskólann á Bifröst og ýmsar deildir Háskólans á Akureyri.

Árið 1996 var félagsfræðiskor stofnuð innan félagsvísindadeildar Háskóla Ís-lands og meistaranám í félagsfræði hófst þar sama ár. Með þessum skipulagsbreyt-ingum jókst sjálfræði félagsfræðinnar innan Háskóla Íslands og hin nýja skor fékk tækifæri til að móta séríslenskt framhaldsnám í félagsfræði. Á haustmánuðum 2003 hófst svo kennsla við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Inn-an þeirrar deildar hefur hugtakið *þjóðfélagsfræði* verið endurvakið sem samheiti fé-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

lagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði, og er félagsfræði þar að nýju ein stoðgreina BA-náms. Með þessu hefur myndast ákveðið mótvægi við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og mun það að líkindum hafa umtalsverð áhrif á vöxt og viðgang félagsfræðinnar á næstu árum.

Undirstaða félagsfræðinnar er margþættari en annarra greina félagsvísindanna í íslensku háskólasamfélagi. Kjarna hennar er að finna í félagsvísindadeild Háskóla Íslands, en ólíkt flestum öðrum skorum deildarinnar er félagsfræðiskor fjölfagleg, og rúmast þar auk hreinnar félagsfræði nám í borgarfræði, fjölmiðlafræði, hagnýtri fjölmiðlun, kynjafræði, námsráðgjöf og tómstundafræði. Félagsráðgjöf var einnig hluti félagsfræðiskorar fram til ársins 2004. Slíkt sambýli er í góðu samræmi við fjölfræðilegt eðli félagsfræðinnar og hefur að mörgu leyti breikkað grundvöll félagsfræðinnar innan háskólasamfélagsins. Fyrir vikið hefur stjórnsýsluleg staða félagsfræðinnar sem slíkrar innan háskólans þó verið veikari en ella. Félagsfræðingar eru aðeins um helmingur kennara við skorina, og aðeins um þriðjungur þeirra gegnir stöðu í félagsfræðinni sem slíkri. Þetta mun þó að líkindum breytast með fyrirhuguðum breytingum á skorarskiptingu félagsvísindadeildar.

Fjölgun félagsfræðinga við aðrar háskóladeildir hefur jafnframt leitt til þess að nú starfar um helmingur félagsfræðinga í háskólastöðum á Íslandi utan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Þessi fjölbreytni leggur samtökum félagsfræðinga auknar skyldur á herðar, þar sem samheldni greinarinnar hvílir að verulegu leyti á samvinnu og samstarfi þvert á deildarmúra og landamæri háskólastofnana.

Menntun íslenskra félagsfræðinga

Frá stofnun námsbrautar í þjóðfélagsfræði árið 1970 til ársloka 2000 útskrifaðist 331 félagsfræðingur með BA-próf í félagsfræði eða þjóðfélagsfræði frá Háskóla Íslands (Árbók Háskóla Íslands, 2000; Kolbrún Ósk Hrafnadóttir, 2004). Það sem af er 21. öldinni hafa að meðaltali 22 nemendur útskrifast með BA-próf í félagsfræði á ári hverju (Árbók Háskóla Íslands, 2001, 2002) og munu íslenskir félagsfræðingar því vera um fjögur hundruð um þessar mundir. Haustið 2003 voru 185 nemendur skráðir í BA-nám í félagsfræði, eða um 2% nemenda í Háskóla Íslands og um 11% nemenda félagsvísindadeildar. Því má gera ráð fyrir því að BA-félagsfræðingum fjölgi mjög á næstu árum.

Fjöldi Íslendinga hefur einnig lokið framhaldnámi í félagsfræði. Meðal þeirra sem tóku þátt í könnun Kolbrúnar Hrafnadóttur (2001, 2004) höfðu 58 lokið meistaraprófi í árslok 2000, eða um 17,5% heildarinnar. Frá þeim tíma hafa nokkrir til viðbótar lokið MA-prófi, auk þess sem allnokkur hópur fólks með BA-próf úr öðrum greinum hefur lokið MA-námi í félagsfræði. Íslenskum doktorum í félagsfræði hefur einnig fjölgað jafnt og þétt og munu þeir nú vera nokkuð á þriðja tug. Áætla má að hátt í hundrað Íslendingar hafi lokið meistara- eða doktorsprófi í

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

greininni, auk þess sem nokkur fjöldi leggur stund á slíkt nám um þessar mundir.

Fram til þessa hafa allir íslenskir doktorar og um helmingur MA-félagsfræðinga lokið prófum frá erlendum háskólum. Af þessum hópi hafa fjórir af hverjum fimm stundað nám í Bandaríkjunum, Bretlandi eða Svíþjóð (Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir, 2001), þar á meðal velflestir íslenskir háskólakennarar í félagsfræði. Íslenskir félagsfræðingar hafa þó einnig stundað framhaldsnám í Belgíu, Danmörku, Kanada, Noregi og Þýskalandi. Af þessum sökum eru alþjóðleg tengsl félagsfræðinga hér á landi margslungnari en víðast hvar annars staðar. Þetta hefur einnig leitt til þess að erlendir félagar standa íslenskum félagsfræðingum að sumu leyti nær en landar þeirra sem numið hafa innan félagsfræðihéða annarra landa.

Fjölbreytni í framhaldsnámi íslenskra félagsfræðinga hefur sett talsvert mark á samfélag þeirra hérlandis. Í námi sínu hafa þeir tileinkað sér margvísleg kenningarleg sjónarhorn og ýmsar aðferðir við meðhöndlun og úrvinnslu gagna. Fyrir vikið endurspeglast hið alþjóðlega samfélag félagsfræðinnar ótrúlega vel í hinu fámenna íslenska samfélagi. Þessi mynd kann að breytast allnokkuð með eflingu framhaldsnáms í félagsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Á annan tug félagsfræðinga hefur þegar lokið þaðan MA-prófi í félagsfræði og þess er skammt að bíða að fyrsti félagsfræðingurinn ljúki doktorsprófi við deildina.

Auknir námsmöguleikar í félagsfræði innanlands hefur styrkt sameiginlegan kjarna íslenskrar félagsfræði til muna, en um leið hefur aukist hættan á því að hún einangrist og úrkynjist í fámennu háskólasamfélagi. Félagsfræðin er í eðli sínu alþjóðleg og hún getur aðeins vaxið og dafnað hérlandis í stöðugum samskiptum við félagsfræði annarra landa (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, [2002] 2004). Það yrði greininni því til mikils skaða ef þorri íslenskra háskólakennara í félagsfræði stundaði allt sitt nám innan einnar háskólaskorar og því verður að gæta þess að ferskir straumar berist áfram til landsins með fræðimönnum sem stundað hafa nám víðsvegar um heim. Draga má úr einangrun framhaldsnáms við íslenska háskóla með því að nemendur stundi hluta náms síns við tiltekna erlendar háskóla-deildir, og mikill styrkur væri að fleiri erlendum námsmönnum í félagsfræði við íslenska háskóla. Þó er mikilvægast að gæta þess að framhaldsnám félagsfræðinga erlendis leggist ekki af, og að íslenskir háskólakennarar framtíðarinnar eigi fræðilegar rætur að rekja til fjölbreytilegra félagsfræðideilda í sem flestum löndum.

Störf íslenskra félagsfræðinga

Félagsfræðingar hafa haslað sér völl víða í íslensku atvinnulífi. Þeir starfa við rannsóknir á vegum háskólastofnana, ríkisstofnana og einkafyrirtækja, við opinbera stefnumótun á vegum ráðuneyta og sveitarstjórna, stjórnun atvinnufyrirtækja og stofnana, fjölmiðlun og aðra upplýsingaþjónustu – svo fátt eitt sé nefnt (Kolbrún Hrafnisdóttir, 2001, 2004). Traustur aðferðafræðilegur grunnur er einn helsti

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

styrkur félagsfræðinga á vinnumarkaði, og mikilvægt er að hlúð verði sérstaklega að þessum þætti námsins á komandi árum. Kennarar úr öðrum greinum en félagsfræði kenndu BA-nemendum við Háskóla Íslands aðferða- og tölfraði um langt skeið og starfandi félagsfræðingum hefur ekki enn gefist kostur á símenntun á þessu sviði. Vera má að nýstofnuð félagsvísindaskor við Háskólann á Akureyri og aukin áhersla á aðferðafræði í framhaldsnámi félagsfræðinnar við Háskóla Íslands muni stuðla að úrbótum á þessu sviði.

Menntamál eru stærsta einstaka starfssvið íslenskra félagsfræðinga, en um 19% þeirra starfa að þeim málum (Kolbrún Ósk Hrafnadóttir, 2004). Staða félagsfræðinnar í íslensku menntakerfi styrktist mjög með nýjum lögum um framhaldsskóla árið 1996, en með þeim varð félagsfræðabraut ein þriggja bóknámsbrauta sem veita undirbúning að háskólanámi. Flestir íslenskir framhaldsskólanemar fá nú nasasjón af hinu félagsfræðilega sjónarhorni og margir þeirra hafa talsverð kynni af helstu kenningum og aðferðum greinarinnar. Hlutdeild félagsfræðinnar í íslenskum framhaldsskólum kann að ráða miklu um framtíð greinarinnar hér á landi. Sjónarhorn félagsfræðinnar er að mörgu leyti ólíkt hefðbundinni sýn Íslendinga á samfélag sitt og menningu, og hljómgrunnur hennar mun að nokkru ráðast af því hve margir hafa af henni kynni á framhaldsskólastigi. Staða félagsfræðinnar í framhaldsskólum mun enn fremur ráða miklu um starfsmöguleika komandi kynslóða félagsfræðinga. Skiptir því miklu að vel takist til með kennslu félagsfræðinnar á framhaldsskólastigi, ekki síst hvað varðar fræðilegt sjónarhorn hennar og aðferðafræði.

Háskólakennsla hefur einnig orðið æ stærri þáttur í atvinnumálum íslenskra félagsfræðinga á undanförunum árum, en fjöldi félagsfræðinga í fastri kennslustöðu við íslenska háskóla hefur að jafnaði tvöfaldast á hverjum áratug. Árið 1974 var aðeins einn félagsfræðingur í slíkri stöðu hérlandis, fjórir árið 1984, en sjö árið 1994. Í ársbyrjun 2004 störfuðu fjórtán félagsfræðingar við átta háskóladeildir innan fjögurra íslenskra háskóla og um tugur þeirra fékkst við stundakennslu á háskólastigi. Auk þess gegndu að minnsta kosti fjórir Íslendingar kennarastöðum í félagsfræði við erlenda háskóla.

Pótt einkennilegt megi virðast hafa félagsfræðingar ekki leitt sókn félagsfræðinnar í framhaldsskólum og háskólum landsins á undanförunum árum. Ýmsir aðrir faghópar og pólitísk öfl hafa ráðið þar mestu og niðurstaðan hefur ekki alltaf endurspeglad styrkleika félagsfræðinnar. Þannig eru tengsl félagsfræðinnar á framhaldsskólastigi og háskólastigi tiltölulega veik, og næsta lítil umræða hefur verið um menntastefnu í félagsfræði. Má þar til dæmis nefna að með nýjum framhaldsskólalögum árið 1996 var grafið mjög undan stærðfræðinámi á félagsfræðabraut og kann það að hamla aðferðafræðinámi í félagsfræði og öðrum félagsvísindum á háskólastigi á komandi árum. Nánast engin formleg umræða virðist heldur hafa átt sér

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

stað meðal íslenskra félagsfræðinga um breytta stöðu greinarinnar í íslensku háskólasamfélagi við upphaf framhaldsnáms í félagsfræði við Háskóla Íslands árið 1996 eða stofnun félagsvísinda- og lagadeildar við Háskólann á Akureyri haustið 2003.

Samfélag íslenskra félagsfræðinga

Árið 1994 töldu Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason ([1994] 2004) alla íslenska félagsfræðinga komast þægilega fyrir í meðalstórum fyrirlestrarsal. Nú hafa á fimmta hundrað Íslendingar lokið háskólaprófi í félagsfræði, og hafa þeir því sprengt utan af sér flesta fyrirlestrasali á landinu. Enginn vafi leikur því lengur á því að hægt sé að tala um eiginlegt samfélag íslenskra félagsfræðinga fremur en tilölulega lítinn hóp einstaklinga með sambærilega menntun.

Fjölgun íslenskra félagsfræðinga og starfa þeirra við kennslu og rannsóknir hefur eflt samtakamátt þeirra. Lengi framan af áttu félagsfræðingar sér ekki eigin samtök, heldur störfuðu þeir innan félaga sem náðu til margra greina félagsvísindanna. *Félagsvísindafélagið* var stofnað við upphaf námsbrautar í þjóðfélagsfræði árið 1970, og átti það aðild að Norræna félagsfræðisambandinu. Félagsvísindafélagið gekk inn í *Félag þjóðfélagsfræðinga* við stofnun þess árið 1977 (Jóhann Hauks-son, 1984). Sama ár var stofnað til félags samfélagsfræðikennara í tólf greinum félagsvísindanna (Garðar Gíslason, 2002). *Félag félagsfræðikennara í frambaldsskólum* hefur starfað nær óslitið síðan og staðið að margvíslegum fundum, námskeiðum og félagsstarfi frambaldsskólakennara í félagsfræði og tengdum greinum (sjá vefsíðu Félags félagsfræðikennara, 2004). Félagsmenn þess munu vera um sjötíu talsins og eru þeir menntaðir í ýmsum greinum félagsvísindanna.

Með aukinni sérhæfingu stoðgreina þjóðfélagsfræðinnar á níunda áratugnum dró úr mætti Félags þjóðfélagsfræðinga, og stjórn málafræðingar og félagsfræðingar tóku að huga að stofnun eigin félaga í árslok 1994. *Félagsfræðingafélag Íslands* var stofnað árið 1995 og tók það við fyrri starfsemi Félags þjóðfélagsfræðinga. Félagið hefur frá upphafi verið mjög virkt og eru félagsmenn þess nú um hundrað talsins (sjá vefsíðu Félagsfræðingafélags Íslands, 2004). Félagið hefur tekið að sér mörg ný og krefjandi hlutverk, meðal annars innan Norræna félagsfræðingasambandsins. Á árunum 1999–2002 gegndi Guðbjörg Linda Rafnsdóttir formennsku í norræna sambandinu og Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson ritstýrðu norræna félagsfræðitímaritinu *Acta Sociologica* á tímabilinu 2001–2003. Í ágúst 2002 stóð íslenska félagið einnig fyrir 21. þingi norrænna félagsfræðinga á Íslandi sem á fjórða hundrað þátttakenda sótti, en síðast hafði norræna þingið verið haldið á Íslandi árið 1981 – undir umsjón danska félagsfræðingasambandsins.

Mikilvægt er að íslenskir félagsfræðingar efli samtakamátt sinn innan lands og utan á næstu árum. Norræna félagsfræðingasambandið hefur að mörgu leyti reynst

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

Íslendingum vel og engin ástæða er til að slíta þau tengsl. Þess ber þó að gæta að framtíð norræns samstarfs er almennt nokkuð óljós og stóraukin þátttaka norrænna félagsfræðinga í evrópsku samstarfi kann að draga nokkurn mátt úr norræna félaginu á næstu árum. Norræn félagsfræði er einnig fremur illa skilgreind og staða íslenskrar félagsfræði innan hennar oft óljós (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, [2002] 2004). Með hrakandi kunnáttu yngri kynslóða Íslendinga í svokölluðum Norðurlandamálum (dönsku, norsku og sænsku) kann þátttaka íslenskra félagsfræðinga á stórþingum evrópsku (ESA, 2004), bandarísku (ASA, 2004) og alþjóðlegu (ISA, 2004a) félagsfræðisamtakanna að aukast á kostnað norrænu félagsfræðiþinganna. Aukin sérhæfing félagsfræðinnar mun að líkindum ýta undir þessa þróun, enda geta aðeins stærstu þing almennrar félagsfræði keppt við fjölfaglegar sérgreinaráðstefnur hvað varðar fjölda málstofa um tiltekin rannsóknarefni. Íslenskir félagsfræðingar verða að hafa nánar gætur á þessari þróun á næstu árum.

Innanlands er einnig mikilvægt að efla samstarf milli samtaka félagsfræðinga. Þrátt fyrir öfluga starfsemi Félags félagsfræðikennara í framhaldsskólum og Félagsfræðingafélags Íslands á liðnum árum hafa tengsl félagsfræðinga á menntaskólastigi og háskólastigi verið tiltölulega lítil. Félögin hafa staðið að nokkrum sameiginlegum fundum, en slíkt samstarf hefur lítið náð inn fyrir dyr kennslustofanna. Íslenskir háskólakennarar hafa til dæmis ekki verið meðhöfundar að íslensku kennsluefni til notkunar á framhaldsskólastigi frá því Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason gáfu út kennslubók sína í þjóðfélagsfræðum fyrir framhaldsskóla árið 1977. Sú bók var tímamótaverk þó undirtitill hennar væri tilrauna-útgáfa. Hún var ófáanleg um langt skeið og erlendar og þýddar bækur voru notaðar í félagsfræðikennslu hér á landi í hartnær tvo áratugi. Á þessu hefur verið gerð nokkur bragarbót á síðustu árum og nýjar íslenskar kennslubækur í félagsfræði eftir starfandi framhaldsskólakennara hafa loks litið dagsins ljós (Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg og Stefán Karlsson, 2003; Hannes Í. Ólafsson, 2002; Garðar Gíslason, 2001, 2002; Þórunn Friðriksdóttir, 1996). Þessar bækur eru mikið framfaraspor og hafa enn styrkt félagsfræðina í sessi í íslensku menntakerfi. Umfjöllun þeirra um rannsóknir íslenskra félagsfræðinga er þó ekki ítarleg og ber þess merki hve lítil formleg tengsl eru milli háskólasamfélagsins og framhaldsskólanna. Aukin fræðileg og félagsleg tengsl milli þessara tveggja hópa félagsfræðikennara gætu styrkt stöðu íslenskrar félagsfræði umtalsvert á komandi árum.

Viðfangsefni íslenskrar félagsfræði

Árið 1994 skiptu Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason ([1994] 2004) íslenskri félagsfræði í (1) rannsóknir á þjóðfélagslegum aðstæðum á Íslandi og sögulegri þróun þeirra og (2) rannsóknir á þeim félagslegu og menningarlegu vandamálum sem fylgt hafa í kjölfar þjóðfélagsbreytinga. Á síðasta áratug hefur fjöl-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

breytni íslenskra rannsókna aukist til muna og fræðileg dýpt þeirra og skírskotun til margvíslegra alþjóðlegra viðfangsefna aukist að sama skapi. Þjóðfélagsbreytingar 20. aldarinnar eru þó enn í bakgrunni margra félagsfræðilegra rannsókna á Íslandi, hvort sem til dæmis er litið til rannsókna á afbrotum (Jón Gunnar Bernburg, 2004), fæðingartíðni (Stefán Hrafn Jónsson, 2004), sjónvarpsáhorfi landsmanna (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2004), rannsókna á félagsgerð sjávarútvegs (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004) eða hinni íslensku leið í velferðarmálum (Guðný Björk Eydal, 2004).

Íslenskar félagsfræðirannsóknir hafa löngum þótt beinast að söfnun áreiðanlegra upplýsinga um einkenni og þróun félagslegra þátta og hagnýtingu þeirra í stefnumótun fremur en kenningarlegum úrlausnarefnum eða samfélagsgagnrýni (Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason, [1994] 2004; Þórólfur Þórlindsson, [1982] 2004). Þetta kann að stórum hluta að stafa af návígi rannsóknarmanna við almenning og stefnumótendur. Eins og Þórólfur spáði fyrir um árið 1982 hefur íslenskur almenningur haft tilhneigingu til að líta á félagsfræðinga sem umdeilda sérfræðinga í þeim vandamálum sem efst eru á baugi hverju sinni. Til þess er ætlast að félagsfræðingar hafi eitthvað nýtsamlegt fram að færa þegar eftir því er leitað, svo sem skýrar tölulegar niðurstöður, gagnlegar lausnir á hagnýtum vandamálum eða skynsamlegar skýringar á sérstöðu Íslendinga í efnahagslegu, menningarlegu og pólitísku tilliti. Fræðilegum vangaveltum sem ganga gegn viðteknum hugmyndum landsmanna eða hagsmunum valdamikilla eða háværra hópa er oft illa tekið og margur félagsfræðingurinn hefur því skyndilega staðið berskjaldaður í pólitískri orrahríð. Á sokkabandsárum félagsfræðinnar var hún gjarnan talin vera vinstrisinnuð í eðli sínu, og almenningur átti oft erfitt með að skilja á milli fræðilegrar greiningar og pólitískrar hugmyndafræði. Nokkuð hefur dregið úr slíkum ruglingi á síðustu árum, en þó er mikilvægt að standa vörð um pólitíska hlutlægni greinarinnar sem gagnrýnnar fræðigreinar.

Félagsfræðileg viðfangsefni eru í eðli sínu fjölskrúðug og má þar til dæmis nefna að í ársbyrjun 2004 störfuðu 53 sérgreinafélög um tiltekin rannsóknarefni innan *Alþjóðasambands félagsfræðinga*, allt frá félagi um (a) afbrotufræði til (ö) félags um öldrunarfræði (ISA, 2004b). Flest þessara rannsóknarefna má finna í íslensku þjóðfélagi, og eru starfandi félagsfræðingar hérlandis því enn sem komið er umtalsvert færri en viðfangsefni þeirra. Af þessum sökum hafa íslenskir félagsfræðingar dreift kröftum sínum meira en títt er í öðrum löndum. Margir þeirra hafa skipt um rannsóknarsvið einu sinni eða oftar á starfsferli sínum og sumir starfa jafnvel á mörgum ólíkum sviðum samtímis. Þeir leita sér oft tilheyrenda og jafnvel samstarfsmanna meðal þeirra sem stunda rannsóknir á sömu viðfangsefnum út frá sjónarhorni annarra fræðigreina og er oft lítill munur á áherslum félagsfræðinga og annarra fræðimanna á tilteknu sviði. Þannig tvinnar lýðfræði Íslands til dæmis saman tölfræði, landafræði, sagn-

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

fræði, hagfræði og félagsfræði (Stefán Hrafn Jónsson, 2004), félagsfræði atvinnulífsins skarast við stjórnmálafræði, skipulagsfræði, stjórnunarfræði og vinnusálfræði (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2004), heilsufélagsfræðin er nátengd hjúkrunarfræði, læknisfræði, faraldsfræði og sálarfræði (Sigrún Ólafsdóttir, 2004) og kynjafræðin byggir á samspili félagsfræði, mannfræði, uppeldisfræði, heimspeki, guðfræði og sagnfræði svo eitthvað sé nefnt (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Rannsóknarframlag félagsfræðinga mun ráða miklu um framtíð greinarinnar. Íslenskir rannsóknasjóðir eru veikburða, og þau faglegu sjónarmið sem þar ráða ferðinni eru ekki alltaf hliðholl félagsfræðinni eða öðrum félagsvísindum. Styrkja verður stöðu félagsvísindanna á þessu sviði, og í því skyni verða félagsvísindamenn að standa þétt saman og kveða niður þær nágrannakrytur sem dregið hafa úr áhrifum félagsvísindanna á undangengnum árum. Jafnframt er mikilvægt að huga að nýjum möguleikum á alþjóðlegum styrkjum sem gætu eftir félagsfræðina enn frekar og aukið svigrúm í atvinnumálum félagsfræðinga. Útgáfumál greinarinnar eru þó sennilega brýnustu úrlausnarefni næstu ára.

Útgáfumál íslenskrar félagsfræði

Fræðileg útgáfa er forsenda vísindastarfs, en félagsfræðingar skiptast nokkuð í tvö horn hvað hefur slíkrar útgáfu varðar (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, [2002] 2004). Sumir þeirra leggja höfuðáherslu á bókaskrif sem gefa þeim kost á ítarlegri og viðamikilli greiningu, en aðrir einbeita sér að ritun knappari texta og tímaritsgreina sem höfða til sérhæfðari hóps lesenda. Innan beggja hefða er mat á fræðilegu innihaldi grundvallaratriði og gegnir ritrýni sérfræðinga þar lykilhlutverki. Ritrýnd útgáfa fræðibóka og fræðitímarita hefur hins vegar átt mjög undir högg að sækja á Íslandi og nauðsynlegt er að koma útgáfumálum félagsfræðinnar í viðunandi horf.

Á liðnum árum hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til útgáfu fræðilegra félagsvísindatímarita á íslensku. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands hóf útgáfu á *Íslenskum félagsritum* árið 1989 en útgáfa þess var alla tíð stopul. Tímaritið var ritrýnt fagtímarit allra þeirra sem stunda félagsvísindalegar rannsóknir á Íslandi og varpar saga þess að sumu leyti ljósi á erfiðleika þess að halda úti öflugri riti með jafningjamati í fámennu fræðasamfélagi. Árið 1997 kom 7.–9. árgangur þess út í einu tölublaði og hefur það ekki komið út síðan. *Samfélagstíðindi* þjóðfélagsfræðinema við Háskóla Íslands er langlífasta tímaritið á þessu sviði, en útgáfa þess hófst árið 1976. Lengi vel kom ritið út árlega, en síðast birtist það árið 1999. Tímaritið er þó ekki ritrýnt og fræðilegt gildi þess var talsvert mismunandi eftir árum og ritstjórnarstefnu nemenda. Árið 1989 kom út fyrsta tölublað tímarits sem nefndist *Þjóðmál: Árbók um samfélagsmál*, en ekki varð framhald á þeirri útgáfu. Ritrýnd greinaskrif íslenskra félagsfræðinga hafa því verið bundin við erlend fræðitímarit

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

og verða þau því yfirleitt að leggja meiri áherslu á samanburð og almenna skírskotun en þá séríslensku þætti sem fyrst og fremst eru áhugaverðir Íslendingum.

Íslensk bókaútgáfa í félagsfræði stendur í nokkru meiri blóma en tímaritaútgáfan. Hér á landi vantar þó sárlega sterkt akademískt forlag sem viðhaldið getur faglegum kröfum um ritrýni handrita og markaðssett útgáfu fræðirita með öflugum hætti. Háskólaútgáfa Háskóla Íslands hefur gegnt mikilvægu hlutverki við útgáfu fræðibóka, en fræðilegt mat og dreifing þeirra hefur yfirleitt farið eftir höfundum birtra verka fremur en forlaginu. Almennar bókaútgáfur hafa yfirleitt sýnt útgáfu félagsfræðibóka í félagsfræði lítinn áhuga, þótt á því séu mikilvægar undantekningar. Slíkar bókaútgáfur leggja eðli málsins samkvæmt meiri áherslu á söluvonir en fræðilegar framfarir og beita því sjaldnast formlegri fræðilegri ritrýni.

Þetta ástand mála má að stórum hluta rekja til félagsfræðinga sjálfra. Þeir eru oft tregir til að verja miklum tíma til fræðilegra skrifa fyrir hinn örsmáa íslenska markað, og kaupendur fræðibóka meðal þeirra hafa verið of fáir til að tryggja fjárhagslega afkomu slíkrar útgáfu. Lítilsvirðing fyrir höfundarrétti hefur þó að líkindum valdið innlendri fræðibókaútgáfu mestum spjöllum. Kennarar á framhalds- og háskólastigi sem láta kaupa eitt eintak af íslensku verki á bókasafn og fjölfalda síðan efni þess ár eftir ár spara nemendum sínum vissulega bókakaupafé, en kippa um leið stoðunum undan fræðilegri útgáfu á Íslandi. Umbætur í útgáfumálum félagsfræðinnar velta á því að félagsfræðingar og nemendur í félagsfræðinámskeiðum á framhaldsskóla- og háskólastigi kaupi slíkt efni sjálfir. Hér er brýn þörf á gagngerri hugarfarsbreytingu og hljóta samtök félagsfræðinga að gegna þar lykilhlutverki.

Framtíð íslenskrar félagsfræði

Framtíðarhorfur íslenskrar félagsfræði eru að mörgu leyti góðar. Staða hennar hefur störeflst í háskólasamfélaginu á síðustu árum og áratugum og skipta íslenskir félagsfræðingar nú hundruðum. Samfélag þeirra er fjölskrúðugt og samtök félagsfræðinga og félagsfræðikennara starfa af mikilli atorku. Fræðigreinin hefur einnig öðlast traustan sess í framhaldsskólum landsins og sjónarhorn hennar hefur sífellt meiri áhrif í almennt landsmálaumræðu. Rannsóknir íslenskra félagsfræðinga endurspeglar margbreytileika greinarinnar á alþjóðavettvangi og verk þeirra hafa birst í flestum helstu fræðitímaritum hennar. Framtíð íslenskrar félagsfræði mun þó að miklu leyti velta á því hversu vel félagsfræðingum tekst að styrkja innviði greinarinnar á næstu árum.

Fjölbreytni íslenskrar félagsfræði er einn helsti styrkur hennar, en hún hefur einnig að vissu leyti stuðlað að sundurleysi greinarinnar. Eins og sjá má af yfirlitsgreinum þessa rits er sívaxandi sérhæfing hluti af alþjóðlegri þróun félagsfræðinnar. Sérgreinar félagsfræðinnar hafa öðlast sífellt meira sjálfstæði á undanförunum áratugum, tímaritum innan sérgreinanna hefur fjölgað og vegur þeirra vaxið á kostnað

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

almennra félagsfræðitímarita. Alþjóðlegar ráðstefnur um tiltekin fjölfagleg viðfangsefni eru jafnframt sífellt betur sóttar á kostnað ársþinga félagsfræðisambandanna. Með sama hætti kenna félagsfræðingar sig æ oftari við sérsvið sín á opinberum vettvangi, og koma þannig almenningi fyrir sjónir sem til dæmis 'afbrotufræðingar', 'lýðfræðingar' ellegar 'byggðufræðingar' fremur en sem *félagsfræðingar*.

Hér er á ferðinni ákveðin öfugþróun sem full ástæða er til að sporna við. Hinar ýmsu sérgreinar félagsfræðinnar eiga sér ekki aðeins sameiginlegan uppruna, kenningarlegan grunn og aðferðafræði. Styrkur félagsfræðinnar liggur í fjölbreyttum viðfangsefnum sem kallast hvert á við annað. Þegar undirþættir félagsfræðinnar trosna hver frá öðrum missa þeir – og greinin í heild – töluvert af fræðilegum mætti sínum. Það er því verkefni næstu kynslóða félagsfræðinga að samþætta félagsfræðina að nýju og hin smærri samfélög félagsfræðinga kunna að reynast vel til þess verks fallin. Í hinu íslenska félagsfræðingasamfélagi gefst kostur á persónulegum samskiptum sem ganga þvert á skil undirgreina, rannsóknarhefðir mismunandi vestrænna landa og aðferðafræðileg deilumál. Beri íslenskum félagsfræðingum gæfa til þess að efla sameiginlegan þekkingargrunn sinn kann þeirra að bíða einstakt sóknarfæri á alþjóðlegum vettvangi.

ABSTRACT IN ENGLISH

Icelandic sociology has come into its own in the past decades and has now become an integral part of society. The discipline is securely positioned in Icelandic secondary schools, and sociologists are now on the faculty of eight university departments. The number of sociology graduates has increased substantially and they are employed throughout Icelandic society. Sociological research has earned a role in most areas of Icelandic governance and sociological concepts figure prominently in public discussion. The discipline also has strong ties with international sociological societies and the results of Icelandic research has been published in most major international sociology journals. The discipline does however lack a certain level of cohesion, and it is important to strengthen its infrastructure.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

HEIMILDIR

Árbók Háskóla Íslands. 2000–2002. Reykjavík: Háskóli Íslands.

ASA. 2004. *Vefsíða American Sociological Association*. <http://www.asanet.org>. Sótt 29. janúar, 2004.

Baldacchino, Godfrey og Robert Greenwood. 1998. *Competing Strategies of Socio-Economic Development for Small Islands (An Island Living)*. University of Prince Edwards Island.

Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg og Stefán Karlsson. 2003. *Kemur félagsfræði mér við?* Reykjavík: Iðnú.

ESA. 2004. *Heimasíða European Sociological Association*. <http://www.valt.helsinki.fi/esa>. Sótt 29. janúar, 2004.

Félag félagsfræðikennara. 2004. *Heimasíða félags félagsfræðikennara í frambaldsskólum*. <http://www.ismennt.is/not/soc/fefel.html>. Sótt 29. janúar, 2004.

Félagsfræðingafélag Íslands. 2004. *Heimasíða Félagsfræðingafélags Íslands*. <http://www.felagsfraedingar.is>. Sótt 29. janúar, 2004.

Garðar Gíslason. 2000. *Félagsfræði: Kenningar og samfélag*. Reykjavík: Mál og menning.

Garðar Gíslason. 2001. *Félagsfræði: Einstaklingur og samfélag*. Reykjavík: Mál og menning.

Garðar Gíslason. 2002. *Punktur úr sögu Félags félagsfræðikennara*. Félag félagsfræðikennara: http://www.ismennt.is/not/soc/_felag/saga.htm. Sótt 29. janúar, 2004.

Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2004. „Íslenskar fjölmiðlafræðirannsóknir á fertugsaldri.“ *Birtist í þessu riti*.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2004. „Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll.“ *Birtist í þessu riti*.

Guðný Björk Eydal. 2004. „Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna.“ *Birtist í þessu riti*.

Hannes Í. Ólafsson. 2002. *Ríkar þjóðir og snauðar*. Reykjavík: Mál og menning.

Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason. [1994] 2004. „Establishing a discipline: The impact of society on the development of Icelandic sociology.“ *Acta Sociologica*, 37, 303–312. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Fræðigreini skýtur rótum: Áhrif þjóðfélagsafla á þróun íslenskrar félagsfræði.“

Inga Dóra Sigfúsdóttir. [1997] 2004. „Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum: Áfangi að stofnun nýrrar deildar.“ *Íslensk félagsrit*, 7–9, 3–43. *Birtist í þessu riti* í styttri útgáfu.

Ingi Rúnar Eðvarðsson. 2004. *Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði*. *Birtist í þessu riti*.

ISA. 2004a. *Heimasíða International Sociological Association*. <http://www.ucm.es/info/isa/rc.htm>. Sótt 29. janúar, 2004.

ISA. 2004b. *Research Committees*. <http://www.ucm.es/info/isa/rc.htm>. Sótt 29. janúar, 2004.

Jóhann Hauksson. 1984. „Punktur úr sögu félagsins.“ *Fréttabréf Félags þjóðfélagsfræðinga*, 1(1), 1.

Jóhann Hauksson. [2000] 2004. „Mentality is half of perception: Guðmundur Finnbogason – Icelandic pioneer in sociology.“ *Acta Sociologica*, 43, 307–315. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Hugur ræður hálfri sjón: Guðmundur Finnbogason, íslenskur frumkvöðull félagsfræðinnar.“

Jón Gunnar Bernburg. 2004. „Afbrot og önnur frávík: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir.“ *Birtist í þessu riti*.

Kolbrún Ósk Hrafnadóttir. 2001. *Með félagsfræði í farteskinu*. BA-ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Kolbrún Ósk Hrafnadóttir. 2004. „Með félagsfræði í farteskinu: Nám og störf brautskráðra BA-nemenda í félagsfræði og þjóðfélagsfræði, 1974–2000.“ *Birtist í þessu riti*.

Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason. 1977. *Íslenska þjóðfélagið: Félagsgerð og stjórnkerfi*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Rumney, Jay. [1938] 1941. *The Science of Society: An Introduction to Sociology*. London: Duckworth. Bókin kom út í íslenskri þýðingu Guðmundar Finnbogasonar árið 1941 undir heitinu *Um Mannfélagsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Sigrún Ólafsdóttir. 2004. „Félagsfræði heilsu og veikinda.“ *Birtist í þessu riti*.

Stefán Hrafn Jónsson. 2004. „Lýðfræði Íslands.“ *Birtist í þessu riti*.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI VIÐ UPPHAF 21. ALDAR

- Þorgerður Einarsdóttir. 2004. „'Hið vísindalega er pólitískt': Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu.“ *Birtist í þessu riti*.
- Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. [2002] 2004. „Nordic impact: Article productivity and citation patterns in sixteen nordic sociology departments.“ *Acta Sociologica*, 45, 253–267. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Norræn áhrif í birtingum og tilvitnunum til tímaritsgreina í sextán norrænum félagsfræðideildum.“
- Þórólfur Þórlindsson. [1982] 2004. „Icelandic sociology: National conditions and the emergence of a new discipline.“ *Acta Sociologica*, 25(suppl.), 79–89. *Birtist í þessu riti* undir heitinu „Íslensk félagsfræði: Þjóðfélagsaðstæður við tilurð nýrrar fræðigreinar.“
- Þórólfur Þórlindsson. 1997. „Félagsvísindi nútímans og Guðmundur Finnbogason.“ Bls. 115–118 í Jóhann Hauksson (ritstj.), *Hugur ræður hálfri sjón: Um fræðastörf Guðmundar Finnbogasonar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þórunn Friðriksdóttir. 1996. *Félagsfræði*. Reykjavík: IDNÚ.

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Atriðisoðraskrá
ÓFRÁGENGIÐ

afbrotaferli, bls. 279
 afbrotahegðan, bls. 284
 afbrotarannsóknir, bls. 284
 afbygging, bls. 224, 225
 afsjúkdómsvæðing, bls. 302
 akademískur femínismi, bls. 210, 219, 225
 almannatryggingar, bls. 242, 243
 andfélagsleg hegðun, bls. 269, 270
 atferli á vinnustöðum, bls. 164
 atvinnuleysi, bls. 178-179
 atvinnulýðræði, bls. 179-180
 atvinnuþátttaka, bls. 178
 atvinnuþátttaka félagsfræðinga, bls. 21
 atvinnuþátttaka karla, bls. 177
 atvinnuþátttaka kvenna, bls. 177, 179
 áhrifastuðlar, bls. 126, 133-136
 áhættuhegðun, bls. 310
 átakakenningar, bls. 236, 302
 barnavernd, bls. 244
 boðskiptarannsóknir, bls. 259
 búferlaflutningar, bls. 156-159
 Chicago-skólinn, bls. 41-43
 Chicagostefnan, bls. 42
 dánartíðni, bls. 11, 151, 157-158
 eðlishygga, bls. 223
 eftirhermur, bls. 34
 einstaklingsfemínismi, bls. 214
 Evrópusamband félagsfræðinga, bls. 120
 fátækt, bls. 241, 242
 fátæktarmörk
 -algild, bls. 241
 -afstæð, bls. 241
 femínismi, bls. 211
 félag þjóðfélagsfræðinga, bls. 80
 félagsleg umönnunarbjonusta, bls. 240
 féagslegt taumhald, bls. 280
 félagsráðgjöf, bls. 51
 félagssálfræðilegar tilraunir, bls. 35-36
 félagssköpun, bls. 282
 félagssýsla, bls. 52
 firring, bls. 164, 167-168
 fjölhefðavísindi, bls. 94
 fjölmiðlafræði, bls. 260, 261, 270
 fjölmiðlarannsóknir, bls. 259

fjölskyldulýðræði, bls. 145
 fjölskylduréttur, bls. 246
 fjölskyldustefna, bls. 245
 fjölstiga aðhvarfsgreining, bls. 130-132
 formleg lýðræði, bls. 147
 fólksfjölgun, bls. 11-13, 145
 fórnarlambsfemínismi, bls. 221
 frjálslyndisstefna, bls. 209, 210
 frjálslyndur femínismi 213, 214, 220
 fræðileg félagsfræði, bls. 52
 fræðilegur femínismi, bls. 210, 218, 219, 223,
 227, 228
 fæðingartíðni, bls. 11-14, 149, 151, 157
 gagnagrunnur, bls. 125
 gagnasöfnun, bls. 81, 82, 125
 geðræn vandamál, bls. 312
 hagnýt félagsfræði, bls. 52
 hagnýt færni, bls. 175
 hagsmunasamtök, bls. 181
 hagsýn skynsemi, bls. 164, 169
 Hawthorne-áhrifin, bls. 165
 hermihneigð, bls. 38
 hinseginfræði, bls. 211, 212
 hugarfarskenningar, bls. 238
 hugtök, bls. 79-80
 Human Relations hreyfingin, bls. 164, 166
 húsnæðismál, bls. 244
 hæfni, bls. 175
 iðnbylting, 90-91
 kennsla í þjóðfélagsfræði, bls. 19
 kynferðisleg áreitni, bls. 181
 kynjafræði, bls. 211-213, 238
 kvennafræði, bls. 211, 238
 kvennamenning, bls. 221
 kvenna-og kynjarannsóknir, bls. 209, 210
 launamisrétti, bls. 198
 lífræn samstaða, bls. 164
 lífshættir, bls. 247
 lífskjör, bls. 241, 242, 247
 lífslíkur, bls. 307
 lífsstíllsþróun, bls. 289
 líftafla, bls. 149-150
 lýðræði, bls. 22, 145-148
 mannfjöldabreytingar, bls. 157
 mannfjöldagreining, bls. 147
 mannfjöldaspár, bls. 157
 mannfjöldapróun, bls. 158
 manntöl, bls. 152, 154
 marxismi, bls. 209

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- marxískur femínismi, bls. 214, 215, 220
 megindlegar rannsóknir, bls. 80-81
 menningarkimakenningar, bls. 282, 284
 menningarkimasjónarhornið, bls. 287-289
 mismununarfemínismi, bls. 224
 móttunarhyggja, bls. 223, 224
 netið, bls. 271
 Norræna félagsfræðisambandið, bls. 119-121
 notagildiskenningar, bls. 268, 270
 Nýja kvennahreyfingin, bls. 217, 218
 nýyrðasmiði, bls. 79-80
 orðræða, bls. 224
 pragmatismi, bls. 32-34, 42
 rannsóknaraðferðir, bls. 81
 raunhyggja, bls. 82, 226
 réttarkerfið, bls. 287
 réttindakerfi, bls. 239
 réttindi
 -lagaleg, bls. 237
 -pólitísk, bls. 237
 -félagsleg, bls. 237
 regluveldi, bls. 164
 róttækur femínismi, bls. 220
 samband meðvitundar við líkamann, bls. 32-34
 samskiptafræði, bls. 42
 samskiptakenningar, bls. 301
 samúðarskilningurinn, bls. 19, 38, 40, 43
 samvinnu-samkeppni 193
 siðrof, bls. 164, 280-282
 sjálfhverfa, bls. 280
 sjónarmiðsfemínismi, bls. 223, 226, 227
 sjúkdómsvæðing, bls. 302
 skipulagsfræði, bls. 165
 skynsemissjónarhorn, bls. 279
 sósíalískur femínismi, bls. 214, 215, 220
 starfsstéttir félagsfræðinga, bls. 112
 stéttarfélög, bls. 181
 stimplunarkenningar, bls. 282, 301
 stærðfræðileg lýðfræði, bls. 147
 tungumál, bls. 39-40, 43
 tæknihyggja, bls. 167-168, 204
 tækniþróun, bls. 180, 200
 ung barnadauði, bls. 307
 upplýsingatækni, bls. 173
 vald, bls. 164, 169
 velferðarfélagsfræði, bls. 236, 237, 239
 velferðarkerfi, bls. 235-237
 velferðarríkið, bls. 235
 verkhbyggja, bls. 236, 280
 verkalýðsfélög, bls. 182-183
 verkvennafélög, bls. 182
 vélræn samstaða, bls. 164
 vinna, bls. 164
 vinnuferlisskólinn, bls. 170
 vinnuviðhorf, bls. 175
 vinnuvistfræði, bls. 201
 vinnuvísindi, bls. 36
 vísindaleg stjórnun, bls. 170, 173
 þjóðernishyggja, bls. 76-77
 þjóðfélagsfræði, bls. 19, 20, 325
 þjóðfélagsþróun bls. 11,
 öldrun mannfjöldans, bls. 146
 öldrunarþjónusta, bls. 243

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

Nafnaskrá
ÓFRÁGENGIN

Allardt, Erik, bls. 88
Arnór Guðmundsson, bls. 178
Árelía Eydís Guðmundsdóttir, bls. 178
Ármann Snævarr, bls. 47, 50, 246, 324
Bebel, August, bls. 215
Bell, Daniel, bls. 173, 174
Bentham, Jeremy, bls. 201
Bergson, Henri, bls. 32-34, 42, 43
Bernard, Jessie, bls. 219
Bjarni Reynarsson, bls. 156
Björn Bjarnason, bls. 61
Blauner, Robert, bls. 167, 168, 171
Bordo, Susan, bls. 225, 226
Braverman, Harry, bls. 170, 171, 180
Beauvoir, Simone de, bls. 217, 219, 223
Björn Björnsson, bls. 246
Bredahl-Petersen, Frederick, bls. 51
Bríet Bjarnhéðinsdóttir, bls. 216
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, bls. 292
Butler, Judith, bls. 224
Castell, Manuel, bls. 173
Chaffee, bls. 260
Chester, T. E., bls. 51
Chodorow, Nancy, bls. 221, 222, 224
Clatterbaugh, Kenneth, bls. 211
Coale, bls. 158
Dagný Kristjánsdóttir, bls. 212
Delacroix, H., bls. 42
Derrida, Jaques, bls. 224
Dóra S. Bjarnason, bls. 324
Durkheim, Emile, bls. 164, 183, 280, 287, 311
Elías Héðinsson, bls. 261
Engels, Fredrich, bls. 215, 216
Esping-Andersen, bls. 239
Foucault, bls. 201, 224
Fraser, Nancy, bls. 225
Friedan, Betty, bls. 217
Galliher, bls. 285-286
Geiger, Theodor, bls. 15
Geir Viðar Vilhjálmsson, bls. 55
Gerbner, George, bls. 261, 267, 268
Gestur Guðmundsson, bls. 175, 176, 179

Gilligan, Carol, bls. 222, 224
Ginsberg, Morris, bls. 14
Gísli Ágúst Gunnlaugsson, bls. 153
Gísli Pálsson, bls. 55, 193
Glass, David V., bls. 14, 15
Goffman, Erwing, bls. 301
Guðbjörg Hildur Kolbeins, bls. 24
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, bls. 23, 178, 181-183, 197, 200, 328
Guðmundur Finnbogason, bls. 10, 19, 31-44, 173, 324
Guðný Björk Eydal, bls. 23, 154
Guest, bls. 167
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, bls. 178
Gylfi Arnbjörnsson, bls. 155
Gylfi Þ. Gíslason, bls. 60, 62
Gylfi Magnússon, bls. 155
Halloran, bls. 259
Hannes Finnsson, bls. 153
Hannes Hafstein, bls. 216
Haraldur Ólafsson, bls. 70
Harding, Sandra, bls. 223
Harpa Njáls, bls. 247
Harriet Holter, bls. 219
Hartsock, Nancy, bls. 223
Hawkins, bls. 267
Hegel, bls. 222
Helga Helgadóttir, bls. 218
Helga Sigurjónsdóttir, bls. 215
Helgi Gunnlaugsson, bls. 20, 285-287, 328-329
Hildur Björk Svavarsdóttir, bls. 176
Hirschi, bls. 281
Hjalti Jóhannesson, bls. 155
Hobhouse, L. T., bls. 14
Hofstede, Geert, bls. 170
Hoover, bls. 158
Hovland, Carl Iver, bls. 257
Hulda Proppé, bls. 195, 196
Inga Dóra Sigfúsdóttir, bls. 13, 19, 21
Ingi Rúnar Eðvarðsson, bls. 22, 174, 176-180, 183
Ingólfur V. Gíslason, bls. 181, 182, 212
Ingólfur Á. Jóhannesson, bls. 211, 212, 224
Jaggar, Alison, bls. 215
James, William, bls. 32, 42
Jóhann Hannesson, bls. 55
Jóhann Hauksson, bls. 19
Jóhannes Nordal, bls. 324

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

- Jón Gunnar Bernburg, bls. 24
 Jón Óttar Ólafsson, bls. 291
 Jón Sigurðsson, bls. 62
 Jónatan Þórmundsson, bls. 59, 67
 Kahn, bls. 241
 Kamerman, bls. 241
 Karasel, Robert, bls. 201
 Kern, Horst, bls. 168
 Kleinman, bls. 301
 Kolbrún Ósk Hrafnadóttir, bls. 21, 325
 Kollontaj, Alexandra, bls. 215
 Kristinn Karlsson, bls. 154
 Lasswell, Dwight, bls. 257, 259
 Lazarsfeld, Paul Felix, bls. 257
 Lewin, Kurt, bls. 257
 Livingstone, bls. 270-272
 Loftur Guttormsson, bls. 76, 153, 324
 Malthus, Thomas, bls. 145
 Margrét Lilja Guðmundsdóttir, bls. 203
 Margrét Margeirsdóttir, bls. 244
 María J. Ammendrup, bls. 175
 Marx, Karl, bls. 164, 170, 183, 215
 Mayo, George Elton, bls. 164-166
 McChesney, Robert W., bls. 260
 McClung Lee, Alfred, bls. 51, 52
 Mead, George Herbert, bls. 38-42
 Merton, bls. 281
 Mill, John Stuart, bls. 216
 Nanna K. Sigurðardóttir, bls. 245
 New, Caroline, bls. 226, 227
 Nicholson, Linda, bls. 225
 Offe, Claus, bls. 164
 Ólafur Ragnar Grímsson, bls. 64, 78, 81, 82, 329
 Ólöf Garðarsdóttir, bls. 153
 Parsons, Talcott, bls. 14
 Páll Skúlason, bls. 204
 Piaget, Jean, bls. 34, 42, 43
 Pingree, bls. 267
 Piore, Michael, bls. 172
 Preston, Samuel, bls. 159, 160
 Rannveig Traustadóttir, bls. 245
 Rogers, bls. 260
 Rosenhan, bls. 301
 Rúnar Vilhjálmsson, bls. 328
 Sabel, Charles, bls. 172
 Schumann, Michael, bls. 168
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, bls. 153
 Sigrún Júlíusdóttir, bls. 245, 292
 Sigrún Ólafsdóttir, bls. 24
 Sigrún Stefánsdóttir, bls. 261
 Sigurður Guðmundsson, bls. 156
 Sigurjón Björnsson, bls. 66, 68
 Simmel, Georg, bls. 41, 42
 Smith, Dorothy, bls. 222, 223
 Stefanía Traustadóttir, bls. 181
 Stefán Hrafn Jónsson, bls. 22
 Stefán Ólafsson, bls. 156, 173, 174, 242, 243, 247, 249, 308, 324
 Stehr, Nico, bls. 173
 Svanur Kristjánsson, bls. 65
 Sveinn Rúnar Hauksson, bls. 54
 Taylor, Frederick W., bls. 170, 173
 Theorell, Töres, bls. 201
 Thompson, Warren, bls. 151
 Titmuss, Richard, bls. 239
 Tomasson, Richard F., bls. 51
 Tong, Rosemary, bls. 215
 Triplett, Norman, bls. 35-38
 Tunstall, bls. 259
 Unnur Dís Skaptadóttir, bls. 178, 197, 200
 Vilborg Sigurðardóttir, bls. 218
 Walker, bls. 167
 Weber, Max, bls. 14, 164, 169, 170, 183
 Wilhelm Norðfjörð, bls. 311
 Woodward, Joan, bls. 167-168
 Wollstonecraft, Mary, bls. 213
 Zetkin, Clara, bls. 215
 Þorbjörn Broddason, bls. 54, 65, 66, 82, 261, 262-266, 271, 324, 329
 Þorgerður Einarsdóttir, bls. 23
 Þorleifur Friðriksson, bls. 179
 Þorvaldur Kristinsson, bls. 245
 Þórdís Jóna Sigurðardóttir, bls. 179
 Þóroddur Bjarnason, bls. 20, 21, 179, 310, 311, 328, 329
 Þórólfur Þórlindsson, bls. 14, 20, 54-55, 61, 87, 89, 310-311

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI

ÍSLENSK FÉLAGSFRÆÐI